




Skýrsla forseta

um störf Alþýðusambands Íslands 2011

Formannafundur ASÍ • 26. október 2011

Þing ASÍ • 24.-26. október 2012





SKÝRSLA FORSETA
um störf
Alpýðusambands Íslands
árið 2011

Skýrsla forseta ASÍ 2011

Skýrsla forseta um störf ASÍ er unnin af starfsfólki á skrifstofu ASÍ, á ábyrgð deildarstjóra. Nokkrir kaflar eru teknir saman með aðstoð samstarfsfólks úr verkalýðshreyfingunni, starfsfólki Mímis-símenntunar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Listasafns ASÍ.

Ritstjóri: Snorri Már Skúlason

Ábyrgðarmaður: Gylfi Arnbjörnsson

Útlitshönnun og prentvinnsla: Ísafoldarprentsmiðja

Myndir: Lárus Karl og starfsfólk ASÍ

Kápuhönnun: Ennemm

Skýrslan er lögð fyrir formannafund ASÍ
26. október 2011 og þing ASÍ 24.-26. október 2012.

Reykjavík, október 2011 – Ísafoldarprentsmiðja

Efnisyfirlit

Inngangur	9
Ársfundur ASÍ 2010	11
Setning fundarins	11
Ávarp félags- og tryggingamálaráðherra	20
Kjörbréfanefnd	29
Lagabreytingar /1. umræða	30
Horfur í efnahagsmálum – kynning hagdeildar	31
Framsögur	31
1. umræða um atvinnu-, umhverfis- og menntamál; efnahgs- og kjaramál og velferðar- og vinnumarkaðsmál	36
Lagabreytingar / 2. umræða og afgreiðsla	40
Kjör forseta ASÍ	48
Skýrsla forseta ASÍ	48
Reikningar ASÍ og stofnana	49
Kjör varaforseta ASÍ	50
Efnahags- og kjaramál / 2. umræða og afgreiðsla	50
Kosningar	54
Atvinnu-, umhverfis- og menntamál / 2. umræða og afgreiðsla	55
Velferðar- og vinnumarkaðsmál /2. umræða og afgreiðsla	60
Fundarslit	67
Fulltrúar á ársfundi ASÍ 2010	69
Af vettvangi miðstjórnar ASÍ	78
Ályktanir miðstjórnar ASÍ	83
Efnahagsmál	87
Þróun og staða efnahagsmála haustið 2011	88
Samstarfinu við AGS lokið	88
Staða heimilanna vænkast	89
Hægur viðsnúningur í fjárfestingum	90
Hægt dregur úr atvinnuleysi	90
Strangt aðhald í fjármálum ríkis og sveitarfélaga	91
Bakslag í efnahagsbata helstu viðskiptalanda	92
Utanríkisviðskiptin	93
Verðbólga vex á ný	93
Krónan veik	94
Stýrivextir hækka	96
Verðlagseftirlit ASÍ	96

Kjaramál	100
Gangur kjaraviðræðna á almennum vinnumarkaði.....	100
Þróun sameiginlegrar kröfugerðar	103
Helstu atriði kjarasamningsins	104
Helstu ávinningar samningsins	105
Kjarasamningurinn sem undirritaður var 5. maí 2011	107
Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga 5. maí 2011	127
Aðrir kjarasamningar á almennum vinnumarkaði	141
Kjarasamningar við ríki og sveitarfélög	143
Atvinnumál	144
Atvinnuleysi	144
Breytingar á vinnumarkaði	147
Vinnumarkaðsaðgerðir	148
Atvinnumál og ASÍ.....	149
Velferðarmál	151
Kaup og kjör	151
Skuldastaða heimilanna – greiðsluferfiðleikar.....	153
Úrræði í greiðsluferfiðleikum.....	156
Velferðarkerfið	159
Almannatryggingar.....	162
Fjárhagsaðstoð.....	163
Íslensk neysluviðmið.....	164
Húsnæðismál.....	165
Velferðarnefnd ASÍ.....	168
Lífeyrismál	169
Mat FME á hæfi stjórnarmanna í lífeyrissjóðum	170
Lífeyrismál í kjarasamningum	171
Minnisblað ASÍ og SA um stöðu lífeyrismála frá 25. febrúar 2011	173
Félags- og vinnumarkaðsmál	178
Jafnréttismál	179
Fæðingar- og foreldraorlof	181
Vinnuvernd	182
Framkvæmd atvinnuleysistrygginga, vinnumiðlunar og vinnumarkaðsaðgerða	186
Virkari aðkoma aðila vinnumarkaðarins að málefnum atvinnuleitenda	189
Vinnustaðaskírteini og vinnustaðaeftirlit	191

Aðgerðir gegn svartri atvinnustarfsemi og fyrir bættum viðskiptaháttum	192
Bætt réttarstaða launafólk við aðilaskipti að fyrirtækjum	195
Framkvæmd EES-samningsins	196
Félagsleg undirboð um borð í Norrænu	202
Löndun úr erlendum skipum hér á landi.	202
Fræðslu- og menntamál.	203
Framhaldsfræðslulögin og samstarfsyfirlýsing um menntun	204
Félagsleg fræðsla.	206
Félagsmálaskóli alþýðu.	206
Þjónusta fræðsludeildar og Félagsmálaskóla alþýðu	207
Trúnaðarmannanámskeið	207
Formlegt mat á trúnaðarmannnámi	207
Sérstök námskeið	207
Námskeið.	208
Genfarskólinn	208
Útgáfa	209
Handbók trúnaðarmannsins.	209
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA).	209
Þjónustusamningur og starfsáætlun FA árið 2011.	211
Námskrár og námslýsingar	211
Fræðslusjóður	212
Söfnun, varðveisla og miðlun upplýsinga.	214
Þróun aðferða í framhaldsfræðslu.	223
Raunfærnimat	224
Náms- og starfsráðgjöf	226
Gæði fræðslustarfs og ráðgjafar hjá vottuðum fræðsluaðilum	227
Nemendabókhald.	227
Norrænt tengslanet um nám fullorðinna (NVL).	230
Fagråd verslunar- og þjónustugreina.	231
Mímir-símenntun	233
Fjölmenning og frístundir.	234
Nám fyrir atvinnulífið.	236
Náms- og starfsráðgjöf	238
Aukinn stuðningur við nemendur í námi hjá Mími	238
Nýjar leiðir í raunfærnimati	239
Þróunarverkefni, gæðamál og erlent samstarf	240
Erlent samstarf	242
Reksturinn	242

Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar	243
Umsókn um aðild að Evrópusambandinu.	245
Staðan í aðildarviðræðunum og afstaða ASÍ	246
Þróunarverkefni og tæknileg aðstoð	248
Álit Efnahags- og félagsmálanefndar ESB	248
Erlend samskipti	250
Norræna verkalýðssambandið – NFS	250
SAMAK	252
Verkalýðshreyfingin í Norður Atlantshafi – VN	252
Evrópusamband verkalýðsfélaga – ETUC.	253
Þing ETUC	253
Alþjóðavinnnumálastofnunin – ILO	255
NFJS – Fundur lögfræðinga heildarsamtaka launafólks á Norðurlöndum	256
NETLEX – Network of legal experts	256
Fundur hagfræðinga hjá alþýðusamböndum á Norðurlöndum.	257
Lagabreytingar og skipulagsmál	258
Laganefnd	258
Skipulag ASÍ.	259
ASÍ-UNG	259
Skipulagsmál ASÍ-UNG	260
Stofnþing ASÍ-UNG	264
Samþykktir stofnþings ASÍ-UNG.	265
Ályktanir stofnþings ASÍ-UNG	269
Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ	271
Starfsendurhæfingarsjóður.	273
Ráðgjafar VIRK	273
Þjónustuþættir og samstarfsaðilar	274
Hvaðan koma einstaklingarnir?	275
Hver eru vandamálin?	276
Hvert fara einstaklingarnir?	277
Gæði þjónustunnar	279
Þróun á starfshæfnismati.	280
Aukið samstarf við atvinnulífið	281
Samstarf við lífeyrissjóði	282
Útgáfa, fræðsla og kynningar	282
Umsagnir um þingmál.	284
Fulltrúar ASÍ í nefndum, ráðum og á fundum.	333
Efnahags- og viðskiptaráðuneytið.	333
Forsætisráðuneytið	333

Hagstofan	334
Iðnaðarráðuneytið	334
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	334
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið	337
Umhverfissráðuneytið	338
Utanríkisráðuneytið	338
Velferðarráðuneytið	340
Með samtökum atvinnurekenda og fleirum	344
Á vettvangi ASÍ	346
Ýmislegt	346
Fastanefndir ASÍ – málefnanefndir	348
Listasafn ASÍ	352
Upplýsingar úr skýrslum aðildarfélaga ASÍ	357
Kynjaskipting í stjórnnum aðildarfélaga og deilda	357
Kynjaskipting í nefndum á vegum miðstjórnar	357
Fjöldi félagsmanna í ASÍ 2011	357
Fundir og fundarsókn miðstjórnarmanna	358
Stjórnir landssambanda, aðildarfélaga og deilda	362
Tilnefningar ASÍ í nefndir á vegum ETUC	380
Reikningar ASÍ og stofnana	383



Inngangur

Skýrsla forseta fyrir árið 2011 er með hefðbundnu sniði. Skýrslan er fyrst og fremst hugsuð til afnota í verkalyðshreyfingunni sjálfri, fyrir félögin, forystumennina og starfsfólkið á skrifstofum verkalýðsfélaganna. Hún er uppflettirit þar sem finna má á einum stað allt það helsta sem fram fór á vettvangi Alþýðusambandsins frá síðasta ársfundi og verður þannig mikilvæg heimild í framtíðinni.



Frá ársfundinum í október 2010, sem jafnframt var sá síðasti, og fram á vor voru viðræður um nýja kjarasamninga í brennipunkti. Kjarasamningarnir frá 17. febrúar 2008 runnu út þann 30. nóvember 2010. Þar með var langstærstur hluti launamanna á almennum vinnumarkaði með lausa samninga. Kjarasamningur sjómanna rann svo út mánuði síðar. Frá desember og fram að undirritun nýrra kjarasamninga 5. maí 2011 hélt samninganefnd aðildarsamtaka Alþýðusambandsins 43 fundi, ýmist innbyrðis eða með samninganefnd Samtaka atvinnulífsins (SA).

Nánast allar samninganefndir aðildarféлага Alþýðusambandsins hófu kjaraviðræður við atvinnurekendur í desember þar sem lagðar voru fram kröfugerðir og samningsmarkmið. Af hálfu aðildarsamtakanna var lögð áhersla á almennar launabreytingar sem myndu tryggja aukinn kaupmátt og einnig var samstaða um sérstaka áherslu á jöfnun kjara með ákveðnu krónutölugólfi gagnvart þeim sem eru á töxtum.

Af hálfu landssambandanna og félaganna með beina aðild var samstarfs-samningurinn, sem gerður var á árinu 2007 og gildi út síðasta samningstímabil, endurnýjaður og gerður varanlegur með uppsagnarfresti. Samstarfssamningurinn mótar skýra umgjörð um samstarf sambandanna og féлага með beina aðild varðandi mótun launastefnu, mótun sameiginlegra krafna á atvinnurekendur og samskipti við stjórnvöld. Jafnframt eru ákvæði um starf og umboð forsendunefndar og með hvaða hætti samninganefnd ASÍ tekur ákvarðanir varðandi endurskoðun kjarasamninga. Hefur þetta form skilað miklum árangri í samskiptum okkar við Samtök atvinnulífsins og stjórnvöld.

Af sameiginlegum málum gagnvart stjórnvöldum bar hæst niðurstöðuna um jöfnun lífeyrisréttinda, ákvæði um gildi almennra launahækkana, samstarf aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd útboða og vinnustaðaskírteini og lagfæringar á orðalagi ýmissa ákvæða í kjarasamningum sem hafa orðið tilefni deilna undanfarin misseri.

Gagnvart stjórnvöldum ber hæst loforð um að hækkun bóta almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga verði í samræmi við hækkun lægstu launa,

aðkoma stjórnvalda að jöfnun áunninna lífeyrisréttinda og samstarf um að draga úr félagslegum undirboðum og svartri atvinnustarfsemi við framkvæmd útboða. Enn fremur hefur ríkisstjórnin sett fram ákveðin fyrirheit varðandi mótun efnahagsstefnunnar þar sem áhersla verði lögð á vöxt og fjárfestingar í atvinnulífínu. Í því sambandi skipta lögin um verndun og nýtingu fallvatna og jarðvarma miklu máli og þeim tengdum rammaáætlun um nýtinguna sem afgreiða á fyrir lok þessa árs.

Í kjölfar kjarasamninganna hafa á þriðja tug verkefna verið skilgreind þar sem þörf er á ákveðinni eftirfylgni með kjarasamningunum. Sumt er þegar í höfn og gerð er grein fyrir því í skýrslunni en annað er til úrvinnslu.

Óbilgjörn krafa Samtaka atvinnulífsins um að niðurstaða fengist í sjávarútvegsmálum áður en gengið yrði frá kjarasamningum setti viðræður í uppnám nokkrum sinnum á þessari vegferð. Samninganefnd ASÍ lýsti þeirri skoðun sinni snemma í febrúar að hún væri ekki reiðubúin að setjast að viðræðum við atvinnurekendur á þeim forsendum því það gæfi þeim færi á að misnota innihald slíkra viðræðna til að þvinga fram niðurstöðu í sjávarútvegsmálum sem gæti verið í andstöðu við hagsmuni launafólks og alls almennings. Það var mat samninganefndar ASÍ að fordæmalaust væri að samtök á vinnumarkaði krefðust að úr slíkum málum væri leyst með kjarasamningum um kaup og kjör almenns launafólks. Sátt náðist þó um ákveðna samningsleið þar sem tryggt væri að ef ekki næðist saman um samning til 3ja ára yrðu launahækkanir þessa árs tryggðar með skammtímasamningi. Eftir að Samtök atvinnulífsins gengu á bak þessara orða sinna um frágang skammtímasamnings hófu aðildarsamtök ASÍ undirbúning að boðun allsherjarverkfalls til að þrýsta á um gerð kjarasamnings því ljóst var að SA hafði komið viðræðunum í öngstræti. Er þetta í fyrsta sinn í meira en 30 ár sem mál þokast í þennan farveg. Ljóst er að sú samstaða og eining, sem ríkti í röðum aðildarsamtaka ASÍ, dugði til að knýja fram farsæla lausn.



Ársfundur ASÍ 2010

Setning fundarins

Ársfundur Alþýðusambands Íslands 2010 var haldinn á Hótel Nordica 21. – 22. október.

Fundurinn hófst kl. 10:00 fimmtudaginn 21. október.

Við upphaf fundarins söng Ellen Kristjánsdóttir nokkur lög við undirleik Eyþórs Gunnarssonar.

Að því loknu setti **Gylfi Arnbjörnsson**, forseti ASÍ, fundinn með eftirfarandi ávarpi:

Ávarp forseta

„Góðir ársfundarfulltrúar, félags- og tryggingamálaráðherra.

Við höldum nú þriðja ársfund Alþýðusambandsins á þeim tveimur árum, sem liðin eru frá hruni fjármálakerfisins, hruni sem markaði upphaf dýpstu efnahagskreppu á lýðveldistímanum, til að ráða ráðum okkar, endurskoða baráttuaðferðirnar og marka stefnuna um hvert skal halda. Og það er engin launung á því að síðasta ár upplifðu mörg okkar sem ár hinna brostnu

væntinga og því segjum við á þessum fundi „Stopp – hingað og ekki lengra!“.

Fyrir réttu ári stóðum við í hörðum slag við bæði ríkisstjórn og atvinnurekendur og útlitið var dökkt. Kjarasamningur okkar hékk á bláþræði og umtalsverðar taxtahækkanir voru í húfi – hækkanir sem komu sérstaklega þeim tekjulægstu til góða.

Eins og þið vafalaust munið gengu aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld frá formlegum samningi í júní 2009 um hvernig tryggja mætti þann stöðugleika í íslensku efnahagslífi sem sárlega var kallað eftir. Ljóst var að launafólk hafði tekið á sig mikið högg, ekki einasta með lækkuðum kaupmætti, samdrætti í vinnu og tapi eigna í hrunadansi gengisfellinga heldur einnig og ekki síður með því að þúsundir félaga okkar höfðu misst atvinnuna og ekki útlit fyrir að úr því myndi rætast í bráð. Við gerðum okkur grein fyrir því að taka yrði á vandanum, kröfðumst áhrifa á forgangsröðun en umfram allt vildum við aðgerðir í atvinnumálum til að auka tekjur og atvinnu félaga okkar og skilvirk úrræði fyrir þær fjölskyldur sem áttu í miklum greiðslu- og skuldavanda.

Atvinnurekendur féllust á að láta hluta kauphækkana koma til framkvæmda í júlí en gerðu kröfu um að hluti þeirra myndi frestast fram á haustið, og settu fyrirvara um að stjórnvöld efndu þau markmið og fyrirheit sem skrifuð voru inn í stöðugleikasáttmálann.

Þegar á reyndi kom í ljós að stjórnvöld höfðu ekki staðið við sín fyrirheit.

Litlu munaði því í október 2009 að atvinnurekendur segðu sig frá sáttmálanum og þeim umsömdu kauphækkunum sem ekki voru komnar til framkvæmda – en það gerðu stjórnvöld hins vegar í reynd.

Þau gerðu það ekki með formlegum hætti eins og heiðarlegast hefði verið heldur með endurteknum og alvarlegum vanefndum á þeim þáttum sem þau höfðu gefið fyrirheit um.

Það á við um loforð stjórnvalda um náð samráð í veigamiklum málum sem varða hagsmuni launafólks en alvarlegast og sárast hefur þó verið ótrúlegt framtaksleysi stjórnvalda í atvinnumálum og nauðsynlegar atvinnu- og tekjuskapandi framkvæmdir. Það er mikið áhyggjuefni að svo virðist sem málaflókkurinn atvinnumál, hafi verið tekinn í gíslingu fámenns hóps og ríkisstjórnin í rauninni misst forræði í málinu.

Það á við um loforð stjórnvalda að hækka og verja skattleysismörk þannig að þau héldu verðgildi sínu.

Það á við um loforð stjórnvalda um viðræður um beina aðkomu stéttarfélaganna í framkvæmd þjónustu við atvinnulausa, sem er eitt þeirra verkefna sem verkalýðshreyfingin hefur alltaf haft á sinni könnu og sinnt vel en sem misvitur stjórnvöld höfðu tekið af henni.

Það á við um loforð stjórnvalda um nauðsynlegar lagabreytingar til þess að tryggja öllum félagsmönnum Alþýðusambandsins skýlausan rétt til starfs-

endurhæfingar, einnig þeim sem starfa hjá fyrirtækjum sem ekki eru í Samtökum atvinnulífsins.

Það á ekki síst við um ófullnægjandi aðgerðir til bjargar skuldsettum heimilum en erfið greiðslu- og skuldastaða þeirra félaga okkar, sem urðu hvað verst úti í efnahagshruninu, hefur verið eitt af meginviðfangsefnum okkar sl. tvö ár. ASÍ hefur lagt mikla áherslu á að ná fram breytingum á lögum og reglum svo hægt sé að takast með trúverðugum og sanngjörnum hætti á við mikinn greiðslu- og skuldavanda þessara heimila – þeirra fjölskyldna sem eru að missa heimili sín á uppboðum þessar vikurnar. Krafa okkar er að þetta verði gert með aðlögun á greiðslubyrði í formi hagstæðari greiðslu- og lánaskilmála og með beinni afskrift og lækkun skulda ef með þarf. Krafa okkar er og hefur verið um að treysta rétt fólksins – ekki rúkkarana!

Ég vil leyfa mér að ítreka það enn einu sinni að þótt okkar barátta hafi fyrst og fremst snúist um að hjálpa þeim sem lentu í mestum vanda í efnahagshruninu – þeirra sem eru að missa heimili sín – er það einfaldlega rangt að við höfum brugðið fæti fyrir almenna lækkun skulda allra óháð því hvort þeir þurfi á því að halda eða ekki. Þeir sem sett hafa slíkar tillögur á oddinn hljóta hins vegar að bera ábyrgð á því að finna haldbærar, lögmæt og siðlegar leiðir til að fjármagna slíka aðgerð. Hitt er rétt að ASÍ hefur algerlega hafnað því að almennt launafólk og elli- og örorkulífeyrisþegar úr okkar röðum verði látnir bera verulegan hluta þessa kostnaðar með því að taka lífeyrissparnað þess ófrjálsri hendi. Slíkt er ekki bara ólögmætt heldur einnig og ekki síður algerlega siðlaust og ég get alveg fullvissað ykkur um það að þetta verður ekki gert á minni vakt!

En kærur félagar.

Eitt er þó að svíkja loford gagnvart verkalýðshreyfingunni en annað að fara með beinum aðgerðum gegn henni, en það gerði páverandi félags- og tryggingamálaráðherra í mars sl. þegar kynnt var frumvarp að nýjum lögum um sameiningu Vinnumálastofnunar og Vinnueftirlitsins. Innan þessara stofnana er fjallað um kjarnahagsmuni launafólks og áratugahefð fyrir farsælu samstarfi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um úrlausn þeirra viðfangsefna. Nú brá svo við að útiloka átti verkalýðshreyfinguna frá öllum beinum áhrifum í þessum málaflokkum. Alþýðusambandið mótmælti þessu harðlega og fór svo að leikslokum að nauðsynlegar breytingar voru gerðar á frumvarpinu.

Þó að okkur hafi tekist að verja stöðu hreyfingarinnar í þessu máli þá fer ekki hjá því að trúverðugleiki stjórnvalda í samstarfinu hefur beðið verulega hnekki og samráð iðulega svikið. Þegar við bættist sú staðreynd að stjórnvöld voru á engan hátt að efna fyrirheit sín og ljóst að andrými stöðugleikasáttmálans var ekki notað í þágu launafólks í formi aðgerða til að auka atvinnu og tekjur, eins og til stóð, sagði ASÍ sig frá öllu samstarfi við ríkisstjórnina í

júní sl. Það er einfaldlega ekki hægt að sitja á friðarstóli við aðila sem ekki hefur í hyggju að standa við loford sín!

Þessa þróun vanefnda og samráðsleysis um mikilvægustu hagsmuni okkar hef ég, góðir félagar, talsverðar áhyggjur því að baki henni býr bæði mikið skilningsleysi og vanvirðing á mikilvægi þess að fulltrúar launafólks fái beina aðkomu að þeim málum er varða hagsmuni þess.

Ég veit að ég þarf ekki að skýra það fyrir ykkur að þríhliða samstarf stjórnvalda, samtaka launafólks og atvinnurekenda er hjartað í þróun þeirra velferðarsamfélaga sem byggð hafa verið upp á annars staðar á Norðurlöndum. Ég veit að ég þarf ekki að skýra það fyrir ykkur að ástæðan fyrir því að norrænu velferðarsamfélögin hafa betur náð að leysa úr erfiðum kreppum með jöfnuð og jafnrétti að leiðarljósi er rík og ábyrg aðkoma verkalýðshreyfingarinnar að allri stefnumótun og framkvæmd.

Það er hins vegar dapurlegt að verkalýðshreyfingin hafi neyðst til að segja sig frá samstarfi við ríkisstjórn sem við hátíðleg tækifæri kennir sig við grundvallarhugsjónir jafnaðarstefnunnar og norræna velferð. Hvers vegna svo er komið er verðugt rannsóknarefni en það er mikil einföldun að halda því fram að skýringa sé einungis að leita í þeim persónum og leikendum sem núna eru á vettvangi þótt sumir reyni að gefa slíkt í skyn.

Í því sambandi getum við ríffað upp þær róttæku breytingar sem gerðar hafa verið á félagslega og almenna húsnæðiskerfinu á síðustu tveimur áratugum. Þar átti í hlut kerfi, sem samtök launafólks áttu frumkvæði að, sem almennt launafólk og lífeyrissjóðir þeirra fjármögnuðu og ætlað var að tryggja almennu launafólki öruggt og gott íbúðarhúsnæði á viðráðanlegum kjörum. En það er eins með þetta og deilu okkar um aðkomu stéttarfélaganna að þjónustu við atvinnulausa og þjónustu VIRK við þá félaga okkar, sem horfið hafa af vinnumarkaði vegna veikinda og slysa og þurfa annað tækifæri til þess að ná aftur fótfestu á vinnumarkaði með markvissri starfsendurhæfingu, þá sögðu stjórnvöld nú getum við – ykkar aðkomu er ekki lengur óskað.

Á þessum tveimur áratugum hefur stjórnvöldum, alveg óháð hinu pólitíska litrófi, tekist að útrýma nánast öllum ásættanlegum lausnum í húsnæðismálum landsmanna. Öllu félagslegu eignaríbúðarhúsnæði hefur verið útrýmt og tækifærum almenns launafólks til myndunar á eign í eigin íbúðarhúsnæði eytt og þar með tækifærum launafólks til þess að skapa sér og fjölskyldu sinni traustari fjárhags- og félagslega framtíð. Fyrir þetta hafi stjórnvöld ævarandi skömm fyrir því nú, þegar á reynir og fjöldi félaga okkar er í sárri þörf fyrir félagslegt íbúðarhúsnæði, er að litlu að hverfa. Húsaleigan er flestum óviðráðanleg og stjórnvöld áforma verulega skerðingu á húsaleigubótum! Það er mín skoðun að verkalýðshreyfingin verði enn einu sinni að lyfta grettistaki og endurreisa hér íbúðakerfi sem gagnast almennu launafólki!

Ágætu félagar.

Samskipti okkar við samtök atvinnurekenda hafa að mörgu leyti verið nán undanfarin misseri. Þar kemur tvennt til. Í fyrsta lagi lögðum við mikinn þrýsting á atvinnurekendur að þeir efndu þær launahækkanir sem samið var um í febrúar 2008. Við gerðum þeim grein fyrir því að litið yrði á uppsögn af þeirra hálfu sem griðrof í samskiptum okkar en ákvörðun þeirra að efna launahækkanirnar gagnvart launafólki þrátt fyrir vanefndir stjórnvalda hafa að sama skapi aukið trúnað í samskiptum okkar. Í öðru lagi vorum við samtaka um að þrýsta á stjórnvöld um efndir á lofordum í atvinnumálum með því að greiða fyrir endurreisn og uppbyggingu atvinnulífsins og opinberum framkvæmdum enda miklir hagsmunir í húfi fyrir þann mikla fjölda félaga okkar sem er án atvinnu!

Ég geri mér grein fyrir því að margir, m.a. innan okkar eigin raða, hafa gagnrýnt okkur fyrir þetta samstarf en ég er sannfærður um að það hefur skilað okkur árangri.

Það er hins vegar að sama skapi algjörlega óþolandi og óásættanlegt að mitt í þessu samstarfi leiðbeini samtök atvinnurekenda aðildarfyrirtækjum sínum með skipulegum hætti – með námskeiðahaldi – hvernig þau geti komist hjá því að efna þær almennu launahækkanir sem samið var um í kjarasamningum. Það getur ekki gengið og mun leiða til þess að trúnaður milli samtakanna rofnar.

Kæru félagar.

Nú stöndum við – æðsta stofnun Alþýðusambands Íslands og raunar verkalyðshreyfingin öll – frammi fyrir flókinni og erfiðri stöðu. Höfum það hugfast að verkalyðshreyfingin hefur ætíð verið einörð rödd almenns launafólks og útvörður þess í hagsmunabaráttunni við atvinnurekendur og stjórnvöld. Á sama tíma hefur hreyfingin verið talsmaður samvinnu, samráðs og skynsemi í áherslum okkar í stjórn efnahags- og atvinnumála. Það sést best af þeim mikla árangri sem náðist þegar íslensku efnahagslífi var með sameiginlegu átaki lyft út úr tímabili óðaverðbólgu og kaupmáttarrýrnunar til uppbyggingar og kaupmáttaraukningar á grundvelli raunverulegs stöðugleika með þjóðarsáttarsamningunum 1990.

Ég hef víða haldið því fram að líkt og þá stöndum við nú á krossgötum og þurfum í nánú samráði við okkar félagsmenn að velja um leiðir, leita lausna og ákveða hvernig við viljum haga baráttu okkar.

Í grófum dráttum snýst þetta val um annars vegar samstöðu og sameiginlega vinnu okkar, atvinnurekenda og stjórnvalda um skynsamlega stjórn efnahags- og atvinnumála og hins vegar um sundurlyndi og sérhýggju sem einkennir þá leið sem ríkisstjórn og Alþingi hefur valið. Verum minnug þess að þjóðarsáttarsamningarnir voru gerðir þrátt fyrir stjórn málin en ekki vegna

þeirra. Það var fyrst eftir að innihald samninganna hafði verið mótað að ríkisstjórnin var nánast þvinguð til samstarfs. Eins og ég gat um í upphafi var það einlæg von okkar að stöðugleikasáttmálinn yrði það skjól sem marka myndi nýtt upphaf og nýjar forsendur til þess að mæta þeim gífurlegu erfiðleikum sem margir okkar félagar og raunar allt íslenskt samfélag stendur frammi fyrir. Þær vonir hafa brostið og nú er svo komið, góðir félagar, að við segjum STOPP: hingað og ekki lengra!

Við segjum stopp við kaupmáttarskerðingu, hingað og ekki lengra. Við viljum launahækkanir sem auka kaupmátt og jafna kjörin!

Við segjum stopp við hrunadansi gengisfellinga og verðhækkana, hingað og ekki lengra. Við viljum áreiðanlegan gjaldmiðil sem launafólk getur byggt sín lífskjör á og hægt er að treysta á!

Við segjum stopp við atvinnuleysi, hingað og ekki lengra. Við viljum þróttmikla atvinnustefnu sem skapar forsendur fyrir auknum tekjum og fjölgun starfa!

Við segjum stopp við uppboðum á heimilum félagar okkar, hingað og ekki lengra. Við viljum skjótvirkar og réttlátar aðgerðir fyrir fjölskyldur í greiðslu- og skuldavanda!

Við segjum stopp við árásum á þá sem minnst mega sín, hingað og ekki lengra! Við krefjumst þess að elli- og örorkulífeyrisþegar og atvinnulausir fái líka umsamdar launahækkanir!

Við segjum stopp við láglaunastefnunni, hingað og ekki lengra! Við viljum efnahags- og atvinnustefnu sem byggir á grænum gildum, þekkingu og hálaunastörfum!

Við segjum stopp við skerðingum á fæðingarorlofi og sérstökum árásum að konum sem starfa í heilbrigðis- og velferðarþjónustunni, hingað og ekki lengra! Við viljum verja þá ávinninga sem náðst hafa í jafnréttisbaráttunni frá kvennafrídeginum fyrir 35 árum. Við viljum samfélag jafnaðar og jafnréttis kynjanna á öllum sviðum!

Við segjum stopp við eignarnámi lífeyrissparnaðar almenns launafólks, hingað og ekki lengra! Við viljum raunhæf úrræði sem gera það kleift að afskrifa skuldir þeirra sem verst standa!

Við segjum stopp við mismunun í lífeyrisréttindum, hingað og ekki lengra! Við viljum jöfnun lífeyrisréttinda og jafna aðstöðu launafólks á almennum og opinberum vinnumarkaði!

Við segjum stopp, ágætu félagar, vegna þess að við höfum nú í tvö ár gert kröfu til þess að endurreisn íslensks samfélags leiði til þess að virðing og félagslegt og fjárhagslegt sjálfstæði félagsmanna okkar verði varðveitt. Við höfum sagt að það verði best gert með uppbyggingu arðsamra atvinnuvega,

með nýsköpun velferðarkerfisins, gagnrýnu, heiðarlegu og siðferðilegu upp-
gjöri allra valdastofnana samfélagsins og siðvæðingu atvinnulífsins.

Við höfum krafist þess að stjórnvöld og Alþingi skapi launafólki nauð-
synlega ramma og tækifæri til þess að fær leið myndist fyrir breitt og öflugt
samstarf til þess að ná þessum markmiðum. Þolinmæði okkar er á þrotum. Við
höfum mátt horfa upp á hvert upphlaupið á fætur öðru af hálfu stjórnarflokk-
anna og ríkisstjórnin hefur í reynd verið í minnihluta varðandi ákvarðanir þótt
hún njóti stuðnings til þess að sitja áfram í tilgangsleysi sínu.

Stjórnarandstaðan á Alþingi hefur nýtt sér veikleikana í samstarfi stjórnar-
flokka og kerfisbundið komið í veg fyrir að ríkisstjórnin komi sínum málum
í gegn. Staðreyndin er sú að stjórnmalamenn hafa kerfisbundið komið í veg
fyrir að okkur takist að virkja kosti samráðs og sameiginlegrar sýnar til að
vinna þjóðina út úr þeim hremmingum sem þeir sjálfir bera svo mikla ábyrgð
á að við erum í.

Við slíkar aðstæður er ekki ólíklegt að til kosninga muni koma fyrir en síðar
því ljóst er að óbreytt ástand og upplausn er ekki líkleg til árangurs.

Það sem stjórnmalamenn og atvinnurekendur verða að gera sér grein fyrir
er að þegar þolinmæði okkar þrýtur er í reynd verið að þvinga fram ákveðið
val um hvert skal halda því það sem ekki verður sótt með friði verður sótt með
öllum þeim úrræðum sem verkalýðshreyfingin býr yfir. Því getur fylgt mikill
herkostnaður en ef okkur er ekki önnur leið fær verður hún farin.

En góðir félagar.

Ég hef djúpa sannfæringu fyrir því að lausnin á vanda okkar félaga, hvort
heldur er vegna lækkunar kaupmáttar eða alvarlegs greiðslu- og skuldavanda
þeirra, muni á endanum ráðast af því hvort okkur tekst að koma hjólum
atvinnulífsins aftur í gang og auka þannig tekjur og atvinnu þeirra. Þrátt fyrir
ágreining við stjórnvöld og brostnar væntingar til samstarfsins þýðir það ekki
að Alþýðusamband Íslands sé þrotið að hugmyndum og vilja til þess að sækja
kjarabætur og réttindi fyrir félagsmenn sína. Þvert á móti þá stendur ASÍ
föstum fótum og hefur skýra sýn á framtíðina og þau tækifæri sem hún geymir.
Þessum ársfundi er ætlað að skerpa þá sýn og vikka og honum er ætlað að ná
fram á lýðræðislegan og opinn hátt öllum þeim sjónarmiðum og kröfum, sem
þið treystið forystu Alþýðusambandsins til þess að sameina alla félagsmenn
okkar um, í baráttunni við atvinnurekendur og stjórnvöld.

Á formannafundi allra aðildarsamtaka Alþýðusambandsins um miðjan
september sl. ræddum við stöðuna í undirbúningi kjarasamninga sem þá var
rétt að byrja. Þessi undirbúningur er ennþá í fullum gangi og of snemmt að
draga einhverjar ályktanir enn sem komið er. Ég tel reyndar afar mikilvægt
að við tökum okkur góðan tíma til þessa undirbúnings og eyðum miklum tíma

í samráð og samræðu við okkar félagsmenn um valkostina. Því hvað sem við ákveðum að gera og hvernig sem við tryggjum best árangur í barátunni þá er ljóst að það verður að grundvallast á virkri og beinni þátttöku og órofa samstöðu okkar félagsmanna.

Ég hef hér í ávarpi mínu til ykkar nefnt að við stöndum frammi fyrir erfiðu vali um leiðir og að framferði stjórnmalamanna hefur nú í tvö ár hindrað okkur í að ná tökum á stöðunni. Þetta er því miður ekki ný staða. Ef við lítum á reynslu okkar hreyfingar sl. áratugi er ljóst að þegar við höfum búið að festu, trúnaði og trausti milli forystumanna á vettvangi stjórnmalanna og samtakanna á vinnumarkaði hefur það lagt grunn að samstarfi sem dugað hefur til þess að leiða þjóðina út úr djúpstæðum vandamálum. Við slíkar aðstæður hafa lífskjör og aðstaða okkar félagsmanna tekið miklum stakkaskiptum til hins betra.

Að sama skapi höfum við einnig reynslu af skelfilegum afleiðingum pólitískrar upplausnar og sundrunar á Alþingi. Slíkt hefur iðulega stefnt lífskjörum og afkomu okkar félaga í hættu. Það er við slíkar aðstæður sem virkilega reynir á samstöðuna innan okkar raða og hreyfingin verður að vera við því búin að nota öll sín vopn af mikilli kænsku og útsjónarsemi til að verja hagsmuni og stöðu félaga okkar þótt herkostnaðurinn geti verið mikill til skemmri tíma lítið.

Góðir ársfundargestir.

Stefna okkar er skýr og sóknjörf sýn á framtíð íslensks samfélags og íslensks launafólks. Ég hef einlæga sannfæringu fyrir því að með samstilltu átaki og órofa samstöðu muni okkur takast að verja stöðu félagsmanna okkar og sækja fram. Með því að byggja framtíð okkar á þeim mikla mannaúdi og auðlindum, sem þjóðin býr að, skapa okkur tækifæri til þess að vaxa út úr þessum vanda á grundvelli þeirra grænu gilda, sem atvinnu- og umhverfisstefna okkar leggur drög að, er það staðföst trú mín að við getum endurheimt fyrri lífskjör okkar og velferð á tiltölulega stuttum tíma. En til þess verðum við að komst út úr eilífum bölmóði og framtakleysi og ýta undir áræðni og staðfestu. Þannig getum við treyst þann grunn sem við getum byggt góð lífskjör á og velferð fyrir alla – til framtíðar.

Það er jafnframt sannfæring mín að sá trúnaðarrestur, sem varð í samskiptum verkalýðshreyfingar og stjórnvalda, sé ekki kominn til að vera; það verður einfaldlega að finna leið til að byggja brýr á milli aðila. Höfum það hugfast að verkalýðshreyfingin er varanlegt afl í þessu samfélagi en stjórnvöld hvers tíma eru hverful. Við getum einnig verið alveg viss um það að stjórnvöldum hefur aldrei tekist og mun aldrei takast að tryggja íslensku efnahags- og atvinnulífi þann stöðugleika og þá framsýni, sem þörf er á, án samstarfs og samvinnu við samtök launafólks.

Ég bind miklar vonir við þau störf, sem unnin verða á þessum ársfundi, og er fullviss um að hann mun færa forystu Alþýðusambands Íslands, ykkur og landsmönnum öllum þann efnivið sem duga skal til varnar en ekki síður til sóknar í þágu alþýðu þessa lands.

Með þeim orðum lýsi ég ársfund Alþýðusambands Íslands árið 2010 settan.“

Gylfi Arnbjörnsson bauð félags- og tryggingamálaráðherra, **Guðbjart Hannesson**, velkominn til fundarins. Hann flutti eftirfarandi ræðu:



Ávarp félags- og tryggingamálaráðherra

„Forseti ASÍ, fundarstjórar og góðir ársfundarfulltrúar!

Sjaldan hefur þjóðin stadið frammi fyrir jafn mörgum, stórum og erfiðum verkefnum og þessi misserin. Það reynir verulega á meginstoðir samfélagsins. Staðan er óneitanlega viðkvæm. Stjórnvöld þurfa að taka erfiðar ákvarðanir sem ekki verður vikist undan og sátt þarf að nást um endurreisn samfélagsins.

Það virðist ætla fenna fljótt yfir þá staðreynd að fyrir einungis tveimur árum lækkuðu tekjur ríkissjóðs allverulega á sama tíma og vaxtagreiðslur jukust stórlega. Ráðstöfunarfé ríkissjóðs minnkaði þar með um 40% þegar um 200 milljarðar króna týndust eftir ofpenslu, offjárfestingu og lánaþyllerí árána á undan. Bankarnir voru hreinlega rændir innan frá. Ég ætla að leyfa mér að nota hér svo stór orð því fyrir mér var þetta ekkert annað en rán. Áætlaður halli fjárlaga á þessu ári er um 75 milljarðar króna. Þess vegna verðum við að ræða samtímis aðlögun tekna og útgjalda með niðurskurði ríkisútgjalda, aukningu tekna og eflingu atvinnulífs.

Meginverkefni okkar er að endurreisa samfélagið, koma á skipulagi sem við erum sátt við. Verkefnið er þegar hafið og ljóst er að það mun standa yfir í nokkurn tíma enda skiptist það í mörg smærri verkefni. Mörgum finnst það ganga hægt fyrir sig en verkefnið eru einfaldlega risavaxin og í mörg horn að líta.

Eitt þessara verkefna er óhjákvæmilegar aðhalds- og sparnaðaraðgerðir stjórnvalda sem eru af mörgum illa séðar – skiljanlega – því þær leiða til

skertra lífsgæða og minni þjónustu en áður. Er það ekki síst erfitt eftir tímabil er við sem þjóð lifðum einfaldlega umfram efni og sóudum verðmætum. Fólk hefur minna handa á milli og lífsbarátta margra er hörð, ekki síst þeirra sem glíma við verulega tekjuskerðingu vegna atvinnuleysis eða launalækkana og bera þungar skuldabyrðar.

En aðhaldsaðgerðir stjórnvalda eru nauðsynlegar. Okkur er lífsnauðsynlegt að ná jafnvægi í ríkisfjármálum sem fyrst, þ.e. að aðlaga tekjur og útgjöld, ná jöfnuði. Það er sú leið sem við verðum að fara svo við getum sem fyrst farið að verja fjármunum til að byggja upp varanlega velferð í stað þess að horfa á eftir þeim í vaxtagjaldahítina. Þannig má ef til vill segja að verkefnið sé að breyta vöxtum í velferð.

Það er erfitt að hagræða og spara við þessar aðstæður þegar fjármálahrunið hefur leitt til margvíslegra vandamála sem beinlínis kalla á aukin útgjöld. Við eigum hins vegar fárra kosta vöð og verðum að forgangsraða verkefnum með það að markmiði að lágmarka skaðann og verja hlut þeirra sem verst eru settir í samfélaginu.

Ég veit að ég þarf ekki að brýna þetta fyrir fulltrúum á ársfundi ASÍ enda hefur verkalyðshreyfingin lagt sitt af mörkum í þessum slag.

Lífeyrisþegar

Þrátt fyrir harðan niðurskurð og almenna kaupmáttarrýrnun hefur tekist með góðri hjálp aðila vinnumarkaðarins að verja kjör lágtekjufólks og lífeyrisþega betur en annarra hópa. Bæði launaþróun og þróun skattbyrði hefur sýnt það. En betur má ef duga skal.

Á árunum 2007–2008 var ráðist í ýmsar aðgerðir til að bæta afkomu lífeyrisþega, einkum þeirra sem minnst höfðu, og þegar hrunið varð var markvisst reynt að verja stöðu þeirra. Lágmarksframfærslutrygging almennatrygginga, sem komið hafði verið á, hefur reynst vel og skerðingar á lífeyri frá 1. júlí 2009 hafa einkum bitnað á hærri tekjuhópum lífeyrisþega.

Lífeyrissjóðir hafa að undanfögnu margir hverjir skert greiðslur sínar til örorkulífeyrisþega vegna greiðslna sem þeir fá frá almennatryggingum þar sem sjóðirnir horfa meðal annars til bóta almennatrygginga við samanburð á tekjum örorkulífeyrisþega fyrir og eftir orkutap. Það er ekki hægt að una við þetta og ég hef átt viðræður við lífeyrissjóðina og fjármálaráðuneytið til að ná samkomulagi um að þessum skerðingum verði hætt a.m.k. tímabundið. Þá ætti að gefast andrými til að leysa það vandamál, sem lýtur að víxlverkunum almennatrygginga og lífeyrissjóðanna, til frambúðar en þeirri vinnu var frestað tímabundið vegna fyrirhugaðra samningaviðræðna við sjóðina.

Atvinnuástand og vinnumarkaðsúrræði

Í samanburði við aðrar Evrópuþjóðir er atvinnuleysi ef til vill ekki mikið hér á landi en fyrir okkur er það mun meira en við eigum að venjast. Við getum því ekki verið sátt við það ástand sem nú ríkir á íslenskum vinnumarkaði enda er atvinnuleysi eitt mesta bölg sem sérhver þjóð glímir við. Við getum að sjálfsögðu ekki lifað í þeirri blekkingu og talið okkur trú um að við náum sama snúningi á vinnumarkaði og var hér á árunum fyrir hrunið. Við viljum engu að síður eiga virkan og arðbæran vinnumarkað sem byggist á trúverðugleika. Við þurfum því markvisst að vinna að því að fjölga störfum á innlendum vinnumarkaði fyrir þær vinnufúsu hendur sem nú sitja aðgerðarlausar. Hin margumtöluðu hjól atvinnulífsins þurfa að snúast hraðar og þar þurfa stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins að snúa bökkum saman og finna málum farsælan farveg.

Við getum státað okkur af því að hafa náð árangri í þessari baráttu en atvinnuleysi lækkaði úr 9,3% í febrúar og mars á þessu ári í 7,1% í september síðastliðnum. Við verðum þó því miður að gera ráð fyrir vaxandi atvinnuleysi á næstu mánuðum er vetur konungur gengur í garð. Staða fólks án atvinnu er alltaf mjög erfið og ekki síst þegar það horfist í augu við langtímaatvinnuleysi.

Vinnuástandstofnun, í samvinnu við fjölmarga aðila, hefur lyft grettistaki í málefnum atvinnuleitenda og á liðnum mánuðum boðið þúsundum atvinnuleitenda náms- og atvinnutengd vinnumarkaðsúrræði. Í sumar voru sköpuð á annað þúsund skammtímastörf fyrir námsmenn og atvinnuleitendur í samstarfi Vinnuástandstofnunar, ráðuneyta, ríkisstofnana, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins og síðsumars hófst sérstakt átak gegn áhrifum langtímaatvinnuleysis undir nafninu ÞOR sem stendur fyrir þekkingu og reynslu.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið setti það markmið í lok síðasta árs að aldrei skyldu líða meira en þrjár mánuðir frá því að einstaklingur missir atvinnu þar til honum væri boðið starf, námstækifæri, starfsþjálfun eða þátttaka í öðrum verðugum verkefnum. Markmiðið náðist fyrr en að var stefnt að því er varðar unga atvinnuleitendur og raunar gott betur en það. Jafnframt stendur yfir vinna hjá Vinnuástandstofnun við að ná til langtímaatvinnulausra og hefur stofnunin þegar náð til allra sem hafa verið tíu mánuði eða lengur án atvinnu.

Aðgerðir til að sporna við atvinnuleysi og berjast gegn langtímaatvinnuleysi og neikvæðum afleiðingum þess verða áfram algjört forgangsmál.

Það veldur mér áhyggjum að ekki skuli allir sem eru án atvinnu eiga jafna möguleika til þátttöku í vinnumarkaðsúrræðum. Atvinnuleitendur, sem fá greiddar atvinnuleysisbætur, eiga greiðan aðgang að fjölbreyttum úrræðum á vegum Vinnuástandstofnunar. Svo er hins vegar ekki um þá sem ekki eiga rétt til atvinnuleysisbóta og fá framfærslu sína greidda af sveitarfélögum. Ég tel algjörlega nauðsynlegt að greiða leið allra að vinnumarkaðsúrræðum

sem þurfa á þeim að halda, geta nýtt sér þau og eru í virkri atvinnuleit, óháð því hvar viðkomandi fær greidda framfærslu. Þetta hef ég rætt við forstjóra Vinnumálastofnunar og aðila vinnumarkaðarins sem taka undir sjónarmið mín. Hagur þessa fólks og heildarhagur samfélagsins fer saman. Við eigum að fjárfesta í fólki og þeim fjármunum er ótvírátt vel varið sem koma í veg fyrir að hópur fólks verði afskiptur og óvinnufær til frambúðar. Ég vil því taka þetta mál föstum tókum í samstarfi við ykkur sem hér sitjið, atvinnurekendur, Vinnumálastofnun og sveitarfélögin.

Suðurnesin

Það er óhjákvæmilegt að staldra sérstaklega við erfitt ástand atvinnumála á Suðurnesjum og aðgerðum til að bregðast við því. Atvinnuleysi hefur verið þar yfir landsmeðaltali allt frá árinu 2002 og stefnir í að það verði um 5% yfir landsmeðaltali á þessu ári. Atvinnuleysi þar er hlutfallslega mest hjá ungu fólki og langtímaatvinnuleysi töluvert.

Vinnumálastofnun hefur átt í margþættu samstarfi við ýmsa aðila um virkni atvinnuleitenda á svæðinu en stór hluti þeirra hefur þegar tekið þátt í einhvers konar virkum vinnumarkaðsaðgerðum.

Staðan á Suðurnesjum er mér mikið áhyggjuefni. Ekki aðeins er atvinnuleysi þar mest á landinu öllu heldur eru nauðungarsölur þar hlutfallslega flestar á landinu, eða um tífalt fleiri en á höfuðborgarsvæðinu. Velferðarvaktin fundaði nýlega í Reykjanesbæ með þeim aðilum sem best þekkja stöðuna. Við þurfum að standa vaktina og skoða alla möguleika til sértækra aðgerða sem að gagni geta komið og Umboðsmaður skuldara mun vera með fulltrúa á svæðinu.

Staða karla og kvenna á vinnumarkaði

Þegar atvinnuleysið lagðist yfir af miklum þunga í kjölfar efnahagshrunsins bitnaði það verr á körlum en konum enda varð strax algjört hrun í byggingaríðnaði og annarri mannvirkjagerð en þar höfðu karlar verið fleiri við störf. Atvinnuleysi er enn meira meðal karla en kvenna en verulega hefur dregið saman með kynjunum. Það er mikilvægt að fylgjast með þróun þessara mála en skoða verður allar ákvarðanir um aðgerðir með hliðsjón af fyrirsjáanlegum áhrifum á bæði kynin.

Fram undan er kvennafrídagurinn. Stendur til að minnast þess að 35 ár eru liðin frá fyrsta kvennafrídeginum 1975. Þrátt fyrir allan þennan tíma erum við enn að horfast í augu við kynbundinn launamun sem því miður er staðreynd á íslenskum vinnumarkaði. Mér er það óskiljanlegt hversu erfiðlega gengur að eyða þessum þráláta mun þrátt fyrir áralanga baráttu í því efni. Markmiðið er skýrt og við verðum því að beita öllum ráðum til að ná því. Við

megum ekki sofna á verðinum heldur halda baráttunni áfram. Vonandi getum við orðið vitni að því að þessi dagur verði gerður að hátíðisdegi kynjajafnréttis frekar en að vera um ókomna tíð baráttudagur fyrir réttindum sem ættu að vera sjálfsgöð.

Starfsendurhæfing

Störf við hæfi hvers og eins er besta velferðar meðalið sem við þekkjum. Þetta er augljóst þegar störfin skortir. Við þurfum því að taka höndum saman og gefa sem flestum tækifæri til að verða virkir á vinnumarkaði. Verkefnið er tvíþætt. Annars vegar þarf að koma í veg fyrir ótímabæra skerðingu starfsorku í vinnuumhverfinu og laga það betur að þörfum starfsmanna og hins vegar að efla og endurheimta starfshæfni fólks með skerta starfsgetu.

Öryrkjum hefur fjölgað jafnt og þétt hér á landi um margra ára skeið. Nú ber svo við að verulega hefur dregið úr nýgengi örorku seinni hluta þessa árs, þvert á spár um þróun þessara mála. Þetta er athyglisverð þróun en kannski of snemmt að draga of miklar ályktanir af henni strax. Ég vek engu að síður athygli á þessu og velti því fyrir mér hvort skýringin liggja ekki að einhverju leyti í aukinni dherslu á hæfingu og starfsendurhæfingu og fjölgun úrræða á þeim vettvangi. Starfsendurhæfingin er verkefni sem þarf að ná sátt um.

Endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar

Eins og þið þekkið eflaust flest stendur nú yfir heildarendurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar hjá félags- og tryggingamálaráðuneytinu í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins. Verkinu er ekki lokið enda málið vandasamt og mörg atriði til skoðunar. Eitt tel ég þó nokkuð ljóst en það er að réttur innan atvinnuleysistryggingakerfisins verði lengdur tímabundið úr þremur árum í fjögur. Áætlaður kostnaðarauki atvinnuleysistryggingakerfisins vegna þessa er um einn milljarður króna á næsta ári. Í tengslum við þessa fyrirhuguðu breytingu vil ég jafnframt ræða við sveitarfélögin um mögulega hækkun framfærsluviðmiða innan félagsþjónustu sveitarfélaga enda er að ákveðnu leyti verið að létta byrðar sem annars lentu á þeim. Sá hópur, sem þarf alfarið að treysta á félagsþjónustu sveitarfélaganna, er í afar erfiðri stöðu.

Ég nefni hér einnig setningu framfærsluviðmiða sem unnið er að eins og kveðið er á um í lögum um Umboðsmann skuldara. Það er löngu tímabært að setja slík viðmið, þar sem byggt er á raunverulegum gögnum um kostnað fólks vegna framfærslu, með hliðsjón af fjölskyldustærð og öðrum áhrifaþáttum. Það verður vandasamt að innleiða þessi viðmið og ná sátt um notkun þeirra, ekki síst við ríkjandi aðstæður í samfélaginu. Engu að síður sé ég fyrir mér að slík viðmið geti orðið mikilvægt tæki til frambúðar þegar teknar eru ákvarðanir sem varða hag og afkomu einstaklinga og fjölskyldna í landinu.

Skuldir heimilanna

Aðgerðanefnd fimm ráðherra undir forystu forsætisráðherra og með þátttöku stjórnarandstöðu hefur á síðustu vikum unnið að frekari lausnum á skuldavanda heimilanna og aukinni skilvirkni gildandi úrræða. Mikilvægar úrbætur hafa þegar verið kynntar eða verða kynntar á næstunni.

Það veldur mér áhyggjum hvað margir sem eiga í greiðsluferfiðleikum leita sér ekki aðstoðar og hafa ekki nýtt sér þau margvíslegu úrræði sem að gagni gætu komið.

Umboðsmaður skuldara gegnir mikilvægu hlutverki við framkvæmd greiðsluvandaúrræða og hefur milligöngu um samskipti og samninga við lánardrottna. Hann er ráðgjafi og talsmaður skuldara og skal gæta hagsmuna þeirra í hvítetna séu þeir órétti beittir af hálfu fjármálastofnana eða stjórnvalda. Þetta embætti er geysilega mikilvægt og ég set mikið traust á það góða fólk sem þar starfar. Þar er mikil þekking á skuldavanda heimilanna og geta til að takast á við erfið verkefni.

Við höfum margvísleg tæki í höndunum til að takast á við greiðsluvanda einstaklinga og heimila og það veltur á miklu að fólk nýti sér þessi úrræði en til að svo megi verða þarf að einfalda þau og gera hraðvirkari.

Nýlega var lögfest bráðabirgðaákvæði vegna greiðsluadlögunar einstaklinga. Með því fá þeir sem sækja um greiðsluadlögun tímabundinn greiðslufrest strax og umsókn hefur borist umboðsmanni skuldara. Óheimilt verður að ganga að skuldara með greiðslukröfur, ganga að ábyrgðarmönnum, gera fjárnám í eignum hans eða fá þær seldar nauðungarsölu meðan umsókn um greiðsluadlögun bíður vinnslu hjá Umboðsmanni.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt að leggja fram frumvarp um að skuldir fólks fyrnist tveimur árum eftir gjaldþrot.

Þá liggur fyrir Alþingi frumvarp um að heimild til frestunar á nauðungarsölum verði framlengd til 31. mars 2011.

Verið er að skoða stöðu ábyrgðarmanna og þeirra sem hafa veitt lánsveð svo tryggja megi að ekki verði gengið að þeim vegna einstaklinga sem fengið hafa samþykka greiðsluadlög.

Tekið hefur verið á vanda fólks sem situr uppi með tvær eignir og hefur ekki getað selt aðra þeirra. Sótt er um úrræði hjá Umboðsmanni skuldara.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til breytinga á húsnæðislögum sem heimilar Íbúðalánasjóði að bjóða uppboðsíbúðir til leigu með kauprétti. Þetta eykur verulega húsnæðisöryggi fólks sem er illa stadd fjárhagslega. Einnig fær Íbúðalánasjóður heimild til að veita óverðtryggt húsnæðislán og auknar heimildir til að veita lán til endurbóta.

Efnahags- og viðskiptaráðherra mælir bráðlega fyrir lagafrumvarpi um að öll lán einstaklinga tengd gengi erlendra gjaldmiðla verði ólögmat óháð

orðalagi samninga. Höfuðstóll lána lækkar verulega sem getur skipt sköpum þar sem gengistryggð lán hafa valdið heimilum í landinu hvað mestum erfiðleikum. Fasteignalánnum verður breytt í verðtryggð krónulán en einstaklingar geta valið hvort þeir vilji breyta láninu í óverðtryggð krónulán eða lögleg erlend lán.

Sérfræðingahópur á vegum stjórnvalda með fulltrúum helstu hagsmunaaðila vinnur nú að útreikningum á ýmsum almennum leiðum sem ræddar hafa verið til lausnar á skuldavanda heimilanna. Niðurstöður ættu að liggja fyrir fljótlega þar sem skýrist hvaða aðgerðir er unnt að ráðast í til viðbótar þeim úrræðum sem þegar eru í boði.

Hvorki má gleyma þeim hópi, sem enn standur í skilum en hefur þrengt að sér og hefur alltof lítið fé handa á milli, né hinum sem eiga ekki húsnæði, búa í rándýru leiguhúsnæði og reiða sig á húsaleigubætur. Öll úrvinnsla eftir hrundið, hvort sem er hjá einstaklingum eða fyrirtækjum, er flókin og vandasöm en nauðsynlegt að hraða henni sem allra mest og ná endanlega utan um vandann.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið vinnur að mótun húsnæðisstefnu til framtíðar. Einkum er horft til þess að efla önnur úrræði en séreignarformið, svo sem búseturétt, kaupleigurétt og leigumarkað. Markmiðið er að skapa fólki fjölbreytta valkosti sem tryggja húsnæðisöryggi allra, óháð efnahag.

Góðir fundarmenn.

Verkefnið fram undan eru óþrjótandi og þau eru mörg afar erfið. En við megum ekki láta okkur fallast hendur. Við verðum að halda áfram, horfa fram á veginn, takast á við vandamálin og sigrast á þeim. Þetta eru tímabundnir erfiðleikar og með hörku og þrautseigju komum við okkur út úr þeim og byggjum upp þetra samfélag en áður.

Fjárlagafrumvarpið – heilbrigðisstofnanir o.fl.

Á tímum sem þessum er mikilvægara en nokkru sinni að taka á málum af festu og standa með ákvörðunum sínum. Sundurlyndi og hringlandaháttur hjálpar ekki.

Ég segi þetta ekki síst vegna yfirstandandi umræðu um fjárlagafrumvarpið því einhverra hluta vegna mætir allur niðurskurður andstöðu, sem og skattahækkanir og gjaldtökur. Þegar horft er til einstakra málaflokka og tiltekinna verkefna eru ávallt einhverjir sem telja að einmitt þar sé ekkert svigrúm, leita verði sparnaðarins annars staðar. Það er auðvelt að skilja þessi sjónarmið en því miður er lítið tillit hægt að taka til þeirra því aðhalds er þörf á öllum sviðum.

Ég segi þetta meðal annars vegna gagngerrar endurskoðunar sem fram undan er á skipulagi og starfsemi heilbrigðisstofnana um allt land. Verulega verður dregið úr starfsemi sjúkrasviða nema á stærstu sjúkrahúsunum þar

sem byggðar verða upp sterkari einingar með öflugri sérfræðihjónustu. Á móti horfum við til þess að efla nærhjónustu á vegum sveitarfélaganna með tilfærslu verkefna eins og ég gat um áðan. Þannig þarf að koma á fót hjónustukjörnum víðs vegar um landið þar sem íbúar sveitarfélaganna geta fengið samþætta velferðarhjónustu, upplýsingar og ráðgjöf á einum stað.

Viðbrögð við þessum áformum hafa verið mjög harkaleg. Ég sagði strax að farið yrði yfir öll þessi sparnaðaráform með heimamönnum á milli fyrstu og annarrar umræðu og staðan endurmetin og er sú vinna í gangi.

Breytingar á stjórnsýslu

Miklar skipulagsbreytingar eru fram undan á ýmsum sviðum stjórnsýslunnar. Fram undan er flutningur á málefnum fólks með fötlun til sveitarfélaganna – nokkuð sem stefnt hefur verið að til fjölda ára en nú sjáum við loks til lands enda þótt mikilvæg atriði séu enn óleyst. Ég er þess fullviss að þessi tilfærsla muni efla sveitarfélögin, styrkja þau í hlutverki sínu á sviði velferðarhjónustu og bæta stöðu fólks með fötlun.

Sameining ráðuneyta er önnur veigamikil breyting sem unnið er að og ég sé margvísleg tækifæri til góðra verka með sameiningu félags- og tryggingamálaráðuneytisins og heilbrigðisráðuneytisins. Ég reikna með að í kjölfar þessa muni sigla sameining ýmissa stofnana þessara ráðuneyta og stóraukin samþætting skyldra verkefna. Með þessu móti tel ég að við getum hagrætt verulega, aukið samlegð og síðast en ekki síst bætt hjónustu af hálfu ráðuneytanna og stofnana þeirra við almenning.

Kjaramál

Fram undan eru kjarasamningsviðræður aðila vinnumarkaðarins sem óneitanlega fara fram við nokkuð erfiðar aðstæður. Mikilvægt er því að menn séu raunsærir og stilli fram kröfum í samræmi við þær aðstæður sem uppi eru í samfélaginu. Ég skil vel að fólk sé orðið langþreytt á ástandinu og vilji fá að sjá kjarabætur. Hér þurfa allir að gæta að heildarhagsmunum samfélagsins, þar á meðal fjölskyldnanna í landinu sem og atvinnulífsins. Þar vonast ég til að sérstök áhersla verði áfram lögð á að tryggja hag láglæuna- og millitekjufólks. Einnig þurfum við sameiginlega að standa vörð um barnafjölskyldur sem og hag þeirra sem hafa allar sínar tekjur í gegnum opinber framfærslukerfi.

Ég veit að Alþýðusambandið mun axla sinn hluta af ábyrgðinni og það ætla stjórnvöld að gera einnig.

Atvinnumál

Forsenda þess að við náum jöfnuði í ríkisfjármálum og getum áfram haft hér öflugna velferðarhjónustu er að atvinna aukist og hagvöxtur verði hér að nýju.

Mikilvægt er að hratt og vel takist að hreinsa til í atvinnulífinu, vinna úr skuldum fyrirtækja og endurfjármagna svo þau geti ráðið til sín fólk og ráðist í fjárfestingar.

Hægt er að hafa mörg orð um vaxtakjör, orku- og umhverfismál, framtíðarsýn og gjaldmiðilsmál en ræðan er orðin löng og læt ég aðra hér á fundinum um þann þátt.

Ég geri mér grein fyrir því að forsenda þess að við náum okkur upp úr þeim þrengingum, sem við búum við, er að það takist að ýta úr vegi ýmsum þeim hraðahindrunum sem verið hafa á veginum í endurreisninni, hraðahindrunum reistum af ýmsum aðilum samfélagsins. Hver og einn verður að horfa í eigin barm og velta fyrir sér hvernig við getum hraðað málum, komið þeim áfram.

Þjóðin verður að taka skýra afstöðu til þess hvar við viljum vera í alþjóðasamfélaginu og horfast í augu við að íslenska krónan, sem nú er að færa til fjármagn í samfélaginu, mun ekki geta tryggt okkur það atvinnuumhverfi sem við þörfnumst til langs tíma. Heimóttarskapur og misskilinn hroki sem er birtingarmynd minnimáttarkenndar má ekki leiða til þess að við lokum okkur af og látum bygja okkur sýnina fram á við.

Stopp – hingað og ekki lengra er yfirskrift ársfundarins hér í dag. Ég segi hingað og ekki lengra í að kenna hvert öðru um. Sameinumst í því að endurreisa okkar ágæta samfélag, – endurreisum það á traustum grunni þar sem við eyðum í samræmi við tekjur, byggjum upp vel rekið atvinnulíf byggt á rauntekjum, atvinnulíf sem nýtir sameiginlegar auðlindir okkar en gefur um leið góðan arð til samfélagsins og greiðir launafólki mannsæmandi laun.

Glymum þó aldrei því sem er mikilvægast í lífinu, þ.e. lífinu sjálfu. Hlúum vel hvert að öðru og að þeim sem þurfa aðstoð í gegnum þær þrengingar sem við göngum í gegnum og sköpum grunn fyrir aukna velferð og aukinn jöfnuð sem er forsenda þess að tryggja velferð fyrir alla.

Megi ársfundurinn verða starfssamur og árangursríkur og skila okkur fram á veginn með skapandi tillögum um lausnir og tillögur um áframhaldandi framlag ASÍ til endurreisnar íslensks samfélags. Við eigum sameiginlegt verk að vinna.“

Gylfi Arnbjörnsson þakkaði ráðherra fyrir ræðuna.

Gylfi kom á framfæri þakklæti frá Ingibjörgu R. Guðmundsdóttir, varaforseta ASÍ, fyrir þann hlýhug sem hún sagðist hafa fundið fyrir frá fólki innan hreyfingarinnar í veikindum sínum. Hann sagðist vita að hann mælti fyrir hönd allra ársfundarfulltrúa þegar hann sendi Ingibjörgu kveðjur með ósk um góðan bata. Ársfundurinn tók undir það með lófaklappi.

Gylfi bauð formanni kjörbréfanefndar að gera grein fyrir álitu nefndarinnar.

Kjörbréfanefnd

Guðmundur P. Jónsson, formaður kjörbréfanefndar, gerði grein fyrir álitum nefndarinnar.

„Ágætu félagar.

Í samræmi við ákvæði 31. gr. laga Alþýðusambandsins skipaði forseti ASÍ eftirtalda í kjörbréfanefnd vegna ársfundar sambandsins 21. og 22. október 2010: Þann sem hér talar, Stefaníu Magnúsdóttur, varaformann LÍV, og Ísleif Tómasson, starfsmann RSÍ.

Kjörbréfanefnd kom saman til fundar þriðjudaginn 19. október til að fjalla um innkominn kjörbréf og verklag vegna ársfundar ASÍ.

Í samræmi við 2. mgr. 29. grein laga ASÍ var landssamböndum og landsfélögum með beina aðild úthlutað alls 290 fulltrúum. Þá samþykkti miðstjórn ASÍ að úthluta tveimur aðildarfélögum, sem ekki náðu inn fulltrúa á grundvelli 2. mgr. 29. gr. laganna, einum fulltrúa hvoru skv. 4. mgr. 29. gr.

Samkvæmt ákvörðun miðstjórnar og úthlutun landssambanda innan ASÍ höfðu 60 aðildarfélög og deildir rétt til að senda 292 fulltrúa til ársfundarinnar.

Þann 19. október höfðu 57 aðildarfélög og deildir sent inn kjörbréf vegna 290 fulltrúa á ársfundinn. Kjörbréfanefnd hefur ákveðið að viðhafa eftirfarandi verklag á ársfundinum: Í fundargögnum liggur frammi listi með nöfnum þeirra ársfundarfulltrúa sem kjörbréfum hefur verið skilað fyrir, raðað eftir aðildarfélögum eða landssamböndum. Þar sem fulltrúar eru kjörnir af aðildarfélögum á grundvelli aðildar að landssambandi kann sama félag að vera með fulltrúa hjá fleiri en einu landssambandi.

Kjörbréfanefnd leggur til að kjörbréf í samræmi við framlagðan lista verði öll samþykkt.

Ef það eru ábendingar, sem þið viljið koma með við samþykkt kjörbréf samkvæmt framangreindum lista, er þess óskað að þið komið þeim á framfæri við starfsmann kjörbréfanefndar. Starfsmaður nefndarinnar er Halldór Grönvold og verður hann hér frammi í anddyri til að taka við ábendingum.

Þá ber að geta þess að frá því kjörbréfanefnd kom saman 19. október hafa borist nokkrar óskir um breytingar, þar sem varamenn eru að koma inn fyrir aðalmenn vegna forfalla, og er verið að vinna úr þeim.

Gerð verður grein fyrir breytingu á kjörbréfum, sem komið hafa fram, við upphaf fundar á morgun.“

Afgreiðsla kjörbréfa

Gylfi Arnbjörnsson bar upp tillögu kjörbréfanefndar og var hún samþykkt samhljóða.

Kjör starfsmanna ársfundar

Gylfi Arnbjörnsson bar fram tillögu um Signýju Jóhannesdóttur sem fundarstjóra á ársfundinum og var tillagan samþykkt samhljóða.

Signý Jóhannesdóttir tók við stjórn fundarins og bar fram tillögu um Stefán Ólafsson sem 1. varafundarstjóra og Svanborgu Hilmarsdóttur sem 2. varafundarstjóra. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar fram tillögu um Snæbjörn Sigurðarson og Svein Ingason sem skrifara. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar fram tillögu um Maríönnu Traustadóttur og Stefán Úlfars-son sem ritara og var það samþykkt.

Fundarstjóri gerði grein fyrir lista með framlögðum gögnum.

Fundarstjóri bað fundarmenn að ganga sem fyrst frá skráningu í málstofur.

Fundarstjóri minnti á kvöldskemmtun á Hótel Íslandi um kvöldið.

Lagabreytingar /1. umræða

Magnús Norðdahl, lögfræðingur ASÍ, hafði framsögu um frumvarp til breytinga á lögum ASÍ.

Magnús vakti athygli á að rangt skjal um frumvarpið hefði ratað í ársfundarmöppur en búið væri að dreifa rétta skjalinu á borð fundarmanna. Því næst gerði hann í stuttu máli grein fyrir aðdragandanum að frumvarpinu og helstu breytingunum sem í því fælust. Í fyrsta lagi væri gerð tillaga um að aðild að ASÍ breyttist á þann veg að aðild að landssambandi eða staða sem landsfélag yrði ekki lengur skilyrði fyrir aðild að ASÍ. Í öðru lagi væri lagt til að í stað ársfunda kæmi æðsta stofnun ASÍ saman á þingum á tveggja ára fresti og að í tengslum við þing ASÍ kæmi saman sérstakt þing ungs launafólks í aðildar-samtökum ASÍ. Í þriðja lagi væri lagt til að fundur formanna aðildarféлага ASÍ yrði formgerður í lögum ASÍ og kæmi saman milli þinga.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Finnbogi Sveinbjörnsson, Verkalýðsfélagi Vestfirðinga. Finnbogi vakti athygli á að í frumvarpinu væri gert ráð fyrir að sérstakir fulltrúar ungs launafólks á sambandsþingum hefðu aðeins málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt. Hann lýsti yfir þeirri skoðun sinni að þessir fulltrúar ættu einnig að hafa atkvæðisrétt og óskaði eftir umræðu um þetta atriði í viðkomandi málstofu.

Fundarstjóri vísaði frekari umfjöllun um lagabreytingar til nefndar.

Fundarstjóri vakti athygli á að eftir hádegi færi fram fyrsta umræða um efnahags- og kjaramál, atvinnu-, umhverfis- og menntamál svo og um vel-ferðar- og vinnumarkaðsmál. Hann bað fundarmenn um að gefa sem fyrst til kynna hvort þeir hygðust kveða sér hljóðs svo auðveldara væri að áætla þann ræðutíma sem unnt væri að úthluta hverjum og einum.

Horfur í efnahagsmálum – kynning hagdeildar

Ólafur Darri Andrason, deildarstjóri hagdeildar, gerði grein fyrir spá hagdeildar um þróun helstu hagstærða 2010–2013.

Það kom fram í máli Ólafs Darra að það styttist í að við næðum botni á verstu efnahagskreppu lýðveldistímans. Hann sagði að þjóðarbúið hefði orðið fyrir gríðarlegu áfalli en að nú væri bjartara fram undan. Dregið hefði hratt úr verðbólgu undanfarna mánuði. Það gæti aftur skapað skilyrði fyrir nokkrum vexti einkaneyslu strax á þessu ári. Hann sagði að það væri þó áhyggjuefni að umskiptin í efnahagslífinu væru ekki mjög afgerandi. Ekkert benti t.d. til þess að fjárfestingar myndu aukast mikið á næstunni. Nokkrar vonir væru bundnar við stækkun álversins í Straumsvík og tengdar orkuframkvæmdir. Spá hagdeildar gerir hins vegar ekki ráð fyrir að framkvæmdir við álver í Helguvík hefjist í náinni framtíð, staða verkefnisins væri einfaldlega of óljós ennþá. Hann benti einnig á að rekstur ríkis og sveitarfélaga væri mjög þungur og að samdráttur í útgjöldum ríkisins yrði sérstaklega mikill í ár og á næsta ári. Veik staða krónunnar hefði vissulega styrkt við útflutning en miklar vaxta-greiðslur til útlanda gerðu það að verkum að við værum enn að glíma við óhagstæðan viðskiptajöfnuð. Í máli Ólafs Darra kom fram að hinn hægfara bati myndi sennilega ekki hafa mikil áhrif á atvinnuástandið fyrr en undir lok spátímabilsins og atvinnuleysi verða óásættanlega mikið næstu misseri. Til að endurheimta fyrri líf skjör og vinna bug á atvinnuleysinu þyrftum við að auka verðmætasköpun þjóðarbúsins. Það gerðum við með því að nýta þau tækifæri sem til staðar eru. Hann minnti á að við værum í fararbroddi í vistvænni orkunýtingu, ættum mikinn mannauð og velferðar- og menntakerfi sem hjálpaði okkur að takast á við erfiðleika. Ólafur Darri benti á að eitt af þeim tækifærum, sem skiptir máli að nýta, væri bygging álvers í Helguvík. Tækist okkur að blása lífi í þær framkvæmdir myndi hagvöxtur nær tvöfaldast á næsta ári og atvinnulausum fækka verulega.

Framsögur

Fluttar voru þrjár framsögur.

Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdarstjóri CCP.

Hilmar sagði að CCP væri svokallað „fjöldaþátttöku-leikjafyrirtæki“. Fyrirtækið framleiðir leiki sem er dreift í gegnum netið og fólk borgar áskriftargjald fyrir að spila leikina þar. Um þessar mundir eru um 330 þús. áskrifendur að leiknum EVE Online. Þeir mynda í raun eitt stórt samfélag á netinu sem er orðið stærra en Ísland. [Stutt kynningarmyndband um leikinn er spilað].

Þessu næst gerði Hilmar grein fyrir sögu CCP frá því það var stofnað 1997 og helstu vandamálum sem fyrirtækið hefur gengið í gegnum síðan

þá. Á tímabili árið 2002 var fjárhagsstaðan svo slæm að ekki var hægt að greiða út laun í nokkra mánuði. EVE Online kom svo út vorið 2003 og eftir smávægilega byrjunarörðugleika við dreifingu á leiknum fór salan að aukast mjög hratt árið 2004. Hann sagði sögu CCP ekkert ósvipaða og annarra fyrrum sprotafyrirtækja eins og t.d. Marels, Össurar og jafnvel Actavis – „ströggli“ kannski í tíu ár, síðan kemst fyrirtækið á skrið og betri tímar taka við. Nú er CCP með 600 manns í vinnu á starfsstöðvum sínum um allan heim. Fyrirtækið hefur ráðið mikið af starfsfólki til sín á þessu ári eða um 200 manns. Starfsfólkið er af öllu þjóðerni, t.d. hafa um 80 erlendir ríkisborgarar flutt til Íslands bara til að vinna við EVE Online. Hann væri oft spurður af hverju hann réði ekki bara Íslendinga í þessi störf. Ástæðan væri sú að gjarnan væri um að ræða viðfangsefni sem Íslendingar hefðu litla reynslu af. Í staðinn fyrir að „finna upp hjólið aftur“ væri oft best að sækja reynsluna þangað sem hún liggur. Útlendingarnir væru oft sprenglærðir sérfræðingar með doktorspróf og margra ára reynslu á sínu sérsviði. Hilmar sagði að honum fyndist reyndar stundum eins og hann væri með þessu að „stela“ fjárfestingum annarra landa í mannaöldi sínum. Sem dæmi sagði hann að það kostaði líklega u.þ.b. 200 milljónir að búa til einn verkfræðing með þá hæfni sem fyrirtækið þarf. Hilmar nefndi það að starfsfólkið kæmi einnig úr mjög ólíkum áttum hvað varðar menntun. Í fyrirtækinu störfuðu t.d. verkfræðingar, hagfræðingar, fatahönnuðir o.s.frv.

Að lokum fjallaði Hilmar um þau atriði sem hann sagði að hefðu skipt mestu máli til að fyrirtækið næði árangri. Þar nefndi hann fyrst vel samsettan hóp manna er stóðu að fyrirtækinu í upphafi. Þetta var fólk sem að mestu kom úr sprotafyrirtækinu OZ sem hafði verið stofnað nokkru áður til þess að hanna þrívíddarútgáfu af internetinu, verkefni sem reyndist algerlega óraunhæft á þeim tíma. Sú reynsla, sem starfsfólkið í OZ öðlaðist í þessu skipbroti, reyndist engu að síður gott veganesti í uppbyggingunni á CCP. Hann nefndi aðra þætti, sem skiptu líka máli, eins og t.d. þrautseigju og jafnvel ákveðna „sturlun“ sem gæti verið nauðsynleg þegar andstreymið er mikið og fáir sem hafa nokkra trú á því sem fyrirtækið er að gera. Hann sagði að fjármagn skipti vissulega miklu máli einnig en sennilega ekki eins miklu máli og flestir héldu, t.d. þurfti aðeins 20 „myntkörfujeppa“ til að búa til CCP. Loks talaði hann um íslensku krónuna og hvernig óstöðugleiki hennar hefði íþyngt fyrirtækinu framan af meðan það var of lítið til að eiga þess kost að kaupa sér gengistryggingar. Að lokum gagnrýndi hann þá nálgun í atvinnumálum sem gengur út á sértækar lausnir. Í þessu sambandi nefndi hann það sem hann kallaði áherslu ASÍ á að „öllum hindrunum skuli rutt úr vegi“ álvers í Helguvík. Eiga þetta að vera skilaboð ASÍ til unga fólksins? spurði hann. Hilmar sagði að ýmiss konar tilraunastarfsemi í grasrótinni væri gríðarlega mikilvæg jafnvel þótt hún gæfi ekki mikið í aðra hönd til að byrja með, rétt eins og sagan um OZ sýndi.

Friðrik Már Baldursson, forseti viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík.

Friðrik byrjaði á því að fara yfir stöðuna í efnahagsmálum sem hann sagði að sumu leyti ekki svo slæma. Í sögulegu samhengi værum við vissulega með allt of mikið atvinnuleysi en samt væri það svipað hér á landi og í nágrannalöndunum. Það væri ekki hægt að neita því að miklar skuldir hvíldu á hinu opinbera en hafa þyrfti í huga að á móti kæmu heilmiklar eignir og nettóskuldastaða hins opinbera væri ekkert ósvipuð og t.d. gerist og gengur á evrusvæðinu. Þá væri jákvætt að verðbólga væri nú að ganga niður. Hann vakti athygli á að þrátt fyrir allt þá væri landsframléiðsla á mann hér á landi, eftir að bóúð er að leiðrétta fyrir kaupmátt, svipuð og í Svíþjóð og Danmörku. Á hinn bóginn væri áhyggjuefni að hagvöxtur hefði látið standa á sér í ár og 2% hagvöxtur eða þar um bil, eins og hagdeild ASÍ spáir á næsta ári, er allt of líttill, jafnvel of líttill til að koma í veg fyrir að atvinnuástandið versni enn.

Friðrik dró saman þá þætti sem hann taldi að styddu okkur í endurreisninni: traustir efnislegir og félagslegir innviðir, náttúruauðlindir og mannaúður svo og bætt samkeppnisstaða með falli krónunnar, og einnig ýmsa þætti er græfu undan: glatað traust, óvissuástand sem dregist hefur á langinn, gjald-eyrishöft og háir vextir.

Næst beindi Friðrik sjónum að helstu verkefnum sem við þyrftum að takast á við í efnahagsmálunum, þ.e. á sviði ríkisfjármála, á sviði bankamála og í peninga- og gengismálum. Á sviði ríkisfjármála þyrfti að stöðva skuldaférfun hins opinbera sem fyrst, annars yrði skuldabaggin dragbítur á hagvöxt og velferð til framtíðar. Á sviði bankamála væri forgangsráðið að ljúka endurskipulagningu á skuldum heimila og fyrirtækja og koma þannig af stað umsvifum og fjárfestingum í atvinnulífinu. Við þyrftum að ljúka stórum málum eins og Icesave, sagði hann. Það væri m.a. ein af forsendum þess að fyrirtæki eins og Landsvirkjun gæti fjármagnað sig á eðlilegum kjörum. Þrátt fyrir að deildar meiningar kunni að vera um ágæti stóriðjuframkvæmda þá mætti segja að ef einhvern tímum hefði verið þörf fyrir að fara út í slíkar framkvæmdir þá væri það á tímum eins og við lifðum á núna. Í máli Friðriks kom fram að á sviði peninga- og gjaldeyrismála væri eitt af aðalviðfangsefnum að komast út úr gjaldeyrishöftunum.

Gjaldeyrishöft og háir vextir væru vissulega meginástæðan fyrir því að krónan hefði ekki fallið meira en raun ber vitni. Þrátt fyrir að vera þannig bæði með „belti og axlabönd“ væri gengi krónunnar samt afar lágt. Út frá langtímajafnvægi í utanríkisviðskiptum mætti ætla að það væri 20–25% lægra en eðlilegt gæti talist. Friðrik sagðist telja að miðað við áframhaldandi gjaldeyrishöft ætti gengi krónunnar að geta styrkst um 10–15% án þess að það leiddi til neikvæðs viðskiptajöfnuðar. Hann vakti þó athygli á að eins og málum væri nú háttáð stjórnaði Seðlabankinn genginu upp á eigin spýtur. Þar sem bankinn

væri nú upptekinn af því að kaupa gjaldeyri yrði skráð gengi krónunnar áfram lágt eða þar til hann teldi nóg komið af þessum kaupum. Þá benti Friðrik á að raungengið myndi vissulega hækka ef verðlag og /eða laun hækkuðu mikið. Það væri reyndar eitthvað sem við værum ekki óvön að sjá, þ.e. víxlverkun launa- og verðlagshækkana og gengisfellingar.

Ákveðnar forsendur hafa skapast fyrir afnámi gjaldeyrishaftanna, sagði Friðrik. Þannig væri raungengið nú í sögulegu lágmarki, það væri afgangur af viðskiptajöfnuði (þ.e. þegar búið er að leiðrétta fyrir vaxtagreiðslum tengdum gömlu bönkunum) og betra jafnvægi ríkti almennt í efnahagsmálunum hér á landi en víða annars staðar. Þá dygði gjaldeyrisforðinn nú fyrir afborgunum erlendra lána ríkisins næstu ár. Þrátt fyrir þetta ríkir töluverð óvissa, sagði hann, um það hvort og þá hvenær verður byrjað að aflétta höftunum. Friðrik velti því fyrir sér hvort þessi óvissa stafaði e.t.v. af „jöklabréfum“ í eigu útlendinga. Eflaust myndu þessir peningar streyma úr landi ef hömlum yrði aflétt, sagði hann. En það væri engin ástæða til að ætla að íslenskir sparifjár-eigendur myndu verða neinir eftirbátar útlendinga í að flýja krónuna ef hún þætti ekki traust. Það þyrfti því að undirbyggja afnám hafta með því að skapa tiltrú á gjaldmiðlinum og, í víðara samhengi, efnahagslífinu í heild.

Friðrik benti á að með aðild að ESB gengjum við strax inn í ERM II-samstarfið (þ.e. krónan yrði tengd við evruna með ákveðnum vikmörkum sem Seðlabanki Evrópu myndi tryggja) en það myndi gefa krónunni allt aðra stöðu en núna og gera kleift að afnema gjaldeyrishöftin strax. Lengri tími myndi líða þar til við gætum tekið upp sjálfa evruna, að lágmarki tvö ár í viðbót. Upp-taka hennar myndi gera kröfu um allt aðra og betri hagstjórn en hefur nokkru sinni verið viðhöfð á Íslandi. Friðrik viðurkenndi að evru-aðild væri engin allsherjarlausn. Lönd innan evru-svæðisins eins og Grikkland og Írland hefðu lent í alvarlegum skuldavanda. Þetta stafaði m.a. af því að allt fram að fjármálakreppunni höfðu öll evru-löndin aðgang að sömu vaxtakjörum burt séð frá því hvernig þau héldu utan um efnahagsmálin. Þessi tími væri þó liðinn, nú fáist lágir vextir aðeins með aga í ríkisfjármálunum og efnahagstjórninni. Friðrik taldi að of mikið væri gert úr þeim möguleika að evru-svæðið líði undir lok, það væri allt of mikið í húfi efnahagslega og pólitískt.

Friðrik lagði þunga áherslu á að það væri fásinna fyrir Íslendinga að leggja út í samningaviðræður við ESB án þess að hafa nokkra raunhæfa valkosti í gengismálum. Það þýddi að það er sama hvort við ákveðum að ganga inn í sambandið eða ekki – við kæmumst ekki hjá því að vinna heimavinnuna okkar og koma efnahagsmálunum í lag.

Lára Björnsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs félags- og tryggingamála-ráðuneytis og formaður Velferðavaktarinnar.

Lára skilgreindi þrjár meginstoðir velferðar, þ.e. menntamál, heilbrigðis-

mál og félagsþjónustu af ýmsu tagi hjá ríki og sveitarfélögum. Hún bætti við að þó að atvinnumálin væru ekki beint á hendi hins opinbera þá væri atvinnuöryggið vissulega líka eitt helsta grundvallaratriðið í velferðinni. Einmitt af því að atvinnuleysið væri svo mikið núna þá væru samfélagsvandamálin, sem við erum að glíma við, svo mörg. Hún benti á að Ísland hafi lengi talið sig til norrænna velferðarríkja þrátt fyrir að velferðarkerfi okkar standist varla samanburð við velferðarkerfi þeirra. Þó mætti segja að í heilbrigðis- og menntamálum stæðum við þeim nánast jafnfætis. Þessar stóðir velferðar væru orðnar tiltölulega þróaðar hér á landi eftir miklar úrbætur síðastliðin 15–20 ár. Nú væru t.d. nánast öllum börnum boðið leikskólalátt, við hefðum góðan einsetinn grunnskóla og miklar framfarir hefðu orðið í framhaldsskólunum. Lára sagði að við byggjum að þessum framförum nú í efnahagskreppunni. Við ættum a.m.k. að geta komið ungu kynslóðinni óskaddaðri út úr orrahriðinni.

Lára sagði að félagslega kerfið hefði komið seinna til sögunnar og hægar en t.d. heilbrigðiskerfið sem ætti sér miklu sterkari stóðir í þjóðfélaginu – bæði hvað varðar lagasetningu, fjármagn og viðhorf til þjónustunnar. Undantekningin frá þessu eru lög um alþýðutryggingar frá 1936, sem gerbreyttu aðstæðum aldraðra og margra sem áttu undir högg að sækja í lífsbaráttunni, og barnaverndarlög frá 1932. Það var ekki fyrr en um og eftir 1980 sem sett voru sérlög um aldraða og fatlaða. Enn var samt ekki nógu vel séð fyrir þeim sem þurftu á aðstoð að halda en féllu utan við þessa tvo skilgreindu hópa. Þar spilaði m.a. inn í að arfur fátæktarframfærslunnar var enn sterkur í vitund þjóðarinnar og lítið á það sem skömm að nýta sér félagslega þjónustu. Árið 1967 ákvað Reykjavíkurborg að setja á laggirnar svokallaða Félagsmálastofnun. Það var síðan ekki fyrr en 1991 sem það tókst að ná því í gegn á Alþingi að setja almenn lög um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Á þeim tæpu 20 árum, sem liðin eru síðan félagsþjónustulögín voru samþykkt, hefur mikil framþróun átt sér stað, sagði Lára, einkum í viðhorfum almennings til þjónustunnar og notenda hennar. Nú í kreppunni búum við sannanlega vel að því að vera búin að byggja upp þessa þjónustu við þá sem höllustum fæti standa. Ef við berum okkur saman við hin ríkin á Norðurlöndum má þó sjá að við stöndum þeim enn talsvert að baki, einkum m.t.t. þess hve bótaupphæðir, bæði hjá ríki og sveitarfélögum, eru lágar svo og m.t.t. þess hve mjög þær eru tekjutengdar. Tekjutengingar eru reyndar einnig við líði í heilbrigðisþjónustunni. Fátækt fólk eða tekjulágt á oft mjög erfitt með að fá heilbrigðisþjónustu við hæfi. Sem dæmi um þetta má nefna tannlæknaþjónustu barna. Það væri einnig áhyggjuefni að bótaupphæðirnar færu sífellt lækkanði.

Lára sagðist telja að þeir sem færu verst út úr kreppunni væru þeir sem hefðu búið við lökust kjörin fyrir. Hún nefndi sérstaklega einstæðar mæður. Það væri ljóst að það þyrfti tvær fyrirvinnur til að sjá fyrir heimili hér á landi

og stuðningskerfi þessara kvenna væri ekki nógu gott. Margar þeirra eignuðust börn mjög ungar og festust í láglaunastörfum eftir það. Það væri því mjög mikilvægt fyrir þær að fá stuðning frá sínu stéttarfélagi til að afla sér menntunar og bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Aðrir viðkvæmir hópar, sem Lára nefndi, voru öryrkjar, fátækt aldrað fólk og innflytjendur. Hún vakti sérstaka athygli á auknu langtímaatvinnuleysi. Sú þróun væri einkar hættuleg fyrir samfélagið, sagði hún. Þeir sem hafa verið án vinnu í lengri tíma komast oftast ekki inn á vinnumarkaðinn aftur án aðstoðar. Fátækt meðal barnafjölskyldna væri einnig áhyggjuefni þar sem fátækt barn ætti á hættu að verða „fátækur fullorðinn“ og síðar „fátækur aldraður“.

Þá vék Lára að starfsemi Velferðarvaktarinnar. Vaktin var sett á laggirnar í febrúar 2009. Hlutverk hennar er að fylgjast með áhrifum efnahagshrunsins á fjárhagslega og félagslega stöðu heimilanna í landinu. Vaktin hefur gefið út nokkrar skýrslur sem allar eru aðgengilegar á vef félags- og tryggingamálaráðuneytisins, m.a. skýrsla um hvernig vernda eigi grunnþjónustuna í landinu. Þeir samfélagshópar, sem vaktin hefur einkum beint sjónum að, eru börn, ungmenni (sem hvorki eru í skóla né vinnu), ungar barnafjölskyldur og þeir sem eru atvinnulausir. Eitt af því sem vaktin hefur beitt sér fyrir er gerð svokallaðra „félagsvísa“ til að undirbyggja upplýsta ákvarðanatöku á sviði velferðarmála. Lára nefndi nokkur atriði sem huga þyrfti betur að á komandi misserum; m.a. þyrfti að lengja hámarkstímabil atvinnuleysisbóta í fimm ár, standa vörð um lögbundna þjónustu hins opinbera o.fl. Að lokum lagði hún áherslu á að viðreisn íslensks samfélags byggði á samstarfi margra aðila, ein og sér komast stjórnvöld ekki langt, það þyrfti helst að komast á einhvers konar samfélagssáttmáli um þetta.

Klukkan 12:30 var gert hádegishlé.

Klukkan 13:30 var fundi fram haldið.

Atvinnu-, umhverfis- og menntamál Efnahags- og kjaramál Velferðar- og vinnumarkaðsmál

1. umræða

Guðmundur Gunnarsson, formaður umhverfisnefndar ASÍ, gerði grein fyrir viðfangsefnum málstofu um atvinnu-, umhverfis- og menntamál.

Sigurður Bessason, formaður efnahags- og skattanefndar ASÍ, gerði grein fyrir viðfangsefnum málstofu um efnahags- og kjaramál.

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður vinnumarkaðsnefndar ASÍ, gerði grein fyrir viðfangsefnum málstofu um velferðar- og vinnumarkaðsmál.

Það kom m.a. fram í máli frummælenda að í málstofunum yrði viðhöfð svokölluð „þjóðfundaraðferð“. Með umræðum í litlum hópum yrði leitast

við að draga fram þau atriði sem fundarmenn vildu leggja áherslu á. Þessi áhersluatriði yrðu síðan sameinuð í drög að ályktunum sem yrðu lögð fyrir ársfundinn í heild daginn eftir.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Sverrir Albertsson, AFLi Starfsgreinafélagi/efnahags- og kjaramál.

Sverrir taldi að síðustu tvö ár hefðu verið „ár hinna glötuðu tækifæra“. Hann sagði að á ársfundi 2008 hefði AFL lagt fram tillögur um að ASÍ tæki að sér forystu í þeirri þjóðfélagsumræðu sem átti sér stað í kjölfar bankahrunsins. Þessar tillögur fengu ekki brautargengi. „Verkalýðshreyfingin kaus að halda að sér höndum og fylgjast með úr fjarska þegar eldar voru kveiktir á Austurvelli og sitjandi ríkisstjórn velt,“ sagði hann. Hann gagnrýndi ASÍ harðlega fyrir að hafa ekki beitt sér af meira afli fyrir umbótum í öldurótinu eftir efnahagshrunið. Í ályktunum sambandsins fælust takmarkaðar leiðbeiningar fyrir hreyfinguna um hvert beri að stefna. Stöðugleikasáttmálinn hefði litlu skilað. Nú væri svo komið að veist væri að sambandinu úr öllum áttum. Við erum gagnrýnd fyrir það að standa ekki með fólkinu heldur vera varðhundur fjármagns, sagði Sverrir. Hann sagði að AFL hefði haft uppi varnaðarorð. Innan raða þess hefðu menn ekki alltaf verið sáttir við þær ákvarðanir sem teknar hefðu verið á vettvangi ASÍ. Þegar lýðræðisleg ákvörðun lægi fyrir fylktu þeir sér hins vegar ávallt um hana. Það væri mikilvægt að geta átt lýðræðisleg skoðanaskipti. Sverrir minnti á að við værum á leið í kjarasamninga við skelfilegar aðstæður. Hér ríkti mikið atvinnuleysi, kaupmáttur hefði dregist saman og afkoma heimila væri í uppnámi. Hann sagðist telja að við værum að semja um miklu meira en launahækkanir. Við værum að semja um framtíð hreyfingarinnar. Í komandi kjarasamningum verðum við að sýna félagsmönnum okkar fram á mátt samstöðunnar, sagði hann. Við sem hreyfing verðum að sanna okkur sem baráttutæki og endurvekja þann baráttuanda sem við þekkjum. Sverrir sagði að við þyrftum að vera klár á því hvaða hagsmuni við eigum að verja. Það væri ekki endilega víst að það verði stöðugleikasáttmálar, þjóðarsáttir og samstaða með atvinnurekendum sem verði leiðin til að verja þá hagsmuni.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness/efnahags- og kjaramál.

Heimili landsins standa frammi fyrir skelfilegri skuldastöðu, sagði Vilhjálmur. Skuldir íslenskra heimila hafa aukist úr 877 milljörðum kr. í 2.000 milljarða kr. síðan árið 2004. Það eru 110.000 heimili í landinu þannig að meðalskuld hvers heimilis í dag er um 18 milljónir króna. Það er þyngra en tárum taki að horfa upp á þann forsendubrest sem orðið hefur í íslensku samfélagi, sagði hann. Vilhjálmur krafðist þess að þetta yrði leiðrétt, helst í formi almennrar niðurfærslu á skuldum. Samkvæmt fréttum væri þó búið að slá þessa hugmynd út af borðinu. Ástæðan væri sú að bankamenn og forsvarsmenn lífeyrissjóðanna hefðu gagnrýnt hugmyndina. Vilhjálmur sagðist taka undir að

það væri afar erfitt að setta sig við það að sjóðsfélagar þyrftu að verða fyrir skerðingu ef til almennrar niðurfærslu skulda kæmi. Það yrði þá bara að finna einhverja aðra leið til að leiðréttu forsendubrestinn. Það væri hlutverk ríkisstjórnarinnar að finna þá leið. Vilhjálmur sagði að það lægi fyrir samkvæmt gögnum frá AGS að bankarnir fengu afslátt á skuldum heimilanna að andvirði 420 milljarða króna. Þessa fjármuni þarf klárlega að nýta til að koma til móts við alþýðu þessa lands sagði hann. Vilhjálmur gerði að umtalsefni starfshóp á vegum félags- og tryggingamálaráðherra sem í október 2008 var falið að skoða hvaða leiðir væru færar til að bregðast við vanda lántakenda og meta fjárhagsleg áhrif þess að fella tímabundið niður verðtryggingu. Hann taldi að með skipan þessa starfshóps hefði boðist kjörið tækifæri til að koma í veg fyrir stórfellda hækkun á verðtryggtum íbúðalánnum landsmanna. Starfshópurinn hafi hins vegar skilað minnisblaði þar sem segi að gagnvart lánveitendum séu alvarleg tormerki á því að afnema verðtryggingu lána. „Hvernig má það vera að forseti Alþýðusambands Íslands, sem var formaður þessa starfshóps, skuli hafa lagt til að verðtryggingin legðist af fullu afli á skuldsett heimili,“ spurði Vilhjálmur. Meðal annars af þessum ástæðum skoraði hann á Gylfa að íhuga það af fullri alvöru að gefa ekki kost á sér sem forseti ASÍ.

Gylfi Arnbjörnsson, VR/atvinnu- og velferðarmál.

Gylfi kom fyrst inn á atvinnumálin. Hann vitnaði í erindi Hilmars Péturssonar fyrir um morguninn. Þar hefði margt áhugavert komið fram um þau verkefni sem fyrirtæki hans fengist við. Það vakti einnig athygli Gylfa að Hilmar hefði dregið ályktun um atvinnustefnu ASÍ aðeins út frá afstöðu sambandsins til eins tiltekins verkefnis á Reykjanesi. Helguvík væri ekki stefna ASÍ í atvinnumálum. Helguvík væru viðbrögð Alþýðusambandsins við því að fólk er atvinnulaust í dag. Við höfum sett fram stefnu í atvinnu- og umhverfismálum, sagði Gylfi, sem í raun fellur vel að ákalli Hilmars um efnahagslegan stöðugleika og mikilvægi þess að virkja mannauðinn og þá þekkingu sem við búum yfir hér á landi. Næst vék Gylfi að velferðarmálunum. Hann vakti athygli á því sem fram kom í erindi Láru Björnsdóttur fyrir um morguninn að eitt fyrsta skrefið í þróun félagsþjónustu hér á landi var tekið með Alþýðutryggingunum 1936 en þau voru einmitt skrifuð á skrifstofu Alþýðusambandsins á sínum tíma. Uppbygging velferðarkerfisins er algerlega samofin baráttu Alþýðusambandsins og verkalýðshreyfingarinnar, sagði Gylfi. Við verðum að gæta að því áður en við ljúkum gerð kjarasamninga að bætur þeirra sem reiða sig á velferðakerfið hækki samhljóða okkar samningum. Loks blandaði Gylfi sér inn í umræðuna um skuldavanda heimilanna. Hann ítrekaði að það myndi ekki gerast á sinni vakt að menn tækju lífeyri landsmanna til að fara í jafna niðurfærslu á skuldum.

Stefanía Magnúsdóttir, VR/velferðar- og vinnumarkaðsmál.

Stefanía vakti athygli á að á sunnudaginn væru 35 ár liðin síðan tug-

Þúsundir kvenna lögðu niður vinnu um land allt, söfnuðust saman á fundum og hrópuðu „ÁFRAM STELPU“ . Hún varaði við þeirri hættu að árangri af áratuga baráttu fyrir jafnrétti yrði kastað á glæ í því þjóðfélagsástandi sem við búum við núna. Stefanía minnti á að eitt mikilvægasta framfaraskrefið, sem stigið hefði verið í jafnréttismálum, væri réttur foreldra í fæðingarorlofi. Sá réttur hefur því miður ítrekað verið skertur og tillögur liggja fyrir um enn frekari niðurskurð. Hún vakti einnig athygli á að allt of lítið hefði áunnist í að jafna launamun kynjanna. Þá væri boðaður mikill niðurskurður í heilbrigðis- og velferðarkerfinu. Ef niðurskurðurinn er óhjákvæmilegur, sagði hún, þá er brýnt að hann bitni ekki frekar á konum en körlum. Stefanía sagði að yfirskrift kvennafrídagsins að þessu sinni væri „Konur gegn kynferðisofbeldi“. Verkalýðshreyfingin fordæmdi kynbundið ofbeldi og áreiti á vinnustöðum. Hún lagði til að umræða um jafnréttismál yrðu tekin til umfjöllunar í þeirri málstofu ársfundarins, sem fjallaði um velferðar- og vinnumarkaðsmál, og að hún sendi frá sér ályktun í tilefni af 35 ára afmæli kvennafrídagsins.

Ragnar Þór Ingólfsson, VR/efnahags- og kjaramál.

Ragnar gerði lífeyrissjóðina að umtalsefni sínu. Hann sagði að þar væri víða pottur brotinn. Sjóðirnir hefðu veitt útrásarfyrirtækjum nánast ótakmarkaða lánafyrirgreiðslu án veða. Tryggingafræðileg staða þeirra væri skelfileg. Verðbætur fasteignalána væru notaðar til að breiða yfir þessa stöðu. Ragnar taldi að það væri yngra fólk, sem greiddi inn í sjóðina, sem hefði orðið fyrir þyngsta högginu vegna þessa. Hann sagði mikilvægt að hagræða í rekstri sjóðanna. Það mætti t.d. fækka þeim úr 37 í einn eða tvo. Hann lýsti yfir áhyggjum af því að lítill áhugi virtist vera á að breyta þessu kerfi. Ragnar talaði um þjóðarsátt. Hagsmunasamtök heimilanna berjast fyrir því að lífeyrissjóðirnir, verkalýðshreyfingin og ríkisstjórnin standi saman, sagði hann. Þau berjast fyrir því að lögð verði fram tillaga um leiðir sem við getum öll sætt okkur við. Hann nefndi sem dæmi að leggja mætti aukna skatta á fjármálafyrirtæki og aðra þá sem bera mesta ábyrgð á ástandinu. Hann nefndi líka þann möguleika að skattleggja séreignarsparnað. Ragnar skoraði á miðstjórn ASÍ að fara að hugsa út fyrir rammann og hugsa í lausnum líka. Það væri pláss fyrir fleiri skoðanir en bara eina í svona stóru félagi sem telur yfir hundrad þúsund féлага.

Fundarstjóri vísaði frekari umfjöllun um atvinnu-, umhverfis- og menntamál, efnahags- og kjaramál og velferðar- og vinnumarkaðsmál til nefnda.

Klukkan 15:00 var gengið til starfa í málstofum. Fundað var í nefnd um lagabreytingar, nefnd um atvinnu-, umhverfis- og menntamál, nefnd um efnahags- og kjaramál og nefnd um velferðar- og vinnumarkaðsmál.

Klukkan 18:00 var gert hlé á ársfundarstörfum.

Föstudagur 22. október

Fundi var fram haldið föstudaginn 22. október kl. 09:00 – fyrst með fram-

haldi á nefndarstarfi í málstofum en kl. 11:00 með sameiginlegri dagskrá í aðalfundarsal.

Fundarstjóri vakti athygli á að gengið yrði til kosninga eftir u.þ.b. hálftríma. Hún bað þá sem hyggðu á framboð að gefa sig fram við formann kjörnefndar, Stefaníu Magnúsdóttur.

Fundarstjóri minnti menn á að hafa tilbúin spjöldin sem notuð eru við atkvæðagreiðslu en án þeirra gætu þeir ekki greitt atkvæði.

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu um breytingar á kjörbréfum. Því næst bar hún tillöguna upp til atkvæða. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Lagabreytingar / 2. umræða og afgreiðsla

Kristján Gunnarsson, formaður skipulags- og starfsháttanefndar, gerði grein fyrir störfum í málstofu um lagabreytingar. Málstofan lagði til að frumvarp það sem kynnt var í fyrri umræðunni yrði samþykkt nánast óbreytt. Helstu breytingartillögurnar sneru að ákvæðum um ungliða, m.a. var lagt til að þeir hefðu atkvæðisrétt á sambandsþingum en ekki bara málfrelsi og tillögurétt eins og gert var ráð fyrir í upphaflega frumvarpinu. Einnig var lagt til að sett yrði inn í frumvarpið ákvæði um að ASÍ tæki þátt í ferðakostnaði aðildarfélaga vegna formannafunda.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, AFLi Starfsgreinafélagi, bað ársfundarfulltrúa um að íhuga það, þegar þeir greiddu atkvæði um þau ákvæði er fjölluðu um upptöku þings á tveggja ára fresti, hvort þeim þætti ekki full ástæða til að hittast aftur að ári eins og aðstæðurnar í þjóðfélaginu væru. Hún sagði ekki styðja þau ákvæði frumvarpsins er fjölluðu um breytingu á reglum um aðild að Albýðusambandinu. Hins vegar væri hún ánægð með ákvæðin um unga fólkið og formbindingu formannafunda. Hjördís óskaði eftir því að það færi fram leynileg skrifleg atkvæðagreiðsla um gr. 5 og 32 í frumvarpinu.

Finnbogi Sveinbjörnsson, Verkalýðsfélagi Vestfirðinga, lýsti yfir mikilli ánægju með að tekið hefði verið tillit til sjónarmiða hans um að ungliðar fengju fullan atkvæðisrétt á þingum.

Fundarstjóri vakti athygli á að ekki hefði komið fram nein breytingartillaga við tillögu málstofunnar. Hins vegar hefði komið fram ósk frá Hjördísi Þóru, sem taka þyrfti afstöðu til, um að fram færi leynileg atkvæðagreiðsla um tiltekna greinar í frumvarpinu. Eftir stutt hlé, meðan menn réðu ráðum sínum, tilkynnti fundarstjóri, að þar sem umræddar greinar héngu saman við frumvarpið í heild og ekki væri hægt að greiða leynilega atkvæði um tiltekna greinar væri eina leiðin til að verða við ósk þessari að fundurinn samþykkti afbrigði frá fundarsköpum, þ.e. heimilaði frestun á atkvæðagreiðslu svo að Hjördís gæti undirbúið heildstæða tillögu um þau atriði sem frumvarpið fjallaði um.

Fundarstjóri bar upp til atkvæða tillögu um að fundurinn samþykki slíkt afbrigði. Tillagan var felld með 112 atkvæðum gegn 83. Því næst bar fundarstjóri upp til atkvæða tillögu málstofu um breytingar á lögum ASÍ.

Eftirfarandi breytingar á lögum ASÍ voru samþykktar með 174 atkvæðum gegn 71:

„Í frumvarpi þessu eru gerðar tillögur um þrjár meginbreytingar.

Í fyrsta lagi er gerð tillaga um að aðild að ASÍ breytist á þann veg að aðild að landssambandi eða staða sem landsfélag verði ekki lengur skilyrði fyrir aðild að ASÍ.

Í öðru lagi er lagt til að í stað ársfunda komi æðsta stofnun ASÍ saman á þingum á tveggja ára fresti og að í tengslum við þing ASÍ komi saman sérstakt þing ungs launafólks í aðildarsamtökum ASÍ.

Í þriðja lagi er lagt til að fundur formanna aðildarfélaga ASÍ verði formgerður í lögum ASÍ og komi saman milli þinga.

1. gr.

Alls staðar í lögum, reglugerðum, leiðbeiningum, fundarsköpum og öðrum samþykktum, þar sem vísað er til ársfundar ASÍ, komi þing ASÍ eða sambandsþing.

2. gr.

Eftirfarandi ákvæði og kaflaheiti breytast sem hér segir auk þess sem inn komi nýr kafli um formannafundi:

3. grein

Hlutverk sambandsins er:

Að hafa forystu í stéttarbaráttu launafólks, koma fram fyrir hönd aðildarfélaga í sameiginlegum málum gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum, innanlands og á alþjóðavettvangi. Móta og samræma heildarstefnu samtakanna í atvinnu-, mennta-, umhverfis- og kjaramálum.

Að samræma og tryggja framkvæmd þjónustu aðildarfélaganna við félagsmenn þeirra.

Að standa að gerð kjarasamninga um sameiginleg mál sem aðildarsamtökin fela sambandinu skv. 9. gr.

Framkvæmdir í þessu skyni annast aðildarfélögin sjálf eða sambönd þeirra í umboði félaganna ásamt sambandsþingi, miðstjórn Alþýðusambandsins og formannafundi aðildarfélaga ASÍ.

5. grein

Aðild að Alþýðusambandi Íslands geta stéttarfélög átt beint eða í gegnum

sambönd stéttarféлага sem skipulögð eru í samræmi við samþykktir sambandsþinga og uppfylla þau skilyrði sem sett eru í lögum þessum.

Í lögum þessum merkir hugtakið aðildarsamtök öll félög einstakra sambanda og félög með beina aðild. Hugtakið aðildarfélag merkir öll félög einstakra sambanda og félög með beina aðild.

Aðildarumsókn sendist miðstjórn Alþýðusambands Íslands ásamt:

- a. Lögum viðkomandi aðildarsamtaka.
- b. Upplýsingum um hvenær aðildarsamtökin voru stofnuð.
- c. Upplýsingum um fjölda félagsmanna og/eða aðildarféлага.
- d. Yfirlýsingu um að aðildarfélagið eða sérhvert aðildarfélag sambandsins muni fylgja lögum Alþýðusambandsins.

Verði aðild aðildarsamtaka í ósamræmi við ákvæði 1. mgr. skal miðstjórn sambandsins hlutast til um að úr verði bætt og getur, ef þörf krefur, beitt í þessu skyni heimildum sínum skv. 11. gr.

Heimilt er aðildarsamtökum ASÍ að mynda með sér svæðasambönd eða verkefnabundin félög eða samtök sem setja sér sjálf starfsreglur. Aðild að svæðasambandi eða verkefnabundnum félögum eða samtökum hefur á engan hátt áhrif á skyldur þeirra eða réttindi gagnvart ASÍ.

XI. grein

Í tengslum við reglulegt þing ASÍ komi saman sérstakt þing ungs launafólks í aðildarfélagum ASÍ (ASÍ-UL). Rétt til setu eigi einn fulltrúi hvers aðildarfélags ASÍ á aldrinum 18–35 ára. Þingið kys sér núu manna stjórn sem skiptir sjálf með sér verkum, stýrir þingum ASÍ-UL og samræmir störf ungs launafólks í aðildarfélagum ASÍ á milli þinga. Stjórn ASÍ-UL á rétt til setu á sambandsþingi ASÍ með fullum réttindum. Formaður ASÍ-UL á seturétt á formannafundum ASÍ með fullum réttindum. ASÍ ber kostnað af þingum ASÍ-UL með sama hætti og það ber kostnað af sambandsþingum ASÍ.

20. grein

Sambandsþing skal halda annað hvert ár, fyrir lok októbermánaðar, og ákveður miðstjórn þingstað og þingtíma.

V. kafli

Fulltrúakjör og atkvæðavægi

29. grein

Aðildarfélagum ASÍ er skylt að láta fara fram kosningu fulltrúa á sambandsþing og varamanna þeirra úr hópi féлага sinna. Heimilt er samböndum að kjósa fulltrúa aðildarféлага sinna sameiginlega.

Seturétt á sambandsþingi eiga samtals 290 þingfulltrúar, sbr. þó 4. mgr.,

og skal þeim skipt milli aðildarfélaga með beina aðild og sambanda í hlutfalli við fjölda félagsmanna þeirra skv. 6. mgr.

Miðstjórn ákveður við hvaða dagsetningu lokaskil skulu hafa átt sér stað, sbr. 30. gr., og hvenær tilkynna skuli aðildarsamtökunum um fjölda þeirra fulltrúa sem hvert og eitt á rétt til. Skrifstofa ASÍ gerir tillögu að úthlutun þingfulltrúa, þegar í stað eftir að frestur til lokaskila er liðinn, og leggur fyrir skipulags- og starfsháttanefnd sem skal innan þriggja virkra daga staðfesta endanlega úthlutun þingfulltrúa.

Samböndin skulu skipta þingfulltrúum milli aðildarfélaga sinna eftir reglum sem þau sjálf ákveða en leitast skal við að láta fulltrúafjölda endurspegla stærð og vægi aðildarfélaga og deilda. Komi sú staða upp að eitthvert aðildarfélag fái engan þingfulltrúa er miðstjórn ASÍ heimilt að fjölga þingfulltrúum og úthluta því félagi einn fulltrúa með fullum réttindum á sambandsþinginu. Að auki skal miðstjórn úthluta ASÍ-UL nú þingfulltrúum sbr. (x) grein.

Aðildarsamtökin hafa ekki rétt til að senda fulltrúa til sambandsþings umfram það sem að framan greinir. Atkvæðisréttur fulltrúa, sem ekki eru tilnefndir eða mæta ekki til sambandsþings, fellur niður.

Fulltrúafjöldi miðast við fjölda félagsmanna samkvæmt eftirfarandi reglu, auk félagsmanna sem njóta gjaldfrelsis samkvæmt lögum félagsins en fjöldi þeirra skal veginn með sama hætti og greiddandi félaga: Félagsmannafjöldi hvers sambands eða félags með beina aðild, í skilningi laga þessara, reiknast sem fjöldi reiknaðra ársverka félagsmanna eins og þau voru næstliðið ár. Með ársverkum er átt við þann reiknaða fjölda sem stendur á bak við innheimt iðgjöld til félaga og deilda innan sambanda eða félaga með beina aðild miðað við að um sé að ræða félagsmann í fullu starfi allt árið á samningssviði Alþýðusambands Íslands. Heildarfjöldi ársverka skal finna með því að deila meðalársiðgjaldi innan ASÍ í umreiknaðar iðgjaldatekjur skv. 2. mgr. 34. gr. Meðalársiðgjald telst vera 1% af meðalárstekjum innan ASÍ skv. upplýsingum Kjararannsóknarnefndar fyrir næstliðið ár. Með gjaldfrjálsum félagsmönnum er átt við félagsmenn, sem náð hafa þeim aldri að félagsgjöld þeirra eru endurgreidd skv. reglum aðildarfélagsins, og þann hóp fyrrverandi félagsmanna sem horfið hafa af vinnumarkaði en óska eftir áframhaldandi aðild með þeim réttindum og skyldum sem lög félagsins ákveða.

32. grein

Miðstjórn stjórnar daglegri starfsemi Alþýðusambandsins í samræmi við lög þess og samþykktir sambandsþinga.

Miðstjórn ber ábyrgð á allri starfsemi Alþýðusambandsins og stofnana þess og fyrirtækja á vegum þeirra. Í þessu felst að miðstjórn getur gripið inn í slíka starfsemi þegar hún telur þörf á.

Miðstjórn er heimilt að fela vinnunefndum að fara með dagleg verkefni Alþýðusambandsins í tilteknum málum.

Miðstjórn skal kosin til tveggja ára í senn þannig að á sambandsþingi skulu forseti og varaforseti kosnir sérstaklega og þrettán meðstjórnendur. Þessir mynda miðstjórn Alþýðusambands Íslands.

Auk þess skal kjósa ellefu varamenn.

Við kjör miðstjórnar skal leitast við að kjósa fulltrúa ólíkra atvinnugreina og að hlutdeild karla og kvenna verði sem jöfnust.

Enginn er löglega kosinn í miðstjórn nema hann fái a.m.k. helming greiddra atkvæða.

Forfallist forseti eða varaforseti svo að þeir geti ekki gegnt störfum sínum skal miðstjórn þegar koma saman til fundar og kjósa varaforseta úr hópi miðstjórnarmanna.

Miðstjórn hefur æðsta vald í öllum málefnum Alþýðusambandsins á milli sambandsþinga nema lög þessi geymi ákvæði um annað og ber aðildarsamtökum ASÍ og hverjum þeim, sem trúnaðarstarfi gegnir fyrir sambandið, að hlýða fyrirmælum hennar og úrskurðum en rétt hafa aðilar til að skjóta ágreiningsmálum sínum við miðstjórn til sambandsþings sem þá fellir fullnaðarúrskurð um þau.

Miðstjórn setur reglur um starfsemi einstakra deilda og stofnana sem reknar eru á vegum heildarsamtakanna.

Miðstjórn setur með reglugerð fyrirmæli um undirbúning og framkvæmd allsherjaratkvæðagreiðslu. Skal reglugerðin vera þannig sniðin að eftir henni megi fara við kjör fulltrúa á þing ASÍ, kjör fulltrúa á þing aðildarsamtaka og við stjórnar- og trúnaðarmannaráðskosningar í verkalýðsfélögunum.

Reglugerðin skal gilda fyrir öll aðildarsamtök ASÍ og deildir þeirra.

Nýr kafli um formannafundi

VII. kafli

Formannafundir

X2. grein

Formannafundir aðildarfélaga ASÍ eru vettvangur stefnumótunar ASÍ og samráðs aðildarfélaga ASÍ milli sambandsþinga.

Formannafundur skal kallaður saman að hausti það ár sem sambandsþing eru ekki haldin og ákveður miðstjórn fundarstað og fundartíma og eru fundir lögmatir ef löglega er til þeirra boðað.

Slíkan formannafundur skal boða bréflega með minnst þriggja vikna fyrirvara en heimilt er að stytta þann tíma við sérstakar aðstæður.

X3. grein

Á formannafundum eiga sæti formenn allra aðildarfélaga ASÍ, formenn aðildardeilda einstakra sambanda, forseti og varaforseti ASÍ, þeir miðstjórnarmenn (aðal- og varamenn) sem ekki eru formenn aðildarfélaga eða aðildardeilda auk formanns ASÍ–UL sbr. gr.(x).

Félög, sem hafa ekki starfað á tímabilinu milli sambandsþings og formannafundar, hafa ekki sent skýrslu skv. 2. mgr. 40. gr., reikninga skv. 3. mgr. 40. gr. eða hafa vanrækt skattgreiðslur skv. VIII. kafla, eiga ekki rétt á fulltrúum.

ASÍ skal standa straum af lágmarksendurgreiðslu vegna ferðakostnaðar, sem einstök aðildarfélög verða fyrir, samkvæmt reglum sem miðstjórn samþykkir.

X4. grein

Álit og ályktanir í stórmálum, er miðstjórn ætlar að leggja fyrir formannafund, skal senda aðildarsamtökunum eigi síðar en hálfum mánuði fyrir fundinn nema sérstakar ástæður hamli.

Mál þau og tillögur sem einstök aðildarfélög óska að tekin verði fyrir á formannafundi, skal senda miðstjórn þremur vikum fyrir formannafund og skal miðstjórn leggja mál þau og tillögur fyrir fundinn ásamt umsögn sinni.

X5. grein

Formannafundum skal stjórnað eftir því sem við á skv. fundarsköpum ASÍ eins og þau eru á hverjum tíma.

Fundarstjórn er í höndum forseta ASÍ.

X6. grein

Formenn aðildarfélaga og deilda sambandanna fara með atkvæðisrétt á formannafundum í samræmi við úthlutaðan fjölda fulltrúa hvers um sig á næstliðnu sambandsþingi. Í fjarveru þeirra fara varaformenn aðildarfélaga og deilda sambandanna með atkvæðisrétt á formannafundum. Miðstjórnarmenn (aðal- og varamenn), sem ekki eru jafnframt formenn aðildarfélaga eða deilda sambanda, fara með eitt atkvæði hver sem og formaður ASÍ–UL.

Til þess að tillaga teljist samþykkt á formannafundi þarf hún að hljóta einfaldan meirihluta atkvæða skv. 1. mgr. og meirihluta þeirra formanna sem fundinn sækja.

Miðstjórn, eða minnst 10 fulltrúar, geta krafist leynilegrar atkvæðagreiðslu um mál.

X7. grein

Miðstjórn getur kvatt saman formannafundi þegar mjög mikilvæg eða óvænt mál ber að höndum.

Miðstjórn er skylt að kalla saman formannafund, ef meirihluti aðildarfélaganna innan Alþýðusambandsins eða aðildarsamtök með a.m.k. 1/5 hluta af heildarfélagsmannatölu ASÍ krefjast þess skriflega, og greina það eða þau málefni er leggja á fyrir aukafundinn. Skal aukafundurinn kallaður saman með eins skömmum fyrirvara og aðstæður frekast leyfa.

34. grein

Sambönd og félög með beina aðild greiða árlega skatt til ASÍ og stofnana þess. Hvert samband skal ákveða með hvaða hætti það innheimtir skatta hjá félögum og deildum innan sinna vébanda.

Árlegur skattur reiknast sem 7,4% af samanlögðum iðgjaldatekjum félagssjóðs félaga og deilda innan hvers sambands eða félags með beina aðild vegna næstliðins almanaksárs. Miða skal við umreiknaðar iðgjaldatekjur þannig að þær jafngildi því að aðildarfélög einstakra sambanda og félög með beina aðild innheimti 1% iðgjöld af heildartekjum til félagssjóðs. Við skiptingu iðgjaldatekna milli einstakra deilda deildaskiptra stéttarféлага, sem eiga aðild að fleiri en einu sambandi, skal stuðst við endurskoðaða sundurliðun þeirra í ársreikningi, liggja slík skipting fyrir, en ella skal skipta iðgjaldatekjunum hlutfallslega milli deilda samkvæmt upplýsingum um fjölda gjaldskyldra einstaklinga.

Frá reiknuðum skatti skv. 2. mgr. skal draga frá sérstakan skattafrádrátt, sem skal vera kr. 3.650.000,- fyrir hvert samband. Sérstakur skattafrádráttur félaga með beina aðild skal vera kr. 182.000,- fyrir hvert félag með færri en 500 félagsmenn, kr. 365.000,- fyrir hvert félag með fleiri en 500 og færri en 1.000 félagsmenn og kr. 550.000,- fyrir hvert félag með fleiri en 1.000 félagsmenn. Með félagsmönnum er hér átt við reiknaðan fjölda félagsmanna skv. 6. mgr. 29. gr.

Prátt fyrir ákvæði 2. mgr. að teknu tilliti til 3. mgr. skal ekkert samband eða félag með beina aðild greiða lægri skatt en sem nemur 5,7% af umreiknuðum iðgjaldatekjum eins og þær eru skilgreindar í 2. mgr.

Skrifstofa ASÍ leggur á og innheimtir skatta til ASÍ og stofnana þess hjá samböndum og félögum með beina aðild. Endanleg álagning fer fram á 4. ársfjórðungi hvers árs og skal hún kynnt með sérstökum álagningarseðli. Á álagningarseðli skal tilgreina endanlega álagningu skatta til ASÍ og stofnana þess, þær forsendur sem álagningin byggir á, s.s. skattprósentu skv. 2. mgr., iðgjaldatekjur og umreiknaðar iðgjaldatekjur skv. 2. mgr., lágmarksskattprósentu skv. 4. mgr., upphæð skattafrádráttar skv. 3. mgr. og greiðslustöðu.

Endanlega álagðan skatt að teknu tilliti til innborgana skal greiða á gjalddaga síðasta ársfjórðungs.

Skrifstofa ASÍ skal fjalla um ábendingar og athugasemdir sambanda, einstakra aðildarféлага þeirra og féлага með beina aðild vegna álagningarinnar og leiðrétt mistök eða villur sem kunna að hafa orðið. Rísi ágreiningur um hvort leiðrétt skuli eða telji einhver framanritaðra á sig hallað við álagninguna er heimilt að skjóta þeim ágreiningi til miðstjórnar ASÍ sem að fengnum athugasemdum kæranda og skrifstofu ASÍ kveður upp úrskurð sinn svo fljótt sem verða má.

Við álagningu skatta vegna þeirra sem ekki hafa skilað inn ársreikningi skv. 3. mgr. 40. gr. fyrir næstliðið ár skal nota áætlun. Áætlunin skal byggð á upplýsingum um iðgjaldatekjur næsta árs á undan. Ofan á þessar iðgjaldatekjur skal bæta þeim breytingum sem orðið hafa á reglulegum launum félagsmanna innan ASÍ skv. upplýsingum Hagstofunnar miðað við 2. ársfjórðung álagningarárs að viðbættu 10% álagi.

Sé ársreikningi skv. 3. mgr. 40. gr. skilað, eftir að skattur hefur verið áætlaður á félagið skv. 7. mgr. en fyrir árslok álagningarárs, skal endurskoða áætlunina og leggja á skatta með venjulegum hætti. Eftir það telst sú álagning endanleg.

Skrifstofa ASÍ skal láta samböndunum í té leiðbeinandi upplýsingar um skattbyrði einstakra féлага og deilda skv. skattkerfi ASÍ og stofnana þess.

3.gr.

Þingnúmer

Fyrsta þing ASÍ eftir gildistöku þessara laga verði 40. þing ASÍ.

4.gr.

Kosningar á ársfundi 2010

Kjörtímabil þeirra aðal- og varamanna í miðstjórn ASÍ. sem kjörnir voru til 2 ára á ársfundi ASÍ 2009. sem og aðal- og varaskoðunarmanna styttist um eitt ár og lýkur á ársfundi 2010 og skal kjörið í þeirra stað á ársfundi 2010 til tveggja ára.

5.gr.

Gildistaka

44. grein

Lög þessi, eins og þeim var síðast breytt á ársfundi 2010, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eldri lög Alþýðusambands Íslands.“

Kjör forseta ASÍ

Stefanía Magnúsdóttir, formaður kjörnefndar, gerði grein fyrir tilnefningum til starfs forseta ASÍ. Kjörnefnd tilnefndi Gylfa Arnbjörnsson, VR. Einn annar var tilnefndur, Guðrún Jóhanna Ólafsdóttur, VR.

Fundarstjóri gaf frambjóðendum tækifæri til að kynna sig og áherslumál sín.

Að kynningu lokinni var gengið til kosninga.

Skýrsla forseta ASÍ

Gylfi Arnbjörnsson fylgdi skýrslu forseta úr hlaði.

Í máli Gylfa kom fram að árið hefði verið annasamt á skrifstofu Albýðusambandsins þar sem glíman við afleiðingar kreppunnar hefði verið í fyrirrúmi. Strax í kjölfar ársfundar 2009 hófst vinna við lokaendurskoðun kjarasamninganna frá 2008. Áhersla var lögð á að tryggja framgang umsaminnna hækkana. Þetta tókst á endanum þó að launahækkanir hafi vissulega komið inn með seinkunum. Gylfi rifjaði upp að í byrjun árs 2010 stóð skipulags- og starfsháttanefnd ASÍ fyrir miklum fundahöldum með stjórnnum og trúnaðarráðum aðildarfélaganna Albýðusambandsins um skipulag sambandsins og verkefni. Hann rifjaði einnig upp að lífeyrisnefnd ASÍ stóð fyrir tveggja daga vinnufundi á Selfossi í febrúar þar sem farið var yfir stefnu samtakanna í lífeyrismálum. Gylfi fór ekki í grafögður með að samskiptin við ríkisstjórnina hefðu verið stíð. Sem dæmi minnti hann á tillögu félagsmálaráðherra sem fól í sér, ef hún hefði náð fram að ganga, verulegar takmarkanir á aðkomu ASÍ að lykilverkefnum á sviði vinnumarkaðsmála. Hann tiltók einnig slælega frammistöðu stjórnvalda í atvinnumálum. Það sem honum þótti sýnu verst var að innan ríkisstjórnar og á Alþingi væru einstaklingar „sem vinna kerfisbundið gegn því að þeir félagar okkar, sem starfa í fyrirtækjum utan samningssviðs Samtaka atvinnulífsins, njóti réttinda til starfsendurhæfingar með því hindra lagasetningu um greiðsluskyldu“. Gylfi fór yfir það hvernig þessi stíðu samskipti leiddu að lokum til þess að leiðir skildu við ríkisstjórnina. Hann sagði frá fundaherferð sinni í haust. Hann hefði hitt stjórnir allra aðildarfélaganna á óformlegum fundum. Þar hafi m.a. verið fjallað um skipulagsmálin og stöðuna í framkvæmd stöðugleikisáttmálans. Næst fjallaði Gylfi um menntastarfið á vettvangi ASÍ. Hann fagnaði því sérstaklega hve úrræðagóðar og fljótar bæði Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Mímir – símenntun hefðu verið eftir að kreppan skall á og staðið fyrir þróttmiklu námskeiðahaldi. Gylfi vék að stöðu Listasafns ASÍ. Safnið hefði vaxið og dafnað á undanförunum árum en nú væru blíkur á lofti. Samdrátturinn í efnahagslífinu hefði leitt til minni tekna af sýningum en áður. Þar að auki hefðu

stjórnvöld skert verulega framlögin til safnsins. Að lokum fjallaði Gylfi um þá nýbreytni í starfi aðildarfélaga ASÍ sem fælist í starfi ráðgjafa sjúkrasjóðanna og starfsemi Starfsendurhæfingarsjóðs.

Reikningar ASÍ og stofnana

Ólafur Darri Andrason gerði grein fyrir ársreikningi ASÍ og stofnana.

Ólafur Darri gerði grein fyrir formlegri afgreiðslu miðstjórnar og endurskoðenda á reikningum ASÍ og stofnana fyrir árið 2009. Því næst fór hann yfir rekstrartekjur samstæðunnar í heild en þær jukust um 80 milljónir króna – aðallega vegna aukins umfangs í starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Svipað væri að segja með rekstrargjöldin, þau jukust nokkurn veginn jafn mikið. Útkoma ársins, áður en tekið er tillit til fjármagnsliða, var hagstæð um 43 milljónir kr. Eftir að búið er að taka tillit til fjármagnsliðanna er útkoman heldur slakari en samt jákvæð um 17 milljónir kr. Vegna jákvæðra breytinga á lífeyrisskuldbindingum milli ára var afkoman í heild jákvæð um 22 milljónir kr. samanborið við neikvæða afkomu upp á 48 milljónir kr. árið áður. Í máli Ólafs Darra kom fram að eignir hefðu aukist um tæpar 100 milljónir kr. á síðasta ári, skuldir um tæpar 70 milljónir kr. og eigið fé um tæpar 30 milljónir kr. Um reikningana að öðru leyti vísaði Ólafur Darri til skýrslu forseta þar sem þeir eru birtir.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Vilhjalmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness, sagðist hafa tekið eftir því í ársreikningunum að lífeyrisskuldbindingar ASÍ væru í kringum 150 milljónir. Í því ljósi óskaði hann eftir að fá að vita hvort það væru einhver önnur lífeyrisréttindi sem starfsmenn Alþýðusambandsins nytu fremur en aðrir launamenn.

Gylfi Arnbjörnsson, VR, svaraði spurningu Vilhjálms og sagði að í dag væri enginn munur á lífeyrisréttindum starfsfólks ASÍ og annars launfólks á almennum vinnumarkaði. Hér á árum áður hefði svo hins vegar verið, þ.e. forystumenn sambandsins voru gjarnan með réttindi í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Því hafi hins vegar verið hætt árið 1989 og allir starfsmenn sambandsins þá færðir yfir í þann sjóð sem fellur undir þeirra samningssvið.

Fundarstjóri bar upp til atkvæða skýrslu forseta og reikninga ASÍ. Hvortveggja var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri gerði grein fyrir úrslitum kjörs til forseta ASÍ. Gylfi Arnbjörnsson hlaut 73% greiddra atkvæða en Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir 27%. Gylfi var því rétt kjörinn til starfsins.

Gylfi Arnbjörnsson þakkaði ársfundarfulltrúum það traust sem þeir sýndu honum.

Klukkan 12:50 var gert hádegishlé.

Klukkan 13:45 var fundi fram haldið.

Kjör varaforseta ASÍ

Stefanía Magnúsdóttir, formaður kjörnefndar, gerði grein fyrir tilnefningum til starfs varaforseta ASÍ. Kjörnefnd tilnefndi Signýju Jóhannesdóttur, Stéttarfélagi Vesturlands. Einn annar var tilnefndur, Guðrún Jóhanna Ólafsdóttur, VR.

Fundarstjóri gaf frambjóðendum tækifæri til að kynna sig og áherslumál sín.

Að kynningum loknum var gengið til kosninga. Meðan talning atkvæða fór fram var hefðbundnum ársfundarstörfum haldið áfram.

Efnahags- og kjaramál / 2. umræða og afgreiðsla

Sigurður Bessason, Eflingu-stéttarfélagi, kynnti drög að ályktun ársfundar ASÍ um efnahags- og kjaramál. Um leið og Sigurður þakkaði öllum, sem komu að vinnunni, sagði hann að mikill einhugur hefði verið innan hópsins og drög að ályktun, sem hér væri kynnt, hefði verið samþykkt með einu mót-atkvæði í lok hópavinnunnar. Hann lagði áherslu á að drögin að ályktuninni um efnahags- og kjaramál væru ekki kröfur aðildarfélaganna heldur víðtækar áherslur Alþýðusambandsins.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness, sagðist vera sammála flestum atriðum ályktunarinnar en hann gæti ekki verið sammála tillögunni um samræmda launastefnu aðildarfélaganna þar sem það færi gegn kröfugerð Verkalýðsfélags Akraness. Í þeirri kröfugerð hefði verið samþykkt að sækja launahækkanir sérstaklega til útflutningsgreinanna. Hann telur að það verði erfitt að sækja kjarabætur fyrir opinbera starfsmenn; því eigi samræmd launastefnu, sem felur í sér almennar launahækkanir, ekki við í þessum aðstæðum. Hann lýsti yfir þeirri skoðun sinni að nýta eigi tækifærið nú til að fara í þjóðarsátt um stórhækkun lágmarkslauna og taka á þeim forsendubresti sem íslensk heimili hafa orðið fyrir.

Guðmundur Gunnarsson, Félagi íslenskra rafvirkja, benti á að í tveimur síðustu kjarasamningum hefði verið áhersla á að hækka lægstu launin og því hefði innan hans hóps verið mörkuð sú stefna að leggja meiri áherslu á millitekjuhópana en áður. Guðmundur varaði við því að ársfundurinn færi fram úr sjálfum sér og færi að álykta um ýmis kjaramál sem ekki væru á verksviði hans. Guðmundur gerði að umtalsefni lýðskrum í samfélaginu og mæltist

til þess að menn gæfu ekki innistæðulaus loforð heldur að menn settu fram raunhæfar kröfur.

Gylfi Arnbjörnsson, VR, benti á að mikilvægt væri að hafa í huga að þegar kjaramálf væru til umræðu á ársfundi ASÍ þá væri verið að ræða hvatningu og áskorun til aðildarfélaganna. Hann lagði áherslu á að kjarasamningsrétturinn væri ekki hjá ASÍ, að stéttarfélögin fara sjálf með sín mál og þannig ætti það að vera. Gylfi benti á að í umræðunni deginum áður hefði verið samhljómur um að beina því til aðildarfélaganna að samræma mótun kröfugerðar. Ályktunin bindi engin félög, félögin tækju eigin ákvarðanir, sagði hann að lokum.

Finnbjörn A. Hermannsson, Fagfélaginu, sagði að áherslan á samstöðu í komandi kjarasamningum hefði verið áberandi í hópavinnunni. Hann benti á ástandið í samfélaginu sem lýsti sér í hlutfalli atvinnulausra, heilbrigðiskerfi, sem væri komið á hliðina, og hinum mikla niðurskurði í komandi fjárlögum. Hann lýsti yfir þeirri skoðun sinni að það væri mikilvægt að taka tillit til þeirra sem teldu sig hafa ákveðið svigrúm til að sækja meiri launahækkanir í ákveðnum starfsgreinum og eins þeirra sem teldu sig þurfa sérstaka breytingu. Finnbogi sagði að m.a. hefði komið fram hugmynd í hópnun, sem hann var í, að gera fyrirtækin ábyrgari fyrir launabróun í sínum fyrirtækjum. Að lokum kallaði Finnbjörn eftir samstöðu og ítrekaði að með þessari ályktun væri ekki verið að taka samningsumboðið frá einstökum stéttarfélögum.

Guðbrandur Einarsson, Verslunarmannafélagi Suðurnesja, lagði til orðalagsbreytingu: Í staðinn fyrir að segja „efla atvinnustigið“, þá stæði „fjölgja störfum“. Hann lýsti því yfir að sér þætti erfitt að hlusta á trommusláttinn fyrir utan ársfundarsalinn og að verkalýðshreyfingin sæti undir ámælum fyrir að hafa ekki staðið vörð um hagsmuni almennings. Hann teldi að verkalýðshreyfingin væri það afl sem gæti unnið að framgangi mála fyrir alþýðu landsins og efaðist ekki um vilja hennar til þess. Til þess að verkalýðshreyfingin komi heil út úr þessum erfiðu tímum þarf samstöðu innan okkar raða, sagði Guðbrandur að lokum.

Þorsteinn Gunnarsson, Matvís, lýsti yfir ánægju með vinnufyrirkomulag ársfundarins og þá samstöðu sem var í umræðunni um mikilvægi þess að fara samhent í gengum þetta erfiða tímabil sem fram undan er. Þorsteinn lýsti því yfir að það væri rétt að ASÍ þyrfti að vinna sér traust úti í samfélaginu en við ættum að byrja á því að bera virðingu hvert fyrir öðru innan hreyfingarinnar. Þá fyrst geti hreyfingin farið að vinna traust almennings.

Ragnar Þór Ingólfsson, VR sagði að hér töluðu menn um lýðskrum en hann spyrði um leið hver væri hin raunverulega ástæða fyrir stöðu lífeyris-sjóðanna í dag og af hverju þeir gætu ekki komið til móts við skuldavanda heimilanna. Hann lýsti þeirri skoðun sinni að sjóðirnir hefðu verið rændir innan frá af útrásarvíkingum, þegar sjóðirnir voru undir stjórn verkalýðshreyf-

ingarinnar og annarra aðila vinnumarkaðarins. Ragnar Þór taldi að krafan um almenna skuldaniðurfellingu væri raunhæf og farsæl til framtíðar. Hann taldi það óábyrgt af forystu verkalýðshreyfingarinnar að vísa á bug hugmyndum að lausnum og að nauðsynlegt væri að gera lífeyrissjóðakerfið skilvirkara en það er í dag. Ragnar Þór sagði að lokum að hreyfingin þyrfti að fara í sjálfsskoðun og horfa framan í almenning sem mótmælti aðgerðarleysinu.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness, sagði að það væri augljóst að sumir teldu hann lýðskrumara. Í framhaldi gerði hann grein fyrir nokkrum áherslum sínum og spurði hvort það væri lýðskrum. Hann nefndi að hann hefði náð fram meiri launahækkunum gagnvart útflutningsfyrirtækjum heldur en stöðugleikasáttmálinn kvað á um. Hann benti á gagnrýni sína á forseta ASÍ fyrir að standa með fjármagnseigendum en ekki skuldsettum heimilum í nefndinni sem skoðaði afleiðingar verðtryggingar á skuldsett heimili í kjölfar efnahagsbrunsins. Að lokum lýsti Vilhjálmur því yfir að það væri svigrúm hjá lífeyrissjóðunum til að koma til móts við skuldsett heimili.

Sigurður Bessason, Eflingu-stéttarfélagi, sagði að aðeins ein breytingartillaga hefði komið fram og það væri orðalagsbreyting en ekki efnisleg breyting. Hann ítrekaði einnig að ályktunin hindraði ekki félög í að fara ein í kjarasamningaviðræður en að það hefði verið einhugur hjá hópnum að hvetja til samvinnu og samstöðu við að takast á við hinn mikla vanda sem verkalýðshreyfingin stæði frammi fyrir. Að lokum sagðist Sigurður túlka trumbusláttinn fyrir utan ársfundarsalinn sem ákall á lausnir, ákall á leiðir úr þeirri úlfakreppu sem íslenskt samfélagi stæði frammi fyrir.

Fundarstjóri bar ályktunina upp til atkvæða.

Eftirfarandi ályktun um efnahags- og kjaramál var samþykkt með 3 mótatkvæðum.

„Íslenska þjóðin hefur orðið fyrir efnahagslegu áfalli. Frá því að bankarnir féllu í október 2008 hefur ein króna af hverjum tíu tapast út úr verðmætasköpun þjóðarþúsins. Heimilin eru í sárum, kaupmáttur hefur hrapað, atvinnuleysi er meira en við höfum þekkt á lýðveldistímanum og skuldir hafa hækkað mikið. Þetta er afleiðing óábyrgrar hagstjórnar og áralangs óstöðugleika.

Ársfundur ASÍ krefst þess að íslenskum heimilum og fyrirtækjum verði tryggður sami efnahagslegi stöðugleiki og er í þeim löndum sem best standa og við viljum bera okkur saman við. Forsendur þess eru traustur og stöðugur gjaldmiðill, ábyrg hagstjórn og traust. Þá gerir fundurinn kröfu um gegnsæi og siðvæðingu á öllum sviðum samfélagsins.

Það er forgangsverkefni að vinna bug á atvinnuleysinu og að almennt launafólk endurheimti fyrri lífskjör. Til þess verðum við að auka verðmætasköpun þjóðarbúsins með því að nýta þau fjölmörgu tækifæri sem til staðar eru. Ísland er í fararbroddi í vistvænni orkunýtingu, hér er mikill mannaúður og velferðar- og menntakerfi sem hjálpar okkur að takast á við erfiðleika. Þá er mikilvægt að ýta undir nýsköpun, styðja við sprotafyrirtæki, auðvelda erlenda fjárfestingu, auka fullvinnslu innanlands og bæta markaðssetningu erlendis á afurðum, þjónustu og hugviti.

Ársfundur ASÍ beinir því til aðildarfélaganna að sameinast um samræmda launastefnu sem feli í sér almennar launahækkanir og jöfnun kjara. Þá krefst fundurinn þess að kaupmáttur launafólks vaxi í komandi kjarasamningum og að staðið verði við gefin loforð um hækkun persónuafsláttar. Fundurinn telur mikilvægt að efnt verði til viðtæks samstarfs og samvinnu stjórnvalda, stjórnarandstöðu, atvinnurekenda og stéttarféлага á almennum og opinberum vinnumarkaði um það verkefni að auka kaupmáttinn og fjölga störfum. Forsendan fyrir slíkri viðtækri sátt og samvinnu er að lífeyrisréttindi allra landsmanna verði jöfnuð og að byggt verði upp traust milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda.

Áherslur ASÍ:

Efnahagsmál

ASÍ gerir kröfu til að íslenskum heimilum og fyrirtækjum verð tryggður efnahagslegur stöðugleiki eins og er í þeim löndum sem best standa og við viljum bera okkur saman við.

- Forsendur stöðugleika eru:
 - Traustur og stöðugur gjaldmiðill.
 - Ábyrg hagstjórn.
 - Traust og trúverðugleiki.

ASÍ telur mikilvægt að takast á við aðsteðjandi vanda með því að efla verðmætasköpun.

- Efla nýsköpun, styðja við sprotafyrirtæki og auðvelda erlenda fjárfestingu.
- Auka fullvinnslu innanlands og markaðssetningu erlendis á afurðum, þjónustu og hugviti.

ASÍ gerir kröfu um gegnsæi og siðvæðingu í íslensku samfélagi.

Kjaramál

ASÍ telur mikilvægt að efnt verði til viðtæks samstarfs og samvinnu stjórnvalda, stjórnarandstöðu, atvinnurekenda og stéttarféлага á almennum

og opinberum vinnumarkaði við það verkefni að fjölga störfum og auka og tryggja kaupmátt launafólks.

- Forsendan fyrir víðtækri sátt og samvinnu er:
- Að traust ríki milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda.
- Að samstaða náist um samræmda launastefnu sem feli í sér almennar launahækkningar og jöfnun kjara.

Að líffeyrisréttindi allra landsmanna verði jöfnuð.

ASÍ krefst þess að staðið verði við gefin loforð um hækkun persónuafsláttar.

ASÍ bendir á að samningstími ráðist af innihaldi kjarasamninga, trausti og forsenduákvæðum.“

Fundarstjóri gerði grein fyrir úrslitum kjörs til varaforseta ASÍ. Signý Jóhannesdóttir hlaut 64% greiddra atkvæða en Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir 36%. Signý var því rétt kjörin til starfsins.

Signý Jóhannesdóttir þakkaði ársfundarfulltrúum það traust, sem henni var sýnt, og sagðist ætla að standa undir því og vinna af heilindum fyrir íslenskt verkafólk.

Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir þakkaði ársfundarfulltrúum fyrir stuðninginn, sem hún fékk, en sagði einnig að hún væri ekki hætt!

Klukkan 14:55 birtist Jóhannes Kristjánsson eftirherma og skemmti ársfundarmönnum.

Klukkan 15:30 var hefðbundnum ársfundarstörfum fram haldið.

Kosningar

Stefanía Magnúsdóttir, formaður kjörnefndar, gerði grein fyrir tilnefningum á aðalmönnum til setu í miðstjórn ASÍ til 2012. Engar aðrar tilnefningar komu fram og töldust eftirfarandi því rétt kjörnir:

Ingbjörg R. Guðmundsdóttir, VR; Kristinn Örn Jóhannesson, VR; Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Félagi verslunar- og skrifstofufólks, Akureyri; Kristín M. Björnsdóttir, VR; Óskar Kristjánsson, VR; Kristján Gunnarsson, Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur og nágrennis; Björn Snæbjörnsson, Einingu-Iðju, Sigurður Bessason, Eflingu-stéttarfélagi; Sigurros Kristinsdóttir, Eflingu-stéttarfélagi; Guðmundur Gunnarsson, Félagi íslenskra rafvirkja; Finnbjörn A. Hermannsson, Fagfélaginu; Sævar Gunnarsson, Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur; Guðmundur Ragnarsson, Félagi vélstjóra og málmtæknimanna.

Stefanía Magnúsdóttir gerði grein fyrir tilnefningum á varamönnum til setu í miðstjórn ASÍ til 2010. Engar aðrar tilnefningar komu fram og töldust eftirfarandi því rétt kjörnir:

Stefanía Magnúsdóttir, VR; Guðbrandur Einarsson, Verslunarmannafélagi Suðurnesja; Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, VR; Kolbeinn Gunnarsson, Verkalýðsfélaginu Hlíf; Finnbogí Sveinbjörnsson, Verkalýðsfélagi Vestfirðinga; Sverrir Albertsson, AFLi Starfsgreinafélagi; Fanney Friðriksdóttir, Eflingu-stéttarfélagi; Björn Ágúst Sigurjónsson, Félagi íslenskra rafvirkja; Hilmar Harðarson, Félagi iðn- og tæknigreina; Konráð Alfreðsson, Sjómannafélagi Eyjafjarðar; Georg Páll Skúlason, Félagi bókagerðarmanna.

Stefanía Magnúsdóttir gerði grein fyrir tilnefningum á aðalskoðunarmönnum og varaskoðunarmönnum reikninga. Engar aðrar tilnefningar komu fram og töldust eftirfarandi því rétt kjörnir til 2012.

Aðalskoðunarmenn:

Sigríður Stefánsdóttir, VR; Birna Birgisdóttir, Félagi tæknifólks í rafiðnaði.

Varaskoðunarmenn:

Þórður Ólafsson, Eflingu-stéttarfélagi; Einar Hjartarson, Félagi verslunar- og skrifstofufólks, Akureyri.

Fundarstjóri bar upp tillögu landssambanda og félaga með beina aðild um fulltrúa í kjörnefnd til loka þings 2012 var hún samþykkt með lófaklappi.

Stefanía Magnúsdóttir, LÍV; Kristín Björnsdóttir, LÍV; Ísleifur Tómasson, RSÍ, Ásgerður Pálsdóttir, SGS; Sigurrós Kristinsdóttir, SGS; Kolbeinn Gunnarsson, SGS; Þorbjörn Guðmundsson, Samiðn; Níels S. Olgeirsson, Félögum með beina aðild; Konráð Alfreðsson, SSÍ.

Atvinnu-, umhverfis- og menntamál / 2. umræða og afgreiðsla

Guðmundur Gunnarsson, Félagi íslenskra rafvirkja, sagði að þrjár mismunandi ályktanir hafi komið út úr vinnu hópsins þar sem samstaðan hafi verið mikil og megináherslan á að finna leiðir út úr þeim vanda sem við blasti. Guðmundur sagði að nýsköpun skipti máli þegar litið væri til framtíðar og einnig væri nauðsynlegt að hlúa áfram að því mikla starfi í endur- og símenntun sem verkalýðshreyfingin hefur unnið, vaxtarsprotar væru víða í atvinnusköpun, eins og t.d. ferðaþjónustan, en mikilvægt væri hlúa að henni. Að lokum sagði hann að það hefði ekki verið neinn ágreiningur um niðurstöðurnar og hópurinn hefði verið samhentur.

Fundarstjóri gaf orðið laust

Kristinn Örn Jóhannesson, VR, fagnaði þessu víðtæka samstarfi sem fram kom í öllum vinnuhópunum. Hann lýsti yfir þeirri skoðun sinni að í þeim ályktunum, sem lagðar hefðu verið fram, væri hornsteinn lagður að framtíðarhagvexti sem byggir á mannauði og þeirri framtíðarsýn sem nauðsynleg er til að efla stöðugleika í samfélaginu. Kristinn sagði að það væri mikilvægt að efla hæfni og menntun til að takast á við nýjar áskoranir og búa

til ný verðmæti úr því hráefni sem landið gefur af sér. Kristinn minnti á að í umræðunni um lífeyrissjóðina væru það fjármunir sjóðsfélaganna, sem væri verið að fjalla um, og fjárfestingar í atvinnutækifærum og uppbyggingu væri samfélaginu til heilla. Að lokum sagði Kristinn að þó svo að heilt efnahagskerfi hefði hrunið þá væru lífeyrissjóðirnir sterkir og það ætti ekki að afhenda þá öðrum til ráðstöfnunar eins og lagt hefur verið til.

Sævar Gunnarsson, Sjómana- og vélstjórafélagi Grindavíkur, lagði til orðalagsbreytingu í ályktuninni um atvinnumál. Þar sem standi „leggi áherslu á tímabundnar auknar veiðiheimildir“ verði bætt við „í samræmi við afrakstursgetu fiskistofnanna“.

Valmundur Valmundsson, Sjómannafélaginu Jötni, tók undir breytingartillöguna sem kom fram. Hann benti á að verslunardeður erlendis kaupir einungis fisk sem er umhverfisvottaður. Valmundur sagði einnig frá því að hagsmunasamtök í sjávarútvegi í Vestmannaeyjum hafi komið sér saman um að gefa tvö tonn af fiski á mánuði næstu 12 mánuði til fjölskylduhjálparinnar.

Guðmundur Gunnarsson, Félag íslenskra rafvirkja, taldi að breytingartilagan, sem lögð hefði verið fram, sé í takt við þá umræðu, sem var í nefndinni, og leggur til að hún verði samþykkt.

Fundarstjóri bar upp til atkvæða breytingartillögu að ályktun ársfundar um atvinnumál, þar sem fjallað er um verkefni ASÍ, þannig að á eftir „ASÍ leggi áherslu á tímabundnar auknar veiðiheimildir“ verði bætt við „...í samræmi við afrakstursgetu fiskistofnanna.“ Breytingartilagan var samþykkt án mótaskvæða.

Fundarstjóri bar ályktunina upp til atkvæða.

Eftirfarandi ályktun um atvinnumál, nýsköpun og menntun var samþykkt með einu mótaskvæði.

„Hvernig getum við bætt atvinnuástandið strax?“

Atvinnulausum hefur fjölgað mjög hratt í kreppunni eða úr 2.520 manns í september 2008 í 12.650 manns í september í ár sem er u.þ.b. fimmföldun. Á heildina litið hefur ástandið skánað örlítið yfir sumarmánuðina en sækir í sama farið yfir veturinn. Það er sérstakt áhyggjuefni hvað langtímaatvinnuleysi hefur aukist mikið upp á síðkastið en um 57% atvinnulausra hefur verið án vinnu lengur en sex mánuði.

Til að bæta atvinnuástandið strax er mikilvægt að koma þeim verkefnum, sem nú þegar hafa verið ákveðin, í gang hið fyrsta. Á sama tíma þarf að stuðla að auknum viðhaldsverkefnum á vegum hins opinbera og með því skapa fleiri störf strax. Brýnt er að stjórnvöld og bankar styðji við fyrirtækin, sem fyrir eru, þannig að þau verði rekstarhæf á ný. Leggja skal áherslu á að auka ferðamannaþjónustu, grunnurinn að því eru stórbættar samgöngur. Sinna þarf betur nýsköpun og frum-

kvöðlastarfi. Auka þarf fullvinnslu afurða og einnig eru vaxtasprotar í grænmetisframleiðslu. Nýta má það hálfbyggða húsnæði, sem fyrir er, til endurreisnar félagslega húsnæðiskerfisins og skapa um leið fleiri störf.

Mikilvægt er að settar verði skýrari reglur um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja og stjórnenda þeirra þar sem áhersla verði lögð á siðferði og ábyrgð. Þetta gildir um endurreisn atvinnulífsins, sem nú stendur yfir, þar sem áhersla þarf að vera á gagnsæi og traust á því sem þar er gert. Þetta gildir einnig til framtíðar þannig að samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja verði eðlilegur þáttur í allri umfjöllun og ákvarðanatöku í atvinnulífinu.

Stefna ASÍ

- Beita sér fyrir því að koma af stað þeim verkefnum sem þegar hafa verið teknar ákvarðanir um: álver, virkjanir, vegaframkvæmdir, sjúkrahús, fangelsi.
- Beita sér fyrir því að farið verði í mannaflsfrekar framkvæmdir og viðhald opinberra bygginga – þar má nýta betur krafta atvinnuleitenda.
- Beita sér fyrir því að efla ferðaþjónustu og bæta aðstöðu við vinsæla ferðamannastaði – að bæta samgöngumannvirki er þar grundvallaratriði.
- Beita sér fyrir átaki í fullvinnslu á íslenskum vörum og efla markaðssetningu þeirra – bæta upprunamerkingar.
- Beita sér fyrir brautargengi nýrra hugmynda – gera kleift að koma þeim í framkvæmd með því að styðja við sprotafyrirtæki.

Verkefni ASÍ

- ASÍ hafi forystu um að sameina ólík sjónarmið þeirra sem vilja stuðla að aukinni fullvinnslu.
- ASÍ hafi forystu um sjálfbærni íslensks atvinnulífs og nýtingu gæða á sjálfbæran hátt.
- ASÍ leggi áherslu á tímabundnar auknar veiðiheimildir í samræmi við afrakstursgetu fiskistofnanna.
- ASÍ hafi frumkvæði að breyttri nálgun í þjóðfélagsumræðunni með aukinni víðsýni og hugarfarsbreytingu.
- ASÍ stuðli að aukinni starfsmenntun í atvinnulífinu, geri launamönnum kleift að sækja sér meiri menntun og ekki síður að leita inn á nýjar brautir.“

„Með hvaða hætti er hægt að renna styrkum stöðum undir nýsköpun?
Ísland býr yfir miklum framtíðarmöguleikum og verðmætum við atvinnuuppbyggingu sem grundvallast á sjálfbærri nýtingu auðlinda okkar, afurða til lands og sjávar, hreinnar orku og náttúrunnar. Sama gildir um þann mannaúð sem í þjóðinni býr. Með því að leggja áherslu á framangreinda þætti getum við byggt upp öflugt atvinnulíf til framtíðar á sjálfbærum grunni.

Efla þarf fræðslu og skapandi hugsun, virkja frumkvöðla og skapa þeim vinnuaðstæður, bæði fjárhagslega og með rannsóknaraðstöðu, með náttúruvernd og sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Mikilvægt er að tengja nýsköpun við það sem fyrir er, með áherslu á nýjar aðferðir, verklag og skipulag á grundvelli nýrrar þekkingar, t.d. fullvinnsla fiskafurða og útblástur stóriðju til eldsneytisframleiðslu. Taka þarf til endurskoðunar stefnu, skipulag og markmið í orku- og auðlindamálum og hafa það að leiðarljósi að orkan nýtist hér á landi. Þjóða á matvælaframleiðendum orkuna á sama verði og stóriðju. Markaðssetja á íslenskar afurðir sem umhverfisvænar afurðir til útflutnings – grænt og hollt .

Stefna ASÍ

- Beita sér fyrir frekari menntun í nýsköpunarfræðum.
- Beita sér fyrir auknu fjármagni til nýsköpunar.
- Beita sér fyrir því að skattaumhverfi verði bætt þannig að það styðji betur við nýsköpunarfyrirtæki.
- Beita sér fyrir því að nýsköpun verði sem umhverfisvænust.

Verkefni ASÍ

- Beita sér fyrir námskeiðum í því hvernig á að sækja um styrki.
- ASÍ auki námsframboð og fjölbreytni símenntunar Félagsmálaskólans.
- ASÍ skapi félagsmönnum aukið svigrúm til símenntunar.
- ASÍ taki höndum saman við stjórnvöld og atvinnulíf við uppbyggingu endurmenntunar og nýsköpunar.
- Beita sér fyrir breytingum á skattaumhverfi, nýsköpun til hagsbóta.
- ASÍ styðji viðleitni til fullvinnslu afurða til útflutnings á grundvelli ímyndar um græn gildi og hollustu.“

„Hvernig er hægt að efla menntun í atvinnulífinu og gera fólki kleift að flytja sig á milli starfa?

Öflugt menntakerfi gegnir lykilhlutverki í enduruppbyggingu íslensks atvinnulífs. Sérstaklega skal huga að réttindum og möguleikum þeirra,

sem misst hafa vinnuna, til að afla sér aukinnar menntunar. Annað tækifæri til náms er eitt stærsta verkefni sem Íslendingar þurfa að takast á við á næstu árum.

Tryggja verður jafnræði allra landsmanna til almennrar menntunar og sí- eða endurmenntunar, óháð kyni, aldri, fjárhag og búsetu. Sérstaklega þarf að huga að möguleikum ófaglærðra og þeirra sem minnsta menntun hafa.

Gefa skal starfsmenntun meira vægi innan menntakerfisins. Þetta á ekki hvað síst við um starfsmenntun fiskvinnslufólks. Auka þarf kynningu á starfsmenntun í grunnskólum. Efla verður símenntun í fyrirtækjum m.a. til að auka möguleika starfsmanna á að flytja sig milli deilda og takast á við ný störf. Leggja skal meiri áherslu á tungumálanám til að auðvelda fólki að fara á milli landa til starfs og náms. Samræma þarf mat á óformlegu og formlegu námi og auka þar með möguleika ófaglærðra til náms og starfsþróunar. Meta þarf námskeið til eininga og launahækkana.

Bæta þarf möguleika fólks til að sækja nám með vinnu, m.a. þarf að gera fólki kleift að taka launalaus námsleyfi. Þeir sem orðnir eru 25 ára eða eru með fjölskylduábyrgð geti fengið námslán til grunnnáms. Kynna þarf starfsmenntasjóðina fyrir starfsfólki og atvinnurekendum. Bæta þarf samvinnu atvinnuleitenda, stéttarféлага og atvinnurekenda. Horfa þarf til Norðurlandanna með nemendaskipti. ASÍ verðlauni fyrirtæki sem standa sig vel í sí- og endurmenntun.

Stefna ASÍ

- Tryggja þarf jafnræði til náms óháð kyni, aldri, fjárhag, búsetu og þjóðerni.
- Kynna starfsnám í grunnskólum, auka umfang og fjölbreytni verkþjálfunar og breyta viðhorfum til þess.
- Auka tengsl skóla og atvinnulífs.
- Verja menntakerfið.
- Þeir sem orðnir eru 25 ára eða eru með fjölskylduábyrgð geti fengið námslán til grunnnáms.
- Réttur til námsleyfa.
- Gæðavotta námskeið svo að þau nýtist til framhaldsnáms.
- Auka raunfærnimat.
- Fólk haldi sínum námskeiðsréttindum milli starfa.
- Að námskeið/menntun veiti umbun í launum.

Verkefni ASÍ:

- *Breyta hugarfari gagnvart iðn- og verknámi. Kynna starfsnám og þá möguleika sem það opnar á vinnumarkaði.*
- *Opna á möguleika langtímaatvinnulausra til að hefja nám án þess að missa bætur.*
- *Samninga við stjórnvöld og atvinnurekendur um jafnræði til náms.*
- *Samninga við stjórnvöld um útvíkkun á námslánnum.*
- *Samninga við stjórnvöld um samræmt gæðamat á námskeiðum.*
- *Standa vörð um raunfærnimat.*
- *Hvetja atvinnurekendur til að opna frekar á að starfsfólk geti tekið launalaust námslefi.*
- *Gera sí- og endurmenntunarstarfi í fyrirtækjum hátt undir höfði með því að verðlauna fyrirtækin.“*

Velferðar- og vinnumarkaðsmál /2. umræða og afgreiðsla

Súsanna Vilhjálmsdóttir, Félagi hársnyrtisveina, mælti fyrir drögum að ályktun um húsnæðismál og greiðsluvanda heimilanna.

Sigurros Kristinsdóttir, Eflingu, mælti fyrir drögum að ályktun um velferðarmál.

Sigurður Magnússon, Matvís, mælti fyrir drögum að ályktun um réttindi á vinnumarkaði og ályktun í tilefni Kvænnafrídagsins.

Fundarstjóri gaf orðið laust

Friðrik Björgvinsson, VM, taldi að þrátt fyrir gott vinnufyrirkomulag ársfundarins hefði mátt verja meiri tími í hugmyndaflæði, að of mikill tími hefði farið í að skrifa fundargerðir. Hann benti á að í ályktunum væri of mikið af kröfum sem kostuðu peninga sem ekki væru til. Nú væri tími framkvæmda, sagði Friðrik, og að það væri mikilvægt að ASÍ væri regnhlífarsamtök sem hægt væri að treysta á.

Ragnar Þór Ingólfsson, VR, vakti athygli á orðalagi í ályktuninni um húsnæðismál og greiðsluvanda heimilanna þar sem sagt er „... tapaðra veðkrafna út yfir gröf og dauða ...“, taldi þetta ekki heppilegt orðalag en kom ekki með tillögu til breytinga. Ragnar Þór ítrekaði þá skoðun sína að ársfundurinn ætti ekki að útiloka aðkomu lífeyrissjóðanna að skuldavanda heimilanna. Hann sagðist vera hlynntur þeirri hugmynd að setja veltutengda skatta á fjármála-fyrirtæki þar sem þau ættu að stórum hluta sök á skuldavanda heimilanna. Ragnar fjallaði um kaup lífeyrissjóða í fyrirtækjum, sem hann taldi ekki vera góða fjárfestingu, og sagði að lokum að enn væri mörgum spurningum ósvarað og mikil óvissa um ýmsar eignir lífeyrissjóðanna.

Finnbjörn A. Hermannsson, Fagfélaginu, lagði til orðalagsbreytingu í ályktuninni um húsnæðismál og greiðsluvanda heimilanna þar sem segir: „...“

til þess að verðtrygging verði afnumin.“ Þá komi í staðinn: „...draga úr vægi verðtryggingar og að tryggt verði að lántakendum standi til boða óverðtryggt lán á ásættanlegum kjörum.“ Finnbjörn taldi að afnám verðtryggingar sé það stórt mál að það þurfi að bjóða upp á blandaðar leiðir. Einnig lagði Finnbjörn til breytingar á lið tvö í sömu ályktun; hann vildi kveða fastar að þar sem fjallað er um að kostnaður vegna lækkunar lána félli ekki á lífeyrissjóðina, þannig að áherslupunktur 2 og 3 verði að einum.

Már Guðnason, Verkalýðsfélagi Suðurlands, lýsti því yfir að hann styddi tillögu Finnbjörns varðandi lífeyrissjóðina. Már fór yfir fjármálasögu lífeyrissjóðanna undanfarin ár og fullyrti að stjórnendur lífeyrissjóðanna væru yfirhöfuð heiðarlegt fólk sem ynni af heilindum. Hann sagðist ekki vilja að sinn lífeyrir væri notaður til að greiða niður skuldir annarra, frekar ætti að hækka skatta. Þannig tækju allir þátt í að greiða niður skuldir þeirra verst settu.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness, taldi að það ætti ekki að loka fyrir þann möguleika að lífeyrissjóðirnir komi á einhvern hátt að leiðréttingu þess forsendubrests sem varð í kjölfar efnahagshrunsins. Hann lýsti þeirri skoðun sinni að það væri ávinningur fyrir félagsmenn að fá lækkun á skuldum sínum, því væri nauðsynlegt að horfa á málið í heild sinni.

Sigurjón Einarsson, Fagfélaginu, tók undir orð Finnbjörns um blandaðar leiðir. Sigurjón velti fyrir sér hvernig hlutirnir hefðu þróast á undanförunum árum og nauðsyn þess að vera með bæði verðtryggð og óverðtryggð húsnæðislán. Hann benti á að Hagsmunasamtök heimilanna hefðu sett fram tillögur um hvernig hægt væri að koma til móts við skuldavanda heimilanna, þó svo að almennt sé fólk ekki tilbúið að samþykkja hugmyndir þeirra um að nota lífeyrissjóðina, en hann sagði að ASÍ þyrfti að koma með tillögur um skuldbreytingar sem nauðsynlegar eru til að aðstoða skuldsett heimili.

Gylfi Arnbjörnsson, VR, sagði að nauðsynlegt væri að hafa staðreyndir á hreinu í umræðunni um skuldavanda heimilanna. Hann taldi að fullyrðingar um tap lífeyrissjóðanna að upphæð allt að sex hundruð milljörðum væri ónákvæm. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem hann hefði frá Fjármálaeftirlitinu, töpuðu lífeyrissjóðirnir 137 milljörðum árið 2008 þrátt fyrir að lífeyrissjóðirnir hækkuðu lífeyrisréttindin um 232 milljarða á sama ári. Gylfi sagði að umræðan um að verðtryggingin væri notuð til að fela eitthvað sukk hjá lífeyrissjóðunum væri ekki rétt, aðeins helmingur eigna lífeyrissjóðanna væri verðtryggður en öll lífeyrisréttindi væru verðtryggð. Hann sagði einnig að í þeim tillögum Hagsmunasamtaka heimilanna, sem hann hefði séð, væri ótvírætt tekið fram að lífeyrissjóðirnir beri tap íbúðalánasjóðs við almennar afskriftir. Gylfi sagði að lokum að sá afsláttur, sem nýju bankarnir fengu af skuldum gömlu bankanna, ætti að nota til leiðréttingar til þeirra sem þess þurfa. Það væri tillaga ASÍ og það væri það sem hann mundi berjast fyrir.

Ragnar Þór Ingólfsson, VR, taldi að lífeyrissjóðirnir væru ennþá í áhættu-fjárfestingum með framtakssjóðunum og að hann treysti ekki stjórnendum lífeyrissjóðanna. Hann sagði að sjálfsögðu hentaði jöfn niðurfelling ekki öllum og því væri nauðsynlegt að finna nýjar leiðir. Þrátt fyrir þær hremmingar, sem lífeyrissjóðirnir hefðu orðið fyrir, þá stæðu inngreiðslur undir útgreiðslum. Ragnar Þór sagði að Hagsmunasamtök heimilanna vildu halda þeim möguleika opnum að lífeyrissjóðirnir kæmu að skuldaniðurfellingu sjóðsfélaganna og taldi að ASÍ ætti að skoða þá hugmynd ásamt öllum öðrum.

Guðmundur Gunnarsson, Félagi íslenskra rafvirkja, taldi að enginn hefði mótmælt því að gerðar yrðu leiðréttingar vegna skuldsettra heimila en að því hefði verið mótmælt að lífeyrissjóðirnir bæru þann kostnað. Guðmundur varaði við alhæfingum þegar fjallað væri um rekstur og afkomu lífeyrissjóðanna, þeir stæðu misvel. Hann sagði frá því að skoðanakönnun hefði verið gerð meðal félagsmanna Rafiðnaðarsambandsins um þessi mál og þar komi fram að stór hluti félagsmanna vill að eitthvað sé gert fyrir skuldsett heimili en stærri hópur vill ekki að fjármunir verði teknir úr lífeyrissjóðum til þess.

Sigurður Bessason, Eflingu, sagði að gott hefði verið að hafa allar tölur á hreinu fyrir ársfundinn þegar rætt væri um þann kostnað sem félli á lífeyrissjóðina ef þeir tækju á sig niðurfellingu húsnæðisskulda félagsmanna. Sigurður sagði frá því að í nýlegri könnun meðal félagsmanna Eflingar komi fram að 54% þeirra séu í eigin húsnæði. Hver á að bæta þeim sem ekki eiga húsnæði þessa skerðingu? spurði Sigurður. Hann taldi nauðsynlegt að hafa allar staðreyndir á hreinu þegar unnið væri að lausn þessa stóra vandamáls. Sigurður kallaði eftir samstarfi og samstöðu og meðal annars lagði til að lífeyrissjóðirnir lánuðu ríkisstjórninni þá upphæð, sem þyrfti til að leysa skuldavanda heimilanna, með sömu skilmálum og á að gera með opinberu sjóðina.

Þórunn S. Jónsdóttir, Félag rafeindavirkja, benti á að það vantaði ákvæði um félagafrelsi í ályktun um réttindi á vinnumarkaði. Hún lagði til skýrari ákvæði um möguleika félagsmanna að halda aðild sinni að því félagi þar sem áunnin réttindi væru þegar og ef fólk skipti um vinnu.

Fundarstjóri bar upp til atkvæða tillögu að ályktun ársfundar ASÍ í tilefni Kvænnafrídagsins, Áfram stelpur. Hún var samþykkt án mótatkvæða.

„Áfram stelpur

Ársfundur Alþýðusambands Íslands óskar konum á Íslandi til hamingju með afmæli Kvænnafrídagsins þann 24. október nk. Þann dag fyrir þrjátíu og fimm árum lögðu tugþúsundir íslenskra kvenna niður vinnu og söfnuðust saman á fundum um land allt og hrópuðu: Áfram stelpur. Á þann táknræna hátt sýndu konur hversu mikilvægt vinnuframlag þeirra er fyrir atvinnulífið og samfélagið. Samstaðan var algjör:

Kvennafrídagurinn 24. október er og verður einn mikilvægasti áfangi í baráttu kvenna á Íslandi fyrir jafnrétti. Hann var í reynd heimssögu- legur viðburður.

Alþýðusamband Íslands hefur frá upphafi barist fyrir jöfnum rétti kynjanna og sömu launum fyrir jafn verðmæt störf. Nú eru blikur á lofti og mikilvægum árangri af áratugabaráttu fyrir jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði alvarlega ógnað.

Yfirskrift kvennafrídagsins að þessu sinni er: Konur gegn kynferðisofbeldi. Ársfundur Alþýðusambands Íslands fordæmir kynbundið ofbeldi og áreiti á vinnustöðum og í samfélaginu öllu og hvetur aðila vinnumarkaðarins, stjórnvöld og almenning til markvissra aðgerða gegn því.

Ársfundur Alþýðusambands Íslands hvetur félagsmenn aðildarféлага sinna til virkrar þátttöku í viðburðum í tilefni Kvennafrídagans mánudaginn 25. október nk.“

Fundarstjóri bar upp til atkvæða tillögu að ályktun ársfundar ASÍ um húsnæðismál og greiðsluvanda heimilanna.

Fyrst bar hann upp til atkvæða breytingartillögu þar sem fjallað er um aðgerðir til að taka á yfirþyrmandi skulda- og greiðsluvanda heimilanna. „Leita verður leiða til þess að draga úr vægi verðtryggingar og að tryggt verði að lántakendum standi til boða óverðtryggð lán á ásættanlegum kjörum.“ Hún var samþykkt með 10 mótatkvæðum.

Þá bar hann upp til atkvæða breytingartillögu um að sameina tvær áherslusetningar í eina sem er eftirfarandi: „Komið verði til móts við lántakendur vegna þeirra miklu hækkana lána sem orðið hafa frá hruni bankanna. Kostnaður af slíkri lækkun lána verði borinn af lánveitendum og mögulega ríkissjóði. Ekki komi til greina að færa slíkan kostnað á lífeyrisþega á almennum vinnumarkaði.“ Hún var samþykkt með 5 mótatkvæðum.

Loks bar fundarstjóri upp til atkvæða alla tillöguna með áorðnum breytingum. Hún var samþykkt með 2 mótatkvæðum.

„Ársfundur ASÍ krefst þess að:

- Öllum verði tryggt mannsæmandi og öruggt íbúðarhúsnæði.
- Endurvekja þarf verkamannabústaðakerfið og raunhæft kaupleigukerfi fyrir almennt launafólk.
- Standa ber vörð um kerfi vaxta- og húsaleigubóta.
- Hvetja þarf til húsnæðissparnaðar til þess að auka getu til eignarmyndunar í íbúðarhúsnæði.
- Tryggja þarf sveigjanleika í greiðslubyrði til samræmis við greiðslu-

getu og að heimilt verði að endurfjármagna eldri lán fyrir ný miðað við getu.

- Efla verður raunhæfan, stöðugan og sanngjarnan leigumarkað.
- Endurskoða ber hlutverk Íbúðalánasjóðs sem og fá honum að nýju það félagshlutverk sem hann áður gegndi.
- Gripið verði tafarlaust til aðgerða til að taka á yfirþyrmandi skulda- og greiðsluvanda heimilanna
- Leita verður leiða til þess að draga úr vægi verðtryggingar og að tryggt verði að lántakendum standi til boða óverðtryggð lán á ásettanlegum kjörum.
- Komist verði til móts við lántakendur vegna þeirra miklu hækkana lána sem orðið hafa frá hruni bankanna. Kostnaður af slíkri lækkun lána verði borinn af lánveitendum og mögulega ríkissjóði. Ekki kemur til greina að færa slíkan kostnað á lífeyrisþega á almennum vinnumarkaði.
- Koma verður sérstaklega til móts við þann hóp sem ekki átti önnur úrræði en að skuldsetja sig umfram getu vegna húsnæðiskaupa á árabílinu 2004–2008.
- Tryggja verður jafnræði við framkvæmd úrræða fyrir fólki vegna greiðsluvandræða, hraða meðferð og auka skilvirkni úrræða.
- Við eignamissi við uppboð eða gjaldþrot verður að tryggja viðkvæmustu hópunum, atvinnulausum og öðrum með verulega skerta greiðslugetu, sanngjarna leigu m.v. getu.
- Tryggt verði að ekki sé hægt að ganga að fólki vegna tapaðra veðkrafna út yfir gröf og dauða, hvort sem um er að ræða gömul eða ný lán.
- Finna verður leið til þess að lagfæra stöðu þeirra sem gengist hafa í ábyrgð fyrir lánum til húsnæðiskaupa þriðja aðila.
- Auka þarf ábyrgð og siðferði lánveitenda.“

Fundarstjóri bar upp til atkvæða tillögu að ályktun ársfundar ASÍ um velferðarmál.

Fyrst benti fundarstjóri á að athugasemdir hafi komið við orðalag á áherslum varðandi aðgengi landsmanna að góðri heilbrigðisþjónustu óháð búsetu. Þar væri fjallað um flutning á málefnum fatlaðra til sveitarfélaganna og væri ekki efnisbreyting heldur áherslubreyting. Fundarstjóri las upp breytingartillöguna og bar upp til atkvæða. Hún var samþykkt án mótatkvæða.

Fundarstjóri bar upp til atkvæða ályktunina með breytingum. Hún var samþykkt án mótatkvæða.

„Velferð fyrir alla

Ársfundur Alþýðusambands Íslands krefst þess að í þeim niðurskurði, sem nú blasir við í fjármálum ríkis og sveitarfélaga, verði staðinn vörður um velferðina. Hlifa þarf barnaþjónskyldum og þeim sem standa höllum fæti eins og kostur er. Styrkja þarf öryggisnet velferðarkerfisins þannig að öllum sé tryggt fjárhagslegt og félagslegt öryggi.

Krafa ASÍ er að:

Stutt verði við barnaþjónskyldur og tryggt að öll börn fái tækifæri og þjónustu óháð efnahag og félagslegri stöðu fjölskyldna.

- Barnabætur verði ekki skertar og dregið verði úr tekjutengingu þeirra.
- Lágmarka þarf gjaldtöku sveitarfélaganna fyrir þjónustu við barnafólk, í leikskólum, grunnskólum og íþrótt- og tómstundastarfi barna og ungmenna.
- Tannlækningar barna og ungmenna verði hluti af almennri heilbrigðisþjónustu og kostnaðarþátttaka í samræmi við það.

Allir landsmenn hafi aðgang að góðri heilbrigðisþjónustu óháð búsetu.

- Hámark verði sett á kostnaðarþátttöku vegna lyfja og heilbrigðisþjónustu. Afsláttarkort gildi í a.m.k.12 mánuði en taki ekki mið af almanaksári.
- Tryggja þarf aðgang að heilbrigðisþjónustu og endurskoða þau áform sem nú eru uppi um niðurskurð í heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni.
- Við flutning á málefnum fatlaðra til sveitarfélaganna þarf að vera tryggt að fjármagn fylgi verkefninu svo að öll sveitarfélögin hafi burði til að veita fítludum nauðsynlega og lögbundna þjónustu.

Allir búi við mannsemandi líf skjör og hafi tækifæri til samfélagsþátttöku.

- Samræma þarf framfærslugrunna í bóta- og styrkjakerfum ríkis- og sveitarfélaga og tryggja að þau byggi á raunhæfum framfærslukostnaði.
- Bætur almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga hækki í samræmi við launaþróun.
- Dregið verði úr tekjutengingum elli- og örorkubóta og samspil almanna-trygginga- og lífeyrissjóðsgreiðslna bætt þannig að komið verði í veg fyrir víxlverkanir milli kerfa“.

Fundarstjóri bar upp til atkvæða tillögu að ályktun ársfundar ASÍ um réttindi á vinnumarkaði.

Fyrst bar hann upp til atkvæða breytingartillögu þar sem fram kom að standa skuli vörð um réttindi launafólks til þess að vera í stéttarfélagi þar sem það á heima faglega og félagslega. Hún var samþykkt án mótatkvæða.

Fundarstjóri bar upp til atkvæða ályktunina með breytingum. Hún var samþykkt án mótatkvæða.

„Okkar kröfur – Okkar réttur

Alþýðusamband Íslands krefst þess að lífeyrisréttindi launafólks á almennum vinnumarkaði verði jöfnuð á við réttindi opinberra starfsmanna. Þessi krafa er réttlætismál. Hún verður enn brýnni nú þegar skerða þarf réttindi á almennum vinnumarkaði á sama tíma og réttindi opinberra starfsmanna eru tryggð með skattfé og standa óhöggðu þrátt fyrir hrun á fjármálamörkuðum. Jöfnun og vernd lífeyrisréttinda er forsenda sáttar um það lífeyriskerfi sem byggt hefur verið upp hér á landi.

Alþýðusamband Íslands krefst þess að staðinn verði vörður um það framsækna fæðingar- og foreldraorlofskerfi sem hér hefur verið byggt upp fyrir tilstuðlan verkalyðshreyfingarinnar. Jafn og raunverulegur réttur kynjanna til fæðingar- og foreldraorlofs er eitt af mestu framfaraskrefum sem stigin hafa verið í átt að jafnrétti. Um leið er hann mikilvægur réttur barna. Við höfnum frekari skerðingum á fæðingarorlofinu og gerum kröfu til þess að þær skerðingar, sem þegar hafa átt sér stað, verði dregnar til baka í áföngum og réttur einstæðra foreldra tryggður frekar en nú er.

Alþýðusamband Íslands krefst þess að ríkisstjórnin standi við fyrirheit sín um löggjöf sem tryggi öllu launafólki rétt til starfsendurhæfingar. Réttur til starfsendurhæfingar er mikilvægur þáttur í að efla og treysta stöðu launafólks á vinnumarkaði sem lendir í áföllum vegna veikinda og slysa. Um leið er hún stórt hagsmunamál fyrir samfélagið í heild. Í dag er 1/3 félagsmanna ASÍ án þessara réttinda vegna svika stjórnvalda.

Alþýðusamband Íslands krefst þess að róttæk skref verði tekin í baráttunni gegn launamuni kynjanna. Launamunur kynjanna er staðreynd og alltof lítið hefur áunnist í þeim efnum á undanförunum áratugum. Jafnframt er mikilvægt að berjast gegn kynferðislegu ofbeldi og áreiti á vinnustöðum. Mikill niðurskurður í heilbrigðis- og velferðarkerfinu hefur gríðarleg áhrif á starfsstéttir, þar sem konur eru í meirihluta, og kann að leiða til aukins og langvarandi atvinnuleysis kvenna. ASÍ hafnar öllum hugmyndum og aðgerðum sem veikja munu stöðu kvenna og leiða til aukins ójafnaðar kynjanna á íslenskum vinnumarkaði.

Alþýðusamband Íslands krefst þess að réttindi og hagsmunir atvinnuleitenda verði tryggðir. Það er lykilatriði í núverandi samdrætti að bótatímabil atvinnuleysisbóta verði lengt og kerfið gert sveigjanlegra. Jafnframt er mikilvægt að efla virkar vinnumarkaðsaðgerðir og menntunarræði. Það á sérstaklega við um þann hóp sem farið

hefur verst út úr samdrættinum á vinnumarkaði, ungt fólk, launafólk með litla formlega menntun. Þetta á einnig við um þá sem þurfa á endur- og viðbótarmenntun að halda til annarra starfa vegna breytinga í atvinnulífinu. Það er krafa Alþýðusambandsins að stéttarfélagin taki í ríkari mæli að sér framkvæmd atvinnuleysisstrygginga, vinnumiðlunar og virkra vinnumarkaðsaðgerða líkt og gert hefur verið með góðum árangri í menntun á vinnumarkaði og starfsendurhæfingu.

Alþýðusamband Íslands krefst þess að réttindi og vernd launafólks í starfi verði eflað. Vinnuvernd er aldrei mikilvægari en þegar kreppir að í atvinnulífinu. Mikilvægur þáttur í því er að stjórnvöld efni loford sín um umbætur varðandi vernd vegna atvinnusjúkdóma og bætur til þeirra sem fyrir þeim verða. Treysta verður réttarstöðu launafólks vegna aðilaskipta að fyrirtækjum og kennitölulakks. Þá er mikilvægt að settar verði skýrari reglur um réttindi vaktavinnufólks um leið og réttindi þess verði samræmd og bætt.

Staðinn verði vörður um réttindi launafólks til þess að vera í stéttarfélagi þar sem það á heima faglega og félagslega.

Það er sameiginlegt verkefni Alþýðusambands Íslands og aðildar-samtakanna að fylgja eftir og sjá til þess að stjórnvöld og atvinnu-rekendur mæti réttmætum kröfum launafólks um velferð og réttindi á vinnumarkaði. Til þess hefur verkalýðshreyfingin samtakamátt og afl sem henni ber að beita eins og þörf krefur hverju sinni.“

Fundarslit

Fundarstjóri skýrði frá því að enginn hefði kveðið sér hljóðs undir liðnum „önnur mál“. Hann þakkaði samstarfsfólki og ársfundarfulltrúum gott starf.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, sleit 9. ársfundi ASÍ.

Hann þakkaði fundarstjórum og riturum fyrir vel unnin störf. Hann fór yfir þær skipulagsbreytingar sem samþykktar voru á ársfundinum, m.a. þá ákvörðun að hverfa frá ársfundarfyrirkomulagi og fara yfir í þing á tveggja ára fresti. Jafnframt kvaðst hann hafa fullan skilning á þeim ábendingum sem fram komu á fundinum, að það gæti verið nauðsynlegt að hittast oftar en á reglulegum þingum ef þjóðfélagsaðstæður kölluðu á það. Hann vék máli sínu að hópi fólks sem stóð fyrir utan fundarsalinn og barði á tunnur. Gylfi sagði að sá ómur, sem kæmi að utan, bæri þess vitni að menn hefðu væntingar til verkalýðahreyfingarinnar og það væri mikilvæg hvatning.

Hann brýndi fyrir ársfundarfulltrúum að því fylgdi ábyrgð að setja fram tillögur, taka frumkvæði og standa í stafni og ítrekaði að aðeins með samstöðunni næðist árangur.

Gylfi þakkaði sérstaklega Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur, sem nú dregur sig í hlé sem varaforseti ASÍ, fyrir einstaklega gott samstarf á liðnum árum. Þá bauð hann Signýju Jóhannesdóttur velkomna sem nýjan varaforseta sambandsins og einnig nýkjörna miðstjórnarmenn.

Fundi slitið kl. 17:40.



Fulltrúar á ársfundi ASÍ 2010

Bein aðild að ASÍ

Félag bókagerðarmanna

Georg Páll Skúlason

Stefán Ólafsson

Porkell Svarfdal Hilmarsson

Hrafnhildur Ólafsdóttir

VM – Félag vélstjóra og málmþæknimanna

Friðrik Björgvinsson

Guðmundur Þórður Ragnarsson

Guðmundur Smári Guðmundsson

Guðni Gunnarsson

Gylfi Ingvarsson

Halldór Arnar Guðmundsson

Haraldur Guðjón Samúelsson

Heimir Vilhjálmur Pálmason

Jóhann Pétur Gíslason
Kristinn Sævar Jóhannsson
Jóhannes Borgfjörð Birgisson
Samúel Ingvason
Sævar Örn Kristjánsson
Vignir Eypórsson
Marteinn S. Karlsson
Kristján Kristjánsson
Ómar Ari Ómarsson

MATVÍS

Jón Karl Jónsson
Níels Sigurður Olgeirsson
Sigurður Magnússon
Þorsteinn Ómar Gunnarsson

Félag leiðsögumanna

Pétur Jónsson

Flugfreyjufélag Íslands

Sigrún Jónsdóttir
Ástríður Helga Ingólfsdóttir

Mjólkurfræðingafélag Íslands

Markús Betúel Jósefsson

Landssamband íslenskra verzlunarmanna

VR

Arngrímur Friðrik Pálmason
Árni Leósson
Benedikt Vilhjálmsson
Bergur Þór Steingrímsson
Bjarki Steingrímsson
Bjarni Þór Sigurðsson
Björn Halldór Björnsson
Eðvald Geirsson
Einar Magnús Nikulásson
Elías Guðmundur Magnússon

Gunnar Heiðberg Gestsson
Halldór Halldórsson
Jón Ingi Kristjánsson
Jón Magnússon
Kristinn Örn Jóhannesson
Óskar Kristjánsson
Pétur Gunnar Pétursson
Ragnar Engilbertsson
Ragnar Þór Ingólfsson
Sigurður Sigfússon
Stefán Viðar Egilsson
Sveinbjörn F. Pétursson
Sæmundur Karl Jóhannesson
Valur Magnús Valtýsson
Þorsteinn B A Guðmundsson
Þorsteinn Þórólfsson
Þórður Mar Sigurðsson
Þröstur Valgarðsson
Gylfi Arnbjörnsson
Antonios Karaolanis
Benóný Valur Jakobsson
Einar Jón Másson
Jóhann Bjarni Knútsson
Jóhann Pétur Jónsson
Óskar Guðmundsson
Páll Örn Líndal
Steinþór Ásgeirsson
Trausti Guðmundsson
Þórarinn Thorarensen
Anna Þórðardóttir Bachmann
Ásta Rut Jónasdóttir
Ástríður S. Valbjörnsdóttir
Elísabet Magnúsdóttir
Eygló Friðriksdóttir
Guðrún Erlingsdóttir
Guðrún Helga Tómasdóttir
Guðrún Indriðadóttir
Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir
Guðrún Jóna Valgeirsdóttir
Guðrún María Jóhannsdóttir

Hafdís Erla Kristinsdóttir
Heiða Björg Tómasdóttir
Helga Egla Björnsdóttir
Hildur Mósesdóttir
Ingibjörg Finnbogadóttir
Ingibjörg Ólafsdóttir
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Júlfana Pálsdóttir
Kalla Björg Karlsdóttir
Kolbrún Una Einarisdóttir
Kristín María Björnsdóttir
Kristín Sigurðardóttir
Laufey Eydal
Margrét Eiríksdóttir
Petrína Ragna Pétursdóttir
Rósmarý Andersen Úlfarsdóttir
Sigurbjörg Jónsdóttir
Sigurbjörg Þorlákssdóttir
Stefanía Magnúsdóttir
Anna Karlsdóttir
Anna Sigríður Aðalbjörnsdóttir
Ásta Magnea Sigmarsdóttir
Esther Judit Steinsson
Guðný Ásta Ragnarsdóttir
Guðrún Jóhannsdóttir
Halla Guðrún Jónsdóttir
Hjördís Garðarsdóttir
Hrönn Valdimarsdóttir
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
María Jóna Hauksdóttir
Pálmey Helga Gísladóttir
Steinunn Helga Óskarsdóttir

Verslunarmannafélag Suðurnesja

Guðbrandur Einarsson
Bryndís Kjartansdóttir
Sigrún Ólafsdóttir

Stéttarfélag Vesturlands

Einar Oddur Pálsson

Stéttarfélagið Samstaða

Guðbjörg Þorleifsdóttir

Framsýn-stéttarfélag

Snæbjörn Sigurðarson

Verslunarmannafélag Skaga- fjarðar

Hjörtur S. Geirmundsson

Félag verslunar-og skrifstofufólks, Akureyri

Eiður Stefánsson
Svavar Hannesson
Friðbjörg Jóhannsdóttir
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir
Hildur Tryggvadóttir

Verslunarmannafélag Suðurlands

Guðmundur Gils Einarsson
Margrét Ingbórsdóttir

Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Finnur Magnússon

AFL Starfsgreinafélag

Anna Ólafsdóttir

Rafiðnaðarsamband Íslands

Félag íslenskra símamanna

Grétar Birkir Guðmundsson
Kristín Þóra Benediktsdóttir
Guðrún S. Bergþórsdóttir

Félag íslenskra rafvirkja

Guðmundur Gunnarsson
Ísleifur Tómasson
Stefán Sveinsson
Björn Ágúst Sigurjónsson

Svanborg Hilmarsdóttir

Félag rafeindavirkja

Kristján Þórður Snæbjarnarson
Örn Kristinsson
Þórunn Stefanía Jónsdóttir

Félag tæknifólks í rafíðnaði

Jakob Tryggvason
Páll Sveinn Guðmundsson
Þorsteinn Úlfar Björnsson

Rafíðnaðarfélag Suðurnesja

Georg Grundfjörð Georgsson

Rafvirkjafélag Norðurlands

Helgi Jónsson

Félag nema í rafíðnum

Helgi Einarsson
Félag rafíðnaðarmanna Suðurlandi
Helgi Guðmundsson

Félag sýningarstjóra við kvikmyndahús

Félag símsmiða
Sigurgeir Ólafsson
Einar A. Kristinsson

Samiðn, samband iðnfélaga

Fagfélagið

Finnbjörn A. Hermannsson
Heimir Þorleifur Kristinsson
Sigurtjón Einarsson
Guðmundur Ómar Guðmundsson

Félag hársnyrtisveina

Súsanna Björg Vilhjálmsdóttir
Lilja Kristbjörg Sæmundsdóttir

Félag iðn- og tæknigreina

Hilmar Harðarson
Tryggvi Frímann Arnarson
Sveinn Ingason
Ármann Ægir Magnússon
Gunnar Björn Gunnbjörnsson
Vilhjálmur G. Gunnarsson
Ólafur Sævar Magnússon
Georg Óskar Ólafsson
Helgi Pálsson
Sveinn Jónsson

Þingiðn

Jónas Kristjánsson

AFL Starfsgreinafélag

Sigurður Hólm Freysson
Sævar Örn Arngrímsson

Félag járníðnaðarmanna, Ísafirði

Halldór Óli Hjálmarsson

Félag málmíðnaðarmanna, Akureyri

Hákon Hákonarson
Brynjólfur Jónsson

Sjómannasamband Íslands

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur

Hermann Magnús Sigurðsson
Kári Magnús Ölversson
Sævar Gunnarsson

Verkalýðsfélag Akraness

Pétur Þór Lárusson

Sjómanna- og vélstjórafélag Eyjafjarðar

Konráð Þorsteinn Alfreðsson

Sigurður Viðar Heimisson
Kristinn Sigurður Pálsson

AFL Starfsgreinafélag

Grétar Ólafsson
Stephen Róbert Johnson

Sjómannafélagið Jötunn

Valmundur Valmundsson
Sigurður Sveinsson

Starfsgreinasamband Íslands

Efling-stéttarfélag

Franz Arason
Guðjón Ágúst Norðdahl
Guðmundur Þ. Jónsson
Halldór Valur Geirsson
Hörður Aðalsteinsson
Ingi Bjarnar Guðmundsson
Ingólfur Björgvin Jónsson
Ingvar Vigur Halldórsson
Jens Þorsteinsson
Jóhann Ingvar Harðarson
Magnús Jakobsson
Ólafur Haraldsson
Ragnar Ólason
Sigurður Bessason
Snorri Ársælsson
Stanislaw Bukowski
Stefán Gíslason
Sæmundur Steingrímsson
Tryggvi Marteinson
Viðar Ottesen
Þorsteinn M. Kristjánsson
Þórður Oddsson
Þórður Ólafsson
Helgi Jóhann Þórðarson
Elín Jónsdóttir
Elín Lorenza Tangolamos

Elínbjörg Magnúsdóttir
Faney Helga Friðriksdóttir
Guðný Óskarsdóttir
Hrönn Bjarnþórsdóttir
Jódís Sigurðardóttir
Jóna Sigríður Gestsdóttir
Kristrún Sigurðardóttir
Lydia V. Jónsson
Signe Reidun Skarsbö
Sigurey Agatha Ólafsdóttir
Sigurrós Kristinsdóttir
Þóra Jónsdóttir
Þóra Sigurbjörnsdóttir
Helga Eyjólfsdóttir
Ragnheiður A. Þorsteinsdóttir
Sædís Cavan Tangolamos
Aðalbjörg J. Jóhannesdóttir
Kristbjörg B. Guðjónsdóttir
Lilja Eiríksdóttir
Ruth Jóhanna Arelúsdóttir
Jónína Sigurðardóttir

Verkalýðsfélagið Hlíf

Kolbeinn Gunnarsson
Björn Bragi Sverrisson
Pétur Freyr Ragnarsson
Linda Baldursdóttir
Sigríður Þorleifsdóttir
Halldóra Margrét Árnadóttir

Verkalýðs- og sjómannafélag

Keflavíkur og nágrennis

Kristján G. Gunnarsson
Jóhannes D. Halldórsson
Vigdís Sigurjónsdóttir
Ásdís Ingadóttir
Fjóla Svavarsdóttir
Sigurbjörg Eiríksdóttir

Verkalýðsfélag Grindavíkur

Benoný Benediktsson

Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis

Magnús Sigfús Magnússon

Verkalýðsfélag Akraness

Vilhjálmur E. Birgisson

Jón Jónsson

Skúlína Hlíf Guðmundsdóttir

Guðrún Linda Helgadóttir

Jóna Ágústa Adolfsdóttir

Stéttarfélag Vesturlands

Sigurþór Óskar Ágústsson

Signý Jóhannesdóttir

Elín Guðrún Tómasdóttir

Stéttarfélagið Samstaða

Eiríkur Pálsson

Ásgerður Pálsdóttir

Verkalýðsfélag Snæfellinga

Sigurður A. Guðmundsson

Þorsteinn Sigurðsson

Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Finnbogi Sveinbjörnsson

Ólafur Baldursson

Guðjón Kristinn Harðarson

Sólrun Bryndís Aradóttir

Aldan stéttarfélag

Þórarinn Guðni Sverrisson

Arna Dröfn Björnsdóttir

Eining – Iðja

Björn Snæbjörnsson

Ingvar Kristjánsson

Ingvar Örn Sigurbjörnsson

Anna Júlíusdóttir

Hafdís Ósk Kristjánsdóttir

Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir

Margrét Jónsdóttir

Marzibil E. Kristjánsdóttir

Matthildur Sigurjónsdóttir

Sigríður K. Bjarkadóttir

Framsýn-stéttarfélag

Aðalsteinn Árni Baldursson

Agnes Einarsdóttir

Guðný Ingibjörg Grímsdóttir

Verkalýðsfélag Þórshafnar

Svala Sævarsdóttir

AFL Starfsgreinafélag

Eypór Guðmundsson

Jens Hjelm

Kristján Magnússon

Reynir Arnórsson

Sverrir Mar Albertsson

Bryndís Aradóttir

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir

Jóna Járnbrá Jónsdóttir

Steinunn Zoëga

Drífandi stéttarfélag

Arnar G. Hjaltalín

Guðný Óskarsdóttir

Verkalýðsfélag Suðurlands

Már Guðnason

Eiríkur Tryggvi Ástþórsson

Báran stéttarfélag

Örn Bragi Tryggvason

Halldóra Sigríður Sveinsdóttir
Ragnhildur Eiríksdóttir

**Verkalýðs- og sjómannafélag Bol-
ungarvíkur**
Lárus Benediktsson

Breytingar eftir fund kjörbréfanefndar

20. OKTÓBER 2009

Félög með beina aðild Mjólkurfræðingafélag Íslands

Hermann Jóhannsson	Varamaður	Mætir
Markús Betúel Jósefsson	Aðalmaður	Forfallaðist

Landssamband íslenzkra verzlunarmanna VR

Anna Björg Siggeirsdóttir	Varamaður	Mætir
Esther Judit Steinsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Hjördís Garðarsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Ingibjörg Finnbogadóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
María Jóna Hauksdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Steinunn Böðvarsdóttir	Varamaður	Mætir
Þórunn Jónsdóttir	Varamaður	Mætir
Tinna Dögg Guðlaugsdóttir	Varamaður	Mætir

Verslunarmannafélag Suðurnesja

Ásta Pálína Stefánsdóttir	Varamaður	Mætir
Sigrún Ólafsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist

AFL Starfsgreinafélag

Anna Ólafsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Guðlaugur Þ. Bjarnason	Varamaður	Mætir

Rafiðnaðarsamband Íslands

Félag tæknifólks í rafiðnaði

Páll Sveinn Guðmundsson	Aðalmaður	Forfallaðist
-------------------------	-----------	--------------

Rafvirkjafélag Norðurlands

Brynjar Hermannsson	Varamaður	Mætir
Helgi Jónsson	Aðalmaður	Forfallaðist

Félag sýningarstjóra við kvikmyndahús

Stefán Ó. Guðmundsson	Varamaður	Mætir
-----------------------	-----------	-------

Samiðn, samband iðnfélaga

Fagfélagið

Guðmundur Guðmundsson	Varamaður	Mætir
Guðmundur Ó. Guðmundsson	Aðalmaður	Forfallaðist

Starfsgreinasamband Íslands

Efling-stéttarfélag

Aðalbjörg J. Jóhannesdóttir	Varamaður	Mætir
Ágústína Örð Karlsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Heimir Hafliðason	Aðalmaður	Forfallaðist
Helgi Jóhann Þórðarson	Varamaður	Mætir
Ingibjörg J. Guðmundsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Jenný Jensdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Jónína Sigurðardóttir	Varamaður	Mætir
Kristbjörg B. Guðjónsdóttir	Varamaður	Mætir
Lilja Eiríksdóttir	Varamaður	Mætir
Róbert Karl Ingimundarson	Aðalmaður	Forfallaðist
Ruth Jóhanna Árelíusdóttir	Varamaður	Mætir
Puríður Ingimundardóttir	Aðalmaður	Forfallaðist

Verkalýðs og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis

Guðjón H. Arngrímsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Sigurbjörg Eiríksdóttir	Varamaður	Mætir

Framsýn-stéttarfélag

Agnes Einarsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Kristbjörg Sigurðardóttir	Varamaður	Mætir

Verkalýðsfélag Þórshafnar

Kristín Kristjánsdóttir	Varamaður	Forfallaðist
Svala Sævarsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist

AFL Starfsgreinafélag

Bryndís Aradóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Sverrir Kristján Einarsson	Varamaður	Mætir



Af vettvangi miðstjórnar ASÍ

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands kemur að jafnaði saman tvisvar í mánuði ef frá er talið tímabilið frá miðjum júní fram í seinni hluta ágústmánaðar ár hvert. Miðstjórnin fer með æðsta vald í málefnum Alþýðusambandsins á milli ársfunda/þinga ASÍ. Á vettvangi miðstjórnar er fjallað um allt það helsta er varðar stefnumótun og starf Alþýðusambandsins og samskipti við aðildarsamtökin, samtök atvinnurekenda, stjórnvöld og aðra aðila er tengjast starfi verkalýðshreyfingarinnar og hagsmunum launafólks. Ákvarðanir eru teknar um meginlínurnar í starfseminni með gerð starfs- og fjárhagsáætlunar sem samþykkt er í byrjun hvers árs. Þá eru áherslur og stefna ASÍ í þeim málum, sem hæst ber hverju sinni, mótaðar og útfærðar frekar á grundvelli samþykktar ársfunda ASÍ.

Fjöldmörg mál komu til kasta miðstjórnar ASÍ á tímabilinu frá ársfundi ASÍ 2010.

Í upphafi árs 2011 afgreiddi miðstjórn starfs- og fjárhagsáætlun ASÍ fyrir yfirstandandi ár. Starfs- og fjárhagsáætlunin mótar þann ramma, sem starfsemin byggir á, og leggur stóru línurnar varðandi áherslur í starfinu og ráðstöfun þeirra fjármuna sem Alþýðusambandið hefur til ráðstöfunar hverju sinni.

Eins og undangengin ár hafa efnahags- og atvinnumálin, málefni atvinnulausra, staðan á vinnumarkaði og staða heimilanna í landinu í kjölfar hrunsins

verið meginviðfangsefnin á öllum fundum miðstjórnar. Þá fjallaði miðstjórnin á mörgum fundum um undirbúning og síðan kjarasamningaviðræðurnar og samningana sjálfa ásamt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Umfjöllunin fólst í upplýsingamiðlun og greiningu á stöðu mála og stefnumótun af hálfu miðstjórnar sem bæði hefur komið fram í ályktunum um efnið og aðgerðum Alþýðusambandsins.

Miðstjórnin fjallaði um allar tilnefningar af hálfu ASÍ í opinberar nefndir og ráð og umboð fyrir fulltrúa sambandsins.

Loks má nefna að undirbúningur fyrir formannafund ASÍ 2011 hefur verið á dagskrá miðstjórnar á seinni hluta tímabilsins.

Hér á eftir er gerð frekari grein fyrir umfjöllun og ákvörðunum miðstjórnar ASÍ í nokkrum málum á því tímabili sem skýrslan tekur til. Á öðrum stað í skýrslunni eru ályktanir miðstjórnar birtar sérstaklega. Þar er einnig fjallað ítarlega um fjölmörg þeirra mála sem rædd voru á fundum miðstjórnar.

Umfjöllun um efnahags-, atvinnu- og kjaramál

Eins og segir hér að framan var umfjöllun um efnahags-, atvinnu- og kjaramál helsta viðfangsefni miðstjórnar allt tímabilið. Ítrekað var ályktað um þessi mál eins og sjá má í kaflanum hér á eftir.

Segja má að umræður haustið 2010 hafi mjög tengst fjárlagafrumvarpinu sem lagt var fram í byrjun október. Af hálfu ASÍ voru forsendur fjárlaganna gagnrýndar. Þá var gagnrýnt að gert væri ráð fyrir að bætur yrðu frystar eitt árið enn. Einnig var gagnrýnt hvernig standa ætti að niðurskurði í heilbrigðis-kerfinu víða úti um land. Á vettvangi miðstjórnar var líka mikil umræða um aðgerðir í þágu skuldsettra heimila og voru stjórnvöld gagnrýnd fyrir seinangang og stefnuleysi í þeim efnunum. Ítrekað var fjallað um atvinnumálin og stefnu- og aðgerðaleyfi og svikin loforð stjórnvalda. Komu fram áhyggjur um mikið og varanlegt atvinnuleysi og stöðuga fjölgun langtímaatvinnulausra.

Frá ársbyrjun 2011 fór umræðan í miðstjórn í vaxandi mæli að hverfast um undirbúning kjarasamninganna og síðan kjarasamningaviðræðurnar sjálfar og viðræðurnar við stjórnvöld í tengslum við kjarasamningana. Á öðrum stað í skýrslunni er fjallað sérstaklega um kjarasamningaviðræðurnar og það sem út úr þeim kom.

Ársfundur ASÍ 2010

Á fundi miðstjórnar 22. september 2010 var ársfundur ASÍ 2010 til umfjöllunar. Á fundinum var yfirskrift ársfundarins ákveðin: „Stopp – hingað og ekki lengra“. Ákvörðuninni fylgdi að það væri síðan ársfundarins að móta sýn og kröfur Alþýðusambandsins til framtíðar. Á fundinum var dagskrá ársfundarins og fyrirkomulag jafnframt ákveðið og samþykkt að senda út til aðildarfélaganna

tillögur til breytinga á lögum sambandsins. Áður hafði verið ákveðið að mál-efni fyrir ársfundinn og vinna í málstofum yrði þrjúþætt: Efnahags- og kjaramál, atvinnu- og umhverfismál og félags- og vinnumarkaðsmál. Þá var ákveðið að nýta „miðlunaraðferðina“ í málstofunum þar sem með þeim hætti mætti best tryggja virka þátttöku allra ársfundarfulltrúa og áhrif þeirra á niðurstöðurnar.

Þing ASÍ 2012

Á fundi miðstjórnar 10. nóvember 2010 var samþykkt að stefna að því að þing ASÍ, samkvæmt breyttum lögum sambandsins, verði dagana 24.–26. október 2012.

Samstarfsyfirlýsing aðila vinnumarkaðarins og mennta- og menningarmálaráðherra

Á fundi miðstjórnar 24. nóvember 2010 var fjallað um drög að samstarfsyfirlýsingu aðila vinnumarkaðarins og mennta- og menningarmálaráðherra um framhaldsfræðslu og menntamál og drög að þjónustusamningi milli Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Var það mat miðstjórnar að niðurstaðan væri í ágætu samræmi við það sem aðilar vinnumarkaðarins lögðu upp með og reynsluna af samstarfi þessara aðila síðustu ár.

Í umræðunni í miðstjórn komu fram miklar áhyggjur af skerðingu á fjármunum til verk- og starfsnáms og alvarlegum afleiðingum hennar. Var í því sambandi áréttað mikilvægi menntunar einmitt við núverandi aðstæður, fyrir einstaklingana, atvinnulífið og samfélagið allt. Einnig var áréttað mikilvægi þess að tryggja eðlilegt samspil atvinnuleysistryggingakerfisins og námslána-/námsstyrkjakerfis fyrir atvinnuleitendur sem vilja hefja nám.

Starfs- og fjárhagsáætlun ASÍ fyrir árið 2011

Starfs- og fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2011 var til umfjöllunar á tveimur fundum miðstjórnar ASÍ í janúar 2011 og staðfest á seinni fundinum. Eins og við var að búast einkenndist starfsáætlunin og verkefni ASÍ mjög af viðbrögðum við stöðu efnahags-, atvinnu- og félagsmála og kjarasamningagerð á árinu.

Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir

Á fundi miðstjórnar 23. febrúar var fjallað ítarlega um málefni Atvinnuleysistryggingasjóðs, virkar vinnumarkaðsaðgerðir og stöðu þeirra mála. Þar var áréttuð sú skoðun að þjónusta við atvinnulausa, vinnumarkaðsúrreiði og vinnumiðlun af hálfu Vinnuálastofnunar væru langt frá því að vera fullnægjandi. Jafnframt komu fram áhyggjur vegna mikillar fjölgunar langtímaatvinnulausra.

Áréttáð var að mikilvægt væri að stéttarfélögin og aðilar vinnumarkaðarins kæmu með mun virkari hætti að þjónustu, úrræðum og vinnumiðluninni í þeim tilgangi að bæta stöðu atvinnulausra og möguleika þeirra til starfa. Samþykkt var að eiga viðræður við stjórnvöld í tengslum við gerð kjarasamninganna um þetta efni.

Niðurstaða viðræðna við stjórnvöld var yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um að farið yrði í tilraunaverkefni á grundvelli hugmynda aðila vinnumarkaðarins og er gerð frekari grein fyrir því efni annars staðar í þessari skýrslu.

1. maí 2011

Á fundi miðstjórnar ASÍ 13. apríl var fjallað um yfirskrift aðgerða verkalýðshreyfingarinnar 1. maí. Í ljósi þeirrar óvissu, sem var varðandi kjarasamningana, var ákveðið að doka við og afgreiða málið með rafrænum hætti síðar í mánuðinum. Það var gert og á fundi miðstjórnar 27. apríl var yfirskrift 1. maí-aðgerðanna staðfest: „Aukum atvinnu – bætum kjörin“. Í yfirlýsingu ASÍ með yfirskriftinni sagði:

Atvinna og aukinn kaupmáttur leggja grunn að þeirri velferð sem við viljum búa við. Staðreyndin er sú að atvinnuleysi er mikið og kaupmáttur hefur minnkað. Þeirri þróun verður að snúa við með aukinni verðmætasköpun og nýjum fjárfestingum. Ísland er í fararbroddi í vistvænni orkunýtingu og á þar mörg ónýtt tækifæri. Ýta verður undir nýsköpun, styðja við sprotafyrirtæki, auðvelda erlenda fjárfestingu, auka fullvinnslu innanlands og bæta markaðssetningu erlendis á afurðum, þjónustu og hugviti.

Verkalýðshreyfingin krefst þess að þegar verði gengið til kjarasamninga af fullri alvöru. Verkalýðshreyfingin hafnar yfiringu atvinnurekenda sem tekið hafa kjarasamninga launafólks í gíslingu sérhagsmuna. Við viljum samstarf sem tryggir aukin kaupmátt og jöfnun kjara en höfnum grófri aðför að hagsmunum launafólks. Með slagkrafti samstöðunnar stöndum við vörð um okkar hag og áframhaldandi velferð á Íslandi – með átökum ef með þarf!

Alþýðusamband Íslands óskar launafólki til hamingju með daginn og hvetur til víðtækrar þátttöku og samstöðu í aðgerðum stéttarfélaganna 1. maí.

Stuðningur við ýmsa aðila

Alþýðusambandið styrkir líknar- og góðgerðarfélag á hverju ári um sem nemur u.þ.b. einni milljón króna. Er leitast við að dreifa þessum styrkjum sem víðast. Auk þessa hefur ASÍ styrkt jólaúthlutun Hjálparstarfs kirkjunnar, Rauða krossins og Mæðrastyksnefndar um hálfa milljón fyrir jólin undanfarin ár. Aðstoðin fer fram um allt land m.a. með úthlutun á matvælum og fatnaði til þeirra sem eiga í fjárhagslegum erfiðleikum.

Alþýðusambandið er samstarfs- og styrktaraðili Jafningjafraeðslunnar. Samvinna ASÍ og Jafningjafraeðslunnar hófst árið 2009 og hefur tekist mjög

Samstarf ASÍ og Jafningjafræðslunnar innsiglað.



vel. Leiðbeinendur Jafningjafræðslunnar uppfærða 13-15 ára krakka í Vinnuskóla Reykjavíkur um verkalýðshreyfinguna og helstu réttindamál á vinnumarkaði. Jafningjafræðslan er forvarnarstarf unnið af ungu fólki þar sem fræðslan byggist á að bæta sjálfsmynd unga fólksins. Rætt er um vinnuréttindi, vímuefni, átraskanir, kynlíf, kynferðisofbeldi, samkynhneigð, einelti, fordóma og fleira forvarnartengt. Jafningjafræðslan nær til 3000 ungmenna á hverju sumri á aldrinum 13-15 ára.

Saga ASÍ

Á fundi miðstjórnar 7. september 2011 var fjallað um stöðuna varðandi ritun sögu ASÍ. Þar kom fram að ritun fyrri bindisins er nú að fullu lokið og að annað bindið er nánast fullbúið til útgáfu. Af hálfu Alþýðusambandsins hafa staðið yfir viðræður við bókaútgefendur um útgáfu verksins. Kom fram að reiknað væri með að samningar næðust innan tíðar og verkið yrði gefið út á fyrri hluta árs 2012. Jafnframt kom fram að mjög hefði verið vandað til söguritarinnar og að metnaður yrði lagður í að gera verkið allt sem best úr garði við útgáfuna sjálfa.

Formannafundur ASÍ 2011

Á fundi miðstjórnar 7. september var staðfest að reglulegur formannafundur ASÍ 2011 samkvæmt lögum sambandsins yrði haldinn 26. október í Reykjavík. Jafnframt var ákveðið að meginviðfangsefni formannafundarins að þessu sinni yrðu atvinnumálin þar sem annars vegar verði fjallað um stöðu atvinnumála og uppbyggingu til að auka atvinnu og hins vegar um aðgerðir og úrræði til að bæta stöðu og virkni atvinnulausra. Auk framlags af hálfu ASÍ yrði leitað til aðila utan sambandsins sem hefðu áhugaverða sýn á þróun atvinnumála. Þá var á fundinum fjallað um ýmis framkvæmdaatriði í tengslum við formannafundinn enda í fyrsta skipti sem slíkur fundur er haldinn samkvæmt nýsamþykktum lögum ASÍ.

Ályktanir miðstjórnar ASÍ

Ályktun um fjárlagafrumvarpið 13. október 2010

Miðstjórn ASÍ lýsir áhyggjum af stöðu velferðarkerfisins í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011. Ömurlegt er að horfa upp á þær afleiðingar sem nýfrjálsbyggjan og bankahrunið hefur haft á íslenskt samfélag. Afleiðingarnar eru m.a. þær að ríkissjóður er nú rekinn með gríðarlegum halla sem ógnar velferðarkerfinu ef ekkert er að gert.

Miðstjórn leggur áherslu á að mótuð sé þróttmikil stefna í efnahags- og atvinnumálum sem komi hjólum atvinnulífsins í gang á ný. Mikilvægi aukinnar verðmætasköpunar, sem leggur grunn að auknum tekjum til framtíðar fyrir heimilin, fyrirtækin og ríkissjóð, hefur aldrei verið meira.

Á niðurskurðartímum þarf að standa vörð um þá sem búa við lökust kjör. Hlífa þarf viðkvæmustu þáttum velferðarkerfisins, sem kostur er, og nýta skattkerfið til tekjujöfnunar. Það er því með öllu óásættanlegt að sækja eigi þungann í sparnaði ríkisins til þeirra sem síst eru aflögufærir. Öryrkjar, eldri borgarar og atvinnulausir geta ekki búið við óbreyttar bætur enn eitt árið eins og lagt er til í fjárlagafrumvarpinu. Þá er ekki hægt að ganga í vasa barnafólks með því að skerða barnabætur og skuldsett heimili þola ekki að vaxtabætur séu skertar. Það er heldur ekki ásættanlegt að ríkisstjórnin skuli svíkja samninga við verkalyðshreyfinguna um hækkun persónuafsláttar sem leiðir til þess að skattbyrði verður 8 milljörðum meiri en ella hefði verið. Sú aukna skattbyrði kemur hlutfalllega harðast niður á þeim sem lægst hafa tekjurnar.

Sú skerðing, sem nú er boðuð á fjárveitingum til heilbrigðisþjónustu víða á landsbyggðinni, mun hafa veruleg áhrif á mörg byggðarlög. Miðstjórn ASÍ telur að vanda þurfi til verka þegar breytingar eru gerðar á nærþjónustu og að stjórnvöld verði að hafa samráð við heimamenn um framkvæmdina.

Ályktun um stöðu kjarasamninga og óásættanlegar kröfur SA 26. janúar 2011

Miðstjórn ASÍ lýsir yfir megnri óánægju með þá stöðu sem upp er komin í yfirstandandi kjarasamningaviðræðum. Samningsaðilar hafa á undanförunum vikum kannað forsendur fyrir því að samið verði til allt að þriggja ára á grundvelli samræmdrar launastefnu og aðgerðaáætlunar í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum. Allt benti til þess að hægt væri að ná breiðri samstöðu um slíka leið. Nú hafa Samtök atvinnulífsins lýst því yfir að samtökin muni taka efni slíks samnings og nota sem þvingunaraðgerð við stjórnvöld til að knýja fram að væntanlegar breytingar á fiskveiðistjórnunarlaggjöfinni verði þóknanlegar LÍÚ.

Þetta er með öllu óásættanlegt. Alþýðusambandið getur ekki og mun ekki láta atvinnurekendur taka kjarasamningaviðræður í gíslingu til að verja sérhagsmuni útgerðarmanna. Því hefur samninganefnd ASÍ ákveðið að hætta öllum þreifingum við Samtök atvinnulífsins um gerð kjarasamnings á fyrrgreindum forsendum. Miðstjórn ASÍ hvetur aðildarfélög sín til þess að hraða vinnu við gerð kjarasamninga á grundvelli þeirrar kröfugerðar sem þau hafa lagt fram við atvinnurekendur. Jafnframt áréttar ASÍ kröfuna um að velferðarráðherra leggi þegar fram neysluviðmið sem hann hefur boðað.

Miðstjórn ASÍ átelur Samtök atvinnulífsins harðlega fyrir að láta þrönga sérhagsmuni fámenns hóps útgerðarmanna ráða afstöðu sinni í stað þess að horfa til hagsmuna þorra fyrirtækja og alls launafólks. Að sama skapi er það mat miðstjórnar ASÍ að það sé algerlega óásættanlegt að atvinnurekendur dragi úr hömlu að ljúka kjarasamningum. Í ljósi þeirrar miklu óvissu, sem ríkir í íslensku efnahags- og atvinnulífi, telur miðstjórnin flest rök hníga að því að gera kjarasamninga til skamms tíma.

Ályktun um kjaramál 9. febrúar 2011

Ákvörðun Samtaka atvinnulífsins að tengja saman með ólögmatum hætti viðræður um gerð kjarasamninga við tiltekna niðurstöðu Alþingis í sjávarútvegsmálum hefur sett allan vinnumarkaðinn í uppnám og óvissu. Það er skoðun miðstjórnar ASÍ að með þessu komi SA í veg fyrir að hægt verði að hefja markvissa uppbyggingu og vöxt atvinnulífsins sem leitt gæti til fjölgunar starfa og aukinna tekna. Það skýtur því skökku við að hlusta á forystumenn SA tala um að þeir vilji fara atvinnuleiðina út úr kreppunni því það er sú leið sem þeir hafa tekið í gíslingu vegna hagsmuna útgerðarmanna. Þetta er tvískinnungur af ódýrasta tagi.

Miðstjórn ASÍ minnr á, að það er grundvallarskylda atvinnurekenda og samtaka launafólks að gera samninga um kaup og kjör. Launafólk krefst þess að gengið verði nú þegar til viðræðna um nýjan kjarasamning til að hefja þá vegferð að endurheimta þann kaupmátt sem tapast hefur. Aðeins þannig er hægt að hefja fyrir alvöru og með fullum krafti atvinnusköpun og uppbyggingu í atvinnu- og efnahagslífi. Það er hin sanna atvinnuleið út úr kreppunni.

ASÍ gerir þá kröfu að SA hefji nú þegar alvöruviðræður um kjarasamninga og mun setjast að því borði í fullri vissu um að SA muni fara að landslögum og standa undir þeirri frumskyldu sinni að ganga til kjarasamninga á grundvelli laga nr. 80/1938 og skv. þeim leikreglum sem þar eru lagðar. Þannig eru lögin í landinu og eftir þeim fer ASÍ. Alþýðusambandið tekur ekki þátt í háskalegum hráskinnaleik SA.

Miðstjórn ASÍ ítrekar að Alþýðusambandið mun nú sem fyrr gæta bæði heildarhagsmuna almennings gagnvart stjórnvöldum og atvinnurekendum,

hvort sem um er að ræða sjávarútvegsmál eða önnur mál, sem varða grundvallarhagsmuni almennings, samhliða því að gæta hagsmuna þeirra félagsmanna okkar sem starfa í sjávarútvegi. Þannig mun verkalýðshreyfingin á lögmætan hátt leitast við að tryggja að niðurstaða í sjávarútvegsmálum verði í samræmi við hagsmuni þjóðarinnar í heild og starfsmanna viðkomandi greina.

Ályktun um kjaradeilu starfsmanna í fiskimjölsverksmiðjum 9. febrúar 2011

Starfsmenn í fiskimjölsbræðslum hafa samþykkt að boða til verkfalls eftir að upp úr viðræðum slitnaði við atvinnurekendur um síðustu helgi.

Aðdragandi málsins er margra ára deila starfsmanna við Samtök atvinnulífsins um sjálfstætt gildi sérkjarasamnings þeirra sem endaði fyrir Félagsdómi í síðustu viku. Þrátt fyrir að boðun fyrra verkfalls hafi verið dæmd ólögmæt staðfesti Félagsdómur þann rétt starfsmanna að krefjast sérkjarasamnings um sín störf.

Í viðræðum stéttarfélaganna um síðustu helgi voru í ljósi þessarar niðurstöðu lagðar fram breyttar hugmyndir um lausn sem er í samræmi við þær megináherslur sem lagðar hafa verið fram um breytingar á aðalkjarasamningi. Þrátt fyrir það voru atvinnurekendur ekki reiðubúnir til þess að setjast að samningaborði.

Miðstjórn ASÍ hefur því fullan skilning á fyrirhuguðum aðgerðum til þess að þvinga atvinnurekendur til að koma að raunverulegum viðræðum um lausn kjaramála. Jafnframt hvetur miðstjórn ASÍ önnur félög og félagsmenn þeirra til þess að standa vörð um rétt þessara félaga okkar til þess að beita verkfallsvopninu og ganga ekki í störf þeirra. Alþýðusambandið mun einnig beita tengslum sínum við systursamtök okkar í Færeyjum, Skotlandi og Noregi til þess að koma í veg fyrir löndun þar.

Ályktun um stöðu kjaraviðræðna vegna þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave 23. febrúar 2011

Forseti Íslands hefur vísað lögum um staðfestingu á samningi Íslands, Bretlands og Hollands til lausnar á Icesave-deilunni til þjóðarinnar. Íslenskt launafólk stendur því frammi fyrir að taka afstöðu í almennri og lýðræðislegri þjóðaratkvæðagreiðslu til tveggja kosta: hvort farin verði leið samninga eða leið langvinnra málaferla til lausnar á þessu erfiða deilumáli þessara þjóða. Aðrir kostir eru ekki í boði.

Hin fyrri, leið samninga, byggir á sameiginlegu mati aukins meirihluta Alþingis, stjórnar og stjórnarandstöðu, og þeirra 9 þingmanna af 11 í fjárlaganefnd sem besta og gleggsta yfirsýn hafa yfir málið. Síðari leiðin byggir á rökum þeirra sem telja affæræsælast fyrir Ísland að EFTA-dómstóllinn og í

framhaldi af því íslenska dómkerfið eigi síðasta orðið. EFTA-dómstólnum ber að byggja niðurstöður sínar á þeim tilskipunum og reglum Evrópusambandsins og túlkunum Evrópuþingsmálsins sem gildi hafa á Evrópska efnahagssvæðinu.

Alþýðusamband Íslands hefur allt frá hruni lagt á það megináherslu að byggja upp að nýju íslenskt efnahags- og atvinnulíf. Það er eina færa leiðin til þess að vinna til baka þau störf, sem tapast hafa á liðnum árum, vinna til baka þann kaupmátt, sem almennt launafólk hefur misst, og endurheimta þannig fyrri lífskjör. ASÍ hefur því á undanförunum árum lagt mikla áherslu á víðtækt samstarf og samráð aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda til að draga úr óvissu, koma á umhverfi meiri stöðugleika í gengis- og verðlagsmálum, gera kjarasamninga um aukinn kaupmátt og jöfnun kjara, auka fjárfestingar og byggja upp atvinnulífið samhliða því að standa vörð um viðkvæmstu þætti velferðarkerfisins.

Gerð kjarasamninga til næstu þriggja ára skiptir þar miklu með því að draga úr óvissu og sameinast um leiðirnar. Þrátt fyrir að niðurstaða þjóðaatkvæðagreiðslunnar geti haft afgerandi áhrif á forsendur slíks kjarasamnings telur miðstjórn ASÍ mikilvægt að vinnu við gerð kjarasamninga verði haldið áfram á grundvelli þess samkomulags, sem gert var við Samtök atvinnulífsins 11. febrúar sl., um að miða við gerð samnings til þriggja ára. Í því samkomulagi var gert ráð fyrir að takist ekki að sameinast um forsendur slíks samnings með stjórnvöldum og Alþingi breytist hann í skammtímasamning.

Það má ljóst vera að það skiptir allt launafólk miklu máli hvor leiðin verður ofan á við lausn Icesave-deilunnar. Miðstjórn Alþýðusambands Íslands mun því hvetja alla félagsmenn sína til að taka þátt í væntanlegri þjóðaratkvæðagreiðslu. Jafnframt telur miðstjórn ASÍ það vera hlutverk Alþýðusambandsins að leitast við að upplýsa félagsmenn sína sem allra best í aðdraganda hennar um kosti og galla þeirra valkosta sem eru í boði.

Ályktun um tannlækningar fyrir börn og ungmenni 25. maí 2011

Miðstjórn ASÍ skorar á velferðarráðherra að tryggja nú þegar að öll börn og ungmenni hér á landi hafi aðgang að tannheilbrigðisþjónustu óháð efnahag og búsetu fjölskyldna. Velferðarkerfið á ekki að byggja á sértækum lausnum fyrir afmarkaða hópa heldur treysta almennt fjárhagslegt og félagslegt öryggi allra. Okkur ber að tryggja tannheilbrigði barna og ungmenna líkt og annað heilbrigði og því er eðlilegt og sjálfsagt að tannlækningar fyrir þennan hóp séu hluti af almennri heilbrigðisþjónustu og kostnaðarþátttaka sjúkratrygginga í samræmi við það.



Efnahagsmál

Efnahagslífið er byrjað að taka við sér eftir eina dýpstu efnahagslægð seinni tíma. Heimili og fyrirtæki eru byrjuð að taka við sér á ný eftir erfiða aðlögun en búast má við að efnahagsbatinn verði hægur og erfitt verði að endurheimta fyrri lífskjör. Það hefur gengið hægar að koma hjólum atvinnulífsins af stað á nýjan leik en vonir stóðu til og mörg brýn verkefni bíða enn úrlausnar. Ríkisstjórnin hefur nauman meirihluta á Alþingi og hefur fyrir vikið átt erfitt með að fá veigamikil mál samþykkt. Náttúruöflin hafa einnig sett strik í reikninginn á árinu. Eldgos og jökulhlaup hafa valdið bændum og ferðaþjónustu tjóni og sett samgöngur úr skorðum. Icesave-deilan við Hollendinga og Breta er enn óleyst og órói á alþjóðafjármálamörkuðum eykur á óvissu um efnahagsframvinduna.

Við þessar aðstæður hafa efnahags- og atvinnumál verið mikið til umfjöllunar á vettvangi miðstjórnar. Hefur miðstjórn ASÍ margoft lýst yfir áhyggjum af þróun og stöðu efnahagsmála og hversu hægt endurreisnin hefur gengið. Við gerð kjarasamninga í vor var rík áhersla lögð á endurreisn atvinnu- og efnahagslífs með þeim árangri að í yfirlýsingu, sem ríkisstjórnin gerði í tengslum við samningana, skuldbatt hún sig til þess að leggja grunn að varanlegum hagvexti og velferð í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins.

Hagdeild ASÍ hefur einnig tekið virkan þátt í umræðunni og hefur m.a.

gefið út skýrslur um horfur og þróun í efnahagmálum. Í október 2010 var gefin út skýrslan „Horfur í efnahagsmálum 2010–2013“. Í skýrslunni kemur m.a. fram að það sé verkefni næstu ára að stækka þjóðarkökuna til þess að bæta megi hér lífskjör á ný. Það verði gert með því að nýta þau tækifæri sem til staðar eru. Sérstaklega er vikið að mikilvægi stóriðjuframkvæmda sem þegar hafi verið ákveðnar.

Í nóvember sendi hagdeildin frá sér minnisblað um skýrslu sérfræðinga-hóps um skuldavanda heimilanna. Í skýrslunni kemur fram að um 10.700 heimili eru í greiðsluvanda vegna íbúðalána sinna, eða tæplega 15% heimila sem skulda húsnæðislán. Vandinn er áberandi mestur hjá tekjulágum heimilum og einstæðum foreldrum.

Í mars sendi hagdeildin svo frá sér endurskoðaða hagspá fyrir árin 2011–2013. Í skýrslunni kemur fram að botni hagsveiflunnar sé náð og hægur vöxtur sé framundan á næstu árum. Myndin, sem dregin er upp, er ekki mjög björt og endurspeglar hún erfiðleikana sem við blasa við endurreisn efnahags- og atvinnulífsins.

Þróun og staða efnahagsmála haustið 2011

Eitt mesta samdráttsskeið á lýðveldistímanum er á enda. Botni hagsveiflunnar var náð á seinni hluta síðasta árs og nýlegar tölur um landsframleiðslu á 1. og 2. ársfjórðungi þessa árs sýna að hagkerfið er farið að vaxa á ný. Það veldur hins vegar vonbrigðum hversu hægur vöxturinn er og lítið má bera út af til þess að hann verði að engu. Fjárfestingar vaxa ekki eins mikið og vonir stóðu til og mikil óvissa ríkir um nokkrar framkvæmdir sem fyrirhugaðar voru, svo sem byggingu kísilverksmiðju í Helguvík og álver í Helguvík. Vöxtur útflutnings veldur einnig vonbrigðum. Þrátt fyrir veika krónu og þar með sterka samkeppnisstöðu við erlenda keppninauta og auknar veiðiheimildir þá hefur útflutningur ekki vaxið eins og menn vonuðu. Við þetta bætist að gengi krónunnar hefur veikst frá því í fyrra og verðbólga hefur aukist á ný.

Landsframleiðslan dróst saman í fyrra um 4% og er það annað samdráttarárið í röð. Frá hruni hefur landsframleiðslan skroppið saman um ríflega 10% og er nú svipuð og hún var 2005. Á sama tíma hefur landsframleiðsla á mann minnkað umtalsvert þrátt fyrir brottflutning fólks af landinu. Í fyrra dróst landsframleiðsla á mann saman um 3,6% eftir 6,6% samdrátt árið þar á undan.

Horfur eru á að landsframleiðslan aukist á yfirstandandi ári og hægur vöxtur sé framundan á næstu árum.

Samstarfinu við AGS lokið

Strax eftir hrun var óskað eftir aðstoð frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS).

Helstu kennitölur

Hlutfallsleg magnbreyting	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010*
Hagvöxtur	7,8	7,2	4,7	6,0	1,3	-6,7	-4,0
Verðbólga	3,2	4,0	6,8	5,0	12,4	12,0	5,4
Kaupmáttur launa	1,4	2,6	2,6	3,8	-3,7	-7,3	-0,6
Atvinnuleysi ¹	3,1	2,1	1,3	1,0	1,6	8,0	8,1
Einkaneysla	7,0	12,7	3,6	5,7	-7,9	-14,9	-0,4
Samneysla	2,2	3,5	4,0	4,1	4,6	-1,7	-3,4
Fjármunamyndun	28,7	34,4	24,4	-12,2	-20,0	-51,1	-8,0
Útflutningur	8,4	7,5	-4,6	17,7	7,0	6,6	0,4
Innflutningur	14,5	29,3	11,3	-1,5	-18,4	-24,0	4,0
Víðskiptajöfnuður ²	-9,8	-16,2	-23,8	-15,7	-24,5	-11,7	-11,2
Landsfr.á mann	6,6	6,0	1,8	3,6	-1,3	-6,6	-3,6

Heimild: ASI, Seðlabanki, Hagstofa, Vinnuálastofnun

¹ Hlutfall atvinnulausra af heildarfjölda á vinnumarkaði

² Hlutfall af landsframleiðslu

* Bráðabirgðatölur

Aðstoðin fólst í sérfræðiaðstoð og lánunum frá AGS auk lána frá nágrannapjóðum okkar, samtals upp á 5,1 milljón Bandaríkjadala. Stjórnvöld skuldbundu sig í staðinn til þess að fara eftir sameiginlegri áætlun stjórnvalda og AGS um endurreisn íslensks efnahagslífs. Samstarfinu við AGS lauk í sumar sem leið og síðasti hluti lánsins frá AGS var greiddur út. Sjóðurinn mun hafa skrifstofu hér á landi út árið og búast má við að hann fylgist með þróun efnahagsmála um nokkurt skeið eða þar til greitt hefur verið af láninu frá sjóðnum. Endurgreiðslur af lánunum eiga að hefjast á næsta ári.

Staða heimilanna vænkast

Staðan heimilanna hefur aðeins vænkast frá því í fyrra en mörg heimili eru þó enn í þröngri stöðu. Aðgerðir stjórnvalda til aðstoðar skuldugum heimilum, endurgreiðslur vegna ofgreiddra afborgana á gengistryggðum lánunum og útgreiðsla á séreignarsparnaði hafa létt undir með heimilum en hækkanir á opinberum gjöldum, erfitt atvinnuástand og miklar skuldir hafa vegið þar á móti. Skuldastaða heimilanna batnaði lítillega í fyrra en þá lækkuðu skuldir þeirra í fyrsta skipti eftir hrun. Vísbendingar eru um að staða heimilanna haldi áfram að batna á yfirstandandi ári. Nánar er fjallað um stöðu heimilanna í kaflanum *Velferðarmál*.

Þröng staða heimilanna endurspegladist í miklum samdrætti um ríflega fimmtung frá árinu 2007. Undir lok síðasta árs tók einkaneyslan við sér á ný og hefur haldið áfram að vaxa það sem af er yfirstandandi ári.

Með vaxandi kaupmætti hafa íbúðafjárfestingar tekið við sér eftir samfelldan samdrátt frá ársbyrjun 2008. Fjárfestingar heimilanna hafa haldið áfram að aukast það sem af er þessu ári og á fyrri helmingi ársins jukust þær um tæp 12% frá sama tíma í fyrra. Veltan á fasteignamarkaði hefur, eins og

fyrir segir, aukist umtalsvert. Fjöldi fasteignasamninga ríflega þrefaldaðist í ágúst 2011 frá sama tíma í fyrra og verð á húsnæði á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 6% í júlí frá sama mánuði árið áður.

Hægur viðsnúningur í fjárfestingum

Fjárfestingar drógust saman um 8% í fyrra og er það fjórða árið í röð sem þær minnka. Atvinnuvegafjárfesting stóð í stað á síðast ári eftir mikinn samdrátt undanfarin þrjú ár. Almennt var minni fjárfesting í byggingum og mannvirkjum en þungst vó minni fjárfesting í stóriðju- og orkuverum. Fjárfesting í íbúðarhúsnæði dróst saman um 18% og fjárfesting hins opinbera dróst saman 19%.

Frá árinu 2008 hafa útgjöld þjóðarbúsins til fjárfestinga dregist saman um ríflega helming og eru þær í sögulegu lágmarki eða sem nemur um 13% af landsframleiðslu.

Þetta er alvarleg staða þar sem fjárfestingar eru grunnur að aukinni verðmætasköpun í framtíðinni. Í viðræðum aðila vinnumarkaðarins við stjórnvöld í tengslum við kjarasamninga í maí sl. var lögð sérstök áhersla á að auka fjárfestingar með það að markmiði að auka landsframleiðsluna um 4–5% á ári. Kemur fram í yfirlýsingu frá ríkisstjórninni að í lok samningstímans sé stefnt að því að fjárfestingar verði 350 milljarðar á ári eða sem nemur um 20% af landsframleiðslu. Sem lið í að ná þeim markmiðum hafa stjórnvöld skuldbundið sig til að beita sér fyrir fjölda verklegra framkvæmda.

Þrátt fyrir að viðsnúningur hafi orðið í fjárfestingum á þessu ári hefur það valdið vonbrigðum hvað vöxturinn er lítill. Heildarfjárfestingar jukust aðeins um 2% á fyrri helmingi þessa árs frá sama tíma í fyrra. Þar af hafa fjárfestingar atvinnuveganna aukist um tæp 12% og íbúðarhúsnæðis um ríflega 11%. Fjárfestingar ríkis og sveitarfélaga hafa hins vegar dregist saman um ríflega þriðjung sem er meira en spár gerðu ráð fyrir. Við þetta bætist að tafir hafa orðið á öðrum framkvæmdum, svo sem við kísilver í Helguvík. Hægur vöxtur fjárfestinga veldur vonbrigðum, sérstaklega hvað fjárfestingar á forræði ríkisins hafa látið á sér standa.

Spá hagdeildar gerði ráð fyrir því að fjárfestingar myndu aukast á þessu ári um 17% og þar af myndu fjárfestingar atvinnuveganna aukast um 34%. Ljóst er að til að það gangi eftir þurfa fjárfestingar að aukast verulega á síðari hluta ársins.

Hægt dregur úr atvinnuleysi

Staðan á vinnumarkaði hélt áfram að vera slæm allt árið í fyrra en hægt dregur úr atvinnuleysi. Mældist atvinnuleysið 6,7% í ágúst 2011 sem jafngildir því að tæplega 11.300 manns hafi verið án vinnu í þeim mánuði. Borið saman við

ágúst fyrir ári þá hefur heldur dregið úr atvinnuleysi en þá mældist það 7,3% sem jafngilti því að tæplega 12.100 manns hafi verið án vinnu. Atvinnuleysið mældist minnst yfir vor- og sumarmánuði í fyrra vegna tímabundinna verkefna en jókst á ný á haust- og vetrarmánuðum. Mest fór það í 8,6% í febrúar og mars sl. en það hefur minnkað síðan. Að öllu jöfnu dregur úr atvinnuleysi vegna ártíðabundinna verkefna fram í september og líkur eru á að svo verði einnig nú. Búast má við að atvinnuleysið í september verði á bilinu 6,5–6,8% en að það aukist á ný yfir haust- og vetrarmánuðina og verði á bilinu 7–8%.

Strangt aðhald í fjármálum ríkis og sveitarfélaga

Umsvif hins opinbera héldu áfram að dragast saman í fyrra. Útgjöld hins opinbera til samneyslu, þ.e. útgjöld ríkissjóð og sveitarfélaga vegna launagreiðslna og kaupa á vörum og þjónustu, drógust saman að magni um 3,4%. Þarf að fara allt aftur til ársins 1950 til þess að finna meiri samdrátt en þá drógust þessi útgjöld saman um 3,6%. Mestur var niðurskurðurinn hjá ríkinu (þar með talið almannatryggingar) en það skar samneysluútgjöldin niður um 4,2% en sveitarfélögin skáru samneysluútgjöldin niður um 2%. Það sem af er yfirstandandi ári hafa samneysluútgjöldin lítillega aukist eða um 0,2%.

Staða ríkissjóðs fer batnandi

Staða ríkissjóðs er erfið. Tekjuhallinn er enn mikill og skuldir háar og það hefur gengið hægar að ná jafnvægi í ríkisfjármálum en ætlað var í upphaflegri efnahagsáætlun stjórnvalda og AGS. Óvæntir atburðir eins og eldgos og aðrar náttúruhamfarir hafa sett strik í reikninginn og tafið fyrir aðlöguninni. Í sumar var efnahagáætlunin því endurskoðuð og aðlöguð að breyttum aðstæðum. Nú er gert ráð fyrir að svonefndur frumjöfnuður, þ.e. jöfnuður þegar undan eru skilin vaxtagjöld og vaxtatekjur, verði jákvæður á næsta ári og að afgangur verði á heildarjöfnuði árið 2014. Í fyrri áætluninni var gert ráð fyrir að frumjöfnuði yrði náð á yfirstandandi ári og heildarjöfnuði árið 2013.

Þrátt fyrir áföll hefur mikið áunnist við að koma böndum á ríkisfjármálin. Í fyrra varð viðsnúningur á tekjuhlíðinni og tóku þær að aukast á ný í kjölfar mikilla breytinga á skattkerfinu. Eftir hrúnið drógust tekjur saman þegar tekjustofnar minnkuðu hratt. Heildartekjur ríkissjóðs jukust um ríflega 5% í fyrra, þar af jukust skatttekjur og tryggingagjöld um tæp 9%. Erfiðara hefur reynst að ná tókum á útgjöldunum en heildarútgjöld jukust um ríflega 7,5% á síðasta ári. Mikil aukning útgjalda skýrist að mestu leyti af óreglulegum liðum eins og 55 milljarða aukningu í áföllnum ríkisábyrgðum vegna banka en þar af voru 13,8 milljarðar vegna Lánasjóðs landbúnaðarins og 33 milljarðar króna vegna endurfjármögnunar á Íbúðalánasjóði. Tilfærsluútgjöld til sveitarfélaga jukust einnig nokkuð á árinu, eða um 14%, sem skýrist að nokkru leyti

af tilfærslu verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Útgjöld til vaxta- og barnabóta og útgjöld til almannatrygginga hækkuðu einnig nokkuð eða um líðlega 7%. Á móti kemur að útgjöld til atvinnuleysisbóta drógust saman um 6% og fjárfestingarútgjöld um 25%.

Með yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga um síðustu áramót hækkaði útsvarshemild sveitarfélaganna um 1,2 prósentustig og lækkaði skattprósentan sem því nemur. Hámarksútsvar er því nú 14,48%.

Þrátt fyrir að ýmislegt hafi áunnist við að ná tókum á ríkisfjármálunum er ljóst að áfram er þörf á ströngu aðhaldi í ríkisfjármálum svo að efnahagsáætlun stjórnvalda og AGS gangi eftir.

Staða sveitarfélaga erfið

Fjárhagstaða margra sveitarfélaga er afar slæm og hafa þau þurft að hagræða verulega í rekstri til að ná endum saman. Skatttekjur hafa lækkað þegar skattstofnar rýrnuðu í kjölfar hrunsins og auk þess glíma þau enn við miklar skuldir. Til að ná endum saman hafa sveitarfélögin hagrætt í rekstri og aukið álögur til að skapa meiri tekjur. Hjá mörgum sveitarfélögum hefur þetta ekki dugað til og þurfa þau að grípa til frekari aðgerða til að þau geti staðið undir fjármagnskostnaði, framkvæmdum og afborgunum lána. Vel flest sveitarfélögin hafa nú lagt á hámarksútsvar, eða 14,48%, og því er lítið svigrúm til að auka álögur á íbúa. Frekari niðurskurður í rekstri mun koma niður á þjónustu. Rými til aðgerða hjá mörgum sveitarfélögum er því lítið.

Þegar horft er á stöðu sveitarfélaganna í heild þá hefur hún heldur batnað. Dregið hefur úr hallanum og var hann á síðasta ári um 13 milljarðar króna, eða 0,8% af landsframleiðslu, og lækkaði um 2 milljarða króna frá árinu á undan. Þessa bættu stöðu má að mestu rekja til þess að framlög frá ríkinu jukust umtalsvert. Skatttekjur drógust hins vegar lítillega saman vegna rýrnandi skattstofna. Heildarútgjöld sveitarfélaganna hækkuðu einnig lítillega á sama tíma, eða rétt um 0,7%. Þar af jukust tilfærslur til heimilanna um tæp 12% og vaxtagjöld um ríflega 7%. Fjárfestingarútgjöld stóðu hins vegar í stað.

Horfur eru á að tekjuhalli sveitarfélaganna haldi áfram að minnka á yfirstandandi ári. Það sem af er þessu ári hafa tekjur sveitarfélaganna aukist hraðar en útgjöldin. Sveitarfélögin hafa m.a. skorið fjárfestingarútgjöldin harkalega niður og á fyrri helmingi þessa árs nemur niðurskurðurinn ríflega 22% frá sama tíma í fyrra.

Bakslag í efnahagsbata helstu viðskiptalanda

Mikill viðsnúningur var á efnahagslífi helstu viðskiptalanda okkar í fyrra samanborið við samdrátt ársins á undan. Framan af þessu ári voru líkur á áframhaldandi vexti og hægfara bata í löndunum í kringum okkur. Þegar leið

á árið dvínuðu þær vonir. Það hægði verulega á heimsviðskiptum í kjölfar náttúruhamfaranna í Japan í mars. Það hafði m.a. áhrif á útflutning sjávarafurða hér á landi, m.a. á útflutning loðnuafurða. Við þetta bættust vaxandi áhyggjur manna af skuldavanda nokkurra evruríkja og Bandaríkjanna sem hefur valdið auknum óróa á alþjóðafjármálamörkuðum. Það eru því blikur á lofti um efnahagsframvinduna í heiminum. Hefur Efnahags- og þróunarstofnunin (OECD) því nýlega lækkað hagvaxtarspá sína fyrir þetta ár. Þessi þróun hefur óneitanlega áhrif hér á landi og eykur enn á óvissuna um framvindu efnahagsmála hér á landi.


Utanríkisviðskiptin

Veik króna og lágt raungengi styður við útflutningsgreinarnar og bæta samkeppnistöðu þeirra gagnvart erlendum keppinautum. Þrátt fyrir það hefur útflutningur ekki vaxið eins og ætla mætti. Í fyrra jókst útflutningur lítillega, eða um 0,4% samanborið við 6,6% árið á undan. Vöruútflutningur dróst saman um riflega 2% í fyrra en mikill vöxtur í þjónustuútflutningi vó upp á móti. Má að mestu rekja þennan mikla vöxt í þjónustuútflutningi til vaxtar í ferðaþjónustu. Viðsnúningur var á innflutningi í fyrra en hann jókst þá á ný eftir samfelldan samdrátt frá árinu 2008. Innflutningur vöru og þjónustu jókst um 4,0% samanborið við 24% samdrátt árið á undan. Vaxandi kaupmáttur heimilanna og auknar fjárfestingar ýta undir innflutning. Þrátt fyrir vöxt á innflutningi var myndarlegur afgangur af viðskiptum við útlönd með vöru og þjónustu. Afgangurinn dugði samt sem áður ekki til að veiga upp á móti háum fjármagnsgreiðslum til útlanda og því var halli á heildarviðskiptum við útlönd upp á 2,5% af landsframleiðslu á síðasta ári ef horft er fram hjá fyrirtækjum í slitameðferð. Til samanburðar var afgangur á viðskiptum við útlönd árið 2009 um 1% af landsframleiðslu, mælt með sama hætti.

Verðbólga vex á ný

Verðbólga lækkaði mikið í fyrra og fór hún úr 6,6% í ársbyrjun í 2,5% í árslok. Hafði hún þá ekki mælst jafn lítil síðan í apríl 2005. Í upphafi árs hélt verðbólgan áfram að lækka og mældist í janúar 1,8%. Frá þeim tíma hefur verðbólga aukist á ný og var komin í 5% ágúst. Að hluta má rekja aukna verðbólgu til veikingar krónunnar en hún hefur veikst um 4,6% frá áramótum. Síðustu 12 mánuði standa verðhækkunar á bensíni, húsnæði, þjónustu og búvörum að baki stærstum hluta verðbólgunnar. Af þeim 5% hækkunum, sem hafa orðið á verðlagi frá því í ágúst í fyrra, má rekja 1,09% til hækkana á bensínverði, 1,07% til hækkunar á húsnæði og 0,92% til hækkunar á ýmsum þjónustuliðum. Hækkunar á opinberri þjónustu, sem voru mestar í upphafi árs, skýra um 0,6% hækkun vísitölunnar og hækkunar á búvörum 0,55%.

Verðbólga 1998-2011



Verðbólguhorfur eru dökkar og líkur á að verðbólga verði áfram mikil á næstu misserum. Gengi krónunnar hefur þó styrkst lítillega frá því hún var veikust um miðjan júlí og ætti það að leiða til lægra innkaupsverðs á innfluttum vörum. Í mars tók húsnæðisverð að hækka og búast má við frekari hækkunum á næstunni sem ýtir undir verðbólgu. Óvissa ríkir um innflutningsverð á olfu og öðrum hrávörum en verð þessara vara ræðst af efnahagsframvindu í löndunum í kringum okkur. Vísbendingar eru þó um að hrávöruverð hafi náð hámarki og hefur það lækkað að undanfögnu.

Krónan veik

Krónan styrktist nokkuð á liðnu ári, eða um 12%, mælt frá upphafi árs til loka þess. Sterkust var krónan í september í fyrra og fór gengisvísitalan þá í ríflega 204 stig. Fram til áramóta sveiflaðist krónan á nokkuð þröngu bili, tók svo að veikjast og hélt sú þróun áfram fram á mitt þetta sumar. Fór gengisvísitalan í 222 stig þegar krónan var hvað veikust um miðjan júlí sl. Frá þeim tíma hefur hún styrkst hægt á ný og stendur gengisvísitalan nú í 216 stigum. Þróun gengis krónunnar hefur verið nokkuð mismunandi eftir því hvort miðað er við evru eða Bandaríkjadal.

Gagnvart evru hefur krónan lækkað um rúmlega 4% mælt frá áramótum en gagnvart Bandaríkjadal hefur krónan lækkað um 2% á sama tíma. Skýrist það af mismunandi þróun á milli evru og Bandaríkjadals en dollarinn veiktist

Gengisvísitala krónunnar 1999-2011



framan af ári gagnvart evru. Það hefur snúist við síðustu daga og hefur evran verið að veikjast gagnvart Bandaríkjadal.

Mikill afgangur af viðskiptum við útlönd og gjaldeyrishöft ættu að öllu jöfnu að skila sér í sterkari krónu. Frá því í ágúst í fyrra hefur gengi krónunnar hins vegar lækkað um 5%. Nokkrar ástæður hafa verið nefndar fyrir þessari þróun. Vísbendingar eru um að íslensk fyrirtæki séu að greiða niður erlendar skuldir. Eins rýrnuðu viðskiptakjör á fyrri hluta þessa árs í kjölfar mikillar hækkunar hrá- og olíuverðs. Eins má gera ráð fyrir að kaup Seðlabankans á erlendum gjaldeyri og vaxandi áhættufælni á alþjóðamörkuðum hafi heldur veikt krónuna en hitt.

Eins og áður ríkir mikil óvissa um þróun gengisins og erfitt er að sjá hana fyrir. Efnahagframvinda í helstu viðskiptalöndum okkar ræður miklu um það svo og almenn framvinda efnahagsmála hér á landi.

Nokkur skref hafa verið stigin til að aflétta gjaldeyrishöftum en þau hafa bæði verið færri og styttri en vonir stóðu til. Mörg verkefni eru enn óleyst og nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga sem gerir ráð fyrir að höftin geti staðið til ársins 2015. Því er ljóst að langur tími getur enn liðið þar til þeim verður af fullu aflétt.

Brýnt er að aflétta gjaldeyrishöftunum eins fljótt og kostur er því mikið óhagræði og kostnaður hlýst af þeim. Kostnaðurinn felst aðallega í auknum viðskiptakostnaði fyrirtækja en ekki síður í glötuðum tækifærum, svo sem í fjárfestingum. Því lengur sem höftin verða því meiri verður kostnaðurinn og óhagræðið fyrir hagkerfið.

Stýrivextir hækka

Stýrivextir héldu áfram að lækka í fyrra og undir lok september 2010 voru þeir komnir í 6,25%. Seðlabankinn hélt áfram að lækka vextina fram í febrúar á þessu ári og fóru þeir þá í 4,25%. Héldust vextirnir óbreyttir fram í miðjan ágúst en þá hækkaði bankinn vextina um 0,25 prósentustig. Rökstuðningur bankans fyrir hækkuninni var sá að nauðsynlegt væri að sporna gegn aukinni verðbólgu og auknum verðbólguvæntingum almennings.

Aðilar vinnumarkaðarins voru afar óánægðir með þessa aðgerð enda ennþá mikill slaki í hagkerfinu og hagvöxtur lítill. Af þessu tilefni sendi ASÍ frá sér yfirlýsingu þar sem segir: „Sú ákvörðun Peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands að hækka stýrivexti um 0,25 prósent er óskiljanleg. Íslendingar glíma við þann vanda að mikill slaki er í hagkerfinu. Hagvöxtur er lítill sem enginn, fjárfestingar eru í sögulegu lágmarki og við búum við mesta atvinnuleysi í áratugi. Hækkun vaxta við núverandi aðstæður eykur vanda okkar frekar en hitt. Vaxtahækkunin dregur úr fjárfestingum og eykur þannig enn frekar slakann í hagkerfinu.

Til að vinna okkur út úr núverandi efnahagsvanda þurfum við að auka verðmætasköpun í hagkerfinu með auknum fjárfestingum. Þannig getum við stuðlað að styrkingu krónunnar sem lækkar innflutningsverðlag og dregur þannig úr verðbólgu. Sú ákvörðun Seðlabankans að hækka vexti vinnur gegn því.“

Miðað við rökstuðning Peningamálastefnunefndar við síðustu vaxta-ákvörðun eru meiri líkur en minni á því að stýrivextir hækki á næstunni þar sem búast má við að verðbólga verði áfram töluverð á næstu misserum.

Verðlagseftirlit ASÍ

Verðlagseftirlit ASÍ er hluti af reglubundnu starfi skrifstofu Alþýðusambandsins og hefur það hlutverk að veita neytendum upplýsingar um verðlag og verðþróun á helstu neytendamörkuðum. Með því má skapa aðhald og auka samkeppni í því augnamiði að koma í veg fyrir óhóflegar verðhækkningar.

Sem fyrr hefur verðlagseftirlitið lagt mesta áherslu á að fylgjast með verðlagi og verðþróun á matvörumarkaði enda hefur sá liður mikil áhrif á útgjöld heimilanna ekki síst á samdráttartímum. Á þessu ári voru gerðar breytingar á reglum um verðmerkingar á kjötvörum og ostum í matvöruverslunum. Nú eru þessar vörur ekki lengur forverðmerktar heldur eru þær verðmerktar eins og aðrar vörur í verslunum landsins. Verðlagseftirlitið hefur lagt sérstaka áherslu á að skoða verðþróun á þessum vörum til að fylgjast með áhrifum breytinganna. Verðlagseftirlitið hefur á starfsárinu gert verðkannanir í öllum helstu matvöruverslunum víða um land í samstarfi við aðildarfélög ASÍ.


Síðastliðið ár eða frá 1. september 2010 til 1. september 2011 hefur verðlagseftirlitið gert eftirfarandi kannanir:

- 13 kannanir á matvöruverði í lágvöruverðsverslunum og stórmörkuðum um allt land
- 3 kannanir á vörukörfunni
- 2 kannanir á umfelgun
- 1 könnun á jólabókum
- 1 könnun á nýjum og notuðum skólabókum
- 1 könnun á fiskmeti
- 1 könnun á þjónustu efnalauga
- 1 könnun á verðlagningu apóteka
- 1 könnun á lífrænum matvælum

Þar fyrir utan hefur verðlagseftirlitið tekið saman breytingar á gjaldskrár í 15 stærstu sveitarfélögum landsins; þær gjaldskrár, sem eru skoðaðar, eru: leikskólagjöld, skóladagvistun, útsvar og fasteignagjöld. Einnig heldur verðlags- eftirlitið utan um upplýsingar um raforkukostnað.

Vörukarfa ASÍ

Verðlagseftirlitið gerir reglulega verðmælingar á vörukörfu ASÍ í öllum helstu matvöruverslunarkeðjum landsins í þeim tilgangi að skoða hvernig verð þróast



yfir tíma í einstaka verslunum. Helstu niðurstöður mælinganna á liðnu starfsári eru að verð vörukörfunnar hækkaði hjá Bónus um 6,2%, hjá Krónunni um 5%, hjá 10–11 um 5%, og hjá Samkaupum Strax um 5,5%. Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands hækkaði verð á mat og drykk í vísitöluneysluverði um 4,6% á sama tímabili. Vörufarfan inniheldur allar almennar mat- og drykkjarvörur, t.d. brauðmeti, morgunkorn, pasta, kjöt, fisk, grænmeti, ávexti, pakkavörur, kaffi, gos og safa, auk hreinlætis- og snyrtivara.

Umsögn um drög að reglum um verðmerkingar og mælieiningarverð við sölu á vörum

Alþýðusambandi Íslands bárust til umsagnar drög að reglum Neytendastofu um verðmerkingar og mælieiningarverð við sölu á vörum, dags. 18. febrúar 2011. ASÍ telur til bóta og hagræðis að samræma undir eina reglugerð ákvæði um verðmerkingar og mælieiningarverð sem hvort tveggja er hluti af nauðsynlegri upplýsingagjöf til neytenda. Á hinn bóginn er við breytinguna gert ráð fyrir að settar verði sérstakar reglur um verðupplýsingar við sölu á þjónustu en heppilegra hefði verið að hafa ákvæði þess efnis áfram sem hluta af almennu reglugerðinni.

Athugasemdir við einstakar greinar:

3. gr.

Seljendum vöru og þjónustu verði einnig gert að upplýsa með skýrum og áberandi hætti á sölustað ef veittur er staðgreiðsluafsláttur af merktu verði vöru og þjónustu.

7. gr.

a-liður: Samkvæmt undanþáguákvæðinu ber seljendum ekki skylda til að birta mælieiningarverð vara sem eru undir 50 g að nettóþyngd eða 50 ml að nettóruummáli. Matvörur, s.s. krydd, kökudropar og ýmis íblöndunarefni, eru seld í einingum sem eru undir 50 g / 50 ml en samkvæmt ákvæðinu er ekki gert ráð fyrir að neytendur geti borið saman verð á þessum vörum í mismunandi pakkastærðum og frá mismunandi framleiðendum.

Almennar athugasemdir:

Í 5. gr. núgildandi reglugerðar nr. 725/2008 um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar er ákvæði um að kvikmyndahús skuli auglýsa sérstaklega ef verð á aðgöngumiða kvikmyndar er hærra en almennt miðaverð kvikmyndahússins. Þetta ákvæði er æskilegt að útvíkka þannig að það nái einnig til annarrar starfsemi sem hefur alla jafna föst verð á aðgöngumiðum sínum, s.s. leikhús og listasöfn.

Verðupplýsingar til neytenda á lyfjamarkaði: Neytendur á lyfjamarkaði hafa alla jafna engan aðgang að gagnsæjum upplýsingum um endanlegt smá-

söluverð lyfja hjá einstökum lyfsölum. Afsláttarkerfi lyfsala á smásölumarkaði er flókið og ógagnsætt og í reynd er ógerningur fyrir almenna neytendur að afla sér upplýsinga um endanlegt smásöluverð lyfja hjá einstökum söluaðilum nema með miklum tilkostnaði og fyrirhöfn. Engin skylda hvílir á lyfsölum að birta neytendum með aðgengilegum hætti verðupplýsingar sem auðvelda verðsamanburð. Gildistöku ákvæðis í lyfjalögum um að einstakir lyfsalar birti upplýsingar um smásöluverð sitt í lyfjaverðskrá hefur ítrekað verið frestað en með því hefðu neytendur fengið aðgang að þessum upplýsingum. Brýnt er að Neytendastofa taki málið til skoðunar og tryggi að söluaðilum lyfja verði eins og öðrum gert að veita neytendum verðupplýsingar sem gera þeim kleift að vera virkir neytendur á markaði.

Verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar á vörum og þjónustu eru grundvallaratriði til þess að neytendur geti með virkum hætti gert verðsamanburð og tekið upplýstar ákvarðanir um innkaup sín og þannig veitt seljendum vöru og þjónustu nauðsynlegt aðhald. Þá er brýnt að kynna reglurnar vel fyrir söluaðilum og áréttu skyldu þeirra til að veita neytendum fullnægjandi verðupplýsingar. Sömuleiðis er mikilvægt að kynna almenningi reglurnar vel.

Alþýðusambandinu berst árlega fjöldi ábendinga frá neytendum um slæmar eða villandi verðupplýsingar hjá söluaðilum auk þess sem starfsfólk verðlagseftirlits ASÍ verður þess oft áskynja við verðkannanir í verslunum og hjá þjónustuaðilum. Til að bæta þetta og tryggja neytendum greinargóðar og réttar verðupplýsingar er brýnt að eftirlit Neytendastofu með framkvæmd söluaðila á þessum reglum sé sýnilegt og virkt. Þetta á bæði við um eftirlit með verðmerkingum inni í verslunum eða hjá þjónustuaðila og um eftirlit með því að samræmi sé á milli verðmerkinga og verðs í kassakerfum söluaðila.



Kjaramál

Flestir kjarasamningar voru lausir í árslok 2010. Þann 5. maí 2011 voru undirritaðir kjarasamningar sem tóku til flestra launamanna á almennum vinnumarkaði. Í kjölfarið hefur verið gengið frá fjölmörgum samningum á almenna og opinbera vinnumarkaðinum.

Gangur kjaraviðræðna á almennum vinnumarkaði

Kjarasamningar aðildarfélaga ASÍ og SA, sem undirritaður voru 17. febrúar 2008, runnu út þann 30. nóvember 2010. Þar með var langstærstur hluti launamanna á almennum vinnumarkaði með lausa samninga. Kjarasamningur sjómanna rann svo út mánuði síðar. Landssambönd og félag innan ASÍ höfðu frá því haustið 2010 unnið að mótun kröfugerðar fyrir komandi kjarasamninga og kynnti Starfsgreinasambandið SA kröfugerð sína þann 6. desember, fyrst landssambandanna.

Þann 9. desember veittu öll landssambönd innan ASÍ, VR, félag með aðild að samningi „Flóabandalagsins“ og félag með beina aðild að ASÍ samninganefnd ASÍ umboð til samninga um þau mál sem samtökin urðu sam mála um að fara sameiginlega fram með við endurnýjun kjarasamninga. Hvað landssamböndin varðaði tók umboðið til þeirra aðildarfélaga sem veitt höfðu

viðkomandi landssambandi umboð til samninga. (Sjá nánar kafla um þróun sameiginlegrar kröfugerðar.)

Samninganefndin átti sinn fyrsta fund með atvinnurekendum 13. desember. Á fundinum voru rædd drög að viðræðuáætlun auk þess sem ASÍ kynnti kröfugerð í sameiginlegum málum. Viðræðuáætlun vegna sameiginlegra mála var síðan undirrituð 17. janúar á þessu ári. Nánast allar samninganefndir aðildarfélaga Alþýðusambandsins hófu kjaraviðræður við atvinnurekendur í desember 2010 þar sem lagðar voru fram kröfugerðir og samningsmarkmið. Áherslan var á almennar launabreytingar sem myndu tryggja aukinn kaupmátt og einnig var víða lögð áhersla á jöfnun kjara. Þróun kröfugerðar, sem sneri að launalið samninganna, var alfarið í höndum landssambandanna og stærstu félaga.

Eftir nokkra samningafundi í janúar 2011 ákvað samninganefnd ASÍ á fundi sínum 24. janúar að slíta viðræðum við SA um mögulegar forsendur fyrir gerð kjarasamninga til alls 3ja ára. Ástæðan var sú krafa Samtaka atvinnulífsins um að niðurstaða fengist í sjávarútvegsmálum áður en gengið yrði frá kjarasamningum. Samninganefnd ASÍ var ekki reiðubúin að setjast að viðræðum á þessum forsendum. Það var mat samninganefndar ASÍ að forðæmalaust væri að samtök á vinnumarkaði krefðust að úr slíkum málum væri leyst með kjarasamningum um kaup og kjör almenns launafólks. Í ályktun miðstjórnar ASÍ tveimur dögum síðar var þessi afstaða áréttuð: „*Þetta er með öllu óásættanlegt. Alþýðusambandið getur ekki og mun ekki láta atvinnurekendur taka kjarasamningaviðræður í gíslingu til að verja sérhagsmuni útgerðarmanna.*“

Tveimur vikum síðar lágu viðræður enn niðri og ályktaði miðstjórn ASÍ 9. febrúar aftur um málið og krafðist þess að SA hætti að blanda saman kjaraviðræðum og hugsanlegum breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu: „*Ákvörðun Samtaka atvinnulífsins að tengja með ólögmatum hætti viðræður um gerð kjarasamninga við tiltekna niðurstöðu Alþingis í sjávarútvegsmálum hefur sett allan vinnumarkaðinn í uppnám og óvissu ... ASÍ gerir þá kröfu að SA hefji nú þegar alvöruviðræður um kjarasamninga og mun setjast að því borði í fullri vissu um að SA muni fara að landslögum og standa undir þeirri frumskyldu sinni að ganga til kjarasamninga á grundvelli laga nr. 80/1938 og skv. þeim leikreglum sem þar eru lagðar. Þannig eru löggin í landinu og eftir þeim fer ASÍ. Alþýðusambandið tekur ekki þátt í háskalegum hráskinnaleik SA.*“ Daginn eftir þessa ályktun hófust viðræður við SA á nýjan leik.

Þann 21. febrúar birti ASÍ niðurstöður skoðanakönnunar sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði fyrir Alþýðusambandið. Hún sýndi að 94% þeirra sem tóku afstöðu vildu sambærilegar launahækkanir fyrir alla í komandi kjarasamningum á móti 6% sem vildu meiri launahækkanir til þeirra

sem störfuðu í útflutningsgreinum. Þá vildu 48% að verkalýðshreyfingin legði mesta áherslu á að tryggja kaupmátt launa en 24% vildu að áherslan væri á að tryggja atvinnuöryggi. Í sömu könnun kom fram að 90% þeirra sem tóku afstöðu fannst mikilvægt að ASÍ legði áherslu á að jafna lífeyrisréttindi launafólks á almennum og opinberum markaði.

Næstu vikur voru haldnir margir fundir og þokuðust mál í rétta átt þó enn væri tekist á um það innan ASÍ hvort rétt væri að gera langtíma- eða skammtímasamning. Þann 16. mars áttu forystumenn Alþýðusambandsins og SA fund með sjö ráðherrum ríkisstjórnarinnar, þar á meðal forsætis- og fjármálaráðherra. Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, sagði eftir fundinn að hann hefði verið jákvæður en á honum fóru aðilar yfir þau atriði kjaraviðræðna sem að sneru að stjórnvöldum. Hann sagði mörg þeirra mála í góðum farvegi og ekki mikill skoðanamunur; frekar deildu menn um útfærslur og fjármögnun.

Í lok mars birti ríkisstjórnin yfirlýsingu í tengslum við kjaraviðræðurnar sem féll í grýttan jarðveg hjá verkalýðshreyfingunni. Forseti ASÍ sagði hana ganga of skammt og það var þungt í mönnum hljóðið. Um miðjan apríl virtist aftur hafa rofað til í viðræðunum en þær höfðu hangið á bláþræði eftir næturfundi í Karphúsinu. Skipti þar sköpum nýtt útspil ríkisstjórnarinnar þar sem verulega var komið til móts við kröfur ASÍ í atvinnu-, skatta- og lífeyris-málum. Greip nú um sig töluverð bjartsýni og stóðu vonir til þess að hægt yrði að skrifa undir nýjan kjarasamning innan fárra daga. Sú von varð að engu skömmu fyrir miðnætti föstudagskvöldið 15. apríl. Eftir mikil fundarhöld, þar sem flest landssamböndin voru með sínar samninganefndir í Karphúsinu lungann úr föstudeginum, fóru SA-menn frá borðinu þvert á gefin loforð. Forsenda þess að samningaviðræður voru teknar upp að nýju um miðjan febrúar var loforð SA um að sjávarútvegsmálunum yrði ekki blandað inn í samningagerðina og að SA lofaði þá skammtímasamningi í það minnsta, óháð stöðunni í sjávarútvegsmálum, næðist ekki lengri samningur. Þegar samningur til eins árs lá á borðinu til undirritunar téd föstudagskvöld reyndust hagsmunir LÍÚ yfirskyggja allt annað hjá SA.

Eftir að upp úr slitnaði 15. apríl virtust kjaraviðræðurnar komnar í harðari hnút en áður. Fór svo að í lok mánaðarins vísuðu flest landssambönd innan ASÍ deilunni til ríkissáttarsemjara og farið var að ræða verkfallsaðgerðir í fullri alvöru. Var þá rætt um möguleika á allsherjarverkfalli í lok maí.

Þann 3. maí voru samninganefndir flestra landssambanda og stærstu félaga innan ASÍ nokkuð óvænt kallaðar í Karphúsið þar sem vilji var til að láta reyna á hvort hægt væri að ná samningum. Fundað var í öllum fundarsölum í húsakynnum ríkissáttasemjara fram á nótt en stefnt var að þriggja ára samningi með forsenduákvæðum sem sneru að ríkisstjórninni. Gengju þær forsendur ekki eftir fyrir 22. júní yrði um árs samning að ræða. Fór svo að nýr kjara-

samningur til þriggja ára var undirritaður kl. 18:15 fimmtudaginn 5. maí 2011. Leiðin að þessari samningsniðurstöðu var löng og ströng en alls voru haldnir 43 fundir í samninganefnd ASÍ auk fjölmargra funda í samninganefndum einstakra landssambanda og félaga á þeim fimm mánuðum sem liðu frá því að samningar voru lausir.

Samningurinn var í framhaldinu kynntur í félögunum og atkvæði greidd um hann, sums staðar rafrænt en víðast hvar með póstkosningu. Er skemmst frá því að segja að kjarasamningurinn var alls staðar samþykktur með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða. Samningurinn var einnig samþykktur innan SA. Samninganefnd ASÍ ákvað á fundi sínum 21. júní að staðfesta gildistöku kjarasamningsins og reyndi því ekki á forsenduákvæðið sem sneri að ríkisstjórninni. Samtök atvinnulífsins gerðu slíkt hið sama þennan sama dag. Kjarasamningurinn mun því gilda til 31. janúar 2014 með umsömdum endurskoðunarákvæðum. Fyrsta endurskoðun er í janúar 2012.

Þróun sameiginlegrar kröfugerðar

Formenn landssambanda og stærstu aðildarfélaga skipaðu sérstakan vinnuhóp um sameiginleg mál í byrjun október 2010 og skilaði hann af sér þann 22. nóvember. Hópurinn lagði til að sameiginlega skyldi farið fram með kröfur á atvinnurekendur sem hér segir:

Slysa- og veikindaréttur: sjúkra- og flutningskostnaður vegna slysa á leið til og frá vinnu; tilkynning um vinnuslys; vinnuslys – samfelld forföll; slys af völdum vélknúinna ökutækja; réttarstaða v/veikinda í orlofi innanlands og erlendis; réttur til veikindalauna v/ fóstureyðinga; greiðsla komugjalda vegna læknisvottorða; réttur til launaðra fjarvista vegna aðkallandi fjölskylduaðstæðna.

Yfirvinna: yfirvinna greidd með frítöku; skil dag- og yfirvinnu; útreikningur á yfirvinnukaupi; lengd matartíma í yfirvinnu um helgar.

Vaktavinna, frítökuréttur, ferðir og force majeure: skilgreining vaktavinnu; greiðsla frítökuréttar; laun á ferðum, ólaunaðir frídagar á ferðum o.fl.; dagpeningar; lokun vegna force majeure-aðstæðna.

Jafnrétti, persónuvernd og samráð: jafnréttisáherslur; skráning og meðferð persónuupplýsinga; reglulegt samráð við trúnaðarmenn.

Lífeyrismál (jöfnun lífeyrisréttinda).

Í öllum tilvikum var gerð grein fyrir ástæðum kröfugerðar sem ýmist laut að nýmælum, leiðréttingum eða samræmingu milli kjarasamninga. Aðildarsamtökin skipuðu fulltrúa í sérstakar viðræðunefndir um hvern og einn fimm framangreindra málaflokka. Auk þess voru skipaðir tveir sérstakir vinnuhópar til þess að fjalla annars vegar um aðilaskipti, kennitölufلاك og svarta atvinnustarfsemi og hins vegar opinber útboð. Þessir tveir hópar unnu

bæði tvíhliða (ASÍ/SA) og þríhliða (ASÍ/SA/stjórnvöld). Alls störfuðu milli 40 og 50 einstaklingar í framangreindum viðræðunefndum, allt eftir efni og ástæðum hverju sinni. Viðræðunefndirnar unnu sjálfstætt á grundvelli fyrir- liggjandi kröfugerðar samninganefndar ASÍ sem endanlega staðfesti niður- stöður þeirra sem urðu síðan hluti af endanlegum kjarasamningi ASÍ og SA.

Samninganefnd ASÍ kom saman á 43 fundum og þar af á 18 fundum með samninganefnd SA. Jafnframt starfaði minni hópur milli funda til viðræðna við ríkisstjórn og forystu SA.

Helstu atriði kjarasamningsins

Fullyrða má að kjaraviðræðurnar séu einar þær erfiðustu sem átt hafa sér stað um áratuga skeið. Fyrir utan erfitt efnahaglegt árferði var ýmislegt annað sem truflaði.

Sú mikla eindrægni og staðfesta, sem ríkti í stéttarfélagunum um þá stefnu sem tekin var í viðræðunum, hjálpaði samninganefndunum. Þegar atvinnurek- endur komu fram af óbilgirni lét verkalýðshreyfingin ekki beygja sig heldur þétti raðirnar. Sá þrýstingur sem undirbúningur allsherjarverkfalls framkallaði sýndi atvinnurekendum að verkalýðshreyfingin ætlaði að láta sverfa til stáls. Í framhaldinu hófust samningaviðræður að nýju og nú með breyttu viðhorfi SA. Eftir standa aðildarsamtök ASÍ með mun betri samning en hreyfingunni stóð til boða fyrir páska. Mesti ávinningurinn er sá að í mjög þröngri stöðu tókst með sameiginlegri launastefnu aðildarsamtaka ASÍ að tryggja þeim meiri kjarabætur sem búa við lakari kjör og lægri tekjur.

Almennar launahækkunir á næstu þremur árum eru 11,4% en hækkun lágmarkslauna er þó mun meiri eða 23,6%. Til útborgunar kom 50.000 króna eingreiðsla þegar samningarnir höfðu verið samþykktir í atkvæðagreiðslu og aðrar 25.000 krónur í tveimur greiðslum síðar á árinu. Áætla má að heildar- kostnaðarauki atvinnurekenda af kjarasamningnum verði um 12,6% á samn- ingstímanum.

Launabreytingar

	1. júní 2011	1. febrúar 2012	1. febrúar 2013
Almenn hækkun	4,25%	3,5%	3,25%
Krónutöluhækkun á taxa	12.000	11.000	11.000
Lágmarkstekjutrygging í dagvinnu	182.000	193.000	204.000

Greiðslur vegna þess hve samningar drógust á langinn

Eingreiðsla í júní kr. 50.000 fyrir starfsmann í fullu starfi í mánuðunum mars–maí. Starfsmenn, sem létu af störfum í apríl eða voru í hlutastarfi, fengu hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í mars og apríl. Starfsmenn, sem hófu störf í apríl og voru í starfi til 5. maí, fengu hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í apríl og maí.

Álag á orlofsuppbót 2011 er 10.000 kr.

Álag á desemberuppbót 2011 er 15.000 kr.

Jöfnun lífeyrisréttinda

Samhliða kjarasamningunum verður stigið markvisst skref í að jafna lífeyrisréttindi þar sem stefnt er að því að auka framlög í lífeyrissjóði úr 12% í 15,5% á árabílinu 2014–2020. Í samningunum er bókun um að fyrir árslok 2012 verði komin niðurstaða um samræmt og sjálfbært lífeyriskerfi alls launafólks á vinnumarkaði.

Forsenduákvæði gagnvart ríkisvaldinu miðaðist við seinni hluta júní 2011

Kjarasamningurinn gildir til 31. janúar 2014 með endurskoðun í janúar 2012 og janúar 2013. Ákveðinn fyrirvari er á samningnum sem tengist stjórnvaldsaðgerðum og lagabreytingum sem þurftu að eiga sér stað fyrir 22. júní 2011. Ef þær forsendur, sem snúa að stjórnvöldum hefðu ekki staðist, hefði samningurinn gilt til 1. febrúar 2012.

Helstu ávinningar samningsins

- Almenn launahækkun og eingreiðslur vegna tafa á gerð samnings.
- Sérstök áhersla á hækkun lægstu launa með hækkun launataxta um allt að 21% og lágmarkstekjutryggingar um 23,6%.
- Persónuafsláttur verður verðtryggður frá og með næstu áramótum.
- Lagður grunnur að jöfnun lífeyrisréttinda landsmanna með markvissum hætti á árunum 2014–2020 en hér er um að ræða eitt mikilvægasta réttindamál launafólks um áratuga skeið.
- Með kjarasamningnum er blásið til sóknar í atvinnulífinu með það að markmiði að draga úr atvinnuleysi, m.a. með ýmsum hvataaðgerðum til að treysta stöðu nýsköpunar og þekkingargreina ásamt orkufrekum iðnaði sem styðji við markmið ASÍ um að auka vægi grænna greina í hagkerfinu.
- Átak í þjónustu við atvinnuleitendur á vegum stéttarfélaganna og menntunarræði verða sett á oddinn bæði fyrir yngra fólk og þá sem komnir eru af hefðbundnum skólaaldri.

- Atvinnuleysisbætur og bætur almannatrygginga fá hliðstæða hækkun og þeir sem eru á lægstu töxtum.
- Hækkun framlaga til Fæðingarorlofssjóðs og Ábyrgðarsjóðs launa tryggir launafólki rétt í fæðingarorlofi og rétt á fullum bóttum fyrir launatap í gjaldþrotum fyrirtækja.
- Starfsendurhæfingargjald lögfestir rétt alls launafólks og þeirra sem eru á örorkubóttum lífeyrissjóðanna til endurhæfingar. Af hálfu stjórnvalda koma til fjölmargar umbætur til að tryggja réttarstöðu launafólks, s.s. við sölu fyrirtækja, framkvæmd útboðsmála og til að hefta svarta atvinnustarfsemi.

Kjarasamningurinn sem undirritaður var 5. maí 2011

KJARASAMNINGUR

milli

**Félags bókagerðarmanna, Flóabandalagsins (Efling, Hlíf, VSK),
Landssambands íslenskra verslunarmanna, Matvís,
Mjólkurfræðingafélags Íslands, Rafiðnaðarsambands Íslands,
Samiðnar, Starfsgreinasambands Íslands, VM Félags vélstjóra og
málmtæknumanna, VR, samninganefndar ASÍ
og
Samtaka atvinnulífsins**

Aðfarasamningur.....	2
Forsendur og gildistími	2
Kaupliðir	3
Yfirlýsing um lífeyrismál.....	5
Ný og breytt ákvæði kjarasamninga	5
Sjúkrakostnaður vegna vinnuslysa	5
Greiðsla yfirvinnu með frítöku.....	5
Útreikningur á yfirvinnulaunum	6
Lengd matartíma í yfirvinnu um helgar.....	6
Greiðsla frítökuréttar.....	6
Ólaunaðir frídagar á ferðum	6
Bókanir.....	6
Almenn launahækkun.....	6
Sameiginleg launastefna ASÍ og SA	7
Skilgreining vakta.....	7
Veikindi og endurhæfingarmál	7
Bókun um tilkynningu veikinda	8
Slys erlendis.....	8
Lokun vegna force major aðstæðna	8
Jafnréttisáherslur	8
Skráning og meðferð persónuupplýsinga	9
Upplýsingar og samráð	9
Óvinnufærni vegna veikinda	9
Starfsmannaleigur.....	9
Yfirlýsing ASÍ og SA um framkvæmd útboðsmála.....	10
Lokaákvæði	11
Fylgiskjöl	12
Fylgiskjal 1. Samræmt mat opinberra verkkaupa á hæfi bjóðenda í útboðum ...	12
Fylgiskjal 2. Tillaga að breytingu á lögum um opinber innkaup nr. 84/2007.....	17

Aðfarasamningur

Allir kjarasamningar aðila framlengjast óbreyttir til 22. júní 2011, þ.m.t. sérkjarasamningar sem teljast hlutar aðalkjarasamninga. Við samþykkt samnings þessa greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 50.000, hverjum starfsmanni í fullu starfi sem er við störf í maí og miðast greiðslan við fullt starf í mánuðunum mars-maí. Starfsmenn sem létu af störfum í apríl fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í mars og apríl. Starfsmenn sem hófu störf í apríl eða fyrstu fimm dagana í maí og eru í starfi í maí fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í apríl og maí. Starfsmenn í hlutastarfi fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall. Greiðslan skal innt af hendi eigi síðar en 1. júní 2011.

Nú taka samningar um framlengingu kjarasamninga til 31. janúar 2014 ekki gildi hinn 22. júní 2011 og geta þá annað hvort ASÍ eða SA fyrir 22. júní 2011 ákveðið framlengingu þessa aðfarasamnings til 31. janúar 2012 og skulu þá þær breytingar á kjarasamningum, sem samið hefur verið um af hálfu samninganefndar ASÍ og aðildarsamtaka ASÍ og taka áttu gildi þann 1. júní 2011 komna að fullu til framkvæmda, þ.m.t. ný og breytt ákvæði kjarasamninga og bókanir. Þó taka ekki gildi sérstakt 15.000.- kr. álag á desemberuppbót 2011 og sérstakt 10.000.- kr. álag á orlofsuppbót 2011, ákveði ASÍ framlengingu þessa aðfarasamnings til 31. janúar 2012.

Forsendur og gildistími

Forsenduákvæði

Sérstök forsendunefnd skipuð tveimur fulltrúum tilnefndum af samninganefnd aðildarsamtaka ASÍ og tveimur af SA skal taka þegar til starfa. Hún skal fjalla um þróun kjara-, efnahags-, atvinnu- og félagsmála á samningstímanum og eftir atvikum leita eftir samstarfi við stjórnvöld, í því skyni að stuðla að því að markmið samnings þessa um að auka hagvöxt, skapa störf, auka jafnvægi í efnahags- og atvinnulífi milli einstakra greina, lágna verðbólgu og aukinn kaupmátt nái fram að ganga.

Frá undirritun þessa samnings og til 21.6 2011, skal nefndin sérstaklega fjalla um forsendur gildistöku þessa samnings. Til þess að samningurinn taki gildi þann 22. júní þurfa þær stjórnvaldsáskvarðanir og lagabreytingar sem heitið er í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að hafa náð fram að ganga fyrir þann tíma.

Í byrjun janúar 2012 skal nefndin fjalla sérstaklega um forsendur samningsins fyrir tímabilið 1. mars 2011 til 31. desember 2011. Samningurinn heldur gildi sínu til 31. janúar 2014 hafi forsendur staðist.

Í byrjun janúar 2013 skal nefndin fjalla sérstaklega um forsendur samningsins fyrir tímabilið 1. febrúar 2012 til 31. desember 2012. Samningurinn heldur gildi sínu til 31. janúar 2014 hafi forsendur staðist.

Forsendur samningsins eru:

1. Kaupmáttur launa hafi aukist á tímabilinu desember 2010 – desember 2011 og á tímabilinu desember 2011 – desember 2012 samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands.
2. Verðlag haldist stöðugt á samningstímanum og að verðbólga verði innan við 2,5% í desember 2012 m.v. sl. 12 mánuði.
3. Að gengi krónunnar styrkist marktækt frá gildistöku samningsins til loka árs 2011 og að gengisvísitala íslensku krónunnar verði innan við gildið 190 í desember 2012, miðað við meðalgengi Seðlabanka Íslands (þróng viðskiptavog).
4. Að stjórnvöld hafi staðið við gefin fyrirheit í efnahags-, atvinnu-, og félagsmálum, sbr. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamning þennan.

Fari svo að ofangreindar forsendur standist ekki skal kalla saman fund samninganefndar aðildarsamtaka ASÍ og framkvæmdastjórnar SA sem leita skulu samkomulags um viðbrögð til að stuðla að framgangi markmiða samningsins, treysta forsendur hans og vinna að því að hann haldi gildi sínu.

Náist samkomulag um viðbrögð vegna endurskoðunarinnar 2012 þá heldur samningurinn gildi til loka janúar 2014. Náist samkomulag um viðbrögð vegna endurskoðunarinnar 2013 þá heldur samningurinn gildi til loka janúar 2014.

Nú næst ekki samkomulag og skal þá sá ofangreindra aðila sem ekki vill að samningurinn haldi gildi sínu skýra frá þeirri ákvörðun og rökstyðja hana. Fellur samningurinn þá úr gildi frá lokum janúar 2012 m.v. tilkynningu fyrir kl. 16:00 þann 20.1 2012 vegna endurskoðunarinnar 2012 en frá lokum janúar 2013 m.v. tilkynningu fyrir kl. 16:00 þann 21.1 2013 vegna endurskoðunarinnar 2013.

Gildistími

Standist forsendur skv. framansögðu gildir samningur þessi frá 22. júní 2011 og framlengjast þá allir kjarasamningar þ.m.t. sérkjarasamningar sem teljast hlutar aðalkjarasamninga aðila til loka janúar 2014 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og falla þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Kaupliðir

Í samningum einstakra aðildarsamtaka ASÍ eru eftirfarandi breytingar á mánaðarlaunum samkvæmt samræmdri launastefnu.

Almenn launahækkun

- 1.6. 2011: 4,25%.
- 1.2. 2012: 3,5%.
- 1.2. 2013: 3,25%.

Aðrir kjaratengdir liðir taka sömu breytingum hlutfallslega á sömu dagsetningum, nema um annað hafi samist.

Sérstök hækkun kauptaxta

Í stað áðurgildandi launataxta komi nýir sem eru hluti samninga viðkomandi aðildarsamtaka ASÍ. Launataxtar gilda frá 1. júní 2011, frá 1. febrúar 2012 og 1. febrúar 2013.

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf skv. kjarasamningum viðkomandi aðildarsamtaka ASÍ skulu vera sem hér segir fyrir starfsmenn 18 ára og eldri sem starfað hafa fjóra mánuði samfellt hjá sama fyrirtæki:

1. júní 2011	kr. 182.000 á mánuði.
1. febrúar 2012	kr. 193.000 á mánuði
1. febrúar 2013	kr. 204.000 á mánuði

Mánaðarlega skal greiða uppbót á laun viðkomandi starfsmanna sem ekki ná framangreindum tekjum, en til launa í þessu sambandi teljast allar greiðslur, þ.m.t. hverskonar bónus-, álags- og aukagreiðslur, sem falla til innan ofangreinds vinnutíma.

Laun fyrir vinnu umfram fullt starf og endurgjald á útlögðum kostnaði reiknast ekki með í þessu sambandi.

Desember- og orlofsuppbót.

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2011 kr. 48.800. (VR/LÍV 55.400).

Á árinu 2012 kr. 50.500. (VR/LÍV 57.300).

Á árinu 2013 kr. 52.100. (VR/LÍV 59.200).

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1.mái til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2011 verði orlofsuppbót kr. 26.900.

(VR/LÍV 20.300).

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2012 verði orlofsuppbót kr. 27.800.

(VR/LÍV 21.000).

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2013 verði orlofsuppbót kr. 28.700.

(VR/LÍV 21.600).

Sérstakt álag á desember- og orlofsuppbót 2011

Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á desemberuppbót, kr. 15.000, nema að ASÍ hafi ákveðið að samningarnir gildi til loka janúar 2012.

Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á orlofsuppbót, kr. 10.000, nema að ASÍ hafi ákveðið að samningarnir gildi til loka janúar 2012.

Yfirlýsing um lífeyrismál

Samningsaðilar eru sammála um að halda áfram vinnu að samræmingu lífeyrisréttinda á vinnumarkaði. Yfirlýsingu þessari er ætlað að auðvelda sátt um meginþætti lífeyrismála. Meginmarkmiðið er að allir lífeyrissjóðir á vinnumarkaðnum starfi á sjálfbærum grunni og að lífeyrisréttindi þróist í samræmi við þarfir fyrir ásættanlegan lífeyri. Á vettvangi samningsaðila verður unnið á þeim forsendum að hækka þurfi iðgjöld til lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði úr 12% í 15,5% á árunum 2014 – 2020.

Í viðræðum samningsaðila verður fjallað um hvernig hækkun iðgjalda verður framkvæmd þ.m.t. áfangaskipting og skipting iðgjalds milli launagreiðenda og starfsmanna á grundvelli samræmingar fyrir vinnumarkaðinn í heild. Tekið verður tillit til mismunandi launakerfa s.s. á fiskisklpum.

Samningsaðilar stefna á að niðurstaða í þessari vinnu liggi fyrir í árslok 2012 og komi til umræðu vegna endurskoðunar kjarasamninga í ársbyrjun 2013. Yfirlýsing þessi felur í sér umboð til framkvæmdastjórnar Samtaka atvinnulífsins og Samninganefndar aðildarsamtaka ASÍ að ganga frá útfærslu á hækkun iðgjalda sem tekið geta gildi á árinu 2014.

Ný og breytt ákvæði kjarasamninga

Sjúkrakostnaður vegna vinnuslysa

Í upphafi greinar um sjúkrakostnað komi ný málsgrein sem orðist svo :

Hvað varðar sjúkra- og flutningskostnað teljast slys á beinni leið til og frá vinnu til vinnuslysa.

Greiðsla yfirvinnu með frítöku

Aðilar eru sammála um að inn í samningstexta þeirra kjarasamninga aðildarsamtaka ASÍ og SA, þar sem ekki er sérstaklega fjallað um frí í stað yfirvinnu komi ný grein í kaflann um vinnutíma:

„Frí í stað yfirvinnu.

Heimilt er með samkomulagi starfsmanns og atvinnurekanda, að safna frídögum vegna yfirvinnu, á þann hátt að yfirvinnutímar komi til uppsöfnunar og frítöku á dagvinnutímabili en munur dagvinnu- og yfirvinnutímakaups er greitt við næstu reglulegu útborgun eða komi í heild til uppsöfnunar og frítöku á dagvinnutímabili. Verðgildi unninna yfirvinnutíma skal lagt til grundvallar. Samkomulag skal vera um frítöku. Frítökuréttur skv. framansögðu sem ekki hefur verið nýttur fyrir 1. maí ár hvert eða við starfslok, skal greiddur út m.v. verðgildi dagvinnustunda á greiðsludegi. Samkomulag skal vera um frítöku og hún skipulögð þannig að sem minnst röskun verði á starfsemi.“

Útreikningur á yfirvinnulaunum

Aðilar eru sammála um að inn í samningstexta kjarasamninga aðildarsamtaka ASÍ og SA, annarra en RSÍ, komi þar sem fjallað er um yfirvinnu:

Um útreikning á yfirvinnulaunum fer skv. ráðningarsamningi eða skriflegri staðfestingu ráðningar.

Lengd matartíma í yfirvinnu um helgar

Aðilar eru sammála um að inn í samningstexta þeirra kjarasamninga aðildarsamtaka ASÍ og SA, þar sem ekki er sérstaklega fjallað um lengd neysluhléa í yfirvinnu um helgar komi ný grein:

„Um lengd neysluhléa um helgar fer með sama hætti og virka daga.“

Greiðsla frítökuréttar

Aðilar eru sammála um að inn í samningstexta þeirra kjarasamninga aðildarsamtaka ASÍ og SA þar sem fjallað er um vinnutíma komi í undirkafla um lágmarkshvöld þar sem fjallað er um „Frávik og frítökurétt“ svohljóðandi ný grein:

„Án samþykkis starfsmanns er óheimilt að skipuleggja vinnu þannig, að uppsafnaður frítökuréttur sé tekinn út á tímum þegar starfsmaður er á ferðalögum á vegum atvinnurekanda eða við störf fjarri heimili/aðsetri nema í eðlilegu framhaldi söfnunar.“

Ólaunaðir frídagar á ferðum

Aðilar eru sammála um að inn í samningstexta þeirra kjarasamninga aðildarsamtaka ASÍ og SA þar sem ekki er sérstaklega fjallað um ólaunaða frídaga á ferðum komi svohljóðandi ný grein:

„Þurfi starfsmaður að ósk fyrirtækis að ferðast milli landa á ólaunuðum frídögum, skal hann þegar heim er komið fá frí sem samsvarar 8 dagvinnuþrjúkkustundum fyrir hvern frídag sem þannig glatast, enda hafi ekki verið tekið tillit til þess við ákvörðun launa. Um töku þessara frídaga fer með sama hætti og ákveðið er í kaflanum um lágmarkshvöld og fritöku“

Bókanir

Almenn launahækkun

Með umsáminni almennri launahækkun í kjarasamningum aðildarsamtaka ASÍ og SA er átt við lágmarkshækkun þeirra reglulegu launa sem starfsmaður nýtur á þeim degi þegar hækkun skv. kjarasamningi á að koma til framkvæmda, óháð launum viðkomandi starfsmanns.

Óheimilt er að lækka eða afnema yfirborganir með því að greiða ekki út almennar launahækkunarir. Yfirborganir verða því aðeins lækkaðar eða afnumdar að fylgt sé ákvæðum ráðningarsamnings. Þetta ákvæði kemur þó ekki í veg fyrir að fyrirtæki geti með launaákvörðunum flýtt hækkunum með sérstökum ákvörðunum og þá sé með fyrirsjáanlegum og fyrirfram ákveðnum hætti tekið tillit til óframkominna almennra hækkana á næstu 12 mánuðum. Starfsmanni sé fyrirfram gert ljóst með sannanlegum hætti að um flýtta almenna launahækkun samkvæmt kjarasamningi sé að ræða.

Sameiginleg launastefna ASÍ og SA

Kjarasamningar undirritaðir í dag fela í sér tilteknar niðurstöður um almennalaunahækkun, hækkun kauptaxta og aðrar breytingar sem saman mynda heildarkostnað gagnvart atvinnulífnum á samningssviði aðila. Almennar launahækkunarir verða samtals 11,41% á samningstímanum. Sérstök hækkun kauptaxta er íáglaunaaðgerð sem hækkar launakostnað misjafnlega eftir því hve margir taka laun skv. kauptöxtum. Framangreind niðurstaða kjarasamninga felur í sér að mótuð hefur verið sameiginleg og samræmd launastefna gagnvart þeim fjölmörgu samningum sem enn eru ógerðir á samningssviði aðila. Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að framfylgja framangreindri launastefnu í framhaldinu.

Í þessu felst m.a. að launakerfi sem samsett eru af launatöxtum og hlutfallslegum álögum (þó ekki vaktáálögum), hvort sem er í formi prósentu eða með öðrum hætti innan dagvinnnumarkna, þarf að aðlaga þannig að launabreytingar séu í samræmi við þessa stefnu.

Skilgreining vakta

Samtökin eru sammála um að kortleggja og stefna að endurskoðun vinnutímakafila kjarasamninga aðildarsamtaka ASÍ og SA þar sem fjallað er um vaktir, vinnu utan dagvinnutímabils og breytilegt dagvinnutímabil, með samræmingu og aukinn skýrleika að leiðarljósi.

Veikindi og endurhæfingarmál

Samningsaðilar einsetja sér að endurskoða uppbyggingu á fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu og vinnuvernd.

Markmiðið er að stuðla að því að brugðist sé við veikindum með fyrirsjáanlegum hætti og að starfsmanni sem veikist bjóðist viðeigandi úrræði sem fyrst. Þetta felur m.a. í sér aukinn sveigjanleika á vinnumarkaði til að tryggja það að einstaklingar sem veikjast eða slasast og eru í virkri starfsendurhæfingu hafi möguleika á að koma til baka í samræmi við vinnugetu sína á hverjum tíma.

Ljóst er að þessu markmiði verður aðeins náð ef gagnkvæmt traust ríkir milli atvinnurekanda og starfsmanna um fyrirkomulag við tilkynningu veikinda, endurkomu starfsmanna úr veikindum, fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu í fyrirtækjum o.s.frv.

Samningsaðilar taka þátt í stýrihópi á vegum VIRK sem vinnur að þeim markmiðum sem nefnd eru hér að framan.

Sérstaklega verður fylgst með þróunarverkefni sem er að fara af stað á vegum VIRK um forvarnir og starfsendurhæfingu. Samningsaðilar munu nýta þá reynslu og þekkingu sem þar verður til inn í sínu starfi.

Samningsaðilar munu vera starfsmönnum þessa þróunarverkefnis til stuðnings og ráðlegginga vegna álitamála sem upp koma í verkefninu og snúa að lög- og kjarasamningsbundnum réttindum og skyldum á vinnumarkaði.

Bókun um tilkynningu vinnuslysa

ASÍ og SA munu sameiginlega óska eftir breytingu á lögum nr. 30/2004 um váttryggingasamninga þess efnis að tilkynning vinnuveitanda um váttryggingaratburð jafngildi skyldum váttrygðs í því efni skv. 51.gr. laganna hafi hann ekki tilkynnt um atburðinn.

Slys erlendis

Samkvæmt kjarasamningum ber atvinnurekanda að tryggja starfsmenn sína á ferðalögum á vegum atvinnurekanda. Þar sem hefðbundnar ferða-, slysa- og sjúkratryggingar veita almennt ekki nægilega vernd vegna slysa erlendis af völdum vélknúinna ökutækja, munu aðilar vinna að því, að starfsmenn verði tryggðir með fullnægjandi hætti. Þeirri vinnu skal lokið eigi síðar en 1. nóvember 2011.

Lokun vegna force major aðstæðna

Á fyrsta ári frá gildistöku aðalkjarasamninga aðildarsamtaka ASÍ og SA skal sérstakur vinnuhópur, skipaður fulltrúum ASÍ og SA, taka saman upplýsingar og gögn frá Norðurlöndunum um fyrirkomulag launagreiðslna og/eða bóta til starfsmanna í kjölfar force major atvika.

Jafnréttisáherslur

Jafnir möguleikar kvenna og karla til starfa, starfsþróunar og launa er hagsmunamál launafólks og fyrirtækja. Aðilar munu því vinna saman að eftirtöldum verkefnum á samningstímanum.

- Ljúka gerð staðals um framkvæmd stefnu launajafnréttis og í framhaldinu sé unnið áfram við gerð staðals um jafna möguleika kynjanna til starfa og starfsþróunar. Staðlavinnan er unnin í samstarfi við Staðlaráð Íslands og velferðarráðuneytið. Stefnt er að útgáfu fyrir lok samningstímans.
- Haldið verði áfram samstarfi við Hagstofu Íslands um rannsókn á launamyndun kvenna og karla byggðri á gagnasafni stofnunarinnar með það að markmiði að gera eina rannsókn á samningstímanum.
- Gerð sameiginlegs kynningar- og fræðsluefnis fyrir launafólk og fyrirtæki um jafnrétti á vinnumarkaði á samningstímanum.
- Að hvetja stjórnendur fyrirtækja til að huga að mótun fjölskyldustefnu innan fyrirtækja með það að markmiði að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa atvinnulífs.

Skráning og meðferð persónuupplýsinga

Um meðferð og vinnslu persónuupplýsinga fer samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga eins og þau eru á hverjum tíma, nú lög nr. 77/2000, og reglum sem settar eru á grundveili þeirra, svo sem um rafræna vöktun. Aðilar eru sammála um að vinna sameiginlegt kynningar- og fræðsluefni á samningstímanum um persónuvernd starfsmanna.

Upplýsingar og samráð

Aðilar eru sammála um að fara í sameiginlegt átak til kynningar og framkvæmdar á lögum um upplýsingar og samráð í fyrirtækjum nr. 151/2006 og vinna að fræðslu- og kynningarefni um réttindi og skyldur fyrirtækja og starfsmanna skv. lögnum. Aðilar eru sammála um að beina því til atvinnurekenda að eiga fundi með trúnaðarmönnum a.m.k. tvísvar á ári þar sem m.a. er fjallað um stöðu og atvinnumál fyrirtækisins.

Óvinnufærni vegna veikinda

Aðilar eru sammála um að, auk velknda og slysatilvika, verði veikindaréttur samkvæmt samningi þessum virkur þurfi starfsmaður að gangast undir aðkallandi og nauðsynlega lækniáðgerð til að draga úr eða eyða afleiðingum sjúkdóms sem fyrirsjáanlegt er að leiði til óvinnufærni.

Ofangreind skilgreining felur ekki í sér breytingu á sjúkdómshugtaki vinnuréttar eins og það hefur verið túlkað af dómstólum. Þó eru aðilar sammála um að aðgerðir sem starfsmaður þarf að gangast undir, til að bæta úr afleiðingum slyss við vinnu, leiði einnig til þess að veikindaréttur skv. samningi þessum verði virkur.

Starfsmannaleigur

Aðilar eru sammála um að við innleiðingu starfsmannaleigutílskipunarinnar verði áréttað að á íslenskum vinnumarkaði er meginreglan sú að starfsmenn eru ráðnir ótímabundið beint til vinnuveitanda enda ríkir hér ákveðinn sveigjanleiki í ráðningum sem ætlað er að auðvelda fyrirtækjum að bregðast við sveiflum í starfsemi þeirra.

Einnig, að samkvæmt lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980, ákveða kjarasamningar lágmarkskjör. Þá verði meginregla tílskipunarinnar um jafna meðhöndlun lögfest og miðað við að ráðningarkjör starfsmanna starfsmannaleiga skuli á þeim tíma sem um ræðir vera a.m.k. þau sem hefðu gilt ef þeir hefðu verið ráðnir beint til viðkomandi fyrirtækis til að sinna sama starfi. Þar verði vísað til raunverulegra launakjara hjá notendafyrirtækinu hvornig sem þau eru ákvörðuð og hvornig sem þau eru greidd.

Yfirlýsing ASÍ og SA um framkvæmd útboðsmála

Miklu skiptir fyrir íslenskt efnahagslíf að atvinnulífið og vinnumarkaður starfi eftir skýrum og gegnsæjum lögum og reglum og tryggi eðlilega og heilbrigða samkeppni. Útboð verklegra framkvæmda er mikilvægur þáttur í atvinnustarfsemi. Því skiptir miklu að útboðslýsingar vegna verklegra framkvæmda, mat á hæfi bjóðenda, val á tilboði og ákvæði um skil á greiðslum til allra þeirra sem vinna tilboðsverk séu betur undirbúnar og settar fram með ákveðnari hætti en nú er raunin.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnar í tengslum við viðræður aðila á vinnumarkaði segir m.a. um framkvæmd útboðsmála:

„Skóðað verður hvaða breytingar gera þarf á lögum um opinber innkaup, og eftir atvikum öðrum lögum, til þess að styrkja stöðu og réttindi launafólks sem starfa fyrir fyrirtæki á verktakamarkaði og jafna á sama tíma samkeppnisstöðu fyrirtækja. Stefnt skal að því að starfshópur stjórnvalda, með aðild fulltrúa sveitarfélaga, ASÍ og SA, skili tillögum um framangreind atriði elgi síðar en í júní 2011 og að hægt verði að leggja fyrir Alþingi tillögur um æskilegar lagabreytingar í byrjun haustþings. Stjórnvöld munu jafnframt, þar sem það á við, innleiða niðurstöður starfshópsins í eiginastefnu ríkisins.“

SA og ASÍ eru sammála um að nánar skilgreind verkefni starfshópsins séu m.a. eftirfarandi:

1. Taka afstöðu til og leggja fyrir tillögu að lögum um samabyrgð/keðjuábyrgð verktaka/verkkaupa á launum starfsfólks og opinberra gjalda verktaka og undirverktaka. Skal þá sérstaklega horft til laga nágrannalanda um efnið.
2. Taka afstöðu til þess hvernig megi tryggja réttindi launafólks frekar með breytingum á þeim lögum sem fjalla um opinber útboð og hæfi bjóðenda.
3. Taka afstöðu til þess hvernig taka megi upp í útboðsskilmálum um opinber þjónustuinnaup þær kröfur sem verkkaupi gerir til bjóðanda varðandi vinnufyrirkomulag sem byggir á kjarasamningsbundnum forsendum (s.s. tímamælt ákvæði, uppmælling) til þess að skapa jafnræði meðal bjóðenda og sýna umfang og eðli verksins
4. Taka afstöðu til þess hvernig megi lögleiða gr. 15.1 í ÍST 30 í almenn lög um framkvæmd útboða.

Þá hafa SA og ASÍ komið sér saman um samræmt mat verkkaupa á hæfi bjóðenda í útboðum (fylgiskjal 1). Áhersla er lögð á að matið taki bæði til opinbera- og almenna markaðarins og nái jafnt til aðal- og undirverktaka. Jafnframt er lögð áhersla á að matið fái viðurkennda stöðu í lögum eða reglugerð. Við mat á bjóðendum verði meginreglan að starfsmenn séu í föstu ráðningarsambandi.

SA og ASÍ hafa ennfremur komið sér saman um nánari reglur um hvernig skuli standa að gerð útboðsgagna á grundvelli 42. – 45. gr. laga nr. 84/2007, um opinber innkaup, vali á tilboði á grundvelli 73. og 77. gr. laga nr. 84/2007 og skilum á greiðslum á grundvelli staðals IST30:2003, liður 31.5 (fylgiskjal 2).

Lokaákvæði

Ákvæði þessa samnings verða hluti þeirra kjarasamninga sem undirritaðir eru 5. maí 2011 milli Samtaka atvinnulífsins og þeirra stéttarfélaga sem samninganefnd aðildarsamtaka ASÍ hefur umboð fyrir. Rísi ágreiningur með aðilum um texta einstakra ákvæða ræður texti þessa skjals.


Öll ákvæði þessa samnings hafa gildi lágmarkskjarasamnings skv. ákvæðum 1.gr. laga 55/1980.

Afgreiðsla kjarasamninga


Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga fyrir kl. 16:00 miðvikudaginn 25.maí.

Reykjavík, 5. maí 2011


F.h. Samninganefndar ASÍ



Sigrún Árnadóttir
F.h. Félagsbáttalagsins
Sigrún Árnadóttir

F.h. Samtaka atvinnulífsins


Vilhjálmur Guðmundsson


F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands


Guðmundur Guðmundsson



Páll Guðmundsson


F.h. Samiðnar


Dinkjón Á. Helmansson



Brínnir Árnason


F.h. Starfsgreinasambands Íslands


Pjetur Sævi



Birna Þinnsdóttir

F.h. VR



Pjetur E. - Pjetur


Hannes G. Sigurðsson

F.h. Landssambands íslenskra verzlunarmanna


Stefanía Álaguðsdóttir

F.h. Félaga með beina aðild að ASÍ


Guðmundur Ragnar

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1. Samræmt mat opinberra verkkaupa á hæfi bjóðenda í útboðum

04052011

Fylgiskjal I

Samræmt mat opinberra verkkaupa á hæfi bjóðenda í útboðum

Markmið

Samræmdu mati opinberra verkkaupa á hæfi bjóðenda í útboðum er ætlað að tryggja að verktakar, sem vilja gera samning við opinberra verkkaupa, búi yfir þeirri tæknilegu og fjárhagslegu getu sem nauðsynleg er til þess að geta framkvæmt þau verk sem boðin eru út og staðið við samninga í samræmi við það sem verkkaupi ætlast til. Tilgangurinn er ekki sá að greina á milli þeirra tilboðsgjafa sem uppfylla hæfiskröfur útboða.

Opinberir verkkaupar munu í útboðsgögnum setja fram samræmdar kröfur til bjóðenda um skil á upplýsingum og öðrum gögnum með tilboðum til staðfestingar á hæfi. Þær upplýsingar eru grundvöllur hæfismatsins.

Tilgangurinn með samræmdu hæfismati er ekki sá að setja ítarlegar og fullkomnar reglur um málsmeðferð, heldur er það fyrst og fremst hugsað sem hjálpargagn við framkvæmd útboða.

Hvernig standa skal að hæfismatinu

Afar mikilvægt er að opinberir verkkaupar standi á samræmdan hátt að hæfismati bjóðenda og leitist þannig við að tryggja sem mest jafnræði í greininni. Virða ber allar almennar og óskráðar reglur um meðferð á tilboðsgögnum sem koma í veg fyrir tilviljanakennt mat, mat sem byggist á ómálefinalegri mismunum eða er mjög ósanngjarn. Opinberir verkkaupar eiga hver um sig að sjá til þess að hæfismatið sé framkvæmt í samræmi við sameiginleg markmið.

Þannig skal staðið að útboðum og hæfismati að það stuðli að heilbrigðum og fjölbreyttum verktakamarkaði og auki samkeppni á honum. Við opinber innkaup er greint á milli **vals bjóðanda** (e. qualitative selection) annars vegar og **vals tilboðs** (e. award of contract) hins vegar. Þessum atriðum ber að halda vandlega aðskildum. Val á bjóðendum snýst um hvort viðkomandi fyrirtæki fullnægja ýmsum skilyrðum sem lúta að hæfi þeirra og getu, einkum skilyrðum um tæknilega og fjárhagslega getu. Ef fyrirtæki telst á annað borð fullnægja skilyrðum til að mega leggja fram tilboð verður að meta tilboð þess sjálfstætt í samræmi við forsendur fyrir vali tilboðs. Ekki er heimilt að líta til atriða sem varða tæknilega og fjárhagslega getu fyrirtækis við mat og val á tilboði.

Markmiðið er að útiloka þau fyrirtæki frá útboðum sem ekki hafa burði til þess að framkvæma þau verk sem opinberir verkkaupar bjóða út. Einkum er lögð áhersla á að verktakar séu hæfir til verksins, hafi reynslu og geti vísað til umsagnaraðila, hvort sem það varðar tækni og fagmennsku eða skipulag og stjórnunarþáttinn, ásamt því að standa nógu styrkum fótum fjárhagslega.

Hvenær notast er við hæfismat

Hæfismat skal alltaf nota þegar útboð eru yfir þeim opinberu viðmiðunarfrjárhæðum sem gilda um verkframkvæmdir. Þó getur reynst nauðsynlegt að gera lágmarkskröfur vegna sérstakra verkefna þar sem samningar ná ekki opinberum viðmiðunarfrjárhæðum. Það getur t.d. átt við

sérstaklega erfíð verkefni tæknilega séð eða atvik þar sem verkkaupinn tekur mjög mikla áhættu og það gæti haft miklar afleiðingar í för með sér ef verkið er ekki unnið eins og áformað er.

Hæfisflokkar

Viðmið og kröfur um mat á hæfi byggjast á mati á því hvaða áhættu verkkaupinn er tilbúinn að taka hvað varðar framvindu og kostnað. Forðast ber að kröfurnar hræði mögulega þátttakendur frá því að leggja fram tilboð. Helsta markmiðið er að finna rétt jafnvægi á milli áhættu og samkeppni.

Ekki skal gera strangari faglegar, tæknilegar og fjárhagslegar kröfur en nauðsynlegt er og þær eiga að vera í samræmi við áhættu verkkaupa og stærð samnings. Stærð samnings og áhætta verkkaupa ráða hæfisflokkun og er greint á milli fjögurra stærðarflokka og þriggja áhættuþrepa.

Leggja ber aðaláherslu á að meta hættuna á afleiðingum fyrir verkkaupann, verði verkið ekki framkvæmt eins og áformað var. Sú áhætta byggist á því hve flókið verkið er, hve erfitt það er og stærð þess og afleiðingum á önnur og tengd verkefni. Markaðsbættir geta þar einnig átt hlut að máli.

Mikil áhætta gæti tengst verkefnum með ströng tímamörk, tæknilega flóknum verkum, umfangsmiklum og dýrum útbúnaði og þess háttar.

Kröfur í einstökum útböðum eru ákveðnar á grundvelli stærðar og áhættuþreps í samræmi við eftirfarandi töflu (Fjárhæðir eru með VSK til samræmis við almenna venju við gerð kostnaðaráætlana og tilboða. Á það er hins vegar bent að viðmiðunarfrjárhæðir í reglugerðum eru án VSK.):

	Hæfisflokkun			
	Umfang samnings í milljónum króna með VSK			
	≤75	75- 400	400 - 800	≥800
Litil áhætta	C	C	B	A
Áhætta í meðallagi	C	B	A	A
Mikil áhætta	B	A	A	A

Meta þarf fyrir hvert verkefni áhættu verkkaupa. Sem dæmi um verkefni með litilli áhættu má nefna hefðbundna efnisflutninga, efnisvinnslu og vettarþjónustu. Verkefni með meðaláhættu geta verið vegagerð með bundnu slitlagi, styrking vega og gerð bundins slitlags. Verkefni með mikilli áhættu geta verið verkefni þar sem umferð er mikil, brúargerð, gerð jarðganga og verkefni þar sem tímamörk eru þröng.

Þegar unnin er nýbygging og endurgerð gatna í borgarumhverfi er um mikla áhættu að ræða. Hæfisflokkur aldrei lægri en A.

Dæmi um flokkun byggingaverkefna vegna áhættu / flækjustígs:

- Þegar um er að ræða samninga um atverk gildir hæfisflokkur A.
- Þegar unnið eru heildarverk í endurgerð löða er hæfisflokkur aldrei lægri en B.
- Þegar unnin eru einstök verkefni allra iðngreina nema húsmiði á bilinu 75-400 mkr. og herra er hæfisflokkur aldrei lægri en B.
- Þegar um er að ræða byggingu sundlauga, grunnskóla og menningarhúsa gildir hæfisflokkur A.
- Þegar um er að ræða raftagnir, öryggiskerfi, loftæstikerfi, hússtjórnarkerfi og önnur tæknilega flókin kerfi og þegar um er að ræða samninga um brýr gildir hæfisflokkur A.

Tekið skal fram í útböðslýsingu hvaða hæfisflokkur gildir fyrir viðkomandi verk.

Mat á hæfi bjóðenda

Mat á hæfi bjóðenda byggist á þremur eftirfarandi meginviðmiðum:

M1: Tæknileg geta bjóðenda.

M2: Fjárhagsstaða bjóðenda.

M3: Persónulegum aðstæðum bjóðenda.

Fyrir alla hæfisflokka gildir að vanti upplýsingar og/eda þær eru ófullnægjandi mun verkkaupi vísa tilboði frá við yfirferð gagna.

Í hvert einstakt fyrirtæki í samstarfi um verkefni þarf að gefa sínar eigin upplýsingar, auk samciginlegra upplýsinga sem krafist er í útboðslýsingu.

Kröfur eftir hæfisflokkum

Hæfisflokkur C

M1: Tæknileg geta bjóðanda:

M1a: Bjóðandi skal á sl. 5 árum hafa unnið við a.m.k. eitt verkefni svipaðs eðlis fyrir verkkaupa eða annan aðila

M1b: Yfirstjórnandi (verkefnisstjóri / verkstjóri) verks skal hafa á sl. 5 árum stjórnað a.m.k. einu verki svipaðs eðlis fyrir verkkaupa eða annan aðila

M1c: Bjóðandi skal vinna samkvæmt skilgreindu gæðastjórnunarkerfi og skulu stjórnendur hafa unnið með gæðastjórnunarkerfi í að minnsta kosti einu verki. Lágmarkskrifa til gæðakerfis er sambærileg við D vottun gæðakerfis Samtaka iðnaðarins.

Unnt er að víkja frá kröfu um gæðakerfi þegar útboð eru í öðgreinaskipti.

M1d: Öryggis- og heilbrigðisáætlun bjóðanda.

M2: Fjárhagsstaða bjóðenda:

M2a: Eigið fé bjóðanda skal vera jákvætt.

M2b: Bjóðandi skal vera í skilum með opinber gjöld.

M2c: Bjóðandi skal vera í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld starfsmanna sinna.

M3: Persónulegar aðstæður bjóðenda:

Ef einhver af eftirfarandi atriðum eiga við bjóðanda verður tilboði hans vísað frá:

- Bú fyrirtækis er undir gjaldþrotaskiptum eða félagi hefur verið slitið, það hefur fengið heimild til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
- Óskað hefur verið gjaldþrotaskipta eða slita á fyrirtæki, það hefur leitað heimildar til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
- Fyrirtæki hefur með endanlegum dómi verið fundið sekt um refsivert brot í starfi.
- Fyrirtæki hefur sýnt alvarlega vanrækslu í starfi sem kaupanda er unnt að sýna fram á.
- Fyrirtæki er í vanskilum með lífeyrissjóðsiðgjöld eða sambærileg lögákveðin gjöld.
- Fyrirtæki er í vanskilum með opinber gjöld eða sambærileg lögákveðin gjöld.
- Fyrirtæki hefur gefið rangar upplýsingar um fjárhagslega og tæknilega getu sína eða hefur ekki lagt slíkar upplýsingar fram.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda. Leiði sú könnun í ljós að þeir eða fyrirtæki þeirra hafi orðið gjaldþrota eða komist í sambærilega aðstöðu síðastliðin fimm ár, verður bjóðanda vísað frá, enda eigi í hlut sama rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur (eða skyldmenni eða tengdafólk fyrri eigenda) í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með aðra kennitölu.

Hæfisflokkur B

M1: Tæknileg geta bjóðanda:

- M1a: Bjóðandi skal á sl. 5 árum hafa lokið við a.m.k. eitt sambærilegt verk fyrir verkkaupa eða annan aðila. Með sambærilegu verki er átt við verkefni svipaðs eðlis og að upphæð verksamnings hafi að lágmarki verið 40% af tilboði í þetta verk.
- M1b: Yfirstjórnandi (Verkefnisstjóri/verkstjóri) verks skal hafa á sl. 5 árum stjórnað a.m.k. einu verki svipaðs eðlis og þar sem upphæð verksamnings hefur verið a.m.k. 40% af tilboði bjóðanda í þetta verk.
- M1c: Kræfa um að bjóðandi hafi tæknimenntaðan starfsmann.
- M1d: Bjóðandi skal vinna samkvæmt skilgreindu gæðastjórnunarkerfi og skulu stjórnendur hafa unnið með gæðastjórnunarkerfi í að minnsta kosti einu verki.
- M1e: Öryggis- og heilbrigðisáætlun bjóðanda.

M2: Fjárhagsstaða bjóðenda:

- M2a: Meðalársvelta fyrirtækis bjóðanda síðastliðin 3 ár hafi að lágmarki verið sem nemur 50% af tilboði bjóðanda án virðisaukaskatts í viðkomandi verk. *
- M2b: Eigið fé bjóðanda skal vera jákvætt skv. endurskoðuðum ársreikningi. Ársreikningurinn skal vera án athugasemda um rekstrarhæfi.
- M2c: Bjóðandi skal vera í skilum með opinber gjöld.
- M2d: Bjóðandi skal vera í skilum með lífeyrissjóðsögjöld starfsmanna sinna.

***Ef verk tíni er lengri en 12 mánuðir má lækka kröfu um meðalársveltu í hlutfalli við verk tíma.**

M3: Persónulegar aðstæður bjóðenda:

Ef einhver af eftirfarandi atriðum eiga við bjóðanda verður tilboði hans vísað frá:

- Bú fyrirtækis er undir gjaldþrotaskiptum eða félagi hefur verið slitið, það hefur fengið heimild til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
- Óskað hefur verið gjaldþrotaskipta eða slita á fyrirtæki, það hefur leitað heimildar til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
- Fyrirtæki hefur með endanlegum dómi verið fundið sct um refsivert brot í starfi.
- Fyrirtæki hefur sýnt alvarlega vanrækslu í starfi sem kaupanda er unnt að sýna fram á.
- Fyrirtæki er í vanskilum með lífeyrissjóðsögjöld eða sambærileg lögákveðin gjöld.
- Fyrirtæki er í vanskilum með opinber gjöld eða sambærileg lögákveðin gjöld.
- Fyrirtæki hefur gefið rangar upplýsingar um fjárhagslega og tæknilega getu sína eða hefur ekki lagt slíkar upplýsingar fram.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda. Leiði sú könnun í ljós að þeir eða fyrirtæki þeirra hafi orðið gjaldþrota eða komist í sambærilega aðstöðu síðastliðin fimm ár, verður bjóðanda vísað frá, enda eigi í hlut sama rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur (eða skyldmenni eða tengdafólk fyrir eigenda) í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með aðra kennitölu.

Hæfisflokkur A

M1: Tæknileg geta bjóðanda:

- M1a: Bjóðandi skal á sl. 5 árum hafa lokið við a.m.k. eitt sambærilegt verk fyrir verkkaupa eða annan aðila. Með sambærilegu verki er átt við verkefni svipaðs eðlis og að upphæð verksamnings hafi að lágmarki verið 50% af tilboði í þetta verk
- M1b: Yfirstjórnandi verks skal hafa á sl. 3 árum stjórnað a.m.k. einu verki svipaðs eðlis og þar sem upphæð verksamnings hefur verið a.m.k. 50% af tilboði bjóðanda í þetta verk
- M1c: Bjóðandi skal hafa tæknimenntaðan starfsmann.
- M1d: Bjóðandi skal vinna samkvæmt skilgreindu gæðastjórnunarkerfi og skulu stjórnendur hafa unnið með gæðastjórnunarkerfi í að minnsta kosti einu verki
- M1e: Öryggis og heilbrigðisáætlun bjóðanda. Gerð er krafa um að starfsmaður (verkstjóri) hafi lokið viðurkenndu námskeiði um merkingar vinnusvæða.**
- M2: Fjárhagsstaða bjóðenda:
- M2a: Meðalársvelta fyrirtækis bjóðanda hafi að lágmarki verið sem nemur 80% af tilboði bjóðanda án virðisaukaskatts í viðkomandi verk síðastliðin 3 ár *
- M2b: Eigið fé bjóðanda skal vera jákvætt ** samkvæmt endurskoðuðum ársreikningi. Ársreikningurinn skal vera án athugasemda um rekstrarhæfi.
- M2c: Bjóðandi skal vera í skilum með opinber gjöld
- M2d: Bjóðandi skal vera í skilum með lífeyrissjóðisgjöld starfsmanna sinna

* Ef verk tími er lengri en 12 mánuðir má lækka kröfu um meðalársveltu í hlutfalli við verk tíma.

** Ef umfang samnings í hæfisflokk C er yfir 800 m.kr. er gerð krafa um að eigið fé bjóðanda sé a.m.k. jákvætt sem nemur 5% af tilboðfjárhæð.

M3: Persónulegar aðstæður bjóðenda:

Ef einhver af eftirfarandi atriðum eiga við bjóðanda verður tilboði hans vísað frá:

- Bú fyrirtækis er undir gjaldprotaskiptum eða félagi hefur verið slitið, það hefur fengið heimild til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
- Óskað hefur verið gjaldprotaskipta eða slita á fyrirtæki, það hefur leitað heimildar til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
- Fyrirtæki hefur með endanlegum dómi verið fundið sekt um refsivert brot í starfi.
- Fyrirtæki hefur sýnt alvarlega vanrækslu í starfi sem kaupanda er unnt að sýna fram á.
- Fyrirtæki er í vanskilum með lífeyrissjóðisgjöld eða sambærileg lögákvæðin gjöld.
- Fyrirtæki er í vanskilum með opinber gjöld eða sambærileg lögákvæðin gjöld.
- Fyrirtæki hefur gefið rangar upplýsingar um fjárhagslega og tæknilega getu sína eða hefur ekki lagt slíkar upplýsingar fram.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda. Leiði sú könnun í ljós að þeir eða fyrirtæki þeirra hafi orðið gjaldprota eða komist í sambærilega aðstöðu síðastliðin fimm ár, verður bjóðanda vísað frá, enda eigi í hlut sama rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur (eða skyldmenni eða tengdafólk fyrri eigenda) í sörmu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með aðra kennitölu.

Slysatíðni

Opinberir verkkaupar stefna að því að setja fram kröfur um hámarksslysatíðni hjá fyrirtækjum bjóðenda. Þar sem upplýsingar um slysatíðni liggja almennt ekki fyrir mun í upphafi verða gerð krafa um skráningu slysatíðni (H-gildi = fjöldi vinnuslysa sem leiða til fjarveru x

1.000.000/þjöldi unninna vinnustunda; H-gildi miðast við eitt ár). Þar sem slysafjöldi getur sveiflast nokkuð milli ára mun verða gerð krafa um meðaltal þriggja ára. Aðlögunartími þar til krafan verður sett fram er því að lágmarki 3 ár.

Fylgiskjal 2. Tillaga að breytingu á lögum um opinber innkaup nr. 84/2007

Aðilar vinnumarkaðarins leggja til við ríkisstjórnina að gerðar verði eftirfarandi breytingar á lögum nr. 84/2007, um opinber innkaup:

1. gr.

42. gr. laganna *Undirvertaka* orðist svo:

Kaupandi skal í útboðslýsingu krefjast þess að bjóðandi upplýsi í tilboðsgerð hvaða hluta samnings hann hyggst láta þriðja aðila framkvæma sem undirvertaka og að bjóðandi upplýsi hvaða undirvertaka hann hyggst nota, áður en undirvertakinn hefur störf.

Í útboðslýsingu skal taka fram að verttaki skuli leita viðurkenningar verkkaupa á undirvertaka. Einnig skal í útboðslýsingu tilgreina þær upplýsingar sem aðalvertaka er skylt að veita kaupanda upplýsingar um. Þá skal í útboðslýsingu taka fram að verkkaupa er heimilt að hafna undirvertaka, ef hann uppfyllir ekki almennar hæfiskröfur útboðsgagna. Í útboðslýsingu skal tilgreina þau atriði sem koma til mats hvort undirverttaki uppfylli hæfiskröfur útboðsgagna. Upplýsingar bjóðanda um undirvertaka skulu ekki hafa áhrif á ábyrgð bjóðanda gagnvart kaupanda.

2. gr.

44. gr. laganna *Skyldur sem tengjast sköttum, umhverfisvernd, réttindum launþega og vinnuvernd* orðist svo:

Kaupandi skal upplýsa í útboðsskilmálum hjá hvaða stofnun eða stofnunum þátttakendur eða bjóðendur geta aflað sér upplýsinga um skyldur sínar varðandi skatta, umhverfisvernd, réttindi launþega og vinnuvernd og önnur skilyrði fyrir starfsemi á Íslandi eða því sveitarfélagi þar sem verk á að vinnast eða þjónustu á að inna af hendi á samningstímanum.

Kaupandi sem veitt hefur þær upplýsingar sem greinir í 1. mgr. skal óska eftir því við þátttakendur eða bjóðendur að þeir taki fram að þeir hafi tekið tillit til skyldna sinna varðandi réttindi launþega, vinnuvernd og önnur skilyrði fyrir starfsemi á Íslandi eða því sveitarfélagi þar sem verk á að vinnast eða þjónustu á að inna af hendi þegar þeir gerðu tilboð sitt.

Kaupandi skal í útboðsgögnum vegna verkframkvæmda taka fram að standi verttaki ekki í skilum með launagreiðslur til þeirra sem við verkið vinna og slík vanskil valda töfum á verkinu sé verkkaupa heimilt að greiða sannanlega vangoldin laun á kostnað verttaka. Þá skal kaupandi tilgreina í útboðsgögnum að kaupandi geti krafist verttaka um staðfestingu á stöðu uppgjörs við undirvertaka, áður en verkkaupi og verttaki ganga frá lokauppgjöri og er verkkaupa heimilt að greiða sannanlegar vangoldnar kröfur til undirvertaka á kostnað verttaka.

3. gr.

Síðari mgr. 46. gr. laganna orðist svo:

Fleiri fyrirtækjum er heimilt að standa að tilboði eða þátttökutilkynningu sameiginlega, enda teljast þau þá bera sameiginlega ábyrgð á efndum samnings. Í útboðs lýsingu skal taka fram að verði samið við hóp rekstraraðila taki hann upp ákveðið rekstrarform að lögum ef það er nauðsynlegt til að unnt sé að framkvæma samninginn á fullnægjandi hátt.

4. gr.

73. gr. laganna *Óeðlilega lág tilboð* orðist svo:

1. Ef tilboð vegna tiltekins samnings virðast óeðlilega lág miðað við vöru, verk eða þjónustu skal samningsyfirvald, áður en það getur vísað þessum tilboðum frá, óska eftir nákvæmri, skriflegri lýsingu á þeim efnisþáttum tilboðsins sem það telur skipta máli.

Þessar upplýsingar geta einkum varðað:

- a) hagkvæmni byggingaraðferðar, framleiðsluferlis eða þjónustu,
- b) tæknilegar lausnir, sem hafa verið valdar, og/eda hvers konar óvenjulega hagstæðar aðstæður bjóðanda við framkvæmd verks, afhendingu vöru eða veitingu þjónustu,
- c) frumleika í tillögum bjóðanda varðandi verk, vöru eða þjónustu,
- d) samræmi við gildandi ákvæði um vinnuvernd og vinnuskilyrði á staðnum þar sem framkvæmd verks, afhending vöru eða veiting þjónustu fer fram,
- e. laun, önnur starfskjör og aðbúnað starfsfólks,
- f) möguleika bjóðanda á því að fá ríkisstyrki.

2. Samningsyfirvald skulu sannreyna þessa efnisþætti með viðræðum við bjóðanda, að teknu tilliti til þeirra gagna sem hafa verið lögð fram.

3. Ef samningsyfirvald kemst að raun um að tilboð sé óeðlilega lágt vegna þess að bjóðandi hafi fengið ríkisstyrk er ekki hægt að vísa tilboðinu frá af þeirri ástæðu einni fyrr en samningsyfirvaldið hefur átt viðræður við bjóðanda og hann reynist, að loknum hæfilegum fresti sem samningsyfirvaldið setur, ófær um að sanna að viðkomandi styrkur hafi verið veittur lögum samkvæmt. Ef samningsyfirvald vísar tilboði frá við þessar aðstæður skal það tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

5. gr.

77. gr. laganna *Gerviverktaka* orðist svo:

Fast ráðningarsamband er meginreglan í samskiptum starfsmanna og atvinnurekenda. Verktaka og undirverktaka er óheimilt að gera samning um undirverktöku við einstaka starfsmenn eða starfshópa í þeim tilvikum þar um ráðningarsamband er að ræða eða það á við samkvæmt venju og eðli máls.

Að gerðum framangreindum breytingum munu lagagreinarnar orðast eftirfarandi:

42. gr. Undirverktaka

Kaupandi skal í útbodslýsingu krefjast þess að bjóðandi upplýsi í tilboðsgerð hvaða hluta samnings hann hyggst láta þriðja aðila framkvæma sem undirverktaka og að bjóðandi upplýsi hvaða undirverktaka hann hyggst nota, áður en undirverktakinn hefur störf.

Í útbodslýsingu skal taka fram að verktaki skuli leita viðurkenningar verkkaupa á undirverktaka. Einnig skal í útbodslýsingu tilgreina þær upplýsingar sem aðalverktaka er skylt að veita kaupanda upplýsingar um. Þá skal í útbodslýsingu taka fram að verkkaupa er heimilt að hafna undirverktaka, ef hann uppfyllir ekki almennar hæfiskröfur útbodsgagna. Í útbodslýsingu skal tilgreina þau atriði sem koma til mats hvort undirverktaki uppfylli hæfiskröfur útbodsgagna. Upplýsingar bjóðanda um undirverktaka skulu ekki hafa áhrif á ábyrgð bjóðanda gagnvart kaupanda.

44. gr. Skyldur sem tengjast sköttum, umhverfisvernd, réttindum launþega og vinnuvernd.

Kaupandi skal upplýsa í útbodsskilmálum hjá hvaða stofnun eða stofnunum þátttakendur eða bjóðendur geta aflað sér upplýsinga um skyldur sínar varðandi skatta, umhverfisvernd, réttindi launþega og vinnuvernd og önnur skilyrði fyrir starfsemi á Íslandi eða því sveitarfélagi þar sem verk á að vinnast eða þjónusta á að inna af hendi á samningstímanum.

Kaupandi sem veit hefur þær upplýsingar sem greinir í l. mgr. skal óska eftir því við þátttakendur eða bjóðendur að þeir taki fram að þeir hafi tekið tillit til skyldna sinna varðandi réttindi launþega, vinnuvernd og önnur skilyrði fyrir starfsemi á Íslandi eða því sveitarfélagi þar sem verk á að vinnast eða þjónusta á að inna af hendi þegar þeir gerðu tilboð sitt.

Kaupandi skal í útbodsgögnum taka fram að standi verktaki ekki í skilum með launagreiðslur til þeirra sem við verkið vinna og slík vanskil valda töfum á verkinu sé verkkaupa heimilt að greiða sannanlega vangoldin laun á kostnað verktaka. Þá skal kaupandi tilgreina í útbodsgögnum að kaupandi geti krafði verktaka um staðfestingu á stöðu uppgjörs við undirverktaka, áður en verkkaupi og verktaki ganga frá lokauppgjöri og er verkkaupa heimilt að greiða sannanlegar vangoldnar kröfur til undirverktaka á kostnað verktaka.

Hæfi þátttakenda og bjóðenda í opinberum innkaupum.

46. gr. Almennar reglur um fyrirtæki.

Óheimilt er að vísa frá þátttakanda eða bjóðanda með vísan til þess að innlendar reglur áskilji að veitandi þjónustu þurfi að vera annaðhvort einstaklingur eða lögaðili, enda sé þátttakandanum eða bjóðandanum heimilt að veita þá þjónustu sem til stendur að kaupa samkvæmt lögum staðfesturíkis síns. Þegar um er að ræða þjónustusamninga, eða verksamninga ásamt vörusamningum sem fela einnig í sér þjónustu og/eða eftirlit og uppsetningu, er heimilt að krefjast þess af lögaðila að hann tilgreini í tilboði eða þátttökutilkynningu nöfn og starfsmenntun þeirra starfsmanna sem munu sjá um framkvæmd samningsins.

Fleiri fyrirtækjum er heimilt að standa að tilboði eða þátttökutilkynningu sameiginlega, enda teljast þau þá bera sameiginlega ábyrgð á efndum samnings. Í útbodslýsingu skal taka fram að verði samið við hóp rekstraraðila taki hann upp ákveðið rekstrarform að lögum ef það er nauðsynlegt til að unnt sé að framkvæma samninginn á fullnægjandi hátt.

73. gr. Óeðlilega lág tilboð.

1. Ef tilboð vegna tiltekins samnings virðast óeðlilega lág miðað við vöru, verk eða þjónustu skal samningsyfirvald, áður en það getur vísað þessum tilboðum frá, óska eftir nákvæmri, skriflegri lýsingu á þeim efnisþáttum tilboðsins sem það telur skipta máli.

Þessar upplýsingar geta einkum varðað:

- a) hagkvæmni byggingaraðferðar, framleiðsluferlis eða þjónustu,
- b) tæknilegar lausnir, sem hafa verið valdar, og/eða hvers konar óvenjulega hagstæðar aðstæður bjóðanda við framkvæmd verks, afhendingu vöru eða veitingu þjónustu,
- c) frumleika í tillögum bjóðanda varðandi verk, vöru eða þjónustu,
- d) samræmi við gildandi ákvæði um vinnuvernd og vinnuskilyrði á staðnum þar sem framkvæmd verks, afhending vöru eða veiting þjónustu fer fram,.
- e) laun, önnur starfskjör og aðbúnað starfsfólks,
- e) möguleika bjóðanda á því að fá ríkisstyrki.

2. Samningsyfirvöld skulu sannreyna þessa efnisþætti með viðræðum við bjóðanda, að teknu tilliti til þeirra gagna sem hafa verið lögð fram.

3. Ef samningsyfirvald kemst að raun um að tilboð sé óeðlilega lágt vegna þess að bjóðandi hafi fengið ríkisstyrk er ekki hægt að vísa tilboðinu frá af þeirri ástæðu einni fyrir en samningsyfirvaldið hefur átt viðræður við bjóðanda og hann reynist, að loknum hæfilegum fresti sem samningsyfirvaldið setur, ófær um að sanna að viðkomandi styrkur hafi verið veittur lögum samkvæmt. Ef samningsyfirvald vísar tilboði frá við þessar aðstæður skal það tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

77. gr. Gerviverktaka.

Fast ráðningarsamband er meginreglan í samskiptum starfsmanna og atvinnurekenda. Verktaka og undirverktaka er óheimilt að gera samning um undirverktöku við einstaka starfsmenn eða starfshópa í þeim tilvikum þar um ráðningarsamband er að ræða eða það á við samkvæmt venju og eðli máls.

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga 5. maí 2011

Yfirlýsing

ríkisstjórnar tengd kjarasamningum 5. maí 2011.

Yfirlýsing þessi er afkastur viðtaks samráðs stjórnvalda og aðila hins almenna vinnumarkaðar um margvislega þætti er lúta að efnahags- og kjaramálum í aðdraganda kjarasamninga. Stjórnvöld vilja með yfirlýsingu þessari leggja sitt af mörkum til að kjarasamningar verði gerðir til þriggja ára á íslenskum vinnumarkaði og er hún bundin því að svo verði.

Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins hafa kynnt stjórnvöldum áherslur sínar er lúta að lífskjörum og starfsskilyrðum atvinnulífsins. Raunsæir og réttlátir kjarasamningar eru mikilvægir til að tryggja stöðugleika til lengri tíma. Við þær aðstæður sem ríkt hafa í íslensku samfélagi er brýnt að leggja grunn að sátt á vinnumarkaði og samstilltu átaki allra við endurreisn efnahags- og atvinnulífsins. Með þessari yfirlýsingu skuldbinda stjórnvöld sig til að vinna að einurð að því að leggja grunn að varanlegum hagvexti og velferð. Jafnframt byggir yfirlýsingin á að aðilar vinnumarkaðarins leggi sitt af mörkum til að þeim markmiðum verði náð. Meginatriðið er að örva hagvöxt með arðsömum og sjálfbærum fjárfestingum, án þess að markmiðum um afkomu ríkissjóðs sé ógnað.

Stjórnvöld hafa átt náð og gott samráð við fulltrúa samtaka á opinberum vinnumarkaði um efni yfirlýsingar þessarar og endurspeglar hún þær áherslur sem komið hafa fram af hálfu allra aðila vinnumarkaðarins. Vonir standa til þess að kjarasamningar til þriggja ára náist á opinberum vinnumarkaði.

Mikilvægt er að aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld gangi samhent til þeirra verkefna sem framundan eru við endurreisn samfélagsins og er brýnt að allir aðilar eigi með sér reglubundið og náð samráð á samningstímanum. Stjórnvöld eru reiðubúin til að stuðla að því að svo verði, m.a. með því að skuldbinda sig til að framkvæmd kjarasamninga verði háð því að þau áform sem hér er lýst nái fram að ganga. Í því skyni m.a. verði lögð fram frumvörp (bandormar) á yfirstandandi þingi sem feli í sér flestar þeirra lagabreytinga sem leiða af kjarasamningum og yfirlýsingu þessari, en önnur atriði verða lögð fyrir Alþingi á haustþingi eða eftir atvikum síðar.

Yfirlýsingu þessari fylgir sérstök bókun um málsmeðferð í sambandi við endurskoðun laga um stjórn fiskveiða ásamt bókun um eftirfylgni með framkvæmd hennar.

I Efnahagsstefnan

Til framtíðar litið munu efnahagsleg markmið markast af þeim árangri sem náðst hefur á undanförunum tveimur árum. Þau helstu eru að fjármálakerfið hefur verið endurreist, markmið um hjöðnun verðbólgu hafa náðst, vextir hafa lækkað umtalsvert og tekist hefur að koma jafnvægi á gengi krónunnar. Til þess að viðhalda þessum árangri og byggja á honum sókn í atvinnumálum eru hornsteinar efnahagsstefnunnar eftirfarandi:

Ríkisfjármálastefna

Stjórnvöld vinna nú að endurskoðun á þeirri áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum sem sett var fram um mitt ár 2009. Sú stefna var unnin í samráði við aðila vinnumarkaðarins og hafa markmið hennar gengið eftir í meginatriðum. Með fjárlögum ársins 2011 náðist sá áfangi að ríkissjóður skilar jákvæðum frumjöfnuði og þar með eru treystar forsendur þess að markmið um afgang á heildarjöfnuði árið 2013 gangi eftir. Stefnt er að því að endurskoðuð áætlun verði lögð fram á Alþingi fyrir maílok, og að í henni komi fram helstu markmið í ríkisfjármálum til ársins 2015. Stjórnvöld lýsa sig reiðubúin til áframhaldandi samráðs við aðila vinnumarkaðarins um áherslur í endurnýjaðri ríkisfjármálastefnu á þeim grundvelli að aðilar séu sammála um það meginmarkmið að heildarjöfnuði verði náð 2013.

Efnahagsáætlun

Undanfarin tvö ár hafa stjórnvöld fylgt efnahagsstefnu sem tekið hefur mið af þeim áföllum sem riðu yfir íslenskt efnahagslíf haustið 2008. Sú stefna hefur falið í sér viðtækari samhæfingu í markmiðsetningu og framkvæmd en áður hefur þekkt. Brýnt er að tryggja að svo verði áfram og að framfylgt verði heildstæðri og árangursríkri áætlun í efnahagsmálum. Í þeirri áætlun verður lögð áhersla á sjálfbærán vöxt og byggt á fjölbreyttum mælikvörðum á hagsæld. Hafinn er undirbúningur að gerð efnahagsáætlunar til þriggja ára. Stefnt er að því að slík efnahagsáætlun, sem byggir á sameiginlegum áherslum aðila eins og þær koma fram m.a. í þessari yfirlýsingu, verði kynnt samhliða því sem endurskoðuð ríkisfjármálastefna verður lögð fram og áherslur í peningamálum verða skýrðar. Framgangur hennar verði endurmetinn reglulega og ný tímasett markmið sett. Aðilar vinnumarkaðarins munu eiga aðkomu að því reglulega endurmati og að setningu nýrra markmiða.

Peningastefnan

Hin alþjóðlega fjármálakreppa hefur með skýrum hætti dregið fram vandkvæði við framkvæmd sjálfstæðrar peningastefnu í litlum opnum hagkerfum, líkt og hinu íslenska, við frjálsa fjármagnsflutninga. Við móton nýrrar umgjarðar fyrir peningastefnuna, sem nú stendur yfir, þarf að taka tillit til þessara aðstæðna. Finna þarf ásættanlega lausn sem tryggir í senn stöðugt verðlag og fjármálastöðugleika. Nýbirt skýrsla Seðlabankans er mikilvægt innlegg í þessa umræðu en þar kemur skýrt fram að nýrri peningastefnu þurfa að fylgja aukin stjórnþæki til að tryggja þjóðhagsvarúð. Gildir þá einu hvort peningastefnan verður mótuð á grunni fastgengisfyrirkomulags eða með öðrum hætti. Boðað er samráð við aðila vinnumarkaðarins um móton nýrrar peningastefnu og við endurskoðun laga um Seðlabanka Íslands.

Losun gjaldeyrishafta

Stjórnvöld hafa kynnt áform um aðgerðir til að losa um hömlur á viðskiptum með gjaldeyri. Brýnt er að koma á jafnvægi á viðskipti með íslenskar krónur, m.a. til að hvetja til fjárfestinga erlendra aðila hér á landi og styðja við jákvæða þróun og uppbyggingu á fjármagnsmarkaði. Fyrri hluti áætlunarinnar miðar að því að létta á þeim sölubrýstingi sem er fyrir hendi vegna svokallaðra aflandskróna og að því að binda krónueignir til lengri tíma þannig að gjaldeyrismarkaðir með íslenskar krónur geti komist í eðlilegt horf. Þetta verður gert með þremur megináðferðum; uppboði á krónueignum og bindingu þeirra; að heimila fjárfestingar með aflandskrónum gegn því að erlendu gjaldeyri sé jafnframt nýttur til þeirra fjárfestinga, og með sérstöku álagi á gjaldeyriskaup (útgönguskattur). Í síðari áfanga áætlunarinnar verði losað um hömlur á viðskipti með gjaldeyri gagnvart innlendum aðilum. Áætlunin kemur til framkvæmda

eftir því sem fjármálastöðugleiki og aðrar aðstæður leyfa, og mikilvægt er að höftum verði ekki við haldið lengur en brýna nauðsyn ber til.

II Bætur almannatrygginga og persónuafsláttur

Breytingar á bótafjárhæðum

Stjórnvöld munu endurskoða bætur almannatrygginga með hliðsjón af niðurstöðum kjarasamninga milli ASÍ og SA, þannig að lífeyrisþegar og atvinnulausir njóti hliðstæðra kjarabóta og um verður samið í kjarasamningum.

Teju- og eignatenging vaxtabóta og barnabóta verður endurskoðuð í tengslum við framlagningu fjárlagafrumvarps fyrir árið 2012.

Breytingar á persónuafslætti

Lögfest verður að persónuafsláttur taki breytingum í samræmi við verðlagsbreytingar á undangengnum 12 mánuðum frá desembermánuði árið áður. Persónuafsláttur mun samkvæmt þessu hækka í ársbyrjun 2012.

Ekki eru forsendur fyrir því að breyta persónuafslætti að öðru leyti þannig að það dragi úr heildartekjum ríkissjóðs vegna tekjuskatta einstaklinga á næstunni, en á hinn bóginn hlýtur dreifing skattbyrði milli tekjuhópa sífellt að vera til skoðunar, m.a. í samræði við aðila vinnumarkaðarins, t.a.m. lækkun skatthlutfalls í lægsta skattþrepi.

Ekki eru uppi á þessu stigi sérstök áform um breytingar á skattlagningu launatekna fyrir árin 2012 og 2013. Stjórnvöld lýsa sig hins vegar reiðubúin til að skoða mögulega hækkun á krónutölu persónuafsláttar eða igildi hennar í formi lækkunar skatthlutfalls í lægsta skattþrepi frá árslokum 2013, sbr. fyrirheit þar um í fyrri yfirlýsingum í tengslum við kjarasamninga.

III Starfsskilyrði atvinnulífsins

Tryggingagjald og atvinnutryggingagjald

Áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum gerir ráð fyrir því að afkoma ríkissjóðs batni í takt við lækkun útgjalda vegna atvinnuleysis. Lögum samkvæmt skal atvinnutryggingagjald mæta útgjöldum til atvinnuleysisbóta. Gjaldið var hækkað árið 2009 úr 0,65% í 3,81% vegna horfa um atvinnuleysi 2010, en það reyndist minna. Tekjuþörf Atvinnuleysistryggingasjóðs var því ofáætluð og stefnir nú í að innheimtar markaðar tekjur nemi um 6,5 ma.kr. umfram áætluð gjöld á þessu ári skv. fjárlögum.

Horfa verður til þess við ákvörðun atvinnutryggingagjaldsins að veruleg óvissa ríkir um þróun atvinnuleysis á næstu árum. Gangi fyrirliggjandi spár um lækkun atvinnuleysis á samningstímanum eftir myndast svigrúm til þess að lækka atvinnutryggingagjaldið. Til lengri tíma lítið er mikilvægt að jafnvægi verði í afkomu sjóðsins og staða hans verði slík að hann geti

mætt sveiflum í útgjöldum. Atvinnuleysistryggingasjóður áætlað að eigið fé hans hafi verið 5,3 ma.kr. í árslok 2010.

Atvinnutryggingagjald mun lækka frá ársbyrjun 2012 þannig að tekjur og gjöld sjóðsins verði í jafnvægi á því ári. Breyting á gjaldinu verður lögfest á haustþingi, þegar fyrir liggja traustari spár um atvinnuleysi. Verði atvinnuleysi 6,1% á næsta ári, líkt og Hagstofan spár í apríl 2011, og að teknu tilliti til hækkunar bótafjárhæða, sbr. það sem að framan greinir, ætti atvinnutryggingagjald að geta lækkað um 1,36% (og verði því 2,45%). Miðað við spár um 5,5% atvinnuleysi gæti atvinnutryggingagjaldið lækkað um 0,3% til viðbótar í ársbyrjun 2013.

Samhliða lækkun á atvinnutryggingagjaldi verða eftirtaldir breytingar gerðar á almenna tryggingagjaldinu:

- a. Markaðar tekjur fæðingarorlofsjóðs hækka og verða 1,28% af tekjustofni tryggingagjalds frá árslokum 2011, sem er hækkun um 0,2 prósentustig. Miðað er við að hækkun þessi vegi upp uppsafnaðan halla á sjóðnum á síðustu árum.
- b. Til að fjármagna aukin útgjöld ríkissjóðs, vegna m.a. aukinna útgjalda almennatrygginga, verður tryggingagjald hækkað um sem svarar 0,25%, sem ætlað er að skili ríkissjóði um 2 ma.kr. á ári.
- c. Tekjur Ábyrgðasjóðs launa eru reiknaðar sem hlutfall af tryggingagjaldsstofni en eru ekki hluti af tryggingagjaldi. Gjald í Ábyrgðasjóð launa mun hækka um 0,05% af tryggingagjaldsstofni frá ársbyrjun 2012 til að ná jöfnuði milli tekna og gjalda. Gjaldið verður því 0,3%. Miðað er við að hækkun vegi upp uppsafnaðan halla á sjóðnum á síðustu árum.

Samtals verður almenna tryggingagjaldið hækkað um 0,45% og gjald í Ábyrgðasjóð launa um 0,05% um næstu áramót með tímabundnu álagi til þriggja ára.

Atvinnuleysistryggingar – fyrirkomulag

Stjórnvöld eru reiðubúin til þess að vinna með aðilum vinnumarkaðarins að endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir. Sem hluta af þeirri vinnu verður ráðist í sérstakt tilraunarverkefni um þjónustu við atvinnuleitendur innan ramma gildandi laga í því skyni að stuðla m.a. að virkari vinnumarkaðsaðgerðum og vinnumiðlun, sem að umfangi nái til alls að fjórðungs atvinnuleitenda. Velferðarráðuneytið í samráði við aðila vinnumarkaðarins og Vinnumálastofnun skipuleggi verkefnið með hliðsjón af framkomnum hugmyndum aðila vinnumarkaðarins á almennum vinnumarkaði um faglega stýringu miðlægs aðila á þeirra vegum en að stéttarfélög verði í verkefninu helstu veitendur þjónustunnar. Framvinda tilraunarverkefnisins verður metin reglubundið og reynslan af því nýtt við endurskoðun laganna.

Skattar á fyrirtæki

Síðustu misseri hafa fjármálaráðuneytið, Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands átt í samstarfi um breytingar á skattalögum. Afrakstur þessa er m.a. sá að fjármálaráðherra mun leggja fyrir Alþingi nú á vorþingi tillögur um lagabreytingar er varða (i) skattlagningu einstaklinga starfandi í eigin félögum, (ii) skilyrði fyrir frádráttarbærni arðgreiðslna og söluhagnaðar milli fyrirtækja, (iii) afdráttarskatt á vaxtagreiðslur til erlendra aðila þannig að hann nái einungis til vaxtatekna af íslenskum verðbréfum en ekki erlendra lánasamninga, (iv) svigrúm til dreifingar gjalddaga á aðflutningsgjöldum og virðisaukaskatti, og (v) mat hlutabréfa við skilgreiningu á

álagningarstofni vegna auðlegðarskatts. Áfram verður unnið að öðrum atriðum, svo sem (i) reglum um þunna eiginfjármögnun, (ii) skattlagningu afleiðuvíðskipta og (iii) skattlagningu vegna tímabundinnar vinnu erlendis. Stjórnvöld eru reiðubúin til áframhaldandi samstarfs við fyrirtæki og samtök þeirra um umbætur í skattamálum.

Svört atvinnustarfsemi

Ráðist verður í tímabundið átaksverkefni til að sporna við svartri atvinnustarfsemi. Embætti ríkisskattstjóra, með fulltingi fjármálaráðuneytis, munu standa fyrir tímabundnu átaki, í samvinnu við ASÍ og SA, með það að markmiði að leiðbeina um tekjuskráningu, sporna við svarti atvinnustarfsemi og upplýsa um skyldur smærri og meðalstórra rekstraraðila.

Skipulag leiðbeinandi þjónustueftirlits verður með þeim hætti að starfsmenn munu heimsækja rekstraraðila og verða niðurstöður slíkra heimsókna skráðar og unnið úr þeim af hálfu RSK. Átakið er tímabundið og mun standa yfir í a.m.k. 4 mánuði sumarið 2011, undir stjórn vettvangsteymis RSK. Skýrslu verður skilað um eftirlitið og árangur þess.

Bættir viðskiptahættir

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir breytingum á lögum um félög til að stemma stigu við misnotkun félaga með takmarkaða ábyrgð og fyrir breytingum á lögum um skráningu félaga í því skyni að koma í veg fyrir starfsemi aðila sem hafa ítrekað, af ásetningu eða vanrækslu, rekið félög í þrot. Skoðað verður með hvaða hætti megi takmarka möguleika þeirra aðila sem ítrekað hafa stjórnað félögum sem orðið hafa gjaldþrota með tilheyrandi vanskilum við launþega, stéttarfélög og ríkissjóð, til þess að stofna og sitja í stjórn félaga með takmarkaða ábyrgð. Með virku eftirliti og lagaúrræðum, t.a.m. með frekari skilyrðum fyrir stjórnasetu og skráningu félaga, ber að stemma stigu við því að sömu aðilar stofni ítrekað félög sem síðan verða gjaldþrota með tilheyrandi samfélagslegu tjóni.

Sérstaklega skulu tekin til skoðunar nógildandi hæfisskilyrði forsvarsmanna félaga með takmarkaða ábyrgð og hvort unnt sé að takmarka enn frekar möguleika þeirra sem ítrekað stjórna félögum sem hafa gerst brotleg við lög til þess að koma að rekstri félaga með takmarkaða ábyrgð. Einnig, hvort unnt sé að leiða í lög heimildir til þess að forsvarsmenn félaga sem vanrækja alvarlega þær skyldur sem á slíkum félögum hvíla verði gerðir ábyrgir fyrir skuldbindingum félaganna.

Réttarstaða launafólks við aðilaskipti

Stjórnvöld munu beita sér fyrir lagabreytingum á yfirstandandi þingi til að bæta réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti, en ákvæði laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, er varða launakjör og starfsskilyrði sem og vernd gegn uppsögnum, eiga ekki við í þeim tilvikum þegar fyrirtæki eru tekin til gjaldþrotaskipta. Stjórnvöld munu beita sér fyrir breytingum á framangreindum lögum í samráði við aðila vinnumarkaðarins.

Framkvæmd útböðsmála

Stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins eru sammála um mikilvægi þess að heilbrigð samkeppni ríki þegar verklegar framkvæmdir og þjónusta eru boðnar út.

Stjórnvöld munu beita sér fyrir breytingum á lögum um opinber innkaup til þess að tryggja betur eðlilegt samkeppnisumhverfi og réttindi launafólks. Leitað verður leiða til að tryggja betur að í

útbóðslýsingum sé að finna skýr ákvæði um hæfi bjóðenda, um val á tilboðum og um skil á greiðslum til þeirra sem að tilboðsverkum koma. Vanda þarf mat verkkaupa á hæfi bjóðenda í útbodum opinberra aðila. Æskilegt er að slíkt mat nái jafnt til aðal- og undirverktaka og verði meginreglan að starfsmenn séu í föstu ráðningarsambandi. Aðilar hafa komið sér saman um drög að samræmdu mati á hæfi bjóðenda og er lögð áhersla á að þau fái viðurkennda stöðu í lögum eða reglugerð. Ennfremur er aðkallandi að kveða með skýrum hætti á um gerð útbóðsgagna, um skil á launagreiðslum og samábyrgð verktaka og undirverktaka. Tryggja þarf að ákvæði um vinnutilhögun og mælingar á vinnuþáttum verði hluti af útbóðsskilmálum í opinberum þjónustuinnkaupum.

Skóðað verður hvaða breytingar gera þarf á lögum um opinber innkaup, og eftir atvikum öðrum lögum, til þess að styrkja stöðu og réttindi launafólks sem starfa fyrir fyrirtæki á verktakamarkaði og jafna á sama tíma samkeppnisstöðu fyrirtækja. Stefnt skal að því að starfshópur stjórnvalda, með aðild fulltrúa sveitarfélaga, ASÍ og SA, skili tillögum um framangreind atriði eigi síðar en í september 2011 og að hægt verði að leggja fyrir Alþingi tillögur um æskilegar lagabreytingar í byrjun haustþings. Stjórnvöld munu jafnframt, þar sem það á við, innleiða niðurstöður starfshópsins í eigendastefnu ríkisins.

Jafnframt lýsa stjórnvöld yfir vilja til að útvíkka gildissvið laga um opinber innkaup þannig að þau nái jafnframt til innkaupa sveitarfélaga og stofnana á þeirra vegum.

IV Sókn í atvinnumálum – fjárfestingar

Það er sameiginlegt markmið stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins að vinna bug á atvinnuleysi og skapa fjölbreytt og vel launuð störf hér á landi. Til þess að ná því markmiði þarf að örva fjárfestingu og skapa hvata til nýsköpunar í atvinnulífi, en jafnframt búa atvinnulífinu hagstæð starfsskilyrði með almennri efnahagsstefnu sem stuðlar að hagvexti. Stjórnvöld eru reiðubúin til samstarfs við samtök launafólks og atvinnurekenda um sókn í atvinnumálum, m.a. á forsendum áætlunarinnar um Ísland 2020. Markmið sóknar í atvinnumálum er að atvinnuleysi verði ekki hærra en 4-5% af vinnuafli í lok samningstímans. Til að það markmið náist þarf að auka hagvöxt umfram horfur að óbreyttu.

Við blasir að fjárfesting hefur verið of lítil á undanförunum árum og aðgerðir til að örva hagvöxt og skapa störf hljóta að beinast að því að auka arðbæra fjárfestingu hér á landi. Á síðasta ári var fjárfesting undir 200 milljörðum króna eða 13% af landsframleiðslu og hefur þetta hlutfall aldrei verið lægra. Það er markmið stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins að þetta hlutfall fari stighækkandi og verði ekki lægra en 20% í lok samningstímans en það jafngildir því að fjárfesting verði ekki lægri en 350 ma.kr. á ári. Þessum ásetningi verður gerð nánari skil í hagvaxtar- og fjárfestingaráætlun, sem tekur mið að þeim áætlunum sem getið er í fyrsta kafla þessarar yfirlýsingar og munu liggja fyrir eigi síðar en í maí.

Opinberar framkvæmdir

Stjórnvöld munu auka opinberar fjárfestingar. Svigrúm til þeirra takmarkast þó annars vegar af markmiðum um jöfnuð í ríkisfjármálum, auk þess sem rétt er að takmarka umfang skuldbindinga sem ríkissjóður ber kostnað af en fjármagnaðar eru af öðrum.

Ákveðið hefur verið að ráðast í allmörg verkefni sem koma til framkvæmda í ár og á næsta ári og eru þessi helst:

Kostnaður við byggingu nýs Landspítala er áætlaður um 40 ma.kr. (útgjöld á þessu ári og næsta um 3,1 ma.kr.).

Forútbod vegna Vaðlaheiðaganga er hafið og framkvæmdir munu hefjast að forfallalausni í haust (kostnaður ríflega 10 ma.kr. á 3 árum).

Áætluð fjárfesting í nýjum hjúkrunarheimilum er um 5 ma.kr.

Fyrirhuguð eru útbod á nýju fangelsi og framhaldsskóla á næstunni.

Átak verður gert í opinberum viðhaldsframkvæmdum.

Ákveðið hefur verið að auka framkvæmdir á vegum Ofanflóðasjóðs á þessu ári og næsta.

Fé verður veitt til úrbóta á fjólsóttum ferðamannstöðum.

Nýlega hefur verið ákveðið að leggja til aukningu vegafframkvæmda á Vestfjörðum.

Þær framkvæmdir sem hér eru taldar fela í sér aukningu um ríflega 13 ma.kr. til ársloka 2012. Til samanburðar má nefna að á fjárlögum 2011 er veitt samtals 21 ma.kr. til stofnkostnaðar-, viðhalds- og framkvæmdaliða. Því er um verulega aukningu á framkvæmdafé að ræða.

Til viðbótar þessu hefur verið unnið að því að skilgreina hvaða aðrar framkvæmdir ríkissjóður gæti greitt fyrir til að skapa atvinnu og örva eftirspurn í hagkerfinu. Áfram verður unnið að útfærslu tillagna um vegafframkvæmdir á Suðvesturlandi og fjármögnun þeirra og er mikilvægt að samstaða náist um þau áform. Hér er um tugmilljarða framkvæmdir að ræða sem dreifast á nokkur ár, en fyrstu áfangar eru tilbúnir til útbóðs. Stjórnvöld munu skipa starfshóp með fulltrúum SA, ASÍ, fjármálaráðuneyti og innanríkisráðuneyti er reyni til þrautar að finna útfærslur sem gera mögulegt að ráðast í umfangsmiklar samgönguframkvæmdir á Suðvesturlandi og eftir atvikum víðar, fjármagnaðar með sérstökum hætti. Niðurstaða verði fengin í þá vinnu fyrir lok maí. Þá er einnig m.a. horft til skóla- og fræðabygginga, þ.m.t. nýbyggingar fyrir Stofnun Vigðisar Finnbogadóttur (áætluð fjárfesting um 1,2 ma.kr.).

Sókn í orku- og iðnaðarmálum

Markmiðum um auknar fjárfestingar á næstu árum verður ekki náð nema með verulegu átaki í fjárfestingum fyrirtækja. Stjórnvöld vilja greiða fyrir aukinni fjárfestingu á sem flestum sviðum, einkanlega þeim sem stuðla að auknum útflutningstekjum.

Lögd er áhersla á að fjárfestingar í virkjunum og gerð raforkusamninga verði á viðskiptalegum grundvelli og taki tilliti til umhverfisgæða. Stefnt er að því að frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða verði afgreitt á vorþingi. Rammaáætlun verður lögd fram á næstu vikum og fer í viðeigandi ferli. Stjórnvöld stefna að því að hún verði afgreidd á næsta haustþingi.

Alþingi hefur nú til meðferðar frv. um breytingar á vatnalögum og lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og er mikilvægt að í þeim verði tryggðar forsendur fyrir arðbærum fjárfestingum í orkuvinnslu á grundvelli ábyrgar auðlindanýtingar og orkusölusamninga með eðlilegum endurskoðunarákvæðum.

Þegar eru afráðnar fjárfestingar í Búðarhálsvirkjun, stækkun álversins í Straumsvík, kísilveri í Helguvík og í dreifikerfi Landsnets og er framkvæmd þessara verkefna þegar hafin. Framkvæmdir eru hafnar við álver í Helguvík, en það verkefni er í biðstöðu af ástæðum sem ekki snúa að stjórnvöldum, m.a. vegna óvissu um orkuöflun og samninga um orkuverð.

Fleiri verkefni eru í undirbúningi og eru þau mislangt komin. Ljóst er að áhugi erlendra aðila á nýfjárfestingum sem byggja á nýtingu innlendrar orku er mikill. Landsvirkjun mun halda áfram umfangsmiklum rannsóknum í Þingeyjarsýslum og á nú þegar í viðræðum við nokkra aðila um fjárfestingar og orkukaup. Gangi öll virkjunaráform fyrir norðan eftir gæti þar verið um að ræða fjárfestingu upp á 70-80 ma.kr., auk fjárfestinga orkukaupenda. Þess er fastlega vænst að samningar takist fyrir lok þessa árs um í það minnsta tvö umtalsverð fjárfestingarverkefni sem ráðist verði í, þar af annað á Norðausturlandi, og að framkvæmdir við þau geti hafist þegar á næsta ári. Nánar verður gerð grein fyrir því hvernig markmiðum um umfang fjárfestinga verði náð í efnahagsáætlun, sbr. inngangur.

Stjórnvöld munu greiða götu þess að lífeyrissjóðir geti tekið beinan þátt í fjárfestingum og/eða fjármögnun orkuverkefna og skapi til þess viðeigandi umgjörð.

Hvatt til fjárfestinga

Miklu skiptir að auka fjárfestingar lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Lög um ívilnanir vegna nýfjárfestingar voru samþykkt í júní 2010 og taka til íslenskra jafnt sem erlendra fyrirtækja. Ástæða er til að kynna íslenskum fyrirtækjum þau tækifæri sem í þessum lögum felast.

Mikilvægt er að kynna erlendum fjárfestum Ísland sem fjárfestingarkost með markvissum aðferðum og er stefnt að því að veita auknum fjármunum til markaðssóknar. Stjórnvöld telja nauðsynlegt að auka beina erlenda fjárfestingu hér á landi og ryðja burt hindrunum sem helst standa í vegi hennar og taka mið af niðurstöðum nefndar iðnaðarráðherra um stefnumótun fyrir beinar erlendar fjárfestingar.

Átakið *Allir vinna* stendur yfir til loka árs 2012, en árangur af því verkefni er afar jákvæður. Til greina kemur að framlengja verkefnið til að draga úr atvinnuleysi í byggingastarfsemi.

Íslandsstofu verður falið að setja fram tillögur að sérstökum hvataaðgerðum vegna fjárfestinga í orkufrekri starfsemi sem styður við stefnu stjórnvalda um græna atvinnustarfsemi.

Það hamlar fjárfestingum að úrvinnslu skulda fyrirtækja er ólokið og óvissa er uppi um raunverulegan efnahag þeirra. Áfram verður lagt kapp á að unnið verði hratt úr skuldum jafnt stórra sem smárra fyrirtækja og tiltækum leiðum beitt til að hvetja fjármálafyrirtæki til aukinna afkasta. Hugað verði sérstaklega að endurmati á regluverki fjármálamarkaðarins í þessu sambandi. Þá þarf að halda áfram umbótum á fjármálamarkaði með það að markmiði að laga stærð og uppbyggingu fjármálamarkaðarins að þörfum atvinnulífsins og stilla áhættu í hóf.

Nýsköpun

Miklir sóknarmöguleikar liggja í ferðaþjónustu á Íslandi, m.a. í að fjölga ferðamönnum yfir vetrartímann. Stjórnvöld, sveitarfélög og aðilar í ferðaþjónustu hafa ákveðið að ráðast í átak með það að markmiði að fjölga ferðamönnum yfir vetrartímann um 50 þúsund og skapa þannig a.m.k. eitt þúsund störf. Annars vegar er um að ræða klasasamstarf og vörubróun, en hins vegar

kynningar- og markaðsstarf. Til þessa verkefnis verði varið árlega 300 m.kr. úr ríkissjóði næstu þrjú árin gegn því að sama fjárhæð komi frá sveitarfélögum og einkaaðilum.

Þá hefur verið ákveðið að efna til klasasamstarfs og að efla samkeppnisjóða á sviði menntamála, heilbrigðis- og velferðarmála, orku- og umhverfismála á grundvelli útfærðra hugmynda Samtaka iðnaðarins. Í upphafi verði verkefnið fjármagnað með eftirstöðvum iðnaðarmálagjalds og mótfamlögum stofnana og fyrirtækja sem tengjast viðkomandi klösum. Verði reynslan af verkefninu jákvæð verður leitað eftir frekari fjárveitingum á fjárlögum árána 2012 og 2013.

Stjórnvöld munu leita leiða til að efla Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins til fjárfestinga í sprotafyrirtækjum og gera Tækniþróunarsjóði kleift að aðstoða fyrirtæki í hugbúnaðar- og hátækni til að auka útflutning á næstu þremur árum.

V Menntamál og vinnumarkaðsúrræði

Stjórnvöld munu, í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins, standa fyrir átaki á sviði vinnumarkaðsaðgerða og til að efla menntun í samræmi við tillögur samráðshöps um vinnumarkaðsmál. Stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins tryggja sameiginlega fjármögnun verkefnisins.

Bráðaáðgerðir

Öllum sem eftir leita verður tryggð námstækifæri strax næsta haust:

- a. Framhaldsskólum verður gert kleift að taka inn haustið 2011 þá umsækjendur yngri en 25 ára sem uppfylla skilyrði.
- b. Tryggt verður að þeim sem hafa lokið raunfærnimati vorið 2011 gefist kostur á námi á framhaldsskólastigi haustið 2011.
- c. Þeim sem eru 25 ára og eldri verður gefinn kostur á úrræðum í framhaldsfræðslu.
- d. Aukið raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf.

Þá verður heildstætt nám í fjarkennslu í boði á framhaldsskólastigi.

Áætlað er að framangreindar ráðstafanir leiði til aukinna útgjalda að fjárhæð 500 m.kr. á ársgrundvelli, en 280 m.kr. árið 2011.

Að auki verða sköpuð námstækifæri fyrir allt að 1.000 atvinnuleitendur haustið 2011 og næstu tvö skólaár þar á eftir í framhaldsskólum, frumgreinadeildum, háskólum og í framhaldsfræðslu. Leitað verði eftir því við stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, sbr. 63. gr. laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar að sjóðurinn beri þann kostnað vegna þessa námsframboðs á haustönn 2011.

Gert er ráð fyrir að þessi ráðstöfun auki útgjöld ríkissjóðs um 800 m.kr. á ársgrundvelli, en Atvinnuleysistryggingasjóðs um 400 m.kr. árið 2011.

Útgjöld vegna atvinnuleysisbóta til þessa hóps nemur um 1,7 ma.kr. á ári og er miðað við að hann njóti atvinnuleysisbóta til ársloka 2011. Þeim hluta hópsins sem hefur nám sem er metið lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna (LÍN) og uppfyllir önnur skilyrði mun standa til boða námslán til framfærslu hjá sjóðnum. Velferðarráðuneyti mun leiða vinnu aðgerðarhóps, sem nánar er getið hér að neðan, við gerð tillagna um hvernig framfærslustuðningi við þann hóp ekki fer í lánshæft nám verði best háttað. Þær tillögur skulu liggja fyrir eigi síðar en 1. október 2011. Gert er ráð fyrir því að Atvinnuleysisstryggingasjóður beri framfærslukostnað þeirra sem ekki fyrirgreiðslu hjá LÍN. Til þess að tryggja hvata til náms er mikilvægt er að unnið sé að því að samræma framfærslugrunn námslána við framfærslugrunn bótakerfa.

Áætlað er að aukin útgjöld vegna hækkunar framlaga til Lánasjóðs íslenskra námsmanna vegna framfærslu þeirra sem sækja í lánshæft nám nemi 150 m.kr. frá og með árinu 2012. Útgjöld Atvinnuleysisstryggingasjóðs vegna framfærslustuðnings til þeirra sem ekki sækja nám sem er lánshæft hjá LÍN eru áætluð 450 m.kr. á ársgrundvelli.

Aðgengi atvinnuleitenda og fyrirtækja að starfstengdum úrræðum verði bætt og umsýslukerfi einfaldað. Þá verði starfstengdum úrræðum fyrir atvinnuleitendur fjölgað um allt að 1.500 árið 2011 þannig að heildarfjöldi þeirra einstaklinga sem njóta slíkra úrræða tvöfaldist. Kostnaðarauki Vinnuálastofnunar vegna þessara úrræða og kynningar og auglýsinga er áætlaður um 60 m.kr. (þar af ný rekstrarútgjöld um 18 m.kr.).

Ákvæðum gildandi laga um vinnumarkaðsaðgerðir verði breytt á þann hátt að bótatímabil einstaklinga í starfstengdum úrræðum verði ekki skert, enda teldust þeir þá ekki atvinnuleitendur í skilningi laganna.

Aðgerðir til næstu þriggja ára

Vinna við vottun náms og við gerð gæðakerfis til að gera skil framhaldsskóla og framhaldsfræðslu verði sveigjanlegri þannig að nemendur geti með einfaldari hætti fengið metna áfanga sem teknir eru innan framhaldsfræðslu og raunfærni til eininga. Leitað verði samstarfs við háskóla um sama markmið. Áætlaður kostnaður vegna þessa er 40 m.kr. á ársgrundvelli.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið er að hefja vinnu að endurskoðun laga um LÍN. Verður haft samráð við aðila vinnumarkaðarins um það verkefni.

Stofnaður verður þróunarsjóður til að efla starfstengt nám á framhaldsskóla- og háskólastigi og þróa styttri námsbrautir. Í hann verða lagðar 300 m.kr. á ári næstu þrjú árin, en stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins tryggja sameiginlega fjármögnun hans. Mennta- og menningarmálaráðherra skipar sjóðnum stjórn þar sem aðilar vinnumarkaðarins eigi fulltrúa.

Jafnframt verður samstarf fyrirtækja og skóla um starfstengt nám aukið og tryggt að nemendur geti lokið verklegum þáttum náms innan tilskilins námstíma. Tryggja þarf að starfstengd menntun auki réttindi og bæti kjör fólks á vinnumarkaði.

Vinnustaðanámssjóði verða tryggðar 150 m.kr. á fjárlögum 2012 til að mæta kostnaði vegna starfsnáms á vinnustað. Á árinu 2011 hefur sjóðurinn 50 m.kr. til ráðstöfunar af iðnaðarmálagjaldi auk 30 m.kr. af fjárheimildum mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Stjórnvöld munu setja á fót sérstakan aðgerðahóp til að fylgjast með og útfæra framkvæmd verkefnisins samkvæmt ofangreindu. Þar eigi sæti fulltrúar frá velferðarráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, Vinnuálastofnun og aðilum vinnumarkaðarins.

VI Lífeyrismál, starfsendurhæfing og húsnæðismál

Áfram verður unnið að samræmingu lífeyrisréttinda í starfshópi sem skipaður var á grundvelli stöðugleikasáttmálans með þátttöku allra aðila á vinnumarkaði. Þessu starfi hefur miðað vel og er stefnt að því að niðurstaða fáiast fyrir 1. september nk. og að breytingar verði kynntar Alþingi fyrir þinglok. Þar með verður lagður grundvöllur að nýju samræmdu og sjálfbæru lífeyriskerfi fyrir allan vinnumarkaðinn. Stjórnvöld hafa gefið fyrirheit um að ekki verði hróflað við þegar áunnum réttindunum opinberra starfsmanna og breytingar á lífeyrismálum unnar í nánu samráði við samtök þeirra.

Við blasir að verulega skortir á að lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna fái ráðið við skuldbindingar sínar án sérstakra framlaga úr ríkissjóði. Árlegt viðbótarframlag þyrfti að nema á þriðja tug milljarða frá árinu 2021, hafi ekki verið gripið til ráðstafana í tíma. Af hálfu stjórnvalda stendur ekki til að safna þessum vanda upp og fresta því um áratug að takast á við hann. Þvert á móti miða viðræður og starf sem nú er í gangi að því að ná utan um þennan vanda og afmarka hann, semja um viðbrögð og leggja niður áætlun um hvenær inngreiðslur hefjist um leið og betur árar í ríkisbúskapnum. Nýlega var skipaður samráðshópur samtaka opinberra starfsmanna og fjármálaráðherra til að gera tillögu um hvernig það verður gert. Haft verður samráð við ASÍ og sveitarfélögin um breytingar á réttindum þeirra félagsmanna sambandsins sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum.

Jöfnun áunninna lífeyrisréttinda milli almenna og opinberra vinnumarkaðarins er viðamikil og brýnt verkefni, samanber það sem að ofan greini um samræmt og sjálfbært lífeyriskerfi fyrir vinnumarkaðinn í heild. Gripið hefur verið til almennra skerðinga á lífeyrisgreiðslum í lífeyrissjóðum á samnings sviði ASÍ vegna áfalla sem þeir hafa orðið fyrir í tengslum við hrun fjármálakerfisins. Ástæða er til að bregðast sérstaklega við þeim vanda sem hér um ræðir. Það gæti t.a.m. falist í þátttöku ríkisins í inngreiðslum til að jafna uppávið lífeyrisréttindi í almenna kerfinu eftir því sem og þegar aðstæður í ríkisfjármálum leyfa og þá á 10 – 15 ára tímabili. Stjórnvöld lýsa sig reidubúin til skipa þegar í stað starfshóp með fulltrúum ASÍ, SA og fjármálaráðherra til að gera tillögur um hvernig það verði gert og skal hann skila niðurstöðum fyrir lok september 2011 sem verði lagðar fyrir Alþingi.

Starfsendurhæfing

Almennt samkomulag er um mikilvægi uppbyggingar markvissrar starfsendurhæfingar svo stuðla megi að þátttöku og virkni á vinnumarkaði. Draga þarf markvisst úr ótímabæru brottfalli launafólks af vinnumarkaði, meðal annars með því að bregðast við áður en fólk hverfur úr störfum sínum með virkri heilsuvernd á vinnustöðum, þ. á m. forvörnum. Þýðingarmikið er að atvinnulífið í heild komi að þeirri uppbyggingu ásamt stjórnvöldum og lífeyrissjóðum, en þegar greiðir stór hluti launagreiðenda 0,13% iðgjald til Starfsendurhæfingarsjóðs á grundvelli kjarasamninga.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að lögfest verði skylda allra launagreiðenda til greiðslu 0,13% iðgjalds til Starfsendurhæfingsjóðs. Enn fremur komi til jafnhátt iðgjald frá lífeyrissjóðunum.

Velferðarráðherra mun skipa samráðsnefnd aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda til að koma fram með nánari tillögur um skipulag og samhæfingu starfsendurhæfingarmála fyrir 1. nóvember 2011 þar sem miðað verði við jafna kostnaðarskiptingu í þrjá hluta. Útfæra þarf aðkomu ríkisvaldsins varðandi faglegar útfærslur og samspil starfsendurhæfingar tengdri vinnumarkaði og þjónustu heilbrigðiskerfisins.

Húsnæðismál

Stjórnvöld hafa nýverið beitt sér fyrir átaki til lækkunar á skuldum sem hvíla á yfirveðsettu íbúðarhúsnæði í því skyni að draga úr greiðslubyrði heimila vegna íbúðarhúsnæðis. Þá hefur einnig verið lögfest sérstök vaxtaniðurgreiðsla sem greidd verður árin 2011 og 2012 og áætlað er að muni kosta um 6 ma.kr. á hvoru ári um sig. Höfuðstóll gengistryggðra lána hefur verið færður niður í samræmi við dóma Hæstaréttar. Skilyrði fyrir sértækri skuldaaðlögun hafa verið rýmkuð í því skyni að það úrræði nýtist fleirum. Náð verður fylgst með framkvæmd framangreindra ráðstafana. Kostnaður ríkissjóðs vegna ráðstafana er tengjast húsnæðismálum, ásamt auknum og fyrirjáanlegum framlögum til Íbúðalánasjóðs, hleypur á tugum milljarða króna.

Nefnd um mótun húsnæðisstefnu, þar sem aðilar vinnumarkaðarins, stjórnvöld og fleiri eiga fullrúa hefur lokið störfum. Á þeim vettvangi er unnið að mótun tillagna um fjölbreyttari valkosti í húsnæðismálum og samræmingu á stuðningi við leigjendur og eigendur íbúðarhúsnæðis. Sérstakur starfshópur mun fá það hlutverk að útfæra tillögur um nýtt húsnæðisbótakerfi, þar sem horft verði til jafnræðis milli búsetuforma við skipting þeirra fjármuna sem varið er til vaxtabóta og húsaleigubóta.

Bókun um málsmeðferð í sjávarútvegsmálum

1. Þegar sjávarútvegsráðherra hefur gengið frá frumvarpi um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða (samningaleið), og það fengið umfjöllun í ríkisstjórn og þingflokkum stjórnarflokkanna verður það, fyrir endanlega afgreiðslu og framlagningu, kynnt helstu hagsmunaaðilum sem tengjast sjávarútvegi á lokuðum trúnaðarfundum.
2. Eftir framlagningu frumvarpsins verður stefnt að því að koma því til nefndar og út til umsagnar að lokinni 1. umræðu.
3. Þegar fyrir liggur sú hagfræðilega greining sem unnið er að á áhrifum fyrirhugaðra breytinga á rekstraraskilyrði og starfsumhverfi sjávarútvegsins, tilnefni SA og ASI einn fulltrúa hvor ásamt fulltrúum stjórnarflokkanna til að fara yfir niðurstöðu greiningarinnar. Þetta verði gert í því skyni að leita leiða til að ná frekari sátt um útfærslur sem tryggi sjávarútveginum góð rekstraraskilyrði sbr. yfirlýsingu forsætisráðherra og fjármálaráðherra frá 28. október 2009. Niðurstöður þeirrar yfirferðar liggi fyrir um mánaðarmótin maí/júní.

Bókun um framkvæmd

yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 4. maí 2011.

Aðilar eru sammála um að setja á fót fjögurra manna starfshóp sem verði vettvangur fyrir miðlun upplýsinga og samráð um framkvæmd þeirra atriða sem fram koma í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Þar sitji tveir fulltrúar stjórnvalda og fulltrúar frá Samtökum atvinnulífsins og Alþýðusambandi Íslands.

Aðrir kjarasamningar á almennum vinnumarkaði

Bræðslusamningar

AFL Starfsgreinafélag og Drífandi stéttarfélag byrjuðu viðræður vegna kjarasamnings í fiskimjólverksmiðjum nokkru áður en almennar kjaraviðræður hófust. 5. nóvember 2010. Vísuðu félögin kjaradeilunni til ríkissáttasemjara þar sem SA hafði neitað að gera sérstaka viðræðuáætlun um bræðslusamning þar sem túlkun SA var sú að bræðslusamningar væru hluti aðalkjarasamnings og því yrði ekki gerð sérstök viðræðuáætlun vegna þeirra.

Sáttasemjari boðaði tvo fundi vegna deilunnar en bókaði jafnframt að um óformlega fundi væri að ræða – undir verkstjórn hans. Félögin lýstu viðræður árangurslausar 16. desember og fyrri hluta janúarmánaðar 2011 var boðað til atkvæðagreiðslu vegna verkfallsboðunar. Alls samþykktu tæplega 80% þeirra sem greiddu atkvæði verkfallsboðun og var því boðað til verkfalls 7. febrúar.

Samtök Atvinnulífsins stefndu félögunum fyrir félagsdóm og kröfðust þess að verkfallsboðunin yrði dæmd ólögleg á grundvelli þess að viðræður hefðu ekki farið fram með milligöngu ríkissáttasemjara eins og lög geri ráð fyrir og vísuðu þar til þess að sáttasemjari neitaði að taka málið „formlega“ inn á borð til sín þrátt fyrir að viðræður færu fram undir hans verkstjórn.

Félagsdómur féllst á málflutning SA og dæmdi verkfallsboðun ólöglega en tók skýrt fram að sáttasemjari hefði í raun átt að taka málið formlega inn á borð eða eins og segir í dómnum: „... verður ekki séð að hún sæti að lögum slíkum takmörkunum að leitt geti til þess að boðað verkfall teljist af þeim sökum ólöglegt né heldur komi í veg fyrir að ríkissáttasemjari láti kjaradeiluna til sín taka eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 24. gr. laga nr. 80/1938.“ Með dómi félagsdóms var því ein meginkrafa félaganna – þ.e. að allur vafi væri tekinn af um sjálfstæði samningsins – komin fram. Engu að síður endurtóku félögin verkfallsboðun sína eftir árangurslausa fundi í kjölfar úrskurðar félagsdóms. Verkfallsboðun var að nýju samþykkt og var verkfall boðað 15. febrúar.

Er komið var fram á hádegi þann dag, er verkfall skyldi hefjast, voru viðræður enn árangurslausar en þá var ljóst að brætt yrði í verksmiðjunum á Þórshöfn og í Helguvík auk þess sem misvísandi fréttir bárust af stuðningi bræðslumanna í Færeyjum. Samninganefnd félaganna ákvað eftir víðtækt samráð við trúnaðarmenn að aflýsa boðuðu verkfalli enda var það mat manna að verkfallið hefði orðið langvinnt og harðvítugt og loðnuvertíð langt komin.

Bræðslumenn í AFLi og Drífanda skrifuðu síðan undir kjarasamning 5. maí 2011.

Stóriðjusamningar

Þann 19. apríl skrifuðu Stéttarfélag Vesturlands, FIT, VR, RSÍ og Verkalýðsfélag Akraness undir kjarasamning við Elkem Ísland ehf. Samningurinn byggði á samningum frá 5. maí með þeim helstu breytingum að hækkun grunnlauna var afturvirk frá 1. janúar 2011 og breytingar voru gerðar á bónuskerfum. Auk almennra hækkana var svonefndur FSM-bónus felldur inn í grunnkaupshækkun ($4,5\% + 1\% = 5,5\%$) og hámark annarra bónusa hækkaði úr $8,5\%$ í $13,5\%$. Verði hlutdeild starfsmanna í nýjum bónusum svipuð og áður má áætla að launahækkun á fyrsta ári verði í kringum 9% ; alltaf er þó vafasamt að fullyrða nákvæmlega um árangur í nýjum bónuskerfum. Þann 1. febrúar 2012 hækka laun um $3,3\%$ og aftur um $3,0\%$ þann 1. febrúar 2013. Samsvarandi samningsforsendur gilda í þessum samningi vegna launahækkunar 1. janúar 2013 og í samningunum frá 5. maí.

Þann 10. júní var undirritaður kjarasamningur milli Alcoa Fjarðaáls annars vegar og AFLs Starfsgreinafélags og Rafiðnarsambands Íslands hins vegar. Í aðalatriðum byggir samningurinn á sömu launabreytingum og samningarnir frá 5. maí en fela þó í sér ákveðnar nýjungar og breytingar frá fyrri samningi. Meðal breytinga frá fyrri samningum er að þeir innihalda nú launatöflu þar sem tekið er tillit til starfsaldurs og hæfni starfsfólks og einnig kveða þeir á um stofnun Stóriðjuskóla Fjarðaáls. Samningurinn styrkir einnig félagslega stöðu starfsmanna en auk þess að innihalda forgangsréttarákvæði er fjölgun á trúnaðarmönnum og réttur þeirra til náms styrktur. Samningurinn gildir frá 1. maí 2011 til 31. janúar 2014.

Þann 23. ágúst var undirritaður samningur milli Alcan á Íslandi annars vegar og Verkalýðsfélagsins Hlífar, VM, RSÍ, VR og Matvísss hins vegar. Samningurinn var felldur í atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna.

Þann 16. september var undirritaður samningur milli Flugfreyjufélags Íslands og Icelandair. Samningurinn var felldur í atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna. Þann 16. september var undirritaður samningur milli Flugfreyjufélags Íslands og Icelandair. Samningurinn var felldur í atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna. Nýr samningur aðila var undirritaður 5. október.

Þann 23. september náðist samkomulag milli Verkalýðsfélags Akraness, Verkalýðsfélags Vesturlands, RSÍ, FIT og VR annars vegar og Norðuráls hins vegar um breytingar á launalið kjarasamnings aðila. Samkomulagið felur í sér að launa hækka almennt um 18% á fjögurra ára tímabili og starfsmenn með þriggja ára starfsaldur fá 3% hæfnisálag. Auk þess veður stofnaður stóriðjuskóli og verður nám úr skólanum metið til launa.

Samningar sjómanna hafa verið lausir frá áramótum. Lítið hefur gerst í samningaviðræðum aðila og hafa fyrirhugaðar breytingar á lögnum um stjórn fiskveiða m.a. tafið samningaviðræður.

Kjarasamningar við ríki og sveitarfélög

Í kjölfar undirritunar samninganna á almenna vinnumarkaðinum sömdu þau félög, sem eru með starfsmenn hjá ríkinu, við ríkið á sambærilegum nótum og samið var um í samningunum 5. maí.

Í kjölfar undirritunar samninganna á almenna vinnumarkaðinum sömdu þau félög, sem eru með samninga við Reykjavíkurborg, við borgina á sambærilegum nótum og samið var um í samningunum 5. maí. Nokkru síðar sömdu þau félög, sem eru með starfsmenn hjá öðrum sveitarfélögum en Reykjavíkurborg, við samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga. Samningarnir voru á svipuðum nótum og aðrir samningar utan þess að tekin var upp ný launatafla þar sem lífaldursþrep voru felld niður og því fengu yngri starfsmenn meiri hækkunar en almennt var samið um í öðrum samningum.



Atvinnumál

Í lok ágúst 2011 var atvinnuleysi 6,6% samkvæmt skýrslu Vinnumálastofnunar. Atvinnuleysi var 7,0% meðal kvenna og 6,5% hjá körlum. Atvinnuleysið var 7,7% á höfuðborgarsvæðinu en 5,0% á landsbyggðinni. Mest var atvinnuleysið á Suðurnesjum eða 10,4%.

Merkja má árstíðasveiflur á íslenska vinnumarkaðinum. Yfirleitt er atvinnuástandið best á sumrin og fram eftir hausti en verst yfir hávetrartímann og fram eftir vori.


Atvinnuleysi

Alls voru 11.932 einstaklingar atvinnulausir að meðaltali í lok ágúst. Nánari greining á gögnum Vinnumálastofnunar leiðir eftirfarandi í ljós:

- *Eftir landshluta:* Atvinnuleysið var langmest á suðvesturhorni landsins, samtals eru 84% allra atvinnulausra á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum.
- *Eftir aldri:* Um 44% atvinnulausra var að finna í aldurshópnum 20–35 ára eða 5.292 einstaklingar. Þannig var mikill hluti atvinnulausra ungt fólk. Sem dæmi má nefna að í ágúst 2008 var fjöldi atvinnulausra á

aldrinum 16–24 ára 373 en fjöldinn var nú 1.631 sem þýðir rúmlega fjórföldun á atvinnuleysi í þessum aldurshópi.

- *Eftir menntun:* Langfjölmennasti hópur atvinnulausra hafði eingöngu lokið grunnskólaprófi, eða 5.992 einstaklingar, sem var um helmingur allra atvinnulausra.
- *Eftir kyni:* Hlutfallslega fleiri konur voru atvinnulausar en karlar, þ.e. 7,0% á móti 6,5% atvinnuleysi hjá körlum. Samtals voru 5.797 konur atvinnulausar en 6.135 karlar atvinnulausir í lok ágúst.
- *Eftir atvinnugrein:* Atvinnuleysið var mest í mannvirkjagerð en byggingageirinn hvarf nánast í fjármálahruninu. Verslun og iðnaður hafa líka farið illa út úr hruninu og samtals var um 38% atvinnulausra að finna í þessum atvinnugreinum.
- *Eftir lengd atvinnuleysis:* Um tveir þriðjungar atvinnulausra höfðu verið atvinnulausir í 6 mánuði eða lengur eða 7.528 og hafði þeim fækkað um 86 frá fyrra mánuði. Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í ár eða lengur voru 4.645 eða um 40% atvinnulausra og fjölgaði þeim um 91 milli mánaða. Áhyggjuefni er að langtímaatvinnuleysi sem hlutfall af heildaratvinnuleysi hafði ekki minnkað að ráði og hafði fest sig í sessi. Fjöldi þeirra sem voru atvinnulausir í ár eða lengur árin fyrir hrun var lengi vel innan við 500 þannig að gífurleg aukning hafði orðið í þessum hópi.



Á súluritinu má sjá að vissum áfanga var náð í júní þegar atvinnuleysi fór undir 7% í fyrsta skipti síðan í ársbyrjun 2009. Af upptalningunni hér að framan má

ráða að þeir sem hafa minnstu menntun og minnstu reynsluna séu viðkvæmari fyrir kreppunni heldur en aðrir á vinnumarkaðinum.

Eftirspurn eftir vinnuafli

Eftir bankahrunið 2008 hefur eftirspurn eftir vinnuafli dregist mikið saman, sérstaklega í byggingargeiranum sem fraus í kjölfar hrunsins. Þar hafði framboðshliðin farið verulega fram úr eftirspurnarhliðinni með neikvæðum afleiðingum fyrir fasteignaverð. Bankar hættu að lána út til verktaka og byrjuðu að innheimta lánin með kunnnum afleiðingum. Almennt má segja að fyrirtækin eru í mikilli vörn og halda að sér höndum í fjárfestingum; það kemur greinilega í ljós þegar hagtölur frá OECD-löndum eru skoðaðar. Fjárfesting á Íslandi er rúmlega 13% af landsframléiðslu sem er langt undir sögulegu meðaltali og með því lægsta meðal ríkja í OECD. Ekki er hægt að búast við miklum breytingum á vinnumarkaði ef fjárfestingar verða á svipuðu stigi á næstu árum.

Eitthvað hefur verið um hópuppsagnir. Árið 2010 var 742 einstaklingum sagt upp í 29 hópuppsögnum. Á fyrri hluta árs 2011 voru 16 hópuppsagnir sem náðu til 500 einstaklinga. Árið 2009 var þó mun verra þegar 1.789 manns var sagt upp í hópuppsögnum.

Horfurnar í atvinnulífnum einkennast mikið af óvissu og áframhaldandi vörn fyrirtækja. Icesave-samningurinn við Breta og Hollendinga var felldur í tvígang í þjóðaratkvæðagreiðslum, nú síðast í vor, og það hefur tafið endurreisnarstarfið. Heimilin hafa dregið saman í neyslu sem hefur aftur áhrif á fyrirtæki sem byggja afkomu sína á sölu neysluvöru.

Sjávarútvegurinn stendur mjög vel í dag og hefur afkoman sjaldan verið betri, fjárfestingar þar hafa þó ekki aukist verulega, m.a. vegna deilna um fiskveiðistjórnunarkerfið. Ríkisstjórnin lagði til frumvarp um breytingar á kerfinu og er því máli enn ekki lokið.

Einhver hreyfing hefur verið í orkumálum og virkjunarframkvæmdum en staðan er misjöfn eftir landshlutum. Ekkert hefur gerst í álversframkvæmdum við Helgúvík og framkvæmdir við kísilverið á Suðurnesjum hafa tafist fram á haustið. Miklar framkvæmdir eru við Búðarhálsvirkjun í tengslum við stækkun álversins í Straumsvík. Hugsanlegar framkvæmdir á Norðurlandi eru enn á viðræðustigi. Ýmsar rannsóknir eru í gangi og hefur Landsvirkjun gefið út athyglisverða og metnaðarfulla áætlun til langs tíma í virkjunar- og orkumálum.

Áfram hefur verið skorið niður í rekstrarkostnaði í bankageiranum. Bankarnir hafa skilað hagnaði en hafa líka sagt upp mörgum starfsmönnum, nú síðast var um 50 starfsmönnum Arion banka sagt upp.

Ferðabjónustan hefur farið vel af stað á þessu ári og hafa aldrei jafnmargir

ferðamenn komið til landsins yfir sumarið. Þar eru enn mörg tækifæri en árstíðasveiflan er mjög sterk í þessari atvinnugrein. Auk þess hafa eldgos og jökulárhlaup sett strik í reikninginn.

Hið opinbera glímir við mikinn fjárhagsvanda. Fjárlagahallinn er mikill vegna minnkandi tekna í kjölfar hruns bankakerfisins og þeirra auknu útgjalda sem hruninu fylgdu. Brúttóskuldir hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu eru líka miklar, eða um 110% af landsframleiðslu. Þetta hefur þrýst á meiri niðurskurð og meiri skattlagningu sem hefur neikvæð áhrif á atvinnulífið og vinnumarkaðinn.

Hið alþjóðlega efnahagsumhverfi einkennist einnig mjög af óvissu. Evrusvæðið er undir miklum þrýstingi skuldakreppunnar og evran hefur veikst síðustu mánuði. Grikkir t.d. hafa lent í miklum vandræðum og virðist vandinn aukast með hverjum mánuði. Þetta hefur vitaskuld áhrif á íslenska hagkerfið sem á mikil viðskipti við evrusvæðið. Þróun heimsmarkaðsverðs á fiskafurðum, áli og olíu ræður miklu um framtíðarhorfur íslenska þjóðarbúsins.

Framboð vinnuafis

Minni eftirspurn eftir vinnuafli hefur leitt af sér ójafnvægi á vinnumarkaði sem lýsir sér í sögulega háu atvinnuleysi. Heldur hefur dregið úr atvinnuleysinu og í lok júlí var atvinnuleysið komið niður á sama stig og í janúar 2009, eða 6,6%. Íslenskur vinnumarkaður er sveigjanlegur að því leyti að margir hafa fundið sér starf erlendis, t.d. í Noregi, og létt þrýstingnum af vinnumarkaðinum á Íslandi. Hinn stóri norræni vinnumarkaður hafði þannig mikilvæg mildunaráhrif í kjölfar fjármálahrunsins. Þá hafa margir kosið að auka færni sína í menntakerfinu.

Breytingar á vinnumarkaði

Við hrunið varð vinnumarkaðurinn fyrir miklu áfalli, atvinnuleysið jókst hratt og mikið í kjölfar hrunsins. Þannig höfðu 12 þúsund störf tapast um haustið 2009 miðað við sama tíma árið áður. Atvinnulausum hafði fjölgað um 6 þúsund en önnur 6 þúsund höfðu yfirgefið vinnumarkaðinn. Miklar breytingar hafa orðið á samsetningu vinnuafisins en erlent vinnuafli streymdi inn í íslenska hagkerfið á þensluárunum 2005–2008. Erlendir ríkisborgarar, sem komu til landsins á þessum tíma, voru þannig 16.200 á móti 806 Íslendingum sem fluttu út. Langflestir útlendingar komu frá Póllandi og unnu aðallega í byggingargeiranum. Í lok júlí 2011 voru um 16% atvinnulausra útlendingar eða 1.835 manns og þar af voru 60% frá Póllandi. Eins og sjá má á myndinni hér á eftir þenst vinnumarkaðurinn út á árunum fyrir hrun og nær svo nokkrum stöðugleika við 180 þúsund manns. Eftir hrunið verður útstreymi á vinnuafli.



Vinnumarkaðsaðgerðir

Vert er að nefna aðgerðir af hálfu ríkisins og aðila vinnumarkaðarins til að milda áhrif hrunsins á atvinnulífið:

- Hlutabætur: Í nóvember 2008 voru gerðar breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar. Breytingarnar fólust í því að gefa launþegum rétt á því að fá atvinnuleysisbætur á móti skertu starfshlutfalli. Þannig var leitast við að jafna byrðina af atvinnuleysinu.
- Ungt fólk til athafna (16–29 ára): Þetta átak byrjaði í janúar 2010 og miðaði að því að atvinnuleitendur á þessum aldri væru ekki lengur en 3 mánuði atvinnulausir án þess að bjóðast virkniúrræði. Árangurinn hefur verið mjög góður og hefur 90% af atvinnuleitendum á aldrinum 16–25 ára boðist ráðgjöf og þátttaka í úrræðum á vegum Vinnuálastofnunar. Svipuð meðöl voru notuð í kjölfar bankakreppu í Svíþjóð og Finnlandi fyrir um 20 árum með góðum árangri.
- Þor (29–70 ára): Þetta er átak gegn langtímaatvinnuleysi, sem er orðið að miklu vandamáli í dag, en yfir 4000 manns hafa verið atvinnulaus í ár eða lengur. Vinnuálastofnun hefur boðið upp á 70 virkniúrræði til að halda þessum hópi virkum.
- Nám er vinnandi vegur: Í nýgerðum kjarasamningum frá því í vor var ákveðið að liðsinna ungu fólki sem var atvinnulaust og hafði hrökklast frá námi. Öllum þeim sem uppfylltu skilyrði og voru undir 25 ára aldri skyldi boðin innganga í framhaldsskólakerfið. Atvinnuleysi kemur

harðar niður á yngstu árgöngum vinnumarkaðarins þannig að fróðlegt verður að fylgjast með árangri þessa átaks. Þá munu um 1000 atvinnuleitendur fá námstækifæri næstu þrjú árin þar sem Atvinnuleysistryggingasjóður og ríkissjóður munu bera kostnaðinn.

- Auk þess hefur verið reynt að skapa um 900 sumarstörf árlega fyrir námsmenn með framlögum úr Atvinnuleysistryggingasjóði en námsmenn hafa ekki lengur rétt á bótum yfir sumartímann. Þetta hefur haft jákvæð áhrif á atvinnulífið og vinnumarkaðinn en því miður varað bara yfir sumarmánuðina.

Atvinnumál og ASÍ

Atvinnumálanefnd ASÍ heldur almennt utan um atvinnumálastefnu ASÍ og undirbýr stefnumótun sambandsins í atvinnumálum og í byggðamálum. Þá kemur nefndin að samskiptum ASÍ við ýmsar opinberar nefndir og ráð, þ.á.m. við Vísinda- og tækniráð, Vinnumarkaðsráð og Landflutningaráð.

Atvinnumálanefnd

ASÍ hélt fund í desember 2010 um stöðu í atvinnumálum á hverju svæði og sviði nefndarmanna. Auk þess var haldinn opinn fundur í janúar 2011 að frumkvæði atvinnumálanefndar og umhverfisnefndar. Þar var rætt um verklegar framkvæmdir, menntun og afleidd störf. Þá greindu fulltrúar ASÍ í vinnumarkaðsráðum frá ástandi atvinnumála vítt og breitt um allt land. Í lok febrúar var gefin út umsögn ASÍ um drög að orkustefnu fyrir Ísland. Fundað var auk þess í lok maí um frumvörp ríkisstjórnarinnar um fiskveiðistjórnunarkerfið. Lögð voru fram frumvörp um breytingar á kerfinu, mikið hefur verið rætt um bæði minna og stærra frumvarpið í fjölmiðlum og hjá hagsmunaaðilum. ASÍ lagðist gegn fyrra frumvarpinu og lagðist einnig gegn síðara og stærra frumvarpinu nú í ágúst.

Umhverfisnefnd

Meginverkefni umhverfisnefndar frá byrjun árs 2010 hefur verið vinna að mótun stefnu ASÍ í umhverfis- og loftslagsmálum en umhverfisnefndin varð ein af fastanefnum ASÍ í lok árs 2008. Við undirbúning vinnunnar hafa nefndarmenn fengið til sín fræðimenn í málaflokknum til að halda erindi og nefndin hefur komið saman á sérstökum vinnufundum.

Umhverfisnefndin hefur unnið í samvinnu við atvinnumálanefnd ASÍ að nokkrum verkefnum á liðnu ári – en gert er ráð fyrir að umhverfisnefnd vinni í samvinnu og hafi samráð við þær málefnanefndir sem málið varðar; m.a. unnu nefndirnar saman umsögn um drög að orkustefnu fyrir Ísland og héldu opinn fund í janúar 2011 með það að markmiði að efla umræðu og þekk-

ingu meðal forystu og talsmanna verkalyðshreyfingarinnar um nýsköpun á vinnumarkaði.

Viðamesta verkefni umhverfisnefndar er mótun stefnu sambandsins í umhverfis- og loftslagsmálum almennt og með sérstöku tilliti til þróunar atvinnumála, auðlindanýtingar og atvinnuuppbyggingar. Stefnt er að því að stefnan verði tilbúin fyrir þing sambandsins 2012.




Velferðarmál

Kaup og kjör

Kaupmáttur

Kaupmáttur launa fór heldur vaxandi á árinu og eftir kjarasamningsbundnar hækkanir í júní hafði kaupmáttur launa vaxtið um 2,9% í ágúst samanborið við sama tíma í fyrra. Verðbólga hefur vaxtið hratt það sem af er ári en kjarabætur í kjölfar samninga á almennum markaði í maí 2011 skiluðu launafólki 50.000 króna eingreiðslu, 10.000 króna álagi á orlofsuppbót og 4,25% almennum kauphækkunum í júní. Verðlag hafði í ágúst hækkað um 4,8% á síðustu 12 mánuðum á sama tíma og laun á vinnumarkaði hækkuðu um 7,8%. Kaupmáttur launa var í ágúst 2011 um 8% lægri en þegar best lét í upphafi árs 2008 og var þá sambærilegur og á fyrri hluta árs 2004.

Samkvæmt launavísitölu hækkuðu regluleg laun að meðaltali um 4,8% á árinu 2010 en hækkanir voru umtalsvert meiri á almennum markaði en hjá opinberum starfsmönnum á því ári. Laun á almennum vinnumarkaði hækkuðu að meðaltali um 6% á árinu 2010 á sama tíma og laun opinberra starfsmanna hækkuðu að meðaltali um 1,9%. Þegar tekið er tillit til verðbólgu jókst kaup-



máttur launa að meðaltali um 0,5% á almennum vinnumarkaði í fyrra rýrnaði um 3% hjá opinberum starfsmönnum. Til samanburðar má nefna að á árinu 2009 hækkðu laun opinberra starfsmanna að meðaltali um 7,1% og laun á almennum markaði um 2,4% en á því ári rýrnaði kaupmáttur launa að meðaltali um tæplega 9% á almennum vinnumarkaði en 4% hjá opinberum starfsmönnum.

Í júní 2011 komu til framkvæmda kjarasamningsbundnar hækkanir sem samið var um í samningum á almennum vinnumarkaði í maí og í samningum opinberra starfsmanna við ríki og sveitarfélög í maí og júní. Á öðrum ársfjórðungi 2011 voru regluleg laun að meðaltali 2,4% hærri en ársfjórðunginn á undan. Á sama tímabili hækkðu laun á almennum vinnumarkaði um 2,9% en laun opinberra starfsmanna um 1,2% að meðaltali. Milli annars ársfjórðungs 2010 og 2011 hækkðu regluleg laun að meðaltali um 5,7%, þar af um 7,1% á almennum markaði en um 2,7% hjá opinberum starfsmönnum.

Á almennum vinnumarkaði hækkðu laun á öðrum ársfjórðungi í ár, samborið við sama tíma í fyrra, mest hjá sérfræðingum (8,6%) en hjá tækni- og sérmenntuðu starfsfólki (7,7%), skrifstofufólki (7,6%) og þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólki (7,4%). Hjá stjórnendum hækkðu laun um 6,7% milli ára, hjá verkafólki um 6,4% en minnst hækkðu laun iðnaðarmanna um 5,8%.

Ráðstöfunartekjur

Þrátt fyrir að kaupmáttur launa hafi farið vaxandi undanfarið ár hafa ráðstöfunartekjur heimilanna hins vegar lítið breyst, m.a. vegna atvinnuleysis, aukinna skattaálaga og minni atvinnuþátttöku auk þess sem fjármagnstekjur heimilanna hafa dregist verulega saman og séreignarsparnaður, sem mörg heimili hafa nýtt sér til að auka ráðstöfunartekjur sínar, er senn á þrotum. Þá hefur vaxandi verðbólga það sem af er ári enn dregið úr kaupmætti. Á móti þessu vega tímabundnar aðgerðir til að aðstoða skuldsett heimili, niðurfærsla skulda og endurútreikningur á gengistryggðum lánum. Seðlabankinn áætlar að kaupmáttur ráðstöfunartekna hafi dregist saman um fimmtung á árunum 2009 og 2010 og gert er ráð fyrir litlum vexti í ár og næstu tvö ár, eða 0,5–1% á ári.

Skuldastaða heimilanna – greiðsluferfiðleikar

Heimilin glíma enn við afleiðingar fjármálahruns og mikils vaxtar í skuldsetningu á árunum 2004–2008 sem valdið hefur erfiðleikum í fjárhag margra fjölskyldna. Skuldir heimilanna hér á landi sem hlutfall af ráðstöfunartekjum eru með því hæsta sem um getur og námu í fyrra um 237% af árlegum ráðstöfunartekjum heimilanna. Seðlabankinn gerir hins vegar ráð fyrir að þetta hlutfall fari heldur lækkandi á árinu 2011 í kjölfar endurskipulagningar á skuldum vegna endurútreikninga á ólögnum gengisbundnum lánum og ýmissa úrræða stjórnvalda og lánastofnana til að aðstoða heimili í greiðsluferfiðleikum. Vísbendingar um lækkun skulda koma einnig fram í skattagögnum en skv. álagningarartölum fyrir árið 2010 lækka skuldir landsmanna um ríflega 14 milljarða króna milli ára sem skýrist fyrst og fremst af lækkun annarra skulda en íbúðaskulda sem breytast lítið milli ára.

Erfiða fjárhagsstöðu margra heimila má m.a. merkja á tölum um aukin vanskil. Tæplega 7% lántakenda Íbúðalánasjóðs voru í 90 daga vanskilum með lán sín í maí 2011 sem svarar til þess að fjárhæð, sem nemur um 10% af heildarútlánum sjóðsins, hafi verið í vanskilum. Vanskil hjá sjóðnum hafa farið stöðugt vaxandi sl. þrjú ár. Hjá viðskiptabönkunum námu vanskil heimila um 11% af heildarútlánum stærstu viðskiptabankanna þriggja að því er fram kemur í skýrslu Seðlabankans um fjármálastöðugleika í maí 2011. Við þetta bætist að fjöldi heimila hefur nýtt sér ýmis greiðsluferfiðleikaúrræði hjá viðskiptabönkunum, s.s. frýstingu og lengingu lána. Einstaklingum á vanskilaskrá hefur sömuleiðis fjölgað en í lok apríl 2011 voru tæplega 25 þúsund einstaklingar á vanskilaskrá. Til samanburðar voru í byrjun árs 2010 rúmlega 20 þúsund einstaklingar á vanskilaskrá og í upphafi árs 2009 um 17 þúsund einstaklingar.

Aukin vanskil koma fram í fjölgun árangurslausra fjárnáma hjá einstaklingum undanfarið en á fyrsta ársfjórðungi 2011 voru gerðarþolar rúmlega

6.900 samanborið við 8.400 allt árið 2010, 6.900 árið 2009 og um 5.500 allt árið 2003. Fjöldi gjaldþrotáurður einstaklinga hefur hins vegar litið breyst; þeir voru 112 árið 2009, 139 árið 2010 og stefna í að verða um 150 á þessu ári sé miðað við tölur fyrir fyrstu fjóra mánuði ársins. Til samanburðar má nefna að það er um þriðjungur þess fjölda sem úrskurðaður var gjaldþrota á árinu 2000.

Mörg heimili upplifa stöðu sína erfiða. Samkvæmt lífskjararannsókn Hagstofu Íslands taldi nærri helmingur heimila erfitt að ná endum saman á árinu 2010 samanborið við 39% heimila árið 2009, 30% heimila árið 2008 og 46% árið 2004. Tæplega 36% heimila átti erfitt með að mæta óvæntum útgjöldum að upphæð 140.000 kr. á árinu 2010 sem er svipað hlutfall og á árinu 2004. Þá telja fleiri heimili húsnæðiskostnað vera þunga byrði, en 16% heimila taldi svo vera á árinu 2010 samanborið við tæp 12% árið 2008 sem er svipað hlutfall og árið 2004. Þegar fjárhagsstaða er greind eftir fjölskyldugerð má sjá að einstæðir foreldrar eru sá hópur sem er í mestum fjárhagserfiðleikum. Mikill meirihluti einstæðra foreldra á erfitt með að ná endum saman, eða um 77%, og fjölgar þeim mikið frá árinu áður. Einstæðir foreldrar telja einnig húsnæðiskostnað og önnur lán þunga byrði í meira mæli en aðrir hópar auk þess sem vanskil þeirra eru meiri.

Aðsókn í aðstoð og úrræði hjá Umboðsmanni skuldara, sem aðstoðar fólk í greiðsluferfiðleikum, hefur einnig verið mikil undanfarin misseri. Umboðsmanni hafa borist 200–300 nýjar umsóknir um greiðsluaðlögun í hverjum mánuði allt síðastliðið ár. Úrvinnsla umsóknanna hefur hins vegar gengið hægt og voru um 1.900 greiðsluaðlögunarmál óafgreidd hjá embættinu í maí 2011. Í apríl 2011 voru rúmlega 48.600 heimili lántakendur hjá Íbúðalánasjóði. Í apríl 2011 höfðu ríflega 6.200 af 48.600 lántakendum sjóðsins nýtt sér eitthvað af greiðsluferfiðleikaurræðum sjóðsins: Þar af voru 1.636 (3%) lántakendur með lán sín í frystingu, 2.598 (5,3%) höfðu lengt lánstímann, 1.875 (3,9%) höfðu fengið skuldbreytingalán og 133 (0,3%) lántakendur höfðu fengið sértæk úrræði hjá sjóðnum. Auk þess höfðu í apríl 22.774 (47%) lántakendur Íbúðalánasjóðs nýtt sér greiðslujöfnun lána sinna.

Erfitt hefur reynst að leggja heildstætt mat á fjárhagsstöðu og umfang erfiðleika heimilanna og meta árangur af þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til í þeim tilgangi að aðstoða heimili í vanda. Ekki liggja fyrir samræmdar tölur með upplýsingum um fjárhagsstöðu heimilanna og er einungis hægt að leggja mat á stöðuna út frá upplýsingum frá einstökum lánveitendum eða stofnunum sem veldur því að talsverðar líkur eru á skörun milli aðila.

Sérfræðingahópur um skuldavanda heimilanna, sem í áttu sæti fulltrúar stjórnvalda, lánastofnana, lífeyrissjóðanna og Hagsmunasamtaka heimilanna, skilaði niðurstöðum í nóvember 2010 og voru þá um 10.700

heimili talin í greiðsluvanda vegna íbúðalána sinna eða tæplega 15% heimila sem skulda húsnæðislán. Vandinn er áberandi mestur hjá tekjulágum og einhleypum/einstæðum foreldrum. Þessi niðurstaða byggir á framfærslukostnaði, sem reiknaður er út frá neysluviðmiði Umboðsmanns skuldara, að viðbættu 50% álagi auk útgjalda fyrir einn bfl. Sú upphæð er 127.700 kr. fyrir barnlausan einstakling, 185.000 kr. fyrir barnlaus hjón og 275.200 kr. fyrir hjón með tvö börn. Þessi viðmið eru án húsnæðiskostnaðar. Þetta eru sömu framfærsluviðmið og notuð eru við sértæka skuldaaðlögun hjá bönkunum. Mat sérfræðingahópsins er eingöngu miðað við húsnæðisskuldur en tekur ekki til greiðsluvanda vegna annarra lána s.s. bílalána en ljóst er að mörg heimili eiga í miklum erfiðleikum vegna þeirra og annarra skammtímaskulda. Einnig kunna námsmenn að skeykja myndina nokkuð þar sem tekjur þeirra eru oftast lágar en ekki er tekið tillit til þess að þeir hafa framfærslu af námslánum.

Um fjórðungur einhleypra/einstæðra foreldra voru að mati sérfræðingahópsins í greiðsluvanda vegna íbúðalána sinna eða um 7.200 manns. Ekki er í tölunum greint á milli þeirra heimila sem eru með og án barna. Af þessum hópi eru tæplega 2.000 manns með svo lágar ráðstöfunartekjur að þær duga ekki fyrir daglegri neyslu og því enn síður fyrir greiðslu af húsnæðisskuldum. Tæplega 3.800 hjón eða sambýlisfólk voru að mati sérfræðingahópsins í greiðsluvanda vegna íbúðalána sinna. Nærri helmingur þessara heimila eða 1.670 fjölskyldur eru í þeirri stöðu að ráðstöfunartekjur þeirra duga ekki fyrir áætlaðri neyslu. Greiðsluvandi vegna húsnæðislána var mestur meðal þeirra sem hafa lágar tekjur. Um 63% hjóna og sambýlisfólks, sem eru í vanda, hafa minna en 3 millj. kr. í ráðstöfunartekjur á ári (250.000 kr. á mán.) og 44% einhleypra/einstæðra foreldra, sem eru í vanda, hafa minna en 2 millj. kr. í ráðstöfunartekjur á ári (167.000/mán.). Hjá 3.650 heimilum dugðu ráðstöfunartekjur ekki fyrir daglegri neyslu að mati sérfræðingahópsins og ljóst að aðgerðir í skuldamállum munu því ekki nægja til að bæta stöðu þessa hóps. Rétt er þó að hafa í huga að í þessum hópi kunna að vera námsmenn sem hafa framfærslu af námslánum sem ekki koma fram í skattagögnum og einnig þeir sem ekki telja allar tekjur sínar fram til skatts. Rúmlega 80% þeirra heimila, sem voru í vanda vegna íbúðaskulda, keyptu fasteign á árunum 2004–2008 og um helmingur hópsins er yngri en 40 ára sem bendir til þess að stór hluti hópsins í vanda er ekki í vanda vegna kaupa á sinni fyrstu fasteign að mati sérfræðingahópsins. Um 80% hópsins í greiðsluvanda vegna íbúðaskulda eru búsett á höfuðborgarsvæðinu eða á Reykjanesi.

Í skýrslunni er jafnframt lagt mat á þann hóp sem er í skuldavanda, þ.e. íbúðaskuldur eru umfram verðmæti fasteignar, og voru um 20.000 heimili talin vera í þeim hópi en rúmlega 5.000 heimili talin vera bæði í greiðslu- og

skuldavanda. Í þessum útreikningum hefur þó ekki verið tekið tillit til þeirra endurútreikninga sem væntanlegir voru vegna gengistrygðra lána.

Úrræði í greiðsluerfiðleikum

Allt frá því haustið 2008 hafa stjórnvöld og lánastofnanir sett fram ýmis úrræði fyrir skuldara sem í kjölfar gengisfalls, verðbólgu og tekjumissis lentu í erfiðleikum með að standa skil á skuldum sínum. Um er að ræða ýmis almenn úrræði, sem einkum miða að því að létta greiðslubyrði og gera lántakendum kleift að standa við skuldbindingar sínar, auk sértækra úrræða fyrir þann hóp skuldara sem á í alvarlegum greiðsluvanda og fyrirsjáanlegt er að muni að óbreyttu ekki geta ráðið fram úr skuldum sínum. Þau úrræði, sem gripið var til haustið 2008 og fram undir haustið 2010, voru rakin í skýrslu forseta haustið 2009 og haustið 2010 en hér er gerð grein fyrir helstu viðbótum sem komið hefur verið á undanfarið ár.

Í kjölfar skýrslu sérfræðingahóps um skuldavanda heimilanna, sem greint var frá hér að framan, undirrituðu stjórnvöld, lánastofnanir og líffeyrissjóðir þann 3. desember 2010 yfirlýsingu um aðgerðir vegna skuldavanda heimila og í framhaldinu undirrituðu aðilar verklagsreglur um nánari útfærslu aðgerðanna þann 15. janúar 2011. Aðgerðirnar sem samkomulagið byggði á voru eftirfarandi:

1. Aðgerðir í þágu yfirveðsettra heimila – 110% leiðin

Lántakendum með yfirveðsett íbúðarhúsnæði bauðst að fá eftirstöðvar fasteignaskulda færðar niður að 110% af verðmæti fasteignar að því gefnu að skuldirnar væru vegna fasteignakaupa umsækjenda fyrir árið 2009 og hvíldu með veði á eign sem ætluð er til heimilishalds. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu að hámarki 4 millj. kr. hjá einstaklingi og 7 millj. kr. hjá hjónum/sambýlisfólki og einstæðum foreldrum sem ætlunin var að afgreiða mætti hratt. Mun ítarlegra mat á eignum og greiðslugetu þurfti að koma til ef um meiri niðurfærslu væri að ræða, að hámarki 15 millj. kr. hjá einstaklingi og 30 millj. kr. hjá hjónum/sambýlisfólki og einstæðum foreldrum. Við mat á verðmæti fasteigna skyldi miðað við fasteignamat eða markaðsverð þeirra, hvort sem er hærra. Ef veðrymi væri á aðfararhæfum eignum lækkaði niðurfærslu veðskulda sem því næmi. Úrræðið var í boði til 30. júní 2011.

2. Sértæk skuldaaðlögun

Breytingar voru gerðar á sértækri skuldaaðlögun til að úrræðið nýttist fleiri heimilum og til að bæta samstarf við úrvinnslu og auka skilvirkni þess. Lántakendum í miklum greiðsluvanda bauðst að færa lán sín niður í allt að 70% af verðmæti íbúðarhúsnæðis til samræmis við greiðslugetu. Allt að 30% af virði

eignar var þá sett á vaxta- og afborgunarlaust biðlán í 3 ár og skuldir umfram 100% felldar niður.

3. Vaxtabætur

Fallið var frá áformum um að draga til baka 2 millj. kr. hækkun vaxtabóta sem komið var á árin 2009 og 2010. Jafnframt var gerð breyting á almennum vaxtabótum þannig að þær kæmu í auknum mæli til móts við heimili með þunga skuldabyrði, lágar tekjur og miðlungstekjur. Niðurstaða þessarar breytingar var að hámarksvaxtabætur voru hækkaðar en skerðing vegna tekna aukin úr 6% í 8% og eignarskerðing aukin.

4. Ný tímabundin vaxtaniðurgreiðsla – sérstök 0,6% vaxtaniðurgreiðsla

Komið var á nýju tímabundu úrræði til að greiða niður vaxtakostnað vegna íbúðarhúsnæðis. Niðurgreiðslan er almenn, óháð tekjum, en fellur niður þegar hrein eign er umfram 20 millj. kr. hjá einstaklingum og 30 millj. kr. hjá hjónum/sambúðarfólki og einstæðum foreldrum. Kostnaðurinn við þetta nýja úrræði verður allt að 6 milljörðum króna á ári og verður það í gildi árin 2011 og 2012.

5. Sérstakt átak til að ná til heimila í vanskilum

Lánveitendur skyldu kappkosta að ná til allra heimila, sem eru í vanskilum, og bjóða þeim viðhlítandi lausnir fyrir 1. maí 2011. Sérstökum samstarfsvettvangi skyldi komið upp til að flýta afgreiðslu mála og allar aðgerðir miðaðar við að komast megi hjá uppboðum eigna.

6. Félagslegar lausnir í húsnæðismálum

Lánveitendur munu vinna með ríki, sveitarfélögum og félagasamtökum við að koma á fót fjölbreyttum húsnæðislausnum og lífeyrissjóðir munu greiða götu félagslegra úrræða í húsnæðismálum með kaupum á sérstökum flokki íbúðabréfa á lágstu mögulegum vöxtum. Ríkisstjórnin mun ekki lækka framlög til húsaleigubóta á næsta ári.

Íbúðalánasjóður hóf móttöku umsókna um niðurfærslu skulda skv. 110% leiðinni í janúar 2011 en fékk ekki lagaheimild til að hefja niðurfærslu fyrr en í mars. Sjóðurinn áætlaði í upphafi að um 9.000 heimili gætu átt rétt á niðurfærslu vegna 110% leiðarinnar og kostnaður vegna hennar gæti numið allt að 19 milljörðum króna Í þeim áætlunum var eingöngu höfð til hliðsjónar fjárhæð lána hjá sjóðnum og fasteignamat viðkomandi eigna en ekki lagt mat á hugsanlegan frádrátt vegna annarra eigna. Í heildina bárust sjóðnum um 5.100 umsóknir um niðurfærslu og áætlað er að raunveruleg niðurfærsla lána verði 10–12 milljarðar króna eða sem nemur um 2,1 milljón að meðaltali á

hverja umsókn. Viðskiptabönkunum bárust mun færri umsóknir um 110% leiðina en ekki liggja fyrir endanlegar tölur um fjölda umsókna. Í apríl 2011 höfðu bönkunum samtals borist um 1.300 umsóknir og námu afskriftir vegna þessa úrræðis þá um 1,7 milljörðum króna eða um 2,7 millj. kr. á hverja samþykktu umsókn. Arion banki og Landsbankinn höfðu áður boðið upp á hvor sína útfærsluna á svokallaðri 110% aðlögun höfuðstóls fasteignaveðlána (gamla 110% leiðin) en 110% leið stjórnvalda gengur skemur en báðar þessar leiðir. Um 1.720 lántakendur fengu leiðréttingu lána sinna skv. þeirri leið og nema heildarafskriftir bankanna vegna hennar ríflega 9,8 milljörðum króna eða sem svarar til 5,7 millj. kr. niðurfærslu að meðaltali á hverja samþykktu umsókn. Samkvæmt upplýsingum frá lífeyrissjóðunum sóttu fáir lántakendur um niðurfærslu á grundvelli 110% leiðarinnar. Í byrjun apríl 2011 höfðu viðskiptabankarnir samtals tekið við umsóknum frá um 720 heimilum í ferli sértæktrar skuldaaðlögunar frá því í október 2010. Þar af hafa 543 samningar um sértæka skuldaaðlögun verið gerðir. Þetta eru mun færri samningar en ráð var fyrir gert. Samkvæmt umsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarp til laga um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjald-eyrishrunsins (lög nr. 107/2009) frá því í október 2009 áætluðu fjármálafyrirtækin að allt að 5.000 einstaklingar þyrftu á sértækri skuldaaðlögun að halda og því ljóst að úrræðið hefur hingað til nýst mun færri heimilum en gert var ráð fyrir í upphafi. Þann 1. maí 2011 var greiddur út fyrsti hluti sérstakra 0,6% vaxtabóta til íbúðareigenda skv. yfirlýsingu stjórnvalda og lánveitenda frá því í desember 2010. Tæplega 97 þúsund einstaklingar fengu greiddar bætur og voru útgjöld ríkissjóðs vegna þessa um 3 milljarðar króna sem jafngildir um 5% af greiðslum heimilanna vegna íbúðalána á ári. Síðari helmingur sérstöku vaxtabótanna fyrir árið 2011 var greiddur út með álagningu í ágúst 2011 og verður sami háttur hafður á árið 2012.

Hæstiréttur kvað í júní 2010 upp dóma um ólögmæti tengingar lána í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla. Efnahags- og viðskiptaráðuneytið óskaði í júní eftir viðhorfum ASÍ og fleiri aðila til þess hvernig vinna megi úr þeirri stöðu sem dómarnir valdi. Afstaða ASÍ til þessa lögfræðilega álitaefnis var sú að skuldara beri að greiða samningsvexti af þessum lánum en benti á að eftir standi fyrir stjórnvöld að fjalla um þau álitaefni sem dómur þessir skapa að öðru leyti og varða þá hópa sem skulda annars vegar formlega „lögmæt“ gengistryggð lán, sem greidd voru út í íslenskum krónum, og hins vegar verðtryggð lán. Sjá nánar að neðan viðbrögð Alþýðusambandsins í svarbréfi sent ráðuneytinu þann 21. júní 2010. Í september 2010 kvað Hæstiréttur upp dóm um vaxtareikning á ólögmætu gengistryggðu lánin og komst að þeirri niðurstöðu að miða skyldi vexti við óverðtryggða vexti Seðlabanka Íslands. Í kjölfarið var lagt fram á Alþingi

frumvarp til breytingar á lögum um vexti og verðtryggingu sem ætlað var að leysa úr óvissu um réttarstöðu skuldara og kröfuhafa með samræmdum hætti, óháð orðalagi eða framkvæmd viðkomandi lánasamninga, þannig að sambærileg mál fái sambærilega niðurstöðu. Frumvarpið var samþykkt sem lög frá Alþingi þann 18. desember 2010, sbr. lög nr. 151/2010, og var lánastofnunum með lögnum gefinn 60 daga frestur til endurútreikninga á ólögætum erlendum lánum en sá útreikningur tók í reynd nokkuð lengri tíma. Í lok mars 2011 námu leiðréttingar vegna endurútreikninga erlendra húsnæðislána 35 milljörðum króna og bílalána 45 milljörðum króna. Nokkur ágreiningur hefur verið uppi um þær aðferðir sem notaðar hafa verið við endurútreikninga ólögættra gengistryggðra lána. Hagsmunasamtök heimilanna ásamt Samtökum lánþega og um eitt þúsund einstaklingum sendu í vor kvörtun til eftirlitsstofnunar EFTA vegna þessa þar sem kvartað er yfir meintu broti íslenskra stjórnvalda og stjórnarsýslu á Evrópurétti og talið að stjórnvöld fari ekki að neytendatilskipun EES. Eftirlitsstofnunin hefur tilkynnt að stofnunin hyggist taka kvörtunina til afgreiðslu en óljóst er hversu langan tíma málsmeðferðin tekur (sjá bls 160 – 161).

Velferðarkerfið

Vegna bágborinnar stöðu í fjármálum ríkis og sveitarfélaga hefur velferðar- og heilbrigðisþjónustan á síðustu þremur árum sætt umtalsverðum niðurskurði á sama tíma og álag á ýmsa stoðþjónustu velferðarkerfisins hefur aukist. Niðurskurður í heilbrigðismálum, sjúkratryggingum, barnabótum og framlögum til atvinnuleysisstrygginga var umtalsverður á árinu auk þess sem flest sveitarfélög gripu til viðamikilla sparnaðaraðgerða og gjaldskrárhækkana í fjárhagsáætlunum sínum fyrir yfirstandandi ár. Alþýðusambandið hefur líkt og undanfarin ár lagt áherslu á það í málflutningi sínum að á niðurskurðartímum þurfi að standa vörð um þá sem búa við lökust kjör og hlífa velferðarkerfinu eins og kostur er. Miðstjórn ASÍ gagnrýndi harkalega sparnaðartillögur fjárlaga og segir m.a. í ályktun frá 13. október 2010:

„Miðstjórn ASÍ lýsir áhyggjum af stöðu velferðarkerfisins í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011. Ömurlagt er að horfa upp á þær afleiðingar sem nýfjárlshyggjan og bankahrunið hefur haft á íslenskt samfélag. Afleiðingarnar eru m.a. þær að ríkissjóður er nú rekinn með gríðarlegum halla sem ógnar velferðarkerfinu ef ekkert er að gert ... Á niðurskurðartímum þarf að standa vörð um þá sem búa við lökust kjörin. Hlífa þarf viðkvæmstu þáttum velferðarkerfisins, sem kostur er, og nýta skattkerfið til tekjujöfnunar. Það er því með öllu óásættanlegt að sækja eigi þungann í sparnaði ríkisins til þeirra sem síst eru aflögufærir. Öryrkjar, eldri borgarar og atvinnulausir geta ekki búið við óbreyttar bætur enn eitt árið eins og lagt er til í fjárlagafrumvarpinu. Þá er ekki



Efnahags- og viðskiptaráðuneytið
Sölvhólsögötu 7
150 Reykjavík

Reykjavík 21.6 2010.

Viðað er til erindis ráðuneytisins frá 18.6 2010 (EVR10060037/3.1) varðandi tvö dóma Hæstaréttar o.fl.

Eins og fram kemur í dómum Hæstaréttar frá 16.6 s.l. var fjallað um þrjúættan ágreining og dómur lagður á þann ágreining og ekki annan. Ágreiningurinn snerist um:

- hvort samningur þeirra væri lánsamningur eða leigusamningur
- hvort hann væri um skuldbindingu í erlendri mynt eða íslenskum krónum, sem bundnar væru gengi erlendra gjaldmiðla
- og hvort slík gengistrygging, væri um hana að ræða, væri heimil að lögum.

Niðurstaða Hæstaréttar um þessi þrjú ágreiningsefni er skýr. Um var að ræða lánsamning í íslenskum krónum sem bundinn var ólögumatri verðtryggingu þ.e. íslensk krónulán voru verðtryggð m.v. gengi erlendra gjaldmiðla.

Í niðurstöðu Hæstaréttar (HRD 153/2010) segir:

„Reglur 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001 eru ófrávikjanlegar, sbr. 2. gr. laganna, og verður því ekki samið um grundvöll verðtryggingar, sem ekki er stað fyrir í lögum. Fyrirnefnd ákvæði í 4. og 7. gr. samnings úfrýjanda og stefnda Jóhanns Rafns um gengistryggingu voru því í andstöðu við þessi fyrirælli laganna og skuldbinda þau ekki stefndu af þeim sökum.“

Ekki var fjallað um lögumæti þeirra vaxta sem kröfuhafi áskyldi sér.

Í erindi ráðuneytisins er leitað viðhorfa ASÍ til þess hvaða endurgjald skuldarinn skuli greiða fyrir lánið þ.e. við hvaða vexti skuli miða endurgreiðslu þess við eftir að verðtrygging lánsins (gengistrygging) hefur verið metin ólögumætt og óskuldbindandi.

Vaxtaákvæði hins umdeilda lánsamnings gera ráð fyrir vöxtum í samræmi við svokallaða LIBOR vexti af hverri þeirra mynta sem notaðar eru til gengistryggingar, eins og þeir vextir eru á hverjum tíma sbr. 4.mgr. 7.gr. lánsamningsins (HRD 153/2010). Þetta vaxtaákvæði lánsamningsins er lögumætt þ.e. almennt má semja um hvaða almennu vexti sem er og um þetta er ekki fjallað í dómum Hæstaréttar.

ASÍ telur að ákvæði 18.gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 eigi ekki við í uppgjörum skuldara og kröfuhafa, hvort sem lán hefur að fullu verið endurgreitt eða einungis að hluta.



Hin ólögmæta verðtrygging (gengistrygging) er ekki „annað endurgjald“ í skilningi laga nr. 38/2001 en draga má þá ályktun m.a. af 1.gr. laganna. Þar segir:


„Lög þessi gilda um vexti af peningakröfum á sviði fjármunaréttar og á öðrum sviðum réttarins, eftir því sem við getur átt, svo og um annað endurgjald sem áskilið er eða tekið fyrir lánveitingu eða umliðun skuldar.

Lög þessi gilda einnig um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.“

1. mgr. fjallar um vexti og annað endurgjald og 2. mgr. sérstaklega um verðtryggingu. Ljóst er því að um þrjú hugtök er að ræða þ.e. vexti, annað endurgjald og verðtryggingu.

Ákvæði 18.gr. á einungis við um vexti og annað endurgjald¹ og verður ekki beitt að óbreyttu þannig að taki til verðtryggingar jafnvel þó verðtryggingarviðmiðunin hafi reynt andstæð 6. kafla laganna. Við túlkun 18.gr. ber jafnframt að hafa í huga, að um er að ræða sjálfstætt og sérstakt ákvæði sem sett er til varnar skuldara. Varhugavert er því að túlka það svo rúmt að það fel í sér heimild til þess að víkja til hliðar lögmætu vaxtaákvæði lánsamnings aðila og endurreikna skuldina þ.a. að kröfuhafi bera meira úr bytum en við þrönga túlkun ákvæðisins, skuldara í hag. Í þessu efni má jafnframt vísa til þeirra sjónarmiða sem liggja að baki 3.mgr. c. lið 36.gr. l. 7/1936² þar sem mælt er fyrir um að samning skuli efna sé hann á annað borð efnalegur án þeirra skilmála sem vikið hefur verið til hliðar. Það á við í þeirri réttarstöðu sem Hæstiréttur hefur fjallað um.

Þegar þetta er haft í huga, og jafnframt að lánsamningur aðila geymir sjálfstætt og lögmætt vaxtaákvæði eins og fyrr segir er það ótvírætt mat Alþýðusambands Íslands að við endurreikning þeirra lána sem reyndust bera ólögmæta verðtryggingu beri að leggja umsamda og lögmæta samningsvexti aðila til grundvallar, þ.e. umrædda LIBOR vexti eins og þeir hafa verið og eru á hverjum tíma og að ekki sé heimilt að endurrita skilmála lánsins og taka upp aðra viðmiðun en þar greinir að teknu tilliti til þess að hluta sem Hæstiréttur hefur metið óskuldbindandi.

Virðingarfyllst,

F.f. forseta ASÍ,
Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ.

¹ 18. gr. Ef samningur um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umliðun skuldar eða dráttarvexti telst ógildur og hafi endurgjald verið greitt ber kröfuhafa að endurgreiða skuldara þá fjárhæð sem hann hefur þannig ranglega af honum haft. Við ákvörðun endurgreiðslu skal miða við vexti skv. 4. gr., eftir því sem við getur átt.

² Samningur telst ósanngjarn stríði hann gegn góðum viðskiptaháttum og raski til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna samningsaðila, neytanda í óhag. Ef slíkum skilmála er vikið til hliðar í heild eða að hluta, eða breytt, skal samningurinn að kröfu neytanda gilda að öðru leyti án breytinga verði hann endur án skilmáls.

hægt að ganga í vasa barnafólks með því að skerða barnabætur og skuldbætur heimili þola ekki að vaxtabætur séu skertar. “

Um síðastliðin áramót voru sameinuð ráðuneyti félags- og tryggingarmála og heilbrigðismála í eitt velferðaráðuneyti sem fer nú með málaflökka sem áður heyrðu undir þessi tvö ráðuneyti. Á sama tíma var forræði á þjónustu við fatlað fólk fært frá ríki til sveitarfélaga í samræmi við heildarsamkomulag milli ríkis og sveitarfélaga frá því í nóvember 2010. Svæðisskrifstofur málefna fatlaða voru því lagðar niður í upphafi árs 2011 og verkefni þeirra færð til sveitarfélaga en vinnumarkaðsaðgerðir fyrir fatlað fólk, þ.m.t. vinnusamningar öryrkja, voru færðar til Vinnumálastofnunar.

Almannatryggingar

Bótafjárhæðum og frítækjumörkum almannatrygginga var í upphafi árs 2011 haldið óbreyttum frá árinu áður og höfðu þá ekki hækkað síðan í upphafi árs 2009. Undanskilin var viðmiðunarfrjárhæð sérstakrar uppþótar vegna framfærslu (lágmarksframfærsla) sem hækkaði úr 180.000 krónum í 184.140 hjá þeim sem búa einir og úr 153.500 krónum í kr. 157.030 fyrir þá sem búa með öðrum.

Landssamtök lífeyrissjóða og ríkisstjórnin gerðu í janúar 2011 með sér samkomulag um að draga úr víxlverkunum milli bóta almannatrygginga og lífeyrissjóðsgreiðslna og hækka frítækjumark á lífeyrissjóðstekjur ellilífeyrisþega gagnvart almannatryggingum í áföngum á árunum 2013–2015. Sömuleiðis sammældust þessir aðilar um að setja af stað vinnu við að finna varanlega lausn á víxlverkunum bóta almannatrygginga og lífeyrissjóða og leita leiða til að auka samstarf Tryggingastofnunnar og lífeyrissjóðanna þannig að einfalda megi og bæta þjónustu og upplýsingamiðlun til lífeyrisþega.

Í kjaraviðræðum á almennum vinnumarkaði á fyrri hluta árs 2011 lagði ASÍ ríka áherslu á að lífeyrisþegum og atvinnuleitendum yrðu tryggðar sambærilegar kjarabætur og launafólki á lægstu launatóxtum og gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu þess efnis í tengslum við samninga ASÍ og SA í maí. Frá 1. júní 2011 hækkuðu bætur almannatrygginga og atvinnuleysisbætur sem hér segir:

- Bætur almannatrygginga hækka um 8,1% og fá lífeyrisþegar með óskertar bætur 12.000 króna hækkingu sem er sambærilegt við taxtahækkanir kjarasamninga.
- Lágmarksframfærslutrygging hækkar um 12.000 krónur og verður 196.140 fyrir einstakling, sem býr einn, og 169.030 fyrir hjón og sambúðarfólk.
- Þann 15. júní 2011 fá þeir sem hafa fengið greiddan lífeyri á tímabilinu frá 1. mars til 31. maí 50.000 króna eingreiðslu. Þeir sem eiga rétt á fullum lífeyri fá óskerta eingreiðslu án tillits til lækkunar vegna annarra tekna.
- Orlofsuppbót ársins 2011 verður 28,3% af tekjutryggingu og heimilisupp-

bót í stað 20% og svarar hækkunin til 10.000 króna álags á fulla orlofsuppbót líkt og samið var um í kjarasamningum.

- Desemberuppbót ársins 2011 verður 42% af tekjutryggingu og heimilisuppbót í stað 30% og svarar hækkunin til 15.000 króna álags á fulla desemberuppbót líkt og samið var um í kjarasamningum.
- Uppbót vegna reksturs bifreiðar hækkar um 8,1% og verður 11.705 krónur á mánuði. Sú breyting verður jafnframt gerð frá 1. júní að ekki verður tekið tillit til uppbótar vegna reksturs bifreiðar við útreikning lágmarksframfærslutryggingar.
- Grunnatvinnuleysisbætur hækka um 12.000 krónur til samræmis við taxtahækkanir kjarasamninga og verða 161.523 krónur á mánuði.
- Þann 10. júní 2011 fá atvinnuleitendur, sem eru að fullu tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins og hafa staðfest atvinnuleit á tímabilinu frá 20. febrúar til 19. maí sl., 50.000 króna eingreiðslu.
- Atvinnuleitendur fá desemberuppbót sem er 30% af grunnatvinnuleysisbótum en að auki verður greitt 15.000 króna álag á desemberuppbótina líkt og samið var um í kjarasamningum. Desemberuppbót ársins 2011 til atvinnuleitenda verður þá samtals 63.457 krónur.
- Greiðslur til foreldra langveikra og alvarlega fatlaðra barna hækka um 8,1%.
- Fæðingarstyrkur til foreldra og ættleiðingarstyrkir hækka um 8,1%.

Fjárhagsaðstoð

Samfara versnandi efnahags- og atvinnuástandi hefur fjölgað umtalsvert í hópi þeirra sem þurfa að leita fjárhagsaðstoðar hjá sveitarfélögum sér til framfærslu. Velferðarnefnd ASÍ hefur á síðustu tveimur árum fylgst vel með ástandinu og reglulega tekið saman upplýsingar um þróunina.

Velferðarráðherra beindi þeim tilmælum til sveitarstjórna í ársbyrjun 2011 að hækka fjárhagsaðstoð til einstaklinga þannig að mánaðarleg framfærsla þeirra verði sambærileg við atvinnuleysisbætur, þ.e. 149.500 krónur á mánuði. Leiðbeinandi grunnfjárhæð ársins 2010 var 125.540 krónur á mánuði fyrir einstakling og nemur hækkunin því 19% á milli ára. Skv. leiðbeinandi reglum ráðuneytisins skal miða fjárhagsaðstoð við hjón við 1,6 falda grunnfjárhæð eða 239.200 krónur á mánuði. Reykjavíkurborg var eina sveitarfélagið sem hækkaði fjárhagsaðstoðina til samræmis við tilmæli velferðarráðherra en önnur sveitarfélög hækkuðu grunnfjárhæðir sínar flest um 5-8%. Á árinu 2010 fengu ríflega 6.900 heimili hér á landi fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögunum og fjölgaði þeim heimilum, sem fengu aðstoð, um 916 (15%) frá árinu 2009. Á þeim heimilum, sem fengu fjárhagsaðstoð í fyrra, bjuggu tæplega 11.500 einstaklingar, eða 3,6% þjóðarinnar, og í þeim hópi eru tæplega 3.600 börn sem

eru 4,5% barna í landinu (0–17 ára). Tölur fyrir árið 2011 liggja almennt ekki fyrir en skv. tölum fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins frá Reykjavíkurborg heldur þeim sem fá fjárhagsaðstoð frá borginni áfram að fjölga, voru um 1.800 á fyrstu þremur mánuðum ársins í fyrra en nú tæplega 2.300 sem er fjölgun um tæplega fjórðung. Mikið atvinnuleysi endurspeglast í tölum um fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna og líkt og sjá má í tölum Hagstofunnar er augljóst samband atvinnuleysis og fjölda þeirra sem fá fjárhagsaðstoð á hverjum tíma. Fyrir þá einstaklinga, sem missa atvinnu og eiga engan eða lítinn rétt til atvinnuleysisbóta, er fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna sú lágmarksframfærsla sem hinu opinbera ber að tryggja. Um 45% þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð á árinu 2010 var fólk án atvinnu, eða um 2.950 manns, og eykst það hlutfall nokkuð frá árinu 2009. Líkt og verið hefur voru flestir viðtakendur fjárhagsaðstoðar í fyrra einstæðir barnlausir karlar en einstæðir foreldrar eru einnig fjölmennir. Heimilum, sem fengu fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögum, fjölgaði um 37% milli árana 2008 og 2010 en á sama tíma hafa útgjöld sveitarfélaganna til málaflokksins aukist um 77% sem jafngildir aukningu um rúm 50% á föstu verðlagi. Meðalmánaðargreiðslur fjárhagsaðstoðar hækkuðu um 15.000 kr., eða 17,2%, á sama tíma en á föstu verðlagi lækkuðu meðalmánaðargreiðslur hins vegar um 1%. Meðaltímalengd fjárhagsaðstoðarinnar lengdist hins vegar nokkuð milli ára, einkum í Reykjavík.

Íslensk neysluviðmið

Talsvert var rétt í samfélaginu um nauðsyn þess að setja fram ákveðin neysluviðmið í tengslum við umræðu um fátækt og vaxandi fjárhagsvanda heimila og setti félags- og tryggingarmálaráðherra á laggirnar vinnuhóp í júní 2010 til að vinna að gerð slíkra viðmiða. Hópurinn skilaði skýrslu sinni í febrúar 2011 þar sem kynnt eru þrenns konar neysluviðmið fyrir íslensk heimili: dæmigert viðmið, skammtímaviðmið og grunnviðmið. Farin er s.k. útgjaldaleið við gerð viðmiðananna sem eru í meginatriðum unnin upp úr gögnum úr útgjaldarannsókn Hagstofunnar sem safnar saman upplýsingum um raunveruleg neysluútgjöld heimilanna. Viðmiðin byggja því ekki á mati á neyslupörf. Útgjöldum heimila er skipt upp í 15 útgjaldaflokka sem byggja á útgjaldarannsókn Hagstofunnar. Mögulegt er að skoða viðmiðin út frá búsetu en meginmunurinn liggur í mismunandi húsnæðiskostnaði eftir svæðum. Í máli velferðarráðherra kom fram að tilgangur neysluviðmiðananna sé fyrst og fremst að vera stuðningur við áætlun um eigin útgjöld, þau nýtist við fjárhagsráðgjöf og lánveitingar en geti jafnframt nýst við ákvarðanir um útgjaldapörf og til að nálgat viðmið um lágmarksframfærslu í landinu. Alþýðusambandinu barst umsagnarbeiðni um skýrslu vinnuhópsins og segir m.a. í umsögninni sem send var velferðarráðherra í mars 2011:

„Þær upplýsingar, sem fram koma í skýrslunni, byggja á vandaðri grein-
ingarvinnu á raunverulegum útgjöldum íslenskra heimila og lýsa með ágætum
hætti hvað í henni felst. Slíkar upplýsingar geta verið gagnlegar, t.d. við fjár-
málaráðgjöf í tengslum við lánveitingar eða þegar meta þarf áhrif ákveðinna
aðgerða á dæmigerð heimili. Viðmiðin lýsa hins vegar ekki neyslu út frá mis-
munandi tekjuhópum og geta því gefið talsvert villandi mynd af raunverulegri
neyslu heimila í lægri tekjuendanum.“

Í skýrslunni eru einnig sett fram grunn- og skammtímaviðmið sem byggja
á að dregið sé úr ákveðnum útgjöldum eða þeim frestað og er þeim ætlað að
gefa vísbendingar um lágmarksneyslu eða þá neyslu sem komast má af með
til skamms tíma. Þar er ekki lagt mat á neyslumynstur þeirra hópa sem búa að
jafnaði við lágar tekjur eða fjárhagsvanda heldur er farin sú leið að meta hvaða
neyslu dæmigerða heimilið getur dregið úr eða sleppt alveg en ákveðnum
liðum eins og matarútgjöldum er haldið óbreyttum frá dæmigerða viðmiðinu.

Mat á framfærsluþörf er að stórum hluta huglægt og persónulegt mat hvers
og eins sem seint verður hægt að finna algilda mælikvarða fyrir. Alþýðusam-
bandið hefur lýst þeirri skoðun að í því samhengi sé rétt að horfa til alþjóð-
legra mælikvarða og meta umfang vandans þannig að horft sé til þess hversu
stór hluti þjóðarinnar hefur ráðstöfunartekjur sem eru lægri en gengur og
gerist í samfélaginu, þ.e. sá hópur sem er undir sk. lágtekjumörkum, sem eru
þau heimili sem hafa lægri ráðstöfunartekjur en sem nema 60% af miðgildi
ráðstöfunartekna. Í þessu felst bæði tilraun til þess að meta umfang fátæktar
í samfélaginu út frá tekjum fremur en að meta þörf fólks fyrir ýmsa neyslu
og einnig til að setja fram skilgreint markmið fyrir bæði stjórnvöld og aðila
vinnumarkaðarins að vinna eftir við ákvörðun lægstu launa og bóta. Nú
þegar skilgreina ýmsir opinberir aðilar neyslu- eða tekjuþörf ákveðinna hópa,
byggða á mismunandi forsendum, en óljóst er hvernig stjórnvöld hyggjast nýta
hin nýju neyslumiðmið í stefnumótun sinni og ákvarðanatöku í framtíðinni.

Ljóst er að neyslumiðmiðin ein og sér leysa ekki grundvallarvandann sem
snýr að því hvernig við tryggjum að allir íbúar þessa lands búi við mannsæm-
andi kjör og hvernig við sem samfélag skilgreinum þau. Það viðfangsefni er
enn óleyst.

Húsnæðismál

Samráðshópur um húsnæðisstefnu

Í nóvember 2010 skipaði félags- og tryggingamálaráðherra samráðshóp um
húsnæðisstefnu. Hópurinn hafði það hlutverk að móta heildstæða húsnæðis-
stefnu sem verði grundvölluð á því markmiði að tryggja landsmönnum fjöl-
breytta og örugga valkosti í húsnæðismálum. Fulltrúi Alþýðusambandsins í
hópnum var Henný Hinz og varamaður Magnús Norðdahl. Meginniðurstöður

samráðshópsins voru þær að grundvallarmarkmið húsnæðisstefnunnar skuli vera að tryggja landsmönnum húsnæðisöryggi auk þess sem húsnæðisstefna á að stuðla að félagslegri samheldni og efnahagslegum stöðugleika. Lögð er áhersla á að nauðsynleg forsenda þess að hægt sé að taka stefnumarkandi ákvarðanir um húsnæðismál sé að fyrir liggja greinargóðar upplýsingar um stöðu og þarfir á húsnæðismarkaði á hverjum tíma en þar hefur skort nokkuð á fram að þessu. Hópurinn lagði sömuleiðis fram tillögur að því hvernig stjórnvöld geta náð markmiðum húsnæðisstefnunnar og telur hópurinn mikilvægt að auka jafnræði milli búsetuforma og fjölga valkostum á húsnæðismarkaði. Ein veigamesta tillagan til að stuðla að því er endurskoðun á húsnæðisstuðningskerfum hins opinbera sem miðar að því að taka upp eitt samræmt kerfi húsnæðisbóta á forræði ríkisins í stað núvarandi húsaleigu- og vaxtabóta. Bæturnar verði samtímagreiðslur sem séu óháðar búsetuformi og taki tillit til fjölda heimilismanna, tekna, húsnæðiskostnaðar og eigna umfram hæfilegt húsnæði. Alþýðusambandið hefur lengi talað fyrir slíku fyrirkomulagi, talið það skilvirkari leið til stuðnings og tryggja betur jafnræði milli þeirra sem eiga og leigja húsnæði en nú er. Samráðshópurinn lagði til að húsnæðisbæturnar verði teknar upp á árinu 2013 þannig að nægur tími gefist til undirbúnings. ASÍ leggur ríka áherslu á að við útfærslu kerfisins verði tryggt að umfang stuðningsins verði með þeim hætti að húsnæðiskostnaður af hæfilegu íbúðarhúsnæði sé öllum heimilum viðráðanlegur. Þar sem stuðningur hins opinbera við þau heimili, sem eru á leigumarkaði, er nú mun minni en til þeirra sem búa í eigin húsnæði lagði ASÍ einnig mikla áherslu á að hækka þurfi tekjuskerðingarmörk húsleigubóta nú þegar til að tryggja að bæturnar nái til fleiri heimila og gagnist einnig lágtekjufólki á vinnumarkaði. Þá lagði samráðshópurinn til að rekstargrundvöllur almennra leigufélaga og húsnæðis-samvinnufélaga, sem bjóða upp á búseturétt, verði treystur, m.a. með endurskoðun á löggjöf um rekstrarumhverfi þeirra og lánsfjármögnun, auk þess sem endurskoða þarf lög um húsnæðissamvinnufélög og húsaleigulög. Einnig er lagt til að hlutverk ríkisins á húsnæðislánamarkaði verði endurskoðað þannig að félagslegum markmiðum verði náð en samhliða stuðlað að efnahagslegum stöðugleika. Til þess að tryggja framboð af fjölbreyttu húsnæði í samræmi við þarfir landsmanna var sömuleiðis lagt til að ríkisstjórnin innleiði húsnæðisstefnu sína með húsnæðisáætlun sem verði hluti af landsskipulagsstefnu og sem sveitarfélögum verði gert að taka mið af við gerð skipulagsáætlana. Tillögur samráðshópsins voru afhentar velferðarráðherra til úrvinnslu og lagði ASÍ ríka áherslu á að stjórnvöld nýttu þá stefnumótun, sem unnin hefði verið í víðtæku samráði, til raunverulegra breytinga og ynnu við nánari útfærslu og framkvæmd tillagnanna í sem bestu samráði og í samvinnu við hagsmuna-

aðila. Sem eftirfylgni við þessa vinnu skipaði velferðarráðherra í september 2011 vinnuhóp um húsnæðisbætur sem ætlað er að leggja fram tillögur sem miða að því að teknar verði upp húsnæðisbætur í stað vaxta- og húsaleigubóta árið 2013; skal hópurinn skila lokaskýrslu til ráðherrans fyrir 1. maí 2012. Fyrir 15. október 2011 skal vinnuhópurinn jafnframt skila tillögum að hækkun tekjuskerðingarmarkna húsaleigubóta sem komi til framkvæmda á árinu 2012. Henný Hinz hefur verið tilnefnd af Alþýðusambandinu til setu í vinnuhópnum.

Í kjaraviðræðum liðins árs voru húsnæðismál meðal þeirra málefna sem ASÍ lagði sérstaka áherslu á gagnvart stjórnvöldum. Var í þeim viðræðum gengið út frá því að unnið yrði út frá þeirri grundvallarstefnu sem mótuð var í samráðshópnum um húsnæðismál þar sem m.a. er lögð áhersla á fjölbreyttari valkosti í húsnæðismálum og endurskoðun á húsnæðisstuðningskerfum hins opinbera sem tryggir jafnræði milli búsetuforma. Alþýðusambandið lagði áherslu á að stuðningskerfin verði endurskoðuð á árunum 2012–2013 með það að markmiði að húsnæðiskostnaður vegna hæfilegs íbúðarhúsnæðis verði ekki umfram 20% af ráðstöfunartekjum heimilis; sömuleiðis að nauðsynlegt væri að nú þegar yrðu húsaleigubætur hækkaðar og skerðingarmörk vegna tekna hækkuð verulega. Þá verði félagslegt hlutverk Íbúðalánasjóðs styrkt og komið á húsnæðissparnaðarkerfi með skattalegum hvötum sambærilegum séreignar-sparnaðarkerfinu sem hvetur til sparnaðar til kaupa á húsnæði og eykur getu til eignarmyndunar í eigin húsnæði.

Opinn fundur velferðarnefndar ASÍ um húsnæðismál

Í tengslum við stefnumótun í húsnæðismálum stóð velferðarnefnd ASÍ í mars 2011 fyrir opnum fundi um húsnæðismál undir yfirskriftinni: Hvernig tryggjum við öllum öruggt og gott húsnæði? Á fundinum fjölluðu fyrirlesarar um málið frá ýmsum hliðum. Sigurrós Kristinsdóttir, formaður velferðarnefndar ASÍ, flutti ávarp þar sem hún ræddi m.a. um þær aðstæður, sem skapast hafa á íslenskum húsnæðismarkaði á undanförunum árum, þar sem markaðsöflin hafa leikið lausum hala og fjölskyldur, sem ekki eiga þess kost að festa kaup á eigin húsnæði, búa nú margar við lítið húsnæðisöryggi og hafa fáa raunhæfa valkosti í húsnæðismálum. Þessu og mörgu öðru þurfi að breyta þannig að tryggt sé að allir hafi tækifæri til að búa fjölskyldum sínum öruggt og gott heimili. Þá ræddi Jón Rúnar Sveinsson félagsfræðingur, sem hefur í meira en þrjá áratugi rannsakað og ritað fjölmargt um húsnæðismál bæði hér á landi og erlendis, um íslenska húsnæðisstefnu í sögulegu samhengi. Gísli Örn Bjarnhéðinsson, framkvæmdastjóri Búseta í Reykjavík, fjallaði um rekstur og starfsemi húsnæðissamvinnufélaga á Íslandi, Sigurður Friðriksson, framkvæmdastjóri Félagsbústaða í Reykjavík, ræddi um félagslega húsnæðiskerfið

og loks fjallaði Þorbjörn Guðmundsson, stjórnarmaður í Landssamtökum lífeyrissjóða, um vinnu, sem samtökin hafa verið í, við að skoða hvort forsendur séu fyrir því að lífeyrissjóðirnir komi að eignarhaldi á fasteignafélagi.

Velferðarnefnd ASÍ

Umræða um húsnæðismál var fyrirferðarmikil í starfi velferðarnefndar ASÍ á árinu vegna vinnu í samráðshópi velferðarráðherra um mótnu nýrrar húsnæðisstefnu. Þá hefur nefndin átt fulltrúa í velferðarvakt ríkisstjórnarinnar sem hefur það hlutverk að fylgjast með félagslegum og fjárhagslegum afleiðingum bankahrunsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga með markvissum hætti og gera tillögur um aðgerðir í þágu heimilanna. Formaður velferðarnefndar, Sigurrós Kristinsdóttir, á sæti í stýrihóp velferðarvaktarinnar og hefur fylgt eftir sjónarmiðum ASÍ á þeim vettvangi og sömuleiðis átti Henny Hinz, starfsmaður nefndarinnar, sæti í undirhóp vaktarinnar, sem fjallaði um fjármál heimilanna, og í vinnuhópum um gerð félagsvísa sem starfaði á vegum efnahags- og viðskiptaráðuneytisins. Meðal annarra málefna, sem fjallað hefur verið um á vettvangi velferðarnefndar, má nefna umræðu um fátækt og framfærsluviðmið í tenglum við hin nýju íslensku neyslaviðmið, skoðun á þróun fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga og hjálparstofnana og breytingar á reglum um kostnaðarþátttöku sjúkratrygginga í lyfjakostnaði.



Lífeyrismál

Eftir tvö erfið ár í starfsemi lífeyrissjóðanna fór staðan heldur batnandi síðastliðið ár. Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum Fjármálaeftirlitsins um stöðu lífeyrissjóðanna á árinu 2010 nam vegið meðaltal raunávöxtunar lífeyrissjóða án ábyrgðar launagreiðenda, sem eru lífeyrissjóðir launafólks á almennum vinnumarkaði, 2,49% og vegið meðaltal tryggingafræðilegrar stöðu þessara sömu sjóða var neikvætt um 6,3% eða um 145 milljarða króna um sl. áramót. Til samanburðar var meðaltalsraunávöxtun þessara sjóða neikvæð um 0,85% á árinu 2009 og tryggingafræðileg staða þeirra neikvæð um 11% í árslok 2009.

Hjá sjóðum með launagreiðendaábyrgð, sem einkum eru sjóðir opinberra starfsmanna, var vegið meðaltal hreinnar raunávöxtunar 2,05% á árinu 2010 en heildartryggingafræðileg staða þeirra var neikvæð um 39% eða 506 milljarða króna. Til samanburðar var meðaltalsraunávöxtun þessara sjóða 2,8% á árinu 2009 og tryggingafræðileg staða þeirra neikvæð um 57% í árslok 2009.

Heildareignir lífeyrissjóðanna hækkuðu úr ríflega 1.770 milljörðum í árslok 2009 í ríflega 1.900 milljarða í árslok 2010 sem er raunhækkun um 1,8% en rétt er þó að hafa þann fyrirvara á að enn ríkir nokkur óvissa um endanlegt mat á eignum sjóðanna í kjölfar bankahrunsins. Heildareignir lífeyrissjóðanna námu í árslok 2010 ríflega 120% af landsframleiðslu þess árs.

Í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 og þeirra miklu áfalla, sem sjóðir landsmanna urðu fyrir á árunum 2008 og 2009, hefur farið fram mikil umræða um starfsemi, stjórnun og fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðanna, bæði innan og utan verkalýðshreyfingarinnar. Efnahagshrunið hefur sömuleiðis leitt til þess að komið hafa fram ríkari kröfur um eftirlit með starfsemi og stjórnendum á fjármálamarkaði sem lífeyrissjóðirnir hafa ekki farið varhluta af og leitt hefur til umtalsverðra breytinga á hlutverki Fjármálaeftirlitsins við eftirlit með stjórnun sjóðanna.

Efnahagshrunið leiddi sömuleiðis til þess að áratugagömul krafa verkalýðshreyfingarinnar um jöfnun lífeyrisréttinda á milli félagsmanna stéttarfélaga á almennum og opinberum vinnumarkaði varð enn háværari og brýnni en áður. Óréttlætið, sem núverandi kerfi felur í sér, endurspegladist vel þegar sjóðir launafólks á almennum vinnumarkaði urðu að skerða réttindi sjóðfélaga sinna á árunum 2009 og 2010 á sama tíma og réttindi opinberra starfsmanna eru tryggð með skattfé og standa óhöggðu – þrátt fyrir að tap í sjóðum opinberra starfsmanna hafi verið engu minna en í sjóðum almenns launafólks. Þessar kröfur lögðu grunninn að sameiginlegum kröfum Alþýðusambandsfélaga í lífeyrismálum í kjarasamningsviðræðum liðins árs.

Mat FME á hæfi stjórnarmanna í lífeyrissjóðum

Ákvæði um að stjórnarmenn lífeyrissjóða skuli búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt var bætt inn í lífeyrissjóðalögin á árinu 2008. Þessu ákvæði fylgdi hins vegar engin nánari túlkun, hvorki frá löggjafanum né Fjármálaeftirlitinu (FME), á því hvað telst vera nægileg þekking og starfsreynsla stjórnarmanns og engar breytingar voru gerðar samhliða á því hæfismati sem FME gerði á stjórnarmönnum lífeyrissjóða. Alþýðusambandið hafði í ágúst 2009 frumkvæði að því að óska eftir að FME skilgreindi hvaða efnislegu kröfur þeir gerðu til stjórnarmanna lífeyrissjóða varðandi þekkingu og reynslu í tengslum við mótun nýrrar námsleiðar fyrir stjórnarmenn lífeyrissjóða. Þeirri námsleið var m.a. ætlað að tryggja að stjórnarmenn uppfylltu þau skilyrði sem sett voru í fyrrgreindri lagabreytingu. Í því sambandi lýsti ASÍ sig einnig reiðubúið til þess að eiga samstarf við FME um mótun slíkra formkrafna og samhliða því námsleiðar til að uppfylla skilyrðin. FME taldi sér hins vegar þá ekki fært að að segja til um hvaða hæfiskröfur gera ætti til stjórnarmanna lífeyrissjóðanna. Síðastliðið vor tilkynnti FME lífeyrissjóðunum að til stæði að hefja mat á hæfi stjórnarmanna með hliðsjón af ofangreindri lagabreytingu sem gerð var á lífeyrissjóðslögunum árið 2008. Alþýðusambandið ítrekaði í tengslum við það athugasemdir sínar við FME um að nauðsynlegt væri að við mótun skilyrða og krafna, sem gera á til stjórnarmanna lífeyrissjóða, væri tryggt að almennu launafólki yrði

áfram gert kleift að gæta hagsmuna sinna sjálft. Nauðsynlegt væri að stjórnir sjóðanna yrðu áfram skipaðar fjölbreyttum hópi fólks úr ólíkum áttum en ekki einsleitum hópi með svipaða menntun og bakgrunn. Skortur á menntun og þekkingu hefði ekki valdið hruni fjármálakerfisins heldur mun frekar skortur á almennu siðferði og fyrirhyggju.

Fjármálaeftirlitið hóf í maí 2011 mat á hæfi stjórnarmanna lífeyrissjóða samkvæmt nýju verklagi sem byggir á ítarlegu viðtali sérstakrar ráðgjafarnefndar FME um hæfi stjórnarmanna. Ráðgjafarnefndin er skipuð þremur sérfróðum aðilum og hefur það hlutverk að stuðla að bættu og hertu eftirliti með því að hæfisskilyrði stjórnarmanna séu uppfyllt og tryggja að stjórnarmenn séu vel meðvitaðir um hvaða þekkingar er krafist og hvaða ábyrgð fylgir störfum þeirra sem stjórnarmanna. Nefndin veitir umsögn um hæfi viðkomandi stjórnarmanns sem höfð er til hliðsjónar við ákvörðun FME um hæfi. Mat nefndarinnar er nokkuð umfangsmikið og tekur til þátta eins og þekkingar á lögum og reglum um viðkomandi starfsemi, reikningsskilum, endurskoðun, hlutverki og ábyrgð auk þess sem sjálfstæði, dómgreind og viðhorf er kannað. Þetta er mun umfangsmeira hæfismat en verið hefur en fram að þessu hefur matið grundvallast eingöngu á almennum spurningarlista sem stjórnarmenn hafa svarað.

Ljóst þótti að nauðsynlegt væri að gefa stjórnarmönnum lífeyrissjóðanna tækifæri til að undirbúa sig undir hið nýja hæfismat með stuttu námskeiði sem tæki á helstu þáttum matsins. ASÍ tók frumkvæði að því að kalla fulltrúa frá Samtökum atvinnulífsins og Landssamtökum lífeyrissjóða til samstarfs og niðurstaða þess samstarfs varð að Félagamálastöðunum alþýðu skipulegð og héldi undirbúningsnámskeið sem boðin yrðu stjórnarmönnum allra lífeyrissjóða. Námskeið voru haldin í maí og september 2011 og til stendur að halda fleiri námskeið í framhaldinu. Aðsókn á námskeiðin var góð og þátttakendur almennt sammála um nauðsyn og gagnsemi þeirra.

Lífeyrismál í kjarasamningum

Mikilvægir áfangar í áralangri baráttu almenns launafólks fyrir jöfnun lífeyrisséttinda náðust í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði í maí 2011.

Samræmt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn

Í samræmi við umfangsmikla stefnumótun í lífeyrismálum, sem fram fór á vettvangi ASÍ í upphafi árs 2010, var meginmarkmiðið í viðræðum um lífeyrismál í kjaraviðræðum liðins árs að jafna lífeyrisréttindi á almenna og opinbera vinnumarkaðinum þannig að tryggt sé að á öllum íslenska vinnumarkaðinum verði samræmt lífeyriskerfi sem jafnframt verði sjálfbært til framtíðar. Opinberir starfsmenn hafa alla tíð búið við mun betri lífeyrisréttindi en gengur

og gerist á almennum vinnumarkaði auk þess sem réttindi þeirra eru baktryggð af ríki og sveitarfélögum og eru því óháð ávöxtun og stöðu sjóðsins á hverjum tíma ólíkt því sem gerist á almennum vinnumarkaði.

Samstaða náðist bæði við atvinnurekendur og stjórnvöld um þetta atriði og var niðurstaðan sú að áfram skyldi unnið að þessu markmiði í starfshópi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins sem starfað hefur síðan í febrúar 2010. Starfshópnum var ætlað að skila niðurstöðu fyrir 1. september 2011 og þær breytingar, sem hann leggur til, skyldu kynntar Alþingi fyrir þinglok. Ljóst er að ekki tekst að ljúka þeirri vinnu fyrir þann tíma og mun hún því halda áfram fram eftir hausti.

Hækkun iðgjalda 2014–2020

Sem lið í samræmingu lífeyrisréttinda gerði ASÍ þá kröfu gagnvart SA að framlag atvinnurekenda til almennu lífeyrissjóðanna fari stigvaxandi upp í 11,5% á næstu árum og verði þar með hið sama og atvinnurekendaframlag hins opinbera til lífeyrissjóða opinberra starfsmanna. Sátt náðist um að hækka þurfi iðgjöld til lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði úr 12% í 15,5% á árunum 2014–2020. Samningsaðilar stefna á að fyrir árslok 2012 liggi fyrir niðurstaða um nýtt samræmt lífeyriskerfi á sjálfbærum grunni og samhliða því með hvaða hætti hækkun iðgjalda verður framkvæmd. Í samningnum er yfirlýsing þess efnis að framkvæmdastjórn SA og samninganefnd ASÍ hafi umboð til að ganga frá útfærslu á hækkun iðgjalda til lífeyrissjóðanna sem getur tekið gildi á árinu 2014 en sú ákvörðun komi til umræðu við endurskoðun kjarasamninga í ársbyrjun 2013.

Sjá nánar yfirlýsingu um lífeyrismál í kjarasamningnum frá 5.maí 2011.

Framlög úr ríkissjóði

Þá gerði ASÍ þá kröfu til stjórnvalda að framlög verði tryggð úr ríkissjóði á næstu árum til að jafna upp á við þann mikla mun sem er á réttindum launafólks á almennum og opinberum vinnumarkaði. Þessi vandi er ekki nýr en hann hefur nú enn aukist í kjölfar áfalla sem lífeyrissjóðirnir urðu fyrir í kjölfar efnahagshrunsins og leiddu til þess að sjóðir á almennum vinnumarkaði urðu að skerða réttindi sjóðfélaga sinna á sama tíma og sjóðir ríkis og sveitarfélaga bæta opinberum starfsmönnum upp tapið. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, sem undirrituð var í tengslum við kjarasamningana, felst viðurkenning á því að nauðsynlegt sé að bregðast við þessum vanda. Liður í því gæti t.a.m. falist í þátttöku ríkisins í inngreiðslum í almennu lífeyrissjóðina til að jafna upp á við lífeyrisréttindi í almenna kerfinu. Stjórnvöld munu skipa starfshóp með fulltrúum ASÍ, SA og fjármálaráðherra sem gera á tillögu um hvernig það verði gert og skal hópurinn skila niðurstöðum sem lagðar skulu fyrir Alþingi.

Sjá nánar yfirlýsingu ríkisstjórnar tengda kjarasamningum frá 5. maí 2011.

Í aðdraganda kjarasamninganna settu ASÍ og SA fram sameiginlegt minnisblað um stöðu lífeyrismála (sjá hér á eftir) þar sem farið var yfir núverandi stöðu kerfisins og helstu framtíðarmarkmið. Sköpuðust í kjölfarið nokkrar deilur milli forsvarsmanna opinberra starfsmanna og forystumanna ASÍ þar sem forysta opinberra starfsmanna hélt því fram að kröfur ASÍ fælu í sér að farið væri fram á skerðingu á áunnum lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna. Þessum fullyrðingum mótmælti Alþýðusambandið harðlega. Bent var á að ASÍ hefði, í þeirri sameiginlegu vinnu sem fram hefði farið í starfshópi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins, fallist á meginsjónarmið opinberra starfsmanna um að staðinn verði vörður um áunnin lífeyrisréttindi og að jöfnun verði gerð upp á við, þ.e. að réttindi á almennum markaði verði hækkuð til jafns við opinbera markaðinn. Auk þess hefði verið samstaða milli aðila um nauðsyn þess að kerfið verði gert að fullu sjálfbært þannig að hver kynslóð standi undir sínum réttindum og þau hvíli ekki á bakábyrgð launagreiðenda. Hins vegar taldi ASÍ nauðsynlegt að fyrir liggji að þessar kröfur opinberra starfsmanna leggja gríðarlegar byrðar á ríki og sveitarfélög á næstu árum og áratugum sem munu hafa veruleg áhrif á fjárhag þeirra og þjónustu við alla landsmenn.

Minnisblað ASÍ og SA um stöðu lífeyrismála frá 25. febrúar 2011

Núverandi staða

Iðgjöld launamanna og launagreiðenda til lífeyrissjóða eru samtals 12% af heildarlaunum á almennum vinnumarkaði, 15,5% hjá ríkinu og 16,0% hjá sveitarfélögunum. Samkvæmt lögum er miðað við að sjóðir á almennum vinnumarkaði tryggi að lágmarki 56% meðalævitekna á mánuði í mánaðarlegan lífeyri en samsvarandi hlutfall er 76% hjá hinu opinbera. Lífeyrisaldur á almennum vinnumarkaði er nú 67 ár en 65 ár hjá opinberum starfsmönnum. Á almennum vinnumarkaði standa iðgjöld og ávöxtun þeirra undir lífeyrisréttindum en ríki og sveitarfélög ábyrgjast tiltekin réttindi í sjóðum opinberra starfsmanna og ber að hækka iðgjald ef þau réttindi nást ekki með iðgjöldum og ávöxtun þeirra. Hjá sveitarfélögunum hækkuðu framlög launagreiðenda úr 11,5% í 12,0% árið 2008. Tryggingafræðileg staða A-deildar LSR var neikvæð um 13,2% í árslok 2009 eða um ríflega 51 milljarð króna og staða A-deildar LSS var neikvæð um 10,2% eða 10,3 milljarða króna.

Þar til viðbótar starfa B-deildir hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og sambærilegar deildir hjá sveitarfélögunum vegna starfsmanna í starfi fyrir árið 1997. Þar hefur safnast upp verulegur halli og voru lífeyrisloforð umfram eignir í B-deild LSR (og LH) í árslok 2009 um 392 milljarðar króna og í

sjóðum sveitarfélaganna um 43 milljarðar. Halli B-deildarinnar hefur vaxið hratt á liðnum árum einkum vegna hinnar sk. eftirmannsreglu og viðmiðunar við dagvinnulaun opinberra starfsmanna í stað vísitölu neysluverðs. Þetta þýðir að þegar laun hækka hjá opinberum starfsmönnum aukast lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga B-deildar og þar með skuldbindingar sjóðsins. Verði ekkert að gert mun þessi skuldbinding halda áfram að vaxa og að lokum lendir reikningurinn á skattgreiðendum í framtíðinni. Almennu lífeyrissjóðirnir verða hins vegar að mæta neikvæðum mismun á eignum og skuldbindingum með skerðingu lífeyrisréttinda sjóðfélaga. Mismunurinn, sem í þessu felst, endurspegladist vel í kjölfar fjármálahrunsins þegar lífeyrissjóðir almenns launafólks þurftu lögum samkvæmt að skerða réttindi lífeyrisþega sinna umtalsvert til að rétta stöðu sjóðanna á sama tíma og réttindi opinberra starfsmanna, sem tryggð eru með skattfé, standa óhöggud.

Meginmarkmið

Meginmarkmiðið er að allur vinnumarkaðurinn búi við samræmt lífeyriskerfi sem jafnframt er sjálfbært og getur uppfyllt þær þarfir fyrir lífeyristryggingar sem samstaða er um að skilgreina. Stöðva verður áframhaldandi skuldaaukningu lífeyrissjóða opinberra starfsmanna þannig að reikningurinn á skattborgara framtíðarinnar hætti að hækka. Tryggt verði að umbæturnar leiði til raunverulegrar jöfnunar lífeyrisréttinda á öllum vinnumarkaðinum.

Helstu leiðir til jöfnunar og sjálfbærni

Jöfnun réttinda og sjálfbærni byggir á tveimur grundvallarbreytingum.

- Að lífeyrisréttindi og lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna færast á sjálfbæran grunn sem verði sambærilegur við almennan vinnumarkað, sem er krafa SA.
- Að lífeyrisréttindi á almennum vinnumarkaði þróist í átt að nýju, sjálfbæru réttindakerfi opinberra starfsmanna, sem er krafa ASÍ.

Áður en fulltrúar atvinnurekenda taka afstöðu til hugmynda verkalýðshreyfingarinnar um „jöfnun lífeyrisréttinda upp á við“ er nauðsynlegt að fá yfirsýn yfir það hvort sjálfbærni í lífeyrismálum opinberra starfsmanna verði að veruleika innan fyrirsjáanlegs tíma. Slík sjálfbærni kallar á eftirfarandi breytingar á lífeyrisréttindum og lífeyrissjóðum þeirra:

- Inngreiðslum í B-deild LSR verði hætt og tryggingafræðilegur halli vegna áfallinna réttinda verði gerður upp. Þannig verði þess freistað að standa vörð um þegar áunninn réttindi en stöðva verður frekari halla með því að afnema bæði eftirmannsregluna og viðmiðun við vísitölu dagvinnulauna opinberra starfsmanna og miða lífeyrisréttindi hér eftir við vísitölu neysluverðs eins og hjá öðrum. Sambærilegar breytingar þurfa að eiga sér stað hjá sveitarfélögunum. Dómar hafa fallið þar sem sambærilegar

breytingar hafa verið staðfestar. Kortleggja þarf greiðsluflæði lífeyrissjóða starfsmanna ríkis og sveitarfélaga næstu áratugi og með hvaða hætti ríkis-sjóður og sveitasjóðir munu standa undir því.

- Réttur opinberra starfsmanna til lífeyris í A-deild miðist líkt og á almenna vinnumarkaðinum við 67 ár í stað 65 til að jafna halla sjóðsins.
- Ríkisábyrgð á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna verði afnumin. Sjóðirnir starfi á sjálfbærum grunni líkt og sjóðir á almennum vinnumarkaði.
- Lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna ávinnist með aldurstengdri ávinnslu réttinda í stað jafnrar ávinnslu óháð aldri.

Umfjöllun SA og ASÍ byggir á þeirri kröfu ASÍ að heildariðgjöld í lífeyris-sjóði hækki úr 12% í 15,5% til þess að tryggja sambærileg lífeyrisréttindi milli starfsmanna á almennum vinnumarkaði og hjá hinu opinbera.

Viðfangsefni eru einkum þessi:

- Á hve löngum tíma á hækkingu iðgjalda til almennu lífeyrissjóðanna að ganga yfir? Nefnt hefur verið 7 ára tímabil sem hefst á árinu 2014.
- Hve stór hluti af iðgjöldum á að koma frá atvinnurekanda og hve stór hluti frá starfsmanni? ASÍ telur skilvirkast að framlag vinnuveitanda hækki en SA bendir á að samfara launahækkunum megi auka framlag starfsmanns enda sé frádráttarbærni iðgjalds frá tekjuskatti aukin til samræmis og að sama breyting gangi yfir opinbera vinnumarkaðinn.
- Hve stór hluti iðgjalds á að renna í sameign eða séreign? Að mati SA væri hægt að ná hækkingu iðgjalds úr 12% í 15,5% að einhverju leyti með því að núverandi séreignarsparnaður verði skyldusparnaður. ASÍ lítur hins vegar svo á að séreignarsparnaður komi til viðbótar við 15,5%.
- Viðbrögð við lengri meðalævi. Samhliða eins mikilli kerfisbreytingu og rætt er um og því langtímasjónarmiði, sem byggt er á, er æskilegt að taka á þeim fyrirsjáanlega auknu skuldbindingum sem myndast við auknar ævilíkur með því að hækka lífeyristökualdur með sjálfvirkum hætti úr 67 árum samhliða auknum ævilíkum.
- Tekjuþörf lífeyrisþega eftir aldri. Auka þyrfti sveigjanleika í lífeyris-greiðslum eftir aldri þar sem tekjuþörf er meiri á fyrstu árum eftir að taka lífeyris hefst en síðar.
- Hlutaskiptakerfi útgerðar og sjómanna. Að mati SA er hlutaskiptakerfið sérstakt viðfangsefni og almenn lausn getur ekki hentað á því sviði án þess að sérlausn sé fundin þar. ASÍ lítur hins vegar svo á að hér sé um almenna breytingu að ræða sem skuli ganga jafnt yfir allan vinnumarkaðinn.

Nefnd ríkis, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins um málefni lífeyrissjóðanna

Í samræmi við ákvæði í stöðugleikasáttmálanum, sem undirritaður var í júní 2009, skipaði fjármálaráðherra í febrúar 2010 sameiginlega nefnd um málefni lífeyrissjóðanna með fulltrúum frá ríki, sveitarfélögum og aðilum vinnumarkaðarins á almennum og opinberum markaði. Í 9. tölul. sáttmálans segir að þessir aðilar muni í sameiningu taka lífeyrismál til umfjöllunar og fara yfir þau frá grunni án skuldbindingar og fjalla um framtíðarsýn í málaflokknum. Fyrir hönd ASÍ sitja í nefndinni Gylfi Arnbjörnsson og Þorbjörn Guðmundsson.

Nefndin hefur fundað reglulega frá því í febrúar 2010, hélt m.a. ráðstefnu í september 2010 undir yfirskriftinni Horft til framtíðar þar sem fulltrúar frá öllum aðilum, sem sæti eiga í nefndinni, tóku þátt í umræðuhópum um ýmis álitamál varðandi lífeyriskerfið. Niðurstaða þeirra samræðna var áhersla á samræmingu lífeyrisréttinda og jöfnun réttinda. Þátttakendur voru flestir á því að tryggja þurfi samræmi í lífeyriskerfinu á öllum vinnumarkaðinum m.a. til þess að fólk geti farið á milli starfa á almenna og opinbera markaðinum án þess að það hafi áhrif á lífeyrisréttindi. Samhljómur var um það meðal flestra, sem að umræðunni komu, að mikilvægt væri að lífeyrisréttindi væru áfram hluti af kjarasamningsbundnum réttindum og að stefna skuli að því að lífeyrissjóðirnir séu sjálfbærir til framtíðar. Fulltrúar opinberra starfsmanna drógu sig út úr starfi nefndarinnar vegna óánægju með minnisblaðs ASÍ og SA um stöðu lífeyrismála og kynnt var fyrir þeim og ríkisstjórn í febrúar (sjá nánar hér að framan). Voru þessi viðbrögð hörmuð af forystu ASÍ þar sem þetta er í fyrsta skipti sem Samtök atvinnulífsins ljá máls á því að jafna lífeyrisréttindin upp á við og að staðið verði að fullu við áunnin lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna. Gagnrýni forystu opinberra starfsmanna gekk hins vegar út á það að vilja skýr fyrirheit um að ekki verði hróflað við framtíðarréttindum allra þeirra sem hafið hafa greiðslu til lífeyrissjóða með bakábyrgð launagreiðenda.

Vonast er til að nefndin hefji aftur störf í haust og ljúki vinnu sinni á næsta ári en í forsendum kjarasamninga ASÍ og SA er gert ráð fyrir að málið verði tekið upp við endurskoðun kjarasamninga í janúar 2013.

Nefndin var hins vegar komin áleiðis í að útfæra tillögur að nýju samræmdu lífeyriskerfi fyrir allan vinnumarkaðinn og fékk í kjölfar kjarasamninga í maí 2011 það hlutverk að skila tillögum til Alþingis nú í haust.

Samráðsfundir lífeyrisnefndar og stjórnarmanna aðildarfélaga ASÍ í stjórnnum lífeyrissjóða

Lífeyrisnefnd ASÍ hefur reglulega boðað fulltrúa aðildarfélaga ASÍ í stjórnnum lífeyrissjóða til samráðsfunda og voru slíkir fundir haldnir í nóvember 2010 og í september 2011. Ásamt almennum umræðum um málefni lífeyrissjóðanna

hélt Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands, erindi á fundinum í nóvember þar sem hann kynnti stefnu og starfsemi sjóðsins og ræddi við fundarmenn. Á septemberfundinum kom nýr framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, Þórey Þórðardóttir, og ræddi við fundarmenn, m.a. um framtíðarsýn á starfsemi samtakanna.



Félags- og vinnumarkaðsmál

Félags- og vinnumarkaðsmálin eru eðli málsins samkvæmt hluti að kjarnastarfsemi Alþýðusambandsins og starfsmanna þess. Með aðild sinni að stjórnnum Vinnuálastofnunar, Atvinnuleysistryggingasjóðs, Ábyrgðasjóðs launa, Vinnueftirlitsins, Jafnréttisráðs og Starfsmenntaráðs, auk fjölmargra nefnda á sviði félags- og vinnumarkaðsmála, taka fulltrúar ASÍ virkan þátt í að móta og framkvæma stefnu stjórnvalda á þessu sviði.

Samdráttur og erfiðleikar á vinnumarkaði í kjölfar hrunsins haustið 2008 settu sem fyrr mark sitt á stöðu mála og úrlausnarefnin. Áhrifin komu fram á flestum sviðum atvinnulífsins og bar þar hæst samdráttur í atvinnu og tekjum.

Gagnvart stofnunum vinnumarkaðarins birtist þessi erfiða staða með gleggstum hætti í aðgerðum til að takast á við afleiðingar atvinnuleysisins.

Starf ASÍ að þessum málaflokki hefur mjög mótast af framangreindum aðstæðum. Þó er starfið að jafnréttismálum ánægjuleg undantekning frá því. Sama gildir um aðgerðir sem beinast að baráttunni gegn svartri atvinnustarfsemi og fyrir bættum starfsháttum í atvinnulífinu.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir nokkrum málaflokkum sem voru til umræðu og unnið var að á vettvangi ASÍ frá hausti 2010 til hausta 2011.

Jafnréttismál

Verkalýðshreyfingin hefur frá upphafi barist fyrir bættum kjörum, jöfnum rétti, sömu launum fyrir sömu eða jafnverðmæt störf og leggur sérstaka áherslu á jafnan rétt óháð kyni, búsetu og þjóðerni.

Fyrsta verkfallið sem vitað er að konur skipulögðu – og jafnvel fyrsta skipulagða verkfall hér á landi – var árið 1912 þegar fiskverkakonur í Hafnarfirði fóru í mánaðarlangt verkfall til að krefjast bættra kjara. Verkfallinu lauk með samningum. Í dag – eigi síður en fyrir hundrað árum – er mikilvægt að halda á lofti kröfunni um jafnrétti á vinnumarkaði og kröfunni um jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Þessi krafa endurspeglar m.a. í bókun um jafnréttisáherslur sem samþykkt var í kjarasamningi ASÍ og SA í maí 2011.

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd

Nefndinni er ætlað að hafa frumkvæði að stefnumótun og aðgerðum á sviði jafnréttis- og fjölskyldumála og að vera vettvangur fyrir upplýsingar til aðildarfélaga ASÍ. Á fundum nefndarinnar hefur verið til umræðu m.a. staða kynjanna á vinnumarkaði í kjölfar efnahagshrunsins og mikilvægi aðgerða aðila vinnumarkaðarins í samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Nefndin skipaði vinnuhópa sem unnið hafa að endurskoðun jafnréttisbókunar ASÍ og SA frá 2008 og stefnu ASÍ í jafnréttismálum kvenna og karla frá 2005. Nefndarmenn hafa nýtt sér tölvusamskipti í auknum mæli og eru þeir mikilvægt bakland fyrir jafnréttisfulltrúa ASÍ varðandi vinnu í nefndum, ráðum og vinnuhópum.

Vinnuhópar jafnréttis- og fjölskyldunefndar

Endurskoðun jafnréttisbókunar frá 2008

- Skipaður var vinnuhópur í september 2010 með það að markmiði að leggja fram tillögur um jafnréttisáherslur vegna kjaraviðræðna aðila vinnumarkaðarins. Vinnuhópurinn skilaði tillögum sínum ásamt greinagerð til samninganefndar ASÍ 12. nóvember. Tillögurnar tóku mið af bókun um jafnréttisáherslur frá árinu 2008, áhersla var á að ljúka verkefnum og halda áfram að þróa samstarf aðila vinnumarkaðarins í málaflokknum. Einnig var lagt til að leggja áherslu á fjölskylduvæna vinnumenningu með markvissum aðgerðum, s.s. mótun fjölskyldustefnu í fyrirtækjum og efla sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma. Ný bókun um jafnréttisáherslur er í kjarasamningi ASÍ og SA frá 5. maí 2011.

Endurskoðun jafnréttisstefnu ASÍ

- Vinnuhópur jafnréttis- og fjölskyldunefndar, sem skipaður var á sl. ári og hefur unnið að endurskoðun stefnu ASÍ í jafnréttismálum kvenna og karla,


er ennþá að störfum. Ný lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla voru samþykkt á Alþingi árið 2008 (10/2008). Jafnréttisstefna ASÍ er lifandi plagg sem tekur breytingum eftir breyttum áherslum í jafnréttislögum og aðstæðum og tíðaranda samfélagsins á hverjum tíma. Markmið vinnuhópsins er að ný og/eða endurskoðuð jafnréttisstefna verði lögð fram til samþykktar á þingi ASÍ árið 2012.

Kynjabókhald ASÍ

Kynjabókhald ASÍ var lagt fram á ársfundi sambandsins í október 2010. Þetta var í fimmta sinn sem lögð er fram sérstök skýrsla þar sem fram koma tölu- legar upplýsingar um hlutfall kvenna og karla í nefndum, stjórnnum og ráðum meðal aðildarfélaga sambandsins. Einnig er tekin saman kynjaskipting í stjórnnum lífeyrissjóða sem stéttarfélög innan ASÍ eiga aðild að.

Þegar rýnt er í tölurnar á þessu fimm ára tímabili, sem kynjabókhaldið hefur verið tekið saman, kemur í ljós að breytingar láta á sér standa. Ef skoðað er t.d. kynjahlutfall miðstjórnar ASÍ á tímabilinu 2006 til 2010, þá er hlutfall kvenna í miðstjórn árið 2006 33%, hlutfallið fór upp í 40% á árunum 2008 og 2009 en aftur niður í 33% árið 2010.

Þróun þátttöku kvenna í stjórnnum félaga og deilda aðildarfélaga ASÍ er



einnig umhugsunarverð. Árið 2007 var hlutfall kvenna í stjórnnum félaga og deilda 35%, hlutfallið var 32% á árunum 2008 og 2009 og var komið niður í 31% árið 2010.

Myndin sýnir hlutfall kvenna af félagmönnum, í stjórnnum aðildarféлага og deilda, í stjórnnum landssambanda, í miðstjórn og meðal ársfundarfulltrúa árið 2010.

Verkalýðshreyfingin hefur frá upphafi barist fyrir bættum lífskjörum allra landsmanna og jöfnum rétti án tillits m.a. til kynferðis. Niðurstöður kynjabók-haldsins sýna okkur svo um munar að verkalýðshreyfingin þarf að setja sér skýr jafnréttismarkmið því jafnrétti og hagsæld fara hönd í hönd. Hægt er að nálgast kynjabókhaldið 2010 á heimasíðu ASÍ.

8. mars 2011 – alþjóðlegur baráttudagur kvenna

Í fyrra var haldið upp á 100 ára afmæli alþjóðlegs baráttudags kvenna víða um heim og einnig hér á landi. Alþýðusambandið hafði frumkvæði, líkt og fyrrí ár, að því að kalla til samstarfs helstu samtök launafólks og stofnanir sem láta sig jafnrétti kvenna og karla varða. Boðað var til hádegisverðarfundar undir yfirskriftinni „*Staða konunnar er laus til umsóknar – Jafnrétti úr viðjum vanans!*“ sem endurspeglar ópolinmæði kvenna og karla eftir breytingum. Umræðan í kjölfar efnahagshrunsins um aðkomu allra, kvenna og karla, að uppbyggingu samfélagsins og breytingum í kjölfarið hafa látið á sér standa samkvæmt þeim sem hafa jafnrétti kynja að leiðarljósi. Samtök launafólks eiga að taka þátt í umræðu um hvað eina sem er í deiglunni hverju sinni í samfélaginu og voru flutt þrjú áhugaverð erindi sem byggðu öll á yfirskrift fundarins.

Fræðsla

Mikilvægt er að efla fræðslu um jafnrétti sem er hornsteinn mannréttinda. Því er fræðsla og upplýsingar í málaflokknum fyrir kjörna fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar og annarra félagsmanna forsenda þess að samþætting jafnréttissjónarmiða öðlist það vægi sem nauðsynlegt er í allri ákvarðanatöku og starfsemi aðildarféлага ASÍ. Einnig er nauðsynlegt að kynna aðildarfélögum nýjustu strauma og stefnur í málaflokknum. Á síðasta starfsári var boðið upp á námskeið í almennu fræðsluframboði MFA um jafnrétti á vinnumarkaði, kynja-samþættingu og kynjaða hagstjórn auk fræðslu um samskipti á fjölmenningslegum vinnustað. Auk þess hélt jafnréttisfulltrúi erindi fyrir einstök aðildarfélög ASÍ þar sem sjónum var beint að stöðu kvenna á vinnumarkaði í dag.

Fæðingar- og foreldraorlof

Fæðingar- og foreldraorlofslögin og framkvæmd þeirra er viðvarandi viðfangsefni á skrifstofu ASÍ.

Töluvert er um að leitað sé til Alþýðusambandsins með fyrirspurnir og ábendingar um efni laganna og framkvæmd þeirra. Vandamálin, sem upp koma um þessar mundir, tengjast mjög breyttu atvinnuástandi og samdrætti og áhrifum þessara þátta á töku og réttindi fólks til fæðingarorlofs.

Eins og kom fram í síðustu skýrslu forseta hafa réttindi foreldra í fæðingarorlofi verið skert ítrekað síðustu ár þannig að réttindakerfið nú er aðeins svipur hjá sjón miðað við það sem upphaflega var lagt upp með. Er nú svo komið að upplýsingar benda til þess að foreldrar – og feður sérstaklega – eru hættilir að taka orlofið í sama mæli og áður. Þetta þýðir að þótt tekist hafi að verjast frekari atilögum að réttindum foreldra í fæðingarorlofi á yfirstandandi tímabili nægir það ekki. Því er mikilvægt að fara að byggja upp réttindi að nýju þannig að fæðingarorlofskerfið þjóni þeim tilgangi sem að var stefnt gagnvart börnunum og foreldrum þeirra. Eini jákvæði þátturinn í þessum efnunum er að lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp sem m.a. hefur að markmiði að innleiða breytingar á tilskipun Evrópusambandsins um foreldraorlof sem fela í sér að það lengist úr 13 vikum í 4 mánuði fyrir hvort foreldri vegna hvers barns. Reiknað er með að frumvarpið verði afgreitt á haustþingi 2011.

Vinnuvernd

Skipulag vinnunnar og vinnuvernd hafa mikilvægu hlutverki að gegna fyrir launafólk, velferð þess á vinnustað og öryggi og heilbrigði almennt. Þá hafa áherslur á þessu sviði tekið miklum breytingum með aukinni þekkingu og breyttum aðstæðum á vinnumarkaði. Mikill árangur hefur náðst gagnvart mörgum þeirra úrlausnarefna sem varða öryggi við vinnu og aðbúnað á vinnustöðum. Samhliða þessu hefur athyglin á undanförunum árum í vaxandi mæli beinst að öðrum þáttum vinnuverndar eins og ýmsum sálrænum og félagslegum þáttum tengdum vinnunni, skipulagi hennar og samskiptum fólks á vinnustað. Þá hefur áherslan í stöðugt meiri mæli beinst að því að efla innra vinnuverndarstarf í fyrirtækjum með því að styrkja innviði þessa starfs á vinnustöðunum og með betri upplýsingum og meiri fræðslu.

Lykillinn að starfi verkalýðshreyfingarinnar í vinnuverndarmálum er aðkoma hennar að stjórn Vinnueftirlits ríkisins og samstarf við Vinnueftirlitið á fjölmörgum sviðum, bæði varðandi vinnuverndarstarfið í heild, fræðslu til trúnaðarmanna og launafólks almennt, og samstarf um vinnuverndarmál á Evrópuvísu. Vinnueftirlitið starfar eftir stefnu sem stjórn þess setti stofnuninni fyrir tímabilið 2009–2013. Þar voru í fyrsta sinn sett fram af hálfu stofnunarinnar mælanleg markmið fyrir vinnuverndarstarfið í landinu.

Síðustu ár hefur ítrekað komið upp umræða um nauðsyn á endurskoðun vinnuverndarlaganna. Bent hefur verið á að ýmsir þættir, m.a. varðandi ábyrgð fyrirtækja og stjórnenda, séu ekki nægilega skýrir og að lögin endurspegli

ekki þær miklu breytingar sem orðið hafa á síðustu árum varðandi hugmyndir um vinnuvernd og framkvæmd hennar. Hins vegar hefur ítrekað komið upp umræða um stjórnskipulag vinnuverndarmála, mögulega sameiningu stofnana á sviði vinnumarkaðsmála og verkaskiptingu stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Ljóst er að þessi mál munu áfram verða í umræðunni og heildarendurskoðun vinnuverndarlaganna koma á dagskrá innan tíðar.

Hér á eftir er gerð grein fyrir nokkrum verkefnum sem voru á dagskrá vinnuverndarstarfsins á tímabilinu.

Tilkynning og skráning atvinnusjúkdóma

Í framhaldi af bókun um atvinnusjúkdóma, sem gerð var í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði 17. febrúar 2008, var félags- og tryggingamálaráðuneytinu sent erindi vorið 2008. Í erindinu var óskað eftir því við ráðuneytið að þegar yrði hafin vinna með það að markmiði að setja reglur sem stuðluðu að bættri skráningu atvinnusjúkdóma. Ráðuneytið óskaði í framhaldinu eftir því við Vinnueftirlitið að stofnunin – í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins – gerði tillögur til félags- og tryggingamálaráðuneytisins um tilkynningu og skráningu atvinnusjúkdóma.

Starfshópur, sem stjórn Vinnueftirlitsins skipaði um málið, víðaði að sér upplýsingum um fyrirkomulag þessara mála annars staðar á Norðurlöndum og fjallaði um með hvaða hætti þessum málum yrði best fyrir komið hér á landi. Niðurstaðan var að byggja á þeirri leið sem Danir hafa farið varðandi tilkynningu og skráningu atvinnusjúkdóma.

Starfshópurinn skilaði af sér tillögu að reglugerð um tilkynningu og skráningu atvinnusjúkdóma í lok nóvember 2009 ásamt skýrslu um grundvöll og efni tillögunnar. Jafnframt var lagt til að atvinnusjúkdómalisti ESB yrði lagður til grundvallar við framkvæmd reglugerðarinnar. Á fundi stjórnar Vinnueftirlitsins 14. desember 2009 var fjallað um tillöguna og samþykkt að senda hana félags- og tryggingamálaráðuneytinu með ósk um að reglugerð yrði sett á grundvelli hennar.

Það var síðan ekki fyrr en í maí 2011 sem reglugerð nr. 540/2011 um tilkynningu og skráningu atvinnusjúkdóma var loksins gefin út. Í 1. gr. segir um gildissvið og markmið hennar:

„Reglugerð þessi gildir um skyldu atvinnurekenda til að skrá atvinnusjúkdóma og atvinnutengda sjúkdóma sem og skyldu lækna til að tilkynna um slíka sjúkdóma til Vinnueftirlits ríkisins. Þær skráningar sem og tilkynningar eru óháðar því hvort atvinnusjúkdómar eða atvinnutengdir sjúkdómar teljast leiða til bótaskyldu atvinnurekanda eða annarra aðila samkvæmt almennum reglum þar um.

Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja að atvinnurekendur haldi

skrá um atvinnusjúkdóma og atvinnutengda sjúkdóma og að læknar tilkynni um atvinnusjúkdóma og atvinnutengda sjúkdóma til Vinnueftirlits ríkisins sem skráir þá í heilsuverndar- og forvarnarskyni.“

Af hálfu verkalyðshreyfingarinnar er tilgangurinn með reglugerðinni tvíþættur: Annars vegar að efla forvarnir og koma eins og kostur er í veg fyrir atvinnusjúkdóma og alvarlegar afleiðingar þeirra; hins vegar að fá viðurkenningu á atvinnusjúkdómum og treysta bótarétt þeirra sem fyrir þeim verða. Að mati ASÍ hefur mikilvægum áfanga verið náð með útgáfu reglugerðarinnar sem mikilvægt er að Vinnueftirlitið fylgi eftir af festu til að tryggja að upplýsingum sé safnað um atvinnusjúkdóma og atvinnutengda sjúkdóma og úr þeim unnið í forvarnarskyni. Þá þarf að fylgja reglugerðinni eftir með því að bótaskylda vegna atvinnusjúkdóma verði treyst, m.a. með breytingum á viðeigandi lögum og reglugerð.

Endurskoðun á reglugerð um einelti

Í lok árs 2009 óskaði stjórn Vinnueftirlitsins að frumkvæði fulltrúa ASÍ eftir því við félags- og tryggingamálaráðuneytið að reglugerð um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum nr. 1000/2004 yrði endurskoðuð hið fyrsta. Við endurskoðun reglugerðarinnar yrði m.a. hafður til hliðsjónar samningur aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu um einelti og ofbeldi á vinnustað frá 2006. Um þetta sagði í erindi, sem ASÍ lagði fram í stjórn Vinnueftirlitsins, að ASÍ og SA hafi skuldbundið sig til að innleiða efni sammingsins. “Af hálfu ASÍ og SA hefur verið fjallað um með hvaða hætti væri best að innleiða samninginn hér á landi. Það er sameiginleg niðurstaða þessara samtaka að þar sem þegar er til staðar reglugerð um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum sé eðlilegast að láta reyna á hvort ekki náist samkomulag um að endurskoða þá reglugerð með það að markmiði að fella inn í hana efni framangreinds rammammmings um einelti og ofbeldi á vinnustað. Jafnframt mætti í leiðinni meta hvort tilefni er til að gera frekari breytingar á reglugerðinni.”

Ekki hefur farið fram ítarleg eða nákvæm greining á hvaða breytingum reglugerðin þarf að taka til að Evrópusamningurinn sé innleiddur með fullnægjandi hætti. Þó má benda á að Evrópusamningurinn tekur ekki eingöngu til eineltis heldur einnig ofbeldis. Þá er í Evrópusamningnum tilvísun í viðbrögð og varnir vegna utanaðkomandi ofbeldis (t.d. viðskiptavina eða þjónustuþega). Loks má benda á að bæði samningurinn og ábendingar, sem borist hafa til Vinnueftirlitsins, kalla á breytingar á hugtökum og skilgreiningum.

Af hálfu ASÍ var lögð áhersla á að þessu starfi lyki þannig að breytingar tækju gildi í síðasta lagi fyrir lok apríl 2010. Engin viðbrögð bárust frá ráðuneytinu (nú velferðarráðuneytinu), þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir og óskir ASÍ um aðgerðir af þess hálfu, fyrr en vorið 2011 þegar erindi barst um tilnefningu

í starfshóp til að endurskoða reglugerðina. Starfshópurinn hafði hins vegar ekki ennþá verið kallaður saman þegar þetta er skrifað um miðjan september.

Reglur um viðurkennda þjónustuaðila

Í 66. gr. vinnuverndarlaganna segir m.a. í a-lið:

„Þegar gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað, þar á meðal mat á áhættu og áætlun um heilsuvernd, krefst færni sem atvinnurekandi eða starfsmenn hans hafa ekki yfir að ráða skal atvinnurekandi leita aðstoðar til þess hæfra þjónustuaðila sem hafa hlotið viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins til þeirra starfa ...

Þjónustuaðili skal hljóta viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins áður en hann hefur starfsemi. Vinnueftirlit ríkisins skal viðurkenna þjónustuaðila sem uppfylla skilyrði ákvæðis þessa og reglugerðar sem sett er skv. 6. mgr. Fullnægi þjónustuaðili ekki settum skilyrðum síðar er Vinnueftirliti ríkisins heimilt að afturkalla viðurkenninguna í heild eða að hluta þannig að hún takmarkist við ákveðna tegund starfsemi.“

Þá segir síðar í 6. mgr.:

„Ráðherra skal setja reglugerð, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um nánari skilyrði sem þjónustuaðilar skulu fullnægja áður en þeir hefja starfsemi sína og um þá hæfni sem starfsmenn atvinnurekanda, er sinna öryggi og heilbrigði á vinnustað, skulu fullnægja.“

Reglugerð, sem vísað er til hér að framan, hefur ekki enn verið sett og verulega skortir á festu og skýrleika varðandi framkvæmd viðurkenningar til þjónustuaðila á sviði öryggis og heilbrigðis á vinnustöðum. Alþýðusambandið hefur ítrekað tekið málið upp á vettvangi stjórnar Vinnueftirlitsins og við ráðuneytið með kröfum um að úr verði bætt. Þessar kröfur voru áréttaðar á síðasta ári og standa vonir til að reglugerð um þetta efni verði sett á næstu mánuðum.

Evrópsk vinnuverndarvika

Vinnuverndarvika Evrópsku vinnuverndarstofnunarinnar árið 2010 var haldin 25.–29. október. Yfirskrift vinnuverndarvikunnar var „Öruggr viðhaldsvinna“. Vinnuverndarvikan 2011 verður einnig helguð öruggri viðhaldsvinnu. Í tilefni af vinnuverndarvikunni 2010 var gert sérstakt átak til að vekja athygli á hættum við viðhaldsvinnu og hvernig megi fyrirbyggja þær. Þessu átaki verður frekar fylgt eftir í ár.

Aðild að Evrópsku vinnuverndarstofnuninni

Vorið 2009 var samþykkt að Ísland fengi áheyrnaraðild að stjórn Evrópsku vinnuverndarstofnunarinnar sem staðsett er í Bilbao. Þarna er um mikilvæg

tímamót að ræða þar sem fyrir liggur að helsta þróun á sviði vinnuverndar á sér stað á vettvangi Evrópusambandsins og að með aðild að Bilbao-stofnuninni getur Ísland orðið virkari þátttakandi í vinnuverndarstarfi á Evrópuvísu en áður. Þátttaka Íslands í stjórninni er með þeim hætti að einn fulltrúi er tilnefndur af stjórnvöldum, einn af samtökum launafólks og einn af samtökum atvinnurekenda. Fulltrúi af hálfu samtaka launafólks er Björn Ágúst Sigurjónsson en hann er jafnframt fulltrúi í Ráðgjafarnefnd ESB um vinnuverndarmál.

Framkvæmd atvinnuleysistrygginga, vinnumiðlunar og vinnumarkaðsaðgerða

Mikið atvinnuleysi frá hruninu í október 2008 og vaxandi fjöldi langtímaatvinnulausra kalla á miklar og róttækar aðgerðir af hálfu verkalýðshreyfingarinnar, samtaka atvinnurekenda, stjórnvalda og samfélagsins í heild. Þótt ýmislegt hefi verið gert í þeim efnum af hálfu Vinnumálastofnunar, s.s. með átakinu „Ungt fólk til athafna“ og „BOR“ sem greint var frá í síðustu skýrslu forseta, og af hálfu fullorðinsfræðslustofnana sem sveigt hafa starfsemi sína að því að þjóna atvinnuleitendum í miklum mæli með ráðgjöf, námskeiðahaldi og tilboði um raunfærnimat, liggur fyrir að það starf hefur engan veginn dugað. Því er stöðugt leitað nýrra úrræða og aðgerða til að bæti þjónustu við atvinnulausa, efla vinnumarkaðsúrræði og vinnumiðlun. Þar hefur Alþýðusambandið tekið ákveðið frumkvæði í góðu samstarfi við Samtök atvinnulífsins og oft einnig stjórnvöld.

Í nám – Til vinnu

Að tillögu forsætisráðherra ákvað ríkisstjórnin í febrúar að setja á fót samráðshóp um aðgerðir í atvinnu- og vinnumarkaðsmálum. Samstarfsvettvangurinn byggði á stefnumörkunarskjalinu „Ísland 2020 – sókn fyrir atvinnulíf og samfélag“ og starfar í umboði ráðherranefndar í atvinnumálum.

Samstarfsvettvangurinn skiptist í tvo vinnuhópa, annars vegar atvinnuhóp um mótun atvinnuáætlunar og sköpun starfa og hins vegar vinnumarkaðshópur um mótun aðgerðaáætlunar á sviði vinnumarkaðsúrræða, starfs- og endurmenntunar og endurhæfingar.

Gert var ráð fyrir að hóparnir skiluðu sérstakri ráðherranefnd um atvinnu- mál tillögum um aðgerðir og úrbætur á þeim sviðum sem þeim var gert að fjalla um. Hóparnir áttu að útfæra lausnir og úrræði sem væru til þess fallin að skapa fjölbreytt og varanleg störf og leita úrræða á sviði starfs- og endurmenntunar og leiða til að virkja atvinnuleitendur. Hópunum var og er ætlað að leggja fyrir ráðherranefndina annars vegar tillögur um úrræði til skemmri tíma og hins vegar tillögur um stefnumótun til lengri tíma á framangreindum sviðum.

Samráðshópur um vinnumarkaðsmál skilaði af sér tillögum 31. mars 2011. Tillögurnar voru í aðalatriðum tvíþættar og var ætlað að skapa um 1.500 atvinnuleitendum tækifæri til starfstengdra úrræða og um 1.000 tækifæri til náms. Þar var einnig að finna ýmsar fleiri hugmyndir. Fulltrúar ASÍ tóku virkan þátt í starfi hópsins og tillögugerð. Tillögur hópsins í heild má sjá á vefslóðinni http://www.velferdarraduneyti.is/media/frettir2011/19042011_Tillogur_samradshops.pdf.

Í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði 5. maí sl. gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu þar sem m.a. var að finna skuldbindingu varðandi menntamál og vinnumarkaðsúræði. Yfirlýsingin var afrakstur samræðu og samkomulags stjórnvalda og ASÍ og SA um inntak, fjármögnun og framkvæmd. Þar var stuðst við tillögur samráðshóps um vinnumarkaðsmál sem báru fyrirskriftina „Í NÁM-TIL VINNU“.

Eins og fram kemur í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar eru verkefnin í grunninn tvíþætt. Annars vegar er um að ræða sérstakt átak í menntunarmálum gagnvart ungu fólki og atvinnuleitendum; Hins vegar átak sem lýtur að því að efla vinnumarkaðsaðgerðir og vinnumarkaðstengd úrræði fyrir atvinnuleitendur.

Til að undirbúa verkefnin og fylgja þeim eftir var ákveðið að setja á fót sérstakan aðgerðahóp sem ASÍ á aðild að.

„Nám er vinnandi vegur“

Áður en kjarasamningarnir í maí voru undirritaðir var hafin vinna við þann þátt verkefnisins sem laut að bráðaáðgerðum í menntamálum:

- Annars vegar að tryggja öllum yngri en 25 ára, sem eftir leita og uppfylla inntökuskilyrði, nám við hæfi í framhaldsskólum strax haustið 2011. Sama gilti um þá sem lokið hefðu raunfærnimati vorið 2011.
- Hins vegar að skapa ný námstækifæri fyrir allt að 1.000 atvinnuleitendur haustið 2011 og næstu 2 ár þar á eftir í framhaldsskólum, frumgreina-deildum, háskólum og í framhaldsfræðslu.

Ákveðið var í vinnunni í upphafi að megináherslan skyldi lögð á að undirbúa og gera framhaldsskólunum og skólakerfinu í heild kleift að taka við öllum þeim sem þangað vildu leita og ættu erindi, enda ljóst að til að ná markmiðunum um innritun og nám strax haustið 2011 þyrfti að halda vel á spöðunum. Framhaldsfræðslukerfið er hins vegar sveigjanlegra og því lá ekki jafn mikið á innritun í það.

Þá var samþykkt að Atvinnuleysistryggingasjóður skyldi greiða kostnaðinn af námsplássum atvinnuleitenda til ársloka 2011 en þá tekur ríkissjóður við með hefðbundnum hætti. Einnig var samþykkt að þeir atvinnuleitendur, sem



gera námssamning, fái greiddar atvinnuleysisbætur á haustönn 2011 enda uppfylli þeir skilyrði varðandi virkni í námi og ástundun. Og loks var ákveðið að þeir atvinnuleitendur, sem fara í annað en lánshæft nám, fái tryggða framfærslu meðan átakið stendur yfir – eða í allt að þrjú ár – en aðrir fái framfærslu í gegnum Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Segja má að fyrsti áfangi verkefnisins „Nám er vinnandi vegur“ hafi gengið eftir eins og að var stefnt. Það tókst að tryggja nánast öllum þeim sem sóttu um nám í framhaldsskóla og uppfylltu skilyrði námspláss og liggur fyrir að þeir sem átakið nær til sóttu mun frekar í verk- og starfsnám. Samkvæmt gögnum eru 1.141 nemandi í framhaldsskóla komnir inn á grundvelli verkefnisins sérstaklega og alls eru 1.534 fleiri nemendur innritaðir í framhaldsskóla en sl. haust. Þá eru 960 atvinnuleitendur að fara í nám á grundvelli námssamninga við Vinnumálastofnun auk þess sem 82 atvinnuleitendur, sem ekki áttu rétt á námsamningum hjá VMST, eru að hefja nám í haust.

Fyrir liggur að verkefnið haustið 2011 og áfram er að fylgja eftir að þeir nemendur, sem skráðu sig í nám á haustönn, skili sér í námið og að þeir fái þá þjónustu, aðstoð og eftirfylgni sem þarf til að þeim nýtist tækifærið og þeir nái þeim árangri sem að er stefnt. Skólunum hefur verið tryggt ákveðið fjármagn í þessum eignum sem mikilvægt er að nýtist vel.

Vinumarkaðsúræði – Til vinnu

„Aðgengi atvinnuleitenda og fyrirtækja að starfstengdum úrræðum verði bætt og umsýsluferfi einfaldað. Þá verði starfstengdum úrræðum fyrir atvinnuleitendur fjölgað um allt að 1.500 árið 2011 þannig að heildarfjöldi þeirra einstaklinga sem njóta slíkra úrræða tvöfaldist.“

(Úr yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar)

Eins og áður sagði var ákveðið að beina kröftum í upphafi að því að hrinda af stað verkefninu „Nám er vinnandi vegur“. Í september er stærsta átakið í þeim eignum yfirstaðið, innritun í skólana lokið og námið hafið. Þá er komið að næsta skrefi sem er að tryggja þeim sem ekki sóttu inn í skólana (námið) úrræði við hæfi. Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er stefnt að því að tryggja 1.500 starfstengd úrræði á haustmánuðum til viðbótar við það sem verið hefur.

Ljóst er að til að ná framangreindum markmiðum þarf mikið og markvisst starf þar sem allir þeir sem málið varðar koma að undirbúningi og framkvæmd. Þetta á við um stjórn-sýsluna, framhaldsfræðsluna (starfsendurhæfingaraðila), aðila vinnumarkaðarins og fyrirtækin. Markmiðið er að bjóða upp á fjölbreytt starfstengd úrræði, starfsþjálfun og starfsfræðslu og annan stuðning sem þarf.

Það liggur líka fyrir að greina þarf og aðstoða þá hópa atvinnuleitenda

sem standa höllum fæti og þurfa aðstoð og uppbyggingu til að geta komist út á vinnumarkaðinn aftur. Þetta á m.a. við um:

– Ungmenni/ungt fólk sem flosnað hefur upp úr skóla og af vinnumarkaði og ekki hafði áhuga eða forsendur til að nýta sér átakið „Nám er vinnandi vegur“.

– Útlenska atvinnuleitendur sem þurfa aðstoð varðandi íslenskunám og samfélagsfræðslu til að verða gjaldgengir á vinnumarkaði og í samfélaginu.

Í þessu samhengi þarf að skoða úrræði og leiðir í samhengi við aðstæður og möguleika á hverjum stað.

Alþýðusambandið hefur lagt ríka áherslu á að framangreind vinna hefjist sem fyrst og að settur verði mikill þungi í það starf.

Fjölmörg atriði önnur tengjast áttakinu en þær bráðaáðgerðir sem getið hefur verið um hér að framan. Þar má m.a. nefna vottun á námi, að auka sveigjanleika og byggja brýr á milli framhaldsfræðslunnar og formlega skólakerfisins, endurskoðun laga um LÍN (námslán og námsstyrkir), efla starfstengt nám á framhaldsskóla- og háskólastigi, auka samstarf fyrirtækja og fræðsluáðila um starfstengt nám og tryggja að nemendur geti lokið verklegum hluta náms.

Fyrir liggur að Alþýðusambandið og aðilar vinnumarkaðarins almennt munu gegna mikilvægu hlutverki við að fylgja áttakinu eftir næstu þrjú ár.

Virkari aðkoma aðila vinnumarkaðarins að málefnum atvinnuleitenda

Þegar leið á árið 2009 varð Vinnumálastofnun fyrir vaxandi gagnrýni fyrir að sinna mjög takmarkað þeim mikilvæga þætti sem lýtur að almennti ráðgjöf til atvinnuleitenda, virkum vinnumarkaðsaðgerðum og vinnumiðlun. Jafnframt var bent á nálægð stéttarfélaganna við atvinnuleitendur og að samstarf við samtök atvinnurekenda ættu að geta skilað betri þjónustu og virkari vinnumiðlun. Takmörkuð viðbrögð við gagnrýni og tillögum Alþýðusambandsins voru ásamt öðru kveikjan að sameiginlegum tillögum ASÍ og SA um að aðilar vinnumarkaðarins kæmu með mun virkari og formlegri hætti að framkvæmd laga um atvinnuleysistryggingar, vinnumiðlun og virkum vinnumarkaðsaðgerðum. Í endurskoðun stöðugleikasáttmálans haustið 2009 lýsti ríkisstjórnin, að kröfu ASÍ og SA, sig reiðubúna til að hefja viðræður um breytt fyrirkomulag á þjónustu við atvinnulausa þar sem aðilar vinnumarkaðarins axli verulega ábyrgð á framkvæmd kerfisins.

Málið var áfram til umræðu á vettvangi ASÍ og í samskiptum ASÍ og SA og á fundi miðstjórnar ASÍ 10. febrúar 2010 fékk forysta sambandsins umboð til að vinna málið áfram á grundvelli minnisblaðs sem kynnt var á fundinum. Þar kemur m.a. fram að hugmyndin er að um einn Atvinnuleysistryggingasjóð verði að ræða, fjármagnaðan af atvinnulífínu, utan ríkisreiknings en með ríkisábyrgð.

Sjóðurinn verði undir stjórn aðila vinnumarkaðarins ásamt fulltrúa stjórnvalda. Með lögum verði skilgreind ákveðin grunnréttindi en að jafnframt verði heimilt að semja um frekari réttindi án skerðingar grunnréttinda. Yfirstjórn með framkvæmd vinnumarkaðsaðgerða verði hjá Atvinnuleysisstryggingasjóði sem einnig fjármagni þær. Gengið er út frá að stéttarfélögum verði, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, heimilað að taka á sig ábyrgð á framkvæmd kerfisins gagnvart sínum félagsmönnum hvað varðar móttöku og skráningu atvinnulausra, vinnumiðlun og virkar vinnumarkaðsaðgerðir. Þá er gengið út frá að Vinnuálastofnun starfi áfram og sinni framangreindum verkefnum gagnvart þeim sem ekki eru í stéttarfélögum, auk þess að sinna fjölmörgum lögbundnum verkefnum öðrum er varða þjónustu og eftirlit á vinnumarkaði.

Í tengslum við kjarasamningaviðræðurnar á fyrri hluta ársins var þetta mál enn til umfjöllunar í samskiptum við stjórnvöld. Í viðræðunum kynntu ASÍ og SA 21. mars sameiginlega sýn á verkefnið:

„Minnisblað um þróunarverkefni vegna atvinnuleysisstrygginga, vinnumarkaðsúrræða og vinnumiðlunar.

Rætt hefur verið við fulltrúa ríkisstjórnarinnar um þróunarverkefni á sviði atvinnuleysisstrygginga, vinnumarkaðsúrræða og vinnumiðlunar í tengslum við gerð kjarasamninga í mars 2011.

Inntak þróunarverkefnisins er að láta reyna á hvornig það kemur út að aðilar vinnumarkaðarins annist framkvæmd framangreindra þátta. Því er miðað við að umfang verkefnisins verði nægilega mikið þannig að reyni á meginhugmyndir SA/ASÍ í framkvæmd. Umfang, sem svarar til 25% af atvinnuleysisstryggingunum, er viðmiðun sem SA/ASÍ hafa lagt fram sem hugmynd.

Það skipulag, sem ASÍ/SA vilja reyna með þessum hætti, gengur út á eftirfarandi:

Fagleg stýring frá miðlægum aðila sem ASÍ/SA koma á fót.

- *Yfirstjórn vinnumarkaðsaðgerða, þ.m.t. vinnumiðlun.*
- *Þróun, skipulagning og samræming starfa ráðgjafa.*
- *Eftirlit með úrskurðum og samskipti við VMST vegna breytinga.*
- *Eftirlit með þjónustu ráðgjafa og þjónustuaðila.*
- *Gerð þjónustusamninga við stéttarfélög og þjónustuaðila.*
- *Eftirfylgni með tölusettem markmiðum og árangursmælingum.*
- *Skipulagning samstarfs við vinnuveitendur og ráðningarstofur.*
- *Eftirlit með misnotkun í samstarfi við VMST.*

Hlutverk stéttarfélaga er að vera helstu veitendur þjónustunnar við einstaklingana og taka þátt í samstarfi um verkefnið sem eru samkvæmt þjónustusamningum:

- *Ráðgjafarstörf, en ráðgjafar verða starfsmenn stéttarfélaganna undir faglegri stjórn miðlægs aðila.*
- *Ráðgjöf vegna umsókna og frágangur umsókna eftir atvikum.*
- *Samskipti við einstaklinga sem skrá sig beint inn í kerfið.*
- *Samskipti vegna mála sem upp koma vegna skráningar eða breytingar á stöðu einstaklinga.*
- *Ganga frá áætlunum um atvinnuleit, leggja mat á vinnufærni eða afla slíks mats, umsjón með notkun vinnumarkaðsráða, eftirlit með atvinnuleit og misnotkun.*
- *Vinnumiðlun.*
- *Byggja upp og reka stuðningsnet fyrirtækja, annarra atvinnurekenda og ráðningarráða (í stað vinnumarkaðsráða).*

Hugmyndin er að leggja upp með þriggja ára þróunarverkefni eins og að framan er lýst. Þegar líður á verkefnistímann þarf að ákveða hvort skipulagi atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða verður breytt með hliðsjón af árangri verkefnisins.“

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. maí er fallist á að unnið verði tilraunaverkefni sem nái til allt að fjórðungs atvinnuleitenda.

Af hálfu ASÍ og SA er undirbúningur undir verkefnið hafinn og er þess vænt að því verði hrint af stað þegar kemur fram á veturinn.

Vinnustaðaskírteini og vinnustaðaeftirlit

Eins og gerð er grein fyrir í skýrslu forseta ASÍ 2010 voru í maí 2010 að frumkvæði ASÍ og SA samþykkt lög nr. 42/2010 um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum. Í framhaldinu var samkomulag ASÍ og SA um nánari útfærslu og framkvæmd laganna undirritað þann 15. júní 2010. Samkomulag ASÍ og SA um vinnustaðaskírteini og framkvæmd eftirlits á vinnustöðum er mikilvægur áfangi í baráttunni fyrir því að tryggja að atvinnurekendur og starfsmenn þeirra fari að gildandi lögum, reglugerðum og kjarasamningum.

Samkomulagið og lögini voru afrakstur af áralöngu starfi Alþýðusambandsins og aðildarsamtaka þess gegn félagslegum undirboðum á íslenskum vinnumarkaði. Til að byrja féllu byggingastarfsemi, mannvirkjagerð, rekstur gististaða og veitingarekstur undir gildissvið samkomulagsins. Síðar var gert ráð fyrir að aðrar atvinnugreinar fylgdu í kjölfarið. Opnaður var sérstakur vefur, www.skirteini.is þar sem er að finna upplýsingar um samkomulag ASÍ og SA, lögini og framkvæmdina. Þar eru einnig leiðbeiningar um gerð vinnustaðaskírteina.

Strax sumarið 2010 var hafist handa við að hrinda lögnum og samkomulaginu í framkvæmd. Þróaður var sérstakur gagnagrunnur, FINNUR, til að halda utan um vinnustaðaeftirlitið og fylgjast með framkvæmdinni úti á

vinnustöðunum. Af hálfu aðildarfélaga ASÍ var tilnefndur hópur eftirlitsfulltrúa víða um land til að annast vinnustaðaeftirlitið og af hálfu SA voru ráðnir tveir starfsmenn í fullt starf. Gefnar voru út leiðbeiningar til eftirlitsfulltrúa og verklag við eftirlitið mótað. Þá var tekið upp samstarf við eftirlitsdeild Vinnuálastofnunar varðandi samkeyrslu gagna og samstarf um eftirfylgni með framkvæmdinni.

Í aðdraganda kjarasamninganna, sem undirritaðir voru í maí sl., var ákveðið að taka næsta skref varðandi útbreiðslu vinnustaðaskírteinnanna. Samhliða gerð nýs kjarasamnings á milli aðildarsamtaka ASÍ og SA 5. maí sl. var undirritað viðbótarsamkomulag um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum sem fól í sér að gildissviðið, sem skyldan til að bera vinnustaðaskírteini nær til, var útvíkkað. Eftirtalдар atvinnugreinar eru nú einnig með í samkomulaginu: Söluturnar, húsgagna- og innréttingaiðnaður, gleriðnaður og skylda starfsemi, kjötiðnaður, bakstur, bílgreinar, ýmsar málm- og véltæknigreinar, fjarskipti og upplýsingastarfsemi og öryggisþjónusta. Þá nær skyldan til að bera vinnustaðaskírteini einnig til atvinnurekenda og starfsmanna þeirra sem ekki starfa við þær atvinnugreinar, sem samkomulag ASÍ og SA nær til, en vegna vinnu sinnar sinna verkefnum í slíkum fyrirtækjum þegar þeir eru við þau störf. Síðar, á árinu 2012, koma fleiri atvinnugreinar til, sbr. fylgiskjal 2 með samkomulaginu.

Jafnframt ákváðu samningsaðilar að fela Staðlaráði Íslands gerð staðals um vinnustaðaskírteini. Stefnt er að því að vinnu við staðalinn ljúki fyrir lok árs 2011. Með staðlinum verður gerð sú fortakslausa krafa að starfsheiti viðkomandi starfsmanns komi fram.

Aðgerðir gegn svartri atvinnustarfsemi og fyrir bættum viðskiptaháttum

Í tengslum við kjarasamningaviðræðurnar á fyrri hluta ársins voru miklar umræður – að frumkvæði ASÍ og aðildarfélaga þess – um baráttuna gegn svartri atvinnustarfsemi og fyrir bættum starfsháttum í atvinnulífinu. Þessar viðræður skiluðu sér með ferns konar hætti við samningagerðina sjálfa. Í fyrsta lagi var gert samkomulag á milli ASÍ, SA, RSK og fjármálaráðherra um sérstakt átak til að sporna við svartri atvinnustarfsemi og bæta viðskiptahætti. Í öðru lagi var í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að finna kafla, Framkvæmd útboðsmála, að frumkvæði ASÍ og SA. Í þriðja lagi féllust stjórnvöld á að leggja til breytingar á lögum um aðilaskipti sem fælu í sér bættu réttarstöðu starfsmanna gjaldþrota fyrirtækja sem eru endurreist. Í fjórða lagi var samþykkt bókun með samningi ASÍ og SA varðandi lögleiðingu tilskipunar Evrópusambandsins um starfsmannaleigur.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir hverjum þessara þátta.

Leggur þú þitt af mörkum?

Samstarf ASÍ, SA og Ríkisskattstjóra um eflingu góðra atvinnuhátta

Í aðdraganda kjarasamninganna vorið 2011 áttu Alþýðusambandið og Samtök atvinnulífsins viðræður við Ríkisskattstjóra (RSK) og fjármálaráðuneytið um það hvernig sporna mætti við svartri atvinnustarfsemi og bæta siðferðið í íslensku atvinnulífi. Niðurstaða þessara viðræðna var m.a. að ASÍ, SA og RSK ákváðu að ráðast í tímabundið átaksverkefni sumarið 2011. Í samstarfs-samningi framangreindra aðila, sem undirritaður var 14. júní sl., segir m.a. að markmið átaksins sé að stuðla að breyttri „sýn á mikilvægi reglufestu og reglufylgni og stuðla þannig að heilbrigðari starfsháttum. Með því að stuðla að bættri tekjuskráningu, að starfsmenn séu skráðir á launaskrá og að formreglur séu á annan hátt haldnar, má betur tryggja að skil á opinberum gjöldum ásamt lögboðnum og samningsbundnum framlögum til lífeyrissjóða og stéttarféлага eigi sér stað með sem réttustum hætti. Samhliða leiðbeiningum um skyldur smærri og meðalstórra fyrirtækja verði lögð rík áhersla á að sporna gegn svartri vinnu og upplýsa um kennitöluflack. Markmið verkefnisins er þannig að atvinnurekendur á innlendum vinnumarkaði og starfsmenn þeirra fari að gildandi lögum, reglugerðum og kjarasamningum.“

Átakið hófst formlega 15. júní sl. og felst í að teymi með fulltrúum RSK, ASÍ og SA heimsækja vinnustaði, kanna aðstæður, veita ráðgjöf og fræðslu um viðeigandi reglur og lagaramma og hvetja bæði atvinnurekendur og launafólk til að gera nauðsynlegar úrbætur ef þurfa þykir. Þannig hefur verið lögð áhersla á jákvæða nálgun og að verið sé að aðstoða og leiðbeina um rétta framkvæmd. Þá skrá fulltrúar RSK frávik, sem kunna að vera frá rétttri tekjuskráningu, og krefjast frekari skoðunar og fulltrúar ASÍ og SA skrá starfsmenn og leiðbeina um framkvæmdina varðandi vinnustaðaskírteinin og starfs-samband aðila. Frá því átakið hófst hafa 3–4 teymi samstarfsaðila heimsótt 2.000 vinnustaði um land allt og skráð yfir sex þúsund starfsmenn. Átakið mun standa til 15. september og verður þá lagt mat á árangurinn og ákveðið um framhaldið.

Það er mat verkefnisstjórnar átaksins og þeirra sem heimsækja vinnustaðina að vel hafi tekist til með framkvæmdina. Þá hefur áttakinu almennt verið vel tekið, bæði af þeim sem heimsóttir hafa verið og atvinnulífinu almennt.

Þótt ASÍ hafi komið fram fyrir hönd aðildarsamtakanna í áttakinu hafa aðildarsamtökin lagt mikið af mörkum við framkvæmdina. Í upphafi var á vettvangi ASÍ ákveðið að Alþýðusambandið mundi leggja til fulltrúa í verkefnisstjórn og bera kostnað vegna sameiginlegra útgjalda líkt og gilt hefur varðandi framkvæmd samkomulags ASÍ og SA um vinnustaðaskírteini. Hins vegar mundu aðildarsamtökin standa undir kostnaði vegna starfsmanna sem verkalýðshreyfingin leggur til átaksins. Jafnframt var ákveðið að eftirtaldir

aðilar legðu hver um sig til einn starfsmann: Starfsgreinasambandið/Efling, LÍV/VR og „iðnaðarmannasamfélagið“, þ.e. Samiðn, RSÍ og VM sameiginlega. Þá hafa eftirlitsfulltrúar aðildarféлага ASÍ vítt og breitt um landið einnig komið að áttakinu. Þannig er ljóst að framangreind aðildarsamtök ASÍ hafa borið hitann og þungann af verkefninu og framkvæmd þess og er mikilvægt að þeim upplýsingum verði komið á framfæri.

Samkvæmt samstarfssamningi ASÍ, SA og RSK er gert ráð fyrir að verkefninu ljúki um miðjan september og að í framhaldinu verði gerð ítarleg grein fyrir verkefninu og þeim árangri sem það hefur skilað. Þá muni aðilar sameiginlega draga lærdóma af niðurstöðum verkefnisins og þá jafnframt hvort og þá hvernig eigi að hald áfram samstarfi þessara aðila.

Hvað varðar mögulegt framhald er gert ráð fyrir að verkefnisstjórn átaksins, þar sem Halldór Grönnvold og Þorbjörn Guðmundsson sitja fyrir hönd ASÍ, móti tillögur til samstarfsaðilanna um mögulegt framhald á samstarfinu og að þessar tillögur verði mótaðar samhliða því sem unnið verður úr gögnum og reynslan af áttakinu metin nú í september. Þannig er stefnt að því að tilkynnt verði um framhaldið, ef það verður ákveðið, samhliða því sem árangurinn af áttakinu og lærdómar, sem af því má draga, verða kynntir.

Framkvæmd útboðsmála

Fulltrúar ASÍ, aðildarsamtaka þess og Samtaka atvinnulífsins sammæltust um tillögur, er vörðuðu opinber útboð og tengda þætti, í tengslum við kjarasamningana í maí. Mikil vinna var lögð í sérstaka bókun um efnið og tvö fylgiskjöl um hæfi bjóðenda og breytingar á lögum um opinber innkaup. Þessu var síðan fylgt eftir með sérstakri yfirlýsingu stjórnvalda um þessi efni þar sem stefnt er að niðurstöðum í september.

Yfirlýsing ASÍ og SA um framkvæmd útboðsmála er svohljóðandi:

Miklu skiptir fyrir íslenskt efnahagslíf að atvinnulífið og vinnumarkaður starfi eftir skýrum og gegnsæjum lögum og reglum og tryggi eðlilega og heilbrigða samkeppni. Útboð verklegra framkvæmda er mikilvægur þáttur í atvinnustarfsemi. Því skiptir miklu að útboðslýsingar vegna verklegra framkvæmda, mat á hæfi bjóðenda, val á tilboði og ákvæði um skil á greiðslum til allra þeirra sem vinna tilboðsverk séu betur undirbúnar og settar fram með ákveðnari hætti en nú er raunin.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnar í tengslum við viðræður aðila á vinnumarkaði segir m.a. um framkvæmd útboðsmála:

„Skoðað verður hvaða breytingar gera þarf á lögum um opinber innkaup, og eftir atvikum öðrum lögum, til þess að styrkja stöðu og réttindi launafólks, sem starfa fyrir fyrirtæki á verktakamarkaði, og jafna á sama tíma samkeppnisstöðu fyrirtækja. Stefnt skal að því að starfshópur

stjórnvalda, með aðild fulltrúa sveitarfélaga, ASÍ og SA, skili tillögum um framangreind atriði eigi síðar en í júní 2011 og að hægt verði að leggja fyrir Alþingi tillögur um æskilegar lagabreytingar í byrjun haustþings. Stjórnvöld munu jafnframt, þar sem það á við, innleiða niðurstöður starfshópsins í eigendastefnu ríkisins.“

SA og ASÍ eru sammála um að nánar skilgreind verkefni starfshópsins séu m.a. eftirfarandi:

1. Taka afstöðu til og leggja fyrir tillögu að lögum um samábyrgð/keðjuábyrgð verktaka/verkkaupa á launum starfsfólks og opinberra gjalda verktaka og undirverktaka. Skal þá sérstaklega horft til laga nágrannalanda um efnid.
2. Taka afstöðu til þess hvernig megi tryggja réttindi launafólks frekar með breytingum á þeim lögum sem fjalla um opinber útboð og hæfi bjóðenda.
3. Taka afstöðu til þess hvernig taka megi upp í útboðsskilmálum um opinber þjónustuinnaup þær kröfur sem verkkaupi gerir til bjóðanda varðandi vinnufyrirkomulag sem byggir á kjarasamningsbundnum forsendum (s.s. tímamælt ákvæði, uppmæling) til þess að skapa jafnræði meðal bjóðenda og sýna umfang og eðli verksins
4. Taka afstöðu til þess hvernig megi lögleiða gr. 15.1 í ÍST 30 í almenn lög um framkvæmd útboða.

Þá hafa SA og ASÍ komið sér saman um samræmt mat verkkaupa á hæfi bjóðenda í útboðum (fylgiskjal 1). Áhersla er lögð á að matið taki bæði til opinbera og almenna markaðarins og nái jafnt til aðal- og undirverktaka. Jafnframt er lögð áhersla á að matið fái viðurkennda stöðu í lögum eða reglugerð. Við mat á bjóðendum verði meginreglan að starfsmenn séu í föstu ráðningarsambandi.

SA og ASÍ hafa enn fremur komið sér saman um nánari reglur um hvernig skuli standa að gerð útboðsgagna á grundvelli 42.–45. gr. laga nr. 84/2007, um opinber innkaup, vali á tilboði á grundvelli 73. og 77. gr. laga nr. 84/2007 og skilum á greiðslum á grundvelli staðals IST30:2003, liður 31.5 (fylgiskjal 2).“

Bætt réttarstaða launafólk við aðilaskipti að fyrirtækjum

Samhliða gerð kjarasamninganna í maí sammæltust ASÍ, SA og ríkisstjórnin um tillögu að breytingum á lögum um aðilaskipti að fyrirtækjum í þeim tilgangi að bæta réttarstöðu starfsmanna fyrirtækja í þeim tilvikum er þrotabú fyrirtækja, sem hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta, eru seld og er þá þrotabúið framseljandi en ekki fyrirtækið sem slíkt. Efnislega fól tillagan í sér að starfsmenn slíkra fyrirtækja nytu sömu réttinda, er varða launakjör og starfsskilyrði og starfsmenn fyrirtækja þar sem aðilaskipti fara fram án undan-gengins gjaldþrots. Þetta gildi um þá starfsmenn sem væru áfram í starfi hjá

hinni endurreistu starfsemi eða væru endurráðnir innan þriggja mánaða frá því fyrirtækið væri úrskurðað gjaldþrota.

Með samþykkt laga nr. 103/2011 var framangreind breyting að lögum.

Framkvæmd EES-samningsins

Starf Alþýðusambands Íslands, sem tengist Evrópusamvinnunni og samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er mikilvægur þáttur í starfsemi ASÍ. Áhrifin eru bæði bein og óbein. Þau birtast með skýrustum hætti í þeim þætti starfsins sem snýr að undirbúningi og gildistöku tilskipana, samninga og reglna Evrópusambandsins á sviði vinnumarkaðs- og félagsmála hér á landi. Jafnframt er ljóst að reglur á íslenskum vinnumarkaði og réttindi launafólks byggja í stöðugt ríkari mæli á þróuninni í Evrópu á þessu sviði. Þessi þróun er í samræmi við það sem stefnt var að með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Fyrir liggur að fullgilda nokkrar tilskipanir Evrópusambandsins á sviði vinnumarkaðsmála og því tengdu. Hér má nefna tilskipun um starfsmannaleigur, tilskipun um breytingar á foreldraorlofi og tilskipun um breytingar á reglum um evrópsk samstarfsráð en þessar tilskipanir þarf að innleiða hér á landi á árinu 2011. Af hálfu ASÍ er undirbúningur þegar hafinn.

Í júní féll dómur hjá EFTA-dómstólnum þar sem innleiðing hér á landi á tilskipun ESB um útsenda starfsmenn var dæmd ólögmat þar sem hún gengi að mati dómsins of langt í að tryggja réttindi útsendra starfsmanna hér á landi á kostnað frjálsra þjónustuviðskipta.

Þá liggur fyrir að eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur spurst fyrir um eða gert athugasemdir við lögleiðingu nokkurra tilskipana Evrópusambandsins á sviði vinnumarkaðsmála hér á landi.

Nánar er gerð grein fyrir þessum málum hér á eftir.

Tilskipun Evrópusambandsins um starfsmannaleigur

Tilskipun um starfsmannaleigur (104/2008/EC) var samþykkt á vettvangi Evrópusambandsins í árslok 2008 og á hún að taka gildi hér á landi í síðasta lagi 5. desember 2011.

Tilskipunin er sett til að skapa ramma um kjör og réttindi starfsmannaleigustarfsmanna sem ekki valdi mismunun, eins og segir m.a. í aðfararorðum tilskipunarinnar. Þá segir að grundvallarréttindi og kjör starfsmannaleigustarfsmanna skuli ekki vera lakari en þeirra sem eru í föstu ráðningarsambandi við notendafyrirtæki og einnig að fast ráðningarsamband sé meginreglan á vinnumarkaði.

Í fyrsta kafla tilskipunarinnar er fjallað um gildissvið hennar og m.a. tekið fram að hún nái bæði til starfsmannaleigna í einkaeign og opinberri eign. Þá

er sérstaklega tiltekið að aðildarríkin geti í samráði við aðila vinnumarkaðarins ákveðið að tilskipunin nái ekki til tiltekinna ráðningarsamninga sem varða starfsmenntun eða vinnumarkaðsaðgerðir.

Þá er fjallað um markmið tilskipunarinnar sem er m.a. að tryggja vernd starfsmannaleigustarfsmanna og bæta gæði starfanna með því að tryggja að grundvallarreglan um jafna meðhöndlun nái til starfsmannaleigustarfsmanna.

Einnig eru lykilhugtök skilgreind og fjallað um hvenær/við hvaða skilyrði heimilað er að banna eða takmarka starfsemi starfsmannaleigna. Það verði aðeins réttlætt á grundvelli almennra hagsmuna er varða sérstaklega vernd starfsmannaleigustarfsmanna, öryggi og hollustuhætti við vinnu eða þörf á að tryggja að vinnumarkaðurinn virki með eðlilegum hætti og komið sé í veg fyrir misnotkun.

Í öðrum kafla er fjallað um starfs- og ráðningarkjör. Í 5. grein, sem ber yfirskriftina „Grundvallarregla um jafna meðhöndlun (The principle of equal treatment), segir í upphafi að grundvallarstarfs- og ráðningarkjör skuli, á meðan þeir starfa fyrir notkunarfyrtæki, vera að minnsta kosti þau sem giltu ef þeir hefðu verið ráðnir beint af fyrirtækinu til sama starfa. Þessi meginregla er síðan nánar útfærð og einnig gerð grein fyrir fráviksheimildum.

Í 6. grein er m.a. kveðið á um að starfsmannaleigustarfsmenn skuli upplýstir um það ef störf losna hjá notendafyrirtækinu og þeim gefið sama tækifæri og öðrum til fastraráðningar. Jafnframt skulu aðildarríkin sjá til þess að ekki séu lagðar neinar hindranir í götu manna til að leita starfa hjá notendafyrirtækinu að lokinni ráðningu hjá starfsmannaleigunni. Starfsmannaleigur mega ekki taka gjald af starfsmannaleigustarfsmönnum. Starfsmannaleigustarfsmenn skulu hafa aðgang að ýmiss konar þjónustu (s.s. mötuneyti, barnagæslu, ferðaþjónustu) með sama hætti og starfsmenn í föstu ráðningarsambandi (nema ólík meðhöndlun sé réttlætanleg af hlutlægum ástæðum). Þá eiga stjórnvöld að sjá til þess að samræða eigi sér stað á milli aðila vinnumarkaðarins með það að markmiði að bæta m.a. aðgengi starfsmannaleigustarfsmanna að starfsmenntun.

Fjallað er um fleiri þætti í tilskipuninni, s.s. hvernig telja á starfsmannaleigustarfsmann, þegar kemur að þáttum eins og upplýsingum og samráði, um refsheimildir vegna brota á tilskipuninni, gildistöku og endurskoðun svo það helsta sé nefnt.

Nokkur umræða hefur orðið um tilskipunina og efni hennar í Noregi og þá einkum 5. greinina og þýðingu hennar. Af hálfu vinnuáráðuneytisins hefur verið tekið saman minnisblað um efni tilskipunarinnar þar sem m.a. er fjallað um þennan þátt. Jafnframt er gerð grein fyrir öðrum greinum tilskipunarinnar, stöðunni í Noregi og mögulegum áhrifum tilskipunarinnar.

Af hálfu verkálýðshreyfingarinnar þar hefur verið lögð áhersla á að ekki

verið vikið frá „grundvallarreglunni um jafna meðhöndlun“, einkum og sér í lagi hvað varðar launabáttinn.

Í tengslum við gerð kjarasamninganna í maí sl. og umræðu um svarta atvinnustarfsemi og undirboð á íslenskum vinnumarkaði setti Alþýðusambandið í viðræðum við SA fram kröfu um að sammingsaðilar sammæltust um meginefni varðandi innleiðingu tilskipunarinnar hér á landi. Þar var lagt til að samhliða gerð kjarasamninga yrði gerð sérstök bókun um endurskoðun laga um starfsmannaleigur. Þar yrði í upphafi áréttað að beint ráðningarsamband á milli starfsmanna og notendafyrirtækja sé meginregla á íslenskum vinnumarkaði og svo eigi að vera áfram. Þá yrði sérstaklega áréttað að starfsmannaleigufyrirkomulagið megi ekki nota af hálfu fyrirtækja til að koma sér undan skyldum gagnvart starfsmönnum sem þau annars bæru. Að öðru leyti yrðu helstu efnisatriði slíkrar endurskoðunar eftirfarandi:

1. Sett verði í löginn grundvallarreglan um jafna meðhöndlun. Þar verði sérstök áhersla lögð á að tryggja að starfsmannaleigustarfsmenn njóti sömu eða sambærilegra launa og annarra starfskjara og þeir starfsmenn sem eru í beinu ráðningarsambandi við notendafyrirtækið. Launahugtakið verði skilgreint þannig að það nái til raunverulegra launakjara hjá notendafyrirtækinu hvernig sem þau eru ákvörðuð eða hvernig sem þau eru greidd en einnig verði hugað að öðrum þáttum.
2. Skoðað verði hvort og með hvaða hætti eigi að takmarka heimild til að nýta starfsmannaleigustarfsmann af hálfu notendafyrirtækja til að tryggja kjör og réttindi starfsmanna og út frá sjónarmiðum um öryggi og heilbrigði á vinnustað.
3. Sett verði inn í löginn um starfsmannaleigur ákvæði sem lýtur að upplýsingum til starfsmannaleigustarfsmanna um laus störf hjá notendafyrirtækinu.
4. Sett verði inn skýr ákvæði í löginn varðandi þætti eins og rétt/möguleika starfsmanna starfsmannaleigna til þjónustu sem fastráðnum starfsmönnum hjá notendafyrirtækinu stendur til boða. Einnig verði sett í löginn ákvæði um rétt til starfsmenntunar.
5. Annað sem leiðir af efni tilskipunarinnar.

Niðurstaða sammingsaðila var eftirfarandi bókun:

„Starfsmannaleigur

Aðilar eru sammála um að við innleiðingu starfsmannaleigutilskipunarinnar verði áréttað að á íslenskum vinnumarkaði er meginreglan sú að starfsmenn eru ráðnir ótímabundið beint til vinnuveitanda enda ríkir hér ákveðinn sveigjanleiki í ráðningum sem ætlað er að auðvelda fyrirtækjum að bregðast við sveiflum í starfsemi þeirra.

Einnig, að samkvæmt lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu

lífeyrisréttinda nr. 55/1980, ákveða kjarasamningar lágmarkskjör. Þá verði meginregla tilskipunarinnar um jafna meðhöndlun lögfest og miðað við að ráðningarkjör starfsmanna starfsmannaleigna skuli á þeim tíma, sem um ræðir, vera a.m.k. þau sem hefðu gilt ef þeir hefðu verið ráðnir beint til viðkomandi fyrirtækis til að sinna sama starfi. Þar verði vísað til raunverulegra launakjara hjá notendafyrirtækinu hvernig sem þau eru ákvörðuð og hvernig sem þau eru greidd.“

Aukin réttur til foreldraorlofs

Með breytingum á tilskipun Evrópusambandsins um rétt til foreldraorlofs frá árinu 2010 var foreldraorlof lengt úr 13 vikum í 4 mánuði fyrir hvort foreldri vegna hvers barns.

Með frumvarpi til laga sem nú er fyrir Alþingi er stefnt að því að breyta lögum og fæðingar- og foreldraorlofs til samræmis við tilskipunina á haustþingi.

Lög um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja með útsenda starfsmenn

Í skýrslu forseta ASÍ 2010 er gerð ítarleg grein fyrir athugasemdum eða „rökstuddu álit“ Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um tiltekna þætti í lögum nr. 45/2007, um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja, sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands, og starfskjör starfsmanna þeirra en, rökstutt álit“ er síðasta stig áður en ESA fer með málið fyrir EFTA-dómstólinn.

Efnislega voru athugasemdir ESA tvíþættar. Annars vegar eru gagnrýnd ákvæði 8., 10. og 11. gr. laganna þar sem fjallað er um fresti þjónustufyrirtækja til að tilkynna væntanlega starfsemi sína hér á landi og um sérstakan fulltrúa. Hins vegar er gagnrýnt ákvæði 7. gr. laganna um skyldur atvinnurekenda til að slysatryggja starfsmenn sína, svo og 5. gr. um að starfsmenn skuli njóta veikindaréttar njóti þeir ekki sömu eða sambærilegrar verndar/réttinda í heimalandinu.

Eftir samráð félags- og tryggingamálaráðuneytisins, ASÍ og SA varð niðurstaðan sú að aðalatriði málsins væri að verja 5. og 7. gr. laganna. Ekki yrði kvikað frá því og látið yrði reyna á þá þætti fyrir EFTA-dómstólnum væri það vilji ESA. Voru rök Íslands í þeim efnum áréttuð og dýpkuð enn frekar. Hins vegar voru aðilar sammála um að efni 8., 10. og 11. gr. væri ekki þess eðlis að ekki mætti kvika frá því og var lögunum sl. vor breytt til að mæta gagnrýni ESA á efni þeirra. Í samræmi við þá sátt, sem náðist um málið, gaf félags- og tryggingamálaráðuneytið út yfirlýsingu 18. júní 2010.

Í framhaldinu var unnið að undirbúningi málsins fyrir EFTA-dómstólnum í nánú samstarfi ráðuneytisins, ASÍ og SA. Þá leitaði Alþýðusambandið til

alþýðusambandanna annars staðar á Norðurlöndum og Evrópusambands verkalýðsfélaga um aðstoð og stuðning í málinu.

Málið var flutt fyrir EFTA dómstólnum 30. mars og féll dómur í málinu 28. júní sl.

EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ákvæði 5. og 7. gr. laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja, sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands, og starfskjör starfsmanna þeirra, nr. 45/2007, brjóti gegn ákvæði EES-samningsins um frjálsa för og tilskipun Evrópusambandsins um lágmarksvernd þessara starfsmanna.

Var það álit stofnunarinnar að ekki mætti kveða á um réttindi útsendra starfsmanna umfram þá skyldubundnu lágmarksvernd sem kveðið er á um í tilskipun Evrópusambandsins frá árinu 1996 (96/71/EB). Eins taldi stofnunin að ákvæði 5. og 7. gr. laganna væru íþyngjandi fyrir erlend fyrirtæki, sem senda starfsmenn til starfa hér á landi, og brytu þannig gegn ákvæði samnings Evrópska efnahagssvæðisins um frjálsa för.

Nú á næstunni munu fara í gang viðræður á milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um það á hvern hátt skuli bregðast við dómi EFTA dómstólsins.

Athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA

Á síðustu mánuðum hefur Eftirlitsstofnun EFTA komið með fyrirspurnir eða gert athugasemdir varðandi innleiðingu nokkurra tilskipana hér á landi. Af hálfu velferðarráðuneytisins hefur verið haft samráð við ASÍ um viðbrögð.

Gerð hefur verið athugasemd við að samkvæmt lögum um orlof verði orlofi starfsmanna, sem vegna veikinda geta ekki farið í orlof á þeim tíma sem ákveðið hafi verið, að vera lokið fyrir 31. maí næstan á eftir en að öðrum kosti fái þeir orlofslaun sín greidd. Taldi ESA að framangreint brjóti í bága við tilskipun um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma. Í því skyni að koma til móts við athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA hefur verið lagt fyrir Alþingi frumvarp þar sem lagt er til að starfsmanni, sem vegna veikinda getur ekki farið í orlof á þeim tíma sem ákveðið hefur verið, verði gert kleift að fara í orlof eftir að veikindunum lýkur án þess að það sé skilyrði að orlofinu verði lokið fyrir 31. maí næstan á eftir. Þó er gert ráð fyrir að viðkomandi starfsmaður fari í orlof eins fljótt og unnt er eftir að veikindunum lýkur. Um frumvarpið er full sátt á þingi.

Gerð hefur verið athugasemd við ákvæði laga um fæðingarorlof þar sem kveðið er á um samlagningu starfstímabíla foreldra er flytjast milli ríkja sem hafa aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir að foreldri þurfi að hafa verið virkt á innlendum vinnumarkaði a.m.k. síðasta mánuðinn á ávinnslutímabili svo að komi til álita

að leggja saman starfstímabil þess á ávinnslutímabilinu sem starfsmanns eða sjálfstætt starfandi einstaklings hér á landi annars vegar og í öðru aðildarríki EES hins vegar enda hafi störf viðkomandi foreldris veitt foreldrinu rétt til fæðingarorlofs í hlutaðeigandi ríki.

Ákveðið var að bregðast við athugasemd ESA með breytingum á lögnum þar sem lagt er til að meginreglan verði áfram sú að hafi foreldri verið á innlendum vinnumarkaði a.m.k. síðasta mánuðinn á ávinnslutímabili skuli Vinnumálastofnun, að því marki sem nauðsynlegt er, taka tillit til starfstímabila foreldris á ávinnslutímabilinu sem starfsmanns eða sjálfstætt starfandi einstaklings í öðru ríki sem hefur aðild að þeim samningum sem tilgreindir eru í ákvæðinu enda hafi störf foreldris veitt foreldrinu rétt til fæðingarorlofs samkvæmt lögum þess ríkis um fæðingarorlof. Hins vegar er lagt til að hafi foreldri verið skemmri tíma á innlendum vinnumarkaði en síðasta mánuðinn á ávinnslutímabili skuli Vinnumálastofnun meta í hverju tilviki fyrir sig hvort foreldri teljist hafa starfað á innlendum vinnumarkaði í skilningi laganna þannig að taka skuli, að því marki sem nauðsynlegt er, tillit til starfstímabila foreldris í öðru aðildarríki enda hafi störf foreldris veitt foreldrinu rétt til fæðingarorlofs samkvæmt lögum þess ríkis um fæðingarorlof. Frumvarp þessa efnis er til meðferðar á Alþingi þegar þetta er skrifað og ríkir um það pólitísk sátt.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert athugasemd við ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar, sambærilegar við þær sem gerðar voru varðandi lög in um fæðingar- og foreldraorlof. Verður helst skilið af erindi ESA að einstaklingur vinni sér rétt til atvinnuleysisbóta hér á landi á grundvelli samlagningarreglunnar frá fyrsta degi, eða jafnvel frá því ráðningarsamningur hefur verið gerður, jafnvel þótt aldrei komi til þess að viðkomandi hafi hafið störf hér á landi.

Ákveðið var, áður en brugðist verður við athugasemd ESA, að afla upplýsinga um fyrirkomulag þessara mála annars staðar á Norðurlöndum. Þá hafa verið uppi vangaveltur um að fara hliðstæða leið og farin var varðandi fæðingarorlofið.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur sent fyrirspurn varðandi innleiðingu tilskipunar um vernd launafólks gagnvart gjaldþroti fyrirtækis sem það starfar hjá. Annars vegar er dregið í efa að innleiðing tilskipunarinnar hér á landi með lögum um Ábyrgðasjóð launa sé fullnægjandi varðandi vernd starfsmanna þegar fyrirtæki er með starfsemi í fleiri aðildarríkjum en þar sem staðfesta þess er. Þá er bent á að tilskipunin hafi ekki verið innleidd með fullnægjandi hætti hvað varðar miðlun upplýsinga á milli landa innan EES.

Af hálfu velferðarráðuneytisins eru í undirbúningi viðbrögð við framangreindum ábendingum og athugasemdum.

Félagsleg undirboð um borð í Norrænu

Síðastliðinn vetur veitti Sjómannafélag Íslands, sem á sínum tíma sagði sig úr ASÍ, útgerð Norrænu (Smyril-Line) tímabundna aðild að útrunnum kjarasamningi sínum við íslenskar farskipaútgerðir. Laun skv. þeim kjarasamningi eru 30% lægri en laun skv. sambærilegum færeyskum kjarasamningum. Í kjölfarið var Íslendingum um borð í Norrænu gert að skrifa undir ráðningarsamninga með vísan í kjarasamning Sjómannafélags Íslands en þola ella uppsögn. Fram til þess tíma og allt frá því ferjusiglingar hófust milli Íslands og Færeyja hafa Íslendingar um borð í Norrænu og forverum hennar þegið laun í samræmi við færeyska kjarasamninga og verið félagsmenn í sjómannafélögum þar í landi. Það hefur verið svo, þrátt fyrir að ferjan hafi verið skráð í hina færeysku alþjóðlegu skipaskrá en sú skrá eins og aðrar samskonar, m.a. sú sem ASÍ kom í veg fyrir að stofnuð yrði hér á landi. Þær byggja á því að um kaup og kjör fari samkvæmt kjarasamningum sjómannafélaga í þeim ríkjum þar sem viðkomandi áhafnar meðlimir eru ríkisborgarar en það er andstætt meginreglum alþjóðlegs vinnuréttar. Sjómannasamband Íslands, Afl Starfsgreinafélag og ASÍ tóku málið upp hér á landi, m.a. við utanríkisráðherra, þar sem mismunun byggð á þjóðerni hvað varðar Færeyinga og Íslendinga er bönnuð skv. svokölluðum Hoyvíkur-samningi frá 2005. Hin félagslegu undirboð um borð í Norrænu beinast hins vegar fyrst og fremst gegn færeyskum sjómönnum en samtök þeirra hafa sýnt málinu lítinn áhuga.

Löndun úr erlendum skipum hér á landi

Eftir ábendingu frá Hlíf í Hafnarfirði beitti ASÍ sér fyrir því að nefnd um túlkun útlendingalaga skýrði þau ákvæði laganna sem varðað geta störf erlendra áhafna á skipum skrásettum utan EES-svæðisins við löndun úr þeim skipum hér á landi. Sú niðurstaða fékkst að áhafnar meðlimum skipa með ríkisfang frá ríkjum utan EES væri óheimilt án atvinnuleyfa að ganga í störf sem unnin eru utan skips, þ.e.s. á bryggju eða landi. Þetta ætti bæði við um uppskipun og löndun í önnur skip. Um þetta atriði hefur verið ágreiningur um langt skeið en hafnarstjórnir hafa sóst eftir skipum til umskipunar á farmi en tekið misjafnlega á því hverjir vinni störf. Álit nefndarinnar ætti að stuðla að réttri og samræmdri framkvæmd.



Fræðslu- og menntamál

Alþýðusamband Íslands og stofnanir þess ásamt aðildarfélögum taka virkan þátt í menntastarfi hér á landi, bæði með stefnumótun og þátttöku í framkvæmd á fjölmörgum sviðum. Það á við bæði um formlega menntakerfið og það óformlega. Þá standa MFA-fræðsludeild ASÍ og Mímir-símenntun, sem er í eigu ASÍ, fyrir öflugu fræðslustarfi. Einnig á Alþýðusambandið aðild að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og stjórn landsskrifstofu menntaáætlunar ESB auk þess að vera tilnefningaraðili í starfsgreinaráðin á framhaldsskólastigi.

Aukinni áherslu Alþýðusambandsins og verkalýðshreyfingarinnar á menntun og mikilvægi hennar, bæði góðrar grunnmenntunar og símenntunar, hefur fylgt mjög aukið starf á þessu sviði á vettvangi samtakanna og vænta má að sú þróun haldi áfram.

Eins og efni þessa kafla í skýrslu forseta ASÍ ber með sér hefur starf ASÍ og tengdra stofnana að menntamálum aldrei verið umfangsmeira en nú og ekkert bendir til annars en að það mikla starf haldi áfram í fyrirsjáanlegri framtíð. Sem dæmi má nefna félagslegu fræðsluna á vettvangi ASÍ og Félagsmálaskólans og frumkvæði ASÍ varðandi umsókn til þróunarverkefnis á sviði starfsmenntunar í sjóði Evrópusambandsins, sem gerð er nánari grein fyrir undir kafla um starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins síðar í þessari

skýrslu. Þá ber að geta starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Mímis- símenntunar sem aldrei hefur verið umfangsmeiri eða mikilvægari.

Alþýðusambandið hefur tekið virkan þátt í innleiðingu nýrra laga um framhaldsfræðslu í beinum samskiptum við mennta- og menningarmálaráðuneytið og í gegnum aðild sína að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Fræðslusjóði sem tók til starfa á tímabilinu og leysti m.a. Starfsmenntaráð af hólmi. Þá ber að nefna samstarfsyfirlýsingu ASÍ og fleiri aðila vinnumarkaðarins ásamt mennta- og menningarmálaráðuneytinu um aukið menntunarstig þjóðarinnar í tengslum við gildistöku framhaldsfræðslulaganna. Einnig skal geta þátttöku ASÍ í umfangsmiklum verkefnum á sviði menntunar fyrir ungt fólk og atvinnuleitendur sem fjallað er um á öðrum stað í þessari skýrslu. Loks hefur Alþýðusambandið í samstarfi við SA og stjórnvöld hafið vinnu við að innleiða hér á landi og draga lærdóma af verkefnum á Evrópuvísu er lúta að því að spá fyrir um færni- og þekkingarkröfur atvinnulífsins til starfsmanna og hvernig má samþætta stefnumótun og aðgerðir í atvinnumálum og framboð á menntun.

Menntanefnd ASÍ hefur tekið virkan þátt í umræðu og stefnumótun á þeim sviðum sem nefnd eru hér að framan. Einnig hafa iðnaðarlögin og mögulegar breytingar á þeim verið til umfjöllunar í nefndinni.

Hér á eftir verður fjallað nánar um nokkur viðfangsefni á sviði menntamála á tímabilinu á vettvangi Alþýðusambandsins og stofnana þess eða þar sem ASÍ hefur komið að með virkum hætti.

Framhaldsfræðslulögin og samstarfsyfirlýsing um menntun

Eins og greint er frá í síðustu skýrslu forseta tóku ný lög um framhaldsfræðslu gildi 1. október 2010. Með lögunum voru gerðar umfangsmiklar breytingar á löggjöf og framkvæmd varðandi fullorðinsfræðslu í landinu og þá einkum þeim þætti sem lýtur að framhaldsfræðslunni eins og hún er skilgreind. Fyrir lá að samið yrði við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) sem lykilaðila varðandi framkvæmd laganna og eftirfylgni með henni. Jafnframt var ákveðið með samningi að FA þjónaði Fræðslusjóði sem settur var á stofn með lögunum. Í kafla skýrslunnar um Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er gerð nánari grein fyrir þessum þáttum.

Samhliða samningi mennta- og menningarmálaráðuneytisins við FA var 24. nóvember undirrituð samstarfsyfirlýsing um að hækka menntunarstig íslensku þjóðarinnar til aukinnar virkni í atvinnulífi og samfélaginu í heild. Að henni standa mennta- og menningarmálaráðuneyti, ASÍ, BSRB, SA, fjármálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga. Meginmarkmiðið er að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, fólki sem hefur horfið frá námi án þess að ljúka námi á framhaldsskólastigi, innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum tækifæri til að afla sér menntunar, bæta stöðu sína á vinnumarkaði og í samfélaginu almennt.

Samstarfsyfirlýsingin í heild fer hér á eftir:

Samstarfsyfirlýsing

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Alþýðusamband Íslands (ASÍ), Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), Samtök atvinnulífsins (SA), fjármálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga eru sammála um að efla samstarf sitt um að hækka menntunarstig íslensku þjóðarinnar til aukinnar virkni í atvinnulífi og samfélaginu í heild.

Aðilar þessa samkomulags munu sameiginlega vinna markvisst að því að hlutfall fólks á vinnumarkaði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar verði ekki hærra en 10% árið 2020. Til að ná því markmiði verður framhaldsfræðsla efl. Jafnframt verði tryggt að menntun og færni, sem er metin innan framhaldsfræðslunnar, verði viðurkennd innan framhaldsskólans og þeir sem þess óska geti bætt við menntun sína án hindrana.

Frá árinu 2003 hafa mennta- og menningarmálaráðuneyti, ASÍ og SA starfað saman að símenntun á íslenskum vinnumarkaði á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 13. desember 2001 og 15. nóvember 2005, 5. tölulið yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar til að greiða fyrir samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um áframhaldandi kjarasamninga frá 22. júní 2006, 4. efnislið 6. töluliðar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um stöðugleika í efnahagsmálum 17. febrúar 2008 og 3. lið 12. töluliðar stöðugleikasáttmála ríkisstjórnarinnar og ýmissa hagsmunaaðila 26. júní 2009. Með aðild BSRB, fjármálaráðuneytisins og sveitarfélaganna að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins 6. maí 2010 hefur framangreint samstarf verið eflt og treyst enn frekar.

Í ljósi góðrar reynslu af framangreindu samstarfi vilja aðilar starfa saman að því meginmarkmiði að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, fólki sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka námi á framhaldsskólastigi, innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum tækifæri til að afla sér menntunar, bæta stöðu sína á vinnumarkaði og í samfélaginu sem heild. Þá þarf framhaldsfræðslan að greiða leið þeirra sem þurfa vegna breyttra aðstæðna á vinnumarkaði á nýrri þekkingu og færni að halda.

Með öflugri framhaldsfræðslu vilja aðilar þannig efla lýðræðislega þátttöku í samfélaginu og stuðla að jákvæðri byggðaðþróun í landinu, stuðla að jafnrétti, auka félagslega aðlögun jaðarhópa, m.a. fatlaðra og innflytjenda, að atvinnulífi og samfélaginu, auka læsi fullorðinna, efla íslenskukennslu fyrir fullorðna innflytjendur og auka starfstengda íslenskukennslu fyrir þá.

Aðilarnir hafa á grundvelli þess er að framan greinir undirritað þjónustusamning um verkefni í framhaldsfræðslu, sbr. lög nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu, sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins tekur að sér að

vinna fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti. Með samningnum er Fræðslumiðstöð atvinnulífsins falin umsjón með ýmsum verkefnum er varða framkvæmd laga um framhaldsfræðslu.

Reykjavík, 24. nóvember 2010

Katrín Jakobsdóttir,
mennta- og menningarmálaráðherra

Steingrímur J. Sigfússon,
fjármálaráðherra

Gylfi Arnbjörnsson,
f.h. Alþýðusambands Íslands

Vilmundur Jósefson,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Árni Stefán Jónsson,
f.h. Sambands ísl sveitarfélaga

Inga Rún Ólafsdóttir,
f.h. Sambands ísl sveitarfélaga

Félagsleg fræðsla MFA fræðsludeild ASÍ

MFA fræðsludeild ASÍ býður upp á fræðslu og námskeið sem styrkja talsmenn stéttarfélaganna í starfi og til að þeir verði betur í stakk búinir til að takast á við þær auknu kröfur, sem gerðar eru, og stöðugu breytingar í samfélaginu. Markmiðið er að bjóða upp á námskeið, stutt og löng, þar sem tekið er á mál-efnum líðandi stundar. Lögð er áhersla á að námsframboð miðist við þarfir og aðstæður félaga hverju sinni. MFA býður upp á ráðgjöf og þarfagreiningu fyrir einstök félög og geta stéttarfélögin þannig nýtt sér námskeið og fræðslu til að móta starf og stefnu. Námskeiðin eru þróuð ásamt námsefni í samráði við þarfir félaganna. Þá hefur fræðsludeildin í auknum mæli aðstoðað félögin við að skipuleggja hóp- og vinnufundi með svokallaðri miðlunaraðferð. Það er gagnleg aðferð til að vinna með hópum, hvort sem það er á fundum eða við kennslu. Aðferðin byggir á því besta sem þekktist úr kennslufræði og náms-sálarfræði. Menntanefnd ASÍ er stjórn MFA fræðsludeildar.

Félagsmálaskóli alþýðu

Félagsmálaskóli alþýðu er rekinn af MFA og er deildarstjóri fræðsludeildar jafnframt skólastjóri Félagsmálaskólans. Skólanefnd Félagsmálaskóla alþýðu ber ábyrgð á rekstri skólans ásamt skólastjóra. Félagsmálaskólinn fær framlag úr ríkissjóði til reksturs skólans og gerir skólastjóri fjárhagsáætlanir fyrir hann. Talsmenn BSRB hafa einnig aðgang að Félagsmálaskólanum. Skólinn hefur að mestu verið fjármagnaður af framlagi frá ríkissjóði. Framlagið er stöðugt að minnka og gerðar hafa verið breytingar undanfarin ár til að mæta því. Nú hefur öll félagslega fræðslan verið færð undir einn hatt og er nú staðsett í

höfuðstöðvum ASÍ en áður sá Mímir – símenntun ehf. um framkvæmd félagslegu fræðslunnar. Jafnframt var ráðinn starfsmaður í fullt starf sem mun sinna öllu er snýr að trúnaðarmannanámskeiðum. Auk hans er starfandi við skólann starfsmaður í hálfu starfi fyrir utan skólastjóra.

Í samstarfi við skólanefnd Félagsmálaskólans og einnig menntanefnd móta starfsmenn heildarsýn fræðslustarfsins og stefnu fyrir hverja önn með það fyrir augum að stuðla að skilvirkri uppbyggingu, þróun og framkvæmd félagslegs náms fyrir trúnaðarmenn og talsmenn verkalýðshreyfingarinnar. Þarfagreining og stefnumótun fléttast inn í daglegt starf deildarstjórans og eru tengsl hans við talsmenn stéttarfélagá mikilvægur þáttur í starfi deildarinnar.

Þjónusta fræðsludeildar og Félagsmálaskóla alþýðu Trúnaðarmannanámskeið

Stéttarfélagin panta trúnaðarmannanámskeið hjá Félagsmálaskólanum og í samráði við starfsmenn hans eru gerð drög að dagskrám.

Trúnaðarmannanámskeiðin voru með hefðbundnum hætti á árinu. Alls voru 49 trúnaðarmannanámskeið haldin og voruðu þau allt frá tveimur dögum til fimm. Alls sóttu 607 námskeiðin, þar af voru 462 konur og 145 karlar. Þetta er meiri þátttaka en frá fyrra ári en þá sóttu 585 námskeiðin.

Formlegt mat á trúnaðarmannanámi

Trúnaðarmannanámskeiðin eru metin til eininga á framhaldsskólastigi. Samningur er við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og gefnar hafa verið út tvær námskrár, þ.e. Trúnaðarmannafræðsla I og II, samtals 142 kennslustundir. Námskrárnar eru í stöðugri endurskoðun og einnig er verið að undirbúa þriðju námskrána. Markmiðið með formlegu mati er að efla trúnaðarmannafræðsluna, fjölga námsþáttum og gera trúnaðarmönnum kleift að nýta sér námskeiðin ef þeir vilja halda áfram námi. Þá hefur Félagsmálaskólinn fengið aðgang að sameiginlegu nemendabókhaldi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Sérstök námskeið

Félagsmálaskólinn, í samvinnu við Samtök atvinnulífsins og Landssambands líffeyrissjóða, hélt námskeið fyrir fulltrúa í stjórnnum líffeyrissjóða. Markmið námskeiðsins var að efla árangur, ábyrgð og trúverðugleika líffeyrissjóða með því að treysta faglegan grunn stjórnarmanna, m.a. á sviði lagalegra, rekstrarlegra, fjárhagslegra og siðferðilegra viðfangsefna. Mikilvægt er bæði að efla þekkingu og hæfni þessara aðila til þess að sinna hlutverki sínu í stjórnnum sjóðanna sem og tryggja að þessir fulltrúar uppfylli þær kröfur sem gerðar eru skv. lögum og reglum. Námskeiðið mun nýtast þátttakendum sem einn liður af mörgum við mat Fjármálaeftirlitsins á faglegu hæfi þeirra. Námskeiðið var

haldið tvisvar og fyrirhugað er að halda fleiri á komandi misserum enda eftirspurn mikil.

Þá er vinna enn í gangi með tveimur meistaranemum við Háskóla Íslands undir leiðsögn Gylfa Dalmanns Aðalsteinssonar. Annars vegar er um að ræða verkefni um hvernig efla megi starf trúnaðarmanna, mikilvægi þess og sýnileika og hins vegar að útbúa handbók fyrir stéttarfélög. Bæði þessi verkefni eru nú í vinnslu og stefnt að því að þeim verði lokið nú um áramót.

Námskeið

Almenn námskeið eru í boði fyrir stéttarfélög og gefinn hefur verið út heildarþæklingur með öllum þeim námskeiðum sem Félagsmálaskólinn býður upp á en þau eru alls 42. Sú breyting hefur orðið að nú eru ekki haldin námskeið á fyrir fram ákveðnum dögum eins og undanfarin misseri heldur eru þau pöntuð sérstaklega af einstökum félögum. Reynslan hefur sýnt að meiri aðsókn er á þau námskeið sem félögin panta sérstaklega.

Haustið 2010 voru 12 almenn námskeið haldin fyrir 10 félög. Það voru: Samningatækni (x2), Réttur til atvinnuleysisbóta (x2), Formlegur undirbúningur kjarasamninga, samningaviðræður og boðun verkfalla (x5), Að stjórna eigin hugafari (x2), ESB, hvað er það?

Vorið 2011 voru 9 almenn námskeið haldin fyrir 5 félög. Það voru: Ræðumennska og framkoma, Samningatækni (x2), Réttur til atvinnuleysisbóta, Samningatækni, Starfslok (x2), Tryggingar og kjarasamningar, Erfiðu mál trúnaðarmannsins.

Alls sóttu 299 talsmenn námskeiðin þetta skólaár, þar af 129 konur og 170 karlar.

Þetta er töluverð aukning frá fyrra ári en þá sóttu 207 talsmenn almenn námskeið.

Genfarskólinn

MFA sendir tvo þátttakendur í Genfarskólann sem haldinn er í tengslum við þing Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar í Genf. Nemendur kynnst þinghaldinu og Alþjóðavinnuálagstofnuninni, ILO. Stofnunin starfar að vinnuálagum á vegum Sameinuðu þjóðanna. Fulltrúar á ILO-þinginu eru frá stjórnvöldum, atvinnurekendum og samtökum launafólks um allan heim. Þátttakendur kynnst norrænu samstarfi á vettvangi ILO og geta kynnt sér ýmis alþjóðasamtök verkalýðshreyfingarinnar sem starfa í tengslum við ILO.

Aðild að Genfarskólanum eiga MFA-samböndin í Svíþjóð, Noregi, Danmörku, Finnlandi og hér á landi. Deildarstjóri fræðsludeildar situr í stjórn Genfarskólans. Á síðasta ári var Maríanna Traustadóttir, jafnréttisfulltrúi ASÍ, skólastjóri Genfarskólans.

Útgáfa

Á vegum fræðsludeildar er bæði gefið út efni í prentuðu formi og rafrænu. Til að auðvelda trúnaðarmönnum og félagsmönnum aðgengi að upplýsingum hefur verið útbúið upplýsingaveita sem kallast *vefnám trúnaðarmannsins* og er á heimsíðu skólans. Vefnámið gerir fólki kleift að sækja sér upplýsingar um störf trúnaðarmanna hvar og hvenær sem því hentar. Þá er einnig efni á heimasíðu Félagsmálaskólans um einelti sem trúnaðarmenn og talsmenn, sem og aðrir, geta nýtt sér.

Handbók trúnaðarmannsins

Handbók trúnaðarmannsins kom fyrst út vorið 2004 og hefur selst í 3207 eintökum. Mörg félög hafa keypt handbókina fyrir alla trúnaðarmenn sína. Handbókin er í stöðugri endurskoðun. Þá hafa fimm kaflar verið þýddir á sex tungumál: ensku, pólsku, portúgölsku, tagalog, rússnesku og þýsku. Nú er allt efni hennar aðgengilegt á netinu, á veffanginu www.felagsmalaskoli.is

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA)

Þann 24. nóvember 2010 var undirritaður nýr þjónustusamningur milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) til fimm ára frá og með árinu 2011. Jafnframt var undirrituð samstarfsyfirlýsing Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Samtaka atvinnulífsins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, fjármálaráðuneytisins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins um að efla samstarf sitt um að hækka menntunarstig íslensku þjóðarinnar til aukinnar virkni í atvinnulífi og samfélaginu í heild. Í yfirlýsingunni er vísað til fyrra samstarfs á vettvangi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Aðilar samkomulagsins munu vinna sameiginlega að því að minnka hlutfall vinnuafsisins, sem er án viðurkenndrar starfs- og framhaldsskólamenntunar, þannig að hlutfallið verði ekki hærra en 10% árið 2020. Verkefni Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í nýjum þjónustusamningi byggja á samstarfsyfirlýsingunni. Nýtt verkefni FA í þjónustusamningnum er að hafa umsýslu með Fræðslusjóði og veita honum þjónustu.

Lög um framhaldsfræðslu tóku gildi 1. október 2010. Stjórn Fræðslusjóðs var skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra frá 13. október 2010 til 12. október 2014. Þar sem lögini tóku gildi seint á árinu var ákveðið að hafa úthlutunarreglur og skilmála að mestu óbreytta milli ára en vinna að stefnumótun á árinu 2011 og kynna nýjar reglur vegna úthlutunar fyrir árið 2012.

Starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins flutti þann 23. maí sl. að Ofanleiti 2 á 5. hæð hússins. Fræðslusjóðirnir Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt leigja húsnæði af FA eins og áður. Starfsmennt, sem er fræðsluáðili á vegum opinbera vinnumarkaðarins, leigir einnig hluta 5. hæðar hússins.

Mímir-símenntun tók á leigu 3. hæðina í Ofanleiti 2. Með þessum flutningi lýkur húsnæðissamstarfi því sem var í Skeifunni 8.

Á árinu 2010 var Starfsmenntaráð lagt niður og tóku Fræðslusjóður og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins yfir hluta þeirra verkefna sem áður höfðu fallið undir Starfsmenntaráð. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins tók að sér umsjón með Starfsmenntaverðlaunum 2010. Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti verðlaunin en þau hlutu: Í flokki fyrirtækja: Reykjavíkurborg fyrir verkefnið Íslenskuskólinn; í flokki skóla og fræðsluaðila: Landbúnaðarháskóli Íslands/Endurmenntun Landbúnaðarháskóla Íslands fyrir verkefnið Grænni skógar og í flokki félagasamtaka og einstaklinga: Starfsafl fyrir verkefnið Fræðslustjóri að láni og Kaffitár sem fulltrúi fyrirtækja í verkefninu Fræðslustjóri að láni.

Stjórn

Stjórnarmenn í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins árið 2010–2011 voru fyrir hönd ASÍ: Halldór Grönvold, Finnbjörn A. Hermannsson og Atli Lýðsson, fyrir hönd SA: Guðrún Eyjólfsdóttir, María Guðmundsdóttir og Torfi Pálsson, fyrir hönd fjármálaráðuneytisins: Guðmundur H. Guðmundsson og fyrir hönd BSRB: Árni Stefán Jónsson. Varamenn í stjórn voru: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir fyrir hönd ASÍ, Jónína Gissurardóttir fyrir hönd SA, Guðfinna Harðardóttir fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Arna Jakobína Björnsdóttir fyrir hönd BSRB. Ingibjörg R. Guðmundsdóttir lést í lok árs 2010 og hennar sæti sem varamaður í stjórn tók Eyrún Ingadóttir. Stjórnin hélt 11 stjórnarfundir á árinu 2010 og fram til 1. september 2011 voru haldnir 7 stjórnarfundir og aðalfundur þann 16. júní 2011.

Starfsmenn

Starfsmenn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins 2010–2011 voru: Ingibjörg E. Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri, Ásmundur Hilmarsson, Björgvin Þór Björgvinsson, Björn Garðarsson, Fjóla María Lárusdóttir, Guðmunda Kristinsdóttir, Guðrún Reykdal, Halla Valgeirsdóttir, Haukur Harðarson, Lena Hulda Nilsen, Sigríður Jóhannsdóttir, Sigrún Jóhannesdóttir og Sigrún Kristín Magnúsdóttir. Þær Halla og Lena Hulda fóru í fæðingarorlof um mitt ár 2011 og í þeirra stað voru ráðnar Jórunn Magnúsdóttir og Steinunn Júlíusdóttir. Tímabundið var Eyjólfur Bjarnason ráðinn til þjónustustarfa fyrir Landsmennt, starfsmenntun Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni. Stöðugildi voru 11,8 á árinu. Haldnir voru 20 starfsmannafundir á árinu 2010 og fram til 5. september 2011 voru haldnir 9 starfsmannafundir.

Þjónustusamningur og starfsáætlun FA árið 2011

Allir þjónustusamningarnir, sem gerðir hafa verið við mennta- og menningarmálaráðuneytið eiga það sammerkt að markhópar starfseminnar er fólk á vinnumarkaði, sem ekki hefur lokið framhaldsskóla, innflytjendur og aðrir sambærilegir hópar. FA er ekki ætlað að sinna markhópum sínum beint heldur í gegnum samstarfsaðila sína sem eru fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar innan KVASIS, í iðngreinum og á vegum opinbera vinnumarkaðarins. Alls eru þetta 14 fræðsluaðilar.

Starfsáætlun FA 2011 byggir á nýjum þjónustusamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið sem er nokkuð breyttur frá þeim samningum, sem áður hafa verið gerðir, einkum vegna nýrra laga um framhaldsfræðslu. Hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu er unnið að því að setja reglugerð á grundvelli laganna.

Auk þeirra verkefna, sem unnin eru á grundvelli þjónustusamningsins, vinnur FA að nokkrum stórum verkefnum með öðrum aðilum sem hafa samlegðaráhrif í starfinu en eru fjármögnuð með öðrum hætti.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim verkefnum, sem tilgreind eru í þjónustusamningnum, auk annarra verkefna.

Námskrár og námslýsingar

Uptaka íslenska viðmiðarammans og áhrif þess á námskrár FA hefur verið undirbúin með efnisöflun, umræðum og tilraunum. Vinna er hafin við gerð reglna um vottun námskráa skv. 6. gr. laga nr. 27/2010. Verkið er unnið undir stjórn mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

BSRB, fjármálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa bæst í hóp eigenda FA. Hafin er vinna við breytingar á framsetningu og skipulagi útgefinna námskráa vegna starfsmenntunar opinberra starfsmanna. Helstu verkefni 2010–2011 í sambandi við námskrár og námslýsingar voru eftirfarandi:

Meðferð matvæla: Lýsir 60 kennslustunda námi fyrir starfsmenn í matvælafyrirtækjum, var skrifuð, reynd í kennslu, lagfærð og búin undir prentun á síðasta ári. Námskráin var vottuð til 5 eininga og gefin út í ársbyrjun 2011.

Nám í stóriðju: Byggir á Stóriðjuskóla ÍSAL. Námskráin lýsir 447,5 kennslustunda grunnnámi, sem var metið til allt að 34 eininga, og 577,5 kennslustunda framhaldsnámi sem var metið til allt að 44 eininga. Námið í heild sinni er metið til 78 eininga. Námskráin var gefin út í ársbyrjun 2011.

Menntastoðir: Hafin voru skrif á námskránni Menntastoðir á sl. ári. Námskráin lýsir 660 kennslustunda námi til undirbúnings námi í frumgreinadeildum Keilis, Háskólans í Reykjavík og Háskólans á Bifröst. Samráð var haft

við fulltrúa skólanna, einkum um efni og lengd. Námskráin var skrifuð eftir ÍS-NQF-viðmiðum á grundvelli laga um framhaldsfræðslu. Þar sem reglugerð um vottun námskráa hefur ekki tekið gildi er námskráin Menntastoðir tilraunametin í eitt ár til 50 eininga.

Opin smiðja: Skrif námskrár fyrir 80 klukkustunda opna smiðju hófst seint á síðasta ári. Námskráin er skrifuð eftir ÍS-NQF-viðmiðum. Opin smiðja er námskrá sem er skrifuð sem snið fyrir símenntunarmiðstöð til að skrifa námskrá um starf eða hluta starfs sem þekkt er á vinnumarkaði. Þar sem reglugerð um vottun námskráa hefur ekki tekið gildi er námskráin Opín smiðja tilraunametin í eitt ár til 10 eininga.

Tæknismiðja: Samstarfshópur vann að undirbúningi námskrár undir heitinu Tækni í námi og starfi/Tæknismiðja. Námið er ætlað þeim sem vilja nota tölvutækni einkum við lestur, skrift, skipulagningu verkefna o.fl. Vonir eru bundnar við að námið henti fólki með læsisvanda, með ADHD, þeim sem vilja skipuleggja sig betur, þeim sem vilja kynnast mynd- og hljóðmiðlum við nám og möguleikum jaðartækja og hjálparforrita.

Starfsmenntun stuðningsfulltrúa: Unnið var að námskrá fyrir stuðningsfulltrúa sem lýsir 160 kennslustunda grunnnámi og 80 kennslustunda framhaldsnámi fyrir þá sem þjónusta fatlaða, aldraða og sjúka eða hafa hug á að starfa við það. Námskrárnar eru unnar af Starfsmennt Fræðslusetri sem sinnir endur- og símenntun starfsmanna ríkisins.

Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum: Lýsir 60 kennslustunda námi fyrir þá sem starfa náið með stjórnendum eða hafa hug á slíku starfi. Námskráin er unnin af Starfsmennt Fræðslusetri, sem sinnir endur- og símenntun starfsmanna ríkisins. Á vormánuðum hófst vinna við framsetningu námskrárinnar eftir stílsniði námskráa Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og íslenskum viðmiðaramma. Námskráin verður lögð fyrir matsnefnd í haust.

Talsmaður breytinga á vinnustað: Lýsir 80 kennslustunda námi fyrir þá starfsmenn sem vilja koma að innleiðingu breytinga og ýta undir nám starfsmanna á vinnustað. Námskráin er unnin af Starfsmennt Fræðslusetri sem sinnir endur- og símenntun starfsmanna ríkisins.

Fræðslusjóður

Stjórn Fræðslusjóðs tók til starfa í lok nóvember á síðasta ári samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu. Stjórnin hefur haldið 8 fundi frá upphafi og þar á meðal stóran stefnumótunarfund í júní þar sem boðaðir voru fulltrúar ýmissa samstarfsaðila til samráðs.

FA þjónustar stjórn sjóðsins og hefur umsýslu með honum samkvæmt nýjum þjónustusamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Stjórn Fræðslusjóðs er skipuð eftirtöldum fulltrúum: Jón Torfi Jónasson,

skipaður af mennta- og menningarmálaráðherra án tilnefningar og er hann formaður stjórnar; Kristín Njálsdóttir, skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra án tilnefningar sem varaformaður stjórnar; tilnefnd af ASÍ í stjórn eru Atli Lýðsson og Halldór Grönvold, til vara eru Ástríður Valbjörnsdóttir og Guðmundur Gunnarsson; tilnefnd af SA í stjórn eru Guðrún Eyjólfsdóttir og Álfheiður Mjöll Sívertsen og til vara Friðrik Friðriksson og Ingi Bogi Bogason; tilnefnd af BSRB í stjórn eru Garðar Hilmarsson og til vara Kristín Á. Guðmundsdóttir; tilnefnd sameiginlega af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneyti eru Guðfinna Harðardóttir og til vara Guðmundur H. Guðmundsson; tilnefnd af félags- og tryggingarmálaráðuneyti eru Anna Kristín Gunnarsdóttir og til vara Bjarnheiður Gautadóttir; tilnefnd af Félagi íslenskra framhaldsskóla eru Olga Lísu Garðarsdóttir og til vara Þór Pálsson.

FA hefur það hlutverk að hafa umsjón með sjóðnum og þjónusta hann. FA boðar fundi í samráði við formann stjórnar, ritar fundargerðir, annast fjármál, m.a. gerð fjárhagsáætlana á grundvelli ákvarðana stjórnar sjóðsins, annast bókhald og eftirfylgni með fjármunum og notkun þeirra.

FA gerir samninga við fræðsluaðila fyrir hönd stjórnar Fræðslusjóðs, safnar upplýsingum um framgang verkefna, aflar tölfræðilegra upplýsinga um árangur í starfinu og miðlar þeim til stjórnarinnar.

FA vinnur að gerð verkferla, skilmála og úthlutunarreglna á grundvelli ákvarðana stjórnar sjóðsins. Á árinu 2011 ákvað stjórn Fræðslusjóðs að hafa flestar reglur og skilmála lítið breytta frá því sem gildi meðan FA úthlutaði fé til fræðsluaðila.

Í vor hófst stefnumótun Fræðslusjóðs með fjarumræðuborði þar sem fræðsluaðilar svöruðu á vefnum ýmsum spurningum um starfsemina, markhópinn, fjármál og svæðaskiptingu. Í júní var tveggja daga stefnumótunarfundur stjórnar Fræðslusjóðs þar sem unnið var áfram með þær hugmyndir og áherslur sem m.a. komu fram í fjarumræðuborðinu. Hróbjartur Árnason stýrði stefnumótunarfundi með gestum þann 14. júní og stjórnin hélt síðan stjórnarfund daginn eftir til að vinna úr niðurstöðum þessara viðburða.

FA tekur á móti umsóknum vegna úthlutana úr Fræðslusjóði og veitir sérfræðiráðgjöf eftir því sem stjórn sjóðsins óskar eftir. Á þessu ári hefur sú ráðgjöf fyrst og fremst falist í því að fara yfir umsóknir um vottaðar námsleiðir, raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf, benda á samlegðaráhrif og draga fram upplýsingar úr reynslubrunni sínum.

Söfnun, varðveisla og miðlun upplýsinga

Greiðslur til fræðslu- og símenntunarmiðstöðva vegna vottaðra námsleiða, raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar komu fyrst inn í samninga FA árið 2006 og hafa því verið framkvæmdar í fimm ár með sama hætti. Á grundvelli


nýrra laga um framhaldsfræðslu, sem tóku gildi seint á árinu 2010, munu þessar greiðslur færast yfir til Fræðslusjóðs frá og með árinu 2011.

Hér verður gerð grein fyrir starfinu árið 2010. Framlag til miðstöðvanna greinist í fjóra hluta:

- I. Framlag til vottaðs náms hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum.
- II. Framlag til símenntunarmiðstöðvanna vegna náms- og starfsráðgjafar.
- III. Framlag til námsráðgjafar og raunfærnimats hjá fræðslumiðstöðvum iðngreina.
- IV. Framlag úr sérstökum sjóði til raunfærnimats og ráðgjafar.

I. Framlag til vottaðra námsleiða

Samstarfsaðilar FA í vottuðum námsleiðum á árinu 2010 voru tíu fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar innan KVASIS, ásamt IÐUNNI fræðslusetri. Vottað nám er skilgreint sem nám samkvæmt námsleiðum sem hafa verið sérhannaðar fyrir fólk á vinnumarkaði, sem ekki hefur lokið framhaldsskóla, og metnar hafa verið til eininga á framhaldsskólastigi.



Á árinu 2010 var ákveðið að verja tæplega 421,8 milljónum króna til framkvæmdar á vottuðum námsleiðum hjá samstarfsaðilunum, þar af var úthlutað 22,3 milljónum úr sjóði vegna erfiðrar stöðu á vinnumarkaði. Mímír-símenntun og allar fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni innan KVASIS fengu fjármagn til að kenna eftir vottuðum námsleiðum á árinu.

Árið 2010 voru þátttakendur í vottuðum námsleiðum, sem FA fjármagnar, 2.398 talsins í 195 námsleiðum. Um 67% þátttakenda voru af landsbyggðinni

en 33% sóttu námið hjá Mími-símenntun í Reykjavík. Hlutfall landsbyggðarinnar hefur vaxið síðustu tvö árin en árið 2008 var hlutfall landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis jafnt. Þátttakendum fjölgar hjá öllum símenntunarmiðstöðvum á milli ára nema einni en þátttakendum fjölgaði á milli árana 2009 og 2010 úr 1.973 í 2.398 eða um 425 (22%). Mun fleiri konur en karlar eru þátttakendur í vottuðum námsleiðum FA en á síðustu árum hefur körlum fjölgað mikið og er hlutfall þeirra nú komið í 32%.


Loknum einingum á milli árana 2009 og 2010 fjölgaði um 51% en á sama tíma lækkaði áætlaður kostnaður á einingu um 6% og nam hann 13.966 kr. árið 2010.

Ár	Fjöldi námskeiða	Fjöldi þátttakenda	Fjöldi nemendastunda	Fjöldi lokinna eininga	Fjármagn í krónum
2009	168	1.973	253.171	20.041	297.263.239
2010	195	2.398	381.199	30.199	421.759.333
Breyting (%)	16%	22%	51%	51%	42%

Nemendastundum í vottuðum námsleiðum með fjármagni frá FA fjölgaði um rúmlega 128 þúsund á milli árana 2009–2010 sem er um 51%. Fjármagn óx aftur á móti um 42% eða úr rúmlega 297 millj. í tæplega 421,8 millj. kr. Á árinu 2010 voru samtals 58.018 nemendastundir kenndar hjá símenntunarmiðstöðvum í vottuðum námsleiðum án fjármagns frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Á árinu 2009 nam vottað nám greitt af öðrum en FA samtals 19.994 nemendastundum þannig að nemendastundum greiddum af öðrum fjölgar um 190% á milli ára. Næsta mynd sýnir aukningu í vottuðu námi greiddu af FA og vottuðu námi greiddu af öðrum:

Á árinu 2010 var fjöldi atvinnuleitenda í öllum vottuðum námsleiðum FA 1.247, þar af voru karlar 590 (47%) en konur 657 (53%). Atvinnuleitendur sóttu samtals 215.546 nemendastundir, þar af voru 83.305 nemendastundir hjá Mími-símenntun.

Næsta tafla sýnir fjölda atvinnuleitenda eftir kynjum í vottuðum námsleiðum FA, fjölda nemendastunda og heildarfjölda nemendastunda flokkað eftir símenntunarmiðstöðvum. Flestir atvinnuleitendur sóttu Grunnmenntaskólann (84.000 nemendastundir), þar næst Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum (52.772 nemendastundir), síðan Sterkari starfsmaður (29.550 nemendastundir) en þar á eftir komu námsleiðirnar um Færni í ferðaþjónustu



Tafla 2. Atvinnuleitendur í vottuðum námsleiðum FA 2010

Fræðsluaðilar (fjármagn frá FA og annað)	Karlar	Konur	Samtals	Nemendast. atv.leit.	Heildar-nemst.
Mímír-símenntun	253	229	482	83.305	149.324
MSS	102	170	272	52.690	79.244
Sím. á Vesturlandi	68	67	135	19.090	24.651
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	16	22	38	3.753	18.540
Farskólinn á Norðurlandi vestra	17	20	37	4.080	17.826
Síney	60	59	119	24.360	68.662
Þekkingarnet Þingeyinga	4	4	8	1.638	6.110
Þekkingarnet Austurlands	28	50	78	10.740	22.835
Fræðslunet Suðurlands	39	30	69	13.940	24.043
Viska, Vestmannaeyjum	3	6	9	1.950	5.250
Sjávarútvegsráðuneytið					8.580
Félagsmálaskóli alþýðu					14.152
Samtals	590	657	1.247	215.546	439.217

(samanlagt 21.276 nemendastundir). Alls voru 14 mismunandi námsleiðir kenndar fyrir atvinnuleitendur.

II. Framlag til náms- og starfsráðgjafar hjá símenntunarmiðstöðvum

Árið 2010 var samtals 59,6 milljónum kr. úthlutað til náms- og starfsráðgjafar samkvæmt reiknilíkani til símenntunarmiðstöðva. Þá var einnig úthlutað 55,4

milljónum úr sérstökum sjóði vegna raunfærnimats og ráðgjafar. Samtals var því úthlutað 115 milljónum króna í náms- og starfsráðgjöf til fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á árinu.

Allar fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar innan KVASIS, Starfsmennt, IÐAN fræðslusetur og Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins fengu úthlutað úr sérstökum sjóði sem ætlaður er til raunfærnimats og ráðgjafar.

Árið 2010 héldu fræðsluaðilar 166 kynningarfundir og þar af voru 70 kynningar á vinnustöðum eða 42%. Árið 2008 var hlutfall vinnustaðakynninga 83%. Kynningarnar árið 2010 sóttu 2.279 manns og komu 813 í viðtal hjá ráðgjafa í framhaldi af þeim. Verkefnið Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað hefur nú verið í gangi í fimm ár og eru einstaklingar því farnir að þekkja þessa þjónustu og sækja viðtöl hjá ráðgjöfum að eigin frumkvæði.

Heildarfjöldi ráðgjafarviðtala hjá símenntunarmiðstöðvunum árið 2010 var 8.552 viðtöl á móti 5.469 árið 2009 sem er aukning um 56%, sjá næstu töflu.



Tíu símenntunarmiðstöðvar af ellefu náðu sínum markmiðum fyrir árið 2010 í ráðgjafarviðtölum í náms- og starfsráðgjöf. Meðalverð fyrir hvert einstaklingsviðtal til fræðslu- og símenntunarmiðstöðva árið 2010 var 13.447 kr. en 9.963 kr. þegar fast framlag til starfseminnar er undanskilið. Allar miðstöðvar hafa náð að fjölga viðtölum á milli ára. Fjöldi viðtala í hópráðgjöf árið 2010 voru 2.028 (19%). Næsta mynd sýnir samanburð á fjölda ráðgjafarviðtala milli ára.

Tafla 3. Fjöldi ráðgjafarviðtala hjá símenntunarmiðstöðvum 2007-2010

Ár	2007	2008	2009	2010
Fjöldi ráðgjafarviðtala	2.789	2.799	5.469	8.552

Árið 2007 voru karlar 39% ráðþega og konur 61%, næstu ár fjölgaði körlum jafnt og þétt og árið 2010 voru karlar 57% þeirra sem sóttu viðtöl hjá ráðgjafa. Starf náms- og starfsráðgjafa símenntunarmiðstöðvanna hefur breyst mjög mikið með breyttum aðstæðum á íslenskum vinnumarkaði. Í stað þess að fara út á vinnustaði til þess að fá fólk í viðtöl eru viðtöl við atvinnuleitendur 59% allra viðtala náms- og starfsráðgjafa símenntunarmiðstöðvanna en árið 2008 var þetta hlutfall 9%.

Þegar viðtöl atvinnuleitenda eru skoðuð eftir fræðsluaðilum má sjá að langflestir atvinnuleitendur eru á SV-horninu hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (1.831 eða 30% atvinnuleitenda árið 2010) og hjá Mími-símenntun (1.502 eða 25% atvinnuleitenda).



III. Framlag til náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats hjá fræðslumiðstöðvum iðngreina

Til fræðslumiðstöðva iðngreina var veitt 97.078.000 kr. á árinu 2010, 61.258.800 kr. vegna raunfærnimats og 35.819.200 kr. vegna ráðgjafar. Í raunfærnimati var skipting fjármuna eftirfarandi: kr. 11.730.800 skv. líkani FA en 49.528.000 úr sérstökum sjóði um ráðgjöf og raunfærnimats. Í ráðgjöfinni var skipting fjármuna eftirfarandi: kr. 24.069.200 var úthlutað skv. líkani en kr. 11.750.000 komu úr sérstökum sjóði um ráðgjöf og raunfærnimat.

Raunfærnimat í löggiltum iðngreinum

Alls fóru 269 einstaklingar í raunfærnimat í löggiltum iðngreinum á árinu 2010, 214 hjá ÍDUNNI fræðslusetri og 55 hjá Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins. Fjöldi staðinna eininga á árinu 2010 var 8.085 á móti 6.671 árið 2009 sem er 21% aukning á milli ára. Verð á hverja staðna einingu var 7.577 kr. að meðaltali án ráðgjafar en til samburðar var þessi upphæð 7.340 kr. árið 2009.

Meðaltal staðinna eininga á mann er 30,1 en eftir greinum frá 9,1 einingu í rafvirkjun til tæplega 59,5 eininga í stálsmiði. Þess ber að geta að meðaltal staðinna eininga í kjötiðn var 90 einingar en þar spilar inn í að stór hluti var vinnustaðanám og því er ekki hægt að bera þær tölur saman við aðrar greinar. Sjá næstu töflu:

Á árunum 2007 til 2010 hefur 761 einstaklingur farið í gegnum raunfærni-

Tafla 4. Niðurstöður raunfærnimats 2010

Fræðsluáðili	Fjöldi einstak.	Fjöldi eininga í mati	Fjöldi staðinna eininga	Árangursviðmið	Fjármagn	Verð pr. einingu
Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins	55	668	499	469	3.230.800	6.475
ÍÐAN fræðslusetur	214	11.253	7.586	7.076	58.028.000	7.649
Samtals	269	11.921	8.085	7.545	61.258.800	7.577

Iðngrein	Fjöldi einstaklinga	Fjöldi mat-samtala	Fjöldi eininga í mati	Fjöldi staðinna eininga	
Bílgreinar		50	229	3.122	1.682
Húsasmíði		79	238	3.790	2.995
Kjötiðn - nám og vinnustaðanám		2	10	193	180
Matreiðsla - nám og vinnustaðanám		11	43	1.213	508
Matartækni		12	24	235	157
Málaraiðn		8	24	227	186
Múraraíðn		15	88	853	593
Pípulögn		15	48	560	441
Rafvirkjun		55	271	668	499
Stálsmiði		2	11	163	119
Vélstjórn		9	28	177	166
Vélvirkjun		11	68	720	559
Samtals	269	1.082	11.921	8.085	

mat í iðngreinum. Ef miðað er við að skólaárið skili að jafnaði 35 einingum til hvers einstaklings er fjöldi metinna skólaára orðin 629 talsins.

Árið 2007 stóðust þátttakendur 58% af þeim áföngum sem þeir þreyttu raunfærnimat í en árið 2009 var þetta hlutfall orðið 83%. Árið 2010 lækkaði hlutfallið frá fyrra ári og var 68%. Mjög mikilvægt er að þetta hlutfall sé gott því mikill kostnaður felst í því að einstaklingar fari í gegnum raunfærnimatsferlið án þess að standast viðmið. Markmiðið er að skimunarviðtal nái að greina á milli þeirra sem eiga erindi í matið og þeirra sem eiga ekki erindi en þó án þess að það hindri einstaklinga í að taka þátt.

Tafla 6. Einingar í raunfærnimati 2007-2010

Ártal	Einingar til mats	Staðnar einingar	Hlutfall staðinna eininga
2007	4.224	2.469	58%
2008	7.281	4.774	64%
2009	7.994	6.671	83%
2010	11.921	8.085	68%

Ráðgjöf í löggiltum iðngreinum

Samtals veittu IÐAN fræðslusetur og Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins 2.247 viðtöl á árinu 2010, þar af IÐAN 1.722 viðtöl en Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins 525 viðtöl. Viðtölum hjá ráðgjöfum fræðsluskrifstofa iðngreina hefur fjölgað mikið líkt og hjá ráðgjöfum símenntunarmiðstöðvanna. Árið 2007 tóku ráðgjafar IÐUNNAR og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins samtals 1.171 viðtal vegna raunfærnimats og ráðgjafar en 2.247 viðtölum árið 2010, sjá næstu töflu:

Af þeim 2.247 viðtölum, sem ráðgjafar IÐUNNAR fræðsluseturs og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins tóku, voru 724 viðtöl eingöngu vegna raunfærnimats

Tafla 7. Fjöldi ráðgjafaviðtala hjá fræðslumiðstöðvum iðngreina 2007-2010

Ár	2007	2008	2009	2010
Fjöldi ráðgjafaviðtala	1.171	858	1.298	2.247

eða 32%. Þar til viðbótar bætast við 231 viðtal sem ráðgjafar símenntunarmiðstöðva tóku vegna raunfærnimatsverkefna í iðngreinum. Heildarfjöldi ráðgjafarviðtala vegna raunfærnimats árið 2010 er því 955 viðtöl. Næsta tafla sýnir árangur í ráðgjöfinni hjá fræðslumiðstöðvum iðngreina á árinu 2010.

Tafla 8. Fjármagn til fræðslumiðstöðva iðngreina 2010

Fræðsluaðili	Fjöldi viðtala	Árangurs- markmið	Fé til ráðgjafar með föstu framlagi	Kostnaður á viðtal með föstu framlagi	Fé til ráðgjafar án fasta framlags	Kostnaður á viðtal án fasta framlags
Fræðsluskrifstofa rafíðnaðarins	525	402	8.669.200	16.513	7.169.200	13.656
IDAN fræðslusetur	1.722	1.675	27.150.000	15.767	16.900.000	9.814
Samtals	2.247	2.077	35.819.200	15.941	24.069.200	10.712

IV. Sérstakur sjóður til raunfærnimats og ráðgjafar

Auk áðurnefndra raunfærnimatsverkefna í löggiltum iðngreinum voru á árinu 2010 gerðir 6 samningar um raunfærnimat sem ekki tengjast iðngreinum, fjórir um Raunfærnimat bankamanna, einn um Verslunarfagnám og einn um Skrifstofubraut. Til raunfærnimatsverkefna utan iðngreina var veitt samtals kr. 9.415.000 en sú upphæð lækkaði um kr. 1.287.000 vegna færri staðinna eininga og því var kr. 8.128.000 veitt í þessi 6 verkefni á árinu 2010. Skiptingin var eftirfarandi:

- Raunfærnimat bankamanna: Fjórir samningar = kr. 4.750.000
 - Símeý (tvö verkefni): kr. 2.150.000. Fjöldi sem lauk: 23 einstaklingar en öðru verkefninu er ólokið.
 - Mímír-símenntun: kr. 1.350.000. Fjöldi sem lauk: 27 einstaklingar
 - Þekkingarnet Austurlands: kr. 1.250.000. Fjöldi sem lauk: 25 einstaklingar (14 á Egilsstöðum og 11 á Höfn)
- Verslunarfagnám:
 - Mímír-símenntun kr. 2.214.000, samstarfsaðilar voru Símeý og Viska, Vestmannaeyjum. Fjöldi sem lauk bóknámi: 16 hjá Mími-símenntun með 515 staðnar einingar, 9 hjá Visku með 273 einingar og 7 hjá Símeý með 184 einingar. Fjöldi sem lauk vinnustaðahluta: 5 hjá Mími-símenntun með 55 staðnar einingar, 7 hjá Visku með 77 einingar en vinnustaðahlutanum hjá Símeý er ólokið.
- Skrifstofubraut:
 - Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS): = kr. 2.451.000, samstarfsaðilar voru Mímír-símenntun og Menntaskólinn í Kópavogi. Fjöldi sem lauk: 13 hjá Mími-símenntun með 186 staðnar einingar og 9 hjá MSS með 158 einingar.

Á árinu 2009 hófst verkefnið Raunfærnimat leikskólaliða hjá Mími-símenntun en samstarfsaðilar þessa verkefnis voru Borgarholtsskóli, Þekkingarnet Þingeyinga og Framhaldsskólinn á Húsavík. Verkefninu lauk á árinu 2010 en alls luku 18 einstaklingar raunfærnimatinu, 9 í Reykjavík og 9 á Húsavík.

Öflun upplýsinga fyrir markhóp

Starfsfólk FA fylgist með því hvaða færnikröfur eru almennt gerðar til starfsfólks innan markhópsins og hver framtíðarsýnin er hér á landi og erlendis. Skýrslur frá CEDEFOP (Future Skill Needs in Europe focus on 2020) og European Commission (New Skills for New Jobs: Action Now), hafa verið skoðaðar og hafðar til hliðsjónar. Fylgst er með rannsóknum á Íslandi, s.s. greiningu á hæfni starfsmanna í íslenskum þjónustufyrirtækjum. Fylgst er með því hvað önnur lönd gera hvað varðar lykilhæfni og grunnleikni.

Einnig er með reglulegum hætti fylgst með tölum um þróun markhópsins frá Hagstofu Íslands og Vinnuálastofnun. Enn fremur er fylgst með upplýsingum frá OECD og samanburði við önnur lönd.

Skilgreining á menntunarþörfum markhóps

Unnið hefur verið að nýju verklagi við þarfagreiningar þar sem viðmiðaramm-inn er útgangspunkturinn. Ákveðið var að prófa verkfæri frá HRSG í Kanada en FA hefur haft aðgang að því í nokkurn tíma. Um er að ræða 30 þrepaskiptar lýsingar á færniþáttum (fimm þrep). Þýddir hafa verið 26 færniþættir á þremur þrepum. Samráð var haft við HRSG í Kanada um aðferðafræði við þarfagreiningar og áttu sér stað mikil bréfasamskipti auk tveggja veffundu.

Unnið hefur verið að nýju heildarskipulagi náms í framhaldsfræðslu sem einkennist af heildarsýn, gegnsæi, sveigjanleika og virkri atvinnulífstengingu – með skilgreindum námslokum á þrepum skv. viðmiðarammanum. Í þessu skyni hefur verið fylgst með því hvernig þessum málum er háttað í öðrum löndum aðallega með því að skoða vefsíður en einnig á ráðstefnum og í heimsóknum. Skipa á starfshóp til að vinna að námshönnuninni og hefur verið leitað til Menntaskólans í Kópavogi, sem er móðurskóli í ferðaþjónustu, og starfsgreinaráðs matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreina um tilnefningu í starfshópinn og var því vel tekið.

Unnið var að greiningu á störfum og færnikröfum til ákveðinna starfa í ferðaþjónustu sem verður notuð til hönnunar heildstæðs náms. Í samningi milli FA annars vegar og SAF og SGS hins vegar frá því í janúar sl. um tilraunaverkefni í ferðaþjónustu tekur FA að sér að greina færnikröfur til nokkurra starfa. Fyrir valinu orðu störf á veitinga- og gististöðum og var þeim skipt í 4 starfssvið. Greiningu með HRSG-aðferðinni er lokið og er úrvinnsla á

lokastigi. Eftir er að ganga frá stöðluðu formi fyrir starfagreininguna en færnigreiningin er stór hluti hennar.

Þróun aðferða í framhaldsfræðslu

Frá árinu 2003 hafa í FA verið byggðar upp og þróaðar fjölþættar námskeiðseiningar fyrir fræðslustarfsmenn, kennara og leiðbeinendur á sviði fullorðinsfræðslu sem nefnast Stiklur. Þessi námskeið hafa verið í boði fyrir samstarfsaðila FA. Stöðugt hefur verið unnið að því að þróa aðferðir, tæki og gögn um kennslufræði fullorðinna með þarfir markhóps FA að leiðarljósi í takt við breytta tíma og í samræmi við óskir og ábendingar samstarfsaðilanna. Einnig hefur verið byggt upp sérhæft gagnasafn um framhaldsfræðslu (u.þ.b. 600 bækur og önnur gögn) og mótaðar ýmsar aðferðir og mælistikur fyrir kennsluskipulag og námsefnisgerð.

Nú eru í boði eða þróun 17 mismunandi kennslufræðinámskeið, 7 kennslustundir hvert, sem má raða saman í lengri námskeið með mismunandi hætti eftir óskum hverju sinni, ásamt ráðgjöf og eftirfylgni. Skipulag námskeiðanna er með eftirfarandi hætti:

- Stiklur 1–3, grunnþættir í kennslufræði fullorðinna: Fræðslustarfsmaðurinn og kröfurnar í nútímasamfélagi (1), Fullorðnir nemendur og forsendur þeirra (2) og Undirbúningur og skipulag náms fyrir fullorðna (3).
- Stiklur 4–16, ítarnámskeið um ýmsa þætti kennslufræðinnar.
- Stiklur B, sérstök námskeið sem fylgja mismunandi námskrám FA.

Á árinu 2010 voru haldin 9 kennslufræðinámskeið og voru nemendastundir 963. Það sem af er árinu 2011 hafa 10 námskeið verið haldin og heildarfjöldi nemendastunda er 764. Á árinu 2011 hefur verið unnið að þróun þriggja nýrra námskeiða og námsefnis um a) skapandi hugsun í námi og starfi, b) grunnleikni (basic skills) í fullorðinsfræðslu, c) aðferðir við mismunandi námsmat í framhaldsfræðslu.

Á árinu 2011 hefur áfram verið unnið að því að bæta gagnasafn FA en rúmlega 90 nýjar bækur og skýrslur voru skráðar í gagnasafn FA. Gagnasafnið var sett upp á aðgengilegan hátt í nýju húsnæði FA í Ofanleiti 2. Gagnasafnið miðar að því að efla starfsþróun starfsmanna FA og auðvelda þeim að kynna sér nýjungar á sviði fullorðinsfræðslu en jafnframt nýtist það samstarfsaðilum FA og öðrum sem eftir því leita.

Á árinu 2011 var hafin vinna við handbók með kennslufræðilegum leiðbeiningum sem mun fylgja nýjum námskrám frá FA.

Tveir starfsmenn FA sóttu kennslufræðinámskeið í Belgíu og viðugu að efni til að nota í Stiklum.

Raunfærnimat

Frá 2004 hefur verið unnið að þróun raunfærnimats, frá 2006 hefur ríkið fjármagnað raunfærnimat hjá samstarfsaðilum FA. Hlutverk Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er að halda utan um og þróa aðferðafræði í raunfærnimati ásamt því að þjálfa fagfólk og virkja hagsmunaaðila til þátttöku í verkefnum.

Raunfærnimat hefur í flestum tilvikum verið framkvæmt á mótí námskrám í verklegum og verkþókklegum greinum. Í flestum tilvikum er um iðngreinar að ræða. Raunfærnimat hefur verið framkvæmt í 30 starfsgreinum. Tilrauna-verkefni hafa verið framkvæmd í öðrum greinum og í raunfærnimati á mótí viðmiðum sem mótuð hafa verið af atvinnulífinu. Nú er unnið markvisst að frekari útbreiðslu raunfærnimats í samráði við hagsmunaaðila.

Í mars 2010 voru samþykkt frá Alþingi lög um framhaldsfræðslu og er í þeim meðal annars fjallað um raunfærnimat. Þar er að finna skilgreiningu á raunfærni og hverjir eiga rétt á að raunfærni þeirra sé metin. Í framhaldi af lögnum hefur verið unnið að reglugerðarsmíði og hefur FA komið að henni með setu í vinnuhópum.

Hlutverk FA er að tryggja gæði og að aðferðafræði sé fylgt í þeim starfsgreinum, þar sem raunfærnimat er þegar í gangi, og stýra innleiðingu í nýjum greinum. Áhersla er á að tryggja aðkomu hagsmunaaðila og á réttindi þess sem fer í raunfærnimat ásamt því að halda áfram þjálfun fagfólks. Veitt er ráðgjöf vegna framhaldsverkefna en þegar um er að ræða verkefni í nýjum starfsgreinum hefur FA beina aðkomu að þeim. Það er gert með setu í stýrihópum, ráðgjöf til samstarfsaðila, þjálfun matsaðila og með útgáfu á leiðbeiningum og gátlistum. Einnig er það hlutverk FA að halda miðlægt utan um árangur og færnikröfur.

Alls voru haldin fjögur námskeið um raunfærnimat á árinu 2010, samtals 53 kennslustundir með 36 þátttakendum en nemendastundir voru 512. Á árinu 2011 hafa verið haldin þrjú námskeið í þjálfun matsaðila og tvö námskeið verða haldin í haust. FA hefur annast ráðgjöf til framkvæmdaraðila í raunfærnimati og síðustu misserin hefur áherslan verið á að raunfærnimeta aðrar greinar en löggiltar iðngreinar. Hér að neðan má sjá hvaða verkefni fóru í gang 2010–2011 eða eru fyrirhuguð í raunfærnimati utan iðngreina:

- Raunfærnimat bankamanna – lokið haustið 2010
- Skrifstofubraut – lokið vorið 2011
- Skrifstofubraut – verkefni II – hefst haustið 2011
- Verslunarfagnám – lokið að mestu vorið 2011
- Félagssliðar – hófst vorið 2011 en lýkur 2012
- Hljóðvinnsla – verkefni II – hófst haustið 2011
- Viðburðalýsing – stýring verkefnis hefst í september 2011
- Hljóðvinnsla – Stýring á verkefni – verkefni I – lokið vorið 2011

REVOW (Viðurkenning á gildi starfa) – Evrópskt samstarfsverkefni (IS, DK, IE, GR): Meginmarkmið verkefnisins er að skapa ramma fyrir viðurkenningu á færni sem þróast í störfum í gegnum ákveðið ferli sem þróað var í gegnum VOW-verkefnið og er nú yfirfært á nýjar greinar ásamt því að tenging við NQF/EQF er mynduð. FA stýrir verkefninu sem lýkur í desember 2011.

Á árinu 2011 var unnið að tilraunaverkefni þar sem hópur hljóðmanna var raunfærnimetinn út frá viðmiðum sem þróuð voru í samstarfi við atvinnulífið. Haldinn var samstarfsfundur í Grikklandi í vor og einnig hafa verið haldnir 4 veffundir á árinu. Vinna við lokaafurðir verkefnisins er nú í gangi í samstarfi landanna sem og undirbúningur lokaráðstefnu sem fram fer í Kaupmannahöfn 7. október.

ValidAid – Ráðgjöf við evrópsk samstarfsverkefni um þróun verkfæra í raunfærnimati (byggir einnig á VOW verkefninu líkt og REVOW): Haldnir voru tveir vinnufundir hvor með sínum hópi um raunfærnimat og ávinning þess fyrir einstaklinginn og atvinnulífið. Fagráð verslunar og þjónustugreina er formlegur samstarfsaðili á Íslandi. Á seinni hluta ársins verða skilgreindar færnikröfur þriggja starfa, sambærilegra eða svipaðra, innan fjármála-, verslunar- og upplýsingatækni og í framhaldinu gerð færni viðmið fyrir raunfærnimat. FA mun aðstoða við þá vinnu.

Nordplus – Rannsóknir á árangri og gæðum raunfærnimatsverkefna. Fyrsti fundur var haldinn í Helsinki 4. til 5. september 2011.

Vinna að því að útbúa líkan til skráningar á raunfærni inn í mannauðskerfi þar sem áhersla er lögð á að fylgja lærdómsviðmiðum framhaldsskólans við skráninguna og raða á hæfniprep: Verkefnið er unnið í samvinnu við Landspítala-háskólasjúkrahús. FA tók að sér að greina færnikröfur og notaði til þess nýja þýðingu á spjaldakerfi HRSG. FA skilaði af sér niðurstöðum um færnikröfur í júní 2011.

Unnið var að verkefnalýsingu vegna styrkja gegnum IPA-styrkjaáætlun Evrópusambandsins. Um er að ræða lýsingu á umfangsmiklu verkefni í raunfærnimati: 40 námskrár innan framhaldsskólans, 6 verkefni á mótum viðmiðum í atvinnulífinu og 6 hópar vegna raunfærnimats á grunnleikni ásamt starfsreynslu. Einnig yrði gæðakerfi í raunfærnimati sett í framkvæmd, fáist styrkur í verkefnið.

NVL – norrænt sérfræðinganeit um raunfærni: FA á sæti í norrænu sérfræðinganeiti um raunfærnimat og voru Fjóra María Lárusdóttir og Haukur Harðarson fulltrúar FA þar. Íslenska aðferðafræðin við raunfærnimat hefur vakið athygli innan sérfræðinganeitsins. Þó að aðferðafræði við raunfærnimat á Norðurlöndum byggji á viðmiðum Evrópusambandsins þá eru útfærslur með ýmsu mótum. Haldnir voru 4 fundir í sérfræðinganeitinu á árinu 2010, þar af einn á Íslandi. Á árinu 2011 er fyrirhugað að netið haldi þrjá fundi og er tveimur þeirra lokið.

Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjöf fyrir fólk í atvinnulífinu er nú starfrækt hjá öllum símenntunarmiðstöðvunum innan Kvasis auk IDUNNAR fræðsluseturs, Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins og Starfsmenntar. Hlutverk FA er að halda utan um samstarfsnet þessara ráðgjafa og bjóða upp á vettvang fyrir handleiðslu og ráðgjöf ásamt því að þróa ráðgjöfina í samstarfi við þá. Áherslur í samstarfinu eru í stöðugri þróun enda hefur notendahópurinn bæði breyst og stækkað undanfarin ár.

Viðtöl á árinu 2010 voru 10.799 talsins en 6.767 viðtöl árið 2009 sem er umtalsverð aukning (sjá nánar kaflann Framlag til náms- og starfsráðgjafar hjá símenntunarmiðstöðvum). Rúmlega helmingur notenda þjónustunnar er nú atvinnuleitendur og stór hluti þeirra kemur í gegnum samstarf við Vinnu-málastofnun en einnig er um að ræða einstaklinga sem sækja sér ráðgjöf að eigin frumkvæði í kjölfar heimsóknar ráðgjafa á vinnustað, í tengslum við námsleiðir hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum eða vegna raunfærnimats. Á fyrri hluta ársins 2011 voru viðtöl hjá ráðgjöfum símenntunarmiðstöðvanna tæplega 5.500 sem er mjög svipað og var á fyrri hluta ársins 2010 þegar þau voru tæplega 5.600. Hér að neðan er lýsing á helstu verkefnum FA 2010–2011 sem snúa að náms- og starfsráðgjöf:

Samráðsvettvangur – fræðslufundir: Á árinu 2010 voru haldnir fjórir fræðslu- og samráðsfundir með náms- og starfsráðgjöfum í samstarfsneti FA (heildarfjöldi þátttakenda á fundum var 79 og heildarfjöldi nemendastunda 711) og á árinu 2011 fram til 1. september hafa verið haldnir tveir fundir (heildarfjöldi þátttakenda á fundum var 44 og heildarfjöldi nemendastunda 396). Á árinu 2011 var m.a. unnið að gerð skimunarlista og forms fyrir upplýst samþykki í samráði við ráðgjafa.

Samstarf við Vinnu-málastofnun vegna atvinnuleitenda: Samstarf FA og Vinnu-málastofnunar (VMST) hófst í nóvember 2009 en samstarfið gengur út á að ráðgjafar á vegum samstarfsaðila FA leggi VMST lið í því að þjónusta atvinnuleitendur og leiðbeina þeim við færniþróun. Talsverðar umræður, er varða upplýsingamiðlun á milli ráðgjafanets FA og VMST hafa verið í gangi á árunum 2010 og 2011 og eru þau mál í góðum farvegi.

Sérfræðisetur um ævilanga náms- og starfsráðgjöf (SAENS): FA og ráðgjafanetið var í samstarfi við Sérfræðisetur um ævilanga náms- og starfsráðgjöf (SAENS) vegna rannsóknarinnar Raddir fullorðinna í ráðgjöf sem er samnorræn matsrannsókn styrkt af Norrænu tengslaneti um nám fullorðinna (NVL). FA kom að gerð spurningalista og hafði umsjón með söfnun netfanga notenda þjónustunnar í samráði við ráðgjafa símenntunarmiðstöðvanna á árinu 2010. SAENS hefur miðlað upplýsingum um niðurstöður verkefnisins til ráð-

gjafanets FA á fundum til úrvinnsluá netinu varðandi árangur ráðgjafarinnar og hvernig virkja megi raddir notenda í þjónustunni.

Gæði fræðslustarfs og ráðgjafar hjá vottuðum fræðsluaðilum

FA hefur frá upphafi unnið að því að efla gæði hjá fræðsluaðilum með námskeiðahaldi fyrir kennara og með þróun gæðaviðmiða sem unnin voru í samstarfi og samráði við samstarfsaðila. Fræðsluaðilar hafa haft aðgang að þessum gæðaviðmiðum frá 2006. Jafnframt hefur verið unnið að mótun kerfis til viðurkenningar fræðsluaðila í evrópsku samstarfi undir heitinu EQM (European Quality Mark). Þetta kerfi er tilbúið til notkunar og samkvæmt upplýsingum frá BSI fagstofu er auðvelt að byggja viðurkenningu fræðsluaðila á þeim viðmiðum sem sett eru fram í kerfinu. Evrópuskrifstofa hefur hins vegar ekki verið stofnuð ennþá. Gildistaka nýrra laga um framhaldsfræðslu kallar á ný vinnubrögð hvað þennan verklið varðar. Í lögnum er kveðið á um viðurkenningu fræðsluaðila.

Stefnt er að því að EQM-gæðakerfið verði innleitt á árinu og tilraunaúttekt fagaðila hjá einum fræðsluaðila er í undirbúningi. Markmiðið er að nota EQM-kerfið til viðurkenningar fræðsluaðila (ásamt öðrum viðurkenndum kerfum). Jafnframt verði unnin viðmið fyrir náms- og starfsráðgjöf og síðar raunfærni-mat inn í kerfið ásamt öðrum þáttum í starfsemi fræðsluaðila.

Tilkynnt var í byrjun júlí 2011 að umsókn um samstarfsnetið „European Quality Mark for non-formal learning providers – further development“ hefði hlotið styrk úr Leonardo-hluta Menntaáætlunar ESB. FA stýrir verkefninu. Samstarfsaðilar eru frá Bretlandi, Noregi, Litháen, Ítalíu, Eistlandi, Tyrklandi og Íslandi (FA og Landsmennt). Markmiðið með verkefninu er að vinna að því að EQM verði evrópskt gæðakerfi. Fyrsti fundur er fyrirhugaður á Íslandi í nóvember 2011.

Tveir starfsmenn FA sóttu ráðstefnu á vegum QALLL (Quality Assurance in Lifelong Learning) tengslanetsins í mars. Á fundi með íslenskum þátttakendum á ráðstefnunni, sem Leonardo-skrifstofan boðaði til, voru hafnar umræður um samstarf um ráðstefnu á Íslandi síðar á þessu ári um gæði fræðslustarfs og ráðgjafar.

Nemendabókhald

FA notar nemendabókhald sem er byggt inn í Námsnetið (MySchool) sem er í eigu Stúdíu. Námsnetið er einnig notað af framhaldsskólum og háskólum. Kerfið er í aðlögun að starfi framhaldsfræðslu. Nemendabókhaldið er í notkun hjá tíu samstarfsaðilum, Félagsmálaskóli alþýðu er að hefja notkun þess og IÐAN fræðslusetur og Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins nota það í tengslum

við skráningu á náms- og starfsráðgjöf. Inn í nemendabókhaldið eru færðar upplýsingar um námsmenn í stökum námskeiðum, þá sem stunda nám samkvæmt metnum námskrám FA og á sérstöku vinnusvæði eru upplýsingar um náms- og starfsráðgjöf.

Námsnetið MySchool inniheldur einnig kennslukerfi, m.a. til samskipta kennara og nemenda sem fræðsluaðilar hafa notað í auknum mæli.

Á árinu 2011 var unnið að fjölmörgum þáttum til að aðlaga kerfið að þörfum fræðsluaðila en hér að neðan má sjá hluta af þeim:

- Námið í tölum, viðbætur til að auka möguleika til tölfraðilegrar úrvinnslu.
- Bekkir – gert sérstaklega til hagræðis fyrir undirbúning, skipulag, umsjón og frágang náms samkvæmt vottuðum námskrám FA.
- Viðveruskráningar sem gerir kleift að fylgjast með tímasókn. FA gerir kröfu um a.m.k. 80% viðveru. VMST gerir kröfur um viðveru og upplýsingar um viðveru og fjarvistir eftir vikudögum.
- Stundatöflur, stundatöflulisti, árekstravörn stofunotkunar og kennslu kennara.
- Skref til að einangra birtingu upplýsinga við vinnusvæði miðstöðvar.
- Forritun fyrir vinnusvæðið Raunfærnimat er vel á veg komin. Gert er ráð fyrir prófun þess í haust. Stefnt er að því að skráning geti hafist í janúar 2012.
- Þann 4. mars voru vinnuferlar og breytingar, sem höfðu verið gerðar á vinnusvæðunum Stök námskeið og Bekkir, kynnt á vefundi. Þátttakendur voru 25.
- Þann 15. ágúst var haldinn kynning á Bekkir, viðbætur og nýjungar í Námsnetinu MySchool. Þátttakendur voru 22.

Unnið er að forritun fyrir umsýslu gagna um raunfærnimat, einnig að tengingu Nemendabókhaldsins við Skinnu með fyrirvara um að Skinna verði tilbúin að taka við tengingu.

Miðlun upplýsinga um það starf sem fer fram á vettvangi framhaldsfræðslu

Ársrit Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Gátt, er gefið út einu sinni á ári í tengslum við ársfund félagsins. Gátt er liður í kynningu á málefnum þeim sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur verið falið að vinna að og eina ritið á Íslandi sem helgað er umfjöllun um nám fullorðinna. Meginefni ársritsins 2010 var þátttaka í námi. Hvað hamlar þátttöku? Hvaða úrræði eru líkleg til að hvetja fólk til náms? Þessar spurningar eru meðal þeirra sem leitast var við að svara í ritinu. Þess má geta að FA fékk Menntavísindasvið Háskóla Íslands

til liðs við sig við undirbúning ritsins og fyrsta ritrýnda greinin, sem birtist í Gátt, var rituð af kennara og nemendum HÍ. Að þessu sinni var ritið 114 síður að lengd, greinar og pistlar 23 talsins. Í Gátt er einnig að finna upplýsingar um starfsemi FA og þau verkefni sem unnin voru á árinu. Ritið er sent víða, m.a. til framhaldsskóla, símenntunarmiðstöðva og bókasafna. Ársritið er aðgengilegt á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, www.frae.is. Undirbúningur vegna Gáttar 2011 er kominn vel á veg.

Ársfundur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins var haldinn 18. nóvember 2010 á Hótel Hilton Nordica en rúmlega 130 manns sóttu fundinn. Þema fundarins var þátttaka og hvatning til náms. Auk erinda um þemað var kynnt val á fyrirmyndum í námi fullorðinna. Allt efni ársfundarins var tekið upp á myndband og eru myndskleið með erindum fyrirlesara aðgengileg á vefsíðu FA, www.frae.is.

Vefur FA www.frae.is er uppfærður reglulega. FA annast einnig og uppfærir vefinn Menntatorg, www.menntatorg.is.

Upplýsingum er miðlað með ýmsum hætti m.a. með kynningarbaklingum, útgáfu námskráa og dreifingu þeirra, þátttöku í ráðstefnum, móttöku gesta, bæði innlendra og erlendra. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum kom í kynnisferð til FA með allt sitt starfsfólk á vormánuðum. FA tók þátt í morgunverðarfundum með NVL á Íslandi, annars vegar um menntaáætlun norrænu ráðherranefndarinnar í fullorðinsfræðslu og hins vegar um eldra fólk á vinnumarkaði. Upplýsingum er einnig miðlað til stjórnar FA, Fræðslusjóðs og annarra fagaðila eftir því sem kostur gefst.

Námsefnisgerð

Í nýjum þjónustusamningi er gert ráð fyrir að FA stuðli að námsefnisgerð í framhaldsfræðslu og veiti höfundum námefnis ráð við gerð þess. Í starfsáætlun er ekki gert ráð fyrir að vinna mikið undir þessum lið á árinu 2011 heldur að sæta lagi og hefja námsefnisgerð með námskrám FA við þau tækifæri sem gefast vegna fjármögnunar utan þjónustusamnings, ásamt því að vinna að framgangi máls eftir því sem fjármagn leyfir hverju sinni.

Nýir hópar í framhaldsfræðslu

Í nýjum þjónustusamningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er gert ráð fyrir að undirbúa aðkomu nýrra hópa að framhaldsfræðslu. Þeir hópar, sem einkum er horft til, eru: fatlaðir, aldraðir, öryrkjar, innflytjendur utan vinnumarkaðar og þeir sem þiggja bætur í félagslega kerfinu. Ekki er um stóra hópa að ræða vegna þess að nú tilheyrir allur þorri fólks á vinnumarkaði, sem ekki hefur lokið framhaldsskóla, svo og atvinnuleitendur, markhópi FA.

Á árinu 2011 var stefnt að því að hefja samstarf við Fjölmennt og eru fyrirhugaðir tveir fundir í haust. Þá er í gangi undirbúningur að þróun kennslufræðinámskeiðs í kennslu fatlaðs fólks sem boðið verður kennurum á fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum. Grunnmenntaskólinn er í tilraunakennslu fyrir markhóp Fjölmenntar og fjármagnaður af henni í samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða og verður niðurstaða þeirrar tilraunar rædd í haust og næstu skref ákveðin. Þá er undirbúningur að hefjast að námsbraut um heilsuefningu fyrir markhóp Fjölmenntar.

Norrænt tengslanet um nám fullorðinna (NVL)

NVL (Norrænt tengslanet um nám fullorðinna) er starfrækt á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Samningur um að hýsa verkefnið hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins með Sigrúnu Kristínu Magnúsdóttur sem tengilið fyrir Íslands var endurnýjaður 1. júlí 2009.

Ísland hefur haft forgöngu um nokkur verkefni NVL. Á árinu hefur íslenski fulltrúinn í NVL borið ábyrgð á vinnu norræns nets um notkun upplýsingatækni í námi fullorðinna, Distans, enn fremur verkefni um færniþróun (NVL Kompetanse prosjekt 2009–2012) sem fjallar um hvernig hægt er að mæta breytingum á vinnumarkaði með menntun. Þá hefur íslenskur bakhópur fyrir raunfærnimat starfað á árinu.

Dagana 2. og 3. nóvember 2010 stóð Distans fyrir ráðstefnu undir yfirskriftinni „Inspiration – fremtidens metodik och teknik“ í samstarfi við NITUS, samtök símenntunarmiðstöðva í Svíþjóð, og Sænska landbúnaðarháskólann í Uppsöllum. Nær 80 manns frá öllum norrænu löndunum tóku þátt í ráðstefnunni við góðar undirtektir. Á árinu 2011 hefur Distans-netið haldið 5 vefstofur, eina í hverjum mánuði á vormisseri með samtals vel á þriðja hundrad þátttakendum um allan heim. Jafnframt stóð Distans fyrir málþingi þann 8. mars í Rudkøbing, Danmörku, um hvernig nýta má tæknistudda kennslu við byggðaþróun. Þátttakendur voru á fjórða tug.

Á árinu 2010 voru stóðir samstarfs um Menntaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir fullorðna, Nordplus voksen, styrktar. NVL á Íslandi stóð fyrir fundi í samstarfi við alþjóðaskrifstofu háskólastigsins. Fimmtudaginn 20. janúar 2011 mættu yfir 30 manns og hlustuðu á erindi og unnu saman í hópum. Hópastarfið fólst í að setja fram hugmyndir frá Íslandi sem gætu verið grundvöllur að umsókn um styrk úr Nordplus-áætluninni. Þátttakendur komu víða að, frá símenntunarmiðstöðvum, fagfélögum, opinberum stofnunum, frjálsum félagasamtökum, framhaldsskólum og háskólum.

Í apríl 2011 var haldinn morgunverðarfundur um stöðu eldra fólks á atvinnumarkaði til þess að kynna niðurstöður norræns hóps sem gert hefur úttekt á stefnu samtaka á vinnumarkaði um stefnu í málefnum eldra fólks á

vinnumarkaði.

Vegna færniþróunarverkefnisins hefur norrænn hópur haldið einn fund 16. mars í Osló. Hópur fræðimanna, sem kemur að verkefninu, hefur fundað tvisvar: 14. og 15. mars í Osló og 5. og 6. maí í Reykjavík. Drög að skýrslu með greiningu á menntaverkefnum frá öllum ríkjum á Norðurlöndum hafa verið samin og liggja fyrir. Skýrslan var kynnt og rædd á vinnufundi í Lundi 8. og 9. september. Skráðir þátttakendur voru um 40 manns.

Á árinu 2011 hefur fulltrúi Íslands, Sigrún Kristín Magnúsdóttir, sótt 5 fundi með NVL, 21. og 22. febrúar í Stokkhólmi, 7. og 8. apríl í Brussel, 10. og 11. maí í Helsinki, 17. júní í Málmei og 29.–30. ágúst í Stykkishólmi.

Sigrún Kristín er jafnframt íslenskur ritstjórnarfulltrúi í NVR (ritstjórn NVL) og hefur ritað 4 greinar og viðtöl í DialogWeb og skilað fréttum af framhaldsfræðslu frá Íslandi í norrænt fréttabréf sem gefið er út í hverjum mánuði á sambandi af dönsku, norsku og sænsku en einnig í finnskri og íslenskri þýðingu.

Íslenska fyrir útlendinga

Mennta- og menningarmálaráðneytið (MRN) hefur í einstaka tilvikum óskað eftir því að FA vinni að öðrum verkefnum en lýst er í þjónustusamningi. Árið 2008 gerði MRN samning við FA um verkefni vegna íslenskukennslu fyrir erlenda starfsmenn. Í september 2010 var send ítarleg greinargerð til MRN um stöðu verkefnisins og tillögur um hvernig væri best að ljúka því. Þær tillögur voru samþykktar. Nú er verkefninu er lokið. Námsefni í íslensku fyrir útlendinga er vistað á veffanginu tungumalatorg.is.

Greinargerð um verklok var send ráðuneytinu þann 16. ágúst 2011. Með greinargerðinni fylgdi úttekt FA á uppsetningu íslenskunámsefnisins á tungumalatorg.is og yfirlit frá námsefnishöfundum um hvernig þeir uppfylltu samninginn.

Verkefnalýsing vegna IPA-styrkja Evrópusambandsins

Í febrúar 2011 tók FA að sér að annast verkefnalýsingu vegna IPA-styrkja Evrópusambandsins í sambandi við menntamál. Ingibjörg Guðmundsdóttir og Guðrún Reykdal sóttu námskeið um miðjan febrúar í gerð verkefnalýsinga (fisjur). Settur var saman verkefnishópur sem vann að fisjunni ásamt Ingibjörgu Guðmundsdóttur. Jafnframt vann Ingibjörg með pólskum sérfræðingi í viku en hann var sendur til aðstoðar við verkefnalýsinguna frá Evrópusambandinu. Fisjan var send til ESB í apríl en tekið hefur verið við athugasemdum og unnið úr þeim alloft á síðastliðnum mánuðum.

Fagrað verslunar- og þjónustugreina

Í samningi milli Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Starfsmenntasjóðs versl-

unar- og skrifstofufólks og Fagráðs verslunar- og þjónustugreina (FVÞ) er Fræðslumiðstöð atvinnulífsins falið að framkvæma tiltekin viðfangsefni á sviði fræðslumála. Að FVÞ standa Landssamband íslenskra verslunarmanna (LIV), VR og Samtök atvinnulífsins (SA). Helstu verkefni á árinu voru:

Raunfærnimat í verslunarfagnámi: Í samstarfi við Mími-símenntun hefur verið lokið raunfærnimati í verslunarfagnámi. Alls tóku 32 einstaklingur þátt í raunfærnimatinu, 9 í Vestmannaeyjum, 7 á Akureyri og 16 í Reykjavík. Fengu þeir metnar 972 einingar á framhaldsskólastigi fyrir bóklega hluta námsins en fjöldi eininga í vinnustaðahluta liggur ekki enn fyrir. Ánægjulegt er að geta þess að einn þátttakenda lauk námi bæði í verslunarfagnámi og Grunnmenntaskólanum í framhaldi af þessu raunfærnimati. Er það í fyrsta sinn sem nemandi útskrifast úr tveim námsleiðum Fræðslumiðstöðvarinnar samtímis.

Fræðslustjóri að láni: Haustið 2009 hóf Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks (SVS) að styrkja fyrirtæki til að fá til sín tímabundinn ráðgjafa til að meta þörfina fyrir fræðslu- og þjálfun. Nefnist verkefnið Fræðslustjóri að láni. FVÞ hefur séð um kynningu á verkefninu meðal fyrirtækja, samningagerð fyrir hönd sjóðsins og fylgst með framkvæmd þess. Gott samstarf hefur verið við fræðslusjóðina Landsmennt og Starfsafl í þessu verkefni og hafa mörg verkefni verið unnin af þeim sameiginlega á þessu sviði. Á árinu 2010 fengu tvö fyrirtæki viðurkenningu fyrir frammistöðu sína í verkefninu: Kaffitár fékk viðurkenningu Starfsmenntaráðs og Kynnisferðir fékk viðurkenningu frá Samtökum ferðaþjónustunnar (SAF) en SVS styrkti bæði þessi verkefni í samstarfi við Starfsafl.

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks: Nokkrir samningar hafa verið gerðir á árinu, bæði í samstarfi við Starfsafl, Landsmennt en einnig samningar þar sem Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks kemur einn að verkefninu.

ValidAid: Haldnir voru tveir vinnufundir hvor með sínum hópi um raunfærnimat og ávinning þess fyrir einstaklinginn og atvinnulífið. Í júní 2011 var verkefnafundur í Coimbra, Portúgal. Á seinni hluta ársins verða færnikröfur þriggja starfa skilgreindar, sambærilegra eða svipaðra, innan fjármála-, verslunar- og upplýsingatækni og í framhaldinu gerð færni viðmið fyrir raunfærnimat.

FVÞ vann með Rannsóknarsetri verslunarinnar að því að kanna hvort raunhæft sé að koma upp sérstakri þjálfunaraðstöðu sem fyrirtæki og fræðsluaðilar geti nýtt sér til að þjálfa starfsfólk og nemendur í verslunar- og þjónustustörfum við raunverulegar aðstæður. Styrkur fékkst frá Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks til að heimsækja National Skills Academy for Retail á Englandi til að kynna starfsemi þeirra.

Starfsmaður FVP fór í námsferð á vegum Cedefop til Exeter á Englandi í febrúar 2011 og kynnti sér hvernig eftirspurn atvinnulífsins eftir hæfu starfsfólki hefur breytt áherslum og skipulagi í framhaldsfræðslu.

Mímir-símenntun

Allt frá efnahagshruni í október 2008 og því mikla atvinnuleysi sem fylgdi í kjölfarið hefur framhaldsfræðslan hræst í síbreytilegu umhverfi. Verkefnið breytast ört og stöðugt þarf að bregðast við nýjum aðstæðum. Fjölmennasti nemendahópur okkar er fólk með stutta formlega skólagöngu. Á atvinnuleysistímum missa þessir einstaklingar vinnuna fyrst og eru síðastir til að fá hana aftur. Fæstir hafa haft áform um að setjast á skólabekk og þrá að hafa vinnu. Því er það mörgum erfitt að vera ýtt af stað aftur í nám hvort sem hugur þeirra stendur til þess eða ekki. Sveigjanleiki er einn af helstu styrkleikum Mímis og hafa starfsmenn Mímis lagt sig fram sem aldrei fyrr um að sveigja skipulag náms að þörfum atvinnuleitenda í nánu samstarfi við Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins og stéttarfélag á höfuðborgarsvæðinu. Í þessu felst m.a. aðlögun náms að þörfum atvinnuleitenda bæði hvað varðar innihald, tímasetningar og þróun fjölmargra úrræða fyrir íslenska jafnt sem erlenda atvinnuleitendur.

Náms- og starfsráðgjöf hefur verið afar mikilvæg fyrir hópinn okkar og ljóst að ráðgjöf og stuðningur skipta oftar en ekki sköpum þegar kemur að námsvali og styrk til að takast við nám að nýju.

Tungumála- og frístundanámskeið eru mikilvægur hluti af starfi Mímis. Það hefur verið lærdómsríkt að sjá hvernig efnahagslíf þjóðarbúsins hefur áhrif á vinsældir námskeiða. Sjaldan hafa námskeið, sem höfða til sköpunar og listfengis, verið fjölmennari og sama á við um tungumálanámskeið sem bæta möguleika á starfi á erlendri grund.

Frá árinu 2003 hafa Mímir og Alþýðusamband Íslands, fyrir hönd Menningar- og fræðslusamband alþýðu, haft með sér þjónustusamning um trúnaðarmannafræðslu. Hefur kennslan átt sér stað um land allt. Í framhaldi af uppsögn samningsins á síðasta ári lauk samningsbundnu samstarfi aðila um námskeiðshald fyrir talsmenn og trúnaðarmenn um mitt ár 2010. Fyrir hönd Mímis vil ég þakka ánægjulegt samstarf.

Fullorðinsfræðsla hefur nú verið römmuð inn með lögum um framhaldsfræðslu sem tóku gildi á árinu. Með tilkomu laganna stækkar sá hópur sem leitað getur til fræðslu- og símenntunarmiðstöðva um land allt og jafnframt fjölgar fræðsluaðilum með aðgengi að samningum við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Fræðslusjóð.

Framhaldsfræðsla er viðfangsefni sem þarf að sinna með nærgætni og festu en gæðin þurfa alltaf að vera í fyrirrúmi. Til að tryggja nemendum okkar og

samstarfsfólki sem besta þjónustu hefur verið lögð áhersla á gæðastarf og gerð gæðahandbókar. Liður í gæðastarfi er einnig að skrifa ferla bæði tengda fjárfýsly og faglegu starfi Mímis.

Mikil eftirspurn eftir námsúrræðum ásamt aðhaldssamri fjármálastefnu hefur skilað sér í velgengni í rekstri Mímis árið 2010. Tekjuafgangur er meiri en áður hefur verið en allur hagnaður helst innan fyrirtækisins og nýtist annars vegar til að auka gæði og þróa nýjungar og hins vegar sem varasjóður þegar atvinnuástand breytist.

Þau nýmæli voru á árinu að boðið var upp á fundaröð með hlutlausri fræðslu um ESB samningaferlið þátttakendum að kostnaðarlausu. Fundirnir voru undirbúnir í samstarfi við utanríkisráðuneytið og voru þeir vel sóttir. Þátttakendur voru ánægðir með framtakið og töldu fundina gefa góðan upplýsingagrunn.

Þekking er grundvöllur lýðræðislegrar virkni og aukinnar samfélagslegrar meðvitundar. Mímir og aðrar fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar innan Kvasis eru góður vettvangur til virkrar samfélagsumræðu og líklegt að sá þáttur muni aukast í starfseminni.

Með gildi Mímis, Gæði – Hvatning – Þróun, að leiðarljósi hefur starfsfólk Mímis og verktakar lagt alúð í að sinna störfum sínum af fagmennsku, nemendum okkar til hagsbóta.

Fjölmenning og frístundir

Árið 2010 var sannarlega ár atvinnuleitenda hjá deild fjölmenningar og frístunda og sóttu bæði innlendir og erlendir atvinnuleitendur nám af ýmsum toga. Mörg ný verkefni voru þróuð sem miðuðu að því að styrkja atvinnuleitendur á vinnumarkaði, bæta við þekkingu þeirra og efla persónulegan styrk. Það var gaman að virkja þennan hóp til athafna í von um að eftir þessa reynslu leiti þátttakendur eftir frekara námi og verði öflugri við starfsleit.

Erlendir atvinnuleitendur – ný námsúrræði

Flestir atvinnuleitendur voru af erlendum uppruna. Í samvinnu við Vinnumálastofnun voru haldin níu námskeið fyrir þennan hóp og var langstærsti hlutinn Pólverjar. Yfirmarkmið allra námsleiðanna var íslenskukennsla með áherslu á atvinnuleit. Á námskeiðunum fengust nemendur þó ekki einvörðungu við íslenskunám heldur voru tölvunám, samfélagsfræðsla, vettvangsferðir og útvíst í samstarfi við Hjálparsveit Reykjavíkur hluti af náminu.

Önnur nýjung var verkefnið „grunnám á pólsku“ en námið var fyrir eldri pólska atvinnuleitendur. Markmiðið var að efla nemendur og styrkja grunnþekkingu þeirra í m.a. móðurmáli sínu og á tölvum sem undirbúningur fyrir frekara nám.

Jákvæðni og áhugi nemenda var ríkjandi á námskeiðunum en ungt fólk,

fullt af starfsþreki og orku, á þó stundum erfitt með að setjast skyndilega á skólabeck og reyndi það á marga. Brottfall erlendra nemenda í átaksverkefnum var afar lítið og lögðu kennarar og verkefnastjórar sig í líma við að koma til móts við þarfir nemenda og að gera námið áhugavert og gagnlegt. Reynslan sýnir þó að þörf er á verklegu námi fyrir unga sem eldri atvinnuleitendur í bland við íslensku og aðra námsþætti.

Almenn íslenskunámskeið

Alls voru haldin 69 almenn íslenskunámskeið á stigum 1 til 5 auk sérstakra námskeiða í talþjálfun og ritun. Fleiri sóttu námskeið á morgnana en áður og sérstakir hópar fyrir Víetnama, Taíendinga og rússneskumælandi nemendur voru vinsæl að vanda. Almennum íslenskunámskeiðum fækkaði árið 2010 samanborið við árið 2009 eða um 13%.

Landnemaskólinn – Skref til frekara náms

120 stundir – kennt skv. námskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins:

Í Landnemaskólanum fást nemendur við fjölbreytt verkefni sem reyna á frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og samvinnu. Mikil áhersla er lögð á sjálfstýrkingu, íslenskukennslu og samfélagsfræðslu. Hápunktur hvers hóps er leikhúsferð og útgáfa blaðs sem nemendur vinna að öllu leyti sjálfir.

Landnemaskólinn eflidist á síðasta ári en þrír slíkir voru haldnir með 46 þátttakendum. Flestir þátttakenda voru atvinnuleitendur af erlendum uppruna sem hafa jafnvel búið á Íslandi árum saman og ávallt verið í vinnu þar til nú. Ánægjulegt er að sjá að námið í Landnemaskólanum er oft fyrsta skrefið hjá útlendingum til frekara náms á Íslandi.

Fagnámskeið og Félagsliðabré – kraftur og þor

Það er gleðilegt að bæði fagnámskeið og nám, sem kallast félagsliðabré, eru vel sótt af starfsfólki í heilbrigðisstétt og til marks um góða aðlögun, kraft og þor erlends fólks á vinnumarkaði að svo margir þeirra komi í slíkt nám. Hlutfall nemenda af erlendum uppruna á fagnámskeiðum og félagsliðabré var 57% á síðasta ári.

Á árinu voru haldin sex fagnámskeið og fimm hópar stunduðu nám í félagsliðabré á hvorri önn fyrir sig. Alls útskrifuðust 30 manns sem félagsliðar. Oft eykst áhuginn og þörf fyrir nám samfara aukinni menntun og sést það vel á félagsliðum. Eftir tveggja ára nám er krafan um meiri menntun sterk og stundaði einn hópur þeirra framhaldsnám í fötlunarfræðum á árinu.

Frístundanámskeið

Fjölbreytt frístundanámskeið eru mikilvægur hluti af starfi Mímis-símennt-

unar. Alls var haldið 141 frístundanámskeið á árinu á móti 100 námskeiðum árið 2009 og er það aukning um 40%.

Eins og undanfarin ár hafa norskunámskeið sérstöðu hvað varðar fjölda þátttakenda en 17 norskunámskeið voru haldin árið 2010 og er það aukning um 70% frá fyrra ári. Námskeið í handverki, saumum og myndlist voru vinsæl auk ýmissa lífsstílsnámskeiða.

Frístundanámskeiðin sækir fólk á öllum aldri með mismunandi bakgrunn og væntingar til námsins. Námskeiðin sinna þörfum fólks fyrir skemmtun og tilbreytingu en eru oft vörður á leið til frekara náms. Atvinnuleitendur leita einnig í frístundanámskeið, bæði til að undirbúa flutning til annarra landa eða virkja hæfileika sína á einhverju sviði.

Samstarf við Fjölmennt

Mímir hefur átt gott samstarf við Fjölmennt um árabíl og hafa enskunámskeið Mímis fyrir nemendur Fjölmenntar með geðröskun eða þroskaröskun notið vaxandi vinsælda. Þau hafa verið þróuð í samvinnu við Fjölmennt með það að markmiði að koma til móts við alla, sama hvar þeir standa í enskunáminu. Er óhætt að segja að áhugi og gleði nemenda sé mikil í hverjum einasta tíma. Á döfinni er að efla samstarf Mímis og Fjölmenntar enn frekar með fjölbreyttum námskeiðum sniðnum að þörfum nemendahóps Fjölmenntar.

Nám fyrir atvinnulífið

Starfsfólk Mímis varð vitni að mörgum gleðilegum dæmum um hve vel nemendum tókst að nýta tímann til persónulegrar uppbyggingar þrátt fyrir erfiðar aðstæður í samfélaginu. Margir þeirra eru komnir á beina braut í námi eða starfi. Ekki fór heldur fram hjá starfsfólkinu að atvinnuleysi leggst þungt á fólk sem fyrir því verður og mikilvægt að geta veitt þann stuðning og uppörvun sem til boða stendur hjá Mími. Veigamestu verkefni ársins voru samstarfsverkefni Vinnumálastofnunar og Mímis, Ungt fólk til athafna og ÞOR (þekking og reynsla). Húsakynni Mímis iðuðu af fólki á öllum aldri, sem ýmist var að afla sér þekkingar til þess að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði eða til þess að undirbúa sig undir frekara nám.

Uppbygging einstaklingsins

Fjölmarginir einstaklingar, sem hug hafa á að ljúka námi, taka upp þráðinn frá fyrri skólagöngu og treysta sjálfmynd sína og þekkingu hjá Mími. Eftirsóttasta námskeiðið var sem fyrr Aftur í nám en það er ætlað fólki með læsisvanda. Þátttaka í námskeiðinu hefur oft lyft fargi af þeim sem kljást við lestrarörðugleika og reynst lykillinn að frekara námi.

Menntastoðir er mjög krefjandi nám sem gerir miklar kröfur til nemenda,

kennara og verkefnastjóra. Þrjár Menntastoðir voru kenndar á árinu og lá leið allmargra nemenda þaðan beint í undirbúningsdeildir háskóla. Mikil eftirspurn var eftir námskeiðinu Færni í ferðaþjónustu og hefur starfsgreinin nú aðgang að stórum hópi sem byggt hefur upp þekkingu á undirstöðuatriðum í greininni. Kennt var eftir námskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Góð samvinna hefur tekist með Eflingu stéttarfélagi um námskeið í húsa- kynnum Eflingar fyrir íslenska sem erlenda félagsmenn. Stéttarfélagið hefur séð um kynningu fyrir félagsmenn sína og skráningu þeirra.

Langflest námskeið, sem fyrirhugað var að kenna, komust á laggirnar, auk þess sem fjölmörg námskeið voru pöntuð og komið á með stuttum fyrirvara. Þannig reyndust húsakynni Mímis um tíma ekki rúma alla þá hópa sem voru í námi og voru allmargar kennslustofur teknar á leigu af nágroñnum Mímis.

Starfsmenn deildarinnar tókust á við álag og breytingar af styrk og fag- mennsku og sýndu mikla alúð í störfum sínum.

Þróun og gæði

Stöðugt er leitast við að auka gæði starfsins hjá Mími og mæta þörfum nemenda sem best. Þannig var námsefni í Grunnmenntaskólanum og Námi og þjálfun í almennum bóklegum greinum yfirfarið á árinu, kennsluáætlanir voru endurskoðaðar og námsmat samræmt. Teknar voru saman almennar upplýsingar og leiðbeiningar sem nemendur fá afhentar við setningu námskeiðs. Einnig var samvinna deilda um gerð upplýsingabæklings fyrir verktaka og er hann kominn í dreifingu. Eins og áður sagði er Aftur í nám mjög eftirsótt námskeið og er það vísbending um hve læsisvandi er algengur. Þrjár deildir hjá Mími unnu saman að upplýsingabæklingi um læsisvanda og prófkvíða og er hann afhentur öllum verktökum til þess að þeir séu vel meðvitaðir, geti komið auga á vandamálið meðal nemenda og upplýst þá um mögulega aðstoð. Einnig var hafin vinna að ritlingi um sama efni fyrir nemendur. Talgervilsforrit hefur verið sett upp í tölvur Mímis til notkunar fyrir nemendur og sóttu verkefnisstjórar í kjölfarið námskeið í notkun hans og munu leiðbeina verktökum og nemendum. Þannig er leitast við að koma til aðstoðar nemendum sem eiga við þennan vanda að etja.

Sett var saman námstilboð fyrir verðandi starfsfólk leikskóla og frístundaheimila, samkvæmt óskum Vinnuálastofnunar og í samstarfi við Leikskóla- svið Reykjavíkurborgar og forstöðumann Frostaskjól. Ekki reyndist þó nægur áhugi á námskeiðinu til þess að hægt væri að kenna það.

Verk- og tækniþúðir

Á haustönn var, að frumkvæði stéttarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, hafist handa við undirbúning verk- og tækniþúða. Þær byggjast á þeirri hugmynda- fræði að nemendur fái tækifæri til að prófa sig áfram við áhugaverð við-

fangsefni og að í kjölfarið fái þeir kennslu í því sem fyrir valinu verður. Á vinnumarkaði er viðvarandi skortur á verk- og tæknimenntuðu fólki auk þess sem mikilvægt er að nemendum bjóðist sem fjölbreyttust tækifæri til þess að byggja sig upp og styrkja stöðu sína í lífinu.

Vinna við undirbúning verkefnisins heldur áfram í góðri samvinnu við stofnanir, fyrirtæki og framhaldsskóla en starfsmenn þeirra hafa m.a. komið að mótun námsins enda er annað höfuðmarkmið þess að búa til farveg inn í formlega skólakerfið. Hitt markmiðið er að greiða götu nemenda beint inn á vinnumarkað. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur samið námskrá sem fellur að þessu nýja verkefni og er hún til umsagnar í menntamálaráðuneytinu.

Náms- og starfsráðgjöf

Í kjölfar mikilla breytinga á vinnumarkaði reynir á samstillingu aðila sem hafa það hlutverk að hlúa að þeim sem hafa hvað veikasta stöðu. Hjá Mími voru atvinnuleitendur í forgangi þetta árið og voru þeir tæplega 70% ráðþega. Samstarf við Vinnumálastofnun hefur gengið vel og tækifæri gefist til að nálgast einstaklinga sem oft hefur verið erfitt að ná til á vinnustöðum. Má þar til dæmis nefna karlmenn sem árið 2006 voru aðeins um fjórðungur ráðþega en árið 2010 nálægt helmingi.

Vaxandi eftirspurn eftir ráðgjöf

Viðtölum hefur fjölgað ár frá ári og aldrei verið fleiri en árið 2010. Fólk leitaði ýmist ráðgjafar að eigin frumkvæði eða var boðað í viðtal í umboði Vinnu- málastofnunar en þar er skyldumæting. Það var ný áskorun fyrir ráðgjafa Mímis og það vakti einnig blendnar tilfinningar að skylda fólk í ráðgjöf. Segja má að sú trú, að virkni sé það besta fyrir atvinnuleitandann, og þau jákvæðu viðbrögð, sem einstaklingar sýna þegar þeir átta sig á ýmsum möguleikum, hafi gert verkefnið auðvelt og sannfært ráðgjafa um mikilvægi þess.

Nokkur aukning varð í hópráðgjöf sem reyndist vel m.a. til að vinna að gerð færnimöppu og ferilskrár. Hópráðgjöfin veitir þátttakendum tækifæri til að deila reynslu og líðan í starfsleitinni á jafningjagrunni.

Náms- og starfsráðgjöf á vinnustöðum var töluvert minni en áður og mest í tengslum við raunfærnimatsverkefni. Náms- og starfsráðgjafar buðu reglulega upp á viðtöl hjá stéttarfélagunum Eflingu og VR og í Rauðakrosshúsinu og var sú þjónusta mest nýtt af atvinnuleitendum.

Aukinn stuðningur við nemendur í námi hjá Mími

Stuðningur náms- og starfsráðgjafa við nemendur, sem stunda nám í vottuðum námsleiðum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, jókst á árinu en þeir voru flestir atvinnuleitendur.

Læsi er einn af grunnþáttum þess að geta staðist þær kröfur og breytingar sem nútímasamfélag gerir og samkvæmt nýlegum rannsóknum í Noregi er vandi við lestur og ritun, á eftir aldri og heilsu, talin þriðja algengasta ástæða þess að fólk dettur út af vinnumarkaði.

Margir þeirra sem sækja ráðgjöf til Mímis glíma við erfiðar tilfinningar bæði gagnvart námi og í einkalífi. Læsisvandi, vandi í stærðfræði og prófkvíði er algengur. Sláandi dæmi um slíkt er þegar rólegur fjölskyldufaðir um fertugt með læsisvanda hvíslar að hann langi enn að kveikja í grunnskólanum, sem hann var í, vegna upplifunar á skilningsleysi kennara og annarra nemenda á vanda hans.

Það er til mikils að vinna að styðja þennan hóp við að styrkja grunnfærni sem eykur líkur á að fólk haldi starfi sínu og á árinu hófst vinna við að gera ráðgjöf og annan stuðning markvissari. Verður þeirri vinnu haldið áfram á komandi ári.

Nýjar leiðir í raunfærnimati

Náms- og starfsráðgjafar tóku þátt í margs konar verkefnum og þróunarvinnu tengdum raunfærnimati. Í fyrsta sinn var boðið upp á raunfærnimat fyrir fólk með reynslu úr verslun og þjónustu á móti viðmiðum námskrár Verslunarfagnáms sem er ein af námskrám FA. Þátttakendur voru bæði fólk í starfi og atvinnuleitendur með a.m.k. 5 ára starfsreynslu og 25 ára lífaldur. Niðurstöður sýndu að þátttakendur bjuggu yfir mikilli færni en lítil hefð er fyrir formlegri menntun starfsfólks í verslun hér á landi.

Tveir hópar luku raunfærnimati fyrir starfsfólk fjármálafyrirtækja en alls hafa átta hópar lokið verkefninu hjá Mími. Ekki hefur farið fram formleg rannsókn á gildi verkefnisins fyrir þátttakendur en margir hafa lýst ánægju sinni með þá hvatningu og stuðning sem veitt er í ferlinu og talað um hvernig sjálfstraust þeirra hafi aukist.

Mikilvægt að hlusta

Í allri þjónustu þarf að huga að gæðum og nauðsynlegt er að skoða hvað ráðgjöfin gerir fyrir einstaklinga. Nýleg norræn matsrannsókn, unnin af sérfræðingateymi á vegum NVL (norrænt tengslanet um nám fullorðinna), sýnir að þeir sem hafa komið í ráðgjöf í gegnum verkefnið náms- og starfsráðgjöf á vinnustað voru ánægðir með þjónustuna og töldu að stuðningur og hvatning ráðgjafa hafi verið ein ástæða þess að markmið þeirra í námi náðust. Ánægjulegt er að skoða slíka niðurstöðu.

Hjá Mími starfar öflugur hópur náms- og starfsráðgjafa sem á komandi starfsári hlakkar til að takast á við ný verkefni og áskoranir í ráðgjöf og raunfærnimati. Allt bendir til að atvinnuleitendur verði áfram stór hluti ráðþega og þar þarf að huga vel að þeim sem hafa veikasta stöðu, m.a. útlendingum og

eldra fólki. Samhliða ráðgjöf við atvinnuleitendur verður stefnt að því að efla ráðgjöf úti á vinnustöðum á ný og finna leiðir til að nálgast þann hóp sem þarf mest á styrkingu á grunnfærni að halda.

Þróunarverkefni, gæðamál og erlent samstarf

Þróunarverkefni

Mímir-símenntun er virkur þátttakandi í þróunarverkefnum á sviði fullorðinsfræðslu. Flest verkefni eru samstarfsverkefni styrkt af þróunar- og starfsmenntarsjóðum.

Helstu aðilar, sem hafa styrkt verkefni, eru Starfsmenntaráð, mennta- og menningarmálamálaráðuneytið, Starfsafl, Starfsmenntasjóðir Eflingar-stéttarfélags og Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks. Á árinu var unnið að eftirfarandi verkefnum:

Yrkja

Á haustönn 2010 var í samstarfi við Eflingu-stéttarfélag haldið 200 kennslustunda námskeið fyrir 16 pólskar konur. Námsþættir voru m.a. sjálfstyrking, íslenska, samfélagsfræðsla, tölvur, fjármál, myndlist, enska og líkamsrækt. Að auki fóru þátttakendurnir í einstaklingsviðtöl við náms- og starfsráðgjafa og í heilsdagsferð um Reykjanes. Námskeiðið var styrkt af verkefninu „Evrópuár gegn fátækt og félagslegri einangrun“.

Framhaldsnám félagsliða um fötlun

Á árinu var þróað og haldið 56 kennslustunda framhaldsnám fyrir félagsliða. Í náminu fengu nemendur aukið innsæi í þarfir og aðstæður einstaklinga með fötlun auk fræðilegrar nálgunar á hugmyndafræði um fötlun. Verkefnið var styrkt af Eflingu-stéttarfélagi.

Kjölur

Námskeiðið Kjölur var þróað og haldið á vorönn 2010. Námskeiðið var 100 stundir og ætlað atvinnuleitendum af erlendum uppruna sem höfðu áhuga á að starfa í heilbrigðis- og félagsþjónustu eða á leikskólum. Á námskeiðinu var faggreinum eins og skyndihjálpi, næringarfræði og líkamsbeitingu fléttað saman við starfstengda íslensku. Að auki fóru þátttakendur í heimsóknir á leikskóla og hjúkrunarheimili. Verkefnið var styrkt af Starfsmenntaráði.

„Víst getur þú lært stærðfræði“

Markmið námskeiðsins var að þróa leiðir til að brjóta niður hindranir í stærðfræðinámi fullorðins fólks með stutta skólagöngu. Fjöldi nemenda telur sig ekki geta lært stærðfræði en í mörgum tilvikum er um að ræða fólk sem, þrátt

fyrir að hafa reiknað sér til gagns í daglegu lífi, á erfitt með stærðfræði þegar í skólann er komið. Verkefnið var styrkt af Starfsmenntaráði.

Karлакraftur 50+

Markmiðið með Karlakrafti 50+ er að halda námskeið fyrir karlmenn, 50 ára og eldri, sem eru í atvinnuleit, efla virkni þeirra, bæta málakunnáttu og vekja áhuga þeirra á námi. Verkefnið er styrkt af Starfsmenntaráði

Lestrarþjálfun fyrir innflytjendur

Markmiðið með verkefninu er að halda lestrarnámskeið og þróa leiðir í lestrarþjálfun fyrir fólk af erlendum uppruna, sem hefur ekki lært latneskt letur, auk þess að efla sjálfstraust og persónulega færni nemenda. Verkefnið er styrkt af Starfsmenntaráði.

Verkþjálfunarefni

Starfsmenn Mímis og Iðunnar fræðsluseturs unnu saman að verkþjálfunarbók nemenda og tilsögn fyrir leiðbeinendur á vinnustað. Byggt var á GEMS, verðlaunaverkefni fyrir ferðaþjónustu sem stýrt var af Iðunni fræðslusetri og unnið með styrk frá Leonardo da Vinci-áætlun ESB. Verkefnið er styrkt af Starfsmenntaráði.

Gæðaviðurkenning fyrir besta verkefnið

Mímir-símenntun hlaut gæðaviðurkenningu fyrir besta verkefnið í flokki fyrirmyndarverkefna Leonardo-starfsmenntaáætlunar ESB. Viðurkenninguna fékk Mímir fyrir mannaskiptaverkefnið Tungumálakennsla fyrir innflytjendur en það fólst í því að hópur kennara frá Mími fór til Ghent í Belgíu og upplifði á eigin skinni hvernig er að læra nýtt tungumál án nokkurs hjálparmáls. Einnig kynntu þeir sér móttöku og kennslu innflytjenda í flæmska hluta Belgíu. Í umsögn um verkefnið segir m.a.: „Verkefnið fær viðurkenningu fyrir frumleika, stjórnun, árangur og ávinning.“ Mími hlotnaðist falletur verðlaunagripur frá Koggu og Magnúsi Kjartanssyni til eignar.

Gæðamál

Áhersla á gæði og fagleg vinnubrögð hefur ávallt verið í fyrirrúmi í starfsemi Mímis-símenntunar. Á árinu hófst vinna við að festa gæðastefnu og gæðaferla fyrirtækisins á blað og útbúa gæðahandbók fyrir starfsemina. Sem dæmi um gæðaferla, sem unnir voru á árinu, eru ferlar um þjónustu við nemendur með læsisvanda og handbók fyrir kennara hjá Mími-símenntun.

Tilgangurinn með þessari vinnu er að tryggja enn frekar gæði allrar starfseminnar í þágu nemenda, kennara og samstarfsaðila Mímis. Í lögum um

framhaldsfræðslu, sem tóku gildi 1. október 2010, er gert ráð fyrir að starfsemi fullorðinsfræðsluaðila verði vottuð. Gæðaáttaksverkefnið er liður í því ferli Mímis-símenntunar að fá vottun sem fullorðinsfræðsluaðili.

Ákveðið var að notast við “Evrópska gæðamerkið EQM” (European Quality Mark), sjálfsmatslista sem inniheldur viðmið um gæði í fullorðinsfræðslu. Ástæður þess að EQM varð fyrir valinu eru þessar: Það fellur vel að starfsemi Mímis-símenntunar, er hannað sérstaklega fyrir starfsemi fullorðinsfræðslu og það fellur vel að gæðaviðmiðum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Starfið hófst formlega þann 8. október 2010 með vinnudegi í Kríunesi við Elliðavatn þar sem fram komu nokkrir fyrirlesarar sem fjölluðu um gæði og gæðastarf.

Erlent samstarf

Á árinu tók Mímir þátt í Nordplus-verkefni er nefnist New Approaches in Immigrant Language Learning. Þetta er samstarfsverkefni fjögurra landa var seem áhersla er lögð á að deila góðri reynslu og hagnýtum aðferðum í tungu-málakennslu innflytjenda.

Fulltrúi frá Mími-símenntun sótti norræna ráðstefnu í Danmörku um ólæsi og aðlögun meðal innflytjenda á Norðurlöndum. Ráðstefnan var samstarfs-verkefni Nordisk alfaráð og ráðuneytis um flóttamenn, útlinginga og aðlögun í Danmörku.

Framkvæmdastjóri situr í stjórn norræna systursamtaka, ABF Norden, en markmið þeirra er m.a. að styrkja og þróa samfélags- og menningarleg gildi og að efla alþýðufræðslu sem byggir á samstöðu og sameiginlegri ábyrgð til þátt-töku í samfélaginu. Unnið hefur verið að því að efla samstarfið aftur eftir að styrkir Norrænu ráðherranefndarinnar féllu niður árið 2004 sem veikti stöðu samstarfsins. Jafnframt er aukin áhersla hjá nokkrum aðildarlandanna á að efla tengslin við evrópsk systursamtök.

Reksturinn

Velta Mímis óx á milli árána 2009 til 2010 um 24% sem skýrist af aukinni þjónustu við atvinnuleitendur en árið 2009 hafði hún dregist saman frá árinu áður um 10% sem túlka má sem bakslag í kjölfar efnahagshrunsins. Á árinu 2010 hafa stjórnvöld hins vegar lagt aukna áherslu á að veita atvinnuleitendum tækifæri til náms.

Stofnskrá Mímis-símenntunar kveður á um að ekki sé heimilt að greiða eigendum arð heldur nýta hann til að „efla starfsemi félagsins að mennta- og fræðslumálum fullorðins fólks á íslenskum vinnumarkaði“. Arður af rekstri felur í sér kærkomið tækifæri til að vinna að þessu markmiði.

Stöðugildum fjölgar

Fyrirtæki í vexti er skemmtilegur vinnustaður. Frá stofnun árið 2003 hefur Mímir-símenntun aukið stöðugildi sín úr átta í tuttugu og fjögur. Hópurinn er fjölbreyttur, á aldrinum 30 til 65 ára, karlar og konur af fjórum þjóðernum. Ör vöxtur og hröð þróun ýmissa þátta starfseminnar hefur í för með sér að starfsmenn þurfa sífellt að vera reiðubúnir að tileinka sér nýjungar.

Yfir 200 manns í kennslu

Um 200 manns koma að kennslu hjá Mími á árinu 2010, ýmist sem verktakar eða með tímabundnum ráðningum. Með þessu fyrirkomulagi getur Mímir boðið upp á fjölbreytta sérfræðiþekkingu á hverju fagsviði en flestir kennararnir hafa aðalstarf annars staðar en hjá Mími.

Nemendabókhaldskerfi innleitt

Skipulagning og utanumhald námshópa fer nú fram í sérstöku nemendabókhaldskerfi þar sem búnar eru til stundatöflur, haldið utan um stofuskráningar og kennslu, viðveruskráningu nemenda, einkunnir og viðurkenningarskjöl. Í kerfinu er einnig svæði fyrir nemendur og kennara til samskipta. Mikil vinna liggur að baki innleiðingar á kerfi eins og þessu en þegar allt er farið að virka rétt verður varðveisla gagna tryggari, aðgengi að upplýsingum auðveldara og gæði í utanumhaldi aukast.

Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar

Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar var stofnaður samkvæmt ákvörðun miðstjórnar ASÍ 21. júlí 1983 og var skipulagsskrá sjóðsins staðfest af forseta Íslands og gefin út 11. desember 1984.

Stofnfé sjóðsins var kr. 1.000.000 en tekjur sjóðsins hafa einkum verið vaxtatekjur, auk þess sem eitthvað var um sölu minningarkorta á fyrstu árunum.

Úthlutað var úr Minningarsjóði Eðvarðs Sigurðssonar vegna fræðimanna-styrkja fyrir árið 2011. Styrkjunum er ætlað að efla rannsóknir og útgáfu á verkum sem varða sérstaklega íslenskt samfélag, vinnumarkaðinn, hagsmuni launafólks og starfsemi verkalýðshreyfingarinnar.

Alls bárust 7 gildar umsóknir. Styrk að þessu sinni hlutu tvö verkefni:

Arney Einarsdóttir og Katrín Ólafsdóttir vegna verkefnisins „Aðgerðir á vinnumarkaði: Úr samdrætti í uppsveiflu“. Styrkur að fjárhæð 500.000. Um er að ræða hluta af stærra verkefni sem umsækjendur eru að vinna þar sem skoðuð eru úrræði, sem vinnuveitendur á stórum vinnustöðum gripu til í kjölfar bankahrunsins í október 2008, og hvernig fyrirtæki „leiðréttu“ eða snúa við fyrri ákvörðunum að loknu samdráttarskeiðinu nú þegar vísbendingar eru um að hagkerfið fari brátt að vaxa á ný.



Katrín Baldursdóttir vegna verkefnisins „Áhrif hnattvæðingarinnar á þróun verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi í samanburði við önnur lönd“. Styrkur að fjárhæð 500.000. Um er að ræða meistararitgerð í atvinnulífsfræðum. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á þau áhrif sem hnattvæðingin hefur haft á þróun verkalýðshreyfingarinnar hér á Íslandi og setja hana í alþjóðlegt samhengi.



Umsókn um aðild að Evrópusambandinu

Í skýrslu forseta fyrir árið 2009 var fjallað ítarlega um stefnumótun Alþýðusambandsins í Evrópumálum og þá sérstaklega á ársfundi sambandsins í október 2008. Þá var í skýrslunni einnig gerð grein fyrir áherslum ASÍ og samningsmarkmiðum í aðildarviðræðunum við Evrópusambandið. Um þann þátt sagði í skýrslunni:

„Nú, þegar Ísland hefur sótt um aðild að ESB, leggur ASÍ ríka áherslu á mikilvægi þess að skilgreina með skýrum hætti samningsmarkmið fyrir aðildarviðræður við Evrópusambandið sem formlega munu væntanlega hefjast í byrjun árs 2010. Við skilgreiningu á samningsmarkmiðum þarf að gæta sérstakra hagsmuna Íslendinga og íslensks launafólks. Alþýðusamband Íslands hefur um árabil lagt grunninn að slíku starfi og stefnir að því að leggja fram áherslur sínar í öllum helstu málaflökkum er varða aðildarviðræðurnar við ESB og hagsmunum launafólks.

Á aukaársfundi ASÍ 25. mars 2009 var stigið mikilvægt skref í þá átt. Í þeim kafla skýrslu forseta, sem fjallar um aukaársfundinn, eru samþykktir hans birtar auk þess sem gögn, sem undirbúin voru fyrir umræðuna á fundinum, eru birt sem viðauki aftan við þessa skýrslu.“

Í skýrslu forseta fyrir árið 2010 var síðan gerð ítarleg grein fyrir undirbúningi ASÍ undir þátttöku í aðildarviðræðunum og verklagi sem ákveðið var að viðhafa af hálfu ASÍ en Alþýðusambandið á fulltrúa í öllum nfu samningahópunum sem fjalla um önnur mál en lagaleg málefni í aðildarviðræðunum, a.m.k. einn í hverjum hópi.

Þá var í skýrslunni gerð grein fyrir stöðunni í viðræðunum eins og hún var haustið 2010, en á þeim tíma voru eiginlegar viðræður við Evrópusambandið ekki hafnar. Vinna íslensku samningahópanna fólst einkum í að rýna löggjöf Evrópusambandsins í einstökum málaflokkum og bera saman við löggjöf hér á landi til að glöggva sig á hvar bæri helst í milli. Einnig fólst vinnan í því að afla ýmissa annarra upplýsinga sem gætu komið að gagni þegar eiginlegar viðræður við Evrópusambandið hæfust.

Loks var í skýrslunni greint frá því að Alþýðusambandið hefði tekið virkan þátt í undirbúningi undir umsókn til Evrópusambandsins um stuðning við ákveðið menntaverkefni sem veittur er ríkjum sem sótt hafa um aðild að ESB. Undirbúningurinn hófst þegar á haustmánuðum 2009. Auk Alþýðusambandsins komu fulltrúar frá utanríkisráðuneytinu, mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Samtökum atvinnulífsins o.fl. að verkefninu. Verkefnið lenti síðan í pólitískri gíslingu á haustdögum 2010 vegna átaka og ágreinings innan ríkisstjórnarinnar. Niðurstaðan varð síðan sú að ASÍ tók frumkvæði að því að verkefnið færi til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og yrði í umsjón hennar. Sú niðurstaða fékkst á fyrstu mánuðum ársins 2011 og er gerð nánari grein fyrir því þar sem fjallað er um Fræðslumiðstöð atvinnulífsins í þessari skýrslu.

Staðan í aðildarviðræðunum og afstaða ASÍ

Í nóvember 2010 hófust viðræður við ESB til undirbúnings eiginlegum samningaviðræðum. Þær fóru fram á svokölluðum rýnifundum þar sem Evrópusambandið gerði grein fyrir sinni löggjöf í viðkomandi málaflokki og samningamenn af hálfu Íslands gerðu grein fyrir sinni rýnivinnu og þar með þeim álitaefnum sem þeir töldu vera uppi í viðkomandi málaflokki og þörfnuðust þá frekari skoðunar og umfjöllunar í eiginlegum samningaviðræðum þegar þær hæfust. Þetta ferli stóð fram í júní á þessu ári. Þann 27. júní hófust síðan hinar eiginlegu samningaviðræður með því að fjórir samningskaflar voru opnaðir til umræðu á milli aðila. Tveimur þeirra var lokað á sama fundi enda ljóst að þar bæri ekkert á milli reglna Evrópusambandsins og framkvæmdarinnar hér á landi. Gert er ráð fyrir að á bilinu 10–15 kaflar verði opnaðir til viðbótar það sem eftir er ársins 2011.

Fyrir liggur að samningar um einstaka efnisþætti eru mjög misflókin úrlausnarefni, allt frá því að lítið sem ekkert ber á milli, eins og gildir um þá þætti sem eru hluti af EES samningnum, upp í að verulega ber á milli, bæði

varðandi löggjöf, reglur og pólitísk viðhorf. Þá hefur ágreiningur innan ríkisstjórnarinnar um samningaferlið og framgang þess tafið fyrir og flækt allan undirbúning og nú viðræðurnar sjálfar. Hvað varðar einstaka málaflokka liggur fyrir að sjávarútvegsmál, landbúnaðarmál og umhverfismál eru flókin úrlausnar. Sama gildir um gjaldmiðilsmálin.

Af hálfu ASÍ hefur verið lögð áhersla á að taka virkan þátt í öllum undirbúningi og stefnumótum í viðræðunum. Þannig hafa fulltrúar sambandsins meðal annars sett fram sjónarmið sambandsins, eftir því sem þörf hefur verið á, varðandi álitafni er snerta m.a. vinnumarkaðinn og félagsmál, dóms- og innanríkismál, byggða- og sveitarstjórnarmál og landbúnaðarmál. Þar hafa fulltrúar ASÍ stuðst við stefnumótun sambandsins m.a. á aukaársfundi ASÍ í mars 2009.

Í því sambandi má m.a. benda á bókun fulltrúa ASÍ um vinnumarkaðsmál í samningahópi EES II, svohljóðandi:

„Varðandi umræður um kafla 3 um frjáls þjónustuviðskipti (og/eða kafla 19 um félags- og atvinnumál, en það byggir á því hvort tilskipunin um útsenda starfsmenn verði til umfjöllunar undir 3. kafla, 19. kafla eða á báðum stöðum) gerir ASÍ kröfu til þess að í viðræðum við ESB verði sérstaklega tekin upp álitafni er varða samspilið á milli: Annars vegar verndar launafólks og réttar aðildarríkanna til að ákveða réttindi og reglur á vinnumarkaði í viðkomandi aðildarríki. Hins vegar um réttinn til að veita þjónustu yfir landamæri. Af hálfu ASÍ er gerð krafa um að í aðildarviðræðunum verði gerð skýr krafa um að viðurkenndur verði réttur Íslendinga og hann tryggður með skýrum hætti í þessum efnum og að innleiðing tilskipunarinnar um útsenda starfsmenn hér á landi verði viðurkennd af hálfu ESB. Og jafnframt að heimilt verði að setja reglur í þessum efnum sem ætlað er að koma í veg fyrir gerviverktöku í tengslum við veitingu þjónustu yfir landamæri. Jafnframt er mikilvægt að þegar verði unnar reglur um þetta efni og þær lögfestar, sbr. athugasemdir ASÍ um frumvarp til laga um þjónustuviðskipti sem nú liggur fyrir Alþingi.

Ég óska eftir að þessari afstöðu ASÍ verði komið til samninganefndarinnar.“

Nú, þegar eiginlegar samningaviðræður eru hafnar, er ljóst að það fer að reyna meir en áður á stefnumótun af hálfu Íslands varðandi undirbúning undir mögulega aðild hér á landi og skilgreiningu og frekari útfærslu á samningsmarkmiðum. Þetta gildir um alla málaflokka og þá einkum og sér í lagi þá sem sérstaklega eru tilteknir hér að framan. Af hálfu Alþýðusambandsins mun þessi vinna fara fram í samráði samningamanna ASÍ og viðkomandi málefnanefnda ásamt alþjóðanefnd og miðstjórn sambandsins eftir því sem þörf krefur.

Þá er rétt að geta þess að fulltrúar ASÍ hafa á síðustu mánuðum hitt mikinn fjölda fulltrúa hinna ýmsu stofnana og stjórnarskrifstofa ESB og einstakra

aðildarríkja sem hér hafa verið á ferð í tengslum við aðildarumsókn Íslands. Á þeim fundum hafa fulltrúar ASÍ lagt áherslu á að upplýsa þessa aðila um stöðu mála og koma á framfæri sjónarmiðum og hagsmunum launafólks í tengslum við aðildarviðræðurnar.

Þróunarverkefni og tæknileg aðstoð

Eins og kemur fram í inngangi þessa kafla og víðar í þessari skýrslu hafði ASÍ með fleirum frumkvæði að því að sækja um sérstakan stuðning í gegnum sjóði ESB vegna menntaverkefnis sem ætlað er að gagnast sérstaklega fólki á vinnu- markaði með litla formlega menntun. Í reynd er stuðningurinn tvíþættur, bæði faglegur og fjárhagslegur. Það verkefni mun fara á fulla ferð í byrjun árs 2012.

Á þessu ári hefur Alþýðusambandið eitt og í samstarfi við fleiri aðila leitað eftir samstarfi og faglegri aðstoð Evrópusambandsins á nokkrum mikilvægum sviðum. Þar má nefna verkefni sem snýr að því að greina færnikröfur í íslensku atvinnulífi á næstu árum og hvernig má betur samþætta atvinnustefnu og uppbyggingu og framboð á menntun; reynslu og fyrirmyndir Evrópuríkja varðandi þjónustu við atvinnulausa af erlendum uppruna og reynslu Norðurlanda (einkum Finna) af landbúnaðarstefnu ESB, þá aðildarsamninga, sem gerðir voru á því sviði, og hvaða lærdóma má draga af þeim fyrir atvinnumál í dreifðum byggðum almennt og launafólk í framleiðslugreinum tengdum landbúnaði og hvaða atvinnumöguleika megi þróa og efla í því samhengi. Þegar þetta er skrifað er ekki enn ljóst hvað úr þessum verkefnum verður.

Álit Efnahags- og félagsmálanefndar ESB

Þann 9. desember 2010 samþykkti Efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins (EESC), sem skipuð er fulltrúum samtaka launafólks og atvinnurekenda og ýmsum öðrum hagsmunahópum í Evrópu, sérstakt álit vegna aðildarumsóknar Íslands að ESB. Álitid er einkar vinsamlegt í garð Íslendinga. Þar segir m.a. að Efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins styðji heils hugar aðild Íslands að ESB. Jafnframt leggur nefndin áherslu á að fulltrúar hinna ýmsu hagsmunahópa í samfélaginu taki virkan þátt í aðildarviðræðunum. Þá bendir nefndin á það mikilvæga hlutverk, sem aðilar vinnu- markaðarins hafa í stefnumótun fyrir íslenskt samfélag, og þá staðreynd að þeir hafi nú þegar tengsl við EESC og heildarsamtök launafólks og atvinnurekenda á Evrópuvísu. Þá bendir Efnahags- og félagsmálanefndin á að með aðildinni að Evrópska efnahagssvæðinu sé Ísland vel undir það búid að gerast aðili að ESB, einkum á þeim sviðum sem falla undir EES-samninginn. Það sé skoðun EESC að Ísland gæti lagt til stefnumótunar ESB á ýmsum sviðum, s.s. varðandi sjálfbærar fiskveiðar, notkun endurnýjanlegrar orku og málefna heimskautasvæða.

Efnahags- og félagsmálanefnd ESB leggur til að stofnað verði til sameiginlegrar ráðgjafarnefndar EESC og Íslands með þátttöku samtaka launafólks og atvinnurekenda og ýmissa skipulagðra hagsmunasamtaka annarra. Nefndin telur að slík ráðgjafarnefnd geti verið mikilvægur vettvangur til að skiptast á upplýsingum og skoðunum og setja fram sameiginlegar áherslur og tillögur til samninganefnda aðila. Nefndin leggur sérstaka áherslu á að með slíku megi styrkja aðkomu ýmissa skipulagðra hagsmunasamtaka í aðildarviðræðunum.

Af hálfu Evrópusambandsins var álitni Efnahags- og félagsmálanefndarinnar fylgt eftir með tillögu um að sett yrði á laggirnar ráðgjafarnefnd ESB og Íslands. Af hálfu íslenskra stjórnvalda var tillagan samþykkt og hefur síðan verið unnið að því að undirbúa skipun nefndarinnar. Þegar þetta er skrifað um miðjan september liggur ekki enn fyrir hvenær nefndin verður sett á fót eða hvernig hún verður skipuð af hálfu Íslands.



Erlend samskipti

Alþýðusamband Íslands er virkur þátttakandi í alþjóðastarfi bæði á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar og alþjóðastofnana. Þátttaka ASÍ endurspeglar hvort tveggja alþjóðlegan uppruna samtaka launafólks og vaxandi mikilvægi alþjóðastarfs fyrir verkalýðshreyfinguna og félagsmenn hennar.

Hnattvæðingunni með auknum viðskiptum og samskiptum á öllum sviðum fylgja ný úrlausnarefni, hættur en einnig tækifæri fyrir samtök launafólks. Aukið samstarf Evrópuríkja, þátttaka Íslands í EES með sameiginlegum vinnumarkaði Evrópuríkja og löggjöf og samstarf á fjölmörgum sviðum eru mikilvægir þættir í þessari þróun. Með þátttöku sinni á alþjóðavettvangi tekur ASÍ þátt í umræðu, stefnumótun og ákvarðanatöku á alþjóðavísu, nýtir þekkingu og reynslu úr alþjóðlegu starfi og árangur alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar fyrir íslenskt launafólk, leggur sitt af mörkum til að efla alþjóðlega samstöðu launafólks og styður uppbyggingarstarf og réttindabaráttu í þróunarríkjunum.

Norræna verkalýðssambandið – NFS

Stjórn Norræna verkalýðssambandsins – NFS – kemur saman tvisvar á ári og er hún skipuð forystumönnum allra heildarsamtaka á Norðurlöndum. Forseti

ASÍ situr þessa fundi fyrir hönd ASÍ. Starf NFS hefur á undanförunum árum í vaxandi mæli snúist um samstarf Norðurlandanna á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi.

Á árinu 2011 hefur mikil vinna verið lögð í að samstillta málflutning norrænu samtakanna á vettvangi Evrópusamtakanna, einkum er varðar umræðuna um áhrif dóma Evrópuðómstólsins um gildi kjarasamninga og í vaxandi mæli umræðuna um setningu laga eða reglna innan ESB um lögbundin lágmarkslaun. Áfram hefur verið unnið að því að koma á evrópsku félagsdómskerfi þar sem deilur um gildissvið kjarasamninga á Evrópuvísu yrðu leiddar til lykta í partískum dómstóli (sérstakur dómstóll sem aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld skipa í) fremur en Evrópuðómstólum.

Á fundi stjórnar NFS í nóvember 2010 var skýrsla svokallaðrar framtíðarnefndar (um verkefni og hlutverk NFS í framtíðinni) tekin til umfjöllunar en forseti ASÍ og varaformaður BSRB tóku þátt í þeirri umræðu. Samþykkt var að auka starf NFS um málefni norræna vinnumarkaðarins m.a. með nánara samstarfi við bæði Norræna ráðherraráðið og þau samtök atvinnurekenda sem áhuga hafa á norrænu samstarfi en NFS hefur þegar í sínum samþykktum ákveðið umboð aðildarsamtaka sinna til að sinna þessu starfi. Jafnframt var lögð áhersla á að þegar kemur að Evrópusamstarfinu og samstarfi innan alþjóðasamtakanna gegnir NFS hlutverki samráðsvettvangs fremur en að fara með sjálfstætt umboð. Jafnframt var lögð áhersla á að tengja betur starf fulltrúa norrænu samtakanna í Brussel við starf skrifstofu NFS; þar væru tengslin og yfirsýnin sem engin ástæða væri fyrir NFS til að eyða tíma og peningum í að byggja upp.

Á árinu 2011 losnaði staða framkvæmdastjóra NFS eftir að í ljós kom að ekki var samstaða um að styðja fyrrverandi framkvæmdastjóra. Ákveðið var að auglýsa starf framkvæmdastjórans á heimasíðum aðildarsamtakanna en jafnframt var ljóst að Lóa Brynjólfssdóttir – sem verið hefur sérfræðingur NFS í Evrópumálum – myndi sækja um starfið. ASÍ studdi Lóu sem framkvæmdastjóra fyrir fjórum árum ásamt danska og finnska alþýðusambandinu en ekki tókst að mynda samstöðu um ráðningu hennar þá. Í ljós kom nú að mikil og breið samstaða var til þess að ráða Lóu nú og verður ráðning hennar staðfest á næsta stjórnarfundi.

Við það tækifæri var jafnframt ákveðið að breyta innra skipulagi skrifstofunnar þannig að sérfræðingar verði ráðnir með breiðari skírskotun til verkefna en verið hefur. Eykur það bæði sveigjanleika skrifstofunnar og gefur henni betra færi á að byggja upp nauðsynlega þekkingu á þeim sviðum sem hún starfar á.

Samstarf norrænu alþýðusambandanna um samningamál

Einu sinni á ári hafa fulltrúar norrænu alþýðusambandanna þingað um þróun kjaramála og borið saman bækur sínar um helstu málefni á norrænum og evrópskum vettvangi. Í sumar var farið skipulega í gegnum umræðu um félagsleg undirboð og viðbrögð við þeim, þ.m.t. um áhrif almenns gildis kjarasamninga með lögum líkt og hér gildir. Samþykkt var að leggja til við stjórnir aðildarsamtakanna að settur yrði á laggirnar vinnuhópur sem fengi það hlutverk, í samstarfi við FAFO (rannsóknarstofnun um vinnumarkaðsmál í Noregi), að kortleggja hvort og hvernig þessi samtök geti fundið einhverja leið sem væri málamiðlun í þessu erfiða máli sem gengi ekki gegn grundvallarþáttum norræna vinnumarkaðarins. Þarf vinnuhópurinn að skila niðurstöðu fyrir lok nóvember þar sem til stendur að ræða málið í stjórn ETUC (Evrópusamtaka verkalýðsfélaga) í byrjun desember og síðan á formannafundi í febrúar.

SAMAK

Þing SAMAK (Samstarfsnefnd Norrænna jafnaðarmannaflokka og alþýðusambanda) var haldið í Osló í Noregi í janúar. Á dagskrá var umræða um áhrif kreppunnar í hverju landi fyrir sig og hvaða tillögur verkalýðshreyfingin og jafnaðarmannahreyfingin hefði lagt fram til að glíma við afleiðingar hennar. Rætt var um að mikilvægt væri að ræða það milli alþýðusambandanna og alþýðuflokkanna hvernig haga ætti verkaskiptingu milli verkalýðshreyfingarinnar og opinberra stofnana þegar kæmi að þjónustu við launafólk, hvort heldur það væri vegna atvinnuleysis, veikinda og slysa eða endurhæfingar.

Verkalýðshreyfingin í Norður Atlantshafi – VN

Samstarf okkar við grænlesku og færeysku verkalýðshreyfinguna innan vébanda Vest- norræna sambandsins hefur verið á lágum nótum undanfarin ár en er engu að síður mikilvægur vettvangur skoðanaskipta og tengsla ef til átaka kæmi í sjávarútvegi vegna skyldleika og nálægðar. Formaður Samtak – heildarsamtaka launafólks í Færeyjum – hefur haft það verkefni að stofna sérstaka heimasíðu VN-samtakanna þar sem stefnt er að því að miðla upplýsingum um réttindi launafólks sem flytur sig á milli þessara landa í leit að vinnu. Ársfundur samtakanna var að þessu sinni haldinn hér í Reykjavík þar sem Matthías Kjeld gerði grein fyrir umræðunni um breytingar á fiskveiðistjórnuninni. Á fundinum var jafnframt ákveðið að framlengja ákvæði um að rukka ekki félagsgjöld á árinu 2011.

Evrópusamband verkalýðsfélaga – ETUC

Framkvæmdastjórn ETUC

Framkvæmdastjórn ETUC kemur saman fjórum sinnum á ári í Brussel. Á ASÍ einn stjórnarmann í framkvæmdastjórninni og hefur forseti ASÍ sinnt því hlutverki. Starf innan ETUC hefur mótast verulega af alþjóðlegri fjármálakreppu og kröfu samtakanna um samræmd viðbrögð framkvæmdastjórnar og aðildarríkja ESB til að draga úr aukningu atvinnuleysis og verja velferðarkerfið. Einnig hafa samtökin átt í viðræðum við framkvæmdastjórn ESB og Evrópuþingið um leiðir til þess að styrkja stöðu kjarasamninga og kjarasamningabundinna réttinda gagnvart samkeppnisákvæðum innri markaðarins eftir að Evrópuþómstóllinn hefur í málum eins og Viking, Laval og Rufus komist að þeirri niðurstöðu að ýmis ákvæði, er varða tilskipunina um útsenda starfsmenn, stangist á við samkeppnisreglur ESB. Hefur ASÍ fylgst með þeirri umræðu í gegnum norrænan fulltrúa okkar í sérstökum starfshópi sem settur var á laggirnar.

Þing ETUC

Þing ETUC var haldið í Aþenu í maí þar sem Bernadette Ségol var fyrst kvenna kjörin framkvæmdastjóri ETUC. ASÍ studdi tilnefningu Bernadette sem er okkur að góðu kunnug sem fyrrverandi framkvæmdastjóri UNI Europe.

Á þinginu og innan samtakanna hefur verið mikil umræða um stöðu evrunnar og vanda ríkjanna við Miðjarðahaf og hafa samtökin lagt fram ítarlegar tillögur um m.a. útgáfu evruskuldabréfa af hálfu Evrópska Seðlabankans og Evrópska fjárfestingabankans til að jafna betur vaxtabyrðinni milli landa og skapa forsendur fyrir auknum framkvæmdum og fjárfestingum í Evrópu til að auka hagvöxt þrátt fyrir nauðsynlega aðlögun ríkisfjármála.

Innan ETUC hefur verið vaxandi áhersla á lögbundin lágmarkslaun eftir að þing þýska alþýðusambandsins (DGB) samþykkti ályktun um að styðja slíka kröfu á síðasta ári. Er nú svo komið að heildarsamtök launafólks á Norðurlöndum eru einu samtökin sem standa gegn þessum hugmyndum. Sú staða hefur komið upp í Evrópu að bæði framkvæmdastjórnin og Evrópuþingið hefur áhuga á að innleiða slíkar reglur – ýmist í formi lögbundinna lágmarkslauna eða viðmiðs um lágmarkstekjur. Hefur verið boðað til formannafundar innan ETUC í febrúar á næsta ári til að ræða þessa stöðu en málið verður væntanlega rætt innan stjórnar í haust til að undirbúa þessa umræðu. Þótt litlar líkur séu á að aðildarríkin samþykki slík inngrip frá Brussel er mikilvægt fyrir okkur að vera á varðbergi varðandi þessa umræðu.

Ráðgjafarnefnd EFTA

Ráðgjafarnefnd EFTA er samstarfsvettvangur aðila vinnumarkaðarins í

EFTA-löndunum. Nefndin hittist að jafnaði fjórum sinnum á ári. Síðla vetrar er í tengslum við fund nefndarinnar haldinn fundur með Stjórnarnefnd EFTA (Standing Committee). Að vori eru í tengslum við fund nefndarinnar haldnir fundir með ráðherrum EFTA-ríkjanna og þingmannanefnd EFTA. Að hausti heldur nefndin vinnufund þar sem farið er yfir þau mál sem eru efst á baugi hverju sinni. Undir lok árs er haldinn fundur með þeim ráðherra EFTA/EFTA-EES-ríkjanna sem hefur forystu fyrir EFTA hverju sinni. Þá fundar ráðgjafarnefndin einu sinni á ári með fulltrúum frá efnahags- og félagsmálanefnd ESB (EESC). Í ráðgjafarnefndinni sitja 16 fulltrúar samtaka launafólks og atvinnurekenda, sex frá Noregi, fjórir frá Íslandi og Sviss og tveir frá Lichtenstein. Auk þess starfa fulltrúar frá skrifstofu EFTA með nefndinni og sérfræðingar frá aðildarsamtökunum í einstökum málum.

Halldór Grönvold tók við formennsku í ráðgjafarnefndinni seinni hluta árs 2010 til tveggja ára. Hann er jafnframt formaður ráðgjafarnefndar EES ásamt einum fulltrúa frá EESC.

Helstu verkefni ráðgjafarnefndarinnar

Eins og áður fjallaði ráðgjafarnefndin um fjölmörg mál á tímabilinu. Helstu mál voru: alþjóðlega efnahagskreppan og viðbrögð alþjóðasamfélagsins og Evrópu sérstaklega; þróunin á vettvangi Evrópusambandsins þar sem sérstakri athygli var beint að „Evrópa 2020“-áætluninni og þá einkum innri markaðinum og þeim þáttum er snerta atvinnulífið og vinnumarkaðinn sérstaklega; þróun í samskiptum Evrópusambandsins og EFTA-ríkjanna, einkum í gegnum EES-samninginn; samskipti og samninga EFTA-ríkjanna við þriðju ríki og gerð viðskiptasamninga; þá hefur aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu verið ítrekað til umfjöllunar á fundum ráðgjafarnefndarinnar.

Ráðgjafarnefndin sótti vorið 2011 fund Efnahags- og félagsmálanefndar ESB þar sem fulltrúi ASÍ fékk tækifæri til að ávarpa nefndina sérstaklega.

Ráðgjafarnefnd EES

Fundur var haldinn í ráðgjafarnefnd EES í Tartu, Eistlandi dagana 12. og 13. maí 2011. Á fundinum var fjallað um samstarf Evrópusambandsins og EFTA-ríkjanna og aðildarumsókn Íslands að ESB sérstaklega. Fulltrúi efnahags- og félagsmálanefndar ESB gerði sérstaka grein fyrir samþykkt nefndarinnar um aðildarumsókn Íslands frá desember 2010. Þá voru á fundi ráðgjafarnefndar EES samþykktar tvær ályktanir, annars vegar um innri markaðinn og hins vegar um framþróun og orkumál.

Alþjóðavinnumálastofnunin – ILO

100. þing ILO

Á þing ILO fór að venju sendinefnd af Íslands hálfu. Í henni sátu fyrir hönd stjórnvalda Kristinn Árnason, sendiherra í Genf, og ásamt honum Gylfi Kristinsson frá velferðarráðuneytinu auk starfsmanna fastanefndarinnar í Genf. Af hálfu samtaka verkafólks sóttu þingið Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ, og varamaður hans Marianna Traustadóttir, sérfræðingur í jafnréttismálum hjá ASÍ og skólustjóri Genfarskólans. Af hálfu atvinnurekenda sátu þingið lögfræðingar SA, þau Hrafnhildur Stefánsdóttir og Jón H. Magnússon. Genfarskólann sóttu að þessu sinni þau Harpa Ólafsdóttir frá Eflingu og Gunnar Örn Gunnarsson frá Sjúkraliðafélagi Íslands en jafnframt heimsótti Eyrún Valsdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar ASÍ, skólann og þingið en hún á sæti í stjórn hans.

Meginmálefni þingsins lutu að félagslegri lágmarksvernd (social protection floors), mannsæmandi störfum fyrir starfsfólk á einkaheimilum (domestic workers), eftirlit á vinnumarkaði (labour administration and labour inspection) og að venju framkvæmd samþykktu.

Magnús M. Norðdahl sat í þeirri nefnd, sem fjallaði um félagslega lágmarksvernd, var jafnframt fulltrúi Norrænu verkalýðshreyfingarinnar og sat í samningahóp um niðurstöður.

Í heildarniðurstöðu nefndarinnar kemur fram að félagsleg vernd sé mannréttindi og jafnframt bæði samfélagsleg og efnahagsleg nauðsyn. Ákveðið var að á 101. þingi ILO 2012 yrði gengið frá nýjum tilmælum með einni umræðu í stað tveggja. Fjöldamargar alþjóðlegar stofnanir þurfa að koma að myndun lágmarksalmannatrygginga eða félagslegrar lágmarksverndar en í dag búa 80% jarðarbúa við litla eða enga slíka vernd. Nauðsynlegt er því að samræma störf þessara stofnana og svo virðist sem um það ríki nokkur sátt. Niðurstöður 100. þings ILO benda til þess að ILO megi og eigi að vera samnefnari slíkrar samvinnu. Í niðurstöðum nefndarinnar er því tryggilega haldið til haga að samtök launafólks og atvinnurekenda skipti miklu máli við þróun almennatrygginga og félagslegrar verndar, annars vegar sem þátttakendur í félagslegri samræðu og hins vegar sem aðilar kjarasamninga.

Á þinginu var jafnframt kosin stjórn ILO. Sú breyting varð helst, hvað Norðurlöndin varðar, að ITUC stilltu ekki upp norrænum fulltrúa sem aðalmanni. Þetta olli forystu Norræna verkalýðssambandsins (NFS) miklum vonbrigðum. Af þessu verða eftirmálar og mun NFS taka málið upp nú í haust og fylgja því eftir innan ETUC og ITUC. Þau tíðindi gerðust einnig að fulltrúi ACFTU – Kínverska alþýðusambandsins – komst á lista ITUC og hlaut kosningu. Þetta er gert þrátt fyrir að samtökin eru hvorki sjálfstæð né frjáls að

starfsemi sinni auk þess sem Kína hefur ekki fullgilt grundvallarsamþykktir ILO um félagafrelsi. Þessi breyting á sér langan aðdraganda og var eindregið studd af LO-Noregi og forystu ITUC. LO-Svíþjóð tók afstöðu gegn þessari ákvörðun. ASÍ fylgdi ITUC og LO-Noregi og öðrum Norðurlandasamtökum. Þessi breyting og niðurfærsla á fulltrúa Norðurlandanna ber þess merki að áhersla ITUC er að færast yfir á Asíu- og Kyrrahafssvæðið.

Þríhliða nefnd ILO á Íslandi

Undanfarin ár hefur nefndin að jafnaði fundað 6–8 sinnum á ári. Á síðasta starfsári voru hins vegar haldnir tveir fundur. Staða varðandi staðfestingu og umræðu um nýjar samþykktir og tilmæli er óbreytt frá síðustu skýrslu og beðið er þýðingar á nýrri samþykkt um réttarstöðu hjúá (domestic workers) nr. 189. Frágangi og þýðingu viðbóta við Félagsmálasáttmála Evrópu hefur ekkert miðað en ráðuneytið stefnir að því að taka þá vinnu upp nú í haust.

Norræna ILO-samstarfið

Fulltrúar norrænu verkalýðshreyfingarinnar á Norðurlöndum hittust þrisvar á síðasta starfsári. Á þessum fundum er afstaða til einstakra dagskrármála í stjórnarnefnd ILO rædd auk þess sem ILO-þingin eru undirbúin og verkum og ábyrgð skipt vegna þeirra. Af hálfu ASÍ voru tveir þessara funda sóttir, annar í Finnlandi en sá síðari var haldinn hér á landi.

NFJS – Fundur lögfræðinga heildarsamtaka launafólks á Norðurlöndum

Fundir þessir eru árlegir samráðs- og upplýsingafundir þeirra lögfræðinga sem starfa fyrir samtök launafólks sem eru innan NFS. Flutt eru fræðileg erindi og skipst á skoðunum um lögfræðileg álitæfni. Að þessu sinni var fundurinn haldinn hér landi í ágúst 2011 og var það gert í samvinnu ASÍ og BSRB.

Meginefni fundarins voru annars vegar félagsleg undirboð og viðbrögð norrænu verkalýðshreyfingarinnar og hins vegar vernd einkalífs á vinnustöðum. Gerð var sérstök grein fyrir dómi EFTA-dómstólsins í máli ESA gegn Íslandi vegna ákvæða í lögum nr. 45/2007 um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra en með dóminum var álit ESA þess efnis að ákvæði laganna um veikindarétt og slysatryggingar starfsmanna feli í sér brot á ákvæðum tilskipunar um útsenda starfsmenn.

NETLEX – Network of legal experts

Árleg ráðstefna lögfræðinga aðildarsamtaka ETUC var haldin í nóvember 2010 en var ekki sótt af Íslands hálfu.

Fundur hagfræðinga hjá alþýðusamböndum á Norðurlöndum

Hagfræðingar norrænu alþýðusambandanna funduðu í Haikko í Finnlandi dagana 9.–10. desember 2010 og í Svendborg í Danmörku 10.–12.ágúst 2011. Henný Hinz, hagfræðingur hjá ASÍ, sótti fundina fyrir hönd ASÍ. Á dagskrá fundanna var almenn yfirferð um stöðu í efnahags- og kjaramálum á Norðurlöndum auk almennra umræðna um stefnumörkun í ríkisfjármálum og velferðarmálum og áhrif þeirra á lífskjör í löndunum. Hagkerfi Norðurlanda hafa almennt rétt úr sér eftir hina alþjóðlegu fjármálakreppu en útflutningsgreinarnar, einkum í Finnlandi og Danmörku, hafa átt í vanda og blíkur eru á lofti um þróunina á síðari hluta árs 2011. Atvinnuástandið er almennt erfitt, að Noregi undanskildu, en hægt hefur gengið að fjölga störfum og vinna bug á atvinnuleysi, einkum meðal ungs fólks og langtímaatvinnulausra.

Á fundinum í Finnlandi var einnig farið í heimsókn til Varma sem er einn stærsti lífeyrissjóður Finnlands og tíundi stærsti fagfjárfestir í Evrópu. Þar tók aðalhogfræðingur sjóðsins, Katja Bjerstedt, á móti hópnum og kynnti meginatriði finnska lífeyriskerfisins og starfsemi sjóðsins. Þá var heimsótt kjarnorkuver Fortum í Lovisa þar sem fundarmenn fengu kynningu á starfsemi orkuversins og yfirferð um verksmiðjuna með aðaltrúnaðarmanni verkalýðsfélagsins á staðnum. Þess má til gamans geta að forseti finnska alþýðusambandsins, Lauri Lyly, var lengi aðaltrúnaðarmaður í kjarnorkuveri Fortum í Lovisa.

Á fundinum í Danmörku var í kjölfar hefðbundinna fundarstarfa farið í heimsókn í eina stærstu skipasmíðastöð á Norðurlöndum í Lindø í nágrenni Óðinsvéa. Til stendur að loka stöðinni síðar á þessu ári og fengu fundarmenn kynningu á nýrri starfsemi sem verið er að byggja upp á svæðinu af fyrirtækinu LORC. Fyrirtækið stefnir að því að koma upp sérhæfðum prófunarbúnaði fyrir vindmyllur í þeim gríðarstóru skemmum sem áður hýstu skipasmíðastöðina.



Lagabreytingar og skipulagsmál

Laganefnd

Laganefnd kom saman á fjórum fundum á starfsárinu og afgreiddi á þeim fundum sínum umsagnir og tillögur til miðstjórnar um breytingar á lögum 10 aðildarfélaga. Í flestum tilvikum var um einfaldar lagabreytingar að ræða sem ekki varða lög ASÍ. Í þremur tilvikum vakti nefndin athygli viðkomandi félags á því að breytingin gæti falið í sér skörun við annað félag innan ASÍ og að í þeirri stöðu bæri félögunum að gera með sér samstarfssamning.

Skipulags- og starfsháttanefnd

Skipulags- og starfsháttanefnd kom saman á 2 fundum á starfsárinu. Meginverkefni hennar laut að framkvæmd á samþykkt ársfundar 2010 um stofnun ASÍ-UNG sem nánar er gerð grein fyrir síðar í þessum kafla. Á árinu 2006 og í kjölfar nýrra ákvæða í lögum ASÍ varðandi lágmarksréttindi í sjúkrasjóðum, 49. gr., og í samræmi við 2. mgr. þeirrar greinar var óskað eftir því að öll aðildarfélög ASÍ skiluðu inn reglugerðum sjúkrasjóða sinna til staðfestingar og gerðu viðeigandi breytingar til samræmis við lög ASÍ. Eitt aðildarfélag vanrækti þá skyldu og fól miðstjórn skipulags- og starfsháttanefnd að ganga

eftir breytingum. Það gekk eftir og hafa því öll aðildarfélög ASÍ aðlagð reglugerðir sjúkrasjóða sinna að lögum ASÍ.

Skipulag ASÍ

Eftir funduferð þá sem grein er gerð fyrir í síðustu skýrslu forseta var á ársfundi ASÍ 2010 gerð sú meginskipulagsbreyting að aðild að landssambandi skyldi ekki lengur vera aðildarskilyrði væru viðkomandi félög ekki landsfélög. Í öðru lagi var samþykkt að í stað ársfunda komi æðsta stofnun ASÍ saman á þingum á tveggja ára fresti og að í tengslum við þing ASÍ komi saman sérstakt þing ungs launafólks í aðildarsamtökum ASÍ og skuli það eiga 9 fulltrúa á þingum ASÍ. Í þriðja lagi var samþykkt að fundur formanna aðildarfélaga ASÍ skyldi formgerður í lögum ASÍ og komi saman milli þinga. Sjá nánar fundargerð ársfundar 2010. Fyrsta og eina félagið til þess að breyta aðildarstöðu sinni á árinu var FHS – Félag hársnyrtisveina. Á árinu sameinuðust Félag símsmiða og Félag íslenskra rafvirkja auk þess sem Félag nema í rafíðnum var lagt niður. Aðildarfélög ASÍ eru því 51 í aðdraganda formannafundar ASÍ haustið 2011 og þar af 7 félög í beinni aðild.

ASÍ-UNG

Stofnþing og stjórn

Stofnþing ASÍ-UNG var haldið í sal Rafiðnaðarskólans 27. maí 2011. Tildrög þessa voru þau að á ársfundi ASÍ haustið 2008 kom fram að mikilvægt væri að efla þekkingu ungs fólks á starfsemi stéttarféлага til að gera það meðvitað um réttindi sín. Á ársfundi ASÍ 2010 var síðan samþykkt að stofna vettvang fyrir ungt launafólk í aðildarfélögum ASÍ og rammi settur utan um hann.

Skipaður var undirbúningshópur í byrjun árs 2011 með fulltrúum landsambanda og félögum með beina aðild. Hann skipuðu þau Andri Sveinn Jónsson (Samiðn), Guðfinna Alda Ólafsdóttir (LÍV) en hún tók við af Arnþóri Gíslasyni sem vék úr hópnum í byrjun maímánaðar, Einar Hannes Harðarson (SSÍ), Guðni Gunnarsson (bein aðild), Stanislaw Bukowski (SGS) og Svanborg Hilmarsdóttir (RSÍ). Starfsmaður undirbúningshópsins var Dalla Ólafsdóttir, lögfræðingur hjá ASÍ.

Undirbúningur

Undirbúningshópurinn ákvað í upphafi vinnu sinnar að mikilvægt væri að víðtæk samvinna og samstaða skapaðist meðal ungs fólks í aðildarfélögum ASÍ. Þannig væri nauðsynlegt við undirbúning verkefnisins að undirbúningshópur gæti sótt hugmyndir, áherslur og stuðning frá ungu fólki í öllum aðildarfélögum ASÍ og jafnframt að félagslegt bakland verði til í aðildarfélögunum sem fulltrúar þeirra á þingum ASÍ-UNG gætu sótt til.

Því var ákveðið að í mars og apríl skyldu haldnir sameiginlegir fundir meðal ungs launafólks í aðildarfélögum ASÍ þar sem fjallað skyldi annars vegar um form og skipulag ASÍ-UNG en hins vegar um verkefni þess og megináherslur. Á fundunum væri kynning á verkalýðshreyfingunni en megináherslan væri að fá fram hugmyndir frá þátttakendum varðandi framangreind atriði.

Fyrsti fundurinn var haldinn með ungu launafólki á Austurlandi þann 22. mars sl. en í kjölfarið fylgdu fundir á Sauðárkróki, í Borgarnesi, tveir fundir í Reykjavík (á Stórhöfða og í Sætúni), á Ísafirði, Akureyri og á Suðurlandi.

Á fundina hafa mætt um 60 fulltrúar ungs launafólks í flestum aðildarfélögum ASÍ. Mikill áhugi hefur verið á verkefninu á fundunum og ljóst að ungt launafólk telur ríka þörf á því að stofna vettvang fyrir ungt fólk hjá ASÍ.

Á fundunum var, eins og áður sagði, kallað eftir sjónarmiðum þátttakenda til skipulags ASÍ-UNG en jafnframt til þess hver meginverkefni ættu að vera, áherslur og helstu hagsmunamál. Eins var kallað eftir hugmyndum um með hvaða hætti aðildarfélög ASÍ gætu eftt þátttöku ungs fólks innan félaganna. Unnar voru fundargerðir eftir hvern fund þar sem megin sjónarmið fundarmanna voru reifuð og voru fundargerðirnar að því loknu sendar til þátttakenda. Á grundvelli fundargerða allra fundanna voru meginniðurstöður teknar saman. Þar segir:

Skipulagsmál ASÍ-UNG

Í 29. gr. laga ASÍ segir um skipulag ASÍ-UNG að halda skuli þing ASÍ-UNG í tengslum við reglubundið þing ASÍ og rétt til þátttöku eigi einn fulltrúi frá hverju aðildarfélaga ASÍ. Þingið skuli kjósa sér níu manna stjórn sem skuli sjálf skipta með sér verkum og samræma störf ungs fólks í aðildarfélögum ASÍ. Það lá því fyrir undirbúningshópi ASÍ-UNG að móta skipulag ASÍ-UNG og í því skyni var kallað eftir ákveðnum sjónarmiðum hvað varðar þau efni á undirbúningsfundunum. Þau atriði, sem sérstaklega var kallað eftir athugasemdum um, voru varðandi fyrirkomulag og efni þinga ASÍ-UNG. Þá var kallað eftir sjónarmiðum fundarmanna varðandi það hvernig framkvæma ætti atkvæðagreiðslur á þingum ASÍ-UNG og um kjör stjórnar ASÍ-UNG.

Fyrirkomulag og efni þinga ASÍ-UNG

Það var nær samdóma álit allra fundarmanna að þing ASÍ-UNG ættu ekki að vera of formbundin og yfirbragðið ætti að vera með léttum hætti.

Mikil áhersla var lögð á að unnið væri í smærri hópum á þingum ASÍ-UNG, umræðuhópum, og „miðlunaraðferð“ væri notuð. Á grundvelli þess yrðu unnar ályktanir sem bornar væru upp til samþykktar á þingum ASÍ-UNG.

Nokkuð rík áhersla var lögð á að á þingunum væru flutt fræðsluerindi annars vegar um þau mál sem bæri hæst á líðandi stundu en hins vegar almennt um málefni verkalýðshreyfingarinnar. Þannig kæmu fyrirlesarar bæði úr röðum

verkalýðshreyfingarrinnar og væru aðilar með viðtæka reynslu úr þjóðlífinu.

Viðfangsefnið í umræðuhópum og í ályktunum þingsins ætti að varða ungt fólk með viðtækum hætti. Þannig ætti að fjalla um kjaramál en einnig um m.a. húsnæðismál, velferðarmál og jafnvel lífeyrismál.

Bent var á að mikilvægt væri að niðurstöðu þinga ASÍ-UNG væri hægt að leggja fram á þingum ASÍ þannig að sjónarmið ungs fólks gætu komið fram með beinum hætti í stefnumörkun þinga ASÍ. Þá var sömuleiðis bent á nauðsyn þess að þingfulltrúar gætu undirbúið sig fyrir þátttöku sína á þingunum, einkum með því að hafa samráð við sitt bakland innan aðildarfélaganna, og því yrði að vera búð að ákveða umræðuhópa og málefnaáherslur fyrir fram.

Atkvæðavægi og kosning stjórnar

Á fundum undirbúningshóps var allmikið rætt um atkvæðavægi fulltrúa á þingum ASÍ-UNG. Aðildarfélög ASÍ eru nú 51 talsins en hvert aðildarfélag á einungis einn fulltrúa á þingum ASÍ-UNG. Því lá fyrir undirbúningsnefnd ASÍ-UNG að leita eftir sjónarmiðum frá ungu fólki í aðildarfélögum ASÍ um hvert atkvæðavægi hvers fulltrúa ætti að vera auk þess sem taka þyrfti ákvörðun um hvernig kjósa skyldi í stjórn ASÍ-UNG.

Á fundunum var bent á þrjár leiðir sem kæmu helst til greina við ákvörðun atkvæðavægis hvers fulltrúa. Í fyrsta lagi að hver fulltrúi hefði eitt atkvæði, í öðru lagi að atkvæðavægi hvers fulltrúa væri hlutfallslegt miðað við félagafjölda á aldrinum 18–35 ára en í þriðja lagi væri farin svokölluð „blönduð leið“ þar sem meirihluta samkvæmt báðum þessum leiðum þyrfti til að tillaga eða ályktun yrði samþykkt.

Þátttakendur á fundunum voru flestir á þeirri skoðun að hver þingfulltrúi ætti að hafa eitt atkvæði. Menn voru þó almennt á því að ólíkir hagsmunir tækjust á en mikilvægt væri að þingfulltrúar sætu á þinginu á jafnræðisgrundvelli. Þessu til áréttingar var m.a. bent á að þing ASÍ-UNG hefðu í reynd ekkert ákvörðunarvald heldur ályktunarvald.

Nokkur vilji var til þess að í stærri og mikilvægari málum og/eða þegar hluti þingfulltrúa óskaði eftir væri hægt að kalla eftir blandaðri leið við atkvæðagreiðslu, þ.e. að til að tillaga hlyti samþykki yrði meirihluti fulltrúa að greiða henni vægi og þá yrði meirihluti félagsmanna á aldrinum 18–35 ára að vera að baki tillögunni.

Það varð á endanum niðurstaða undirbúningshóps að fara framangreinda leið. Meginreglan er þá sú að hver þingfulltrúi fari með eitt atkvæði en stjórn ASÍ-UNG eða 5 þingfulltrúar geti kallað eftir atkvæðagreiðslu samkvæmt „blandaðri leið“.

Hvað varðar kosningu stjórnar var þeim spurningum velt upp á undirbúningsfundum hvort stilla ætti upp nýu manna lista til stjórnar eða hvort menn

ættu að bjóða sig fram á einstaklingsgrundvelli. Þá þurfti enn fremur að taka afstöðu til þess hvort kvóta m.t.t. kyns, atvinnugreina og landsvæða ætti að viðhafa við kosningu stjórnar.

Nokkuð skiptar skoðanir voru um fyrirkomulag stjórnarkjörs á fundunum. Fundarmenn töldu mikilvægast að einstaklingar hefðu færi á að bjóða sig fram en jafnframt þótti uppstilling hafa nokkuð góða kosti. Hvað varðar kvóta kom sérstaklega fram áhersla á að horft yrði til landsvæða við kjör stjórnar en starfsgreinar þóttu enn fremur skipta máli. Lítil sem enginn áhugi var á því að kynjakvóti yrði viðhafður vegna kjörs stjórnar. Almennt kom þó fram rík áhersla á að hæfasta fólkið yrði valið til stjórnarsetu. Samt sem áður komu fram sjónarmið um að aðeins einn frá hverju félagi sæti í stjórn.

Undirbúningsnefnd ASÍ-UNG ákvað, á grundvelli þeirra sjónarmiða sem komu fram, að viðhafa sömu aðferð og beitt er við kjör miðstjórnar á þingum ASÍ. Kjörnefnd stillir upp nú manna lista til stjórnarkjörs en menn geta einnig boðið sig fram. Þá er gerð tillaga um að orðalag varðandi fulltrúa kynja, landsvæða og starfsgreina verði með sambærilegum hætti og vegna kjörs miðstjórnar þ.e.: „Við kjör stjórnar ASÍ-UNG skal leitast við að kjósa fulltrúa ólíkra atvinnugreina og landsvæða og að hlutdeild karla og kvenna verði sem jöfnust.“

Undirbúningsnefnd ASÍ telur, þrátt fyrir að niðurstaða fundanna hafi verið á annan veg, að mikilvægt sé að leitast sé við að hafa hlutdeild kynjanna sem jafnasta í stjórn ASÍ-UNG. Þannig segir m.a. í stefnu ASÍ í jafnréttismálum sem samþykkt var á ársfundi ASÍ haustið 2005:

Eitt af hlutverkum verkalyðshreyfingarinnar er að fylgja eftir markmiðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Það felur m.a. í sér að komið verði á og viðhaldið jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla á öllum sviðum samfélagsins.

Vinna á markvisst með aðildarsamtökum ASÍ að því að efla vitund og skilning á mikilvægi jafnréttis kvenna og karla. Heildarsamtök og einstök stéttarfélög eiga að setja sér framsækna og markvissa stefnu í jafnréttismálum kvenna og karla og framkvæmdaáætlun þar sem hægt er að mæla árangur og þróun markmiða.

Hlutverk og markmið ASÍ-UNG

Í 29. gr. laga ASÍ segir lítið um hlutverk ASÍ-UNG annað en að samræma skuli störf ungs launafólks í aðildarfélagum ASÍ. Það liggur þó í hlutarins eðli að meginhlutverk ASÍ-UNG lýtur að ungu fólki innan aðildarfélaganna.

Á undirbúningsfundunum var fjallað um hver ættu að vera hlutverk og markmið ASÍ-UNG og hvaða megináherslum vettvangurinn ætti að beita sér fyrir. Með því að kalla eftir þessu var hægt að fá sjónarmið grasrótarinnar fyrir þing og nýja stjórn ASÍ-UNG að vinna eftir. Þá var enn fremur óskað eftir hugmyndum um hvaða málaflokka ASÍ-UNG ætti helst að beita sér fyrir gagnvart

stjórnvöldum og aðilum vinnumarkaðarins; jafnframt hvort vettvangurinn ætti að afmarka sig við kjaramál í þröngum skilningi þess orð eða að málefnum ungs fólks í víðum skilningi.

Fram kom á fundunum að mikilvægt væri að á vettvangi ASÍ-UNG væri fjallað um málefni líðandi stundar með áherslu á ungt fólk. Það væri eitt meginhlutverka ASÍ-UNG að tryggja að rödd ungs fólks heyrðist hátt og skýrt í þjóðfélagsmæðunni. Megináherslur væru þannig málefni ungs fólks almennt hvort sem um væri að ræða kjaramál, húsnæðismál eða líffeyrissjóðamál. Þó væri fræðsla til ungs fólks eitt af meginverkefnum og þannig gæti ASÍ-UNG í raun þjónað sem miðstöð fyrir fræðslu til ungs launafólks. Sömuleiðis ætti að styðja við og veita verkalýðshreyfingunni aðhald. Þá væri mikilvægt með samstarfi ungs fólks í aðildarfélögum ASÍ að efla félagsvitund ungs launafólks og styrkja verkalýðshreyfinguna til lengri tíma lítið. ASÍ-UNG væri vettvangur til að efla samstarf með ungu fólki í aðildarfélögum.

Fram komu þau sjónarmið að ASÍ-UNG myndi styrkja aðildarfélögin og ASÍ en ætti þó enn fremur að gagnrýna aðildarfélögin og ASÍ með málefnalegum hætti teldu menn tilefni til þess. Þá komu t.d. fram þau sjónarmið að meðal brynna verkefna ASÍ-UNG væri að taka til endurskoðunar ávinnslu réttinda úr sjóðum stéttarfélaganna gagnvart ungu launafólki sem er í sumarvinnu eða skiptir ört um félög. Gagnvart stjórnvöldum ættu samtökin að beita sér út frá hagsmunum unga fólksins en hafa í huga tengslin við Alþýðusambandið.

Sérstaklega var velt upp hugmyndum um ásýnd og aðferðir ASÍ-UNG, m.a. hvort ætti að takast á um mál eftir „pólítískum“ átakalínum á vettvangi ASÍ-UNG eða líta á ASÍ-UNG sem samráðsvettvang og þá einnig hvort aðferðafræðin út á við eigi að vera fagleg eða herská.

Skemmst er frá því að segja að nokkur mikil eindrægni ríkti um það að ASÍ-UNG ætti að vera samráðsvettvangur ungs fólks í aðildarfélögum ASÍ. Fulltrúar á þingum ASÍ-UNG ættu að ná sameiginlegri niðurstöðu í ákvörðunum sínum m.a. á grundvelli þess að samstaðan væri mikilvæg út á við. ASÍ-UNG gæti tekið afstöðu til pólitískra málefna en ætti þó alls ekki að vera flokkspólitískur vettvangur að mati flestra fundarmanna.

Þá stóð vilji fundarmanna til þess að ASÍ-UNG starfaði með faglegum hætti en þó ætti að beita frísklegum baráttuaðferðum með hómor og kaldhæðni. Eins ætti að gagnrýna bæði inn á við og út á við ef tilefni þætti til. Í því skyni væri jafnframt mikilvægt að formaður ASÍ-UNG talaði með skýrum hætti eða eins og einn fundarmanna sagði: „.... segja það sem allir eru að hugsa.“

Fræðsla

Á fundunum var sérstaklega óskað eftir hugmyndum fundarmanna um hverjar áherslur ASÍ-UNG ættu að vera í fræðslumálum, annars vegar gagnvart ungu

fólki sem vill taka virkan þátt í verkalýðshreyfingunni og hins vegar gagnvart öllu ungu launafólki á vinnumarkaði.

Almennt má segja að fundarmenn voru á því máli að fræðslumál væru eitt meginverkefna ASÍ-UNG. Fjöl margar hugmyndir og ábendingar komu fram um það hvernig haga mætti fræðslumálum.

Þar sem mikilvægt er að ASÍ-UNG styðji við aðildarfélag ASÍ til að virkja ungt fólk til starfa innan félaganna var sérstaklega óskað eftir hugmyndum um með hvaða hætti slíkt gæti gerst. Fjöl margar ábendingar og tillögur komu fram, sumar hverjar um aðferðir sem félögin beita í dag gagnvart ungu fólki. Þá er ljóst að mati fundarmanna að mikilvægt er að ungt fólk fái virkan og góðan stuðning frá sínum aðildarfélögum við stofnun og starfrækslu slíks vettvangs.

Stofnþing ASÍ-UNG

Stofnþing ASÍ-UNG var eins og áður segir sett í sal Rafiðnaðarskólans 27. maí 2011.

Þingið sátu 28 fulltrúar auk gesta sem viðstaddir voru setningu þingsins. Gestir voru fulltrúar í miðstjórn ASÍ auk formanna VR og RSÍ.

Guðni Gunnarsson, fulltrúi undirbúningshóps ASÍ-UNG, setti þingið kl. 10. Í ávarpi sínu rakti Guðni aðdraganda stofnfundarins og vinnu undirbúningshópsins. Að því loknu ávarpaði Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, þingið. Gylfi sagði að rödd unga fólksins þyrfti að hljóma sterkar innan Alþýðusambandsins og til þess væri stofnað til ASÍ-UNG. Miklar væntingar væru bundnar við að áherslur ungs fólks fléttuðust inn í starf ASÍ með sýnilegum hætti, t.d. með aðkomu að miðstjórn.

Gylfi sagði stofnun ASÍ-UNG merkan og mikilvægan áfanga í sögu ASÍ. Ljóst væri að mörg aðildarfélag ASÍ hefðu kraftmikið ungt fólk innan sinna vébanda, hins vegar hefði vantað vettvang innan heildarsamtakanna til þess að virkja unga fólkið. Þegar ASÍ hefur kannað afstöðu fólks til verkalýðshreyfingarinnar hefur komið í ljós að áhugi ungs fólks á stéttarfélagsmálum er mikill. Það stafaði væntanlega af því að ungt fólk hefur snemma þátttöku á vinnumarkaði. Þessi áhugi hefði nú fengið formlegan farveg innan Alþýðusambandsins og því bæri að fagna.

Stefán Einar Stefánsson, formaður VR, óskaði ungu launafólki til hamingju með stofnþingið og færði ASÍ-UNG að gjöf fundarhamar. Svanborg Hilmarsdóttir tók því næst við fundarstjórn og almenn þingstörf hófust en haldin voru fræðsluerindi um menntamál og vinnumarkaðinn. Eftir hádegi var þingfulltrúum skipt upp í vinnuhópa til að ræða þau málefni sem helst brenna á ungu fólki, þ.e. menntamál, fjölskyldumál og húsnæðismál, auk kjaramála. Eftir þá vinnu voru ályktanir samþykktar. Í millitíðinni fór fram kjör fyrstu

stjórnar ASÍ-UNG. Þessi voru kjörin í stjórnina:

Guðni Gunnarson (VM), Guðfinna Alda Ólafsdóttir (VR), Helgi Einarsson (FNIR), Friðrik Guðni Óskarsson (FIT), Elín Jóhanna Bjarnadóttir (Félag málm. Akureyri), Einar Hannes Harðarson (Sjómanna- og vélstj.félag Grindavíkur), Elín G.Tómasdóttir (StéttVest), Ása Margrét Birgisdóttir (Eining-Iðja), Sverrir Kristján Einarsson (AFL).

Stjórnin skipti með sér verkum og kaus Helga Einarsson fyrsta formann ASÍ-UNG, Sverri Einarsson varaformann og Elínu Jóhönnu Bjarnadóttur ritara.



Samþykktir stofnþings ASÍ-UNG

Eftirfarandi samþykktir voru gerðar á stofnþingi ASÍ-UNG:

I.kafli

Nafn og markmið

1. grein

ASÍ-UNG er samráðsvettvangur ungs launafólks í aðildarfélögum ASÍ.

2. grein

Hlutverk ASÍ-UNG er:

Að efla, samræma og styðja starf ungs launafólks innan aðildarfélaga ASÍ.

Að tryggja að sjónarmið ungs launafólks komi fram í stefnumótun og ákvarðanatöku aðildarfélaga ASÍ.

Að standa vörð um hagsmuni ungs launafólks gagnvart stjórnvöldum og öðrum samtökum.

Að fræða ungt launafólk um réttindi og skyldur á vinnumarkaði og starfsemi stéttarféлага.

Að standa fyrir öflugri félagslegri fræðslu fyrir ungt launafólk innan Alþýðu-sambands Íslands.

Framkvæmdir í þessu skyni annast þing ASÍ-UNG, stjórn ASÍ-UNG og ungt launafólk innan aðildarfélaga ASÍ.

3. grein

Markmið ASÍ-UNG er:

Að allt ungt launafólk á vinnumarkaði sé í stéttarfélögum og njóti réttinda og þjónustu sem því fylgir.

Að ungt launafólk taki virkan þátt í starfi aðildarfélaga ASÍ.

Að efla starf aðildarfélaga ASÍ í málefnum ungs launafólks.

Að vera vettvangur stefnumótunar í málefnum ungs launafólks.

II.kafli Þing ASÍ-UNG

4. grein

Þing ungs launafólks skal halda degi áður en reglulegt þing ASÍ er sett. Aðildarfélög ASÍ eiga einn fulltrúa hvert á þingi ASÍ-UNG.

5. grein

Þing ASÍ-UNG hefur æðsta vald í öllum málum ASÍ-UNG. Það er lögmætt ef löglega er til þess boðað.

6. grein

Boða skal til þings ASÍ-UNG bréflaga þegar boðað hefur verið til sambandsþings ASÍ.

7. grein

Þingi ASÍ-UNG skal stjórnað skv. þingsköpum eins og þau eru á hverjum tíma. Um breytingar á þingsköpum, ef einhverjar eru, skal fjallað að lokinni þingsetningu.

8. grein

Álit og ályktanir í stórmálum, er stjórn ASÍ-UNG ætlar að leggja fyrir þing ASÍ-UNG, skal senda aðildarfélögum ASÍ eigi síðar en 8 vikum fyrir þingið nema sérstakar ástæður hamli. Þá skal sömuleiðis senda aðildarfélögum dagskrá þingsins.

Mál þau og tillögur, sem einstök aðildarfélög óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu send stjórn 6 vikum fyrir þingið. Skal stjórn ASÍ-UNG leggja mál þau og tillögur fyrir þingið ásamt umsögn sinni.

Stjórn ASÍ-UNG er heimilt að senda aðildarfélögum umræðuskjöl til undirbúnings álitu og ályktana frá vinnuhópum þingsins. Slík umræðuskjöl skulu send aðildarfélögum ASÍ-UNG 8 vikum fyrir þingið.

9. grein

Í öllum málum ræður einfaldur meirihluti, sbr. þó ákvæði 3. mgr. 9. gr. Stjórn eða minnst 5 fulltrúar geta krafist leynilegrar atkvæðagreiðslu um mál. Stjórn ASÍ-UNG eða minnst 5 fulltrúar geta krafist atkvæðagreiðslu þar sem eftirfarandi regla, sbr. 4. og 5. mgr. 9. gr., gildir til að tillaga teljist samþykkt. Fulltrúar aðildarfélaga fara með atkvæðisrétt í samræmi við þann úthlutaða fjölda fulltrúa aðildarfélaga á næsta sambandsþingi ASÍ sem aðildarfélag hefði hlotið sé miðað við félagsmenn á aldrinum 18–35 ára. Til þess að tillaga teljist samþykkt þarf hún að hljóta einfaldan meirihluta atkvæða skv. 4. mgr. og atkvæði meirihluta þeirra fulltrúa sem fundinn sækja. Einnig skulu kosningar samkvæmt 16. gr. fara fram í samræmi við ákvæði 1. mgr. nema óskað sé atkvæðagreiðslu á grundvelli 3. mgr. 9. gr.

10. grein

Kjörgengir á þing ASÍ-UNG eru allir fullgildir félagsmenn í aðildarfélögum ASÍ á aldrinum 18–35 ára miðað við fæðingarár. Aðildarfélögum ASÍ er skylt að láta fara fram kosningu fulltrúa og varafulltrúa á þing ASÍ-UNG úr hópi félaga sinna 18–35 ára. Atkvæðisrétt hafa eingöngu félagsmenn á aldrinum 18–35 ára. Varamaður hefur ekki setu- eða atkvæðisrétt á þingi ASÍ-UNG nema aðal- maður forfallist. Stjórn ASÍ-UNG ákveður við hvaða dagsetningu lokaskil á nöfnum aðal- og varafulltrúa skulu hafa átt sér stað. Aðildarfélögin hafa ekki rétt til að senda fulltrúa til þings ASÍ-UNG umfram það sem að framan greinir. Atkvæðisréttur fulltrúa, sem ekki eru tilnefndir eða mæta ekki til þingsins, fellur niður. Hvert aðildarfélag ber sjálft allan kostnað af fulltrúa sínum á þing ASÍ-UNG en ASÍ skal þó standa straum af lágmarksendurgreiðslu vegna ferðakostnaðar, sem einstök aðildarfélög verða fyrir, samkvæmt reglugerð sem sett er af sambandsþingi ASÍ.

11. grein

Stjórn ASÍ-UNG getur kvatt saman aukaping þegar mjög mikilvæg og óvænt mál ber að höndum. Stjórn ASÍ-UNG er skylt að kalla saman aukaping ef meirihluti aðildar-

félaganna innan ASÍ krefst þess skriflega, og greina það eða þau málefni er leggja á fyrir þingið. Skal þingið kallað saman með eins skömmum fyrirvara og aðstæður frekast leyfa.

12. grein

Fulltrúar á aukþingi eru þeir sömu og á síðasta þingi ASÍ-UNG.

13. grein

Félög, sem hafa ekki starfað á tímabilinu milli sambandsþinga ASÍ, hafa ekki sent skýrslu skv. 2. mgr. 47. gr. laga ASÍ, reikninga skv. 3. mgr. 47. gr. laga ASÍ eða hafa vanrækt skattgreiðslur skv. IX. kafla laga ASÍ, eiga ekki rétt á fulltrúum á þing ASÍ-UNG.

III.kafli

Stjórn ASÍ-UNG

15. grein

Stjórn ASÍ-UNG hefur æðsta vald í öllum málefnum ASÍ-UNG á milli þinga nema lög þessi eða lög ASÍ geymi ákvæði um annað.

Stjórn ASÍ-UNG stýrir þingum ASÍ-UNG og samræmir störf ungs launafólks í aðildarfélögum ASÍ á milli þinga.

Stjórn ASÍ-UNG stjórnar daglegri starfsemi ASÍ-UNG í samræmi við samþykkt þessa og ályktanir þinga ASÍ-UNG.

16. grein

Þing ASÍ-UNG kýs nú manna stjórn til tveggja ára í senn. Auk þess skal kjósa níu varamenn.

Kjörgengir í stjórn ASÍ-UNG eru fullgildir félagsmenn aðildarfélaga ASÍ á aldrinum 18–35 ára. Við aldur skal miðað við fæðingarár.

Kjörnefnd gerir tillögu um níu einstaklinga til stjórnar og jafnmarga til vara. Tillaga kjörnefndar skal liggja fyrir í upphafi þings ASÍ-UNG.

Þegar tillaga kjörnefndar liggur fyrir er öðrum þingfulltrúum heimilt að lýsa yfir framboði til stjórnar eða varastjórnar innan þess frests sem fundarstjóri veitir. Berist ekki önnur framboð er sjálfkjörið til stjórnar og/eða varastjórnar.

Berist fleiri framboð fer fram kosning um öll sæti í stjórn ASÍ-UNG. Þeir níu einstaklingar, sem flest atkvæði fá, teljast rétt kjörnir í stjórn ASÍ-UNG.

Með sambærilegum hætti er kosið vegna varamanna til stjórnar.

Við kjör stjórnar ASÍ-UNG skal leitast við að kjósa fulltrúa ólíkra atvinnugreina og landsvæða og að hlutdeild karla og kvenna verði sem jöfnust.

Enginn er löglega kosinn í stjórn eða varastjórn ASÍ-UNG nema hann fái a.m.k. helming greiddra atkvæða.

17. grein

Stjórn ASÍ-UNG skiptir með sér verkum á fyrsta fundi stjórnar eftir kjör hennar á þingi ASÍ-UNG. Kjósa skal formann, varaformann og ritara úr hópi stjórnarmanna.

Stjórn ASÍ-UNG heldur fundi þegar formaður kalla hana saman eða ef minnst 3 stjórnarmenn æskja þess.

Fundur stjórnar er lögmatúr þegar meirihluti stjórnarmanna er viðstaddur.

IV.kafli

Breytingar á samþykktum

18. grein

Samþykktum ASÍ-UNG má aðeins breyta á þingi ASÍ-UNG. Breytingu á samþykktum skal ræða við tvær umferðir. Breyting telst ekki samþykkt, nema hún hljóti 2/3 atkvæða á þingi ASÍ-UNG, og öðlast ekki gildi fyrir en að fenginni staðfestingu miðstjórnar ASÍ.

Tillögur til breytinga á samþykktum, sem stjórn ASÍ-UNG leggur fram, skal senda aðildarfélögum eigi síðar en 8 vikum fyrir þing ASÍ-UNG.

Tillögur til breytinga á samþykktum, sem aðrir bera fram en stjórn ASÍ-UNG, skulu sendar stjórn ASÍ-UNG ekki síðar en 6 vikum fyrir þing. Með þær skal farið eftir því sem segir í 8.gr. en þó skal senda aðildarfélögum tillögurnar ásamt umsögn stjórnar ASÍ-UNG eigi síðar en 2 vikum fyrir þingið.

Ályktanir stofnþings ASÍ-UNG

Á þinginu voru eftirfarandi ályktanir samþykktar:

Menntamál

Stofnþing ASÍ-UNG ályktar um nauðsyn þess að auka fjölbreytni og aðsókn í iðn- og starfsnám ásamt því að stuðla að hugarfarsbreytingu í þjóðfélaginu gagnvart iðn- og starfsnámi og efla þarf raunfærnimat. Einnig telur ASÍ-UNG að kynna þurfi og efla starfsnám í grunnskólum. Sérstaklega er þörf á viðhorfsbreytingu á námi tengdu fiskvinnslu og sjávarútvegi.

ASÍ-UNG telur að skoða þurfi lengingu á skyldunámi um tvö ár; þ.e. til 18 ára aldurs. Auka þarf framboð á námi með vinnu, þ.e. fjarnám eða kvöldskóla, og gera aðgengilegt fyrir alla um allt land. ASÍ-UNG vill hvetja skóla og kennara til þess að nýta síðustu daga skólaársins á vorin til þess að sýna nemendum hvaða atvinnumöguleikar eru í boði á hverju landsvæði og jafnvel

fá nemendur til þess að prófa sjálfa ýmis handtök.

ASÍ-UNG skorar á stjórnvöld að fylgja eftir markmiðum í áætlun Ísland 2020 að gefa fólki annað tækifæri til náms með því að auka aðgengi að styrkjum og námslánnum ásamt möguleikum á greiðslum úr fræðslusjóðum á meðan á námi stendur.

ASÍ-UNG telur mikilvægt að breyta þurfi ásýnd verkalýðshreyfingarinnar, verkalýðsfélög eru ekki bara sumarbústaðir og íþróttastyrkir. Gera þarf ungu fólki grein fyrir mikilvægi starfsins sem fer þar fram og efla þarf fræðslu ungs fólks um réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Fá þarf atvinnurekendur og mennta- og menningarmálaráðuneytið með í að útbúa fræðsluefni til ungs launafólks um vinnumarkaðinn.

Atvinnu- og kjaramál

ASÍ-UNG telur að auka þurfi mun á milli atvinnuleysisbóta og almennra launa. Skapa þarf vinnuhvetjandi umhverfi með því að auka þennan mun. Virkja þarf ungt fólk til hugarfarsbreytingar gagnvart atvinnulífi og efla vinnusiðferði. Hvetja þarf ungt fólk til atvinnuþátttöku sem eykur verðmætatsköpun og velferð þjóðfélagsins.

ASÍ-UNG hvetur ASÍ til leiðbeinandi upplýsingagjafar til launafólks gagnvart atvinnurekendum. ASÍ-UNG standi fyrir skemmtilegum auglýsingum til að kynna ungu fólki réttindi sín og skyldur. Auka þarf fræðslu um réttindi og skyldur í grunn- og framhaldsskólum í atvinnu- og kjaramálum

Húsnæðismál

ASÍ-UNG krefst þess að valkostum á húsnæðismarkaði sé fjölgað, t.d með auknu framboði á leigu- og kaupleiguhúsnæði. ASÍ-UNG telur það vera grundvallaratriði að allir hafi möguleika á öruggu búsetuformi, sem hentar, á viðráðanlegum kjörum. Draga þarf úr tekjutengingu í húsaleigubótakerfinu þannig að námsmönnum og ungu launafólki sé tryggður ásættanlegur húsnæðisstuðningur.

Fjölskyldu- og jafnréttismál

ASÍ-UNG telur mikilvægt að öll börn hafi sömu tækifæri óháð aðstæðum fjölskyldna. Börn hafi gott aðgengi að tómstundum og heitum, næringarríkum máltíðum. ASÍ-UNG telur nauðsynlegt að tannlæknaþjónusta sé hluti af heilbrigðiskerfinu og kostn aðarþátttaka í samræmi við það. ASÍ-UNG vill draga úr tekjutengingu barnabóta og minnka mun á fjárhagsstuðningi milli einstæðra foreldra og hjóna/sambúðarfólks.

ASÍ-UNG vill útrýma launamun kynjanna og leggur ríka áherslu á að tryggja fæðingarorlofsréttindi og endurheimta þær skerðingar sem orðið hafa á síðustu misserum.



Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ

Starfsemi á skrifstofu ASÍ byggir á starfs- og fjárhagsáætlun sem unnin er af forseta og fjármálastjóra ASÍ í samráði við starfs- og fjárhagsnefnd og síðan samþykkt af miðstjórn ASÍ. Starfs- og fjárhagsáætlun var lögð fyrir miðstjórn í byrjun desember þar sem línur voru lagðar fyrir starfsemi skrifstofunnar fyrir árið 2011 og hún síðan samþykkt á fundi miðstjórnar í janúar 2011. Mikil óvissa hefur verið um tekjuþróun ASÍ vegna áhrifa efnahagsþrenginganna á tekjur aðildarfélaganna og var ákveðið að ráða ekki í stöðu framkvæmdastjóra að sinni. Ólafur Darri Andrason, deildarstjóri hagdeildar ASÍ, gegndi áfram hlutverki fjármálastjóra og Eyrún Björk Valsdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar ASÍ/MFA, gegndi hlutverki starfsmannastjóra. Starfsemin á skrifstofu ASÍ markaðist á tímabilinu einkum af þeim viðfangsefnum sem fjallað er um í þessari skýrslu og ber gerð kjarasamninga aðildarsamtakanna þar hæst. Því til viðbótar komu fjölmörg mál til kasta Alþýðusambandsins og starfsfólks þess. Þar má nefna margvísleg mál er tengjast túlkun kjarasamninga, útreikninga og lög, auk hagfræðilegra úrlausnarefna af ýmsu tagi. Hrun fjármálakerfisins og sá gríðarlegi efnahagslegi samdráttur og félagslegu erfiðleikar, sem félagsmenn okkar hafa lent í, hefur sett mark sitt á starf ASÍ undanfarin ár. Margvísleg upplýsingagjöf er mikill og vaxandi þáttur í starfsemiinni.

Starfsmenn á skrifstofu ASÍ 1. október 2011

Starfsmenn Alþýðusambands Íslands voru þann 1. október síðastliðinn sem hér segir: Ása Jónsdóttir gjaldkeri, Ástríður Andrésdóttir fulltrúi, Berglind S. Guðnadóttir ræstítæknir, Dalla Ólafsdóttir lögfræðingur sem er í fæðingarorlofi, Eyrún Björk Valsdóttir, fræðslufulltrúi og deildarstjóri MFA fræðsludeildar ASÍ, Guðmundur Hilmarsson sérfræðingur, Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri og deildarstjóri félagsmáladeildar, Henný Hinz hagfræðingur, Ingibjörg Björnsdóttir matráðskona, Ingunn S. Þorsteinsdóttir hagfræðingur, Kristjana Birgisdóttir, verkefnisstjóri verðalagseftirlits, Magnús Norðdahl, lögfræðingur og deildarstjóri lögfræðideildar, María Haraldsdóttir bókari, Maríanna Traustadóttir, sérfræðingur í jafnréttismálum, Matthías Kjeld hagfræðingur, Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur og deildarstjóri hagdeildar ASÍ, Snorri Már Skúlason, deildarstjóri upplýsinga- og kynningardeildar, Sif Ólafsdóttir fulltrúi, Signý Jóhannesdóttir, varaforseti ASÍ, og Sigurlaug Gröndal, verkefnisstjóri Félagsmálaskólans.

Litlar breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi hjá ASÍ frá síðasta ársfundi en Stefán Úlfarsson hagfræðingur lét að eigin ósk af störfum á árinu og var Matthías Kjeld ráðinn í hans stað.



Starfsendurhæfingarsjóður

Nú eru liðin 2 ár frá því að ráðgjafar VIRK hófu markvisst að veita einstaklingum þjónustu á sviði starfsendurhæfingar. Þetta annað starfsár hjá VIRK hefur einkennst af mjög hröðum vexti og mikilli uppbyggingu, bæði í þjónustu og þróun. Stöðug aukning hefur verið í aðsókn í þjónustu til ráðgjafa VIRK og sífellt bætast við nýir samstarfsaðilar á hinum ýmsu sviðum sem eykur möguleika og fjölbreytni í þjónustu. Á sama tíma fer fram mikið þróunar- og uppbyggingarstarf hjá starfsmönnum VIRK við að móta og breyta vinnuferlum í takt við aukna þekkingu og reynslu og þróa starfsemina áfram í samstarfi við atvinnurekendur, stéttarfélög og fagaðila á ýmsum sviðum – bæði hérlendis og erlendis. Starfsmenn VIRK eru nú 15 talsins í 12,3 stöðugildum og 28 ráðgjafar á vegum VIRK starfa hjá stéttarfélögum um allt land.

Ráðgjafar VIRK

Ráðgjöf á vegum VIRK fer fram í samvinnu við stéttarfélög um allt land og eru ráðgjafar VIRK staðsettir hjá félögunum þar sem þeir vinna í nánú samstarfi við sjúkrasjóði stéttarfélaganna og atvinnurekendur á sínu svæði.

Í gildi eru samningar um starf/störf ráðgjafa við flest stéttarfélög eða samtök stéttarfélaganna um allt land. Um er að ræða nokkuð ítarlega samninga þar sem ábyrgð og skyldur samningsaðila eru skilgreindar og kveðið er á um eðli þjónustunnar og greiðslur. Stéttarfélögin eða sjúkra-/styrktarsjóðir stéttarfélaganna bera ábyrgð á ráðningu ráðgjafanna sem þurfa að uppfylla kröfur VIRK hvað varðar þekkingu og hæfni til að veita þá þjónustu sem skilgreind er í samningnum. VIRK sér síðan um að móta vinnureglur og verkfæri ráðgjafanna og VIRK ber ennfremur ábyrgð á fræðslu og símenntun þeirra. Öll skráning og gagnavinnsla ráðgjafanna fer fram í gegnum kerfi VIRK og tryggt er að enginn hefur aðgang að þessum gögnum nema viðkomandi ráðgjafi og sérfræðingur hjá VIRK. Samningar voru upphaflega tímabundnir en hafa á þessu starfsári verið endurnýjaðir og eru nú ótímabundnir með gagnkvæmum uppsagnarfresti. Samstarf VIRK og stéttarfélaganna hefur gengið mjög vel og hafa stéttarfélög um allt land lagt sig fram um að styðja við starfið og skapa ráðgjöfum góðar vinnuástæður.

Ráðgjafar eru nú 28 í tæplega 26,5 stöðugildum. Þeim hefur fjölgað á undanförunum mánuðum og einnig er fyrir séð að þeim muni fjölga eitthvað á ákveðnum stöðum þar sem mikil eftirspurn hefur verið eftir þjónustunni og ráðgjafar ekki náð að anna henni. Ráðgjafar hafa mismunandi menntun og bakgrunn en flestir hafa háskólamenntun á sviði heilbrigðis- eða félagsvísinda og margir eru með meistaraþáttu í sínu fagi. Ráðgjafar fá auk þessa markvissa þjálfun og símenntun á sviði starfsendurhæfingar hjá VIRK.

Fræðsla fyrir ráðgjafa

Ráðgjafar sækja fræðslu til VIRK einu sinni í mánuði í 1–2 daga í senn. Einnig taka þeir þátt í ýmsum ráðstefnum og námskeiðum sem eru í boði og tengjast þeirra fagsviði. Fræðslan á vegum VIRK hefur þann tilgang að samræma tiltekna fagþekkingu ráðgjafa og tryggja að þeir bæði þekki og geti nýtt sér þá vinnuferla og þau verkfæri sem hafa verið þróuð hjá VIRK. Markmiðið er einnig að ráðgjafarnir séu upplýstir um nýjustu þekkingu, stefnur og strauma í starfsendurhæfingu bæði hérlendis og erlendis. Víða erlendis er starfsendurhæfing sérstakt fagsvið og háskólar víða erlendis bjóða upp á framhaldsnám á þessu sviði – oft á meistaraþáttu.

Þjónustuþættir og samstarfsaðilar

Mikilvægasti þjónustuþátturinn hjá VIRK er þjónusta ráðgjafanna. Þeir halda utan um mál einstaklinga, sjá um virkni- og endurhæfingaráætlanir og leggja sig fram um að auka virkni og getu einstaklingsins í samstarfi við hann sjálfan og fjölmarga aðila. Þeir eru yfirleitt í samstarfi við heimilislækni eða

meðhöndlandi lækni, vinnustað viðkomandi einstaklings og ýmsa aðra sérfræðinga eftir þörfum og aðstæðum hverju sinni.

Ef einstaklingur þarf meiri aðstoð en ráðgjafi getur veitt við að komast aftur í vinnu þá getur ráðgjafinn vísað einstaklingi í ýmiss konar úrræði sem geta verið fjármögnuð af VIRK. Dæmi um slík úrræði eru sálfræðipjónusta, sérstök aðstoð við vinnuaðlögun, ýmis þjónusta á sviði heilsueflingar, námskeið og lengri starfsendurhæfingarúrræði. VIRK hefur gert samninga við fjölda sérfræðinga á mismunandi sviðum um þessa þjónustu og fer samningum fjölgandi. Þannig er VIRK með samning við 56 sálfræðinga um allt land auk samninga við fjölda aðila sem starfa á sviði heilsueflingar og fræðslu. Einnig eru til staðar samningar við tiltekna starfsendurhæfingarstöðvar og unnið er að gerð fleiri slíkra samninga.

Áður en ákvörðun er tekin um kaup á úrræðum er metin staða og þörf einstaklings fyrir þjónustu. Þetta mat er unnið í samvinnu ráðgjafa og viðkomandi einstaklings. Með aðstoð ráðgjafa setur viðkomandi einstaklingur sér markmið, sem ganga út á að komast aftur til vinnu með því að taka þátt í þessum úrræðum. Þegar úrræðinu er lokið er árangur þess metinn af ráðgjafa og einstaklingi með hliðsjón af settu markmiði og niðurstaða þess mats er skráð í upplýsingakerfi VIRK. Á þann hátt er hægt að greina árangur hvers og eins úrræðis og hvers og eins úrræðaaðila.

Hvaðan koma einstaklingarnir?


Í byrjun september 2011 höfðu 2.368 einstaklingar leitað til VIRK eftir að byrjað var að veita markvissa þjónustu hjá ráðgjöfum haustið 2009. Konur eru 63% af þessum hópi og 37% karlar.

Staðan 1. september 2011:

Heildarfjöldi frá upphafi:	2.368
Fjöldi í reglulegum viðtölum	1.030
Fjöldi í eftirfylgd	267
Fjöldi sem lokið hefur þjónustu	722
Fjöldi sem hefur hætt	349

Í töflu 1 hér að neðan má finna nánari upplýsingar um fjölda einstaklinga sem leitað hafa til ráðgjafa VIRK frá upphafi:

Þeir einstaklingar sem hætt hafa að þiggja þjónustu hjá ráðgjöfum VIRK hafa annað hvort ekki átt erindi í þjónustuna, t.d. vegna þess að vinnugeta þeirra er ekki skert vegna heilsubreysts, þeir hafa látist, eru of veikir eða þeir hafa ekki verið tilbúnir til að taka þátt með það að markmiði að stefna aftur út á vinnumarkað. Aðgengi að ráðgjöfum VIRK hefur verið mjög opið og það veldur því að til þeirra sækja einstaklingar sem síðan kemur í ljós að eiga ekki erindi í þessa tegund þjónustu.



Flestir þeirra sem komu til ráðgjafa VIRK eru á launum í veikindum eða á bótum hjá sjúkrasjóðum stéttarfélagi eða um 62% af heildarfjölda þeirra sem hafa leitað til VIRK. Um 8% eru á atvinnuleysisbótum og um 16% eru á endurhæfingar- eða örorkulífeyri. Sjá nánari upplýsingar í eftirfarandi súluriti. Á næstu mánuðum má reikna með að það fjölgi nokkuð í þeim hópi sem er á endurhæfingar- eða örorkulífeyri við komu til VIRK, m.a. með auknu samstarfi við lífeyrissjóði um allt land. Tryggingastofnun ríkisins (TR) vísar einnig umsækjendum um endurhæfingarlífeyri oft til ráðgjafa og hafa ráðgjafar t.d. haft umsjón með yfir 500 endurhæfingarátelunum fyrir einstaklinga sem eru á endurhæfingarlífeyri hjá TR.

Hver eru vandamálin?

Einstaklingar, sem koma til ráðgjafa VIRK, kljást við fjölbreytt vandamál sem

krefjast ólíkrar nálgunar og mismunandi úrræða. Langflestir glíma við alvarlegan heilsubrest og hafa verið í sambandi við lækna eða aðra meðferðaraðila. Stór hópur er með heilsubrest af andlegum toga og einnig eru stoðkerfisvandamál nokkuð algeng. Þessar tvær ástæður skertrar starfsgetu eru algengastar hjá einstaklingum sem koma til ráðgjafa VIRK. Aðrar tegundir heilsubrests eru einnig algengar, s.s. ýmsar afleiðingar slysa, krabbamein og hjarta- og æðasjúkdómar.

Yfir 60% allra einstaklinga, sem koma til ráðgjafa VIRK, finnst starfið, sem þeir gegndu síðast, vera líkamlega erfitt og um helmingi fannst það vera andlega erfitt. Um þriðjungur allra einstaklinga hjá ráðgjöfum VIRK hefur áhyggjur af því að heilsufar þeirra versni við endurkomu til vinnu. Þessar tölur gefa okkur ákveðnar vísbendingar um mikilvægi þess að vinna betur með stjórnendum í atvinnulífinu og atvinnurekendum til að ná betri árangri í starfsendurhæfingu hér á landi.

Hvert fara einstaklingarnir?


Í byrjun september 2011 höfðu 722 einstaklingar fengið þjónustu frá VIRK og lokið því ferli. Flestir þeirra fóru aftur á vinnumarkað þegar þeir höfðu lokið starfsendurhæfingu hjá ráðgjafa. Þannig voru um 73% þeirra einstaklinga, sem luku starfsendurhæfingu hjá VIRK, í launaðri vinnu, virkri atvinnuleit eða í lánshæfu námi á þeim tíma sem þjónustunni lauk. Nánari upplýsingar um framfærslustöðu þessa hóps við lok þjónustu er að finna í skífuritinu hér fyrir neðan.

Eins og áður hefur komið fram eru um 9% skjólstæðinga VIRK á örorkulífeyri við komuna til VIRK og um 7% á endurhæfingarlífeyri. Í þessum hópi eru ekki endilega sömu einstaklingar og í þeim 17% sem hafa lokið starfsendurhæfingu hjá VIRK og hafa farið á örorkulífeyri. Flestir þeirra einstaklinga, sem fara á örorkulífeyri við lok þjónustu hjá VIRK, voru mjög alvarlega veikir við komu til ráðgjafa þannig að þeir fengu eingöngu ráðgjöf við að fóta sig áfram í kerfinu, s.s. upplýsingar um réttindi og aðstoð vegna umsóknar um örorkulífeyri en ekki aðkeypt starfsendurhæfingarúrræði. Þannig hafa aðkeypt úrræði eingöngu verið keypt fyrir um 20% af þessum hópi því fyrir séð var strax við komu til ráðgjafa að þessir einstaklingar færu ekki aftur á vinnumarkað og hefðu því ekki þörf fyrir slík úrræði.

Það skiptir miklu máli hver staða einstaklinganna er sem koma til ráðgjafa VIRK. Bestur árangur næst hjá þeim sem við komu til ráðgjafa hafa enn vinnusamband. Langflestir þeirra sem svo er ástatt um hafa vinnugetu og fara aftur í launað starf við lok þjónustu ráðgjafa eða um 90%. Því er ákaflega

Framfærslustaða við lok þjónustu

hjá 722 einstaklingum sem hafa fengið þjónustu hjá VIRK og lokið því ferli



mikilvægt að koma sem allra fyrst að málum með þjónustu á sviði starfsendurhæfingar þegar einstaklingar missa vinnugetu vegna veikinda eða slysa. Að þessu vinna ráðgjafar VIRK markvisst í samstarfi við atvinnurekendur og sjúkrasjóði um allt land. Í næstu töflu má sjá nánari upplýsingar um hlutfall þeirra einstaklinga sem hafa útskrifast með vinnugetu miðað við mismunandi framfærslustöðu þegar þeir komu inn í þjónustu til ráðgjafa VIRK:

Hafa ber í huga, þegar þessar tölur eru skoðaðar, að nánast allir sem koma til VIRK hafa glímt við heilsubrest af alvarlegum toga og verið nokkuð lengi frá vinnu vegna þess. Í flestum tilfellum er einnig fyrir séð að fjarvistir geta orðið langar vegna heilsubrests og afleiðinga hans. Eins og áður hefur komið fram eru langflestir þeirra einstaklinga sem fara á örorkulífeyri við lok þjónustu VIRK alvarlega veikir við komu til ráðgjafa og stór hópur þeirra sér ekki fram á að eiga afturkvæmt á vinnumarkað en fær ýmsa aðstoð við að fóta sig í kerfinu.

Staða við komu til ráðgjafa	Stöðugildi með vinnugetu við lok ráðgjafar
Laun á vinnumarkaði	90%
Sjúkrasjóður stéttarfélags	71%
Endurhæfingarlífeyrir	50%
Örorkulífeyrir	17%

Gæði þjónustunnar

Þjónusta ráðgjafa VIRK er dreifð um allt land og veitt í samstarfi við marga ólíka aðila. Vinnuferlum, verkfærum, fræðslu og reglum um skráningu og skráningarkerfi er þó stýrt af VIRK og hafa sérfræðingar VIRK reglulegt eftirlit með störfum ráðgjafa og annarra sérfræðinga sem starfa fyrir VIRK um allt land. Eftirlitið felst í reglulegum fundum, yfirferð mála, samþykktum á kaupum á úrræðum, yfirferð vinnuferla og úrvinnslu tölfræðilegra gagna og mati á árangri.


Árangursmælikvarðar eru í þróun hjá VIRK og smám saman er verið að virkja fleiri og fleiri þætti sem nýtast til að fylgjast með og mæla og meta árangur þjónustunnar. Framfærsla einstaklinga er skráð bæði við upphaf og lok þjónustu og tilteknir mælikvarðar á lífsgæði og starfsgetu eru einnig skráðir við upphaf og lok.

Í byrjun árs 2011 var farið af stað með þjónustukönnun sem öllum einstaklingum, sem njóta þjónustu VIRK og ljúka því ferli, er boðið að svara. Tilgangur með henni er að fylgjast með hvernig fólk upplifir þjónustu á vegum VIRK svo að hægt sé að grípa inn í strax ef eitthvað má betur fara. Þessi þjónustukönnun er yfirleitt lögð fyrir á netinu og tryggt er að ekki sé hægt að rekja svörin til þeirra sem svara henni. Af fyrstu svörum í þessari könnun má greina að mikil ánægja er með þjónustuna hjá þátttakendum. Þeir telja enn fremur að þjónusta VIRK stuðli sérstaklega að því að auka vinnugetu sína og styrkja áætlun þeirra um að komast aftur í vinnu. Þetta má m.a. sjá í töflunni hér að neðan en hún sýnir hvernig einstaklingar sem hafa notið þjónustu VIRK mátu bæði sjálfsmynd sína og starfshæfni í upphafi og lok þjónustunnar. Um er að ræða meðaltalstölur frá öllum svarendum á mælikvarðanum 1–10.


Í næsta súluriti má svo sjá að mikill meirihluti þeirra sem hafa notið þjónustu VIRK og lokið því ferli telur að starfshæfni þeirra hafi aukist vegna aðstoðar ráðgjafa VIRK og á þar næsta súluriti má sjá að nánast allir þeir sem notið hafa þjónustu VIRK myndu ráðleggja öðrum í svipuðum sporum að nýta sér hana.

	Í upphafi þjónustu	Í lok þjónustu
Sjálfsmynd	4,6	7,8
Starfshæfni	3,4	7,2

Starfshæfni mín hefur aukist vegna aðstoðar ráðgjafa hjá VIRK



Myndir þú ráðleggja öðrum í svipuðum sporum og þú varst að nýta sér þjónustu VIRK?



Þróun á starfshæfnismati

Mikið hefur verið unnið í ýmsum þróunarverkefnum á vegum VIRK. Stærsta verkefnið er þróun og uppbygging á starfshæfnismati en sérfræðingar og ráðgjafar VIRK hafa í samvinnu við utanaðkomandi sérfræðinga bæði hérlendis og erlendis haldið áfram að þróa matið og aðlaga það í ljósi aukinnar þekk-

ingar og reynslu. Starfshæfnismatið er notað hjá VIRK til að meta starfshæfni og möguleika einstaklings til starfsendurhæfingar. Starfshæfnismatið er ferli sem er skipt upp í grunnmat annars vegar, sem fer fram í samvinnu ráðgjafa og einstaklinga, og sérhæft mat hins vegar en þá eru kallaðir til fleiri sérfræðingar.

Rýnihópar ráðgjafa, sérfræðinga VIRK og utanaðkomandi sérfræðinga hafa endurskoðað aðferðafræðina í grunnmati og búið er að skilgreina betur verkferla og verkfæri í sérhæfðu mati. Sérfræðingum í sérhæfðu matsteymi hefur fjölgað og nú eru starfandi slík teymi á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri og uppbygging á slíku teymi er hafin á Austurlandi. Sérfræðingar í sérhæfðum matsteymum hafa komið að þróun matsins á sérstökum fræðslu- og þróunarfundum. Ýmsar rannsóknir og prófanir hafa nú þegar verið gerðar á matinu og stefnt er að því að halda þeim áfram í samstarfi við innlenda og erlenda sérfræðinga.

Aukið samstarf við atvinnulífið

Mjög mikilvægt er að auka samstarf við atvinnulífið um starfsendurhæfingu. Hér á landi hafa um árabil verið í boði mörg starfsendurhæfingarúrræði sem byggja fyrst og fremst á aukinni menntun og sérstökum menntunarúrræðum. Þessi úrræði geta verið mjög góður kostur fyrir ákveðna hópa en þau duga ekki til ef ætlunin er að ná betri árangri til framtíðar fyrir alla þá sem þurfa á starfsendurhæfingu að halda. Mun færri starfsendurhæfingarúrræði hér á landi eru í nánnum tengslum við atvinnulífið. Rannsóknir og reynsla erlendis sýna það hins vegar að úrræði, sem hafa beina tengingu við atvinnu á vinnumarkaði, eru þau úrræði sem skila bestum árangri til framtíðar og því fyrr sem einstaklingur er í sambandi og samskiptum við vinnumarkaðinn því meiri árangur næst. Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á mikilvægi þess að á vinnustöðum sé til staðar skilgreind stefna um fjarvistastjórnun og ferli um endurkomu til vinnu sem stjórnendur taka þátt í. Það er því mikil þörf fyrir fjölgun á vinnutengdum úrræðum hér á landi og aukinni samvinnu við atvinnurekendur til að efla forvarnir og auka möguleika á starfsendurhæfingu í atvinnulífinu. Þessi mál voru m.a. rædd á 50 manna vinnufundi á vegum VIRK og aðila vinnumarkaðarins í febrúar 2011 og nú er unnið að skipulagningu þróunarverkefna með fyrirtækjum og stofnunum í atvinnulífinu á þessu sviði.

Hjá VIRK hafa einnig verið skoðaðir ýmsir kostir vegna aukinnar atvinnutengingar og hefur m.a. verið litið til þess sem gert hefur verið og gefist vel í nágrannalöndum okkar. Þar á meðal má nefna vinnuprófanir í atvinnulífinu þar sem einstaklingar fá tækifæri til að prófa starfsgetu sína í raunverulegum störfum án þess að um sé að ræða formlega ráðningu eða reynsluráðningu til

tiltekins tíma. Er þetta gert undir handleiðslu leiðbeinenda eða n.k. „mentora“ hjá fyrirtækjum og stofnunum sem hafa það hlutverk að leiðbeina og hafa umsjón með einstaklingum á meðan á vinnuþrófuninni stendur. VIRK vill gjarnan ná samstarfi við utanaðkomandi aðila um uppbyggingu á úrræðum sem þessum og hafa fagaðilar t.d. möguleika á að sækja um styrki til VIRK til þróunarverkefna á þessu sviði.

Hjá VIRK hefur þekkingar einnig verið aflað á sviði fjarvistastjórnunar og farsællar endurkomu til starfa eftir veikindi og slys. Starfsmenn VIRK hafa síðan miðlað þessari þekkingu til starfsmanna og stjórnenda í atvinnulífinu m.a. með fyrirlestrum og námskeiðum. Námskeið hafa verið haldin fyrir stjórnendur m.a. í samstarfi við Samtök atvinnulífsins, Samtök sveitarfélaga og einstök sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir. Fjöldi fyrirlestra hafa einnig verið haldnir fyrir stofnanir og fyrirtæki eftir óskum og aðstæðum. Á heimasíðu VIRK er að finna fræðslufni og leiðbeiningar í þessa veru. Nefna má greinar, ýmiss konar fræðslufni og bæklinga um fjarvistir og fjarvistastefnu, leiðbeiningar um mótun fjarvistastefnu, dæmi um fjarvistasamtal á vinnustað og margt fleira.

Samstarf við lífeyrissjóði

Á fyrsta og öðru starfsári VIRK hefur meginaáhersla verið lögð á samstarf við atvinnurekendur og sjúkrasjóði með það að markmiði að ná til einstaklinga snemma á veikindaferli og koma í veg fyrir að ráðningarsamband einstaklinga rofni í kjölfar veikinda og slysa. Hins vegar er ljóst að samstarf VIRK við lífeyrissjóði um allt land mun aukast á næstu árum og það samstarf þarf að þróa og byggja upp. Vinna við undirbúning þessa er hafin og nú þegar hafa verið haldnir 2 fjölmennir fræðslu- og vinnufundir með fulltrúum lífeyrissjóða um allt land þar sem farið var yfir verkefni og hlutverk VIRK og rætt um hvernig best sé að haga samstarfi VIRK og lífeyrissjóðanna til framtíðar.

Í stjórn VIRK hefur einnig verið tekin ákvörðun um að bjóða örorkulífeyrisþegum lífeyrissjóðanna upp á sérstök námskeið á sviði sjálfsstyrkingar og heilsueflingar og kynna fyrir þeim starf ráðgjafa VIRK í framhaldi af þessum námskeiðum.

Útgáfa, fræðsla og kynningar

VIRK hefur gefið út kynningar- og fræðslubæklinga fyrir einstaklinga og atvinnulíf. Í byrjun árs 2011 gaf VIRK út sérstaka dagbók fyrir þá einstaklinga sem þiggja þjónustu ráðgjafa og er bókinni ætlað að aðstoða einstaklinga við að efla starfsgetu og lífsgæði með skipulegri markmiðssetningu og skráningu.

Þessi bók hefur fengið mjög góðar viðtökur og bæði einstaklingum og ráðgjöfum finnst hún gagnleg í þeirra samstarfi.

Sérfræðingar og ráðgjafar VIRK hafa haldið fjölmargar kynningar og námskeið fyrir ólíka aðila um allt land. Þannig er fræðsla um starfsendurhæfingu og starfsemi VIRK reglulega á dagskrá á námskeiðum fyrir trúnaðarmenn stéttarfélaga um allt land og mjög margar kynningar hafa einnig verið haldnar á vinnustöðum um allt land, heilsugæslustöðvum og öðrum heilbrigðisstofnunum, hjá félagasamtökum, opinberum stofnunum, í háskólum og öðrum menntastofnunum svo og á ýmsum ráðstefnum og fundum.

Heimasíða VIRK, www.virk.is, er í stöðugri þróun og sífellt bætist inn á hana efni, bæði fréttir, fræðsluefni, viðtöl og greinar. Um 150–200 manns að meðaltali fara daglega inn á síðuna, fjöldi innlita í hverjum mánuði er að meðaltali um 3700 og fjöldi gesta um 1600 á mánuði.



Umsagnir um þingmál

Þingsályktunartillaga um setningu reglna um hámarksmagn transfitúsýra í matvælum, 11. mál

Alþýðusambandið styður markmið tillögunnar um að settar verði reglur um hámarksmagn transfitúsýra í matvælum og mælir með samþykki hennar.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, 13. mál

Í frumvarpinu er lagt til að heimild til verðmiðlunar skv. 19. gr. búvörulaga svo og heimild til opinberrar verðtilfærslu skv. 22. gr. sömu laga verði báðar felldar niður. Ekki er hins vegar lagt til að heimild til „frjálsrar“ verðtilfærslu skv. 13. gr. laganna breytist neitt.

Það er skoðun ASÍ að breytingar á styrkjakerfi landbúnaðarins eigi að felast í umbreytingu úr tollvernd, framleiðslutengdum styrkjum og opinberri verðlagningu yfir í beinar óframleiðslutengdar greiðslur. Á meðan aðhald með landbúnaði í gegnum aukinn innflutning og ákvæði samkeppnislaga er verulegum takmörkunum háð, eins og nú er, þá er nauðsynlegt að eftirlit sé áfram í höndum verðlagsnefndar sem jafnframt hafi skýr úrræði til að tryggja ásættanlegt verð á brýnum neysluvörum til almennings.

Í þessu ljósi leggur ASÍ til að í stað þess að afnema opinbera verðtilfærslu (sem skv. núgildandi búvörulögum lýtur eftirliti verðlagsnefndar og ber einnig að telja fram sem opinberan stuðning við íslenskan landbúnað á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar) verði hinar svokölluðu „frjálsu“ verðtilfærslur (sem aðeins þarf að leggja fyrir verðlagsnefnd til upplýsingar) takmarkaðar eða afnumdar.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, 20. mál

Alþýðusamband Íslands styður frumvarp þetta og þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með því. Leita ber allra leiða til þess að stuðla að því úr ágreiningi hér að lútandi verði leyst sem allra fyrst.

Þingsályktunartillaga um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010–2013, 42. mál

Samkvæmt tillögnum er markmið byggðaáætlunar 2010–13 „að bæta skilyrði til búsetu, nýsköpunar og sjálfbærrar þróunar í öllum landshlutum og efla menntun, menningu, samfélög og samkeppnishæfni byggða og bæja landsins ...“. Til þess að ná markmiðum áætlunarinnar er lagt til að gripið verði til um þrjátíu aðgerða er falla undir átta lykilsvið.

Það er skoðun ASÍ að uppbygging grunnstoða atvinnulífsins eigi að taka mið af eðlilegum breytingum og samræmast þróun nútímaatvinnuhátta og sköpun starfa sem standa undir góðum lífskjörum í landinu. Þessi skoðun felur í sér að styrkja beri stöðu landshlutakjarna, þ.e. þess kjarna innan landshluta sem hefur mest aðdráttarafl fyrir fólk, bestu möguleika til uppbyggingar atvinnulífs, skóla, menningarlífs og opinberrar þjónustu og sem er best settur til að þjónusta nærliggjandi héruð. Sumar aðgerðir í tillögnum að byggðaáætlun falla vel að þessari skoðun ASÍ. Þetta á einkum við aðgerðir eins og þær sem snúa að því að auka samkeppnishæfni landshluta, hlúa að klasasamstarfi og samræma stoðþjónustu.

ASÍ fagnar sérstaklega þeirri áherslu í tillögnum sem lögð er á sjálfbæra þróun, bætt aðgengi að menntun og útrýmingu kynbundins launamunar. Á sama tíma hvetur ASÍ til að þessar áherslur verði fléttaðar betur saman, t.d. í þeirri aðgerð byggðaáætlunarinnar sem ber heitið „bætt aðgengi að menntun“. Mikilvægi þessa er augljóst þegar horft er til þess að uppbygging atvinnulífs á sjálfbærum grunni og aðgerðir til að sporna við loftslagsbreytingum munu með margvíslegum hætti breyta forsendum atvinnu og búsetu á næstu árum.

Setja verður fram skýra áætlun sem miðar að því að aðstoða fólk við að takast á við þessar breytingar með jákvæðum hætti. Aðlaga þarf menntakerfið

að nýrri atvinnustefnu og gera með því ungu fólki mögulegt að taka öflugan þátt í uppbyggingunni sem fram undan er. Um leið þarf að vinna markvisst að því að skapa tækifæri og hvata til menntunar og endurmenntunar fyrir fólk á vinnumarkaði þannig að það geti nýtt þau nýju tækifæri sem bjóðast. Mikilvægur liður í þessu er áætlunin um að eigi fleiri en 10% fólks á vinnumarkaði verði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar árið 2020.

Að öðru leyti gerir ASÍ eftirfarandi athugasemdir við tillögu að byggða-áætlun:

- Heildarmyndin af aðgerðunum er ekki mjög skýr. Um er að ræða meira eða minna sjálfstæðar aðgerðir. Flokkun þeirra í átta lykilsvið virðist nokkuð handahófskennd og gerir lítið til að skýra málið. Af hverju er t.d. fiskeldi hluti af „atvinnustefnu“ en orkugeirinn undir „nýsköpun og sprotafyrirtæki“? Tengsl aðgerða við markmið áætlunarinnar liggja heldur ekki alltaf í augum uppi. Það þyrfti t.d. að útskýra betur í hverju tengsl aðgerða á sviði efnaverkfræði, líftækni, skapandi greina o.s.frv. við byggðamálin liggja. Almennt má ætla að meiri skýrleiki fengist ef árangursmat á aðgerðum tengdist með beinum hætti markmiði áætlunarinnar fremur en almennum og lítt skilgreindum þáttum eins og „árlegu mati á framþróun“ og „virkni ráðuneyta“.
- Samræming einstakra aðgerða gæti verið meiri. Þetta á m.a. við um verkefni er falla undir lykilsviðin „atvinnustefna“ og „efling stoðkerfis atvinnulífsins“. Það hlýtur t.d. að vera hagræði að því að vinna sameiginlega að verkefnum „samkeppnishæfni og klasar“, „efling landshluta- og héraðakjarna“, „skilvirkara stoðkerfi“, „þróun og styrking vaxtarsamninga“ og „efling þekkingarsetra“. Þetta á einnig við um aðgerðir sem beinast að einstökum atvinnugreinum. Af hverju er t.d. ekki unnið að öllum orkurannsóknunum innan einnar samræmdrar aðgerðar eða þær tengdar við klasasamstarf sem þegar er fyrir hendi? Af hverju er ekki hlúð að klasasamstarfi í ferðaþjónustunni í stað þess að dreifa kröftunum í fjöldann allan af sjálfstæðum verkefnum?
- Sumum aðgerðunum væri e.t.v. betra að halda utan við byggðaáætlunina eða að halda þeim aðskildum frá megináætlunum. Ástæðan liggur ekki í því að þetta séu óþörf verkefni. Þvert á móti eru mörg þeirra mjög mikilvæg. Hún liggur frekar í því að stundum virðist vera um að ræða vinnu sem líta má á sem eðlilega þjónustu starfandi stofnana. Það að telja þessar aðgerðir upp í byggðaáætlun gæti komið niður á skýrleika hennar. Þetta á t.d. við um aðgerðirnar „öflun tölfræðilegra gagna um byggðaþróun“ (verkefni Hagstofu Íslands), „ívilnanir vegna fjárfestinga“ (verkefni iðnaðarráðuneytis), „Impra“ (há Nýsköpunar-

miðstöð á Akureyri), „markviss kynning á tækifærum fyrir erlendar fjárfestingar“ (verkefni Íslandsstofu), „rannsóknir og þekkingaruppbygging í ferðaþjónustu“ (verkefni Ferðamálastofu) og „rannsókn á orsökum búferlaflutninga“ (verkefni Byggðastofnunar).

- Ástæða er til að endurskoða aðgerðina „samræming opinberra áætlana“ í ljósi þess að nú í haust voru samþykkt ný lög á alþingi um skipulagsmál þar sem einmitt er tekið á samræmingu opinberra áætlana.

Tillögu að byggðaáætlun fylgir hvorki kostnaðarmat né áætlun um fjármögnun einstakra aðgerða. Fyrir vikið verður hún ekki eins trúverðug og ella auk þess sem hætt er við að gagnrýni og aðhald með framkvæmd hennar verði fálmkennd.

Pingsályktunartillaga um fullgildingu á samþykkt Alþjóðavinnu- málastofnunarinnar nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurek- anda, 47. mál

Ársfundir Alþýðusambands Íslands hafa ítrekað samþykkt að skora á íslensk stjórnvöld að fullgilda samþykkt ILO nr. 158. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu hafa ASÍ og Samtök atvinnulífsins samið um framkvæmd uppsagna á þann veg að tekið er að hluta tillit til ákvæða samþykktar ILO nr. 158. Ákvæði kjarasamninga eru svohljóðandi:

Almennt um uppsögn

Uppsagnarfræstur er gagnkvæmur. Allar uppsagnir skulu vera skriflegar og gerðar á sama tungumáli og ráðningarsamningur starfsmanns.

Viðtal um ástæður uppsagnar

Starfsmaður á rétt á viðtali um starfslok sín og ástæður uppsagnar. Beiðni um viðtal skal koma fram innan fjögurra sólarhringa frá því uppsögn er móttækin og skal viðtal fara fram innan fjögurra sólarhringa þar frá. Starfsmaður getur óskað þess þegar að loknu viðtali eða innan fjögurra sólarhringa að ástæður uppsagnar séu skýrðar skriflega. Fallist atvinnurekandi á þá ósk hans skal við því orðið innan fjögurra sólarhringa þar frá.

Fallist atvinnurekandi ekki á ósk starfsmanns um skriflegar skýringar á starfsmaður, innan fjögurra sólarhringa rétt á öðrum fundi með vinnuveitanda um ástæður uppsagnar að viðstöddum trúnaðarmanni sínum eða öðrum fulltrúa stéttarfélags síns ef starfsmaður óskar þess.

Takmörkun uppsagnarheimildar skv. lögum

Við uppsagnir skal gæta ákvæða laga sem takmarka frjálstan uppsagnarrétt

vinnuveitanda, m.a. ákvæða um trúnaðarmenn og öryggistrúnaðarmenn, barnshafandi konur og foreldra í fæðingarorlofi, starfsmenn, sem tilkynnt hafa um fæðingar- og foreldraorlof, og starfsmenn sem bera fjölskylduábyrgð. Einnig verður að gæta ákvæða 4. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélag og vinnudeilur, laga um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna, laga um starfsmenn í hlutastarfi, laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum og samráðsskyldu laga um hópuppsagnir.

Þegar starfsmaður nýtur uppsagnarverndar skv. lögum ber vinnuveitanda að rökstyðja skriflega hvaða ástæður liggja að baki uppsögn.

Viðurlög

Brot gegn ákvæðum þessa kafla geta varðað bótum skv. almennum reglum skaðabótaréttarins.

Á þingum ILO hafa íslensk stjórnvöld ekki lagst gegn samþykkt hinna ýmsu samþykkt. Hins vegar hafa þau almennt sett það skilyrði fyrir fullgildingu þeirra hér á landi að aðilar vinnumarkaðarins séu á það sáttir. Af þeim ástæðum m.a. sömdu ASÍ og SA um tiltekna þætti samþykktar ILO nr. 158 í kjarasamningum en samþykktin sjálf hefur ekki verið staðfest af Íslands hálfu eins og áður segir. Hyggist stjórnvöld breyta ofangreindri stefnu sinni leggst ASÍ ekki gegn því.

Frumvarp til laga um lagaskrifstofu Alþingis, 49. mál

Vísað er til fyrri umsagnar um sama mál á 138. þingi en þar tók Alþýðusamband Íslands undir þau sjónarmið, sem liggja til grundvallar frumvarpi þessu, um að löggjafarhættir skuli vera vandaðir og löggjöf standast ákvæði stjórnarskrárinnar og í samræmi við gildandi lög og þjóðréttarskuldbindingar íslenska ríkisins.

Alþýðusamband Íslands tekur ekki afstöðu til þess hvort sú leið sem farin er með frumvarpinu fullnægi best þeim markmiðum.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Evrópska efnahags- svæðið, nr. 2/1993, með síðari breytingum, 61. mál

Allt frá gildistöku EES-samningsins hafa EFTA-/EES-ríkin skuldbundið sig til að inna af hendi tilteknar greiðslur til að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi milli svæða innan EES með það fyrir augum að stuðla að jafnri og stöðugri eflingu viðskipta- og efnahagstengsla samningsaðila eins og kveðið er á um í 1. gr., sbr. 115. gr. EES-samningsins.

Það frumvarp, sem hér er til umsagnar, er til staðfestingar á samningi, sem gerður var fyrr á þessu ári, um greiðslur í Þróunarsjóð til aðstoðar fátækari ríkjum innan ESB í samræmi við þau markmið sem getið er um hér að framan.

Alþýðusamband Íslands leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Þingsályktunartillaga um verkferla og hæfnismat við opinberar embættisveitingar, 67. mál

Alþýðusamband Íslands studdi mjög eindregið frumvarp til laga nr. 45/2010 og styður jafnframt þær hugmyndir sem liggja að baki þingsályktunartillögu þessari.

Frumvarp til laga um mannvirki, 78. mál, og frumvarp til laga um brunavarnir, 79. mál

Frumvörp þessi tengjast frumvarpi til skipulagslaga sem samþykkt var á Alþingi 9. september 2010. Í hnotskurn ganga frumvörpin út á að skilið verði á milli stjórnslu skipulagsmála og byggingamála. Einnig eru í frumvörpunum margvísleg ákvæði sem ætlað er að gera stjórnslu hvors málaflökks skilvirkari.

ASÍ vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum er varða samstarf við gerð frumvarpsins, sjónarmið varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi við mannvirkjagerð og sjónarmið neytenda.

Samráð

ASÍ gagnrýnir harðlega þau vinnubrögð við gerð frumvarpanna að ekki skuli hafa verið haft neitt samráð við hagsmunasamtök helstu starfsstétta sem frumvarpið hefur áhrif á. Þá er það einnig gagnrýnivert að aðeins skuli hafa verið leitað til eins aðila vegna neytendasjónarmiða og þá, að því er virðist, aðeins í tengslum við aðgengismál.

Frumvarpið fjallar að stórum hluta um starfsumhverfi jafnt faglærðra sem ófaglærðra í bygginga- og mannvirkjageiranum, m.a. um skilyrði fyrir byggingaleyfum, reglur um úttektir á framkvæmdum svo og verksvið, hæfiskröfur og ábyrgð byggingastjóra og iðnmeistara. Þrátt fyrir þetta var ekki talin ástæða til að leita til stéttarféлага iðnaðarmanna eða ófaglærðra byggingaverkamanna. ASÍ mælist eindregið til þess að ekki sé ráðist í breytingar á starfsumhverfi launafólks án þess að leitað sé eftir nánú samráði við fagfélög þeirra. Þá óskar sambandið eftir því að þegar kemur að setningu væntanlegra reglugerða á grundvelli frumvarpsins, verði það að lögum, muni verða haft samráð við hlutaðeigandi stéttarfélög, t.d. um setningu reglugerðar um gæðastjórnunarkerfi iðnmeistara.

Sjónarmið varðandi réttindi launafólks og aðbúnað, hollustuhætti og öryggi við mannvirkjagerð

Á undangengnum árum hafa ítrekað komið upp mál þar sem sýnt hefur verið fram á að gróflega hefur verið brotið á réttindum starfsmanna í bygginga- og

mannvirkjagerð. Þetta gildir um laun og önnur starfskjör svo og aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað. Alvarlegustu brotin hafa oftast tengst erlendum starfsmönnum og erlendum þjónustufyrirtækjum sem hingað koma með tímabundna starfsemi. Hér er um að ræða félagsleg undirboð sem ætlað er að skapa samkeppnisforskot við tilboðsgerð og framkvæmdir í bygginga- og mannvirkjagerð.

Til að stemma stigu við þessu telur ASÍ brýnt að meðal skilyrða fyrir útgáfu byggingaleyfa sé að fyrir liggi trúverðug áætlun um hvernig framkvæmdaraðili ætli að tryggja að réttindi launafólks, sem að framkvæmdinni kemur, verði virt og að samhliða reglubundnum áfangaúttektum fari fram mat á því hvort þeirri áætlun sé fylgt eftir. Hægt er að kveða á um þá þætti sem varða réttindi launafólks þegar starfsleyfi byggingastjóra er gefið út, sbr. 28. gr., og fella m.a. inn í gæðastjórnunarkerfi sbr. sömu grein.

Hvað varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggismál sérstaklega er nauðsynlegt að inn í löginn verð felld tilvísun í skyldur byggingastjóra og eigenda skv. lögum nr. 46/1980 og reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingavinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð nr. 547/1996.

Af einstökum atriðum í lagafrumvarpinu um mannvirki vill ASÍ benda á eftirfarandi:

- Í lokamálsgrein 34 gr. er opnað fyrir þann möguleika að byggingastjóri annist sjálfur einstakar áfangaúttektir. ASÍ leggur til að það verði tryggt í lögnum að ef byggingastjóri annist sjálfur slíka úttekt þá sé honum skylt að kalla til viðkomandi iðnmeistara ella beri hann sjálfur alla ábyrgð á þeim verkþáttum sem teknir eru út.

Sjónarmið neytenda

Síðustu ár hafa ítrekað komið upp mál er varða vanefndir í tengslum við bygginga- og mannvirkjaframkvæmdir. Það ber því að fagna að í frumvarpinu er með ýmsum hætti tekið á þessu vandamáli, t.d. með því að skýra betur kröfur um hæfi, verksvið og ábyrgð þeirra aðila sem að bygginga- og mannvirkjaframkvæmdum koma.

Af einstökum atriðum í lagafrumvarpinu um mannvirki vill ASÍ benda á eftirfarandi:

- Í 7. gr. er sveitastjórnnum gefin heimild til að ákveða hvort þau starfræki bygginganefnd eða ekki. Þetta þýðir væntanlega að þar sem ekki eru starfræktar slíkar nefndir er ekki lengur hægt að kæra ákvarðanir byggingafulltrúa til bygginganefndar heldur verði að skjóta málinu beint til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingamála sem þá mun þurfa að sinna mun fleiri málum en áður. ASÍ leggur áherslu á að fyrirbyggt

verði að afnám bygginganefndanna grafi undan réttarstöðu almennings í skipulagsmálum.

- Í næstneðstu málsgrein 28. gr. er opnað fyrir þann möguleika að fyrirtæki og stofnanir beri í eigin nafni ábyrgð sem byggingastjórar. ASÍ telur að ef opna á fyrir þennan möguleika verði að búa svo um hnútana að tryggingar viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar haldi gildi sínu jafnvel þótt viðkomandi fyrirtæki verði gjaldþrota og hætti starfsemi. Almennt þarf neytandi að geta treyst því að tryggingar ábyrgðaraðila falli ekki úr gildi jafnvel þótt ábyrgðaraðili greiði ekki iðgjald af tryggingu sinni eða verði gjaldþrota og hætti starfsemi.
- Í neðstu málsgrein 29. gr. er sett fram sú krafa að byggingastjóri skuli hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu er gildi a.m.k. fimm ár frá lokum þeirra framkvæmda sem hann stýrði. Áhöld geta verið um það hvenær framkvæmdum, sem byggingastjóri stýrir, lýkur. Það getur aftur leitt til þess, í vissum tilvikum, að ágreiningur, sem hefði mátt koma í veg fyrir með skýrari reglum, komi upp um það hver beri ábyrgð á tjóni. ASÍ telur að taka þurfi af allan vafa um það í lögnum hvenær framkvæmd telst lokið í þessum skilningi.

Í þriðja tölulið í gr. 39 segir m.a. að ef til séu samhæfðir evrópskir staðlar eða evrópskt tæknisamþykki fyrir viðkomandi byggingavöru skuli hún merkt með CE-merki. Í þessu samhengi vill ASÍ benda á að hugsanlegt er að í einhverjum tilvikum eigi þessir staðlar/tæknisamþykki ekki við um íslenskar aðstæður. Það virðist t.d. vera sem hér á landi sé gjarnan notast við heitara vatn í ýmsum lagnakerfum en tíðkast annars staðar í Evrópu og því hugsanlegt að CE-merking á lagnaefni tryggi ekki örugga notkun þess hér.

Þingsályktunartillaga um fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna og Kólumbíu og landbúnaðarsamning Íslands og Kólumbíu, 81. mál

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á fríverslunarsamningi milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Lýðveldisins Kólumbíu sem undirritaður var í Genf 25. nóvember 2008.

Alþýðusamband Íslands telur mikilvægt að benda á að ágreiningur var um gerð fríverslunarsamningsins á vettvangi EFTA meðan hann var í vinnslu og eftir að hann lá fyrir. Málið var ítrekað til umræðu, m.a. á vettvangi ráðgjafarnefndar EFTA sem setti fram sérstakar tillögur um félagsleg ákvæði í viðskiptasamningum. Af hálfu verkalýðshreyfingarinnar í Noregi og á Íslandi var hvatt til þess að slíkur samningur við Kólumbíu yrði ekki gerður nema tekin væru af öll tvímæli um skyldur Kólumbíu til að virða mannréttindi íbúa landsins og réttindi launafólks til að stofna og starfrækja verkalýðsfélög.

Sú umræða, sem varð á vettvangi EFTA um mannréttindamál og félagsleg

réttindi í tengslum við fríverslunarsamninginn við Kólumbíu, byggði á þeirri staðreynd að Kólumbía er illræmd meðal þjóða heims fyrir að þar líðast gróf mannréttindabrot og ofbeldi gagnvart verkalýðsfélögum og þeim sem þar eru í forsvari. Nægir í því sambandi að benda á skýrslu um könnun Alþjóðasambands verkalýðsfélaga (ITUC) á mannréttindabrotum og ofbeldi gegn verkalýðsfélögum sem kom út fyrir á þessu ári. Þar kemur m.a. fram að ástandið í Kólumbíu fer síst batnandi. Þannig voru á árinu 2009 48 félagar í verkalýðshreyfingunni myrtir vegna þátttöku sinnar og starfa fyrir hana, þar af 22 forystumenn. Sjá nánar: <http://survey.ituc-csi.org/+Colombia+.html>.

Umræðan um gerð fríverslunarsamningsins við Kólumbíu varð til þess að ráðherrafundi EFTA í Reykjavík í júní á þessu ári var samþykkt fyrirmynd af ákvæðum í fríverslunarsamningum um sjálfbæra þróun (e. model provisions on sustainable development), þar sem bæði er tekið á umhverfismálum og réttindum launafólks.

Fyrir liggur að fríverslunarsamningurinn við Kólumbíu hefur þegar verið undirritaður og staðfestur af einhverjum þeirra ríkja sem að honum standa. Jafnframt liggur fyrir að samningurinn hefur ekki ennþá verið lagður fyrir norska stórþingið til staðfestingar. Ástæða þess er að ríkisstjórn Noregs hefur ekki enn tekið ákvörðun um með hvaða hætti samningurinn verður lagður fyrir þingið. Þar hefur bæði komið til álita að reyna að fá samningnum breytt þannig að inn í hann verði sett ákvæði í samræmi við fyrirmyndina sem samþykkt var af ráðherrum EFTA-ríkjanna í júní sl. og að samningnum fylgi af hálfu Norðmanna einhvers konar yfirlýsing er taki á mannréttindamálum í Kólumbíu.

Alþýðusamband Íslands hvetur Alþingi og stjórnvöld hér á landi til þess að taka upp samstarf við Norðmenn um afgreiðslu málsins og eftirfylgni.

Þingsályktunartillaga um sérgreiningu landshluta sem vettvang rannsóknna, kennslu og atvinnuþróunar, 83. mál

Alþýðusamband Íslands styður efni þingsályktunartillögunnar. Jafnframt leggur ASÍ áherslu á að við það starf, sem unnið verður á grundvelli tillögunnar, verði lögð áhersla á að samþætta með heildstæðum hætti mennta-, atvinnu- og byggðastefnu. Þannig verði ekki aðeins litið til háskólastarfsemi og rannsókna á þeim grunni heldur verði litið til menntunar í víðari skilningi, þ.m.t. endur- og eftirmenntunar af ýmsum toga og til þess með hvaða hætti sé hægt að samþætta menntun og atvinnuuppbyggingu allt í kringum landið.

Þingsályktunartillaga um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðlögunar- og viðræðuferli Íslands og Evrópusambandsins, 88. mál

Á ársfundi Alþýðusambands Íslands, sem haldinn var 23. og 24. október 2008, var samþykkt ályktun þar sem segir m.a.:

„Það er skoðun ASÍ að yfirlýsing um að sótt verði um aðild Íslands að ESB og upptöku evru sé eina færa leiðin. Þannig verði látið á það reyna í aðildarviðræðum hvaða samningur Íslandi standi til boða og hann lagður fyrir þjóðina í atkvæðagreiðslu.“

Þessi afstaða var síðan áréttuð á aukaársfundi ASÍ í mars 2009.

Á grunni framangreindrar afstöðu taka fulltrúar Alþýðusambandsins virkan þátt í starfi þeirra samningahópa sem undirbúið hafa aðildarviðræðurnar við Evrópusambandið og taka munu þátt í að móta samningsmarkmið Íslands í aðildarviðræðunum á grundvelli samþykktar Alþingis frá því 19. júlí 2009 og nefndarálits meirihluta utanríkismálanefndar sem henni fylgdi. Það er markmið Alþýðusambandsins með þátttöku í starfi samningahópanna og annars staðar, þar sem aðildarviðræðurnar við ESB eru á dagskrá, að ná sem bestum samningi fyrir Ísland og íslenskt launafólk. Það verður síðan íslensku þjóðarinnar að ákveða í þjóðaratkvæðagreiðslu hvort hún vill ganga í Evrópusambandið á grundvelli þess samnings sem gerður verður.

Í ljósi framanritaðs leggur Alþýðusamband Íslands til að þingsályktunartilagan verði felld.

Frumvarp til laga um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna (styttra tímamark), 99. mál

Með frumvarpinu er lagt til að víkja megi frá ákvæði 1. mgr. 4. gr. laga nr. 91/2010 ef almennar kosningar eru boðaðar innan þriggja mánaða frá samþykkt þingsályktunartillögu á Alþingi um þjóðaratkvæðagreiðslu.

ASÍ vekur athygli á því að ein forsenda þess að fram fari marktækar þjóðaratkvæðagreiðslur er sú að fram fari víðtæk og vönduð kynning og samfélagsleg umræða um þau mál sem greiða skal þjóðaratkvæði um, sbr. m.a. greinargerð með 6. gr. laganna. Í frumvarpi því, sem nú er til umfjöllunar á Alþingi, er opnað fyrir þjóðaratkvæðagreiðslur með stuttum fyrirvara í aðdraganda almennra kosninga. Að þessu leyti samræmist frumvarpið ekki markmiðum laga nr. 91/2010.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, 100. mál

Eins og fram kemur í greinargerð eru markmið frumvarpsins þrjúþætt og lúta m.a. að réttarstöðu og húsnæðisöryggi fjölskyldna sem missa íbúð við nauðungaruppboð, veitingu óverðtryggðra lána og auknum lánnum til breytinga og viðhalds. Alþýðusamband Íslands styður framgang þessa máls.

Frumvarp til laga um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, 108. mál

Í janúar 2009 lagði ASÍ til við ríkisstjórnina að 2. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 yrði breytt þannig að þrotamaður beri ekki ábyrgð á skuldum sem ekki fást greiddar við gjaldþrot hans. Jafnframt voru þessi sjónarmið og önnur er varða réttindi skuldara kynnt með sérstakri herferð í fjölmiðlum. Flest það sem ASÍ lagði þá til gekk eftir en ekki þetta.

Rök ASÍ eru þau að breytingin sé brýn vegna mikillar skuldsetningar vegna kaupa á íbúðarhúsnæði á undanförunum árum. Líklegt er að stór hópur einstaklinga, sem tók bæði gengistryggð og verðtryggð lán, verði gjaldþrota á næstu mánuðum, misserum og árum og óásættanlegt að þeir sem lenda í þeim harmleik eigi sér ekki viðreisnar von. Það er jafnframt brýnt vegna þess óréttlætis sem í því felst að einstaklingar, sem stofnuðu hlutafélög utan um skuldsetningu sína líkt og algengt var í fjármálaheiminum, skilja þær skuldir endanlega eftir við gjaldþrot þeirra félaga því gjaldþrota hlutafélög ljúka endanlega tilvist sinni við gjaldþrot, nokkuð sem einstaklingar gera ekki. Með þessum hætti hallar mjög á einstaklinga í greiðsluvandræðum.

ASÍ gerði þann fyrirvara að til skuldanna mætti hvorki hafa verið stofnað á óheimillegan hátt né að niðurfellingin gæti talist óhæfileg þegar litið er til annarra skuldara eða hagsmuna almennings almennt.

Það frumvarp, sem nú er lagt fram, mætir þessum grundvallarsjónarmiðum. ASÍ telur þó að betur þurfi að vanda til þess með hvaða hætti og á hvaða forsendum fyrningu megi slíta gagnvart kröfum sem löggjafinn telur að ekki skuli njóta hins skamma fyrningarfrests.

Í fyrsta lagi er brýnt að sjónarmið varðandi kröfur, sem orðið hafa til með saknæmum og ámælisverðum hætti, verði meitluð með skýrum hætti inn í lagaákvæðið sjálft. Greinargerð með frumvarpinu, eins og það er nú, er fátækleg um þetta efni og veitir fjarri lagi nægilega leiðsögn um framkvæmd. T.d. verða sektir eða kröfur um skaðabætur vegna refsiverðs athæfis ekki til með saknæmum og ámælisverðum hætti eins og það er orðað í greinargerð, heldur þvert á móti verða þær til með lögmætum hætti en stafa af ólögmætum og saknæmum athöfnum. Erfitt er jafnframt að tengja það dæmi, sem tekið er í greinargerð, við þær heimildir sem tilgreindar eru í lagaákvæðinu sjálfu. Þar er einungis fjallað um „sérstaka hagsmuni“.

Í öðru lagi er hvorki í ákvæðinu sjálfu og aðeins lauslega í greinargerð vikið sérstaklega að kröfum sem óhæfilegt gæti verið gagnvart öðrum skuldurum eða samfélaginu sjálfu að veita skamma fyrningu. Það getur t.d. átt við kröfur sem stofnað hefur verið til vegna óhóflegrar neyslu og fjárráða vegna óhæfilegra arðgreiðslna, óhóflegra kaupauka og annarra slíkra ósiðlegra

athafna án þess þó að það geti hafa talist ámælisvert að leggja í skuldsetninguna sjálfa miðað við þau fjárráð sem viðkomandi hefur haft.

ASÍ leggur því til að lagatextinn geymi skýr ákvæði um að kröfur, sem rót eigi að rekja til saknæmrar og ólögmatrar háttsemi eins og t.d. sektir, skadabætur vegna líkamstjóns og ólögmatra árása á líkama manns eða æru, veruleg vanskil vörsluskatta og kröfur hvers stytting fyrningartíma á getur talist óhæfileg þegar litið er til annarra skuldara eða hagsmuna almennings og samfélagsins almenn, njóti ekki hins skamma fyrningarfrests. Skilyrði þessi verði síðan nánar útfærð í greinargerð.

Að lokum er bent á að brotaminna og einfaldara er að fela héraðsdómara þegar við búskiptin að úrskurða um fyrningarfrest krafna.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 101/2010 um greiðsluáðlögun einstaklinga, lögum nr. 21/1991 og lögum nr. 24/2010, 152. mál
Frumvarpinu er ætlað að skýra og samræma ákvæði laga um greiðsluáðlögun. ASÍ gerir ekki athugasemdir við ákvæði þess.

Frumvarp til laga um fjölmiðla, 198. mál

Alþýðusamband Íslands vísar til fyrri umsagnar um frumvarp til laga um fjölmiðla, 423. mál á 138. löggjafarþingi, þar sem fram kemur að Alþýðusambandið styðji markmið frumvarpsins sem er að stuðla að tjáningarfrelsi, frelsi til upplýsinga, fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlum sem og að efla vernd neytenda á þeim vettvangi.

Alþýðusamband Íslands gerir athugasemd við skilgreiningu á hugtakinu fjölmiðill í 13. t. 2. gr. frumvarpsins en þar segir:

„Fjölmiðill er hvers konar miðill sem með reglubundnum hætti miðlar til almennings efni er lýtur ritstjórn. Til fjölmiðla teljast m.a. dagblöð og tímarit, ásamt fylgiritum þeirra, netmiðlar, hljóð- og myndmiðlar og aðrir sambærilegir miðlar.“

Í ljósi þess að skilgreiningin afmarkar umfang þeirra einstaklinga og lögaðila sem bundnir verða af lögunum, verði frumvarpið samþykkt á Alþingi, er mikilvægt að engum vafa sé undirorpið hverjir falla undir skilgreininguna. Fjöldi lögaðila og einstaklinga halda úti margvíslegum netmiðlum eða tímaritaútgáfu, t.d. Háskóli Íslands (hi.is), Alþýðusamband Íslands (asi.is) og Hagstofa Íslands (hagstofa.is), sem miðla með reglubundnum hætti m.a. til almennings efni sem lýtur ritstjórn að einhverju leyti. Sé það ætlunin að fella slíka vefmiðla undir hugtakið fjölmiðill þyrfti að taka það fram með skýrari hætti, a.m.k. í athugasemdum við ákvæðið þótt draga megi í efa að slík niðurstaða sé eðlileg eða nauðsynleg. Slík ákvörðun myndi leiða til allverulegrar takmörkunar á heimildum þessara aðila til starfrækslu netmiðla sinna, m.a.

í ljósi ákvæðis 24. gr. frumvarpsins um setningu reglna um ritstjórnarlegt sjálfstæði en í mörgum tilfellum, hjá þeim löggaðilum sem vikið var að hér að framan, er engin efnisleg þörf á reglum sem eiga að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði efnisstjóra gagnvart eigendum miðilsins.

Í 50. og 51. gr. frumvarpsins er fjallað um ábyrgð fjölmiðlaþjónustuveitanda á greiðslu stjórnvaldssekta, fésekta og skaðabóta sem starfsmanni hans kann að vera gert að greiða á grundvelli ákvæðanna. Í athugasemdum segir að reglan varni því að fjölmiðlamenn stundi óheppilega sjálfsritskoðun með það í huga að birting á umdeildu efni kunni að reynast þeim fjárhagslega þungbær og efla þannig tjáningarfrelsi og stuðli að lýðræðislegri umræðu. Sérstaklega er tekið fram að fjölmiðlaþjónustuveitendur geti eflt gildi hennar enn frekar með því að kveða á um það í reglum um ritstjórnarlegt sjálfstæði að starfsmenn þeirra verði ekki endurkrafðir að þessu leyti.

Nauðsynlegt hefði verið að kveða skýrlega á um það í frumvarpinu að óheimilt væri að endurkrefja starfsmenn vegna greiðslu fjölmiðlaþjónustuveitenda á slíkum sektum og bótum eða a.m.k. þannig að einbeittur ásetningur starfsmanna þyrfti að vera fyrir hendi til að brjóta lög. Markmið ákvæðisins nær ekki fram að ganga nema tryggt sé að starfsmenn beri í reynd ekki ábyrgð á greiðslum þessum gagnvart atvinnurekendum.

Þá bendir Alþýðusamband Íslands á að í 24. gr. frumvarpsins er fjölmiðlaþjónustuveitendum gert skylt að setja sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra starfsmanna sinna sem sinna fréttum og fréttatengdu efni. Í slíkum reglum skal m.a. fjallað um skilyrði áminningar og brottvikningar viðkomandi efnisstjóra og blaða- og fréttamanna.

Með þessum hætti er lögfest í raun að uppsagnir starfsmanna fjölmiðlaþjónustuveitenda, sem sinna fréttum og fréttatengdu efni, skuli rökstuddar með formlegum hætti. Sú stefna samræmist þeirri stefnu ASÍ að uppsagnir launafólks á Íslandi skuli almennt rökstuddar. Ofangreint ýtir því máli í rétta átt og hvetur ASÍ Alþingi til þess að vinna að því að sams konar ákvæði verði lögtekið hér á landi um allt launafólk.

Alþýðusamband Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við frumvarpið að sinni en áskilur sér rétt til frekari athugasemda ef efni standa til þess.

Frumvarp til laga um skeldýrarækt, 201. mál

Markmið frumvarpsins er að skapa skilyrði til ræktunar skeldýra hér á landi, setja reglur um starfsemina og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu.

Alþýðusamband Íslands styður þetta markmið og gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, 203. mál

Með frumvarpi þessu er lagt til að Fiskistofu verði heimilt að beita dagsektum til að knýja fram skil á svokölluðum vigtar- og ráðstöfunarskýrslum. Ýmsir aðilar eru háðir reglubundnum skilum þessara upplýsinga. Sem dæmi má nefna að úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna notar þær til að ákvarða fiskverð í viðskiptum milli skyldra aðila. Því miður hefur orðið vart vanrækslu við skýrsluskilin og tímabært að taka á því.

Alþýðusamband Íslands mælir með því að frumvarp það sem hér er til umsagnar verði samþykkt.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um vexti og verðtryggingu o.fl., 206. mál

Frumvarpinu er ætlað að leysa úr óvissu um réttarstöðu skuldara og kröfuhafa sem samið hafa um gengistryggingu í lánaviðskiptum. Leitast er við að leysa úr þeirri óvissu með samræmdum hætti, óháð orðalagi og framkvæmd viðkomandi lánasamninga, þ.e. að úr réttarstöðu allra skuldara í sömu eða sambærilegri stöðu verði leyst með sambærilegum eða sama hætti. Frumvarpið ætti því að skapa meira öryggi og festu í fjármálalífínu. Alþýðusamband Íslands styður þessi markmið frumvarpsins.

Frumvarpið er hins vegar flókið og texti þess lítt aðgengilegur og á því kunna þess vegna að vera efnislegir og tæknilegir gallar. Auk þess er ljóst að með frumvarpinu er fjallað um eignar- og kröfuréttindi sem njóta verndar skv. eignarréttarákvæðum stjórnarskrár. Af þessum ástæðum hefur ASÍ áhyggjur af því að markmiðum frumvarpsins verði ekki náð án samhliða samninga við fjármálafyrirtækin og þannig leyst fyrir fram úr hugsanlegum ágreiningi um skaðabótaskyldu.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu nr.40/2007 og lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999, með síðari breytingum (einbýli), 214. mál

Alþýðusambandið tekur undir markmið frumvarpsins og það sjónarmið að nauðsynlegt sé að tryggja eldra fólki, sem flyst á hjúkrunar- og dvalarheimili, þau sjálfsögðu réttindi að eiga þess kost að búa einir í herbergi. Sömuleiðis er tekið undir það sjónarmið að nauðsynlegt sé að fyrir liggja áætlun um það með hvaða hætti þetta verði tryggt á næstu árum og hvernig verkefninu miðar áfram.

Frumvarp til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, þskj. 268, 237. mál

Alþýðusambandið fagnar framlagningu frumvarps til laga um innstæðutrygg-

ingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Frá hruni þriggja stærstu bankanna hausti 2008 hefur ekkert virkt innstæðutryggingakerfi verið hér á landi. Alþýðusambandið telur að verði frumvarpið að lögum sé stigið stórt skref í að endurheimta trúverðugleika íslensks fjármálakerfis og þar með sé stuðlað að hraðari endurreisn efnahags- og atvinnulífs landsins.

Eitt meginmarkmið frumvarpsins er að veita innstæðueigendum í innlánsstofnunum og viðskiptavinum fyrirtækja í verðbréfaþjónustu vernd gegn greiðsluerfiðleikum viðkomandi fyrirtækja upp að vissu marki. Í frumvarpinu er ekki kveðið lengur á um lágmarkstryggingu eins og í núgildandi lögum um innstæðutryggingar en í staðinn er kveðið á um hámarkstryggingar 100.000 evra sem jafngildir nú 15,1 milljón ISK. Hámarkstryggingin miðast við heildarfjárhæð tryggðra innstæðna hvers eiganda við heildarfjárhæð hans á innlánsreikningum í viðkomandi innlánsstofnun, þar með talið séreignarlífeyrissparnaður. Hér er kveðið skýrar á um innlánstryggingu séreignarlífeyrissparnaðar, sem er að hluta eða öllu leyti geymdur á innlánsreikningum, en gert er í núgildandi lögum.

Alþýðusambandið hefur engar athugasemdir við frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Frumvarp til laga um breyting á lögum um dómstóla nr. 15/1998, með síðari breytingum, 246. mál

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum um dómstóla þar sem mælt er fyrir um fjölgun héraðsdómara og hæstaréttardómara til að bregðast við því aukna álagi sem orðið hefur á síðustu tveimur árum á dómstóla landsins.

Alþýðusamband Íslands gerir engar athugasemdir við samþykkt frumvarpsins.

Þingsályktunartillaga um metanframleiðslu, 251. mál

Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórnin hafi forgöngu um að marka heildstæða stefnu um nýtingu metans og taki höndum saman við hagsmunaaðila um rannsóknir, fjármögnun og framvindu hagfelldra kosta við metanframleiðslu.

Tillagan er í samræmi við áherslur ASÍ um mikilvægi þess að reyna að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og losun gróðurhúsalofttegunda.

ASÍ hefur tekið þátt í að móta sameiginlega afstöðu hinnar norrænu verkálýðshreyfingar í loftslagsmálum. Þar er kallað eftir víðtæku hnattrænu samkomulagi um aðgerðir til að sporna gegn losun gróðurhúsalofttegunda. Lögð er áhersla á þrjúhlíða samvinnu ríkisvalds og aðila vinnumarkaðar. Þá er talið mikilvægt að jafnræðissjónarmiða sé gætt þannig að kostnaði vegna aðgerða til að sporna við loftslagsbreytingum sé skipt með réttlátum hætti í samfélaginu.

Alþýðusamband Íslands mælir með því að tillagan, sem hér er til umsagnar, verði samþykkt.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum, 256. mál

Af því er fram kemur í athugasemdum við frumvarpið er markmið þess að koma í framkvæmd því samkomulagi, sem gert hefur verið, um að fagleg og fjárhagsleg ábyrgð á framkvæmd opinberrar þjónustu við fatlað fólk flytjist frá ríki til sveitarfélaga þann 1. janúar nk. Samkvæmt viljayfirlýsingu ríkis og sveitarfélaga um tilfærsluna frá því í mars 2009 er markmið tilfærslunnar að:

- Bæta þjónustu og auka möguleika til að laga hana að þörfum notenda með hliðsjón af ólíkum aðstæðum.
- Tryggja að eitt stjórnisýslustig beri ábyrgð á stærstum hluta almennrar félagsþjónustu, bæta samhæfingu og draga úr skörun ábyrgðarsviða stjórnisýslustiga.
- Stuðla að samþættingu nærþjónustu við íbúa sveitarfélaga.
- Styrkja sveitarstjórnarstigið.
- Einfalda verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga

Alþýðusambandið styður markmið tilfærslunnar og telur hana geta orðið til góðs fyrir málaflokkinn í heild. Erfitt er að meta til hlítar hvaða áhrif umfangsmiklar breytingar sem þessar munu hafa á þjónustu við fatlað fólk sem og rekstur sveitarfélaganna. Ljóst er að faglegir og fjárhagslegir burðir sveitarfélaga til að takast á við verkefnið eru mjög misjafnir en gert er ráð fyrir að landinu verði skipt upp í þjónustusvæði sem hafi hvert um sig yfir að ráða fjölbreyttum þjónustuúrræðum og fagþekkingu í málaflokknum. Eins og fram kom í nýlegri skýrslu Ríkisendurskoðunar er ljóst að ekki liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar um kostnað ríkisins af þessum málaflokki og fjárhagsleg óvissa því nokkur um kostnað við hann. Mikilvægt er því að fylgst verði náið með áhrifum tilfærslunnar, bæði á gæði og aðgengi að þjónustunni sem og á fjárhag sveitarfélaganna. Þetta er nauðsynlegt til þess að tryggja að fatlað fólk fái nauðsynlega og lögbundna þjónustu hvar sem það er búsett á landinu.

Alþýðusambandið ályktaði eftirfarandi á ársfundi sínum í október sl.:

Við flutning á málefnum fatlaðra til sveitarfélaganna þarf að vera tryggt að fjármagn fylgi verkefninu svo að öll sveitarfélögin hafi burði til að veita fötludum nauðsynlega og lögbundna þjónustu.

Í athugasemd við 2. gr. frumvarpsins er þess getið að stefnt sé að því að eftirlit með framkvæmd laganna verði í höndum sérstakrar stofnunar sem hafi gæðaeftirlit með allri félagslegri þjónustu. Í fyrstu muni velferðaráðherra hins vegar fara með þetta eftirlit og verði sérfræðingi í málefnum fatlaðs fólks í

ráðuneytinu falið að annast það. Alþýðusambandið telur mikilvægt að flýta vinnu við að koma eftirliti með þjónustu við fatlað fólk til fagaðila sem hafi jafnframt eftirlit með allri félagslegri þjónustu og tryggi þannig jafnræði og gæði þeirrar þjónustu sem veitt er í þessum viðkvæma málaflokki.

Í greinargerð með frumvarpinu er skýrt frá því að væntanlegt sé frumvarp til breytinga á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna sem feli í sér sólarlagsákvæði hvað varðar aðild þeirra starfsmanna sem flytjast með verkefninu til SFR. Flutningurinn mun ekki hafa áhrif á stéttarfélagsaðild þeirra starfsmanna sem aðild eiga að aðildarfélögum ASÍ. Í þessu sambengi vill ASÍ þó enn og aftur vekja athygli Alþingis á því að enn um sinn hyggjast ríki og sveitarfélög viðhalda ómálefnalegri mismunum í kjörum starfsmanna sinna á þeim grundvelli einum hvaða stéttarfélagi starfsmenn tilheyra.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, með síðari breytingum (sjúkdómatryggingar), 300. mál

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, með síðari breytingum (sjúkdómatryggingar), 300. mál.

ASÍ telur mikilvægt að jafnræðis sé gætt varðandi skattlagningu á greiðslum til einstaklinga vegna sjúkdóma og áfalla. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 17. febrúar 2008, sem gefin var út í tengslum við gerð kjarasamninga, segir m.a.: „*Samkomulag er milli samningsaðila að hefja uppbyggingu áfallatrygginga. Fyrirhugað er að leggja nýtt 0,13% launatengt gjald, áfallatryggingagjald, á launagreiðendur samkvæmt kjarasamningum aðila. Komi þetta til framkvæmda mun ríkissjóður leggja Endurhæfingarsjóði til sömu upphæð frá og með árinu 2009. Ríkisstjórnin mun í tengslum við þetta beita sér fyrir lagabreytingum sem tryggi að greiðslur úr Endurhæfingarsjóði, sjúkra- og fræðslusjóðum stéttarfélaga sem ganga til greiðslu kostnaðar við endurhæfingu, heilbrigðisþjónustu og tiltekna þjónustu fagaðila ásamt starfsmenntun og fullorðinsfræðslunámskeiðum, sem staðfest hafa verið af menntamálaráðuneytinu, teljist ekki til skattskyldra tekna hjá viðkomandi einstaklingum. Jafnframt mun ríkisstjórnin taka upp viðræður við aðila um samræmingu í skattalegri meðferð greiðslu kostnaðar úr þessum sjóðum vegna forvarna og starfsmenntunar.*”

Skattfrelsi greiðslna Endurhæfingarsjóðs (Starfsendurhæfingarsjóðs) voru efnd í árslok 2008 en ekki hefur enn verið staðið við loforð stjórnvalda varðandi skattfrelsi greiðslna sjúkra- og fræðslusjóða.

ASÍ leggur áherslu á að greiðslur vegna útlagðs kostnaðar við starfsmenntun, fullorðinsfræðslu og heilbrigðisþjónustu eða miska séu undanþegnar greiðslu tekjuskatts. Því er mikilvægt að gera greinarmun á þeim

bótum sem ætlað er að mæta tekjutapi annars vegar og þeim sem ætlað er að mæta kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu hins vegar. Þannig eru greiðslur almannatrygginga og sjúkrasjóða stéttarfélaganna vegna tekjutaps eða bóta skattskyldar að fullu eins og laun og mikilvægt að löggjafinn mismuni fólki ekki á þann hátt að „einkatryggingar“ njóti hagstæðari skattareglna en þær tryggingar sem byggja á samtryggingarformi eins og greiðslur almannatrygginga og sjúkrasjóðanna.

ASÍ leggur því til að sú breyting á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, sem lögð er til í frumvarpinu, verði löguð að þessu sjónarmiði og breytingin gerð varanleg, þ.e. breytingin tryggi að sá hluti sjúkdómatrygginga og greiðslna sjúkra- og fræðslusjóða, sem ætlað er að mæta kostnaði við heilbrigðisþjónustu og tiltekna þjónustu fagaðila ásamt starfsmenntun og fullorðinsfræðslunámskeiðum og greiðslum vegna miska, verði varanlega undanþeginn álagningu tekjuskatts.

Þingsályktunartillaga um staðgöngumæðrun, 310. mál

Um er að ræða nýmæli í íslenskri löggjöf og hefur ASÍ ekki mótað sér formlega afstöðu til málsins. Engu að síður vill ASÍ vekja athygli á að ekki hafi verið með fullnægjandi hætti tekið á siðferðilegum, lagalegum og læknisfræðilegum spurningum varðandi staðgöngumæðrun eins og fram kemur í álitni vinnuhóps heilbrigðisráðherra um staðgöngumæðrun frá 5. febrúar 2010 og 7. júlí 2010.

Ljóst er að málið getur varðað skuldbindingu og afstöðu Íslands til núverandi og væntanlegra alþjóðareglna á sviði mannréttinda, þ.m.t. réttinda barna, kvenna og foreldra. Á þeim vettvangi er umræðu ekki lokið. Umræða hér á landi hefur jafnframt hvorki verið almenn eða ítarleg og telur ASÍ að frekari umræða þurfi að eiga sér stað áður en farið er í undirbúning lagafrumvarps um staðgöngumæðrun.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (uppsögn starfs), 311. mál

Eins og fram kom í fyrri umsögn um sama mál 2003 leggst ASÍ gegn því að mikilvægum réttindum og skyldum í ráðningarsambandi sé breytt með þeim einhliða hætti sem frumvarpið ber með sér.

Þingsályktunartillaga um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, 334. mál

ASÍ fagnar þingsályktunartillögunni og telur að þar komi fram aðgerðir sem vinna að því að ná fram markmiðum laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Er það mat ASÍ að tillagan, sem liggur fyrir, sé sett

fram á greinagóðan hátt, jafnréttisáætluninni er skipt upp eftir málaflokkum og áherslum þar sem fram koma mælanleg markmið fyrir hverja aðgerð og því auðveldara að meta árangur eftir atvikum.

Atriði þingályktunartillögunnar, sem ASÍ tekur sérstaklega undir, eru eftirfarandi:

- Kafli B – grein 15 og 16, aðgengi kvenna að fjármagni til stofnunar fyrirtækja og að endurvekja á lánatryggingasjóð kvenna.
- Kafli C – grein 20, hlutur kvenna í stjórnnum fyrirtækja og stofnana
- Kafli D – grein 24, forvarnir gegn vændi
- Kafli G – grein 35, mikilvægi kynjasjónarmiða hvað varðar loftlagsmál

Í stefnu ASÍ um jafnrétti kvenna og karla frá árinu 2005 segir eftirfarandi: „Eitt af hlutverkum verkalyðshreyfingarinnar er að fylgja eftir markmiðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Það felur m.a. í sér að komið verði á og viðhaldið jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla á öllum sviðum samfélagsins.“

Með framangreint að leiðarljósi vill ASÍ vekja sérstaka athygli á nokkrum atriðum, sem fram koma í tillögunni, og vonast ASÍ til að tekið verði tillit til þeirra í lokavinnslu áætlunarinnar í jafnréttismálum til fjögurra ára.

Kafli B – Vinnumarkaður – kynbundinn launamunur

Í grein 10 er fjallað um framkvæmdaáætlun gegn kynbundnum launamunur og eru talin upp sjö mismunandi verkefni til að fylgja því markmiði eftir. Alþýðusamband Íslands telur nauðsynlegt að þar sé þess gætt að aðilar vinnumarkaðarins eigi fulltrúa í öllum þeim nefndum og ráðum þar sem við á. ASÍ telur það vera forsendu þess að sátt ríki um niðurstöður nefnda/ráða og framkvæmd í ljósi þeirra.

Grein 13 fjallar um fæðingarorlof feðra og að gerð verði könnun á töku feðra á fæðingarorlofi, áhrifum þess á verkaskiptingu ungra foreldra á heimilum og atvinnuþátttöku kvenna og karla. Í ljósi skerðingar undanfarinna ára á fæðingarorlofinu þá leggur ASÍ til að könnunin nái til beggja foreldra, feðra og mæðra, og á stöðu ungra foreldra eftir að fæðingarorlofstímabilinu lýkur.

Samantekt á stöðu kvenna eftir bankahrún, sem gerð var á vegum jafnréttisvaktarinnar að frumkvæði Jafnréttisráðs, leiddi í ljós m.a. að hópur ungra mæðra, sem er án atvinnu, er „týndur“ í kerfinu. Eftir að fæðingarorlofstímabilinu lýkur og dagvistun fyrir börn undir 2 ára aldur er ekki í boði, þá hafa þessar mæður ekki rétt á atvinnuleysisbótum.

Kafli D – Kynbundið ofbeldi

Í kaflanum eru settar fram þrjár aðgerðaáætlanir – greinar 21, 22 og 23 sem snúa að kynbundnu ofbeldi og heimilisofbeldi. ASÍ telur mikilvægt að

allt lagaumhverfi málaflokksins sé skýrt og skilvirkt. Kynbundið ofbeldi og heimilisofbeldi hefur áhrif á atvinnuþátttöku kvenna og vellíðan þeirra í vinnunni. Aðilar vinnumarkaðarins gegna mikilvægu hlutverki, þegar kemur að fyrirbyggjandi aðgerðum gegn kynferðislegu áreiti á vinnustað, sem m.a. felur í sér fræðslu í málaflöknum.

Kafli E – Menntir og jafnrétti

Grein 29 fjallar um menntun í starfsgreinum sem teljast annaðhvort kvenna- greinar eða karlagreinar samkvæmt hefð. Eitt af einkennum íslensks vinnu- markaðar er að hann er mjög kynskiptur eftir starfsgreinum og er það einnig ein forsenda fyrir kynbundnum launamun.

ASÍ hefur tekið virkan þátt í uppbyggingu fullorðinsfræðslu og starfs- menntunar og er áherslan á jöfn tækifæri til menntunar óháð búsetu eitt af meginmarkmiðum verkalýðshreyfingarinnar. Þekking eykur hæfni ein- staklinga á vinnumarkaði og nýtist þannig þeim, atvinnulífínu og samfélaginu öllu og því er mikilvæg krafan um jöfn tækifæri til að velja sér nám og störf óháð kyni.

Kafli H – Eftirfylgni og endurskoðun

Greinar 37 og 38 fjalla um eftirfylgni og endurskoðun framkvæmdaáætlunar- innar. Þar er sett fram tillaga um að jafnréttisfulltrúar ráðuneyta annist eftir- fylgni ásamt Jafnréttisstofu og sérfræðingi stjórnarráðsins í jafnrétti kynjanna.

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 er í 9. grein fjallað um hlutverk Jafnréttisráðs, þar segir eftirfarandi: „*Jafnréttisráð skal starfa í nánnum tengslum við Jafnréttisstofu og vera [ráðherra] og fram- kvæmdastjóra Jafnréttisstofu til ráðgjafar við faglega stefnumótun í málum er tengjast jafnrétti kynjanna. Sérstök áhersla skal lögð á að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði og samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs.*“

Í ljósi ofangreinds leggur ASÍ því til að jafnréttisráð – í samvinnu við Jafnréttisstofu – annist einnig eftirfylgni og endurskoðun framkvæmda- ráætlunarinnar. Jafnréttisráð er skipað fulltrúum frá aðilum vinnumarkaðarins, félagasamtökum og stofnunum sem láta sig jafnrétti kvenna og karla varða og hafa þekkingu og hæfni sem til þarf í verkefnið.

Frumvarp til laga um rannsóknarnefndir (heildarlög), 348. mál

Alþýðusambands Íslands styður framgang þessa máls. Efnislegar athugasemdir eru ekki gerðar við einstök ákvæði frumvarpsins. Þó er vakin athygli á því að frumvarpið geymir ákvæði um hvernig rannsóknarnefnd er komið á, sbr. 2. mgr. 1. gr., en er þögn um það hvort Alþingi, t.d. að afstöðnum kosningum,

geti með nýrri þingsályktun sett slíka nefnd af áður en hún lýkur störfum eða breytt því sem rannsaka á eða hvernig haga skuli rannsókninni.

Frumvarp til laga um Icesave, 388. mál

Alþýðusamband Íslands fagnar því að náðst hafi að nýju samningar um lausn Icesave-málsins. Það er og hefur verið krafa miðstjórnar Alþýðusambands Íslands að uppbygging og barátta gegn atvinnuleysi hafi forgang í störfum stjórnvalda en dráttur á lausn Icesave-málsins hefur torvelað og tafið endur-reisn efnahags- og atvinnulífsins og nauðsynlegan aðgang Íslands að erlendum fjármálamörkuðum.

Alþýðusambandið hefur áður lýst þeirri skoðun sinni að ljúka þurfi þessari deilu til að koma í veg fyrir alvarlegar afleiðingar áframhaldandi ágreinings. Afleiðingar tafanna á lausn málsins er erfitt að meta til fjár, tapaðra starfa, lakari hagvaxtar og hægari uppbyggingar en ljóst má vera að þær eru umtals-verðar. Ríkisstjórn og Alþingi verða að gera sér grein fyrir því að kaupmáttur ráðstöfunartekna almennings hefur hrapað um allt að fjórðung, rúmlega 12.000 manns eru án atvinnu og fjöldi manns hefur yfirgefið landið í leit að öruggri afkomu. Þessi staða er með öllu ólíðandi og aðgerðaleysi óásættanlegt með öllu.

Nýr samningur um lausn Icesave-deilunnar virðist hagstæðari en fyrri samningar þó erfitt sé að meta það einhlítt. Ljóst er að styrking íslensku krónunnar hefur dregið verulega úr ábyrgð ríkisins og hærra mat á eignum gamla Landsbankans dregur einnig úr ábyrgð ríkisins. Einnig skiptir máli að náðst hafa lægri vextir á lánum Breta og Hollendinga þótt fyrri samningar hafi falið í sér möguleika á endurupptöku þeirra ákvæða.

Í þessu erfiða máli má segja að tekist hafi á tvö sjónarmið í samskiptum okkar við Breta og Hollendinga og reyndar alþjóðasamfélagið. Hvort er hygglegra að fara fram með ákveðinni sjálfsgagnrýni gagnvart þeim atburðum, sem hér urðu á fjármálamarkaði (án þess að hvika frá grundvallarhagsmunum okkar), en gera jafnframt kröfu um ákveðinn skilning alþjóðasamfélagsins á getu okkar til að axla ábyrgð af afleiðingum af óábyrgu háttum bankamanna (innlendra sem erlendra) eða setja fram yfstrustu kröfur og taka á þeim af hörku án þess að setja okkur inn í þann vanda sem viðsemjendur okkar eru í. Ljóst má vera að við völdum seinni leiðina og hún hefur skilað ákveðnum árangri þó að hún hafi einnig skaðað ímynd okkar og stöðu á alþjóðavettvangi.

Alþingi og ríkisstjórn bera ábyrgð á að gera það sem í þeirra valdi stendur til þess að eyða óvissu og stuðla að uppbyggingu efnahags- og atvinnulífsins. Óvissan hefur valdið okkur miklum búsigjum eins og m.a. margir af forsvarsmönnum stærstu fyrirtækja landsins í orku og hátækni hafa bent á. Lánstraust er minna, orðspor Íslands er laskað og miklir fjármunir og tækifæri hafa glatast vegna þess.

Því verður Alþingi að ljúka þessari erfiðu Icesave-deilu sem allra fyrst til

að auðvelda aðgengi að erlendu fjármagni til uppbyggingar og atvinnusköpunar og stuðla samhlíða að frekari vaxtalækkun. Hið nýja samkomulag ætti að geta stuðlað að því.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, 393. mál

Með frumvarpinu er lagt til að heimilt verði tímabundið að endurgreiða virðisaukaskatt vegna kaupa á varmadælu og tengdum búnaði til húshitunar.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að raforka, sem þarf til að knýja slíkt dælukerfi, sé mun minni en þyrfti við hefðbundna rafhitun. Stofnkostnaðurinn við að koma upp slíkum búnaði sé þó nokkuð hár og geti verið hindrun fyrir því að hann sé keyptur. Þá hindrun mætti minnka verði frumvarpið að lögum.

ASÍ styður viðleitni til að draga úr kostnaði íbúa á „köldum“ svæðum vegna rafhitunar húsa og mælir með því að frumvarpið, sem hér er til umsagnar, verði samþykkt.

Þingsályktunartillaga um orkuskipti í samgöngum, 403. mál

Samkvæmt tillögunni felur Alþingi iðnaðarráðherra að móta stefnu til 2020 um minni hlut jarðefnaeldsneytis í samgöngum. Stefnan á að liggja fyrir í maí á þessu ári. Bent er á ýmsar leiðir til að ná þessu markmiði: Átak í orkusparnaði, hagrænir hvatar, rannsóknir, þróun og menntun. Einnig er lagt til að um ýmsar lykilaðgerðir verði haft öflugt samstarf atvinnulífs, sveitarfélaga og ríkis.

ASÍ hefur tekið þátt í að móta sameiginlega afstöðu hinnar norrænu verkalyðshreyfingar (NFS) í loftslagsmálum. Þar er kallað eftir víðtæku hnattrænu samkomulagi um aðgerðir til að sporna gegn losun gróðurhúsalofttegunda. Lögð er áhersla á samvinnu ríkisvalds og aðila vinnumarkaðar. Þá er talið mikilvægt að jafnræðissjónarmiða sé gætt þannig að kostnaði vegna loftslagsmála sé skipt með réttlátum hætti í samfélaginu.

Almennt má halda því fram að aðgerðir til að sporna gegn loftslagsbreytingum munu á næstu árum hafa í för með sér margháttaðar breytingar í atvinnulífinu og jafnvel á búsetu fólks. Það er því afar mikilvægt að allar slíkar aðgerðir séu grundvallaðar í skýrri, heildstæðri og samþættri umhverfis-, atvinnu- og menntastefnu – sem miðar að því að gera sem flestum fært að takast á við þessar breytingar á jákvæðan og réttlátan hátt.

ASÍ styður meginmarkmiðið í þingsályktunartillögunni um minni hlut jarðefnaeldsneytis í samgöngum. Það má hins vegar gagnrýna að þær leiðir, sem boðaðar eru til að ná markmiðinu, eru ekki settar fram með mjög skýrum eða heildstæðum hætti. Hvernig tengjast þær t.d. atvinnustefnu stjórnvalda, byggðaáætlun, samgönguáætlun eða drögum að orkustefnu sem nú liggja fyrir? Hvernig tengjast þær menntastefnunni?

Pingsályktunartillaga um menntun og atvinnusköpun ungs fólks, 449. mál

Í tillögunni kemur fram að markmiðið með þeirri vinnu, sem þar er lögð til, sé þrífætt: Að vinna bug á langtímaatvinnuleysi meðal ungs fólks, efla iðn- og tæknimenntun í samfélaginu og svara eftirspurn helstu vaxtargreina atvinnulífsins eftir vinnuafli með slíka menntun. Jafnframt er lögð áhersla á að allir þeir sem málið varðar, þ.e. viðkomandi ráðuneyti, stjórnvaldsstofnanir og hagsmunaaðilar, þ.m.t. helstu aðilar vinnumarkaðarins, komi að verkinu. Í greinargerð með tillögunni er gerð ágæt grein fyrir stöðu mála í dag hvað varðar mikið atvinnuleysi meðal ungs fólk, mikilvægi þess að efla verk- og starfsmenntun og svara eftirspurn atvinnulífsins eftir verk- og tæknimenntuðu fólki. Bæta mætti við fleiri staðreyndum um stöðu mála til að rökstyðja efni tillögunnar frekar, s.s. hið mikla brottfall sem nú er úr framhaldsskólanum. Þannig sýna nýjustu upplýsingar að hlutfall fólks á aldrinum 25–34 ára án formlegrar menntunar að loknum grunnskóla er um 30% og brottfallið úr framhaldsskólanum liggur nærri 28%.

Alþýðusamband Íslands styður heils hugar þá tillögu til þingsályktunar, sem hér er til umfjöllunar, og hvetur til þess að hún verði samþykkt sem fyrst. ASÍ mun taka virkan þátt í því starfi, sem lagt er upp með, og mun fyrir sitt leyti gera allt sem í þess valdi stendur til að vinna að þeim markmiðum sem þar eru sett fram. Þar sem tíminn, sem ætlaður er til að skila verkinu, er aðeins til 1. júlí nk. vill ASÍ benda á að um leið og mikilvægt er að vinna hratt að málinu þarf að vanda vel til verka. Það kann því að vera skynsamlegt að þeim aðilum, sem falið verður að vinna verkið, verði gefinn rýmri tími til að ljúka því en að áfangaskýrslu ásamt fyrstu tillögum verði skilað strax í vor.

Pingsályktunartillaga um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu, 471. mál

Á ársfundi Alþýðusambands Íslands, sem haldinn var 23. og 24. október 2008, var samþykkt ályktun þar sem segir m.a.:

„Það er skoðun ASÍ að yfirlýsing um að sótt verði um aðild Íslands að ESB og upptöku evru sé eina færa leiðin. Þannig verði látið á það reyna í aðildarviðræðum hvaða samningur Íslandi standi til boða og hann lagður fyrir þjóðina í atkvæðagreiðslu.“

Þessi afstaða var síðan áréttuð á aukaársfundi ASÍ í mars 2009.

Á grunni framangreindrar afstöðu taka fulltrúar Alþýðusambandsins virkan þátt í starfi þeirra samningahópa sem undirbúið hafa aðildarviðræðurnar við Evrópusambandið og taka munu þátt í að móta samningsmarkmið Íslands í aðildarviðræðunum á grundvelli samþykktar Alþingis frá því 19. júlí 2009 og nefndarálits meirihluta utanríkismálanefndar sem henni fylgdi. Það er

markmið Alþýðusambandsins með þátttöku í starfi samningahópanna og annars staðar, þar sem aðildarviðræðurnar við ESB eru á dagskrá, að ná sem bestum samningi fyrir Ísland og íslenskt launafólk. Það verður síðan íslensku þjóðarinnar að ákveða í þjóðaratkvæðagreiðslu hvort hún vill ganga í Evrópusambandið á grundvelli þess samnings sem gerður verður.

Í ljósi framanritaðs leggur Alþýðusamband Íslands til að þingsályktunartilagan verði felld.

Frumvarp til umferðarlaga (heildarlög), 495. mál

Eins og fram kom í fyrri umsögn um sama mál á 138. þingi telur Alþýðusambandið frumvarpið í heild sinni til mikilla bóta bæði hvað varðar umferðaröryggismál almennt og eins með tilliti til framsetningar ákvæða frumvarpsins, m.a. í IX. kafla frumvarpsins um aksturs- og hvíldartíma ökumanna sem annast farþega- og farmflutninga þungra ökutækja í atvinnuskyni. Í því efni vill ASÍ þó jafnframt vekja athygli á að ekki er einungis um að ræða umferðaröryggismál heldur einnig sjónarmið er lúta að jöfnun samkeppnisskilyrða og vinnuvernd ökumanna, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 561/2006.

Athygli skal jafnframt vakin á því að í 4. mgr. 94. gr. er mælt fyrir um hlutlæga refsíabyrgð skráðs eiganda eða umráðamanns ökutækis. Mikilvæg réttarvörslusjónarmið geta mælt með þessari breytingu eins og fram kemur í greinargerð. Tekið er undir þau sjónarmið að lög in eigi almennt að hvetja til virkrar umsjónar og eftirlits með ökutæki og þeim sem hafa afnot af því. Hvað hina hlutlægu refsíabyrgð varðar er vísað í því efni í greinargerð með 4. mgr. 94. gr. sérstaklega til náinna vandamanna, maka og barna. Reglur um hlutlæga refsíabyrgð fela í sér veruleg frávik frá almennt viðurkenndum og mikilvægum mannréttindum. Vart verður séð að vel meinandi sjónarmið um félagsmótun, uppeldi og samskipti hjóna eða sambúðaraðila geti réttlætt slík frávik.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum, nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum, 547. mál

Frumvarpið heimilar Íbúðalánasjóði, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, að færa niður veðkröfur sjóðsins á hendur einstaklingum, sem stofnað var til fyrir 31. desember 2008 og voru umfram 110% af verðmæti fasteignar þann 1. janúar 2011, um að allt að 4 milljónum króna hjá einstaklingum og allt að 7 milljónum króna hjá hjónum. Þá heimilar frumvarpið niðurfærslu um allt að 15 milljónumkróna hjá einstaklingum og allt að 30 milljónum króna hjá hjónum ef veðkröfur eru – þrátt fyrir framangreinda niðurfærslu – enn umfram 110% af verðmæti fasteignar, auk þess sem greiðslubyrði vegna íbúðalána er hærri en sem nemur 20% af samanlögðum tekjum lántakanda og maka hans.

Efni frumvarpsins er í samræmi við þá viljayfirlýsingu, sem stjórnvöld,

lánastofnanir og lífeyrissjóðir undirrituðu þann 3. desember 2010, um aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna, og það samkomulag, sem lánveitendur á íbúðalánamarkaði undirrituðu þann 15. janúar 2011, um verklagsreglur um nánari útfærslu á aðgerðunum. Íbúðalánasjóði er að óbreyttu ekki heimilt að færa niður kröfur sjóðsins í samræmi við efni samkomulagsins og er ofangreind lagabreyting því forsenda fyrir aðild sjóðsins að aðgerðunum.

Alþýðusamband Íslands leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Frumvarp til laga um breytingu á vatnalögum, 561. mál

Með frumvarpinu er þess freistað að skapa sátt um breytingu á vatnalögum með endurbótum á lögum nr. 15/1923. Í umsögn ASÍ um frumvarp til þess sem síðar urðu lög nr. 20/2006 voru ekki gerðar efnislegar athugasemdir og frumvarpið talið mæla fyrir um hagkvæmari og sjálfbærari nýtingu vatns. Erfitt er að bera þessi tvö lagafrumvörp saman en Alþýðusamband Íslands vekur athygli á því að með forgangsöröðun að vatni skv. 6.gr. frumvarpsins er ekki tekið með fullnægjandi hætti tillit til réttar almennings. Það á bæði við um þarfir almennings til aðgangs að vatni almennt sem og þarfa atvinnulífs til þess og orku vegna starfsemi sinnar m.a. þegar vatn verður af skornum skammti. Jafnframt er hugtakið „búsþarfir“ þrengt og á nú einungis við um þarfir á sviði atvinnurekstrar í landbúnaði í stað þess m.a. að taka til fiskvinnslu eins og er skv. gildandi lögum. Í frumvarpinu er þess víða getið að breytingar á því hafi verið unnar m.a. til þess að taka tillit til breyttra samfélagshátta. Framangreind forgangsöröðun felur þau sjónarmið ekki í sér.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991 (gjafsókn), 568. mál

Alþýðusamband Íslands gaf umsögn um samhljóða frumvarp á 137. þingi. Þar kom fram að ASÍ styður mjög eindregið framgang þessa máls og tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð. Sú afstaða er óbreytt.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um almenningsbókasöfn, nr. 36/1997 (gjaldtökuheimild), 580. mál

Alþýðusambandið gerir ekki athugasemdir við þann tilgang frumvarpsins að eyða lagalegri óvissu um gjaldtökuheimildir almenningsbókasafna en telur eðlilegt, með hliðsjón af því að hér er um mikilvæga almannaþjónustu að ræða, að lögin mæli fyrir um að heimilt sé að innheimta *hóflegt* gjald fyrir þjónustuna.

Frumvarp til laga um breytingar á innheimtulögum, 643. mál

Alþýðusamband Íslands gerir ekki tillögur um efnislegar breytingar á því

frumvarpi, sem umsagnar er óskað um, en vill taka eftirfarandi fram um aðrar nauðsynlegar breytingar á lögum er varða löginnheimtu krafna.

Strax í kjölfar hrunsins á árinu 2008 lagði ASÍ til gagngerar breytingar á lögum um gjaldþrot, nauðungaruppboð og aðför í því augnamiði að styrkja stöðu skuldara gagnvart innheimtuaðila. Margt af því gekk eftir í góðri samvinnu við stjórnvöld, m.a. ákvæði lögmannalaga um bann við töku kostnaðar af gjaldfelldum kröfum. Í þeim lagabreytingum var þó ekki komið eins mikið til móts við kröfur ASÍ eins og sambandið hefði kosið og eins og best hefði tryggt hagsmuni þeirra skuldara sem lenda með skuldir sínar í innheimtu hjá lögönnum.

Umræða undanfarinna vikna um óhæfilega gjaldtöku innheimtumanna hefur sýnt að brýna nauðsyn ber til frekari breytinga. Þær breytingar mætti taka inn í innheimtulög með vikkun á gildissviði laganna með því að auka heimildir ráðherra til þess að ákveða hámark innheimtukostnaðar með breytingum á lögum um lögmenn eða með breytingum á aðfarar- og uppboðslögum.

Staða skuldara og lögmans er ójöfn. Innheimtumaður hefur oft en ekki í hendi sér hvernig samið er um uppgjör kröfu utan réttar. Það á við um greiðslufresti, skuldbreytingar, afslætti og annað það sem gerir skuldara mögulegt að greiða kröfuna. Lögmáður innheimtir fyrir kröfuhafann í skjóli laga sem heimila honum að gera aðför í eignum skuldara, selja eignir hans á nauðungaruppboði eða gera hann gjaldþrota. Þannig nýtur lögmáður og kröfuhafi skjóls af mjög íþyngjandi þvingunarúræðum réttarkerfisins sem hins vegar veitir skuldara litla sem enga vernd fyrr en aðför er lokið, uppboð hefur farið fram eða gjaldþrot úrskurðað. Í aðdraganda þeirra aðgerða er skuldari varnarlaus.

ASÍ telur nauðsynlegt að svo sé umbúið í löggjöf að skuldari hafi möguleika á að bera undir stjórnvöld eða óháðan aðila kröfu lögmans um innheimtuþóknun og innheimtukostnað og að þannig verði aðstaða skuldara, lögmans og kröfuhafa jöfnuð án þess þó að gengið verði á lögmætan rétt kröfuhafa til fullnustu af eignum skuldara til greiðslu kröfu sinnar.

Farsælast væri að ein innheimtulög myndu geyma nauðsynleg ákvæði hér að lútandi og tækifærið yrði þá notað nú til þess að breyta gildandi innheimtulögum.

Sé ekki vilji til þess er hægt að ná svipuðum árangri með öðrum lagabreytingum. Í minnisblaði ASÍ frá því haustið 2009 segir m.a. um breytingar á uppboðs- og aðfararlögum:

„Að lögum nr. 21/1991, 90/1991 og 90/1989 verði breytt með það fyrir augum að auka tækifæri fyrir skuldara til þess að vinna sig út úr greiðsluvandráðum, skapa honum og fjölskyldu hans skjól innan ramma laganna, takist það ekki, og tryggja réttarstöðu skuldara gagnvart kröfum í löginnheimtu.

Lagt er til að ágreining um útreikning uppboðskröfu, þ.m.t. innheimtulaun, megi bera undir sýslumann þegar eftir að frummeðferð máls hefst skv. 3. kafla laganna. Ákvæði þeirra viðskiptabréfa, sem í hlut eiga, koma ekki í veg fyrir að takmörk séu sett hvernig útreikningi innheimtukostnaðar skuli háttáð.“

Tillaga um breytingar á lögum um nauðungarsölu nr. 90/1991

Heimildir til nauðungarsölu fela það í sér að kröfuhafi fær fulltingi réttarkerfisins til innheimtu krafna sinna og annarra réttinda. Löggjafanum er heimilt að setja reglur um það í hvaða skyni réttarkerfinu er beitt og ber að tryggja að hagsmuna uppboðspóla sé gætt. Stór hluti þeirra skulda, sem innheimtar eru með nauðungaruppboði eða hótun um slíka aðgerð, eru lán sem tekin hafa verið til langs tíma. Við greiðslufall eða vegna fullnustukrafna annarra kröfuhafa eru slíkar langtímaskuldir gjaldfelldar. Flestar kröfur, þar sem beðið hefur verið um nauðungaruppboð eða þar sem nauðungaruppboði er hótað, eru hins vegar greiddar áður en til sölu kemur. Í þeirri stöðu er skuldari varnarlaus þegar hann semur um greiðslu við uppboðsbeiðanda.

2. mgr. 22. gr. breytist og hljóði svo:

Til samræmis er lagt til að 2. mgr. 22. gr. verði breytt og þannig tryggt að ágreining um útreikning kröfu megi leggja fyrir sýslumann. Greinin breytist og hljóði svo:

Ef ágreiningur verður við fyrirtöku skv. 21. gr. um hvort nauðungarsalan fari fram eða hvernig verði staðið að henni og um fjárhæð kröfu sbr. 2. mgr. 6. gr. tekur sýslumaður ákvörðun um ágreiningsefnið þegar í stað. Að jafnaði skulu mótmæli af hendi gerðarpóla eða þriðja manns ekki stöðva nauðungarsölu nema þau varði atriði sem sýslumanni ber að gæta af sjálfsdáðum eða sýslumaður telur þau annars valda því að óvíst sé að gerðarbeiðandi eigi rétt á að nauðungarsalan fari fram. Taki sýslumaður ekki til greina mótmæli gerðarpóla eða þriðja manns stöðvar það ekki frekari aðgerðir að hlutaðeigandi lýsi yfir að hann muni bera gildi nauðungarsölunnar undir héraðsdóm eftir ákvæðum XIV. kafla.

Tillaga um breytingar á lögum um aðför nr. 90/1989

1. mgr. 27. gr. breytist og hljóði svo:

Ef gerðarþoli eða sá sem málstað hans tekur mótmælir rétti gerðarbeiðanda til að aðför nái fram að ganga eða hún fari fram með þeim hætti eða um þá fjárhæð kröfu sbr. 2. mgr. 1. gr. sem gerðarbeiðandi krefst, skal sýslumaður að kröfu gerðarbeiðanda ákveða þegar í stað hvort gerðin fari fram eða hvort henni verði fram haldið og eftir atvikum með hverjum hætti.

Um rökstuðning fyrir breytingunum vísast til tillagna um breytingu á lögum um nauðungaruppboð.“

Þessar tillögur mætti útfæra og aðlaga að innheimtulögum verði gildissviði þeirra breytt. Samhliða yrðu þau lög að geyma ákvæði um rétt skuldara til þess, eins og áður segir, að bera fjárhæð innheimtulauna og innheimtukostnaðar undir þar til bæran aðila meðan innheimta er enn á því stigi að einungis sé áskilinn réttur lögmanns til að óska nauðungaruppboðs eða annarra þvingunaraðgerða. Vegna hinnar veiku stöðu skuldara yrði jafnframt að tryggja rétt skuldara til endurheimtu oftekinna innheimtulauna eða innheimtukostnaðar þó svo að hann hafi innt af hendi greiðslu til lögmanns án fyrirvara. Viðeigandi refsikenndum ákvæðum yrði best fyrir komið þannig að í stað sekta í ríkissjóð eða þess háttar úrræða yrði allur kostnaður endurgreiðsluskyldur, bæði hið oftekna og eðlileg þóknun og kostnaður.

Frumvarp um þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahags-svæðisins, 645. mál

Alþýðusamband Íslands fagnar þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á efni frumvarpsins frá fyrri gerð þess (277. mál lagt fyrir 138. löggjafarþingið), er varða gildissvið frumvarpsins um gildi reglna á vinnumarkaði hér á landi og réttarstöðu launafólks eins og þær birtist í 2. gr. frumvarpsins. Ljóst er að með þessum breytingum er komið til móts við ábendingar og gagnrýni ASÍ á frumvarpið sem lagt var fyrir fyrri 138. löggjafarþingið en í umsögn um það sagði Alþýðusambandið m.a.:

„1. Vinnumarkaðurinn, réttindi launafólks og samskipti á vinnumarkaði *Alþýðusambandið bendir á að framsetning í 2. grein frumvarpsins þarf að vera mun skýrari og markvissari hvað varðar þá staðreynd að lögnum er með engum hætti ætlað að ná til vinnuréttar í víðasta skilningi og þar með kjara og annarra réttinda launafólks, sem starfar hér á landi um lengri eða skemmri tíma, eða hafa áhrif á þær reglur sem gilda um samskipti á íslenskum vinnumarkaði. Um það efni á önnur innlend löggjöf að gilda.*

Í 2. gr., þar sem m.a. er talið upp um hvað reglur laganna gilda ekki, segir í 8. tölulið:

„8. vinnurétt, þ.m.t. réttinn til að semja um kjör og framfylgja kjarasamningum, vinnuskilyrði, heilbrigði og öryggi á vinnustað, tengsl milli vinnuveitenda og starfsmanna, eða almannatryggingalöggjöf.“

Í athugasemdum segir síðan um þetta atriði:

„Samkvæmt 8. tölul. 4. mgr. fjalla löginn ekki um vinnurétt, þ.m.t. réttinn til að semja um kjör og framfylgja kjarasamningum, vinnuskilyrði, heilbrigði og öryggi á vinnustað, tengsl milli vinnuveitenda og starfsmanna eða almannatryggingalöggjöf og er hér verið að innleiða 6. mgr. 1. gr. og síðari hluta 7.

mgr. 1. gr. þjónustutilskipunarinnar.“

Í þjónustutilskipuninni sjálfri er fjallað mun ítarlegar um þetta efni og er efni hennar um margt skýrara og afdráttarlausara en efni frumvarpsins. Í 1. grein tilskipunarinnar segir í 6. tölul.¹:

„6. This Directive does not affect labour law, that is any legal or contractual provision concerning employment conditions, working conditions, including health and safety at work and the relationship between employers and workers, which Member States apply in accordance with national law which respects Community law. Equally, this Directive does not affect the social security legislation of the Member States.“

Þá segir í 7. tölul.:

„7. This Directive does not affect the exercise of fundamental rights as recognised in the Member States and by Community law. Nor does it affect the right to negotiate, conclude and enforce collective agreements and to take industrial action in accordance with national law and practices which respect Community law.“

Einnig má nefna að í 14., 86. og 87. tölulið inngangs tilskipunarinnar er fjallað um framangreint efni þar sem það er áréttað og skýrt frekar.

Lagt er til að efni frumvarpsins varðandi framangreindan þátt verði breytt þannig að það komi skýrt og afdráttarlaust fram og verði hafð yfir allan vafa að lögin gildi ekki um vinnurétt, þ.m.t. réttindi og skyldur launafólks, sem hér starfar um lengri eða skemmri tíma, óháð því hvar staðfesta fyrirtækisins, sem þeir starfa hjá, er. Í því sambandi mætti í athugasemdum, til frekari skýringa, m.a. vísa til laga nr. 55/1980, laga nr. 139/2005 og laga nr. 45/2007. Jafnframt verði efni 7. töluliðar tilskipunarinnar komið skýrt til skila. Þetta gildir hvoru tveggja um lagatextann sjálfan og athugasemdir með frumvarpinu.“

Gerviverktaka

Alþýðusambandið hefur í umræðum um lögleiðingu þjónustutilskipunarinnar hér á landi allt frá upphafi, og reyndar löngu fyrr, lagt áherslu á að brugðist verði af festu við hættunni á svartri atvinnustarfsemi og gerviverktöku í tengslum við veitingu þjónustu yfir landamæri. Þessi afstaða ASÍ hefur m.a. ítrekað verið sett fram í viðræðum við utanríkisráðuneytið, félags- og tryggingamálaráðuneytið (nú velferðarráðuneytið) og viðskiptaráðuneytið (nú efnahags- og viðskiptaráðuneytið). Þá hefur Alþýðusambandið í samstarfi við samtök atvinnurekenda beitt sér með ýmsum hætti í þessum efnum.

Lög um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja, sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands, og starfskjör starfsmanna þeirra (nr. 45/2007) og lög

¹ Vegna ónákvæmni í þýðingu er hér stuðst við frumtexta tilskipunarinnar.

um starfsmannaleigur (nr. 139/2005) með síðari breytingum hafa að nokkru mætt framangreindum sjónarmiðum ASÍ. Sama gildir um lög um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum (nr. 42/2010) og samkomulag ASÍ og SA á grunni þeirra laga. Framangreindri löggjöf er þó einkum ætlað að tryggja kjör og réttindi launafólks og vinna gegn svartri atvinnustarfsemi.

Með viðbót við 2. gr. er í frumvarpinu nú að nokkru komið til móts við ábendingar og athugasemdir ASÍ í þessum efnum þar sem segir:

„Reglur laga þessara gilda ekki um:

10. rétt stjórnvalda til að ákvarða hvort um er að ræða ráðningarsamband milli vinnuveitanda og launþega eða verktöku og beita í því sambandi við-eigandi íslenskum lögum og kjarasamningum,“

Eftir stendur sú krafa ASÍ að fjallað verði með heildstæðum og ítarlegum hætti um hættuna á gerviverktöku í tengslum við þjónustuviðskipti yfir landamæri og við henni brugðist með fullnægjandi hætti. Er þá m.a. verið að vísa til hættunnar á því að erlendir þjónustuveitendur (þar með talið starfsmannaleigur) skrái starfsmenn sína sem verktaka og reyni með þeim hætti að koma sér undan því að virða íslenska löggjöf og kjarasamninga um réttindi og skyldur þeirra sem hjá þeim starfa. Hér er um raunverulega hættu að ræða eins og viðurkennt er í þjónustutílskipuninni sjálfri. Í 86. tölulið inngangs tilskipunarinnar segir um þetta efni m.a.:

„(87) Neither should this Directive affect terms and conditions of employment in cases where the worker employed for the provision of a cross-border service is recruited in the Member State where the service is provided. Furthermore, this Directive should not affect the right for the Member State where the service is provided to determine the existence of an employment relationship and the distinction between self-employed persons and employed persons, including ‘false self-employed persons’. In that respect the essential characteristic of an employment relationship within the meaning of Article 39 of the Treaty should be the fact that for a certain period of time a person provides services for and under the direction of another person in return for which he receives remuneration. Any activity which a person performs outside a relationship of subordination must be classified as an activity pursued in a self-employed capacity for the purposes of Articles 43 and 49 of the Treaty.“

Eins og áður segir er ljóst að 10. tölulið í 4. mgr. frumvarpsins er ætlað að mæta áhyggjum vegna hættu á gerviverktöku í skjóli þjónustuviðskipta yfir landamæri. Vandinn er hins vegar sá að íslensk lög hafa ekki að geyma fullnægjandi reglur um þetta efni. Það er því fortakslaus krafa ASÍ að á þessu mikilvæga málið verði tekið samhliða lögleiðingu þjónustutílskipunarinnar. Rétt er í því sambandi að beina slíkri ósk til félags- og trygginganefndar Alþingis og/eða velferðarráðuneytisins.

Að lokum

Mikið liggur við að vandað sé til verka við lögleiðingu þjónustutilskipunarinnar hér á landi. Grundvallaratriði er að þess sé gætt, eins og kostur er, að lögleiðing tilskipunarinnar raski í engu kjörum og réttindum launafólks á íslenskum vinnumarkaði samkvæmt kjarasamningum, lögum eða þeim reglum og venjum sem gilda í samskiptum aðila vinnumarkaðarins. Þá er af hálfu Alþýðusambands Íslands gerð sú skýlausa krafa að leitað verði allra leiða til að koma í veg fyrir að þjónustuviðskipti á Evrópska efnahagssvæðinu og þjónustutilskipunin leiði til svartrar atvinnustarfsemi og gerviverktöku með tilheyrandi undirboðum á vinnumarkaði.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 30/1987, um orlof, með síðari breytingum, 661. mál

Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert athugasemdir við ákvæði í lögum um orlof varðandi réttarstöðu starfsmanna sem vegna veikinda geta ekki farið í orlof innan tilsetts tíma. Samkvæmt lögunum er í þeim tilvikum aðeins kveðið á um rétt til greiðslu orlofslauna en ekki orlofstöku. Hefur stofnunin talið að framangreint brjóti í bága við ákvæði 7. gr. tilskipunar 2003/88/EB um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma.

Þeim breytingum, sem lagðar eru til í frumvarpinu, er ætlað að mæta framangreindum athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA og bæta réttarstöðu starfsmanna í þeim undantekningartilvikum sem um ræðir.

Sú tillaga, sem nú liggur fyrir um breytingar á orlofslögum, er unnin í ágætu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins.

Alþýðusamband Íslands leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Frumvarp til laga um Stjórnarráð Íslands, 674. mál

Alþýðusamband Íslands gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarp þetta og styður samþykkt þess.

Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna þjónustuviðskipta á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins, 697. mál

Alþýðusamband Íslands vísar til umsagnar sinnar um mál 645, þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

Frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak, 703. mál

Alþýðusambandið tekur undir markmið frumvarpsins og telur þá stefnu að ÁTVR sinni smásölu með áfengi og heildsölu með tóbak til þess fallna að styðja þau markmið.

**Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 129/1997, um skyldu-
tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breyt-
ingum (hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, fjárfestingar-
heimildir), 704. mál**

Meginefni frumvarpsins er tvíþætt. Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar sem lúta að því að þrengja hæfisskilyrði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra lífeyrissjóða og koma í veg fyrir svonefnda krossstjórnarsetu á fjármálamarkaði. Þessar breytingar eru til samræmis við þær breytingar sem gerðar voru á hæfisskilyrðum stjórnarmanna í lögum um fjármálafyrirtæki og lögum um váttryggingarfélög á 138. löggjafabingi. Í öðru lagi er lagt til að heimildir til fjárfestinga í óskráðum hlutabréfum fyrirtækja verði rýmkaðar tímabundið til ársloka 2015 þannig að heimilt verði að fjárfesta allt að 20% af hreinni eign lífeyrissjóðs í slíkum bréfum þrátt fyrir að hömlur séu á viðskipti með bréfin.

Ákvæði í 1. gr. frumvarpsins, sem lúta að þrengri hæfisskilyrðum stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, eru í meginatriðum til bóta og skýringar. Í 5. mgr. 1. gr. er lagt til að þrátt fyrir þá meginreglu, að stjórnarmenn í lífeyrissjóði eigi ekki sæti í stjórn annars eftirlitsskylds aðila, geti stjórnarmanni í lífeyrissjóði verið heimilt að sitja í stjórn annars lífeyrissjóðs að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins (FME) enda gæti verið hagur í því t.d. þegar um sambærileg flókin réttindakerfi er að ræða. Ekki verður séð að atriði eins og flókin réttindakerfi séu nægjanleg rök fyrir því að sami einstaklingurinn sitji í stjórnnum tveggja aðskildra lífeyrissjóða sem eru hvor um sig sjálfstæður eftirlitsskyldur aðili. Almennt mætti halda því fram að tryggingarfræðilegar forsendur séu flókin viðfangsefni og því vandséð á hvaða grundvelli FME ætti að fara með þetta vald og skera úr hvenær skilyrði eru uppfyllt.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 3. mgr. 36 gr. verði lífeyrissjóðum heimilt til 31. desember 2015 að fjárfesta í óskráðum hlutabréfum fyrirtækja þrátt fyrir að hömlur séu á viðskiptum með bréfin. Alþýðusambandið telur mikilvægt að farið sé afar varlega með að veita lífeyrissjóðunum heimildir til slíkra fjárfestinga og leggur áherslu á að gerður verði greinarmunur á félögum, sem séu stofnuð til að gegna tímabundnu og afmörkuðu verkefni, líkt og fjárfestingasjóðum í óskráðum hlutafélögum, og einstökum fyrirtækjum sem standa í hefðbundnum rekstri. Alþýðusambandið leggst þannig alfarið gegn slíkri breytingu gagnvart einstökum fyrirtækjum í almennum rekstri og telur að hér sé um að ræða allt of víðtækar heimildir til fjárfestinga í bréfum sem ekki eru virk viðskipti með og engin verðmyndun á markaði.

Lífeyrissjóðir ættu því á hættu að afar takmarkaðir möguleikar væru til að losa slík bréf, ef þörf er á, sem aftur hamlar mjög eðlilegri verðmyndun eignarinnar. Að sama skapi er nauðsynlegt að vara við þessu tímabundna ákvæði; ef

lífeyrissjóðir nýta sér þessa nýfengnu heimild er ólíklegt að þeir hafi nokkra stöðu til þess að selja bréfin aftur fyrir lok ársins 2015 – enda hömlur á viðskiptum með bréfin.

Ef marka má umræðuna í þjóðfélaginu má ætla að hugmyndin að baki þessum breytingum sé sú að opna fyrir fjárfestingu lífeyrissjóðanna í orkufyrirtækjum, s.s. HS Orku. ASÍ telur að í mörgum tilvikum séu slíkar fjárfestingar áhugaverðir langtímafjárfestingarkostir fyrir sjóðina en setur sig á móti því að það sé gert í formi hlutabréfakaupa og ítrekar þá stefnu sína að orkugeirinn verði ekki einkavæddur. Mun skynsamlegra er hins vegar að leita annarra leiða í þeim efnum. Má þar m.a. benda á að aðkoma sjóðanna með eigið fé gæti t.d. verið í gegnum víkjandi lán í verkefnafjármögnun eða með öðrum þeim hætti sem tryggir að sjóðirnir lokist ekki inni með fjárfestingu sína í eignum með ógagnsærri verðmyndun.

Þrátt fyrir að fjárfestingarkostum lífeyrissjóðanna hafi fækkað frá bankahruni og áhrif gjaldeyrishaftanna takmarki einnig möguleika þeirra til fjárfestinga er mikilvægt að áfram séu viðhöfð megin sjónarmið laganna um áhættudreifingu og varfærni í fjárfestingum lífeyrissjóðanna. Því telur Alþýðusambandið fulla ástæðu til þess að áfram séu skilyrði um það í lögnum að ekki séu hömlur á viðskiptum með eignir sjóðanna og að ekki verði veitt tímabundin undanþága frá því skilyrði laganna.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 121/1994, um neytendalán, með síðari breytingum, 724. mál

Alþýðusambandið styður markmið frumvarpsins um að fella smálánastarfsemi undir lagaramma neytendalöggjafar og telur mjög brýnt að tryggja neytendavernd á þessum markaði. Hér er um að ræða starfsemi, sem oftast en ekki er markaðssett gagnvart ungu fólki og öðrum viðkvæmum hópum, og mikilvægt að nú þegar verði settar skorður sem vernda hagsmuni neytenda og tryggja upplýsingaskyldu og ábyrgð lánveitenda.

Alþýðusambandið mælir því eindregið með samþykkt frumvarpsins.

Frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 726. mál

Um er að ræða umfangsmikla lagasetningu sem um margt virðist fela í sér fyllri og skýrari ákvæði en eru í gildandi lögum auk þess sem löggin staðfesta framkvæmd sem komist hefur á. Einungis er vakin athygli á tveimur ákvæðum.

Í 57. gr. frumvarpsins segir að um réttindi og skyldur starfsmanna fari eftir ákvæðum kjarasamninga „og eða“ ákvæðum ráðningarsamninga. Eins og ákvæðið hljóðar virðist það vera valkvætt hvort um réttindi og skyldur fer skv. kjarasamningum eða ráðningarsamningum. Ekki er ljóst við hvað er átt og skýringa ekki að leita í greinargerð. Eins og ákvæðið hljóðar er það and-

stætt ákvæðum 1. og 2. kafla laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem eru skýr hvað það varðar að grundvöllur réttinda og skyldna starfsmanna er lagður með kjarasamningum sbr. og 7. gr. laga nr. 80/1938 og ákvæði 1. gr. laga nr. 55/1980. Ráðningarsamningar geta þannig ekki komið í stað kjarasamninga.

Í 99. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um heimildir sveitarfélaga til samvinnu um gerð og samþykkt kjarasamninga. Nokkuð augljóst er hvað átt er við með samvinnu um kjarasamningsgerð en ekki er ljóst hvað átt er við með „samvinnu um samþykkt“ þeirra. Í greinargerð er ekki að finna skýringar. Í 5. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, segir: „Sveitarstjórnir geta haft með sér samvinnu um samningsgerð og fallið sameiginlegri samninganefnd samningsumboð sitt. Sama á við um samvinnu milli ríkis og sveitarfélaga, svo og þeirra og forráðaaðila stofnana skv. 2. gr.“ Framangreind 99. gr. frumvarpsins virðist ekki samræmast þessum heimildum. Ef henni er ætlað að breyta aðkomu og samvinnu sveitarfélaganna í kjarasamningum þegar samið er undir ákvæðum laga nr. 94/1986 þá er nauðsynlegt að á því verði veittar skýringar svo ekki valdi vafa við framkvæmd laga nr. 94/1986.

Frumvarp til laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, 728. mál

Alþýðusamband Íslands gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarp þetta og styður eindregið samþykkt þess.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 139/2005, um starfsmannaleigur, með síðari breytingum, 729. mál

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur gert athugasemdir við tiltekin efni laga nr. 139/2005, um starfsmannaleigur, með síðari breytingum, sem stofnunin telur að brjóti hugsanlega í bága við 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, meðal annars að teknu tilliti til dómaframkvæmdar Evrópudómstólsins. Gerð er grein fyrir þessum athugasemdum í athugasemdum með frumvarpinu. Þeim breytingum, sem lagðar eru til í frumvarpi þessu, á tilteknum ákvæðum laga um starfsmannaleigur er ætlað að mæta framangreindum athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA án þess þó að skerða á nokkurn hátt þau markmið sem lögunum er ætlað að ná enda ekki gert ráð fyrir að umræddar breytingar hafi áhrif á framkvæmd laganna, auk þess sem Vinnuálastofnun ber á tíð að fara að stjórnsýslulögum í störfum sínum, meðal annars með því að gæta meðalhófs.

Sú tillaga, sem nú liggur fyrir um breytingar á starfsmannaleigulögum, er unnin í ágætu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins.

Alþýðusamband Íslands leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Frumvarp til laga um breyting á lögum um námsstyrki nr. 79/2003, 734. mál

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu er helsta markmið þess að útvíkka gildissvið laga um námsstyrki og tryggja m.a. með því ákveðið jafnræði.

Alþýðusamband Íslands leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Frumvarp til laga um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, 741. mál

Sjómannasamband Íslands og Landssamband íslenska útvegsmanna gerðu breytingar á kjarasamningum sínum á árinu 2008 til þess að mæta þeim breytingum sem nú stendur til að gera á lögum nr. 24/1986. Alþýðusamband Íslands gerir því ekki efnislegar athugasemdir við frumvarp þetta.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla nr. 91/2008, með síðari breytingum, 747. mál

Margt af því sem í frumvarpinu felst horfir að mati Alþýðusambands Íslands til bóta eða er eðlilegt í ljósi þeirra aðstæðna sem nú eru uppi í samfélaginu. Þó telur ASÍ rétt að benda á eftirfarandi:

Breytt er ákvæðum í lögnum um val nemenda í námi á unglíngastigi þar sem valið fer úr þriðjungi námstímans í 8.–10. bekk í allt að fimmtung námstímans. Jafnframt fá skólar heimild til að hafa valið mismunandi eftir árgöngum á unglíngastigi og að binda valið að hluta í bóklegt nám og nám í list- og verkgreinum.

Að mati ASÍ á valið á unglíngastigi, ef vel er að verki staðið, að auka fjölbreytni í námsframboði og mæta þannig áhuga og hæfni stærri hóps nemenda en nú er og helst sem flestra þar sem áhersla væri á aukið val í list- og verkgreinum. Með því að dregið sé úr umfangi valsins án þess að sett sé fram skýrari leiðbeining í þessum efnum er ástæða til að óttast að skólastarfið fjarlægist frekar framangreind markmið.

Ofangreint atriði tengist með beinum og óbeinum hætti ábendingu sem Alþýðusambandið kom með við umfjöllun um frumvarp til laga um grunnskóla þegar það var til umfjöllunar á Alþingi í byrjun árs 2008. Í umsögn ASÍ sagði m.a.:

„1. Réttur nemenda til náms við hæfi og til námsráðgjafar

Í frumvarpinu er áhersla lögð á rétt nemenda „til kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi” sbr. 13. gr. Í frumvarpinu eða athugasemdum með því er hins vegar ekki gerð tilraun til að skýra nánar eða útfæra hvernig ná eigi þessum markmiðum. Ljóst er að vandi er að útfæra slíkt í löggjöf með

fullnægjandi hætti en það hefði mátt nálgast með umfjöllun og leiðbeiningum í athugasemdum með frumvarpinu.

Þá segir í 13. gr. að nemendur eigi „rétt á að njóta námsráðgjafar í grunnskóla og ráðgjafar um náms- og starfsval.“ Þá kemur fram í athugasemdum að ekki sé kveðið á um umfang náms- og starfsráðgjafar eða með hvaða hætti slíkri ráðgjöf er fyrir komið. Viðurkennt er að öflug og markviss námsráðgjöf strax á miðstigi og í eldri bekkjum grunnskóla er mikilvæg fyrir nemendur þar sem miklu skiptir að þeir finni sér verkefni í náminu eftir áhuga og við hæfi. Í því ljósi er með ólíkindum að ekki skuli kveðið skýrar á um skyldur skólanna í þessum efnum, fyrirkomulag og gæði þeirrar þjónustu sem þeim ber að veita á þessu sviði.

Tillaga Alþýðusambands Íslands

Nýjum grunnskólalögum fylgi leiðbeiningar til sveitarfélaganna um það hvernig best verður tryggt að nemendur fái nám við hæfi hvers og eins.

Kveðið verði með skýrum hætti á um að grunnskólarnir skuli veita nemendum sínum námsráðgjöf við hæfi og af fagmennsku.“

Fjölmargar rannsóknir, sem birst hafa um brottfall ungmenna úr skóla síðan þetta var skrifað, hafa staðfest með óyggjandi hætti að mikilvægt er að taka mun fastar á málum strax á grunnskólastiginu, auka námsval og veita ungmennunum traustari leiðsögn en nú er. Má sem dæmi um slíkar rannsóknir nefna skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar: „Frafall i utdanning for 16–20 åringer i Norden”².

Alþýðusamband Íslands hvetur menntamálanefnd Alþingis til að taka á framangreindum þáttum í umfjöllun sinni um breytingar á grunnskólalögum nú.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, 748. mál

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu eru breytingarnar, sem lagðar eru til, þrjúþættar:

Í fyrsta lagi er verið að mæta athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA við 11. mgr. 13. gr. laganna þar sem kveðið er á um samlagningu starfstímabíla foreldra er flytjast milli ríkja sem hafa aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Eftirlitsstofnun EFTA telur að skilyrðið um að maður starfi

² <http://www.norden.org/is/a-doeffinni/frettir/ny-norraen-skyrsla-vinna-tharf-gegn-brottfalli-strax-i-upphafi-skolagoengu>

á innlendum vinnumarkaði a.m.k. síðasta mánuðinn á ávinnslutímabili sé of langur tími í þessu sambandi. Er því í frumvarpinu lagt til að meginreglan verði áfram sú sama en heimilt verði að taka tillit til starfstímabíla foreldris á ávinnslutímabilinu sem starfsmanns eða sjálfstætt starfandi einstaklings í öðru EES-ríki enda hafi störf foreldris veitt foreldrinu rétt til fæðingarorlofs samkvæmt lögum þess ríkis um fæðingarorlof. Þá er lagt til að hafi foreldri verið skemmri tíma á innlendum vinnumarkaði en síðasta mánuðinn á ávinnslutímabili skuli Vinnuálastofnun meta í hverju tilviki fyrir sig hvort réttur hafi skapast til fæðingarorlofs vegna starfa foreldris annars staðar á EES-svæðinu.

Í öðru lagi er lagt til að innleidd verði hér á landi tilskipun ráðsins 2010/18/EB, um framkvæmd endurskoðaðs rammisamnings aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu um foreldraorlof. Tilskipunin felur í sér lengingu foreldraorlofs úr þrettán vikum í fjóra mánuði fyrir hvort foreldri fyrir sig.

Í þriðja lagi eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof meðal annars í því skyni að skýra betur tiltekin ákvæði sem þótt hafa óskýr við framkvæmd laganna.

Sú tillaga, sem nú liggur fyrir um breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, er unnin í ágætu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins.

Alþýðusamband Íslands leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Frumvarp til laga um embætti sérstaks saksóknara, 754. mál

Lög um sérstakan saksóknara voru sett við mjög sérstakar aðstæður í íslensku samfélagi. Þær kölluðu á sértækar og öflugar aðgerðir sem standa skyldu meðan þær sérstöku aðstæður réttlættu það. Þær aðstæður eru enn til staðar og ekki sér fyrir endann á umfangsmiklum og flóknum rannsóknum embættisins. Alþýðusamband Íslands vekur athygli á því að varasamt kunni að vera við þessar aðstæður að efna til þeirra skipulagsbreytinga sem frumvarpið boðar þar sem þær geti tafið framgang þeirra rannsókna sérstaks saksóknara sem því embætti er ætlað að sinna.

Frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki, 783. mál

Alþýðusamband Íslands gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarp þetta og styður samþykkt þess.

Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við undirritun kjarasamninga o.fl.), 824. mál

Umrætt frumvarp er lagt fram í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tengslum við undirritun kjarasamninga á almennum vinnumarkaði þann 5.

maí sl. Frumvarpið tekur þó til fleiri atriða en snúa beint að yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Alþýðusamband Íslands gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

9. gr. – Sérstakur skattur á lífeyrissjóði

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir greiði sérstakan 0,0972% eignarskatt til fjármögnunar á 0,6% sérstakri vaxtaniðurgreiðslu til heimila á árunum 2011 og 2012. Jafnframt er í 15. gr. gert ráð fyrir sérstakri skattlagningu á fjármálafyrirtæki í sama tilgangi. Í greinagerð með frumvarpinu er vísað til þess samkomulags sem stjórnvöld gerðu við fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóði í tengslum við yfirlýsingu um aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna þann 3. desember 2010 þar sem segir í 5. tölulið:

Ríkisstjórnin mun í samstarfi við aðila þessarar yfirlýsingar leita leiða til að fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóðir fjármagni nýja tegund tímabundinnar vaxtaniðurgreiðslu. Um er að ræða niðurgreiðslu vaxta í gegnum vaxtabótakerfið. Niðurgreiðslan er almenn og óháð tekjum en fellur niður þegar hrein eign skuldara er umfram tiltekin mörk. Reiknað er með að útgjöld vegna þessa úrræðis verði allt að 6 milljörðum króna á ári og verði í gildi árin 2011 og 2012.

Jafnframt segir í greinargerð frumvarpsins að fyrir liggja samkomulag þess efnis að heildargreiðslur þessara aðila í formi tímabundinnar skattlagningar verði 3,5 milljarðar á þessu ári sem skiptist jafnt á milli þeirra, þ.e. 1.750 millj. á viðskiptabanka og 1.750 millj. á lífeyrissjóði. Ekkert slíkt samkomulag liggur hins vegar fyrir. Í viðræðum aðila í nóvember, þegar fallist var á fjármögnun hinnar sérstöku vaxtagreiðslu, var lögð á það áhersla að ekki yrði um skattlagningu að ræða heldur yrði leitað annarra leiða til fjármögnunar. Auk þessa eru viðskiptabankarnir langtum stærra lánveitendur íbúðalána en lífeyrissjóðirnir og því er eðlilegt að hlutur þeirra í fjármögnun aðgerðanna sé í samræmi við það.

Alþýðusamband Íslands leggst alfarið gegn því að lagður verði sérstakur eignarskattur á lífeyriseign landsmanna. Í reynd er hér um skattlagningu að ræða sem einungs hefur áhrif á lífeyrisréttindi launafólks á almennum vinnumarkaði og starfsfólk ríkis og sveitarfélaga sem eru félagsmenn í ASÍ-félögum. Réttindi sjóðfélaga í lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna verða varin með sérstökum framlögum úr opinberum sjóðum. Verði þetta ákvæði að lögum er því enn verið að auka á þann mismun sem er á lífeyrisréttindum launafólks á almennum og opinberum vinnumarkaði. Niðurstaðan verður sú að það launafólk, sem býr við lökust lífeyrisréttindi, mun fjármagna vaxtaniðurgreiðsluna en það launafólk, sem býr við bestu lífeyriskjörin, verður í reynd undanþegið því að taka þátt í þessum kostnaði.

16. gr. – Greiðsluskylda í VIRK – Starfsendurhæfingarsjóð

Í VI. kafla yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 5. maí 2011 segir:

Almennt samkomulag er um mikilvægi uppbyggingar markvissrar starfsendurhæfingar svo stuðla megi að þátttöku og virkni á vinnumarkaði. Draga þarf markvisst úr ótímabæru brottfalli launafólks af vinnumarkaði, meðal annars með því að bregðast við áður en fólk hverfur úr störfum sínum með virkri heilsuvernd á vinnustöðum, þ. á m. forvörnum. Þýðingarmikið er að atvinnulífið í heild komi að þeirri uppbyggingu ásamt stjórnvöldum og lífeyrissjóðum en þegar greiðir stór hluti launagreiðenda 0,13% iðgjald til Starfsendurhæfingarsjóðs á grundvelli kjarasamninga.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að lögfest verði skylda allra launagreiðenda til greiðslu 0,13% iðgjalds til Starfsendurhæfingarsjóðs. Enn fremur komi til jafnhátt iðgjald frá lífeyrissjóðum.

Velferðarráðherra mun skipa samráðsnefnd aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda til að koma fram með nánari skipulag og samhæfingu starfsendurhæfingarmála fyrir 1. nóvember 2011 þar sem miðað verði við jafna kostnaðarskiptingu í þrjá hluta. Útfæra þarf aðkomu ríkisvaldsins varðandi faglegar útfærslur og samspil starfsendurhæfingar tengdri vinnumarkaði og þjónustu heilbrigðiskerfisins.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að sett verði ákvæði til bráðabrigða, sem gildi til 1. janúar 2012, sem kveður á um greiðsluskyldu atvinnurekenda og lífeyrissjóða til VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs. Þá skulu ráðherra velferðar- og lífeyrismála skipa samráðshóp aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda til að koma fram með nánari tillögur um skipulag og samhæfingu starfsendurhæfingarmála fyrir 1. nóvember 2011.

Alþýðusambandið mótmælir því harðlega að lögbinda eigi greiðsluskyldu atvinnurekenda og lífeyrissjóða til Starfsendurhæfingarsjóðs tímabundið í nokkra mánuði með vísan til þess að fyrir 1. nóvember nk. muni verða lagðar fram tillögur að nýjum lagaramma fyrir starfsemina. ASÍ telur þetta fyrirkomulag í mikilli andstöðu við þær viðræður, sem átt hafa sér stað milli aðila, um málefni VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs. Aðilar vinnumarkaðarins hafa í þriggung samið við stjórnvöld um lögleiðingu á fjármögnun til sjóðsins, við gerð kjarasamninga í febrúar 2008, í stöðugleikasáttmálanum í júní 2009 og nú síðast við gerð kjarasamninga í maí 2011. Í þessum viðræðum hefur ávallt verið gengið út frá því að tryggja langtímafjármögnun sjóðsins og tryggja jafnframt aðkomu alls launafólks að þeim úrræðum sem sjóðurinn hefur. Engar viðræður hafa farið fram í þeim anda að um tímabundna greiðsluskyldu yrði að ræða. Í frumvarpinu nú er

gert ráð fyrir því að ganga mun lengra í lagasetningu en um var rætt og þeirri umræðu markaður afar þröngur tímarammi, bæði fyrir eiginlegt nefndarstarf sem og umfjöllun á Alþingi. Af þessum ástæðum krefst ASÍ þess að gildistími laganna verði til ársloka 2013 og að verkefni samráðshópsins verði tvískipt á þann hátt að fyrir 1. nóvember 2011 verði samráði á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um verkaskiptingu og kostnaðarskiptingu lokið en að niðurstaða samráðs um þörf fyrir nánari lagaramma um starfsemi Virk – Starfsendurhæfingarsjóðs verði fyrir lok september 2013.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, með síðari breytingum, 784. mál

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, með síðari breytingum, 784. mál.

Í frumvarpinu er lögð til grundvallarbreyting á greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í lyfjakostnaði sem byggir að mestu á greiðsluþáttökukerfi að danskri fyrirmynd. Gert er ráð fyrir að með breytingunni verði hætt að miða greiðsluþátttöku við hverja lyfjaávísun. Þess í stað greiði sjúklingur að fullu fyrir lyf sín upp að ákveðnu marki en eftir að því er náð verði greiðsluþátttaka hlutfallsleg og þrepaskipt eftir uppsöfnuðum lyfjakostnaði sjúklings á hverju tímabili. Frumvarpið gerir ráð fyrir að hlutfall, tímabil og þrep greiðsluþáttökunnar verði ákvörðuð í reglugerð og fylgja frumvarpinu drög að nýrri reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga við kaup á lyfjum. Lagabreytingin og sú reglugerð, sem ákvarðar endanlega útfærslu hennar, mynda því eina heild og er gengið út frá því í þessari umsögn.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið og drögum að skýrslu vinnuhóps um nýtt greiðsluþáttökukerfi vegna lyfjakostnaðar frá því í október 2010 er gert ráð fyrir að lyf, sem sjúkratryggingar hafa hingað til tekið þátt í að greiða niður, muni falla undir nýtt greiðsluþáttökukerfi, auk þess sem gert er ráð fyrir að bæta inn í greiðsluþáttökukerfið sýklalyfjum og S-merktum lyfjum sem ávísað er á lyfseðlum og notuð utan sjúkrahúsa. Hins vegar verði sú breyting að greiðsluþátttakan er ekki mismikil eftir lyfjaflokkum eins og verið hefur heldur falla öll lyf, sem sjúkratryggingar taka þátt í að niðurgreiða, að meginstefnu undir sömu reglur. Með þessu verður kostnaðarþátttaka ekki byggð á sjúkdómum heldur á heildarlyfjakostnaði hvers og eins sjúklings og telur Alþýðusambandið þá breytingu til bóta þar sem jafnræði milli sjúklingahópa er aukið.

Auk þess verði greiðsluþáttökukerfið gagnsærra og einfaldara en verið hefur sem er kostur.

Í breytingunum er gert ráð fyrir að sett verði hámark á þann lyfjakostnað

sem sjúklingur þarf sjálfur að greiða á hverju 12 mánaða tímabili en í dag er ekkert slíkt hámark sem getur þýtt að lyfjakostnaður sjúklinga verður í ákveðnum tilvikum mjög hár. Alþýðusambandið hefur lengi talað fyrir því að sett verði hámark á þann kostnað, sem sjúklingar þurfa að bera af heilbrigðisþjónustu og lyfjakaupum, auk þess sem nauðsynlegt hefur verið talið að horft sé til 12 mánaða tímabils í þeim efnum en ekki almanaksárs þannig tímasetning veikindanna á árinu ráði ekki þeim kostnaði sem lendir á sjúklingi. Í ályktun ársfundar ASÍ 2010 um velferðarmál segir m.a.

Hámark verði sett á kostnaðarþáttöku vegna lyfja og heilbrigðisþjónustu. Afsláttarkort gildi í a.m.k. 12 mánuði en taki ekki mið af almanaksári.

Sú breyting, sem hér er lögð til, mun gagnast best þeim sem eru mest veikir / þurfa mikið af lyfjum og ætti lyfjakostnaður þeirra almennt að lækka við breytinguna. Hins vegar mun á sama tíma kostnaður þess mikla fjölda fólks, sem í dag hefur tiltölulega lágan lyfjakostnað, aukast talsvert. Breytingin, eins og hún er kynnt í reglugerðardrögunum, felur þannig fyrst og fremst í sér tilfærslu á lyfjakostnaði frá þeim sem þurfa mikið af lyfjum til þeirra sem þurfa sjaldan lyf. Mikilvægt er að sá hópur verði ekki þar að auki látinn bera mögulegan kostnað vegna kerfisbreytingarinnar eða sparnaðar í rekstri ríkisins.

Hver áhrifin af breytingu greiðsluþáttökukerfisins verða ræðst ekki að fullu fyrr en fyrir liggur endanleg ákvörðun um greiðsluþrep, kostnaðarhlutföll og hámarksgreiðslu í reglugerð. Ljóst er að breytingin mun valda því að ákveðnum hópum mun reynast erfitt að ráða við háar greiðslur í einu lagi í upphafi hvers greiðslutímabils sem jafnvel getur leitt til þess að þeir hafi ekki tók á að leysa út lyfjaávisanir sínar. Við þessu verður að bregðast og nauðsynlegt er að gera ráðstafanir í kerfinu sem fyrirbyggja, eins og kostur er, að þessi staða komi upp.

Alþýðusambandið styður markmið þeirra breytinga, sem lagðar eru til í frumvarpinu, og telur þær í grundvallaratriðum til bóta.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, 826. mál

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 116/20036, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, 826. mál.

Alþingi sendi ASÍ frumvarpið til umsagnar að kvöldi föstudagsins 3. júní 2011 með ósk um „að umsögn berist eigi síðar en mánudaginn 6. júní nk.“ Frumvarpið varðar mikilvæga hagsmuni eins af undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar og því mikilvægt að vandað sé til verka. Til að sátt geti náðst um þær breytingar sem gera á stjórn fiskveiða er mikilvægt að eðlilegur tími gefist

til málefnalegrar umfjöllunar og samráðs. Innan vébanda þeirra félaga, sem aðild eiga að ASÍ, eru um 100 þúsund manns. Við móttun afstöðu sinnar þarf ASÍ að hafa til hliðsjónar hagsmuni sjómanna, þeirra sem starfa í landvinnslu og ekki síst almannahag. Sá tími, sem Alþingi gefur til umsagnar um frumvarpið, getur ekki talist eðlilegur. ASÍ mótmælir því að ekki skuli gefinn lengri tími til umfjöllunar um málið.

Í ljósi mikilvægis málsins hefur ASÍ tekið saman fyrstu viðbrögð sín við málinu, byggð á stefnu ASÍ í atvinnumálum, en í henni segir m.a.:

„Til náttúruauðlinda í eigu þjóðarinnar teljast m.a. nytjastofnar á Íslandsmiðum, auðlindir á /í /eða undir hafsbotninum (utan netalaga), svo og náttúruauðlindir í þjóðlendum. Á grundvelli stefnu um nýtingu og verndun náttúruauðlinda geta stjórnvöld veitt heimild til nýtingar á auðlindum, sem eru í eigu þjóðarinnar, gegn gjaldi að því tilskildu að nýtingarrétturinn sé tímabundinn eða að honum megi breyta. Við útgáfu nýtingarleyfa á auðlindum, sem eru í eigu þjóðarinnar, skal m.a. hafa eftirfarandi að leiðarljósi:

- *Leyfin skulu veitt á grundvelli hlutlægra viðmiðana sem gerð eru opinber í auglýsingum.*
- *Setja skal ströng skilyrði fyrir veitingu leyfanna, m.a. um að áætlanir um rannsóknir og nýtingu séu í samræmi við stefnu um nýtingu og vernd auðlinda, að þær uppfylli kröfur um umhverfismat og skipulag og gangi ekki gegn reglum um réttindi launafólks, laun og vinnuvernd.*
- *Gegn leyfum komi endurgjald; í fyrsta lagi vegna kostnaðar ríkisins af rannsóknum og eftirliti með nýtingu auðlinda (þjónustugjald); í öðru lagi til að tryggja þjóðinni hlutdeild í umframardi sem nýting auðlinda í þjóðareign skapar (auðlindagjald); og í þriðja lagi, þar sem það á við, til að tryggja hagkvæma nýtingu (umhverfisskattur).*
- *Gæta ber hófs við beitingu eignarnámsheimilda og tryggt verður að vera að efnisleg skilyrði um almannabörf sem og öll formleg skilyrði séu uppfyllt.“*

Síðar í stefnunni er fjallað um aðlögun að breytingum í atvinnulífinu en um slíkar breytingar segir:

„Þróun í atvinnulífinu getur haft í för með sér tímabundna erfiðleika fyrir einstök heimili, fyrirtæki eða byggðarlög. Til að gæta réttlætis og stuðla að víðtækri sátt þarf að gefa öllum tækifæri til að laga sig að breytingum. Í þessu tilliti er einkar mikilvægt að tryggja virka upplýsingamiðlun svo og samráð og samningaviðræður á öllum stigum breytinga, hvort sem um er að ræða skipulagsbreytingar eða tækniinnleiðingu. Styrki vegna aðlögunar á helst að útfæra með almennum aðgerðum, t.d. gegnum skatta- og velferðarkerfið. Ef þörf er á sértækum aðgerðum eiga þær að vera tímabundnar, gagnsæjar, óframleiðslutengdar, miða að atvinnusköpun, vera árangursríkar með tilliti til

kostnaðar og samræmdar að hinu almenna velferðarkerfi.“

Margs konar breytingar eru lagðar til með frumvarpinu. Þær helstu eru:

1. Aukning aflaheimilda til strandveiða og byggðakvóta.
2. Breytinga á því hvaða aflaheimildir skuli dregnar frá heildaraflamarki áður en komi til almennrar úthlutunar til fiskiskipaflotans. Lögð er til sú breyting að allir handhafar aflamarks standi undir því aflamarki, sem varið er til byggðakvóta, strandveiða og línuviltununar, en ekki eingöngu útgerðir skipa sem ráða yfir botnfiskafla.
3. Sveitarstjórnnum sé gefinn kostur á að velja milli úthlutunarreglna sjávarútvegsráðuneytisins og eigin reglna við úthlutun byggðakvóta.
4. Skorður verði settar við tilfærslum milli tegunda innan einstakra útgerða þannig að þær geti ekki orðið hærri en 30% af aflamarki þeirra hverju sinni.
5. Ráðherra hafi til úthlutunar 2.000 lestir af sumargotsíld og 1.200 lestir af skötusel gegn gjaldi.
6. Heimilt verði að 10% af löngu- og keiluafla skipa teljist ekki til aflamarks enda verði sá afli seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði. Af honum renni 20% til útgerðar og 80% til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins.
7. Viðmið vegna veiðigjalds verði hækkað úr 9,5% af reiknaðri EBITDU í 16,2%.
8. Af tekjum af veiðigjaldinu eiga 80% að renna í ríkissjóð og 20% til sjávarbyggða.

Varðandi helstu efnisþætti frumvarpsins vill Alþýðusambandið benda á eftirfarandi:

- Með frumvarpinu er verið að færa stærra hluta aflaheimilda til strandveiða. Með slíkri tilfærslu er verið að færa störf frá þeim sem hafa meginatvinnu sína af fiskveiðum til þeirra sem hafa hagsmuni af tímabundinni sjómennsku. Hagkvæmni slíkra veiða er takmörkuð þar sem einungis má veiða fáa daga í mánuði yfir sumartímann. Fjárfestingar í skipum, veiðarfærum og öðrum búnaði til strandveiða nýttast því afar illa og atvinnulega séð hefur þetta takmarkaða þýðingu þar sem einungis er veitt fáa daga á ári.
- Með frumvarpinu er stærra hluti aflaheimilda færður til stuðnings minni byggðarlögum sem lent hafa í vandræðum vegna samdráttar í sjávarútvegi og háð eru veiðum og vinnslu á botnfiski. Einnig er sveitarfélögum heimilað að setja eigin reglur um úthlutun byggðakvóta á sínu svæði. ASÍ telur mikilvægt að hægt sé að koma til móts við minni sveitarfélög sem lent hafa í vandræðum vegna samdráttar í sjávarútvegi. ASÍ hefur

vissar efasemdir um þá leið, sem lögð er til í frumvarpinu, og bendir á að heppilegra sé að aðstoða byggðarlög við að takast á við breytingar í atvinnuháttum með almennum hætti. Hagkvæmari og skilvirkari leið til að koma til móts við umrædd byggðarlög er að nýta hluta veiðigjaldsins til uppbyggingar atvinnu- og mannlífs á viðkomandi stöðum.

- Samkvæmt frumvarpinu eiga allir handhafar aflamarks að standa undir því aflamarki sem varið er til byggðakvóta, strandveiða og línuviltunna. Hafi útgerð skips ekki yfir að ráða nægum aflaheimildum til að mæta þessari skerðingu fái hún frest til að flytja eða leigja fullnægjandi veiðheimildir á skipið eða greiði gjald fyrir sömu heimildir. Slíkt fyrirkomulag er óhagkvæmt og er hætt við að það yti undir frekara leigubrask.
- Með frumvarpinu er lögð til hækkun veiðigjalds. Eins og fram kemur í atvinnumálastefnu ASÍ telur sambandið að: „*[G]egn leyfum komi endurgjald; í fyrsta lagi vegna kostnaðar ríkisins af rannsóknnum og eftirliti með nýtingu auðlinda (þjónustugjald); í öðru lagi til að tryggja þjóðinni hlutdeild í umframardi sem nýting auðlinda í þjóðareign skapar (auðlindagjald); og í þriðja lagi, þar sem það á við, til að tryggja hagkvæma nýtingu (umhverfisskattur).*“ ASÍ telur mikilvægt að veiðigjaldið hækki þannig að þjóðin fái notið eðlilegs arðs af sjávarútvegsauðlindinni. Í fljótu bragði virðist um hógværa hækkun að ræða sem ekki ætti að ógna rekstarkilyrðum sjávarútvegsins. Æskilegt væri að gerð yrði hagfræðileg úttekt á því hve hátt veiðigjald sjávarútvegurinn getur borið án þess að það bitni á eðlilegum rekstarkilyrðum því ef gengið verður of langt í álagningu gjaldsins mun það stuðla að veikingu krónunnar. Gerist það mun það á endanum vera almenningur sem ber kostnaðinn við veiðigjaldið í herra verðlagi og þar með lakari kaupmætti.
- Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherra hafi heimild til þess að taka tillit til mismunandi framlegðar útgerðarflokka við ákvörðun veiðigjalds. Ekki er ljóst hvernig ráðherra er ætlað að beita þessu valdi. Er gert ráð fyrir að ráðherra lækki veiðigjald þeirra útgerðarflokka, sem eru óhagkvæmir, og stuðla þannig að því að jafna stöðu þeirra útgerðarflokka, sem óhagkvæmari eru, við þá sem eru hagkvæmari? Slík ráðstöfun telst ekki skynsamleg því hún dregur úr heildarhagkvæmni greinarinnar og mun koma niður á styrkleika krónunnar. Áratuga reynsla hefur kennt okkur að greinin mun leita jafnvægis. Eina leiðin til að mæta því yrði með samsvarandi launakröfum – og þá er leiðin í gamla hagkerfið vís!
- Gert er ráð fyrir að 80% af veiðigjaldinu renni í ríkissjóð en 20% til sjávarbyggða. Gert er ráð fyrir að þeim 20%, sem renna eiga til sjávarbyggða, verði skipt milli sveitarfélaga eftir aflaverðmæti viðkomandi sveitarfélags

að frátöldu því aflaverðmæti sem unnið var á sjó. Ef það er pólitískur vilji til þess að hluti veiðigjaldsins renni til ákveðinna landsvæða umfram önnur er eðlilegt að nýta jöfnunarsjóð sveitarfélaga til þess. Vandséð er hins vegar að hægt sé að útiloka íbúa á heilum landsvæðum frá því að fá notið hlutdeildar í þessum 20% af veiðigjaldinu, t.d. vegna þess að útgerðamenn ákváðu að nýta sínar aflaheimildir á frystitogurum.

Almennt má segja að þrátt fyrir að frumvarpið geri ráð fyrir margháttuðum breytingum á stjórn fiskveiða þá er erfitt að átta sig á meginmarkmiðum frumvarpsins. Við skoðun á frumvarpinu kemur í ljós að það mun:

- Veikja rekstargrundvöll sjávarútvegsins. Slíkt mun leiða til þess að gengi krónunnar verður veikara en ella og líf skjör lakari.
- Veikja stöðu þeirra sem hafa aðalstarf sitt af fiskveiðum og fiskvinnslu.
- Ýta undir leigubrask og skammtímahugsun í stað þess að setja því skorður.
- Auka á pólitískar valdheimildir ráðherra án þess að færð séu sterk rök fyrir að það fyrirkomulag sé heppilegra en skýrar og gagnsæjar reglur.
- Leggja til fyrirkomulag á ráðstöfun veiðigjalds til sjávarbyggða sem orkar tvímælis og ytir undir óréttlæti og mismunun.
- ASÍ telur mikilvægt að vandað sé til breytinga á fiskveiðistjórnunarkerfinu. ASÍ getur ekki mælt með samþykkt frumvarpsins en leggur þess í stað til að sumarið verði nýtt til þess að vinna að nauðsynlegum breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu í víðtæku samráði þar sem fulltrúar launafólks eigi fulla aðild og áhersla verði lögð á að skapa sem besta og breiðasta sátt um niðurstöðuna.

Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 827. mál

Alþýðusambandið hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Frumvarpið varðar mikilvæg hagsmunamál þjóðarinnar og því mikilvægt að þessi undirstöðuáttvinnugrein í þjóðarbúinu komi vel út úr fyrirhuguðum breytingum.

Helstu breytingar, sem felast í frumvarpinu, eru eftirfarandi:

- 1). Breyting aflahlutdeildar úr ótímabundnum réttindum yfir í tímabundin nýtingarréttindi til 15 ára með mögulegri 8 ára framlengingu að því gefnu að ráðuneyti samþykki umsókn um framlengingu.
- 2). Veiðigjaldið er tvöfaldað úr 9,5% af EBITDA í 19% af EBITDA. Aukningin verður notuð til að styrkja ríkissjóð (50%), landsbyggðina (30%) og rannsóknir og þróun í sjávarútvegi (20%).
- 3). Varanlegt framsal aflaheimilda verður bannað.
- 4). Bann við veðsetningu aflaheimilda.

- 5). Takmarkanir eru settar á leiguframsál.
- 6). Kvótanum verður skipt í tvo flokka. Fyrri flokkurinn heldur utan um 85% af kvótanum og er háð nýtingarleyfum. Seinni flokkurinn heldur utan um afganginn af kvótanum eða 15% og er skipt í 5 hluta eða potta sem eru eftirfarandi:
 - 7). Strandveiðipottur (atvinnusjónarmið)
 - 8). Byggðapottur (byggðasjónarmið)
 - 9). Leigupottur
 - 10). Línuvílnunarpottur (umhverfissvænar veiðar)
 - 11). Bótapottur

ASÍ byggir afstöðu sína til frumvarpsins á stefnu sambandsins í atvinnumálum en þar segir m.a:

*„Til náttúruauðlinda í eigu þjóðarinnar teljast m.a. nytjastofnar á Íslands-
miðum, auðlindir á /í/ eða undir hafsbótinum (utan netalaga) svo og náttúru-
auðlindir í þjóðlendum. Á grundvelli stefnu um nýtingu og verndun náttúru-
auðlinda geta stjórnvöld veitt heimild til nýtingar á auðlindum, sem eru í eigu
þjóðarinnar, gegn gjaldi að því tilskildu að nýtingarrétturinn sé tímabundinn
eða að honum megi breyta. Við útgáfu nýtingarleyfa á auðlindum, sem eru í
eigu þjóðarinnar, skal m.a. hafa eftirfarandi að leiðarljósi:*

*Leyfin skulu veitt á grundvelli hlutlægra viðmiðana sem gerð eru opinber
í auglýsingum.*

*Setja skal ströng skilyrði fyrir veitingu leyfanna, m.a. um að áætlanir um
rannsóknir og nýtingu séu í samræmi við stefnu um nýtingu og vernd auðlinda,
að þær uppfylli kröfur um umhverfismat og skipulag og gangi ekki gegn
reglum um réttindi launafólks, laun og vinnuvernd.*

*Gegn leyfum komi endurgjald; í fyrsta lagi vegna kostnaðar ríkisins af
rannsóknum og eftirliti með nýtingu auðlinda (þjónustugjald); í öðru lagi til
að tryggja þjóðinni hlutdeild í umframardi sem nýting auðlinda í þjóðareign
skapar (auðlindagjald); og í þriðja lagi, þar sem það á við, til að tryggja hag-
kvæma nýtingu (umhverfisskattur).*

*Gæta ber hófs við beitingu eignarnámsheimilda og tryggt verður að
vera að efnisleg skilyrði um almannabörf sem og öll formleg skilyrði séu
uppfyllt.“*

Varðandi helstu efnisatriði frumvarpsins vill Alþýðusambandið benda á eftirfarandi:

- Sú breyting, sem lögð er til, að taka upp kerfi tímabundinna nýtingarréttarsamninga er í samræmi við stefnu ASÍ. Einnig er verið að skerpa á því að fiskimiðin tilheyri allri þjóðinni og að eigendur auðlindarinnar eigi að njóta afrakstursins í meira mæli en verið hefur. ASÍ tekur því undir mikilvægi þess að skilgreina tímabundinn

nýtingarrétt á aflaheimildum. ASÍ telur þó að sú leið, sem lögð er til í frumvarpinu, að veita nýtingarleyfi til 15 ára með möguleika á framlengingu í 8 ár til viðbótar, ef ráðuneytið samþykkir umsóknina um framlengingu, sé ekki skynsamleg. Mikilvægt er að veita nýtingarréttinn til lengri tíma, t.d. 30 ára, og eyða þannig óvissu og leggja grunn að eðlilegum rekstarkilyrðum fyrir greinina.

- Hækkun veiðigjaldsins er einnig í samræmi við stefnu ASÍ. Að mati ASÍ er hækkun veiðileyfagjaldsins hófleg miðað við afkomu greinarinnar síðustu árin. Í vor var samþykkt að hækka veiðileyfagjaldið um 40% eða úr 9,5% af EBITDA í greininni í 13,3% af EBITDA en í frumvarpinu er lagt til að það verði hækkað upp í 19% af EBITDA. Gjaldið hækkar því úr tæpum 4,5 milljörðum upp í 7 milljarða verði frumvarpið óbreytt að lögum. EBITDA í greininni var um 31,1 milljarður 2009 samkvæmt tölum Hagstofunnar og svipaður árið 2010 og sá hagnaður var enn fremur 26,3% af tekjum greinarinnar 2009 eða ríflega fjórðungur af tekjunum. Veiðileyfagjaldið er því um 6% af heildartekjum greinarinnar. Hreinn hagnaður (hagnaður að frádregnum afskriftum, vöxtum og sköttum) var 22 milljarðar árið 2009. Veiðigjaldshækkun um 2 til 3 milljarða mun því ekki hafa alvarleg áhrif á rekstrargrunn atvinnugreinarinnar. Veiðileyfagjaldið er í raun afnotagjald fyrir afnot af þjóðareign og því hlýtur þessi upphæð að teljast hófleg þar sem ekki er vegið að afkomu greinarinnar. Áætlað veiðigjald nær ekki fjórðungi af framlegðinni, þ.e. hagnaði fyrir skatta, afskriftir og vexti, og ekki er hægt að tala um að vegið sé að afkomu greinarinnar. Æskilegt er að til framtíðar verði gerð vönduð úttekt á rekstarkilyrðum sjávarútvegs og hagrænum áhrifum veiðileyfagjaldsins þar sem m.a. yrði horft til þess hvaða áhrif gjaldið hefur á gengi krónunnar.
- ASÍ telur að sú mikla takmörkun á varanlegu framsali aflaheimilda, sem lögð er til í frumvarpinu, sé óskynsamleg. Framsalstakmörkunin mun auka óhagkvæmni í greininni og rýra virði sjávarútvegsfyrirtækja. Auk þess er hún varhugaverð í ljósi stöðu íslenska þjóðarbúsins. Virðisrýrnun í sjávarútveginum hefði bein keðjuverkandi áhrif í aðra geira hagkerfisins og myndi tefja endurreisn íslensks efnahagslífs. Ástandið er brothætt og illa ígrundaðar breytingar á mikilvægustu grein hagkerfisins við erfiðar aðstæður í atvinnulífinu gætu aukið á vandann. Þá hafa fjölmargir hagfræðingar varað við afleiðingum þess að takmarka framsalið með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu og má þar benda á skýrsluna, sem stjórnvöld létu vinna í sumar, um hagræn áhrif frumvarpsins. Bann við veðsetningu mun skerða aðgang fyrirtækja að lánsfjármagni og hækka vaxtaálag og þannig þrengja að

rekstrarskilyrðum þeirra. Þá eru gengismálin nátengd gengi sjávarútvegsins þannig að góð afkoma í sjávarútveginum stuðlar að styrkingu íslensku krónunnar sem skilar sér aftur í betri stöðu gagnvart erlendri skuldastöðu landsins og síðast en ekki síst í minni verðbólgu.

- ASÍ telur að þær takmarkanir, sem lagðar eru til í frumvarpinu á leiguframsali, gangi ekki nægilega langt. Mikilvægt er að takmarka enn frekar það brask sem felst í leiguframsalinu. Eðlilegt er að miða við að útgerðir geti skipst á aflaheimildum og leigt til sín kvóta til að tryggja sér meðafla undir lok fiskveiðiárs en ekki að útgerðir geti gert út á hagnað af leigubraski. Þá varar ASÍ við því að sveitarfélög geti skv. frumvarpinu leigt hluta af úthlutun úr byggðapotti sem enn frekar getur ýtt undir leigubrask.
- Pottafyrirkomulagið mun auka óhagkvæmni í greininni með því að færa afla frá útgerðaraðilum með mikla framleiðni til útgerðaraðila með minni framleiðni.
